Alþingiskostnaður nam 1920: 235303 kr., 1921: 348459 kr., 1922: ca 204000 kr. Fyrir 1923 er áætlað 220000 kr. Auk lækkunar á kaupi og hitunarkostnaði má gera ráð fyrir ódýrari pappír og prentun, og því er liðurinn áætlaður 180000 kr.

Borgun til yfirskoðunarmanna er tekin upp óbreytt frá því sem nú er, 1000 kr. til hvers ásamt uppbót.

Um 10. gr.

A.

1. a—b. Þessir liðir eru lögákveðnir.

2. Liðurinn er lækkaður um 2000 kr., en í 19. gr. er gert ráð fyrir 1000 kr. gengismun, svo raunverulega lækkunin er 1000 kr.

3. Aldurshækkun getur á þessum lið, eins og öðrum launaliðum, haft smávegis breytingar i för með sjer.

4. Hjer er áætluð 2000 kr. lækkun.

5. Laun ríkisfjehirðis með uppbót nemur 6080 kr., önnur laun eru áætluð 8500 kr., til skrifstofuhalds 2500 kr.

6. Liðurinn er óbreyttur.

B.

1—2. Liðirnir eru lögákveðnir, en lækka með uppbótinni.

3—5. Lækkanirnar á þessum liðum eru bygðar á von um betra verðlag, einkum á pappír og prentun.

6. Á þessum lið er gert ráð fyrir að borgun til aðstoðarstarfa lækki í líku hlutfalli og embættislaun. Þess skal þó getið, að hagstofan mun leggja sjerstaka stund á að koma þeim skýrslum, er hafa mesta praktiska þýðingu, einkum verslunar- og aflaskýrslum, á framfæri með sem allra minstum drætti og getur það haft nokkurn kostnað í för með sjer.

C.

1. Liður þessi er hjer óbreyttur frá síðastu fjárlögum, nema hvað skrif-

stofukostnaður er lækkaður um 2000 kr. Þar sem greiðslan fer fram erlendis, eru 8400 kr. taldar í 19. gr., svo öll upphæðin verður 50400 kr. móts við 44000 í síðustu fjárlögum.

2—3. Óbreyttir liðir, gengismunur talinn í 19. gr. Fyrri liðurinn er samningsbundinn.

4. Liðurinn er talinn í samræmi við síðustu fjárlög, en þar áætaður ferðakostnaður, 6000 kr., ekki talinn, með því væntanlegt er að nefndin komi saman hjer 1924.

Gjöld á 10. gr. voru	1920:	318295 kr.
— - — — —	1921:	381473 —
Áætlað fyrir	1923:	297580 —
— —	1924:	264580 —

Um 11. gr.

A.

1. a—b. Lögákveðnir liðir.

c. Hjer er búist við 500 kr. lækkun í samræmi við þá verðlagslækkun, sem áætluð er á öðrum slíkum liðum.

2 og 3. Lækkun þessara liða orsakast af uppbótarlækkuninni.

4. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík er talinn mjög í samræmi við síðustu fjárlög, en tillit tekið til uppbótar- og verðlagslækkunar.

5. Dómsmálaráðuneytið hefir talið rjett, að færa saman í einn lið skrifstofukostnað bæjarfógeta og sýslumanna, og er liðurinn lækkaður um rúm 10000 kr. frá því sem hann samtals var á síðustu fjárlögum.

6. Liður þessi var lækkaður töluvert á síðustu fjárlögum og þykir því ekki varlegt að áætla meira en 3000 kr. lækkun.

7—9. Óbreyttir liðir.

B.

1. a—c. Hjer er búist við 2000 kr. lækkun á b. liðnum, til pappírs og prentunar, hinir liðirnir eru óbreyttir.

2. Sparsemi, einkum í skeytanotkun, hefir verið haldið að embættismönnum og er því vænst nokkurs sparnaðar á þessum liðum, þar sem taxtar auk þess hafa lækkað.

3. Óbreyttur liður.

4. Þykir óhætt að lækka um 1000 kr., þar sem búast má við lækkun á ýmsum kostnaði við ferðalög.

5—7. Óbreyttir liðir.

Gjöld samkvæmt 11. gr. voru	1920;	619150 kr.
— — — — —	1921:	841822 —
Áætlað er fyrir	1923:	603420 —
— — —	1924:	538920 —

Um 12. gr.

1. Launin eru talin samkvæmt launalögunum með uppbót.

2. Skrifstofukostnaður landlæknis er lækkaður um 1000 kr.

3. a.—b. Liðirnir eru teknir óbreyttir úr gildandi fjárlögum.

4—7. Styrkir þessir eru lækkaðir nokkuð, með tilliti til þess hve laun yfirleitt lækka.

8. Liður þessi var færður niður um 3000 kr. á síðustu fjárlögum og þykir því ekki varlegt að gera ráð fyrir frekari lækkun en 1000 kr.

9. Liðurinn er óbreyttur.

10—12. Laun læknanna eru lögákveðin. Á liðum þessum er í aðalatriðum farið eftir tillögum hlutaðeigandi lækna, þó er gert ráð fyrir nokkrum frekari úrdrætti í gjöldum, sökum lægra verðlags að nokkru, og sökum þess að gjöld til starfsmanna verða að lækka nokkuð, í samræmi við lækkun hjá öðrum starfsmönnum, er uppbótar njóta. Viðurværi er á öllum hælunum talið 1 kr. 50 au. á dag. Styrkur samkvæmt lögum nr. 43, 27. júní 1921 um varnir gegn berklaveiki, þykir ekki mega áætla minna en 75000 kr. og er upphæðin talin saman við kostnaðinn við Vífilsstaðahælið, enda standa þessar upphæðir að sumu leyti í nánu sambandi hvor við aðra.

13. a—d. Þessir liðir eru óbreyttir frá núgildandi fjárlögum.

e. Samkvæmt þeirri reynslu er bingað til hefir fengist, þykir óhætt að lækka þennan lið niður i 50000 kr.

f—k. Óbreyttir liðir.

14. Lækkunin 2000 kr. orsakast að eins af hinni lægri uppbót.

Gjöld samkvæmt 12. gr. voru	1920:	1273758 kr.
— — — — —	1921:	908273 —
Áætlað fyrir	1923:	695556 —
— —	1924:	645760 —

Um 13. gr.

A. *Póstmál.*

1. a. Launin eru lögskipuð, og eru sett eftir því, sem næst verður komist með dýrtíðaruppbót. En um leið er gengið út frá að mönnum verði ekki fjölgað frá því sem verið hefir.

b. og c. Með því að í þessum upphæðum hlýtur að felast dýrtíðaruppbót, sem lækkar hjá öllum embættismönnum, verða einnig þessir liðir að lækka hlutfallslega.

2. Þessi liður hlýtur líka að lækka að mun, vegna almennrar verðlækkunar, en auðvitað er þessi upphæð áætlunarupphæð.

3. a. Þessi liður er lækkaður um 1500 kr.

b og c. Þessir liðir eru nokkuð lækkaðir vegna almenns verðfalls, en þó ber þess að gæta, að póstafgreiðslustöðum fjölgar ávalt.

d. Liðurinn er færður niður um 5000 kr. Að vísu hefir aðalpóstmeistari farið fram á 5000 kr. hækkun frá því, sem er á fjárlögum fyrir 1923 vegna þess, að póstþing í alþjóðapóstfjelaginu eigi að halda 1924, en það hafi í för með sjer aukinn kostnað til prentunar m. m., en þar sem gera má ráð fyrir talsverðri niðurfærslu á prentun og pappír, ljósi og hita, virðist þetta ekki einungis getað jafnað sig upp, heldur er liðurinn einnig færður niður vegna almenn verðfalls, og af því spara þarf.

B. *Vegamál.*

I. 1 og 2. Laun vegamálastjóra og aðstoðarverkfræðings eru lögákveðin.

3—5. Liðirnir eru allir lækkaðir nokkuð.

II og III. Þessir liðir eru settir eftir tillögum vegamálastjóra, og munu þær verða lagðar fyrir þingið. Þess skal getið að ýmsir liðir um byggingu þjóðvega voru lækkaðir nokkuð, eftir samkomulagi við vegamálastjóra, frá því er hann upphaflega hafði hugsað sjer. Mega því þessar upphæðir ekki með neinu móti lækka.

IV. Liðurinn er óbreyttur.

V. Til áhalda. Sá liður er eftir tillögum vegamálastjóra hækkaður um 5000 kr., og á að verja upphæðinni aðallega til þess að kaupa fyrir stórvirkari áhöld til vegagerðanna og til viðhalds þeim. Er þar sjerstaklega haft fyrir augum að kaupa stóra flutningabifreið með hentugum sjerstökum bakvagni til malarflutnings, þar sem mikið þarf að flytja langa leið, eins og t. a. m. er á Hellisheiði. Slíkur flutningur er nú tíðkaður mikið í Noregi og þykir gefast vel,

VI. Liður óbreyttur, með því jafnan er mikil eftirspurn eftir slíkum tillögum.

VII og VIII. Þessir liðir eru færðir niður í sömu upphæð og áður var langa hríð og verður að teljast nægileg.

C. *Samgöngur á sjó.*

1. Til strandferða. Á næsta vori verður fullsmíðað skip, sem nota á aðallega til strandferða. Það er ómögulegt að gera sjer nokkra hugmynd um, hvort skip þetta geti borið sig eða ekki, og heldur ekki unt að fullyrða, að það geti fullnægt þörf landsmanna. Það þykir því ógerlegt að afnema styrkinn, en hann er lækkaður niður í 125,000 kr.

2. Þessi styrkur er sömuleiðis lækkaður um 25%, því vænta má að öll útgerð fari mjög lækkandi.

D. *Hraðskeyta- og talsímasamband.*

I. Liðurinn er samningsbundinn.

II. Þessi liður er óbreyttur, en landsímastjórinn álítur hann fulllágan.

Árið 1923 er ekkert veitt á fjárlögunum til nýrra símalagninga, en samt sem áður verða þó lagðar ýmsar línur, svo sem línan Búðardalur-Króksfjarðarnes, Hólmavík-Reykjarfjörður og Hesteyri-Aðalvík, og verður leitað auka (endur)veitinga til þeirra á fjáraukalögum á sínum tíma.

Þótt það sje mjög líklegt, að fjárhagur ríkisins verði kominn í það horf árið 1924, að óhætt sje að ætla nokkra upphæð til bygginga nýrra lína, enda hefir landsímastjóri farið fram á 180 þús. kr. í því skyni, þykir þó ekki fært að áætla neitt til nýrra bygginga, en skyldu efnin leyfa, þá eru þessar línur fremstar.

1, Af línum þeim, sem fyrst koma til greina, er línan Fáskrúðsfjörður-Reyðarfjörður-Egilsstaðir; hefir verið dregið að byggja hana ár eftir ár, enda staurarnir þegar keyptir, eða meginið af þeim, og liggur á Reyðarfirði. Kostnaðinn við byggingu þessarar línu áætlar landsímastjóri 60,000 kr. Er að vísu heimilað samkvæmt ritsímalögunum að byggja þessa línu fyrir lánsfje, en það er fyrir löngu notað til annara þarfa ríkisins og verður því að leita fjárveitingar.

2. Lína úr 4 m/m járnvír milli Sauðárkróks og Víðimýrar verður byrjun á fyrirhugaðri sambandslínu milli Sauðárkróks og Akureyrar yfir Öxnadalsheiði. Kostnaður við hana er áætlaður 28,500 kr., og þó gert ráð fyrir, að hlutaðeigandi

hreppar taki að sjer og kosti flutning á staurum og öðru efni frá skipshlið á Sauðárkróki og fram á línuleiðina eftir nánari fyrirmælum landssímastjóra.

3. Lína frá Blönduósi fram hjeraðið. Um leiðina getur verið álitamál, en eftir framkvæmdum rannsóknum, telur landsímastjóri leiðina vestan Blöndu fram að Bólstaðarhlíð ódýrasta. Mun lína þar kosta 28.400 kr. Hlutaðeigendur hafa þegar skuldbundið sig til að flytja staura og annað efni frá skipshlið og út á línuna, landsímanum að kostnaðarlausu.

III. Til starfrækslu landsímans.

1. Þótt dýrtíðaruppbótin sje færð niður um 20% frá fjárlögunum fyrir 1923, eru launin 1924 þó áætluð hin sömu sem 1923. Þetta stafar bæði af því að margir af starfsmönnum símans fá laun sín hækkuð á árinu samkvæmt launalögum, og að sökum sívaxandi stækkunar bæði á landsímanum og á bæjarsíma Reykjavíkur verður að fjölga starfsfólkinu að mun, t. a. m. bæta 4 stúlkum við á landsímastöðinni í Reykjavík og 5 stúlkum við á bæjarsímanum. Ef til vill hafa launin þá verið rangt reiknuð.

2. Færður niður vegna almenns verðfalls.

3. Er 8000 kr. lægri en á fjárlögunum fyrir 1923, og stafar af því, að bæjarsíminn hefir verið látinn yfirtaka helminginn af kostnaði við viðhald húsa, ljós hita og ræstingu.

4. Þessi liður er nokkuð hækkaður, en þó ekki eins og landsímastjóri hefir talið nauðsynlegt. Þessi upphæð verður þó að teljast nægileg, er litið er til, að ýms útgjöld. svo sem ljós og hiti, fara lækkandi.

5. Bæjarsími Reykjavíkur. Landsímastjóri hefir farið fram á 130 þús. kr. fjárveitingu á þessum lið, þar af 50 þús. kr. til eðlilegrar aukningar kerfisins (nýrra jarðsíma, áhalda o. fl), en ekki þykir fært fjárhagsins vegna að hækka þessa upphæð neitt, heldur er hún lækkuð niður í 60 þús. kr. vegna almenns verðfalls.

6—16. Flestir liðirnir eru óbreyttir, sumir ýmist hækkaðir lítið eitt eða lækkaðir, eftir tillögum landsímastjóra.

17. Með því að loftskeytastöð hefir nú verið sett upp á Síðu, verður að áætla fje til reksturs henni.

18. Gjöldin til eftirlitsstöðva hefir landsímastjóri áætlað 75,000 kr. í stað 60 þús. á fjárlögunum fyrir 1923. Það verður þó að ætla að 60 þús. kr. nægi í þessu skyni.

IV. Liðurinn er færður niður um 8000 kr.

V. Sömuleiðis um 5000 kr.

VI. Sömuleiðis um 1000 kr.

VII. Sömuleiðis um 10,000 kr.

VIII. Óbreyttur.

E. Vitamál.

I. Launin eru lögákveðin. Til skrifstofuhalds er ætlað 500 kr. minna en áður, vegna þess að ætla má, að kol, ljós o. fl. fari heldur lækkandi.

II. Launin eru annaðhvort lögákveðin eða samningsbundin.

III. Vitamálastjóri hefir áætlað þenna lið 5000 kr. hærri en áður, vegna fjölgunar vita, en þar sem hins vegar verð á mörgu er lýtur að rekstri vitanna, hefir lækkað og fer sennilega enn lækkandi, þykir ekki ástæða til að hækka liðinn.

IV. Liðurinn er hækkaður nokkuð, en mun þó tæpast reynast nægilegur

V. Liðurinn er færður niður um 2000 kr.

Það hafði verið tilætlunin að leggja til, að nýr viti yrði bygður á Tjörnesi, þannig, að hann gæti lýst talsvert bæði inn á Skjálfanda og Axarfjörð, því einmitt á þessu svæði er sjerstaklega þörf á góðri lýsingu vegna mikilla og hættulegra segulmagnstruflana, sem þar eru, einkum í nánd við Mánareyjar. En eftir tillögum vitamálastjóra hefir stjórnin í hyggju að leggja fyrir Alþingi frumvarp um byggingn nýrra vita, og nái það fram að ganga, er veiting á fjárlögum óþörf. Aðrir vitar, sem brýn þörf er á að byggja, er í Seley við Horn á Hornströndum og Rauðagnúp.

Um 14. gr.

A.

a. 1. Liðurinn er lögákveðinn.

2. Skrifstofukostnaður biskups er lækkaður um 1000 kr.

b. 1—2. Óbreyttir liðir.

3. Laun presta með 60% dýrtíðaruppbót nema um 390000 kr. þar frá dregst:

a. Sóknartekjur áætlaðar	85000 kr.	
b. aðrar tekjur Prestlaunasjóðs	55000 —	140000 kr.
		250000 —

4—5. Óbreyttir liðir.

B.

I. a—b. Á þessum liðum er ekki önnur breyting en sú, er leiðir af uppbótarlækkuninni.

c—e. Óbreyttir liðir.

f. Þessi liður er lækkaður um 500 kr. sökum lægra kolaverðs og þessh.

g. 1—2. Óbreyttir liðir.

3. Ýms gjöld eru áætluð 1000 kr. lægri.

II. Liðurinn áætlaður óbreyttur; gengismunur talinn í 19. gr.

III. a. Liðurinn er tekinn eftir launalögunum með uppbót.

b. 1—12. Liðir þessir eru óbreyttir, nema hvað óhjákvæmilegt hefir verið að hækka gjöld til tímakenslu og prófdómenda um 5000 kr. þar sem ekki verði komist af með minna; námsstyrkurinn er óbreyttur, nema að því að uppbótin lækkar. Ymisleg gjöld eru lækkuð um 500 kr.

IV. a. Liðurinn er talinn samkvæmt launalögum með uppbót.

b. 1—6. Á þessum liðum er sú ein breyting gerð, að til tímakenslu er áætlað 500 kr. minna og til eldiviðar og ljósa 1500 kr. minna, þar sem nú er komin miðstöðvarhitun í skólum.

7. Liðurinn er aðeins áætlaður 1000 kr. þar sem aðalviðgerð á húsinu er alveg nýskeð farin fram.

8. Ýms gjöld eru lækkuð um 1000 kr.

V. a. Laun samkvæmt launalögum með uppbót.

b. 1—6. Til eldiviðar og ljósa er ætlað 500 kr. minna. Námstyrkur lækkar um 500 kr. í samræmi við verðstuðulsuppbótina. Að öðru leyti eru þessir liðir óbreyttir.

VI. a. Laun samkvæmt launalögum með uppbót.

b. 1—4. Óbreytt, nema hvað eldiviður, ljós og ýms gjöld eru lækkuð svo sem við aðra skóla.

VII. a. Laun með uppbót.

b. 1—4. Óbreyttir liðir, að frátaldri smávegis lækkun á hita, ljósi og ýmsum kostnaði.

VIII. 1. a. Launin talin efttr launalögum.

b og c 1 og 2 eru óbreyttir, en 3. liður til eldiviðar og ljósa er færður niður um 500 kr. Með sífelt fallandi verði á kolum og steinolíu má ætla að þessi upphæð geri vel að hrökkva fyrir þeim eldivið og ljósmat, er skólastjóri ráðgerir að þurfa muni. Annars hefir komið til tals að koma á raflýsingu á Hólum eins og á Hvanneyri, en áætlun um kostnað við að setja upp rafstöð á Hólum er enn ekki komin, er þetta er ritað (nóvbr. 1922). Er því ekki hægt að koma að þessu sinni fram með fjárveitingartillögu í þessa átt. 4. liður er lækkaður um 500 kr.

Skólastjóri hefir farið fram á að fá alt að 10000 kr. fjárveitingu til ýmislegra útgjalda, einkum til viðgerða. Það er nú allsennilegt að ýmsra viðgerða þurfi við, en engin nákvæm lýsing liggur fyrir um ástandið, nema með almennum orðum, og engin sundurliðuð kostnaðaráætlun. Málið er því allsendis óundirbúið og verður ekki af þeirri ástæðu tekið til greina að þessu sinni.

2. a. Launin eru samkvæmt launalögum.

b. Er óbreyttur.

c. 1—2 eru óbreyttir, en 3. liður til eldiviðar og ljósa er færður niður hlutfallslega vegna verðlækkunar. Auk þess er nú raflýsing komin á á Hvanneyri, sem ætti að vera ódýrari.

c. 4. Er sömuleiðis færður dálítið niður, eins og á Hólum.

3. Útgjöld til skólahaldsins á Eiðum eru óbreytt, nema hvað gjöld til launa, eldiviðar og ýms kostnaðar lækkar á sama hátt og við aðra skóla.

IX. Til iðnfræðslu. Liðirnir a—c eru óbreyttir, því ógjörlegt þykir að lækka styrkinn nokkuð. Liðurinn d er feldur niður, því enginn styrkur til kvöldskólahalds á Seyðisfirði hefir verið borgaðar út síðan 1917. Verður því að líta svo á sem skólahald þar sje lagt niður.

X. Framlagið til hvors skóla er lækkað um 500 kr.

XI. Laun forstöðumanns eru lækkuð um 300 kr. og gjöld til húsaleigu m. m. um 1100 kr., þar sem skólinn hefir komist að betri kjörum í þessu efni.

XII. Óbreyttir liðir.

XIII. 1. Lækkunin á þessum lið er miðuð við uppbótina, en liðurinn byggist að nokkru leyti á áætlun að því er kennarafjölda snertir.

2—3. Liðir þessir eru lækkaðir i samræmi við uppbótarlækkunina.

4. a. Laun með uppbót.

b. Skrifstofukostnaður er lækkaður um 100 kr.

XIV. Óbreyttir liðir, nema hvað styrkur til unglingaskóla er 5000 kr. lægri.

XV. Liðurinn er lækkaður um 500 kr.

XVI—XX. Þessir liðir eru látnir halda sjer, enda voru flestir þeirra lækkaðir á síðustu fjárlögum.

Gjöld samkvæmt 14. gr. voru 1920: 944271 kr.
— — 14. — — 1921: 1244923 —

Áætlað er	1923: 1305188 —
— —	1914: 1153526 —

Um 15. gr.

1. a—b. Laun með uppbót.

c—d. Liðir þessir eru lækkaðir nokkuð, þar sem vænta má að bækur, bókband og prentun verði heldur ódýrara.

e—f. Óbreyttir liðir.

g. Ýms gjöld lækkuð um 200 kr.

2. a. Launin eru tekin eftir launalögum.

b—d. Óbreyttir liðir.

3. a. Laun með uppbót.

b—f. Allir þessir liðir eru óbreyttir, nema ferðakostnaður, sem lækkaður er um 200 kr.

4. Óbreyttur liður.

5. a—b. Þessir liðir eru lækkaðir af sömu ástæðum, sem taldar hafa verið við aðra slíka liði.

6—40. Liðir þessir eru því sem næst allir teknir óbreyttir frá núgildandi fjárlögum. Feldir eru úr: Styrkur til að gefa út Flóru Íslands, til Páls Ísólfssonar, til J. C. Poestion og ferðastyrkur til norræna stúdentasambandsins. Við er bætt 4000 kr. húsbyggingarstyrk til Listvinafjelagsins og hækkaður er útgáfustyrkurinn til jarðabókar Árna Magnússonar um 200 kr.

Gjöld samkvæmt 15. gr. voru	1920: 326281 kr.
— — 15. — —	1921: 265508 —
Áætlað er	1923: 219150 —
— —	1924: 205070 —

Um 16. gr.

1. Búnaðarfjelag Íslands. Stjórn fjelagsins hefir farið fram á að fá úr ríkissjóði 208000 kr., eða 53 þús. kr. hærra tillag en veitt er á fjárlögunum fyrir 1923. Eins og fjárhagnum er nú varið, hefir verið nauðsynlegt að draga úr ýmsum nauðsynlegum verklegum framkvæmdum, eða láta þær alveg dragast, og yfir höfuð hefir það orðið nauðsynlegt við samningu fjárlagafrumvarpsins að færa niður gjöldin. Þegar af þessum ástæðum getur ekki komið til mála að hækka tillagið eins og farið er fram á. Það sýnir sig líka, þegar áætlun fjelagsstjórnarinnar er athuguð, að þar er ýmislegt ofreiknað, svo sem dýrtíðaruppbót starfsmanna, annað sem vel þolir bið eða verður að þola bið, svo sem kostnaður við fjelagshúsið. Í samræmi við þá meginreglu að lækka útgjöldin vegna almennrar niðurfærslu, þykir ekki fært að ætla fjelaginu hærra tillag en það hefir nú, og láta ekki hina almennu niðurfærslu lenda á fjelaginu.

2. Til sandgræðslu. Þessi liður er óbreyttur.

3. Til búnaðarfjelaga. Þessi liður er líka látinn standa óbreyttur. Forseti Búnaðarfjelagsins hefir í ítarlegu erindi, sem lagt verður fyrir þingið, stungið upp á nýjum skilyrðum fyrir úthlutun styrksins, en jafnframt farið fram á allmikla hækkun. Þetta hefir nú samt ekki verið hægt að taka til greina, en þótt hin nýju skilyrði njóti sín eigi til fulls, nema styrkurinn verði talsvert hærri en nú, þykir þó rjett að taka þessi nýju skilyrði upp.

4. Laun garðyrkjustjóra eru færð niður um 500 kr., með því að í þeim er falin dýrtíðaruppbót.

5. Skógrækt. Þótt upphæð sú, sem veitt er í fjárlögum fyrir 1923, sje ekki há, og forstjórinn hafi farið fram á meira en þrefalt hærra tillag til skóggræðslu, þykir ekki fært fjárhagsins vegna að leggja til að hærri upphæð verði veitt.

6. Landmælingar. Liðurinn er óbreyttur, enda verður þessum mælingum haldið áfram 1923.

7. a. Launin eru lögákveðin. b. óbreyttur. c. Liðurinn er hækkaður upp í 1200 kr. i samræmi við námsstyrk stúdenta 14. gr. B. II.

8. Óbreyttur liður.

9. a. Launin eru fastákveðin.

b. Óbreyttur liður.

c. Liðurinn er færður niður um 300 kr. vegna verðlækkunar.

10. og 11. Liðirnir eru óbreyttir.

12. Fiskifjelagið. Stjórn Fiskifjelagsins hefir farið fram á tillag, að upphæð 122 þús. kr., eða 77 þús. kr. meira en veitt er í fjárlögum fyrir 1923. Um styrk til Fiskifjelagsins gilda að mestu þær sömu athugasemdir sem um Búnaðarfjelagið. Fjárhagurinn þolir enn enga hækkun á þessum lið fremur en á öðrum framfara- eða þjóðþrifasviðum. En vegna þess að Fiskifjelagið hefir frá stofnun þess verið haft hálf-útundan í samanburði við önnur fyrirtæki, er styrkurinn látinn standa óbreyttur.

Áætlun fjelagsins með ítarlegri greinargerð verður lögð fyrir þingið.

13. Liðirnir a—d. eru annaðhvort lögákveðnir eða samningsbundnir. e. er færður niður um 2000 kr. vegna verðlækkunar.

14. Liðurinn er óbreyttur.

15. Þessi liður er lækkaður um 3000 kr., eða í sömu upphæð og lagt var til á síðasta fjárlagafrumvarpi. Athugasemdinni er lítillega breytt.

16. Dansk Kunstflidsforening hefir farið þess á leit, að fá 500 kr. styrk til að kenna íslenskum stúlkum vefnað m. m. Ótal margar íslenskar stúlkur hafa fengið kenslu hjá Kunstflidsforeningen, og getið sjer þar góðan orðstír. Þar sem um svo litla upphæð er að ræða, hefir þótt rjett að taka hana hjer upp.

17—27. Liðirnir eru allir óbreyttir eins og í fjárlögunum 1923, nema 24, enda sumir þeirra, svo sem 25—27, lögákveðnir.

28. a. Lögákveðinn liður. b. Óbreyttur.

29. Óbreyttur liður.

30. Lögákveðinn liður.

31. a. Óbreyttur. b. Lækkaður um 200 kr.

32. Enda þótt björgunarskipið »Þór« hafi reynst vel, og full ástæða sje til að styrkja útgerð skipsins riflega, þá verður hún að láta sjer nægja þá upphæð, sem hjer er tilfærð, enda ætti hún ekki vegna verðfalls að reynast stórum minni en upphæð sú, sem veitt er á fjárlögunum fyrir 1923.

33. Samningsbundinn liður.

Um 17. gr.

Þessi grein er óbreytt og gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 18 gr.

Skrá fylgir yfir eftirlaun þau, er ræðir um í I, a—d.

Á öðrum liðum þessarar greinar hafa að eins verið gerðar sjálfsagðar breytingar (dánum styrkþegum slept) og engum bætt við.

Gjöld samkvæmt þessari grein voru 1920: 219802 kr.
1921: 240137 —
Áætlað er fyrir 1922: 230411 —
— — — 1923: 202661 —
— — — 1924: 182702 —

Um 19. gr.

Fyrir gengismun á erlendum greiðslum, öðrum en lángreiðslum er, áætlað 20% af 178000 dönskum kr. = 35600 kr. Upphæð þessi er þannig framkomin:

Á 8. gr.	60000 kr.
- 10. — A. 2..	5000 —
- » — C. 1—3...	58000 —
- 12. — 13. g.	3000 —
- » — » j.	800 —
- 13. — D. I..	35000 —
- » — » VIII...	1000 —
- 14. — B. II.	8000 —
- » — B. XVIII..	1000 —
- 16. — 7. c.	1200 —
- » — 10....	4000 —
- » — 29....	1000 —
Alls:	178000 kr.

Áætlunarupphæðin á þessari grein er ekki hækkuð, þar sem vænta má, að dregið verði úr ýmsum gjöldum, er talin hafa verið í þessari grein, og að endurgreiðslum þeim (af síldartunnutolli), er þar hafa verið áætlaðar, sje nú lokið.

Um 20—23. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

SKRÁ

yfir lögmælt eftirlaun til embættismanna og embættismannaekkna og barna í árslok 1922.

		kr.	kr.
	A. Embættismenn:		
1.	Franz Siemsen, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu (konungsúrskurður $^{12}/_{6}$ 1899)..	1601,40	
2.	Júlíus Halldórsson, hjeraðslæknir í Blönduóshjeraði (konungsúrskurður $^{19}/_{4}$ 1906)...	1133,33	
3.	Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsúrskurður $^{9}/_{4}$ 1907)	641,91	
4.	Halldór Briem, kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri	1440,00	
5.	Marínó Hafstein, sýslumaður i Strandasýslu (konungsúrskurður $^{30}/_{11}$ 1908)	1008,00	
6.	Helgi Guðmundsson, hjeraðslæknir i Siglufjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{1}/_{11}$ 1910)	1000,00	
7.	Axel Valdimar Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsúrskurður $^{1}/_{7}$ 1911)	1876,62	
8.	Eirikur Briem, 1. kennari við prestaskólann (konungsúrskurður $^{20}/_{10}$ 1911)	1737,78	
9.	Ásgeir Blöndal, hjeraðslæknir i Eyrarbakkahjeraði (konungsúrskurður $^{26}/_{5}$ 1914)...	1000,00	
10.	Bjarni Jensson, hjeraðslæknir i Siðuhjeraði (konungsúrskurður $^{17}/_{8}$ 1914)...	1000,00	
11.	Hannes Hafstein, ráðherra (konungsúrskurður $^{21}/_{7}$ 1914)	5333,33	
12.	Sigurður Þórðarson, sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (konungsúrskurður $^{7}/_{10}$ 1914)	2276,70	
13.	Björn G. Blöndal, hjeraðslæknir í Miðfjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{28}/_{7}$ 1915)...	875,00	
14.	Sigurður Ólafsson, sýslumaður í Árnessýslu (konungsúrskurður $^{30}/_{7}$ 1915)...	2571,35	
15.	Davíð Scheving, hjeraðslæknir í Ísafjarðarhjeraði (konungsúrskurður $^{3}/_{8}$ 1914)	1266,67	
16.	Guðmundur Eggerz, sýslumaður í Árnessýslu	1558,52	
17.	Skúli Árnason, hjeraðslæknir f Grímsnesshjeraði ...	800,00	
18.	Jón Magnússon, ráðherra	6000.00	
19.	Magnús Guðmundsson, ráðherra	1060,00	34180,61
	Flyt ...	... ...	34180,61

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	34180,61
	B. Embættismannaekkjur og börn:		
1.	Camilla Tómasson, ekkja Þórðar Tómassonar hjeraðslæknis, frá 1/12 1873	197,00	
2.	Kristjana Hafstein, ekkja Pjeturs Hafsteins amtmanns, frá 1/7 1875...	529,16	
3.	Elínborg Thorberg, ekkja Bergs Thorbergs landshöfðingja, frá 1/2 1886	919,17	
4.	Kristín Skúladóttir, ekkja Boga Pjeturssonar hjeraðslæknis, frá 1/1 1890	187,50	
5.	Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassen amtmanns, frá 1/10 1891...	750,00	
6.	Ragnheiður Guðjohnsem, ekkja Einars Guðjohnsen hjeraðslæknis, frá 1/8 1891	187,50	
7.	Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1/1 1894	350,00	
8.	Þórhildur Tómasdóttir, ekkja Helga Hálfdánarsonar forstöðumanns prestaskólans, frá 1/2 1894	575,00	
9.	Ingunn Halldórsdóttir, ekkja H. E. Johnsen sýslumanns í Rangárvallasýslu, frá 1/5 1894...	412,59	
10.	Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði, frá 1/5 1894...	305,00	
11.	Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá 1/11 1895	430,80	
12.	Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja Ólafs Sigvaldasonar hjeraðslæknis, frá 1/6 1896	187,50	
13.	Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briem amtmanns, frá 1/1 1905...	625,00	
14.	Elin G. Blöndal, ekkja P. Blöndal hjeraðslæknis ...	187,50	
15.	Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar hjeraðslæknis	189,37	
16.	Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving hjeraðslæknis, frá 1/2 1909	187,50	
17.	Eline Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgrims Sveinssonar biskups, frá 1/1 1910	875,00	
18.	Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar hjeraðslæknis í Hróarstunguhjeraði, frá 1/9 1910 ... ... kr. 150,00		
	Samkv. konungsúrskurði 4/4 1911 handa barni hennar Jóni Baldri f. 15/6 1909 til 16 ára aldurs... ... ... — 80,00		
		230,00	
	Flyt ...	7325,59	34180,61

		kr.	kr.
	Flutt ...	7325,59	34180,61
19.	Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar hjeraðslæknis í Sauðárkrókshjeraði, frá 1/11 1910	212,50	
20.	Óliva María Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar, frá 1/9 1913...	560,83	
21.	Johanne Margrethe Havsteen, ekkja Júlíusar amtmanns Havsteen, frá 1/6 1915...	750,00	
22.	Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1/7 1915	500,00	
23.	Theódóra Thoroddsen, ekkja Skúla Thoroddsen sýslumanns, frá 1/6 1916... ... ... kr. 535,17 Samkvæmt konungsúrskurði 3/8 1916 handa barni hennar til 18 ára aldurs, Maríu Kristínu f. 12/9 1906... ... ... -- 75,00	610,17	
24.	Eiín Stephensen, ekkja Magnúsar landshöfðingja Stephensen, frá 1/5 1917	1166,67	
25.	Sofía Johnsen, ekkja fyrv. hjeraðslæknis Þorgríms Johnsen, frá 1/9 1917...	321,53	
26.	Þórunn Stefánsdóttir, ekkja fyrv. kennara síra Jónasar Jónassonar, frá 1/10 1917	200,00	
27.	Guðný Bjarnarson, ekkja fyrv. sýslumanns Björns Bjarnarsonar, frá 1/1 1919	350,00	
28.	Ragnheiður Vigfúsdóttir, ekkja Sigurðar Sigurðssonar hjeraðslæknis í Dalahjeraði	187,50	
29.	Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndal hjeraðslæknis í Borgarfjarðarhjeraði	187,50	
30.	Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, frá 1/3 1920 ... ... kr. 340,00 Samkv. konungsúrskurði 12/11 1920, handa 2 börnum hennar til 16 ára aldurs: Þorvaldi f. 20/3 1907 ... ... — 100,00 Jóni Þóði f. 15/1 1913 ... ... — 100,00	540,00	
31.	Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara	450,00	
32.	Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar hjeraðslæknis í Reykhólahjeraði	187,50	
33.	Steinunn Frímannsdóttir, ekkja Stefáns Stefánssonar skólameistara á Akureyri	715,82	
			14265,61
	Flyt ...	... ...	48446,22

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	48446,22
C. Uppgjafaprestar:		
1. Tómas Björnsson, prestur að Barði, frá fardögum 1902	405,28	
2. Jón Magnússon, prestur að Ríp, frá fardögum 1904	230,00	
3. Páll Sivertsen, prestur að Stað í Aðalvík, frá fard. 1906	477,73	
		1113,01
D. Prestsekkjur:		
1. Anna Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	100,52	
2. Ásta Þórarinsdóttir frá Grenjaðarstað	170,00	
3. Ástríður Petersen frá Svalbarði	100,00	
4. Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði	100,00	
5. Camilla S. Briem frá Hruna	129,43	
6. Elín Scheving frá Vogsósum	100,00	
7. Guðríður Pjetursdóttir frá Höfða	114,63	
8. Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	100,00	
9. Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergsstöðum	107,54	
10. Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	183,78	
11. Guðrún Ólafsdóttir frá Otrardal	100,00	
12. Guðrún Pjetursdóttir frá Görðum	314,81	
13. Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40	
14. Halldóra Hallgrímsdóttir frá Görðum á Akranesi ...	154,25	
15. Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólsstað	158,95	
16. Hansína Þorgrímsdóttir frá Þingeyrum	129,06	
17. Ingibjörg Sigurðardóttir frá Kálfatjörn	146,10	
18. Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri	101,55	
19. Jóhanna S. Jónsdóttir frá Viðvík	150,00	
20. Kristín Sveinbjarnardóttir frá Holti	181,40	
21. Kristín Thorlacius frá Saurbæ í Eyjafirði	136,39	
22. Lilja Ólafsdóttir frá Breiðabólsstað	118,43	
23. Margrjet Erlendsdóttir frá Stafafelll	117,25	
24. Margrjet Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	139,86	
25. Metta Einarsdóttir frá Stafafelli	117,25	
26. Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131,36	
27. Ragnheiður Pálsdóttir frá Tjörn á Vatnsnesi	118,60	
28. Ragnhildur Gísladóttir frá Eyvindarhólum	101,81	
29. Ragnhildur Metúsalemsdóttir frá Hjaltastað	136,87	
30. Sesselja Þórðardóttir frá Skinnastað	127,73	
31. Sigríður Jónasdóttir frá Melstað	188,06	
32. Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka	131,26	
33. Steinunn Eiríksdóttir frá Þingmúla	100,00	
34. Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavik	104,16	
35. Þórey Kolbeins frá Staðarbakka	115,53	
Flyt ...	4660,98	49559,23

	kr.	kr.
Flutt ...	4660,98	49559,23
36. Þórunn S. Pjetursdóttir frá Heydölum	204,48	
37. Valgerður Jónsdóttir frá Völlum í Svarfaðardal ...	142,00	
38. Helga Ketilsdóttir frá Grindavik	100,00	
39. Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	147,50	
40. Vilborg Jónsdóttir frá Prestsbakka	102,65	
41. Sigríður Gísladóttir frá Mosfelli í Grímsnesi	147,50	
42. Sigríður Halldórsdóttir frá Holti í Önundarfirði ...	184,36	
		5689,47
Samtals ...	... ...	55248,70

2. Frumvarp

til laga um samþyktir um sýsluvegasjóði.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir um stofnun sýsluvegasjóða.

2. gr.

Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvila á sýslufjelögum, greiðist úr sýsluvegasjóði.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum innan hverrar sýslu. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúenda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kauptúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera það ár, en hann skal vera minst 1½ af hverju þúsundi af virðingarverði skattskyldra fasteigna, samkvæmt fasteignamati, og má eigi hærri vera en 6 af þúsundi, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Skal skatturinn miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbættri eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur samkvæmt 7. gr. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherrann samþykt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfjelagið ver til vegagerðar innan-

hrepps á því ári að minsta kosti jafn miklu fje úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefir til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

5. gr.

Heimilt er sýslunefndum að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundraðsgjald, er miðist við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýslunnar. Hámark hundraðsgjalds í einstökum hreppi má ekki vera meira en 30% hærra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýslusjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fje á móti, eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

6. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju eða öllu leyti eyjajarðir ásamt húsum og lóðum á þeim, ennfremur að ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati vegna sjávarhlunninda.

7. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþyktar, og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

8. gr.

Nú eru útgjöld sýsluvegasjóðs meiri en sem svarar $2^1/_2$ af þúsundi á skattskyldum fasteignum, og skal þá greiða tillag í sjóðinn úr ríkissjóði, móts við þann hluta vegaskattsins, sem er umfram $2^1/_2$‰ sem hjer segir.

Móts við þann hluta skattsins, sem er frá $2^1/_2$‰ til $4^1/_2$‰ greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði.

Móts við þann hluta, sem er frá $4^1/_2$‰ til 6‰ greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði.

Móts við það, sem umfram er 6‰, greiðist þrefalt framlag úr ríkissjóði, enda hafi samþykki ráðherra verið fengið samkv. 3. gr.

Tillag ríkissjóðs má greiða jafnóðum og þörf krefur, eftir meðmælum vegamálastjóra.

9. gr.

Eftirstöðvar af lánum þeim, sem sýslufjelög hafa tekið til vegabóta áður en lög þessi öðlast gildi, má greiða úr sýsluvegasjóði, með skilorði því, er getur í niðurlagi 3. gr.

10. gr.

Nú er samþykt gerð af sýslunefnd og skal hún þá send atvinnu- og samgöngumálaráðherra til staðfestingar. Virðist honum hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður ráðherra. Að öðrum kosti staðfestir hann samþyktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er ráðherra hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

11. gr.

Gjöldum til vega samkvæmt samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

12. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 kr., er renna í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

13. gr.

Jafnframt og ráðherrann staðfestir samþykt fyrir einhverja sýslu samkvæmt lögum þessum, fellur úr gildi í þeirri sýslu ákvæði 20. gr. laga um vegi 22. nóv. 1907 um gjöld verkfærra manna til sýslusjóðs og ennfremur ákvæði 6. gr. laga nr. 41 frá 11. júlí 1911, um hvenær verzlunarstaðir, sem eru hreppsfjelag útaf fyrir sig, skuli vera lausir við að greiða sýsluvegagjald.

Greinargerð.

Frumvarpið, sem vegamálastjóri hefir samið, er að efni til að mestu óbreytt eins og það var afgreitt frá neðri deild Alþingis 1921, en náði þá ekki samþykki efri deildar. Var málið þá afgreitt til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Nægir því að mestu að vísa til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv., sbr. Alþtíð. 1921 A, bls. 955, þskj. 375.

Aðalbreyting sú, er hefir verið gerð, er að lögin verði *heimildarlög* fyrir sýslunefndir að leggja á sjerstakan fasteignaskatt, er varið verði til vegabóta í stað sýsluvegagjaldsins, sem hver verkfær maður greiðir nú. Um nauðsyn nýs tekjustofns til þess að standast sívaxandi þarfir flestra sýslufjelaga til aukinna vega og bætts viðhalds þeirra, munu allir sammála og eftir undirtektum þeim, sem þetta frumvarp hefir áður fengið á Alþingi, hefir ekki þótt ástæða til að breyta grundvelli þess, nema því atriði, sem fyr segir.

Aðrar breytingar eru nokkrar í þá átt, sem kom fram sjerstaklega í nefndaráliti efri deildar (þskj. 640), að þætti æskilegt. Þannig er lágmarksskattur færður niður úr 2‰ í $1^1/_2$‰, jafnframt er í 7. gr. ákveðið, að ríkissjóðstillag komi til, þegar er skatturinn hefir náð 2 $^1/_2$‰, en var áður ekki, fyr en náð var

3 °/₀₀. Með þessu ákvæði aukast nokkuð gjöld ríkissjóðs, en aldrei verður þar nema um mjög smáar upphæðir að ræða.

Þá þótti og rjett, að heimilað væri að ívilna eitthvað í skatti jörðum, sem eru í mjög háu mati vegna sjávarhlunninda. Er það gert með tilliti til þess, að þeim jörðum er einmitt oft svo í sveit komið, að þær hafa lítið gagn vegabóta í sýslunni. Á hinn bóginn er ekki mikil hætta á misbeiting á þessu ákvæði, þar sem auk samþyktar sýslunefndar þarf staðfesting ráðherra.

3. Frumvarp

til hjúalaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

I. KAFLI.

1. gr.

Fyrirmæli þessa kafla gilda að eins um vistarráð þeirra hjúa, sem ekki hafa náð 21 árs aldri. Ákvæði vistarsamnings, sem koma í bága við þessi lög, eru ógild, svo fremi þau miða til að rýra rjett hjúsins. Samningar um vinnu við heimilisstörf um skemmri tíma en misseri hníga því að eins undir lög þessi, að þeir standi til næsta hjúaskildaga á eftir og ei skemur en 3 mánuði.

2. gr.

Hver sjálfráða maður má ráða sig hjú. Vistarráðum þeirra, sem ekki eru sjálfráða, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

3. gr.

Hinir almennu hjúaskildagar eru 14. maí og 1. október.

Lengd vistartíma ráða aðiljar, þó svo, að enginn vistarsamningur er gildur fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn.

Samningar um vist að hálfu árlangt, eins og að fornu hefir verið venja, hníga undir þessi lög, en um samninga um vinnu við heimilisstörf árdegis eingöngu eða síðdegis eingöngu verður lögunum ekki beitt.

4. gr.

Þegar samið er um vist skildaga á milli, skal vistartíminn vera á enda á næsta skildaga, enda hafi ekki tekist samningar um vistráðin af nýju.

Sanni ógift vinnukona að hún eigi kost á giftingu, áður en vistartíminn er á enda, getur hún sagt upp vistinni til næsta skildaga með mánaðarfyrirvara.

Nú verður ekki vitað um lengd vistartímans, og telst hann þá enda á næsta almenna skildaga eftir að vistarráðin hófust.

Á skildaga er hjúi rjett að víkja úr vist á hádegi.

5. gr.

Vistráðið árshjú sitt skal húsbóndi, nema öðruvísi sje umsamið, láta sækja í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en 100 kg. þunga. Kostar húsbóndi flutning þenna án endurgjalds hjá hjúinu.

Nú getur hjúið ekki farið í vistina þegar þess er vitjað, og er því eigi sjálfu um það að kenna, þá er eigi húsbónda skylt að vitja þess aftur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina. Ef hjúið getur ekki komið í vistina innan 3ja vikna frá skildaga, er húsbóndi laus vistráðanna ef hann vill.

6. gr.

Hjú, sem ráðið er skemur en ár, skal af sjálfsdáðum koma í vistina á skildaga, og eigi síðar en á náttmálum í sveit, en um miðaftan í kaupstöðum og þorpum. Ef hjú kemur ekki í vist sína á rjettum tíma er húsbóndi ekki bundinn við vistarráðin, nema hann innan tveggja sólarhringa fái vitneskju um, að hjúið gat ekki komið í vistina vegna atvika, sem það átti ekki sök á. Þegar svo stendur á, er húsbóndi ekki skyldur að bíða hjúsins lengur en viku frá skildaga.

Kaup hjús reiknast frá þeim degi, sem það kemur í vistina.

7. gr.

Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og rúmfatnað, ef hjú sefur á heimili húsbænda sinna, og aðra aðhlynningu eftir því, sem venja er til í hverri sveit eða bæ hjúum að veita auk kaups. Hjúið á heimtingu á að sofa eitt sjer í rúmi, og að fá hreinar rekkjuvoðir eða lök í rúm sitt einu sinni á mánaðar fresti og hreint handklæði einu sinni á viku. Í fristundum sínum á vetrum skal hjúi fengin dvöl í viðunanlega hlýju herbergi.

8. gr.

Ef upphæð kaups hefir eigi verið ákveðin, skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Ef eigi hefir verið samið um annan gjalddaga kaupsins og um mánaðarkaup er að ræða, hefir hjúið rjett til þess að krefjast greiðslu kaupsins við lok hvers mánaðar. Ef kaupið hins vegar er ákveðið í einu lagi fyrir allan vistartímann hefir hjúið að liðnum 3 mánuðum af vistartímanum rjett til þess að krefjast greiðslu á kaupi því, er það hefir unnið fyrir hinn fyrsta vistarmánuð, eftir 4 mánuði á kaupi fyrir annan vistarmánuð o. s. frv., þannig, að jafnan standi tveggja mánaða kaup ógreitt hjá húsbónda þess, þar til vistarráðunum er löglega lokið.

Ef ekki er öðru vísi um samið, teljast $^{3}/_{4}$ af árskaupi hjús kaup fyrir tímabilið frá 14. maí til 1. október (sumarkaup).

Við lok vistartíma skal húsbóndi hafa lokið kaupi hjús að fullu.

Ef vistarráðunum lýkur fyr en upphaflega var ákveðið, hefir hjúið rjett til kaups fyrir þann tíma, sem það hefir unnið. Hafi hjúið meðan á vistráðunum stóð verið frá vinnu, án þess sjúkdómi sje um að kenna (sbr. þó 10. gr.), missir það rjett til kaups fyrir þann tíma.

9. gr.

Nú sýkist hjú í vistinni eða slasast og er húsbóndi þess skyldur að annast hjúkrun þess eftir því er síðar segir.

Ef húsbóndi kýs að hafa sjúkling utan heimilis síns, hefir hann rjett til að flytja hann á opinbert sjúkrahús án samþykkis hjúsins ef læknir telur það nauðsynlegt vegna hjúsins sjálfs eða vegna sótthættu, sem heimilinu stafi af sjúkdóminum.

Verði hjú vitskert, svo að hjúkrun þess sje sjerlegum erfiðleikum bundin, getur húsbóndi krafist, að sveitarstjórn ráðstafi sjúklingnum þegar í stað.

Sjúkt, rúmfast hjú má húsbóndi ekki, jafnvel með sjálfs þess samþykki, flytja burt, svo fremi þar af getur hlotist mein sjúklingnum sjálfum eða öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Ef húsbóndi samt flytur hjúið burtu og sjúklingnum þyngir við flutninginn, skal hann skyldur að standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins, nema læknir hafi áður en flutningurinn var framkvæmdur, lýst því að hann væri hættulaus eða nauðsynlegnr vegna sjúklingsins sjálfs, eða ef slysið eða sjúkdóminn bar svo brátt að, að ekki var ráðrúm til að leita læknis, og húsbóndinn hefir með tilhlýðilegri gætni flutt hjúið á opinbert sjúkrahús.

10. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálts og kostar það þá sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt og á hans vegum, og eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

11. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess eða atvikum, sem hann á sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir atvinnutjón, ef nokkurt verður, eftir að það er farið frá honum.

12. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna breytni þess sjálfs nje húsbónda þess verði gefin sök á, og er húsbónda þess skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstaklegt sjúkrafæði — alt að fjórðungi vistráðningartímans, þó ekki lengur en til enda hans. Ef hjúið verður að liggja sjúkt utan heimilis sins, þó ekki á sjúkrahúsi, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað, sem svarar matarverði í svo langan tíma, sem nú var greint.

13. gr.

Nú liggur hjú sjúkt, en ekki hálfum mánuði lengur á tímabilinu júní til september eða mánuði lengur um aðra árstíma, og skal hjú einskis í missa af kaupi sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup fyrir þann tíma, sem umfram er, og það getur ekki int af hendi störf sín.

14. gr.

Kostnað, sem leiðir af lækning hjús, borgun fyrir lyf, sjerstaka hjúkrun, dvöl á sjúkrahúsi eða annari slíkri stofnun, er húsbónda óskylt að greiða nema þegar svo stendur á, sem segir í 9. gr. 3. mgr. og 11. gr.

15. gr.

Nú getur hjú vegna sjúkleika, sem atvikast svo, sem um ræðir í 10. og 12. gr., eftir mánaðar vanheilsu enn ekki rækt störf sín, og er þá hvorum aðilja um sig heimilt að segja upp vistarsamningnum með eins mánaðar fyrirvara.

16. gr.

Deyi hjú í vist eiga erfingjar þess aðeins heimtingu á þeim hluta af kaupinu, sem álíta verður, að það hafi unnið fyrir áður en það varð ófært til verka. Greftrun þess skal húsbóndi annast, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarfje, ef með þarf.

17. gr.

Þótt hjú sje ráðið til ákveðinna starfa skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem samboðin eru stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa. Ef hjúið með samningi er beinlínis undanþegið því að gegna ákveðnum störfum, getur það þó aldrei orðið skylt að leysa þau af hendi, nema aðeins til bráðabirgða í skyndilegum forföllum annars heimilisfólks, er þau verk áttu að vinna.

18. gr.

Ef hjú í kaupstað eða þorpi sækir kvöldskóla, iðnskóla, unglingaskóla eða annan slíkan skóla, skal húsbóndi haga vinnutíma hjúsins þannig, að kostur verði skólagöngunnar, nema tilskilið hafi verið í vistarsamningi, að ákveðin störf skyldu unnin á sama tíma.

19. gr.

Nú deyr húsbóndi, og skal þá vistarráðunum áfram haldið með ekkju hans, erfingjum eða búi, ef búnaður stendur. Þá er hvorum aðilja um sig heimilt að slíta vistarráðunum á almennum skildaga með 2ja mánaða fyrirvara eða frá 1. degi mánaðar með 3ja mánaða fyrirvara.

20. gr.

Í þrotabúi húsbónda eða dánarbúi, þar sem ekki er gengist við arfi og skuldum, hefir hjú, sbr. 83. gr. 5 b. skiftalaganna frá 12. apríl 1878, forgöngurjett til kaups og matarverðs, þó eigi fyrir lengri tíma aftur en eitt ár að telja frá næsta almennum hjúaskildaga áður en gjaldþrotaskiftin hófust eða húsbóndi ljest. Nú er vistarráðunum haldið áfram við búið, samkv. 19. gr. og ber þá að svara kröfu hjúsins fyrir þann tíma úr búinu óskiftu, sbr. 82. gr. b. skiftalaganna.

21. gr.

Nú flytur húsbóndi búferlum, eftir að vistarsamningur er gerður, en áður en vistartími byrjar, 50 km. burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist, eða úr sveit í kaupstað eða öfugt, og er hjúinu þá ekki skylt að fara í vistina. Ef húsbóndi flytur af landi burt skal hann ennfremur greiða, hjúi kaup fyrir 2 mánuði og að auki matarverð samkv. 28. gr. ef hann hefir ekki látið hjúið vita um flutninginn 4 vikum hið skemsta, áður en vistartíminn átti að byrja. Ef hjúið flytur í vistinu alt að einu, er húsbóndinn skyldur að standast þann sjerstaka kostnað, sem það hefir haft í för með sjer fyrir hjúið.

Ef húsbóndi flytur búferlum eftir að hjúið er komið í vistina gilda samskonar ákvæði.

22. gr.

Hjúi er vítalaust að koma ekki í vistina ef það getur sannað, að húsbóndinn hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast, misþyrmt hjúi eða svelt það, leitast við að tæla hjú til illverka eða lauslætis, enda hafi hjúi verið ókunnugt um þessar sakir þegar samningar um vistina tókust.

Ef hjú er komið í vistina þegar það fær vitnesku um eitthvert þeirra afbrota af hálfu húsbónda, sem nefnd voru, er því heimilt að víkja úr vistinni fyrirvaralaust, enda geri það svo innan 14 daga eftir að það fjekk vitneskju um verknaðinn. Kaups getur hjúið aðeins krafist fyrir þann tíma, sem það var í vistinni.

23. gr.

Hjúi er heimilt að ganga fyrirvaralaust úr vistinni þegar það getur sannað, að húsbóndi hafi gerst sekur um stórvægilegt brot á skyldum sínum gagnvart því, svo sem ef hann:

1. misþyrmir hjúinu,
2. leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gera sig bera að slíku og húsbóndi veitir hjúinu ekki tilhlýðilega vernd, þótt það beri sig upp undan því við hann,
3. lætur hjúið að staðaldri búa við illa og ónóga fæðu, óforsvaranlega aðhlynningu eða heilsuspillandi húsnæði,
4. meiðir freklega mannorð hjúsins eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af,
5. geldur hjúi ekki kaup í ákveðinn tíma þótt krafist sje,
6. stofnar ranglega og að nauðsynjalausu lífi eða heilsu hjúsins í hættu,
7. skipar því að vinna verk, sem það að lögum ekki er skylt til.

24. gr.

Ef hjú, án þess að sjúkleiki eða önnur lögleg forföll tálmi, eða fyrir hendi sjeu ástæður, er heimili því að rifta vistarráðunum, kemur ekki í vistina á ákveðnum tíma, svo að því er synjað viðtöku, eða kemur alls ekki, skal það greiða húsbónda bætur, sem svara til helmings áskilins kaups fyrir

umsaminn vistartíma. Ef hjú gengur ólöglega úr vistinni greiði það sömu bætur miðað við vistartímann, sem eftir er.

Nú gengur hjú úr vistinni vegna atviks, er greinir í 23. gr., og skal húsbóndi þá greiða því hæfilegar bætur, er þó nemi ekki meiru en kaupi fyrir umsaminn vistartíma og matarverði, sbr. 28. gr., í sama tíma, þó ekki yfir 8 vikur.

25. gr.

Húsbóndi þarf ekki að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eða veita því viðtöku ef hann getur sannað:

1. að hjúið hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast, drýgt glæp, sem að almennisáliti er svívirðilegur,
2. að hjúið hafi smitandi sjúkdóm, eða það sökum vanheilsu eða fötlunar, eða að því er konu snertir, sökum þess að hún er barnshafandi, sje óhæft til að vinna það verk, sem það var ráðið til,
3. að hann hafi, er vistarsamningurinn var gerður, verið blektur með fölskum vitnisburðum um hjúið,
4. að hjúið kunni ekki til þeirra verka, sem áskilið var að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og það þá þóttist kunna til.

Þetta, sem talið hefir verið, skiftir þó aðeins máli, svo fremi það verði ekki sannað, að húsbóndi hafi verið vitandi um þessi atvik, er hann rjeð hjúið.

Nú verður húsbóndi fyrst áskynja einhverra þeirra atvika, er nefnd voru, þegar hjúið er komið í vistina, og er honum þá heimilt fyrirvaralaust að víkja hjúinu úr vistinni, enda geri hann það innan 14 daga eftir að hann varð vitandi þessa.

26. gr.

Húsbóndi má þegar vísa hjúi úr vist, er hann getur sannað, að hjúið hafi gerst mjög brotlegt gegn skyldum sínum eða ef framferði þess er mjög ábótavant, svo sem ef hjúið:

1. drýgir glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur,
2. leggur hönd á húsbóndann, eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja,
3. sýnir húsbóndanum, eða þeim, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, óhlýðni um að inna af hendi störf sín í þarfir heimilisins,
4. tælir börn á heimilinu til illverka,
5. er aftur og aftur drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans,
6. raskar heimilisfriði með lauslætisframferði,
7. gengur með smitandi samræðissjúkdóm,
8. af ásettu ráði spillir eigum húsbónda, eða misþyrmir skepnum, sem það á að hirða,
9. sýnir af sér megnt og ítrekað skeytingarleysi um störf sín og hirðuleysi í umgengni.

Þegar hjúi er vísað úr vist af einhverjum ástæðum, sem taldar eru í þessari og 25. gr., ber því umsamið kaup fyrir þann tíma, sem það hefir unnið heimilinu.

27. gr.

Ef húsbóndi ólöglega riftar vistarráðum eða visar hjúi úr vistinni, skal hann gjalda því í bætur upphæð, sem er jöfn helmingi áskilins kaups fyrir umsaminn vistartíma og matarverð fyrir sama tíma, þó ekki lengur en 8 vikur.

28. gr.

Matarverð hjús skal, þegar ekki er öðruvísi um samið, ákveðið af hlutaðeigandi lögreglustjóra, eftir því sem hæfilegt þykir þar í hjeraði og með hliðsjón af því, hverskonar hjú er um að ræða, þó ekki undir 1 kr. á dag.

II. KAFLI.

29. gr.

Viðskifti húsbónda og hjús, sem er 21 árs að aldri, fara eftir samningum þeirra á milli um vistarráðin. Samningsákvæði, sem koma í bága við 9. gr. 3. mgr. 1. málsl., eru þó ógild. Ennfremur má hjúið ekki afsala sjer fyrirfram neinum réttindum samkvæmt 9. og 11.—12. gr. og afsal slíkra réttinda síðar frá hálfu hjúsins er ógilt gagnvart framfærslusveit hjúsins, ef það fellur henni til byrði.

Nú er enginn sérstakur vistarsamningur gjörður milli aðilja og gilda þá fyrirmæli I. kafla þessara laga, enda þótt hjúið hafi náð 21 árs aldri.

III. KAFLI.

30. gr.

Með mál milli húsbónda og hjús út af vistarráðunum skal farið sem venjuleg einkamál.

31. gr.

Brot gegn 7. og 18. gr. varða sektum frá 10—200 kr., er renna í ríkissjóð. Með mál út af þeim brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nú heldur húsbóndi ólöglega fyrir hjúinu fjármunum þess og skal hann þá eftir kröfu hjúsins sæta sektum frá 10—200 kr. Mál útaf þessu eiga einnig undir lögreglurjett.

32. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um vinnuhjú frá 26. jan. 1866 og 16.—21. gr. fátækralaganna frá 10. jan. 1905. Ennfremur er úr gildi numin 7. gr. tilsk. 5. mars 1734 og önnur lagaákvæði, sem kunna að koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það munu ekki vera skiftar skoðanir um það, að vinnuhjúatilskipunin frá 26. jan. 1866 sje nú orðin og hafi verið um nokkurt skeið allmjög á eftir tímanum. Til þeirrar lagasetningar var þó vandað einkarvel, enda höfðu um hana fjallað hinir vitrustu menn, bæði utan þings og innan. Lögin voru á sínum tíma óefað bæði hentug og góð; en þjóðlíf vort hefir tekið svo miklum stakkaskiftum á nálega 60 ára tímabili, að það er síst að undra, þótt svo nákvæmar reglur eins og tilskipunin geymir, geti ekki haldist óbreyttar og verið jafn vel við hæfi eftir að mikilvægar skipulagsbreytingar innan þjóðfjelagsins hafa átt sjer stað og tíðarandinn gjörbreyst á marga lund. Síðan tilskipunin var sett hafa með lögum engar breytingar verið á henni gerðar nema að litlu leyti í greinum þeim, sem teknar eru úr henni upp í fátækralögin 1905, 16.—21. gr. þeirra. En þótt löggjafarvaldið hafi ekki látið málið til sín taka, þá hefir bæði almenningur fundið, að mörg ákvæði tilskipunarinnar ættu ekki eins vel við nú orðið og áður hafði verið, og hins vegar leikur mikill vafi á því, hvort tilskipunin geti átt við um þau vistarráð sem nú eru tíðust orðin, nefnilega misserisvistirnar, en svo má kalla, þótt ekki alveg nákvæmt sje, vistir um tímabilin frá 14. maí til 1. okt. og frá 1. okt. til 14. maí. Í kaupstöðum eru þessir vistarsamningar orðnir svo almennir, að ársvistir eru þar undantekning. Til sveita eru ársvistir aftur nokkuð tíðari en í kaupstöðum, en vistarsamningar til skemri tíma munu og einnig þar vera engu ótíðari. Þó mun 1. okt. ekki vera eins reglubundinn skildagi þar, þótt um vist frá hausti til vors sje að eins að ræða, sem í kaupstöðum. Tímabilinu frá 14. maí til hausts er og títt skift í tvent, sem sje vorvinnu og kaupavinnu (sumarvinnu). Þegar nú svo er, að ársvistirnar eru orðnar snögt um fátíðari en misserisvistirnar og hæpið er, hvort tilskipuninni verður beitt um hinar síðarnefndu, þá hefir tilskipunin verulega mist í framkvæmdinni hið upprunalega gildi sitt og þegar hjer við bætist, að ekki allfá ákvæði hennar eru orðin lítt nothæf, virðist fyllilega tími til kominn að endurskoða hana í heild.

Þeir kunna nú að vera til, sem segja, að nákvæmar lagareglur um vistarsamninga sjeu ekki nauðsynlegri en lagaákvæði um aðra vinnu- og verksamninga, en slík lagasetning er ekki til í löggjöf vorri nema að litlu leyti. En hjer til er því að svara, að vistarsamningar eru talsvert sjerstaks eðlis og svo er og hitt það tíðasta, að milli aðilja er samið oftast að eins munnlega og innihald samningsins venjulega ekki um annað en um kaup og vistartíma og enn fremur um hver verk hjúin skuli vinna. Nú er sambúðin milli húsbænda og hjúa svo náin, að það er sjerstaklega hætt við, að snurða geti hlaupið á um samkomulagið, út af einu eða öðru, og því er það nauðsynlegra um þessa samninga en flesta aðra verksamninga, að hvor aðili um sig viti í aðalatriðum um skyldur sínar og rjettindi gagnvart hinum. Að þessar reglur sjeu til, getur bæði leyst aðilja úr vanda og óvissu og spornað í ríkum mæli gegn því, að hinn minni máttar verði beittur rangindum í viðskiftunum. Fyrir þjóðfjelagið er það því harla mikilvægt að eiga rjettlát lög á þessu sviði.

Nú er þess að gæta í hjúamálum, að þar er annar aðilinn, hjúið, venjulega ungur að aldri, óþroskað og óharðnað ungmenni. Á þeim árum, sem vinnuhjúatilskipunin kom í lög var margur maðurinn í hjúastjett, sem hafði náð full-

orðins aldri; rjetturinn til lausamensku var mjög takmarkaður og vistarskylda í lögum. Við lagasetningu um vistarráð ber nú að taka tillit til þessa, einnig með hliðsjón af því, að almenn mentun er orðin aukin og útbreiddari en þá var og sjálfstæðis- og sjálfræðishugsun ríkari orðin með breyttum tíðaranda. Samningafrelsið þykir því ekki mega hefta meira en frekast verður komist af með. Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er nú bygt á þessum grundvelli. Lögunum er beinlínis að eins ætlað að taka til samninga um vistarráð hjúa, sem ekki eru lögráða. Um leið og lögin innihalda reglur um skyldur og rjettindi aðilja, eru þau eftir tilgangi sínum jafnframt verndarlög fyrir vissa stjett manna í þjóðfjelaginu, unglinga, á aldrinum 16—21 árs, sem ráða sig í vist. Þessir unglingar eiga tíðum fáa vandamenn eða aðstandendur, sem megnugir eru að veita þeim lið ef í harðbakka slær. Þess vegna hvílir það á þjóðfjelaginu, að veita þeim sjerstaka vernd sína. Með þetta fyrir augum, er það skýrt tekið fram, að frá reglum laganna má ekki víkja til óhags unglingum. Ef hjúið er lögráða, víkur málinu öðruvísi við, og er þar, samkv. II. kafla laganna, gefinn laus taumurinn nema í nokkrum atriðum, sem frá sjónarmiði þjóðfjelagsins verður að setja skorður við að ekki sje út af brugðið.

Það þykir ekki þörf á að skilgreina hugtökin »hjú« og »vist« því að það er svo samgróið hugsun manna hvað í þeim orðum felst. Lögunum er ætlað að koma í stað tilskipunarinnar frá 26. jan. 1866, og innihald hennar er tæmt og tekið upp í frumvarpið eftir því sem við þykir eiga. Það skal tekið fram, að við samning frumvarpsins er höfð hliðsjón af dönskum lögum frá 6. maí 1921 um Retsforholdet mellem Husbond og Medhjælpere, sem komu í stað hjúalaganna frá 1854. Þessar almennu athugasemdir skulu látnar nægja og vísað til þess, sem sagt verður hjer á eftir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um 1. og 2. málsgr. vísast til þess, er sagt var hjer á undan. Rjett þykir að binda vistarsamning við einhvern tíma og er þá ekki nema um tvo vegi að ræða. Annað hvort að láta lögin ná aðeins til vistráða milli skildaga, eða þá að láta þau ná til vinnusamninga til mánaðar. Þesskonar samningar eru til í Reykjavík, að því er stúlkur snertir, en eru þó enn svo fátíðir, að naumast mun tími til kominn, að láta þá falla undir lögin. Fyrri stefnunni er því fylgt hjer, þó þannig, að vinnusamninga, sem eftir innihaldi sínu eiga að ná til næsta skildaga. en eru ekki stofnaðir fyr en nokkuð er liðið á vistarmisserið, geti fallið innundir lögin, ef vistarráðin eru minst 3 mánuðir.

Um 2. gr.

Þessi grein svarar til 1. gr. tilsk. 1866. Hjer er miðað við sama aldur og þar, þótt orðið sjálfráða sje haft í stað 16 ára aldurs, enda alt eins heppilegt að einskorða samningshæfið við það að vera sjálfráða, í stað aldurstakmarks.

Um 3. gr.

Í samræmi við venju þá er myndast hefir, þykir sjálfsagt að löghelga 1. okt. sem hjúaskildaga jafnhliða 14. maí. Að setja skildagana á öðrum tíma, til þess að vistartímabilin gætu orðið nokkurn veginn jafn löng, þykir margra ástæðna vegna ekki ráðlegt. 2. og 3. málsgr. er í samræmi við tilsk. 1866, en

hjer þótti rjett að taka það skýrt fram, að hálfsdags-»vistir« þær, sem allmjög tíðkast í kaupstöðum, helst í Reykjavík, sje ekki vist í skilningi laganna og hnígi því ekki undir lögin.

Um 4. gr.

Rjett þykir að taka það upp sem reglu um ársvist og misserisvist, að uppsögn þurfi ekki. Um hinar síðarnefndu vistir er það nú almenn venja. Undantekning er gerð um skemri vistarráð, sem oftast mundu miðuð við 1. dag mánaðar og vel virðist eiga við að annarhvor aðili láti það beinlínis í ljósi, ef vistarráðin eiga ekki að haldast lengur en upprunalega hefir verið tiltekið. Sanngjarnt þykir, að kona sem á kost á giftingu, geti með mánaðar fyrirvara sagt upp vistarráðum til næsta skildaga.

Um 5. gr.

Fyrirmæli þessarar greinar eru í samræmi við eldri ákvæði um skyldu húsbónda að vitja hjús. Þykir þó ekki vert, að láta þessa skyldu ná lengra en tíðkast hefir, það er að segja, binda hana við árshjú. Síðasti málsl. greinarinnar er nýmæli, sem verður að teljast sanngjarnt og eðlilegt, að húsbónda sje heimilað þegar svo stendur á, að vera laus vistarráðanna, því að það getur staðið honum á miklu.

Um 6. gr.

Um hvern tíma dags hjú skuli i síðasta lagi koma í vist, þykir nauðsynlegt að ákveða. Komutíminn verður að miðast við burtfararstund hjús úr vist, sbr. 4. gr., og þá jafnframt að taka tillit til vegalengdar og þess farkosts, sem hjúið verður að sæta, ef meta á, hvort sök er hjá hjúinu þegar koma þess í vist dregst fram yfir hinn tilsetta tíma. Frestir þeir, sem greinin tiltekur, þykja settir við hæfi.

Um 7. gr.

Þessi grein svarar til 14. gr. tilsk. 1866, en ákvæði þeirrar greinar óbreytt eiga ekki lengur við alment. Til sveita eru misjafnar venjur um hlunnindi, sem hjú hafa, t. d. skæðaskinn. Heimagerða leðurskó eða sauðskinnskó, fá hjú viðast auk kaups, en aftur á móti ekki útlendan skófatnað, sem á síðustu árum hefir rutt sjer mikið til rúms allvíða til sveita. Í kaupstöðum er aftur mestmegnis notaður útlendur skófatnaður, að eins nota stúlkur sumstaðar íslenska sauðskinnsskó sem inniskó. Um þjónustu er nokkuð svipað að segja. Það hagar öðruvísi til í sveitum en kaupstöðum. Frumvarpsgreinin lætur vera svigrúm fyrir, að þær venjur um hlunnindi, sem nú eiga sjer stað, geti haldið áfram að gilda og þróast, enda mun það hollast. Tillagan um, að hjú eigi heimtingu á að sofa eitt sjer í rúmi, þykir nauðsynleg af þrifnaðarlegum og heilbrigðislegum ástæðum, en auðvitað er ekki ætlast til, að þetta ákvæði sje fært út í þær öfgar, að hjú megi ekki vera færð saman nótt og nótt, til að rýma fyrir gestum. Um kröfuna til hreinna rekkjuvoða og handklæðis verður væntanlega enginn ágreiningur. Síðasti málsliður greinarinnar er nýmæli í lögum, sem telja verður mjög þarft, ekki síst i kaupstöðum.

Um 8. gr.

Að húsbóndi sje skyldur að greiða hjúi kaupið, að meira eða minna leyti, eftir því sem líður á vistartímann þykir sjálfsagt, og jafnframt hentugt að setja bein fyrirmæli þar um. Þegar samið er um mánaðarkaup, liggur næst að líta svo á, að meining aðilja hafi verið að ákveða mánaðarlega greiðslu við lok hvers mánaðar. Hjer í Reykjavík, þar sem slíkir samningar munu aðallega tíðkast, er kaupið venjulega greitt í lok hvers mánaðar, en hins vegar gæti það verið hættulegt fyrir hjúið, að hafa ekki kröfu til kaupsins fyr en eftir 2 mánuði.

Þá er kaup er ákveðið í einu lagi fyrir vistartímann, er meiri vandi á ferðum um sanngjarnlega ákvörðun gjalddaganna, ekki síst þar sem greiðslufall á gjalddaga á að varða því, að hjúið geti fyrirvaralaust gengið úr vistinni, sbr. 23. gr., 5. lið.

Hjer er því lagt til, að jafnan standi inni hjá húsbónda tveggja mánaða kaup, svo sem gert er í tilsvarandi grein dönsku hjúalaganna. Þessi regla virðist á góðum rökum bygð, þegar annars vegar er tekið tillit til þeirra hlunninda, sem hjú njóta, og hins vegar til þess, að húsbóndi hefir eðlilegan rjett til að halda hæfilegri upphæð sem tryggingu fyrir skaðabótum, ef hjú riftar vistarráðum ólöglega, til að standast kostnað við lækningu hjús, t. d. læknissókn, sem gera má ráð fyrir, að húsbóndi verði að kosta til bráðabirgða eða standa í ábyrgð fyrir o. s. frv.

Hið áfallna kaup er engan veginn hlutfallslegt kaup miðað við tímalengd. Sem næst rjettu mun vera að telja kaupið fyrir tímabilið frá 14. maí til 1. október, $^3/_4$ hluta af árskaupi, og $^3/_4$ hluta af sumarkaupinu (svo má kalla kaupið fyrir tímabilið $^{14}/_5$—$^1/_{10}$), kaup fyrir tímabilið frá 14. júlí til 1. október.

Ef árskaupið er t. a. m. 600 kr., þá er sumarkaupið 450 kr., en 150 kr. vetrarkaupið, eða fyrir tímabilið 1. október til 14. maí, og kaupið fyrir tímabilið frá 14. júlí til 1. október $^3/_4$ af 450 kr. = kr. 337,50.

Eptir þessu fjelli árskaupið þannig í gjalddaga, eins og segir í greininni ef miðað er við 600 króna árskaup og við að vistartíminn byrji 14. maí:

14. ágúst	kaup fyrir	1.	vistarmán.	kr.	56,25.
14. sept.	—	2.	—	—	56,25.
14. okt.	—	3.	—	—	135,00.
14. nóv.	—	4.	—	—	135,00.
14. desbr.	—	5.	—	—	77,50.
og úr því 20 kr. á mánuði				—	140,00.

Ef vistartíminn er frá 1. okt. til 14. maí, er gert ráð fyrir jafnri kaupgreiðslu mánaðarlega.

Um 9.—12. gr.

Fyrirmæli þessara greina eru yfirleitt samhljóða gildandi lögum. Í 9. gr. eru tekin upp almenn fyrirmæli um hvernig húsbónda sje skylt að haga sjer gagnvart hjúi, sem er sjúkt. Er það bert tekið fram, að húsbóndi hafi ekki án samþykkis hjúsins rjett til að flytja það á sjúkrahús, nema læknir telji það nauðsynlegt vegna hjúsins sjálfs eða vegna sótthættu fyrir heimilið.

Ákvæðið um vitskert hjú er nýmæli, en nauðsyn þess virðist auðsæ.

Í 10. og 11. gr. eru samskonar fyrirmæli og í 16. og 17. gr. fátækralag-

anna. 12. gr. frumvarpsins svarar til 18. gr. fátækralaganna. Hjer er það tekið upp, að húsbóndi skuli skyldur að fæða hjúið alt að fjórðungi vistráðningartímans ókeypis og er það í samræmi við eldra ákvæðið þegar talað var um árshjú. Skylda húsbónda við sjúkt hjú, á að vera sõm, hvort hjúið liggur utan heimilis eða ekki og þykir því verða náð best á þann hátt, að húsbóndi greiði legukostnað, sem svarar matarverði. Ef hjúið liggur á sjúkrahúsi mun oftast nær 1. gr. laga nr. 61 frá 1921 koma til framkvæmda.

Um 13. gr.

Fyrirmæli þessarar greinar eru sniðin eftir ákvæðum í 23. gr. tilsk. frá 1866. Getur hjer verið um nokkurt álitamál að ræða á tvo vegu, en eldri fyrirmælin voru ætíð talin sanngjörn og því er þeim fylgt hjer svo langt, sem við getur átt.

Um 14.—16. gr.

Ákvæði 14. gr. eru nánast til þess að taka af öll tvímæli um það, hvern kostnað húsbóndi skuli skyldur að bera og er í samræmi við næstu greinar á undan. Aftur hefir 15. gr. að geyma ákvæði sem sjerstaklega miða til sanngirni gagnvart húsbónda. Fyrirmæli 16. gr. eru samhljóða gildandi lögum.

Um 17. gr.

Þessi grein er í höfuðatriðinu samhljóða ákvæði í 16. gr. tilsk. frá 1866. Síðari málsgr. er til að tryggja og staðfesta samningsbundinn rjett hjúsins.

Um 18. gr.

Þetta ákvæði er sniðið eftir samskonar ákvæði í dönsku lögunum, sem nefnd voru hjer að framan og þykir að svo miklu leyti, sem greinin tiltekur, einnig eiga við hjer á landi.

Um 19. og 20. gr.

Fyrirmæli þessara greina eru í samræmi við gildandi lög, þó er síðari málsgrein 19. gr. nýmæli sem virðist geta verið hentugt að beita þegar svo stendur á.

Um 21. gr.

Er í höfuðatriðinu í samræmi við gildandi lög og þarf ekki skýringar.

Um 22. gr.

Með þessari grein er stefnt að því að vernda hjúið frá því að vera samvistum við húsbónda sem hefir það í fari sínu, sem getur um í greininni. Slíkir húsbændur verða að teljast til viðvörunar og vísir til ills framferðis gagnvart hjúinu og að spilla siðgæðishugsjón þess, ef það kemur í hús þeirra. Í hinum eldri lögum voru engin tilsvarandi fyrirmæli.

Um 23. gr.

Þessi grein svarar til 29. gr. tilsk. frá 1866. En hjer er farin sú leið, að telja burtgönguástæðurnar upp í dæmum, en ekki tæmandi og hins vegar er lögð á hjúið sönnunarskyldan fyrir því, að lögmæt orsök til burtgöngu sje fyrir hendi. Um refsing og skaðabætur, sem húsbónda bæri að þola, þykir ekki ástæða til að taka neitt fram, því að um slíkt fer eftir almennum lögum, sbr. og síðustu málsgrein næstu greinar.

Um 24. gr.

Í þessari grein er rætt um viðurlög þegar hjú gengur úr vist. Felast í greininni tilsvarandi ákvæði og í 12. gr. og í niðurlagi 29. gr. tilsk. frá 1866. Þar eru bætur settar jafnar umsömdu kaupi fyrir allan vistartímann, en í frv. eru bæturnar miðaðar við helming kaups og virðist það nægilegt, sem og ákvæðunum um matarverð stilt í hóf.

Um 25. og 26. gr.

Þessar greinar svara til 7. og 27. gr. tilsk. frá 1866. En hjer er fylgt sömu reglu og áður, að riftingarástæður og burtvísunar eru taldar upp í dæmum en ekki ætlað að vera tæmandi.

Um 27. gr.

Þessi gr. svarar til 11. gr. tilsk. 1866, en bætur eru ákveðnar hjer á sama hátt og í 24. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Matarverð er ekki unt á þessum tímum að setja með ákveðinni upphæð, en óhætt virðist að fastákveða lágmarksmatarverð og til þess að ákveða matarverðið virðist lögreglustjóri ekki ófallinn.

Um II. kafla.

Hjer vísast til þess, sem áður var sagt alment um frv. og virðist frekari skýring ekki þörf.

Um III. kafla.

Hjúamál teljast nú til þess flokks mála, sem kölluð eru einkalögreglumál. Þetta var mjög eðlilegt þegar athugaður er sá tíðarandi, sem var ríkjandi á þeim árum og fyrir þann tíma, er tilsk. frá 1866 varð til. Til sveita var hilst til að taka þessi mál fyrir á manntalsþingi svo aðiljar þyrftu ekki að greiða dómaranum ferðakostnað. Nú krefjast menn greiðari rjettargangs en svo, að við slíkt fyrirkomulag megi una. Það virðist ekki heldur vera nein sjerstök ástæða til að láta ekki reglur almennra einkamála gilda um þessi efni, þar sem sökin er einkarjettar eðlis, en þar sem svo er ekki, ber auðvitað að fara eftir almennum reglum um opinber mál. Hjer er því gert ráð fyrir, að með hjúamál sje farið

sem einkamál. Þessi mál eru einmitt einkarvel fallin til að leggjast fyrir sáttanefndir.

Annars þykir ekki þurfa að fara fleirum orðum um þenna kafla en geta þess að eins, að rjett þótti að nota tækifærið lil að nema úr gildi 7. gr. tilsk. 5. mars 1734.

4. Frumvarp

til laga um nýja embættaskipun.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Gullbringu- og Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla skulu vera eitt lögsagnarumdæmi og nefnist það Gullbringu- Kjósar- og Borgarfjarðarsýsla.

Sýslumaður sitji í Hafnarfirði.

2. gr.

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Mýrasýsla skulu vera eitt lögsagnarumdæmi og nefnist það Snæfellsnes- Hnappadals- og Mýrasýsla.

Sýslumaður sitji í Stykkishólmi.

3. gr.

Dala- og Strandasýsla skulu vera eitt lögsagnarumdæmi og nefnist það Dala- og Strandasýsla.

Sýslumaður sitji i Dalasýslu.

4. gr.

Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla skulu vera eitt lögsagnarumdæmi og nefnist Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla.

Sýslumaður sitji á Blönduósi.

5. gr.

Eyjafjarðarsýsla og Siglufjarðarkaupstaður skulu vera eitt lögsagnarumdæmi og nefnist það Eyjafjarðarsýsla.

Sýslumaður sitji á Akureyri.

6. gr.

Suður-Múlasýsla og Austur-Skaftafellssýsla skulu vera eitt lögsagnarumdæmi og nefnist það Suður-Múla og Austur-Skaftafellssýsla.

Sýslumaður sitji á Eskifirði.

7. gr.

Árnes- Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýsla skulu vera eitt lögsagnarumdæmi eg nefnist það Árness- Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýsla. Sýslumaður sitji í Árnessýslu.

8, gr.

Sameining embætta þeirra, er hjer um getur, fer fram jafnóðum og embættin losna.

Almennar athugasemdir við frumvarp þetta:

Stjórnin lýsti því yfir í stefnuskrá sinni, að hún vildi leitast við að gera embættisbálkinn einfaldari, og Þingsályktunartillaga var samþykt á síðasta þingi, sem fór í líka átt. Öllum er orðið það ljóst, að hinn fasti árlegi kostnaður við starfrækslu hins opinbera er orðinn gífurlega mikill, og svo virðist sem atvinnuvegir þjóðarinnar muni varla í framtíðinni geta risið undir auknum útgjöldum í þessa átt, og er því nauðsyn að reyna að sporna við öllum ónauðsynlegum embættastofnunum, og draga úr hinum miklu útgjöldum sem þegar eru orðin. Auk þess, getur það varla talist heppilegt, að of mikið af vinnukrafti þjóðarinnar gangi til starfrækslu opinberra embætta.

Með frumvarpi þessu er gerð tilraun til þess að draga úr þessum mikla embættakostnaði með því að fækka sýslumannaembættunum. Og er þá aðallega á tvent að líta, hvort hin nýju embætti sjeu svo umfangsmikil, að hægt sje að gegna þeim, og þá einnig hitt hvort almenningi sje bökuð óþægindi og erfiðleikar, er geri ókleift að spara það fje, sem hjer óneitanlega sparast. Skýrist þetta best með því að athuga helstu störf sýslumannanna.

Dómsmál.

Þau eru talin hjer fyrst, ekki fyrir þá sök, að þau sjeu aðalstörf sýslumanna þegar eingöngu er litið á það, hve mikill vinnutími gengur til þeirra. Umboðsstörfin t. d. gjaldainnheimta til ríkissjóðs og skilin fyrir gjöldunum taka miklu meiri tíma. En þrátt fyrir þetta eru dómarastörfin þannig í eðli sínu, að þau verður að telja einna þýðingarmest af öllum embættisverkum sýslumanna. Um þetta þarf ekki að fjölyrða, þar sem svo er ástatt sem hjer, að tveir eru rjettir, undirrjettur og hæstirjettur. En sýslumennirnir skipa undirrjettina eða þá eru formenn í þeim, samanber t. d. sjórjettina.

Meðfylgjandi skýrsla, sem samin hefir verið um dómsmálin, og nær yfir tímabilið frá 1904 til 1913, sýnir bæði hvernig dómsmálin hafa skifst þennan tíma á lögsagnarumdæmin eins og þau nú eru, sem og hvernig þau hefðu komið niður á hina fyrirhuguðu umdæmaskipun eftir frumvarpi þessu. Þá

fylgir og til frekari skýringar skýrsla um dómsmál í öllum umdæmum landsins fyrir árin 1914 til 1918, og þykir hún ekki þurfa frekari skýringar við.

Til dómsmála í þrengri merkingu teljast sakamál, almenn lögreglumál, einka lögreglumál og einkamál og ná framangreindar skýrslur yfir þau öll.

Ef umdæmaskipun samkvæmt frumvarpi þessu hefði verið komin á 10 ára tímabilið 1904—1913, hefði aukning málanna fyrir hvern dómara í hinum nýju sýslum, frá því sem var í stærstu sýslunni í samsteypunni, orðið sem hjer segir:

	Sakam.	Einkam.	Alm. lm.	Einka lm
1. Gullbringu- Kjósar- og Borgarfj.s. með Hafnarfirði	6	16	1	5
2. Snæfellsn.- Hnappad.- og Mýrasýsla	5	11	»	2
3. Dala- og Strandasýsla	»	3	7	1
4. Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla	5	41	45	5
5. Suður-Múla og Austur-Skaftafellss.	»	5	18	4
6. Árnes- Rangárv.- og Vestur-Skaftafells.s.	5	16	44	15

Af málunum eru það að jafnaði sakamálin sem dómarinn hefir mesta fyrirhöfn fyrir bæði vegna prófanna, sem oft eru umsvifamikil, og ferðalaga, sem þeim er samfara, en ofangreind tafla sýnir að mest aukning á 10 ára tímabilinu hefði orðið — á sakamálum — í Gullbringu- Kjósar- og Borgarfjarðarsýslu með Hafnarfiði, n. l. 6 mál. Með öðrum orðum ekki eitt mál á ári. Samsteypa nr. 3 og nr. 5 hefði enga aukningu haft í för með sjer. Aukning einkamála og almennra lögreglumála hefði orðið mest í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu, liðug 4 mál á ári. Málsaukningin getur því á engan hátt orðið því til fyrirstöðu að samsteypan sje gerð.

Eftir skýrslunni (B. 1904—13) er hæsta málatalan þessi:

Gullbringu- og Kjósarsýsla- og Borgarfjarðarsýsla með Hafnarfirði: Einkamál 104, almenn lögreglumál 161, Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla: einkamál 98, almenn lögreglumál 83, en samkvæmt skýrslunni (A. 1904—13) komu fyrir á 10 ára tímabilinu í Suður-Múlasýslu 153 einkamál og 101 alm. lögreglumál. Nú er það vitanlegt að Suður-Múlasýsla er það lögsagnarumdæmi sem er einna verst umferðar og ekki samanberandi við Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur sameinaðar, þar sem yfirleitt eru góðir vegir, og hafa þó aldrei heyrst raddir í þá átt, að nauðsyn bæri til þess að skifta umræddri sýslu.

Til dómsmála í rýmri merkingu má telja skiftagerðir, fógetagerðir, þar undir kyrsetningar og forboðsgerðir m. m. og uppboðsgerðir.

Eins og kunnugt er skrifa hreppstjórar upp bú og senda síðan uppskrift og virðingargerð til hlutaðeigandi sýslumanns. En venjulegast og víðast hvar er það orðin venja, að öllum búum er skift á skrifstofu skiftaráðanda. Embættasamsteypan hefir því engin önnur áhrif á skiftamálin en þau, að hún eykur vitanlega störf skiftaráðanda, en ekki fyrirsjáanlegt að almenningi verði þetta á nokkurn hátt til óþæginda. En auðsætt er að sýslumönnum verður að sjá fyrir meiri starfskröftum en nú á sjer stað, og mun vikið af því síðar.

Fógetagerðirnar eru þess eðlis, að venjulegast er ekki unt að framkvæma þær á sjálfri sýsluskrifstofunni, eins og t. d. á sjer stað um einkamál

og oft um sakamálsrannsóknir. Um einkamál er það orðin mjög almenn regla, að málsaðiljar komi sjer saman um, til þess að spara fje og tíma, að reka málin á sýsluskrifstofunni. En þessi vegur er venjulega ekki fær þegar um fógetagerðir er að ræða. Fjárnám verður alla jafnan að byrja á heimili rekvisiti. Sama er að segja um útburðargerðir. Þá má enn geta þess, að það er sjerkenni fyrir kyrsetningar- og fógetagerðir, að þær þurfa að framkvæmast fljótt og án dráttar, ef þær eiga að koma að tilætluðum notum. — Af framansögðu mætti nú ætla að varhugavert væri að stækka lögsagnarumdæmin vegna þess, að almenningur gæti beðið tjón, ef honum væri gert örðugra en nú á sjer stað með að ná í aðstoð fógeta. En til þessa er að segja að einmitt fógetagerðir sjerstaklega kyrsetningar koma örsjaldan fyrir nema í kaupstöðunum eða í stærri kauptúnum, og kunnugt er að sýslumenn, sem gengt hafa embætti um fjöldamörg ár í sveitasýslunum, hafa aldrei framkvæmt kyrsetningar- eða útburðargerð.

Að því er uppboð snertir má nú lögum samkvæmt fela hreppstjóra að halda öll lausafjáruppboð.

Umboðsmál.

1. Lögreglustjórn.
2. Innheimta á ýmsum gjöldum til ríkissjóðs svo sem tolli, vörugjaldi, stimpilgjaldi, aukatekjum o. fl.
3. Afgreiðsla skipa, innheimta afgreiðslugjalds, vitagjalds og hafnargjalds.
4. Mæling skipa og skrásetning.
5. Lögskráning skipshafna í og úr skiprúmi.
6. Innheimta slysatryggingagjalda fyrir vátryggingarsjóð sjómanna.
7. Firmaskrásetningar.
8. Skipströnd.
9. Heilbrigðismál.
10. Afgreiðsla ýmsra leyfisbrjefa.
11. Tilnefning matsmanna og skoðunarmanna.
12. Landskiftamál.
13. Afgreiðsla vegabrjefa.
14. Eftirlit með ómyndugrafje.
15. Ýmsar skýrslur til stjórnarráðs og hagstofu.
16. Borgaralegt hjónaband.
17. Hjónaskilnaðarmál.
18. Færsla afsals- og veðmálabóka.
19. Innheimta á manntalsbókargjöldum.
20. Fátækramálefni.
21. Sveitarstjórnarmálefni.

Um hina einstöku liði þetta:

1. Um þetta starf sýslumannanna kemst meiri hluti launanefndarinnar, sem skipuð var 9. desember 1914 svo að orði, bls. 375 »eiginlegt lögregluefirlit geta sýslumenn að jafnaði ekki framkvæmt nema rjett í kringum sig, og varla einu sinni að búast við, að sýslumenn geti sint því þar til fulls, með því að þeir eru hlaðnir svo mörgum og margbrotnum störfum öðrum, sem kalla

þannig að, að lögreglueftirlitið einatt hlýtur að verða í hjáverkum«. Þetta er rjett athugað. Lögreglustjórnin er aðallega í höndum hreppstjóranna undir umsjón sýslumanns, og verður það einnig eftir nýja fyrirkomulaginu. Breytingin mundi eingöngu verða sú, að hreppstjórar tæku við lögreglustjórn í Borgarnesi, Sauðárkróki og Vík í stað sýslumanns. En þetta getur ekki verið athugavert, því sem stendur hafa hreppstjórar lögreglueftirlitið í stærri kauptúnum en ofantöldum, svo sem á Akranesi, Stokkseyri og Eyrarbakka.

Um mál þau, er getið er um undir liðunum 2—4, er það að segja, að þau standa í nánu sambandi við skipakomur frá útlöndum, því afgreiðslu- og vitagjöld eru tekin af skipunum á þeirri höfn, er þau taka fyrst, og sama er að segja um tolla og vörugjöld. En nú er það vitanlegt að í öllum hinum nýju fyrirhuguðu lögsagnarumdæmum er lítið um hafnir eða stór kauptún, — eina undantekningin er Siglufjörður, sem hefir alveg sjerstaka afstöðu, og verður hans getið síðar í athugasemdunum við hinar sjerstöku greinar —. Af þessu leiðir að umræddra starfa gætir ekki mjög mikið. T. d. mundi sýslumaðurinn í Arnes- Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu eiga ólíkt hægra með að gegna þessum störfum en nú sýslumaðurinn í Suður-Múla- eða Ísafjarðarsýslu.

Í Arnes- Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu yrðu ekki önnur kauptún en Vík í Mýrdal, Stokkseyri, Eyrarbakki og Þorlákshöfn, en það má svo heita að varla komi skip frá útlöndum á þessar hafnir í sex mánuði af árinu, mánuðina október — apríl, og hinn ársins tíma eru skipakomur mjög strjálar að eins nokkur vöruflutningaskip. Í Suður-Múlasýslu eru hinsvegar þessar hafnir: Djúpivogur, Breiðdalsvík, Stöðvarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Reyðarfjörður, Eskifjörður, Norðfjörður og Mjóifjörður, og nú ber þess að gæta að ekki einungis mannflutninga- og vöruflutningaskip koma allan ársins tíma á þessar hafnir, heldur og líka fjöldi útlendra fiskiskipa bæði á Norðfjörð og Fáskrúðsfjörð.

Um liðina 5—6 má geta þess, að hreppstjórar annast nú að mestu leyti þau störf, en senda skýrslur og peninga innheimta samkvæmt þeim til hlutaðeigandi sýslumanns.

Um málin undir lið 7—18 þykir ekki ástæða að fjölyrða, þau hafa aukna vinnu í för með sjer fyrir hlutaðeigandi yfirvald, en eru annars þess eðlis, að þótt umdæmið stækki, mun þetta yfirleitt ekki hafa nein teljandi óþægindi í för með sjer fyrir almenning.

Innheimta á manntalsbókagjöldunum, sbr. lið 19, verður nú framvegis samkvæmt frumvarpi stjórnarinnar um manntalsþing, ljett af sýslumönnunum og falin hreppstjórunum.

Um afgreiðslu fátækramálefna, sbr. lið 20, fer alveg á sama hátt sem áður. Það er kunnugt að þau af þessum málum, er fara til úrskurðar sýslumanns og stjórnarráðs, eru oft eins og nú stendur lengi á leiðinni, er kemur til af því, að þau verða oft að fara mörgum sinnum á milli hlutaðeigandi sýslumanna og oddvita. Ef sýslumanninum verður fengin sæmileg aðstoð þarf samsteypan á engan hátt að seinka afgreiðslu þessara mála.

Liður 21 sveitarstjórnarmálefni.

Nú sem stendur eiga sýslumenn sæti í öllum sýslunefndum á landinu, og eru jafnframt oddvitar þeirra. Þetta virðist heppilegt fyrirkomulag og þykir

hafa reynst vel. Sýslumenn sem á annað borð eru duglegir og framtakssamir, hafa borið hag sýslu sinnar fyrir brjósti, og oft staðið framarlega til þess að koma ýmsum fyrirtækjum á stað, er sýslunni hafa orðið til þrifa. Þar að auki er sýslumaður lögfræðingur, og hefir því jafnframt getað leiðbeint sýslunefndinni í vafasömum lögfræðislegum tilfellum. En þrátt fyrir þetta verður því ekki komið við, eftir að samsteypa sú, er hjer ræðir um, er komin í framkvæmd, að sýslumaðnr sje áfram oddviti allra sýslunefnda í lögsagnarumdæmi hans. T. d. þyrfti sýslumaðurinn í Árnes- Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu að sitja þrjá aðalsýslunefndarfundi. Þetta mundi taka alt of mikinn tíma fyrir sýslumann frá öðrum störfum, og ferðirnar verða alldýrar. Þá er og þess að gæta að æði oft er boðað til aukasýslunefndarfunda. Fyrir því er ætlast svo til, að jafnóðum og embættasamsteypan kemur til framkvæmdar, kjósi sýslunefndirnar í þeim sýslufjelögum, þar sem svo stendur á að sýslan hefir verið sameinuð öðru embætti, sjer sjálfar oddvita, en núverandi fyrirkomulag með sýslumann sem meðlim og oddvita sýslunefndar, haldist að öðru leyti. Eftir þessu eiga sýslunefndirnar í neðantöldum sýslufjelögum sjálfar að kjósa sjer oddvita:

1. Borgarfjarðarsýslu.
2. Mýrasýslu.
3. Strandasýslu.
4. Skagafjarðarsýslu.
5. Austur-Skaftafellssýslu.
6. Vestur-Skaftafellssýslu.
7. Rangárvallasýslu.

Rjett er að taka fram, að stjórnin hefir ekki leitað álits sýslunefna eða hjeraðsstjórna um þetta mál fyrir þá sök, að reynslan hefir sýnt að hjeraðsbúar vilja ekki missa embættismenn sína, hvort heldur um sýslumenn, lækna eða presta er að ræða. Má t. d. benda á að á síðasta Alþingi kom fram vottorð frá sýslumanni Dalasýslu og prófasti um að hjeraðsbúar væru »eindregið á móti því« að Dalasýsla og Strandasýsla væru sameinaðar. Alþt, 1922 C. bls 459.

En þrátt fyrir þessar raddir eru þó nálega allir sammála um, að embættisliðið beri þjóðina ofurliði, og verður því ekkert úr umbótunum, ef taka á tillit til álits sýslunefnda í þessu efni. En hinsvegar hefir verið reynt að taka eins og unt hefir verið tillit til almennings í þessu máli. Sýslufjelögin þannig látin halda sjer alstaðar óbreytt, en á það mun lögð mikil áhersla. Þá ber og þess að gæta, að þegar samsteypa sýslumannaembættanna hefir verið á döfinni á fyrri þingum, hefir hún að jafnaði að eins náð til eins og eins embættis, og sparnaðurinn því tiltölulega lítill, en hjer er um gagngerða breytingu að ræða, þar sem fimm sýslumannaembætti og eitt bæjarfógetaembætti verður lagt niður, og má því gera ráð fyrir að málinu verði tekið öðruvisi en hingað til hefir átt sjer stað. Enda má ekki gleyma því að vegir, brýr og sími bæta mikið úr frá því sem áður var í þessu efni.

Embættin sem hverfa úr sögunni eru þessi:

	Laun 1921.
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	kr. 9500 00
Strandasýsla	— 9500 00
Skagafjarðarsýsla	— 9500 00
Skaftafellssýsla	— 9500 00
Rangárvallasýsla	— 9500 00
Siglufjarðarkaupstaður	— 5933 25
	kr. 53433 25
Skrifstofukostnaður allra embættanna 1922, sbr. meðfylgjandi skýrslu	— 13900 00
Samtals:	kr. 67333 25

Það er örðugt að gera ákveðna áætlun um skrifstofukostnað embættanna i þessu frumvarpi, vegna þess, að gert er ráð fyrir að samsteypan komi ekki til framkvæmdar fyr en jafnóðum og þeir menn fara úr embættunum, er nú skipa þau, en þá getur sá grundvöllur og þær kringumstæður, sem skrifstofukostnaðurinn nú yrði bygður á verið breyttur. En í aðalatriðunum má þó gera sjer grein fyrir þessum útgjöldum.

Samkvæmt frumvarpinu til laga um manntalsþing losna sýslumennirnir að öllu leyti við þingferðirnar, og þegar þess er gætt, að þær hafa í för með sjer tíu til tuttugu daga vinnutap fyrir sýslumennina auk ferðakostnaðar, mun láta nærri að áætla þeim að jafnaði 600 kr. hagnað við að leysast undan þessa ferðalagi um alt umdæmið.

Ríkinu að kostnaðarlausu, frá því sem nú er, mundu því sýslumennirnir í hinum nýstofnuðu embættum, ef talinn er með áætlaður hagnaður við að losna við þingaferðir, hafa skrifstofukostnað sem hjer segir:

Sbr. skýrsluna um skifstofukostnað sýslumanna og bæjarfógeta.

Gullbringu- Kjósar- og Borgarfjarðarsýsla með Hafnarfirði	6000	+ 2500	+ 600	= 9100	kr.
Snæfellsn.- Hnappad.- og Mýrasýsla	2500	+ 0000	+ 600	= 3100	—
Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla	2500	+ 2500	+ 600	= 5600	—
Dala- og Strandasýsla...	850	+ 1600	+ 600	= 3050	—
Eyjafjarðarsýsla og Akureyri ...	8700	+ 3500	+ 600	= 12800	—
Suður-Múla- og Austur-Skaftafellss.	4800	+ 0000	+ 600	= 5400	—
Árnes- Rangárv. og V.-Skaftaf.sýsla	2500	+ 4200	+ 1300	+ 600 = 8600	kr.
				Samtals:	kr. 47650 00

Ef gert er ráð fyrir sem láta mun nærri, að við skrifstofukostnaðinn, 47650 kr. í samsteypusýslunum þurfi að bæta við um 3500 kr. Þá verður beinn árlegur hagnaður fyrir ríkissjóð á samsteypunni, þegar öll embættin eru sameinuð, um 50000 kr., en auk þess minkar ennfremur í framtíðinni eftirlaunafúlgan við fækkun embættanna.

Athugasemdir við hinar sjerstöku greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Árið 1918 voru í Gullbringu- og Kjósarsýslu, með Hafnarfirði, 5999 menn, en í Borgarfjarðarsýslu 2508, þar af á Akranesi 897. Aðalverslunarstaðurinn í Borgarfjarðarsýslu er þannig Akranes. En hvort heldur litið er til almenningsþarfa eða sýslumanns, virðist hjer um engin vandkvæði að ræða. Almenningur á jafn hægt með að ná til Hafnarfjarðar frá Akranesi eins og til Borgarness. Sími er á báðum stöðum, og ferðir milli Akraness og Reykjavíkur munu miklu tíðari en á milli Akraness og Borgarness. Það er vitanlegt að þeir íbúar Borgarfjarðarsýslu, sem heimili eiga fyrir utan Akranes -- þeir voru 1918 1611 — eiga örðugra en áður að ná til sýslumanns. En þegar þess er gætt, að 10 ára tímabilið 1904—'13 eru að eins 16 einkamál tekin fyrir í allri Borgarfjarðarsýslu, og að eins 3 mál þingfest síðustu 3 árin á manntalsþingum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, er það auðsætt, að sýslumaður hefir ekki oft þurft að fara um þann hluta Borgarfjarðarsýslu, er umræddir 1611 menn byggja. Og ekki er um skipakomur að ræða, því þetta eru nálega alt sveitahreppar. Vegna þess hve samgöngur eru tíðar milli Akraness og Reykjavíkur, en þaðan daglegar ferðir til Hafnarfjarðar, þykir ekkert því til fyrirstöðu að sýslumaður sitji í Hafnarfirði.

Við 2. gr.

Mýra- og Hnappadalssýsla voru fyrr eitt lögsagnarumdæmi. Á alþingi 1849 var lagt fram konunglegt álitsmál um að sameina Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, en Alþingi var mótfallið þessari tillögu. Á Alþingi 1869 kom til umræðu skifting á sýslum í Vesturumdæminu, og var þar, á meðal annars, farið fram á, að Hnappadalssýsla yrði aðskilin frá Mýrasýslu og lögð undir Snæfellsnessýslu. Málalokin urðu þau, að 1871 var Hnappadalssýsla sameinuð Snæfellsnessýslu og Mýrasýsla Borgarfjarðarsýslu. Rjett þykir að geta þess, að Mýra- og Hnappadalssýsla var lögð niður, sumpart vegna þess, að hörgull var á hæfum mönnum í sýslumannsembættin, og sumpart fyrir þá sök, að embættið var rýrt, og þó öllu fremur til þess að bæta upp sýslumannsembættið í Borgarfjarðarsýslu að tekjum, með því að leggja Mýrasýslu undir það.

Í Mýrasýslu voru 1918 1864 menn. Eins og kunnugt er, skilur Hítará Hnappadals- og Mýrasýslu, en frá ánni eru 30 km. til Borgarness, og er bifreiðarvegur alla leið.

Greinin þykir ekki gefa ástæðu til frekari athugasemda.

Við 3. gr.

Á Alþingi 1877 var borið fram frumvarp til laga um sameiningu Dala- og Strandasýslu. Flutningsmaður var þingmaður Dalamanna. Gat hann þess á meðal annars, að »það er ljóslega talaði fyrir þeirri sýslusameining, er hjer væri um að ræða, væri það, að bæði væri landslagi þeirra þannig háttað, að eigi mundi ofvaxið fyrir einn mann að gegna þeim báðum, enda hefði reynslan sýnt að svo væri«. — Frumvarpið var felt í efri deild.

Á Alþingi 1914 kom fram þingsályktunartillaga um fækkun sýslumannaembætta, og hafði flutningsmaðnr tillögunnar einkum í huga Dalasýslu og

Strandasýslu. Á Alþingi 1919 lagði stjórnin fram frumvarp til laga um sameining tjeðra sýslna. Frumvarpið var felt í neðri deild með rökstuddri dagskrá.

Loks flutti þingmaður Strandamanna á Alþingi 1922 frumvarp til laga um sameining sýslnanna, og lauk málinu svo, að því var vísað til stjórnarinnar.

Fólkstalan í Dalasýslu var 1918 2008 manns, en í Strandasýslu 1847. Málatalan 1904—'13 í báðum sýslunum: sakamál 3, einkamál 14, almenn lögreglumál 9, einka lögreglumál 1.

Ríkissjóðstekjur í Dalasýslu 1920 námu kr. 13087.28, en í Strandasýslu kr. 76632.00.

Við 4. gr.

Í hinu sameinaða embætti hefði mannfjöldinn orðið 8584, miðað við árið 1918, og málatalan þetta ár: Sakamál ekkert, einkamál 9, almenn lögreglumál 4, einka lögreglumál ekkert. En fyrir 10 ára tímabilið 1904—'13, hefði málatalan fallið þannig á embættið: Sakamál 17, einkamál 98, almenn lögreglumál 83, einka lögreglumál 13.

Í umdæminu verða þessar hafnir: Hvammstangi, Lambhúsavík, Blönduós, Skagaströnd, Kálfshamarsvík, Sauðárkrókur, Kolkuós og Hofsós. Þegar á alt er litið, mun Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla þannig verða umfangsmesta embættið af hinum nýju sýslum, að undantekinni Eyjafjarðarsýslu. Þessu til sönnunar skal bent á, meðal annars, málatöluna í Árnes- Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, með 11906 ibúum, miðað við 1918. Þar er málatalan þessi: Sakamál 1, einkamál 4, almenn lögreglumál 1, einka lögreglumál 2; og 10 ára tímabilið 1904—'13 þannig: Sakamál 7, einkamál 43, almenn lögreglumál 84, einkalögreglumál 18. Hins vegar var málatalan í Suður-Múlasýslu árin 1904—'13 sem hjer segir: Sakamál 12, einkamál 153, almenn lögreglumál 101, einka lögreglumál 23. Með öðrum orðum, málin í Suður-Múlasýslu voru á umræddu tímabili alls 289, en í báðum sýslunum Húnavatns- og Skagafjarðar 211. Má af þessu sjá að vel getur einn maður gegnt dómarastörfum í hinu nýja umdæmi.

Innheimta ríkissjóðsteknanna og reikningsskilin fyrir þeim, er í hinum stærri sýslum, og líklega fleirum, það starf sýslumannanna er tekur mestan tíma. Það má svo heita, að tveir fyrstu mánuðir ársins gangi að mestu til þessarar vinnu. Er þetta atriði því hjer tekið til athugunar.

Samkvæmt landsreikningunum 1920 námu ríkissjóðstekjurnar í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu kr. 152800.83, en í Suður-Múlasýslu einni kr. 176555.65. Þessi samanburður á málatölu og ríkissjóðstekjum sýnir, að störfin i þessu umdæmi verða ekki eins mikil og nú i stærri sýslunum, því málatala og upphæð ríkissjóðsteknanna er ábyggilegur mælikvarði fyrir vinnu þeirri og starfsemi, sem þarf til þess að rækja embættin sómasamlega, miklu ábyggilegri en fólkstalan. Suður-Múlasýsla hefir sjerstaklega verið tekin hjer til samanburðar fyrir þá sök, að þegar ákveða á skrifstofukostnaðinn fyrir þetta og önnur hinna nýju embætta, er heppilegt að hafa eitt af gömlu embættunum til samanburðar. Víst er um það, að þetta nýja umdæmi er víðáttumeira en Suður-Múlasýsla, en þá er hins að gæta, að þessi sýsla er einhver hin ógreiðasta yfirferðar á öllu landinu. Í þessari sýslu — Suður-Múlasýslu — voru íbúar árið 1918 5146, en eins og áður er tekið fram í Húnavatns- og Skagafjarðar sýslum 8584. Þetta sýnir, eins og líka oft hefir verið bent á á Alþingi, þá er um sameining sýslna hefir verið

að ræða, að störf og vinna sýslumanna fara ekki eingöngu eftir fólksfjölda. Þannig voru umrætt ár, 1918, 3339 íbúar fleiri í Húnavatns- og Skagafjarðar sýslum en í Suður-Múlasýslu, og þó voru einkamálin 10 ára timabilið 1904—'13 í síðast nefndri sýslu 153, en ekki nema 98 í báðum sýslunum, Húnavatns- og Skagafjarðar. Manntalið hefir breytst svo lítið í ofannefndum sýslum frá 1904—1918, að engu skiftir í þessu efni. Á sama hátt tilfalla ríkissjóði meiri tekjur úr Suður-Múlasýslu en úr báðum oft nefndum sýslum. Ástæðan til þessa er auðráðin gáta. Í Húnavatns- og Skagafjarðar sýslum búa að eins um 12 hundruð manns í verslunarstöðunum, og það af 8584 íbúum, en í Suður-Múlasýslu liðug 2000 af 5146. Þetta er þó ekki nægileg skýring á ofangreindum hlutföllum á málatölu og ríkissjóðstekjum, en hún verður fullkomin þegar þess er gætt, að í Suður-Múlasýslu eru íslausar og ágætar hafnir, og að þangað koma fjöldi skipa, bæði verslunarskip og útlend fiskiskip.

Við 5. gr.

Með lögum um bæjarstjórn á Siglufirði, 22. nóv. 1918, var Siglufjarðarverslunarstaður tekinn í tölu kaupstaðanna, og lögreglustjóri skipaður með 2000 kr. árslaunum, en þessum lögum var aftur breytt á Alþingi árið eftir, og var þá svo ákveðið, að lögreglustjórinn í Siglufjarðarkaupstað skyldi vera bæjarfógeti í kaupstaðnum, og launaður úr ríkissjóði. Loks voru laun hans ákveðin í lögum um laun embættismanna frá s. á., og skyldi hann hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., er hækkuðu upp í 3500 kr.

Eins og flutningsmaður að frumvarpinu til laga um bæjarstjórn á Siglufirði tók fram á Alþingi 1918, var aðalástæðan til þess að lögreglustjóraembættið var stofnað á Siglufirði sú, hve margir útlendingar stunduðu þar síldveiði sumarmánuðina, og komst hann svo að orði: »en það er sú tilfinnanlega vöntun á lögreglu eða valdsmannsleysið á Siglufirði, sem er sterkasta ástæðan fyrir flutningi þessa máls«. En úr þessu má bæta, þótt bæjarfógetaembættið á Siglufirði verði sameinað Eyjafjarðarsýslu, því ekki þarf annað en að ákveða skrifstofukostnað sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akureyri með það fyrir augum, að honum verði gert að skyldu að hafa fulltrúa sinn á Siglufirði um síldveiðartímann, og væri það þá á valdi stjórnarráðsins að veita honum fult dómsvald. Því gera má ráð fyrir að skrifstofukostnaður bæjarfógetans á Akureyri yrði það aukinn, er Siglufjörður aftur yrði lagður undir embættið, að honum væri unt að halda lögfræðing sem fulltrúa, enda mun nú þegar þess full þörf, en skrifstofukostnaður emættisins mun nú of lítill til þess, að þessi embættismaður hafi ráð á því. Nú er skrifstofukostnaður bæjarfógetans á Siglufirði 3500 kr., og mundi bæjarfógetinn á Akureyri að öllum líkindum fullsæmdur af því, ef hann fengi þessa upphæð fyrir að hafa fulltrúa sinn á Siglufirði þriggja mánaða tíma að sumrinu. Má geta þess, að áður voru að eins veittar 1000 kr. úr landssjóði til lögreglugæslu á Siglufirði um síldartímann. Að öðru leyti hefði samsteypan engin önnur áhrif á bæjarrjettindi Siglufjarðar en þau, að bærinn yrði sjálfur að kosta bæjarstjóra.

Við 6. gr.

Í Austur-Skaftafellssýslu voru 1918 1141 menn. Sýslan er að sönnu löng

og strönd koma þar fyrir, en yfirleitt er þar lítið að gera fyrir sýslumann Greinin þykir ekki þurfa frekari skýringar.

Við 7. gr.

Á Alþingi 1887 bar fyrsti þingmaður Suður-Múlasýslu fram frumvarp til laga um sameining Árness og Rangárvalla sýslna. En sameiningin átti ekki að koma til framkvæmda fyr en Ölfusá og Þjórsá væru brúaðar. Sameining embættanna var þannig tvinnuð saman við brúarmálin. Umræður urðu ekki langar um málið, en allir voru sammála um, að það gæti ekki komið til mála að steypa saman embættunum á meðan við slíkar torfærur væri að berjast sem Ölfusá og Þjórsá óbrúaðar. — Frumvarpið var borið fram í efri deild, en var þar felt frá nefnd og 2. umræðu með 6 atkv. gegn 4.

Á Alþingi 1922 kom fram frumvarp til laga um sameining ofangreindra embætta, en því var með rökstuddri dagskrá vísað til stjórnarinnar. Í þessu nýja embætti verða 11906 íbúar, samkvæmt manntalsskýrslum 1918. Á Alþingi virðast sumir þingmanna einmitt hafa talið mannfjöldann á Suðurlandsundirlendinu því til hindrunar að sýslurnar yrðu sameinaðar, en eins og sýnt hefir verið fram á áður, kemur fleira til greina en fólkstala, þegar um sýslumannsstörfin er að ræða. Eins og málatöflurnar, sem fylgja frumvarpi þessu, sýna, var málatalan 1904—'13 í Suður-Múlasýslu alls 289, en í öllum þessum sameinuðu sýslum að eins 152. Tiltölulega eru almennu lögreglumálin flest í Árnessýslu, en það mun stafa af því að allmargir eru á ári hverju sektaðir fyrir ólöglega umferð yfir Ölfusárbrú. En þau mál eru afar einföld og taka því lítinn tíma upp fyrir sýslumanninn.

Ríkissjóðstekjurnar voru um 70000 kr. hærri í Suður-Múlasýslu en í þessu nýja lögsagnarumdæmi, samkvæmt landsreikningunum 1920. Þegar nú þess er gætt, að Suðurlandsundirlendið er greiðfærasti hluti landsins, til dæmis má að sumri til fara í bifreið um meiri hluta Árnessýslu, er fjarstæða ein að telja þessa samsteypu ógerlega. Á málatöflunum má sjá, að í Vestur-Skaftafellssýslu hefir ekki að jafnaði verið dæmt eitt einkamál á ári 1904—'13. En nú munu menn þá telja það aðal-agnúann á að bæta þessari sýslu við Árnes- og Rangárvallasýslu, að erfitt yrði að sækja sýslumann á strandstaðina. En bæði er það, að eftir því sem vitum fjölgar á landinu, dregur úr ströndunum, og eins er hitt, að úr þessu má bæta með því móti, að auka skrifstofukostnað sýslumanns, svo að hann geti haldið fulltrúa. Fyrir þá sök, að jafnstór kauptún sem Eyrarbakki og Stokkseyri liggja í Árnessýslu, þykir rjett að sýslumaður sitji í Árnessýslu.

Við 8. gr.

Í flestum embættunum eru menn á besta aldri. Er því ekki fært að láta samsteypuna strax koma til framkvæmda. En ætlast er til þess, að embættin verði strax sameinuð jafnóðum og þau losna, og ef svo skyldi vilja til, sem ekki er líklegt, að hlutaðeigandi sýslumaður vildi ekki bæta við sig embætti því, er losnar, þá verður einungis að setja í það.

Skýrsla um dómsmál árin 1914–1918.

	Sakamál					Sáttamál vísað til dóms					Lögreglumál almenn					Einka lögreglumál				
	1914	1915	1916	1917	1918	1914	1915	1916	1917	1918	1914	1915	1916	1917	1918	1914	1915	1916	1917	1918
Reykjavík	5	8	3	»	15	83	106	100	101	65	63	192	83	95	84	6	5	6	5	4
Gullbringu- og Kjósarsýsla	»	1	1	»	»	4	9	2	5	2	6	7	6	6	7	2	1	1	2	»
Hafnarfjörður	»	»	»	»	»	»	»	4	3	1			»					»		»
Mýra- og Borgarfjarðars.	»	»	»	»	»	6	5	10	3	4	»	2	5	1	1	1	1	1	2	1
Snæfellsnessýsla	7	4	1	»	1	8	1	5	6	»	3	1	2	1	5	»	2	1	»	»
Dalasýsla	»	»	»	»	»	6	1	2	1	1	4	»	»	2	1	»	»	5	2	»
Barðastrandarsýsla	»	»	»	»	»	1	3	2	»	2	2	»	1	»	4	»	»	1	»	»
Ísafjarðarsýsla	2	»	»	1	»	12	5	6	2	6	4	4	3	»	»	»	»	»	»	»
Ísafjörður	2	1	3	1	1	9	6	8	10	6	3	7	18	35	15	»	»	»	»	»
Strandasýsla	»	1	»	»	2	»	»	»	»	»	1	»	»	»	»	»	»	»	»	1
Húnavatnssýsla	»	»	4	1	»	2	6	1	5	5	»	1	2	»	1	»	»	1	1	»
Skagafjarðarsýsla	»	2	»	»	»	15	8	»	4	4	2	»	»	»	3	1	1	1	»	»
Eyjafjarðarsýsla	2	»	»	»	2	6	13	9	7	14	34	34	15	12	2	7	2	»	»	2
Akureyri		»	»	»		9	9	15	4	7								»	»	
Þingeyjarsýsla	»	»	»	»	»	2	1	3	3	7	»	»	»	»	»	»	»	1	»	»
Norður-Múlasýsla	»	»	»	1	»	3	»	»	4	»	5	»	4	2	»	»	»	2	»	»
Seyðisfjörður	»	»	1		»	5	3	3	1	8		»			»		»		»	»
Suður-Múlasýsla	»	»	»	1	»	10	10	13	10	18	7	3	2	1	»	»	»	»	3	2
Skaftafellssýsla	»	»	»	»	»	»	4	1	1	1	2	1	»	»	»	»	1	»	1	»
Vestmannaeyjar	»	»	»	1	»	7	10	3	2	»	22	29	41	13	13	3	4	2	3	6
Rangárvallasýsla	»	»	»	»	»	3	»	1	1	2	1	»	2	1	1	5	»	»	2	2
Árnessýsla	»	3	»	»	1	2	10	4	7	1	»	3	1	»	»	»	2	»	1	»
Samtals ...	18	20	13	6	22	193	210	192	180	154	159	284	185	169	137	25	19	22	22	18

Skýrsla

um dómsmál fyrir 10 ára tímabilið 1904—'13 og fólkstala 1918.

A. Gömlu umdæmin:	Saka-mál	Einka-mál	Almenn lögr.mál	Einka-lögr.mál	Fólkst. 1918
1. Gullbr.- og Kjósarsýsla m. Hafnarf.	18	88	160	4	5999
2. Borgarfjarðarsýsla	6	16	1	5	2508
3. Mýrasýsla	5	11	»	2	1864
4. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	24	64	53	5	3985
5. Dalasýsla	3	11	2	»	2008
6. Strandasýsla	»	3	7	1	1847
7. Húnavatnssýsla	5	41	45	5	4226
8. Skagafjarðarsýsla	12	57	38	8	4358
9. Suður-Múlasýsla	12	153	101	23	5146
10. Austur-Skaftafellssýsla	»	5	18	4	1141
11. Vestur-Skaftafellssýsla	»	7	29	7	1944
12. Rangárvallasýsla	5	9	15	8	3978
13. Árnessýsla	2	27	40	3	5984
Samtals	92	492	509	75	»
B. Nýju umdæmin:					»
					»
1. Gullbr.- Kj.- og Borgarfj.s. m. Hafnarf.	24	104	161	9	8507
2. Snæfellsnes-, Hnappadals- og Mýras.	29	75	53	7	5849
3. Dala- og Strandasýsla	3	14	9	1	3855
4. Húnavatns- og Skagafjarðarsýsla	17	98	83	13	8584
5. S.-Múla og A.-Skaftafellssýsla.	12	158	119	27	6287
6. Árnes- Rangárv.- og V.-Skaftaf.sýsla	7	43	84	18	11906
Samtals	92	492	509	75	44988

Aths. Eyjafjarðarsýsla hefur ekki verið tekin i þetta yfirlit. Því Siglufjörður var ekki tekinn í tölu kaupstaðanna fyr en árið 1918.

Skrá

yfir laun sýslumanna og bæjarfógeta m. m. 1921.

Tala	Nöfn	Emb.-aldur	Laun eftir launal.	Uppbót	Laun samtals	Aths.
1.	Jóhannes Jóhannesson	1/7 '97	6000,00	3500,00	9500,00	
2.	Jón Hermannsson	1/4 '18	5000,00	4500,00	9500,00	Hækkar 1/4
3.	Guðmundur Björnsson.....	1/6 '05	5200,00	4300,00	9500,00	
4.	Páll V. Bjarnason	1/5 '05	5200,00	4300,00	9500,00	
5.	Bjarni Þ. Johnsen	1/9 '15	4500,00	5000,00	9500,00	
6.	Einar M. Jónasson	1/9 '18	4200,00	5300,00	9500,00	Hækkar 1/9
7.	Magnús Torfason	1/10'95	5600,00	3900,00	9500,00	
8.	Halldór Kr. Júlíusson	1/4 '09	5200,00	4300,00	9500,00	
9.	Bogi Brynjólfsson	1/10'18	4200,00	5300,00	9500,00	Hækkar 1/10
10.	Kristján Linnet.....	1/10'18	4200,00	5300,00	9500,00	Hækkar 1/10
11.	Steingrímur Jónsson	1/6 '98	5600,00	3900,00	9500,00	
12.	Guðm. Hannesson	1/6 '19	2500,00	3433,25	5933,25	
13.	Júlíus Havsteen	1/10'20	4200,00	5300,00	9500,00	
14.	Ari Arnalds	1/2 '14	5200,00	4300,00	9500,00	
15.	Sigurjón Markússon	1/3 '15	4500,00	5000,00	9500,00	
16.	Gísli Sveinsson	1/6 '18	4200,00	5300,00	9500,00	
17.	Björgvin Vigfússon	1/1 '05	5200,00	4300,00	9500,00	
18.	Guðm. Eggerz	1/11'08	4200,00	5300,00	9500,00	
19.	Karl Einarsson	1/8 '09	5200,00	4300,00	9500,00	
20.	Magnús Jónsson.....	1/9 '96	5200,00	4300,00	9500,00	

Skýrsla

um skrifstofukostnað sýslumanna og bæjarfógeta.

		1922.
1. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjörður	kr.	6000 00
2. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	—	2500 00
3. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	—	2500 00
4. Dalasýsla	—	850 00
5. Barðastrandarsýsla	—	2000 00
6. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður	—	11000 00
7. Strandasýsla	—	1600 00
8. Húnavatnssýsla	—	2500 00
9. Skagafjarðarsýsla	—	2500 00
10. Siglufjarðarkaupstaður	—	3500 00
11. Eyjafjarðarsýsla og Akureyri	—	8700 00
12. Þingeyjarsýsla	—	3000 00
13. N.-Múlasýsla og Seyðisfjörður	—	5800 00
14. S.-Múlasýsla	—	4800 00
15. Skaftafellssýsla	—	2500 00
16. Rangárvallasýsla	—	1300 00
17. Vestmannaeyjar	—	3500 00
18. Árnessýsla	—	4200 00
19. Bæjarfógetinn í Reykjavík	—	31000 00
	kr.	99750 00

5. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

Lög nr. 70, 27. júní 1921 skulu vera í gildi til ársloka 1924.

Athugasemd við frumvarp þetta.

Þar sem fjárhagstímabili með áætluðum tveggja milj. kr. tekjuhalla er nú lokið, er það segin saga, að ríkissjóður má ekki við því, án uppbótar, að missa tekjulið er nemur ca. 350—400,000 kr., en þá upphæð mun mega áætla af útflutningsgjaldinu, að frátöldu útflutningsgjaldi af síld, sem var lækkað mikið 1922.

Ennfremur er það athugandi, að þegar til þess kemur að sleppa útflutningsgjaldinu, er rjettara að sieppa því þegar í stað, en ekki láta það standa til löngu fyrirfram ákveðins dags, því með því er, þó smátt sje, heldur stuðlað að því, að draga útflutning afurða fram yfir þann dag, og er síst ástæða til þess.

6. Frumvarp

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

I.

Um tekjuskatt.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hjer á landi er skyldur, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum, enda þótt hann dvelji erlendis um stundarsakir.

Nú er maður eigi heimilisfastur hjer á landi, en nýtur tekna (sbr. 7. gr.) hjer eða hjeðan af landi, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum samkv. skattastiganum í 5. gr., þó aldrei lægri en 5% af hinum skattskyldu tekjum, og er hjerlendur umboðsmaður hans og ella sá er lætur tekjurnar af hendi, skyldur að halda tekjuskattinum eftir við greiðslu fjárins.

2. gr.

Tekjuskatt greiða ennfremur:

a. Hlutafjelög, samlagshlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sje einungis varið til almennra þarfa.
b. Gagnkvæm ábyrgðarfjelög, kaupfjelög, smjörbú, sláturfjelög og önnur samvinnufjelög.
c. Önnur fjelög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sjerstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 3. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 3 fjelagar í verslunarfjelagi eða öðru atvinnufjelagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á fjelagið sjálft, heldur hvern einstakan fjelaga, ef ósk kemur fram um það frá fjelaginu um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks fjelaga.

Slík fjelög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hjer á landi, en eiga hjer eignir og hafa tekjur af þeim, eða af starfsemi, sem hjer eða hjeðan er rekin, skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

3. gr.

Undanþegin öllum tekjuskatti eru konungur og borðfje hans og ættmanna hans, ríkissjóður og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón landsstjórnarinnar, sveitarfjelög og bæjarfjelög, kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og ennfremur sjóðir, fjelög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða skattfrelsi er veitt með sjerstökum lögum.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu sjóðs, fjelags eða stofnunar, leggur stjórnarráðið úrskurð á málið, en heimilt er þó hlutaðeigendum að leggja málið undir úrskurð dómstólanna.

4. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar og sendir ræðismenn annara ríkja svo og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eiga hjer fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hjer á landi. Sama er og um aðra útlenda menn, er dvelja hjer samtals skemur en helming skattársins.

5 gr.

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr., reiknast þannig: Et hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 2000 kr. greiðist af honum $^1/_2$%.

Frá	2000	til	3000	kr.	greiðist	10	kr.	af	2000	kr.	og	1%	af	afgangi.
—	3000	—	4000	—	—	20	—	—	3000	—	—	2—	—	—
—	4000	—	5000	—	—	40	—	—	4000	—	—	3—	—	—
—	5000	—	6000	—	—	70	—	—	5000	—	—	4—	—	—
—	6000	—	7000	—	—	110	—	—	6000	—	—	5—	—	—
—	7000	—	8000	—	—	160	—	—	7000	—	—	6—	—	—
—	8000	—	9000	—	—	220	—	—	8000	—	—	7—	—	—
—	9000	—	10000	—	—	290	—	—	9000	—	—	8—	—	—
—	10000	—	11000	—	—	370	—	—	10000	—	—	9—	—	—
—	11000	—	12000	—	—	4[illegible]0	—	—	11000	—	—	10—	—	—
—	12000	—	13000	—	—	560	—	—	12000	—	—	11—	—	—
—	13000	—	14000	—	—	670	—	—	13000	—	—	12—	—	—
—	14000	—	15000	—	—	790	—	—	14000	—	—	13—	—	—
—	15000	—	16000	—	—	920	—	—	15000	—	—	14—	—	—
—	16000	—	17000	—	—	1060	—	—	16000	—	—	15—	—	—
—	17000	—	18000	—	—	1210	—	—	17000	—	—	16—	—	—
—	18000	—	19000	—	—	1370	—	—	18000	—	—	17—	—	—
—	19000	—	20000	—	—	1540	—	—	19000	—	—	18—	—	—
—	20000	—	25000	—	—	1720	—	—	20000	—	—	19—	—	—

Frá	25000	til	30000	kr.	greiðist	2670	kr.	af	25000	kr.	og 20%	af afgangi.
—	30000	—	35000	—	—	3670	—	—	30000	—	— 21—	— —
—	35000	—	40000	—	—	4720	—	—	35000	—	— 22—	— —
—	40000	—	50000	—	—	5820	—	—	40000	—	— 23—	— —
—	50000	—	60000	—	—	8120	—	—	50000	—	— 24—	— —
—	60000	—	70000	—	—	10520	—	—	60000	—	— 25—	— —
—	70000	—	80000	—	—	13020	—	—	70000	—	— 26—	— —
—	80000	—	90000	—	—	15620	—	—	80000	—	— 27—	— —
—	90000	—	100000	—	—	18320	—	—	90000	—	— 28—	— —
—	100000	—	150000	—	—	21120	—	—	100000	—	— 29—	— —
—	150000	og	þar yfir		greiðast	35620	kr.	af	150000	kr.	og 30%	af afgangi.

6. gr.

Skattgjald innlendra fjelaga og stofnana, er um ræðir í 2. gr., reiknast þannig:

Þegar skattskyldar tekjur í hlutfalli við innborgað hlutafje, stofnfje eða tryggingarfje nema undir 2%, greiðist 5% af þeim.

2— 5%,	greiðist	5%	af fyrstu	2% og 10%	af afg.
5—10%,	—	8%	— —	5% — 15%	— —
10—20%,	—	11½%	— —	10% — 20%	— —
20—50%,	—	15¾%	— —	20% — 25%	— —
50% og þar yfir	—	21³/₁₀%	— —	50% — 30%	— —

Skattgjald innlendra fjelaga og stofnana án innborgaðs hlutafjár eða stofnfjár, svo og skattgjald útlendra fjelaga, reiknast eftir reglunum í 5. gr., þó aldrei lægra en 5% af hinum skattskyldu tekjum.

Af skattskyldum tekjum þeirra fjelaga, sem um ræðir í 2. gr. b, greiðist jafnan 6%.

7. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verslun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sjerhverjum öðrum atvinnuvegi; ennfremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmenta eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í tje í kaupgjaldsskyni.

b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 10. gr. b.). Ennfremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og allskonar styrktarfje.

c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigandi notar sjálfur. Ennfremur leigur eftir innstæðukúgildi á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafje, sem á leigu er selt.

d. Vextir eða arður af skuldabrjefum, hlutabrjefum og öðrum innlendum eða útlendum verðbrjefum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt brjef sje eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sjerhverri annari arðberandi innstæðu.
e. Ágóði við sölu á fasteign eða lausafje, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina eða öðlast hana á annan hátt í því skyni að selja hana aftur með ágóða, eða hún hefir verið í eigu hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem orðið kynni að hafa á samskonar sölu á árinu.
f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku.

8. gr.

Til skattskyldra tekna fjelaga þeirra og stofnana, sem um ræðir í 2. gr., telst eigi aðeins það, sem greitt er hluthöfum eða fjelögum sem vextir eða arður af innborguðu fje, heldur einnig afborganir af skuldum á árinu, óvenjulegar fyrningar og yfirfærslur á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði, þar með þó ekki taldar þær fjárhæðir, sem ábyrgðarfjelög leggja frá til tryggingar skuldbindingum við þá, sem tryggðir eru hjá þeim.

Kaupfjelög, pöntunarfjelög og önnur slík fjelög, sem aðeins selja vörur til fjelagsmanna sinna, mega og draga frá það, sem úthlutað er fjelagsmönnum í árslok, í hlutfalli við vörukaup þeirra hjá fjelaginu, og telst það eigi skattskyldar tekjur hjá fjelaginu. Á sama hátt mega fjelög, sem aðeins vinna úr og selja afurðir fjelagsmanna sinna, draga frá það, sem þau úthluta fjelagsmönnum sínum, í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum, en það telst til skatts hjá hinum einstöku fjelagsmönnum sem afrakstur af atvinnu þeirra.

Ef kaupfjelag selur einnig öðrum vörur heldur en fjelagsmönnum sínum, er allur arðurinn af slíkri sölu talinn skattskyldar tekjur hjá fjelaginu. Ef fjelagið getur ekki gert skýra grein fyrir viðskiftunum við utanfjelagsmenn, skal telja allan hagnaðinn af starfsemi fjelagsins skattskyldar tekjur.

Nánari ákvæði má setja með reglugerð.

9. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignaauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði — hins vegar kemur heldur ekki til frádráttartekjur, þótt slíkir fjármunir lækki í verði —, ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbrjefum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignarverslun, eða hún falli undir ákvæðin í 7. gr. e; þegar svo stendur á, telst verslunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, og eins má draga frá honum þann skaða, sem orðið kynni að hafa á samskonar sölu á árinu.
b. Eignaauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta og þess háttar.
e. Tekjur, sem stafa af eyðslu höfuðstóls eða lántöku.
d. Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, sem skattgreiðandi fær, er

hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

10. gr.

Þegar finna skal skattskyldar tekjur, ber að draga frá:

a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vextir af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald til frádráttar skulu sett í reglugerð, sem stjórnarráðið semur.

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sjer og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, nje neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sjer í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja með rekstrarkostnaði vexti af fje, sem hann hefir sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn, nje fjelag eða stofnun, vexti af hlutafje, stofnfje eða tryggingarfje.

b. Frá embættistekjum ber að draga þann kostnað, skrifstofukostnað o. s. frv., sem embættisreksturinn hefir haft í för með sjer, svo og lögmætar kvaðir, er á embættinu hvíla.

c. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sjer eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Ennfremur má draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru lögum skyldir til að tryggja sjer eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald nje af hærri tryggingarupphæð en embættismanni með sömu tekjum ber að kaupa. Að öðru leyti skulu iðgjöld af lífsábyrgðum eigi dregin frá skattskyldum tekjum.

d. Vextir af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem umræðir í stafl. a.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, fjelaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hjer á landi (sbr. 1. gr. og 3. málsgr. 2. gr.), má aðeins draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sjer og skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sje, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sjer fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

11. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt sjereign sje eða sjeratvinna, enda ábyrgist bóndi skattgreiðslu. Rjett er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að rjettum tölum kemur á sjereign hennar eða sjeratvinnu.

Tekjur barna, sem eru í foreldrahúsum skulu taldar sjerstaklega til skattgjalds.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sje endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

12. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hjer á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt 10. gr., skal draga framfærslueyri fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt fast meðlag með), 500 kr. fyrir hvert, ef þau eru eigi fullra 14 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og eru eigi sjerstaklega sett í skatt.

Að loknum frádrætti samkvæmt þessari grein skal sleppa því, sem afgangs verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuhæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og við hana miðast skattgjaldið samkvæmt 5. og 6. gr.

Ef tekjur hjer heimilisfastra einstaklinga, eftir lögákveðinn frádrátt, nema ekki fullum 1000 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

13. gr.

Skattinn ber að miða við tekjurnar næsta almanaksár á undan niðurjöfnuninni, nema annað sje venjulegt rekstrarár í atvinnugrein hlutaðeiganda eða hann sýni, þegar hann telur fram tekjur sínar, að hann noti annað reikningsár en almanaksárið. Þegar svo er ástatt, getur skattanefndin látið það rekstrar- eða reikningsár, sem um er að ræða, koma í staðinn fyrir almanaksárið.

14. gr.

Á fjárlögum má ákveða, að tekjuskattur sá, er hverjum einstökum gjaldþegni ber eftir framanskráðum reglum, skuli fyrir eitt ár í senn hækkaður eða lækkaður um ákveðna hundraðstölu.

II.

Um eignarskatt.

15. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt í ríkissjóð svo sem hjer segir:

Af fyrstu 5000 kr. greiðist enginn skattur.

Af	5000	—	15000 kr.	greiðist	1‰	(af þús.)	af því, sem er umfram	5000 kr,			
—	15000	—	20000	— —	10	kr. af	15000 kr.	og	1,2‰	af afganginum.	
—	20000	—	30000	— —	16	— -	20000	— —	1,5—	-	——
—	30000	—	50000	— —	31	— -	30000	— —	2	— -	——
—	50000	—	100000	— —	71	— -	50000	— —	3	— -	———
—	100000	—	200000	— —	221	— -	100000	— —	4	— -	——

Af 200000— 500000 kr. greiðist 621 kr. af 200000 kr. og 5‰ af afganginum.
— 500000—1000000 — — 2121 — - 500000 — — 6 — - ——
— 1000000— og þar yfir — 5121 — - 1000000 — — 7 — - ——

Nemi skatturinn samkvæmt þessu ekki 1 kr., skal honum slept.

16. gr.

Eignarskatt greiða allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign eða eignarjettindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafjelög og önnur fjelög hafa leyfi til að draga hlutafje sitt eða stofnfje frá eignauppnæðinni áður en skattur er á lagður. Menn, sem eigi eru heimilisfastir hjer á landi, og útlend fjelög greiða að eins eignarskatt af eignum sínum hjer á landi, og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 15. gr., þó aldrei lægri en 2‰ af hinum skattskyldu eignum.

17. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 3. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

18. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 15. og 16. gr., allar fasteignir og alt lausafje skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vjelar, vörubirgðir, peningar og verðbrjef, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarrjettindi, ennfremur húsgögn og aðrir innanstokksmunir, skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgr. 16. gr., má þó að eins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sjer nokkrar tekjur eða engar.

19. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

a. Skilyrðisbundin fjárrjettindi, svo sem rjettur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er enn fallið til útborgnnar.
b. Rjettur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn, svo og leigulaus bústaður og önnur afnotarjettindi.

20. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati.
b. Verðlag á skipum og öðru lausafje skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátrygðar.
c. Hlutabrjef, skuldabrjef og önnur slík verðbrjef skal meta eftir nafnverði, nema þau hafi annað gangverð eða áætlað söluverð.

d. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki. Óvissar skuldir má færa niður eftir áætlun og ófáanlegar skuldir skulu ekki taldar með.
c. Rjettindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.

Nánari reglur um virðingu getur stjórnarráðið sett.

21. gr.

Heimilisfaðir greiðir skatt af eignum konu og barna, þegar tekjur þeirra teljast með tekjum hans til tekjuskatts.

22. gr.

Eignaskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksárs. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan niðurjöfnuninni.

Upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávalt deilanleg með 100. Því, sem fram yfir er, skal slept.

III.

Um skattanefndir o. fl.

23. gr.

Um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík skal skipa fyrir með konunglegri tilskipun, eftir að um það hefir verið samið við bæjarstjórn Reykjavíkur. Með þeirri tilskipun má breyta skipun niðurjöfnunarnefndar bæjarins, bæði tölu nefndarmanna og kosningu, og veita landsstjórninni heimild til að skipa mann eða menn til að framkvæma starf niðurjöfnunarnefndar og skattanefndar.

24. gr.

Utan Reykjavíkur er tekjuskattur og eignarskattur til ríkisins ákveðinn af skattanefndum, sem skipaðar eru til þess, ein í hverjum hreppi og kaupstað. Í skattanefnd sitja 3 menn, í kaupstöðum bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn maður kosinn af bæjarstjórn, en í hreppum hreppstjóri og ásamt honum einn maður tilnefndur af sýslumanni og annar kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum, þar sem ekki er sérstakur bæjarstjóri, annar en bæjarfógeti, tilnefnir bæjarfógeti tvo menn í skattanefnd. Auk þess skal kjósa tvo varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn bæjarstjórn eða hreppsnefnd,

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, sem bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kýs skattanefndin sjálf formann um stundarsakir.

25. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og 2 menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður.

26. gr.

Sami maður má eigi sitja í skattanefnd og yfirskattanefnd. Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar nefndarmanna fer frá 3. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum, áður en starfstími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja. Formenn skattanefnda í kaupstöðum, sem koma í stað bæjarstjóra, skulu ætíð skipaðir til 6 ára.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem setið hefir 6 ár í nefnd, skyldur að taka við skipun af nýju uns 6 ár eru liðin frá því, að hann gekk úr nefndinni. Sextugur maður að aldri er ekki heldur skyldur að taka við starfinu, en annars getur enginn skorast undan því, sem náð hefir lögaldri og er eigi öðrum háður sem hjú.

27. gr.

Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn, sem eigi hafa áður unnið eið embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, sem þeir eru á, undirrita í gerðabók nefndarinnar æru- og drengskaparheit um, að þeir skuli gegna starfi sínu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu sinnar um þau atriði, er lúta að eignum og tekjum gjaldþegna og þeir fá vitneskju um vegna starfs síns.

28. gr.

Þá er skattanefnd kveður á um skattskyldar tekjur og eign einhvers af nefndarmönnum, barna hans, foreldra eða systkyna, má hann ekki taka þátt í gerðum nefndarinnar.

Ef sá er kærir ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, er sjálfur í þeirri skattanefnd eða í yfirskattanefndinni, tekur varamaður sæti í nefndinni, þá er úrskurður er feldur um kæru hans.

29. gr.

Skattanefndarmenn fá þóknun fyrir starf sitt eins og hjer segir:

1. Um borgun til skattanefndar í Reykjavík fer eftir samningum þeim, er í 23. gr. getur. Hið sama er um yfirskattanefnd þar, ef hún verður skipuð.
2. Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppar út af fyrir sig, skal greiða skattanefnd alt að 2% af tekjuskattinum og eignarskattinum, eins og hann verður í kaupstaðnum eða kauptúninu samkvæmt úrskurði yfir-

skattanefndar, þó þannig, að borgunin fari eigi fram úr 8 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.

3. Annarsstaðar á landinu skal greiða skattnefnd alt að 4% af skattinum í hreppnum, eins og hann verður eftir úrskurði yfirskattanefndar, enda sje dagkaup ekki hærra en 8 kr. fyrir hvern nefndarmann.
4. Yfirskattanefndarmenn fá í þóknun 8 kr. á dag. Borgun til formanns telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
5. Þóknunin til skattanefnda og yfirskattanefnda greiðist úr ríkissjóði. Formaður yfirskattanefndar úrskurðar reikninga skattanefnda, og greiðist þeir á manntalsþingum. Stjórnarráðið úrskurðar reikninga yfirskattanefnda.

IV.

Um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl.

30. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir, þegar skattanefndir taka til starfa. Hlutafjelög og önnur atvinnufjelög skulu, ef þau eru innlend, sett í skatt þar, sem þau hafa heimili, en sjeu fjelögin útlend, skulu þau sett í skatt þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hjer á landi eru búsettir, enda bera tjeðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins. Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hjer á landi, greiða skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur eða eignir.

Stjórnarráðið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

31. gr.

Allir þeir, sem hafa skattskyldar tekjur, skulu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert — eða ef þeir reka atvinnu á fleirum stöðum en einum, í síðasta lagi 20. mars — afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, er veitir forstöðu verslun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn fjelags eða stofnunar og á þeim, sem hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráður.

Nú þykist framteljandi eigi sjálfur fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess. En hann er skyldur að láta skattanefnd í tje allar upplýsingar, er hún þarf til þess að gera tekjuframtal hans sem rjettast, svo sem sundurliðaða skýrslu um eignahag hans í ársbyrjun og árslok, um kostnað til fjölskyldu hans, um allar greiðslur gjalda og tekna, er heimili hans og atvinnuveg snerta, o. s. frv. Skattanefnd getur og æfinlega krafist, að 1 eða 2 nefndarmenn fái að kynna sjer bókhald gjaldanda, og getur nefndin einnig falið þá rannsókn 1 eða 2 reikningsfróðum mönnum utan nefndarinnar. Þó má ekki velja til slíkrar rannsóknar keppinaut gjaldanda, nema gjaldandi veiti samþykki sitt til þess.

32. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka, sparisjóða, hlutafjelaga og annara fjelaga og stofnana eru skyldir að láta skattanefndum ókeypis í tje altar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um starfslaun, um skuldabrjef, vaxtabrjef og hlutabrjef, sem eigandi er nafngreindur að, um vaxtafje í bönkum og sparisjóðum og annað því um líkt. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá, hvaða kaup þeir greiði hverjum manni.

33. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skáttanefnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð og eign hvers eins. Þyki nefndinni skýrsla einhvers tortryggileg, skal hún skora á hann að láta nefndinni í tje frekari skýringar og sannanir. Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir skattaframtalinu innan þess tíma, er hún heflr tiltekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir bestu vitund og tilkynna honum áætlunina brjeflega, Dvelji hann utanlands eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sje hætt við, að upphæðin sje sett lægri en hún á að vera í raun rjettri, enda skal hún að minsta kosti vera 10% hærri heldur en skattmat næsta árs á undan, og ef vanrækslan er ítrekuð, skal hækkunin vera minst tvöföld á við hækkunina árið á undan.

34. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, þá getur skattanefndin að vísu ekki veitt honum neina linun þess vegna, en hún má taka við umsókn til skattanefndar um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, og ennfremur getur hún af eigin hvötum gert tillögur um lækkun á skattgjaldi, þegar svo er ástatt.

35. gr.

Innan marsmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið við ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignaskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Listi yfir áætlaðar tekjur eða eignir þeirra er ekki hafa talið fram, skal framlagður 1. dag aprílmánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og í kaupstöðum á bæjarþingstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, og liggja þar til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sjerhver gjaldandi getur snúið sjer til skattanefndar og fengið hjá henni vitneskju um, eftir hverju hún heflr farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

36. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans

og eign, skal hann bera upp kæru sína hrjeflega fyrir formanni skattanefndar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar ásamt kæranda, og skal úrskurður feldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert viðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðrjettir skattskrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem feldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

37. gr.

Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert brjeflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sje kæra eigi komin til formanns yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sint.

Yfirskattanefnd sker úr öllum kærum yfir úrskurðum skattanefnda í umdæmi sínu og birtir bæði kæranda og skattanefnd úrskurðinn, og er því máli þar með lokið.

Einnig úrskurðar hún hvort og að hve miklu leyti taka skuli til greina umsóknir þær, sem henni hafa borist frá skattanefndum, um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, sem getið er í 34. gr.

38. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi því, sem hún er skipuð yfir, og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldu sinni, að ganga ríkt eftir rjettu tekju- og eignaframtali. Ef nefndinni virðist framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, að einhver sje vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan lagfæra skattskrárnar eftir því, sem henni þykir rjett vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal formaður tilkynna það skattanefnd þeirri, er hlut á að máli, til birtingar fyrir þeim gjaldendum, sem tekju eða eignamati hefir verið breytt hjá.

Störfum yfirskattanefndar skal lokið fyrir maímánaðarlok.

39. gr.

Skattanefndir halda gerðabók og rita í hana skattskrár og úrskurði. Gerðabækur skattanefnda lætur stjórnarráðið tilbúa á kostnað ríkissjóðs, og skulu þær löggiltar af lögreglustjóra.

Yfirskattanefndir hafa einnig gerðabók og rita í hana úrskurði sína og ákvarðanir. Þessar gerðabækur löggildir stjórnarráðið.

40. gr.

Formaður skattanefndar skal árlega láta hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ókeypis í tje endurrit af skattskrá hreppsins, til afnota við niðurjöfnun sveitargjalda. Svo skulu og formenn skattanefnda gefa hagstofunni skýrslu um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

41. gr.

Stjórnarráðið hefir vakandi auga á því, að skattanefndir og yfirskattanefndir ræki skyldur sínar og fylgi rjettum reglum í starfi sínu. Hefir það rjett til að fá sendar framtalsskýrslur gjaldenda, eftir því sem þörf gerist, og leita umsagnar og skýringar skattanefnda á öllu því, er skattálagningunni við kemur.

42. gr.

Lögreglustjórar innheimta tekjuskatt og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert.

43. gr.

Tekjuskatt og eignarskatt skal hver heimilisfaðir inna af hendi fyrir þá gjaldskylda menn, sem eru heimilisfastir hjá honum á gjalddaga, en á rjett til endurgjalds hjá þeim.

V.

Refsiákvæði.

44. gr.

Ef einhver vanrækir að gefa lögboðna skýrslu um tekjur sínar og eignir, missir hann rjettinn til að kæra yfir ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, nema hann geti sannað, að tekjur hans eða eign hafi verið áætaðar af skattanefnd meira en fjórðungi hærri heldur en þær voru í raun og veru. Sje mismunurinn 1/4 eða meira, skal hann greiða skatt af hinni rjettu upphæð, að viðbættum 1/4.

Ákvæðum laga þessara um viðurlög fyrir vanrækslu á framtali þarf þó eigi að beita, ef skattanefnd telur gjaldanda hafa fært fram gildar ástæður sjer il afsökunar.

45. gr.

Nú skýrir maður vísvitandi rangt frá einhverju því, er máli skiftir um tekjuskatt eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um alt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við lengri en 10 ár alls. Stjórnarráðið ákveður sektina, nema það eða sá seki óski, að málinu sje vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð er á vantar.

Skiftarjettur eða skiftaforstjóri eru skyldir, þegar lokið er uppgerð á tekjum og gjöldum bús, að gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni þá, er hinn framliðni hefir látið eftir sig, svo framarlega sem þeir nema ekki minna en 6000 kr. Við vanrækslu þessarar skyldu getur stjórnarráðið lagt dagsektir, uns henni er fullnægt.

46. gr.

Sá sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsgr. 45. gr. skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi hefir greitt minni skatt heldur en honum bar skylda til.

47. gr.

Skattanefndarmönnum og yfirskattanefndarmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að, sökum starfa síns, um efnahag skattþegna.

Sama gildir um þá, er veita kynnu nefndunum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

48. gr.

Nú skorast einhver undan því að láta af hendi skýrslur þær, er í 32. gr. segir, og sker stjórnarráðið þá úr ágreiningi um það efni, og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir uns skyldunni er fullnægt.

Nú hefir skattanefnd eða yfirskattanefnd eigi framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum áður lögmæltur tími sje liðinn, þá varðar það sektum, alt að 100 kr., og getur stjórnarráðið auk þess skyldað þær til þess að ljúka við þau, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann í nefndinni, er eigi getur borðið fyrir sig lögmætar afsakanir.

49. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 45. gr. 1. málsgr. og 47. gr. laga þessara skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 44. gr., 45. gr. 3. málsgr. og 48. gr. segir, skulu sæta meðferð sem opinber lögreglumál. Refsimál, er fara skal með sem opinber lögreglumál, skal eigi höfða nema sá, er hlut á að máli, skattanefnd, yfirskattanefnd eða stjórnarráð krefjist þess.

50. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má gera aðför til innheimtu þeirrra.

VI.

Almenn ákvæði.

51. gr.

Stjórnarráðið gefur út leiðbeiningar um skilning á lögum þessum, um nánari ákvörðun skattskyldra tekna og störf skattanefnda. Ennfremur gerir

það fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað ríkissjóðs.

52. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1924.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, gjöra ráð fyrir að endurskoðun á þeim fari fram á þessu ári. Að svo komnu, þar sem gömlu skattarnir eru afnumdir og nýtt kerfi skattanefnda og yfirskattanefnda sett á stofn, getur varla komið til mála að hverfa frá tekjuskattsfyrirkomulaginu, heldur verður endurskoðunin að byggja á því sem einu sinni er orðið og færa það í rjett horf, sem helst befur orðið vart við að miður færi eftir núgildandi lögum.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er yfirleitt samið með það fyrir augum að fara aðeins fram á sjálfsagðar eða nauðsynlegar breytingar frá því skipulagi sem nú er komið á, enda fer endurskoðunin þannig best úr hendi að hægra sje við að bæta en úr að draga. Þær greinar frumvarpsins er fara fram á breytingu frá núgildandi lögum eru þessar:

1. gr.

Þar sem skattstiginn í 5. gr. er miðaður við allar tekjur skattþegns, á hann á lægri stigunum ekki við tekjur hjer eða hjeðan af landi til manna sem ekki eru hjer heimilisfastir, því er tiltekinn lágmarksskattur, 5% af þessum tekjum. Að öðu leyti eru skilyrðin fyrir skattskyldu, að því er einstaklinga snertir, dregin hjer saman í heild.

4. gr.

Konsúla annara ríkja sem ekki eru íslenskir þegnar, er því aðeins eðlilegt að undanþiggja skatti, að þeir sjeu sendiræðismenn (consules missi). Útnefnda ræðismenn (consules electi) er ekki af þeirri einni ástæðu skylt að undanþiggja skatti. Samkvæmt núgildandi ákvæðum hefur jafnvel verið farið fram á það, að þegn eins erlends ríkis, sem er útnefndur ræðismaður annars erlends ríkis, væri undanþegin skatti, og því er greininni breytt svo sem hjer er gjört.

5. gr.

Skattstiganum er breytt mikið, lækkaður fyrir lágar og miðlungstekjur en hækkar fljótar. Samkvæmt breytingunni mun skatturinn yfirleytt hækka fyrir tekjur yfir 15000 kr. en lækka á þeim sem þar eru fyrir neðan. Við skattstigann verður það að athugast, að samkvæmt 12. gr. er frádráttur fyrir eigin persónu

feldur burtu, enda eðlilegast að slíkur frádráttur, sem snertir gjaldþol allra manna komi beint fram í lægri prósentu.

11. gr.

Hjer er samskattur barna, sem eru í foreldrahúsum, feldur burtu. Því verður ekki neitað að í sumum tilfellum getur þessi samskattur komið rjettilega niður, en í mörgum tilfellum getur hann verið mjög óréttlátur. Samskatturinn hefir valdið megnri óánægju og ruglingi og þar sem hjer ekki er um verulegan tekjustofn að ræða, þykir alt álitið rjettast að fella samskattinn burtu. Í samræmi við þetta er gjörð breyting á frádráttarreglunum í 12. gr.

12. gr.

Frádráttur fyrir eigin persónu er hjer feldur burtu og í staðinn tekið tillit til þessa við lagningu skattstigans í 5. gr. Frádráttur fyrir hvert barn er hækkaður úr 300 kr. upp í 500 kr. og er þar að vísu ekki miðað við hvað barnsframfæri kostar, heldur það, hvert tillit sje fært að taka til fjölskylduþunga við skattlagninguna. Þessar tvær breytingar á frádráttarreglunum hafa í för með sjer að sjerstakur frádráttur fyrir barnlaus hjón fellur burtu, enda er hann oftast ástæðulítill. Skattskylda tekna undir 1000 kr. er feld niður í samræmi við flutning persónu-frádráttarins yfir á skattstigann.

Loks er 4% frádráttur fjelaga og stofnana fyrir innborgað hlutafje og þessk. feldur niður. — Ástæðan fyrir þessum frádrætti er sú, að hæfilegt hefir þótt að fjelagsmenn, sem greiða skatt af arði sínum, nytu skattfrelsis af því sem svaraði hóflegri sparisjóðsrentu af hlutafje sínu. Eins og yfirskattanefndin í Reykjavík hefir tekið fram, verður þessi frádráttur einatt óréttmætur. Þannig kemur það oftlega fyrir að fjelag hefir töluverðar tekjur umfram 4%, en greiðir þó engan arð og á frádráttarreglan sjer þá engan stað. Alt á litið þykir rjettast að sleppa þessum frádrætti, þó það í raun og veru hafi nokkra hækkun á fjelaga-skattinum í för með sjer.

14. gr.

Eftir skattstiganum og frádráttarreglunum kemur út hlutfallstala, er sýnir hvernig skatturinn skiftist hlutfallslega á gjaldendur miðað við tekjuhæð og aðrar ástæður (barnafjölda). Það er ekki nauðsynlegt að þessi krónutala skattsins sje alveg föst (absolut), heldur er rjettast að skoða hana sem skiftitölu, er miðað er við, þannig sð fyrir eitt ár í senn megi ákveða að skatturinn gjaldist að viðbættri eða frádreginni vissri hundraðstölu.

32. gr.

Hjer er aðeins um fyrirkomulags-breytingu að ræða.

34. gr.

Það getur verið mjög óhent ýmsum mönnum, sem fullnægt hafa framtalsskyldu sinni, að skattaskráin með öllum þeim upplýsingum um hag þeirra, er hún ber með sjer, sje lögð fram þannig að hver sem vill geti hnýst um hag þeirra. Hinsvegar felst engin trygging fyrir rjettri skattálögu í þessari framlagningu, en hún getur fælt margan mann frá því að telja fram. Hitt er þar á móti

vel við eigandi, að leggja fram lista yfir þá menn, er *ekki* hafa talið fram, bæði þeim sjálfum til upplýsingar um álagninguna og svo til þess að öðrum skattþegnum gefist tækifæri til aðfinslu, ef skattanefnd hefir verulega skjátlast í mati tekna þeirra manna eða eigna.

35. gr.

Breytt í samræmi við næstu grein á undan.

43. gr.

Þar sem mönnum nú er orðið fullkunnugt um að tekjuskattur er til, virðist það óþarfa dekur að áminna þá brjeflega, er vanrækja framtalsskyldu, enda ógerningur að koma því við í fjölmennum plássum, þessari áminningarskyldu er því slept.

45. gr.

2. málsgrein er breytt svo, að einnig sá maður, er með því að vanrækja framtalsskyldu hefir verið settur í lægri skatt en vera bar, er skyldur að greiða hið vangoldna eftir á.

7. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 66, 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1.

1. gr. laganna, tölulíður 2, orðist þannig: af húsum öllum, til hvers sem þau eru notuð, 2 af þúsundi hverju árið 1923, 2½ árið 1924 og síðan 3 af þúsundi hverju.

2

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemd við frumvarp þetta.

Ástæðurnar fyrir því að hús samkvæmt fasteignaskattslögunum eru sett í lægri skatt en aðrar fasteignir virðast vera þær, sumpart að hús gangi úr sjer og rýrni fremur en aðrar fasteignir, sumpart að gera ekki snögga breytingu frá hinum lága skatti þessara fasteigna. Fyrri ástæðan nær eigi aðeins til húsa, heldur margra annara fasteigna, sem rýrna eða liggja undir skemdum, en þetta kemur fram i fasteignamatinu, sem vitanlega er lægra á eignum, sem liggja undir rýrnun, en á öðrum. En umfram hið lægra mat er ekki ástæða til þar að auki að hafa

lægra gjald af matsupphæðinni. — Hin ástæðan, að skatturinn hafi verið lægri en sannsýnilegt er, bendir í þá átt að þessu sje komið í lag án mjög snöggra breytinga. Því er hækkuninni í raun og veru skift niður á 3 ár samkvæmt frumvarpinu.

Skattskylt matsverð húsa nemur því sem næst 51 milj., skatturinn með 1½ p. m. nemur því 76,500 kr. og árleg viðbót ½ p. m. 25,500 kr. uns skattur af húsum væri kominn upp í 153,000 kr. alls 1925 og allur fasteignaskatturinn, að viðbættum rúmum 125,000 fyrir lönd og lóðir, næmi þá 278,000 kr. móts við nú áætlaðar 210,000 kr. Við hvorttveggja upphæðina má gera ráð fyrir 5—6000 kr. árlegri viðbót vegna aukamats á nýjum húsum o. þessk.

8. Frumvarp

til laga um einkaleyfi.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Einkaleyfi er rjett að veita fyrir nýjum uppgötvunum, er hagnýttar verða í iðnaði, eða er framleiðslu þeirra má reka sem iðn.

Enginn má þó öðlast einkaleyfi fyrir:

1. uppgötvunum, er eigi verða taldar að hafa neitt verulegt gildi;
2. uppgötvunum, er notkun þeirra kemur í bága við lög, siðgæði eða allsherjarreglu;
3. nýfundnum læknislyfjum, neysluefnum eða nautnar.

Einkaleyfi má þó veita fyrir sjerstakri aðferð við tilreiðslu slíkra hluta.

Uppgötvun telst ekki ný, ef hún hefir, áður en einkaleyfis var beiðst, verið leidd þannig í ljós í riti eða endursmíð, sem almenningi er heimilt að kynna sjer, eða verið höfð svo opinberlega um hönd í riki þessu, sýnd á sýningu (sbr. þó 23. gr.) eða höfð til sýnis þeim, er sjá vildu, að þeir, er vit hafa á, geti framleitt hana eftir því.

Til rita, er almenningi er heimilt að kynna sjer, teljast ekki í skilningi laga þessara lýsingar á uppgötvunum, er lagðar eru fram til sýnis almenningi í ríki þessu, samkvæmt 13. gr. laganna, eða í erlendu ríki samkvæmt samskonar lagaákvæði.

Að áskildu gagnkvæmi getur konungur ákveðið, að uppgötvanalýsingar, er gefnar eru út embættislega í erlendu ríki, skuli ekki fyr en að tilteknum tíma liðnum teljast til rita, er almenningi er heimilt að kynna sjer, í skilningi laga þessara.

2. gr.

Rjett er að veita einkaleyfi fyrir breytingum á uppgötvunum, sem áður er fengið einkaleyfi fyrir, ef svo mikið kveður að breytingum þessum, að þær megi í sjálfu sjer teljast uppgötvanir.

Slikt einkaleyfi nefnist aukaleyfi, og skal í því berum orðum vísað til frumleyfisins, að því viðbættu, að aukaleyfið veiti ekki leyfishafa rjett til að hagnýta sjer aðaluppgötvunina.

3. gr.

Uppgötvari hefir einn rjett til að öðlast einkaleyfi, eða sá, er löglega hefir eignast rjett hans. Skuldheimtumenn mega eigi leita fullnægingar í rjetti til að öðlast einkaleyfi; en í rjetti þeim, er einkaleyfi veitir, má fullnægingar leita.

Nú beiðast fleiri en einn einkaleyfis fyrir einni og sömu, eða nálega sömu, uppgötvun, og gengur sá fyrir hinum til að öðlast leyfið, sem fyr eða fyrst hefir borið upp beiðni um það.

4. gr.

Einkaleyfi skal veita fyrir 15 ár, að telja frá dagsetningu leyfisbrjefsins.

Nú er gerð breyting á uppgötvun, sem einkaleyfi er fengið fyrir, og getur leyfishafi þá öðlast viðbótarleyfi fyrir breytingunni, og rennur það út jafnsnemma og frumleyfið.

5. gr.

Án samþykkis einkaleyfishafa má enginn gera sjer atvinnu eða gróða af því:

1. að tilbúa, flytja eða hafa til sölu hlut þann, er einkaleyfður er, eða tilreiddur með einkaleyfðri aðferð, eða
2. að nota hina einkaleyfðu aðferð.

Þó má án tillits til einkaleyfis:

1. nota hluti, er fylgja samgöngutækjum úr öðrum löndum, í sambandi við tækin sjálf, þá er þau eru um stundarsakir hjer á landi, og
2. nota til langframa hluti, er fylgt hafa hingað og heyrt til samgöngutækjum, sem keypt hafa verið í útlöndum fyrir íslenskt fje eða handa íslensku skipi, sem bilað hefir á sjó og gert hefir verið að í útlöndum.

6. gr.

Einkaleyfi verður ekki beitt gegn þeim, er farinn var að nota uppgötvunina hjer á landi áður en beiðni um einkaleyfi var borin upp, eða búið hafði sig undir það til hlítar.

Nú hefir maður notað uppgötvun eftir það, er einkaleyfisbeiðni var borin upp, og má þá koma fram ábyrgð á hendur honum fyrir ágang á einkaleyfisrjett (sbr. 20. gr.), svo framarlega sem honum, er hann tók að nota uppgötvunina, hefir verið kunnugt um, að einkaleyfisbeiðni hafi verið borin upp, eða hann haldið því áfram eftir að hann varð þess vísari. Nú hefir auglýsing verið birt (sbr. 13. gr.), og skal þá hafa fyrir satt, að alkunnugt sje, að beiðnin hafi verið borin upp.

7. gr.

Fyrir einkaleyfi hvert skal greiða 50 kr. gjald til ríkissjóðs fyrir fyrstu

5 ár leyfistímans. Fyrir næstu 5 árin skal greiða 300 kr. gjald og fyrir síðustu 5 árin 600 kr. Gjald þetta greiðist fyrirfram fyrir 5 ár í senn.

8. gr.

Ákveða má með konungsúrskurði, að hið opinbera skuli, án samþykkis einkaleyfishafa, hafa rjett til að nota einkaleyfða uppgötvun mót endurgjaldi.

Nú lætur einkaleyfishafi líða svo 5 ár frá því er leyfið er útgefið, að hann kemur ekki uppgötvuninni í framkvæmd innan ríkisins, að svo miklu leyti sem ætlast verður til með sanngirni, annaðhvort sjálfur, eða aðrir hans vegna, og er honum þá skylt að veita öðrum leyfi til að nota uppgötvunina í iðn sinni, ef þess er beiðst, mót endurgjaldi.

Þá er liðin er þrjú ár frá því, er einkaleyfisbrjef var gefið út, er einkaleyfishafa sömuleiðis skylt að leyfa notkun einkaleyfisins þeim, er hefir yngra einkaleyfi fyrir uppgötvun, sem er mjög mikilsvarðandi fyrir iðnaðinn, en ekki er unt að hagnýta án þess að nota eldra leyfið, enda komi endurgjald fyrir. Þegar svo lagað leyfi er veitt, er eiganda eldra einkaleyfisins hins vegar heimilt að nota uppgötvun þá, er seinna varð einkaleyfð, gegn endurgjaldi.

Ráðuneytið sker úr því, hvort skilyrði eru til þess að öðlast leyfi til að nota einkaleyfi annars manns, samkvæmt lagagrein þessari. Sá, sem ber slíkt mál upp, greiði gjald, að upphæð 100 kr. Úrskurði ráðuneytisins má, innan þriggja mánaða frá því er hann var uppkveðinn, skjóta til dómstólanna, að því er snertir skilning þann á lögunum, sem úrskurðurinn er bygður á.

Grein þessi nær ekki til einkaleyfa, sem eru eign hins opinbera.

Að áskildu gagnkvæmi, getur konungur samið svo um við önnur ríki, að það skuli eigi hafa lögmæltar afleiðingar, þótt uppgötvun komist eigi í framkvæmd í ríki hjer.

9. gr.

Endurgjald það, er einkaleyfishafa ber samkvæmt 8. gr., skal ákveðið með mati óvilhallra manna, ef ekki næst samkomulag.

Nú er endurgjald ákveðið þannig, að greiða skuli tiltekna fjárhæð eitt skifti fyrir öll. og skal inna hana af hendi áður en farið er að nota uppgötvunina.

Sje afgjald ákveðið, skulu matsmennirnir, ef einkaleyfishafi fer þess á leit, einnig tiltaka gjalddaga á því og ákveða, hverja tryggingu setja skuli fyrir skilvíslegri greiðslu þess.

Afgjald það, er ákveðið er með mati eða úrskurði ráðuneytisins, má innheimta með lögtaki.

10. gr.

Ráðuneytið úrskurðar um einkaleyfisumsóknir.

Sá, sem vill beiðast einkaleyfis fyrir uppgötvun, á að senda ráðuneytinu:

1. beiðni um einkaleyfi, er stíluð sje til ráðuneytisins og tvírituð;
2. lýsing á uppgötvuninni, tvíritaða;
3. ennfremur uppdrátt, ef með þarf til þess að lýsingin skiljist, og eiga sömu-

leiðis að vera tvö eintök af honum; eftir atvikum ber einnig að senda fyrirmynd, sýnishorn o. fl.

4. yfirlýsing um það, hvort beiðst hefir verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni.

Áður en leyfi sje veitt getur ráðuneytið heimtað, að lögð sje fyrir það skýrsla um árangur af umsókn um einkaleyfið í öðrum ríkjum.

11. gr.

Í beiðninni skal greina nafn beiðanda, stöðu og heimili, svo og tákna uppgötvunina, eins og ætlast er til að hún eigi að verða nefnd í leyfinu. Beiðandi skal og segja til, hver uppgötvari er; ef það er annar en sjálfur hann, ber honum að leiða fullnægjandi rök að því, að hann sje löglega að rjetti hins kominn.

Lýsingin á að vera svo glögg og fullkomin, að þeir, sem þekkingu hafa til að bera, þurfi ekki frekari leiðbeiningar við til að framleiða og nota uppgötvunina. Þar á að vera ljós skilgreining á því, sem beiðandi telur vera uppgötvun og vill því fá verndað með einkaleyfi. Uppdrættir skulu vera greinilegir og haldgóðir og þannig, að allir heildarpartar, sem drepið er á í lýsingunni, komi fram í þeim, enda eiga þeir í lýsingu og uppdrætti að vera táknaðir með sömu bókstöfum eða tölum.

Nú vill maður beiðast einkaleyfis fyrir fleiri uppgötvunum en einni, og er hver annari óháð, og skal hann þá bera upp sína beiðnina fyrir hverja uppgötvun.

12. gr.

Einkaleyfisbeiðni skal fylgja yfirlýsing beiðanda um, að hann játist undir íslensk lög í öllum málum, er varða hið íslenska einkaleyfi, og lofi að svara til sakar í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Nú er beiðandi ekki heimilisfastur hjer á landi, eða lætur af heimilisfangi hjer, enda hafi hann ekki sagt ráðuneytinu til einhvers, er hjer sje heimilisfastur og hafi umboð fyrir hann, eða umboð fellur úr gildi, og er þá rjett að senda tilkynningar allar, er snerta einkaleyfið, svo og stefnur til rjettarhalda hjer á landi, í ábyrgðarbrjefi, er sent sje ráðuneytinu til framskila og beri utanáskrift beiðanda eða umboðsmanns hans erlendis, samkvæmt því, sem sagt hefir verið til í beiðninni eða síðar tilkynt ráðuneytinu. Bæjarfógetinn í Reykjavík tiltekur stefnufrestinn, þá er stefnt er á þennan hátt.

13. gr.

Ef beiðni um einkaleyfi er ekki með þeim frágangi, sem fyrirskipað er í 10.—12. gr., setur ráðuneytið beiðanda hæfilegan frest til að ráða bót á því, sem áfátt er.

Þegar beiðnin er í rjettu lagi, lætur ráðuneytið birta stuttorða auglýsingu um, að hún sje komin því í hendur, og skal þar getið nafns beiðanda, stöðu hans og heimilis og uppgötvunin nefnd á nafn. Jafnframt skal beiðnin með fylgiskjölum lögð fram almenningi til sýnis á þeim stað, er ráðuneytið tiltekur. Beiðandi á heimtingu á, að auglýsingu og framlengingu sje frestað í 6 mánuði, frá því er beiðnin var afhent.

14. gr.

Í 12 vikur frá birtingu auglýsingar er sjerhverjum frjálst að gefa sig fram við ráðuneytið og hreyfa mótmælum gegn því, að einkaleyfi verði veitt. hvort sem nú mótmælin eru bygð á því, að til þess bresti almenn skilyrði, eða því er haldið fram, að leyfisveiting mundi koma í bága við einkarjett mótmælanda. Mótmæli skulu vera skrifleg og rökstudd, og á að gefa leyfisbeiðanda kost á að segja álit sitt um þau.

15. gr.

Nú synjar ráðuneytið beiðanda um einkaleyfið, en hann telur synjunina ekki vera á rökum bygða, og á hann þá heimting á, að málið verði tekið upp aftur og rannsakað á ný, ef hann fer þess á leit við ráðuneytið innan 12 vikna frá því, er hann fjekk frá því tilkynning um úrslitin, og gerir grein fyrir málaleitun sinni.

16. gr.

Nú hefir ráðuneytið úrskurðað, að veita megi einkaleyfi, og skal það tilkynt beiðanda og honum jafnframt tjáð, að honum beri að útleysa einkaleyfið innan 3 vikna frá því, er honum barst tilkynningin. Ráðuneytið auglýsir, að leyfið sje útleyst, þegar það er gert.

17. gr.

Ráðuneytið heldur skrá yfir öll einkaleyfi, sem út eru gefin, og skal þar geta um aðalefni hvers einkaleyfis og dagsetning, en frá henni telst gildi þess, svo og nafn, stöðu og heimili einkaleyfishafa og umboðsmanns hans, ef nokkur er.

Þegar einkaleyfistíminn er á enda, eða einkaleyfi fellur niður, eða er metið ógilt að öllu eða nokkru leyti, skal þess getið í einkaleyfaskránni.

Sömuleiðis skal geta þess í skránni, er ráðaneytinu berst tilkynning um skilríki fyrir, að einkaleyfi hafi verið framselt öðrum, eða höfð hafi verið umboðsmannaskifti. Meðan ekki er komin tilkynning um slíkt, má höfða mál út af einkaleyfinu á hendur hinum fyrri einkaleyfishafa eða umboðsmanni.

Hverjum manni er heimilt að kynna sjer bæði einkaleyfaskrána og umsóknir þær, lýsingar og annað, er snertir útgefin einkaleyfi.

18. gr.

Auglýsingar frá ráðuneytinu um einkaleyfi skulu birtar í blaði því, sem flytur opinberar auglýsingar.

19. gr.

Nú telur einhver, að einkaleyfi komi í bága við rjett sinn, eða við 1. gr. 3. lið í lögum þessum, og að því hefði ekki átt að veita það, eða veita það innan þrengri takmarka en gert hefir verið, og getur hann þá höfðað mál til ógildingar einkaleyfinu á heimilisþingi, eða umsömdu varnarþingi einkaleyfishafa eða umboðsmanns hans í riki hjer, sbr. 12. gr.

Í hvert skifti sem dæmt er, að einkaleyfi sje niður fallið eða ógilt, ber dómstólnum að senda ráðuneytinu afrit af dómnum.

20. gr.

Hver sá, er gengur á rjettindi þau, er einkaleyfi veitir (5. gr.), er skyldur að bæta þeim, er fyrir ágangi verður, alt það tjón, er hann af því biður, samkvæmt almennum skaðabótareglum; munir þeir, er ólöglega hafa verið aðfluttir, tilbúnir eða boðnir til kaups, skulu látnir af hendi við hann, ef hann krefst þess, gegn því að hann greiði andvirði þeirra, eða að það sje látið koma upp í skaðabætur þær, er honum bera. Sá, sem af ásettu ráði gengur á einkaleyfisrjett, skal auk þess sæta sektum, alt að 2000 kr. fyrir fyrsta brot, og ef brotið er ítrekað, alt að 4000 kr. eða fangelsi. Sektirnar renna í ríkissjóð.

21. gr.

Mál, sem höfðuð eru í því skyni að koma fram hegningu eftir 20. gr., skulu rekin sem einkalögreglumál.

Nú er því haldið fram í málinu, að einkaleyfið sje niður fallið eða ógilt, og ber að leggja dóm á það atriði, svo framarlega sem sekt eða sýkna hins kærða er undir því komin.

Bæði hegning og skaðabætur falla niður, ef ágangur er ekki kærður innan árs frá því, er einkaleyfishafa varð kunnugt um hann, eða innan 3 ára frá því, er hann átti sjer stað.

22. gr.

Lög þessi ná eigi til einkaleyfa, er veitt hafa verið eftir reglum þeim, er gilt hafa hingað til.

Með einkaleyfisumsóknir, sem bornar hafa verið upp, en ekki afgreiddar, áður en lög þessi ganga í gildi, ber að fara eftir reglum þeim, er gilt hafa til þessa, og ber að veita einkaleyfi, ef til kemur, eftir sömu reglum.

23. gr.

Nú hefir uppgötvun verið sýnd á íslenskri sýningu, eða alþjóðasýningu hjer á landi, og á þá fundningarmaður heimting á að fá einkaleyfi fyrir henni, ef hann ber upp beiðni um það innan 6 mánaða frá því, er uppgötvunin var látin á sýninguna, og kemur þá eigi til greina, þó að uppgötvuninni hafi á því tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 3. lið 1. greinar. Með konunglegri tilskipun má ákveða, að hið sama skuli gilda um uppgötvanir, sem sýndar eru á alþjóðasýningum í öðru riki.

Enn fremur má ákveða með konunglegri tilskipun:

1. að hver sá, er sótt hefir um einkaleyfi fyrir uppgötvun í öðrum ríkjum, er tilgreind sjeu, einu eða fleirum, skuli eiga heimting á að öðlast einkaleyfi fyrir hinni sömu uppgötvun hjer á landi, ef hann beiðist þess innan 12 mánaða frá því er fyrsta beiðnin var borin upp, og það þótt uppgötvuninni hafi á nefndu tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 3. lið 1. greinar; og
2. að beiðni, sem þannig hefir verið borin upp hjer á landi, skuli standa svo

að vígi gagnvart öðrum beiðnum, sem hafi hún verið borin upp jafnsnemma og sú, er fyrst var borin upp í öðru ríki.

24. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari reglur um afgreiðslu einkaleyfa, fyrirkomulag einkaleyfisbrjefa og efni, svo og annað, er með þarf til að koma lögunum í framkvæmd.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1924.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp til laga um einkaleyfi hefir þrisvar sinnum áður verið lagt fyrir Alþingi. Nú er frumvarpið enn á ný lagt fyrir Alþingi, eins og það var samþykt í efri deild á þinginu 1922. Að öðru leyti vísast til athugasemdanna við frumvarp það, sem lagt var fyrir Alþingi 1922, Alþ.tíð. 1922 A bls. 147—148.

9. Frumvarp

til vatnalaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

Texti frumvarps þessa er samhljóða texta frumvarps þess um sama efni, sem lagt var fyrir Alþingi 1921 og 1922, sjá Alþingistíðindi 1921 A., bls. 137—178 og Alþingistíðindi 1922 A., bls. 160.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Mál þetta kemur nú í fimta sinn fyrir þingið, og þykir rjett að leggja það fyrir óbreytt eins og fyrir síðasta þing, til þess að vekja ekki enn meiri glundroða í því en komið er. Núverandi stjórn hefði samt helst getað hallast að frumvarpi minni hlutans í fossanefndinni, því er lá fyrir Alþingi 1920, þó með nokkrum breytingum.

Að frumvarp þetta kemur fram óbreytt, stafar meðfram af sparnaðarástæðum, því það hefir þótt óþarft að endurprenta þennan mikla lagabálk með þeim tiltölulega fáu breytingum, sem stjórnin vildi hafa gjört á því, því hún telur auðgefið að koma fram með þær við væntanlegar nefndir á Alþingi, eða á þinginu sjálfu, skyldu nefndirnar ekki vilja taka þær til greina.

Það skal fyrst tekið fram, að stjórnin yfir höfuð felst á allar breytingartillögur minni hlutans á Alþingi 1921, — á Alþingi 1922 kom ekki einu sinni álit frá nefndinni í Nd. — þgskj. 531. Þar næst skulu teknar fram þær breytingar, er stjórnin vill gjöra.

1. Aftan við 3. gr. komi: en vatnsrjettindin hverfa þá með vatninu til þess, er land á undir.

   Þessi viðbót er tekin úr 3. gr. í frv. minni hlutans, og er til skýringar.

2. Við 30. gr., 1. málsgr.:

   Í stað orðanna: »til þarfa hennar samkvæmt 17. gr,« komi: til heimilis- og búsþarfa á eigninni.

   Það þykir ekki athugavert með heimild þeirri, sem ræðir um í greininni, að gera sameigendum unt að koma á sameiginlegri vatnsveitu til heimilis- og búsþarfa, en hins vegar þykir of langt gengið í stjórnarfrumvarpinu 1921 að heimila meiri hlutanum að þröngva minni hlutanum til að kosta að sínum hluta vatnsveitu til iðnaðar eða iðju, enda er þar gengið lengra en í 32. gr. meiri hlutans, sem bindur heimildina við smáiðnað í þarfir búnaðar.

3. Við 54. gr., 2.:

   Í stað orðanna: »og skal þá fult endurgjald koma til handa *þeim*«, komi: og skal þá fult endurgjald koma til handa eiganda vatnsrjettinda og annara.

   Þetta er eigi efnisbreyting en til skýringar.

4. Við 65. gr.: Þessi grein falli burt.

   Það virðist engin ástæða til að heimila einstökum manni að taka fallvatn annars manns lögnámi. Þætti það samt sem áður æskilegt að útvega einstökum manni ákveðið fallvatn til notkunar gæti landsstjórnin notað heimildina í 54. gr. til þess sjálf að taka fallvatnið lögnámi og fela svo viðkomanda að virkja það samkv. 3. lið greinarinnar.

   Ef þessari grein er slept, fellur burtu úr 66. gr. og 70. gr. tilvitnunin í *65. gr.*

5. Við 67. gr.: Þessi grein falli burt.

   Það virðist eigi ástæða til að veita leiguliða þessi rjettindi. Geti hann ekki komið sjer saman við landsdrottinn, virðist skaðlaust að rafveitan bíði.

6. Við 101. gr.: 4. töluliður falli burt.

   Þar sem jarðeiganda er eigi skylt að taka þátt í fjelagsskapnum, virðist það órjettmætt, að leiguliði geti í raun og veru neytt hann til þess, með því að gerast fjelagi, og svo, ef illa fer, að stökkva burt af jörðinni, en neyða jarðeiganda til að kaupa eftir mati mannvirki og tæki, er leiguliði hefir gjört.

10. Frumvarp

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Þegar sýslur verða sameinaðar samkvæmt lögum um nýja embættaskipun, skal í þeim sýslulfjelögum, þar sem svo stendur á að sýslumannsembættið verður lagt niður, og fellur því undir hið sameinaða embætti, gerð sú breyting á skipun sýslunefndanna, sem hjer fer á eftir.

2. gr.

Sýslumaður á ekki sæti í sýslunefndinni. Á fyrsta sýslunefndarfundi, sem haldinn er eftir sameiningu sýslnanna, skal sýslunefndin kjósa úr sínum flokki oddvita, og fer um kosningu hans eftir reglunum um kosningu hreppsnefndaroddvita (24. gr.). Kjörtími oddvita er jafnan til næstu almennra sýslunefndarkosninga. Að öðru leyti fer um starfsemi hans, rjettindi og skyldur eftir þeim reglum, sem settar eru hjer að lútandi í sveitarstjórnarlögunum um oddvita sýslunefnda. Oddviti skal hafa að launum um árið kr. 300,00, er greiðist úr sýslusjóði.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Við 1. gr.

Eins og tekið hefir verið fram í athugasemdum við frumvarp stjórnarinnar til laga um nýja embættaskipun, þykir ógerlegt, þegar sýslurnar hafa verið sameinaðar, að sýslumenn eigi jafnt sem áður sæti í öllum sýslunefndum og sjeu oddvitar þeirra. Um þetta atriði þykir nægja að vísa til ofannefndra athugasemda.

Við 2. gr.

Eins og kunnugt er þurfa menn ekki að hafa próf í lögum til þess að verða bæjarstjórar í kaupstöðum landsins, og að öðru leyti er umsækjendum um þessar stöður heldur ekki sett nein sjerstök skilyrði. Það getur því ekki á neinn hátt verið varhugavert að fylgja sömu meginreglu við kosningu sýslunefndaroddvita. Enda má benda á að yfirleitt eru störf sýslumanns sem sýslunefndaroddvita afar einföld, sýslusjóðsreikningar óbrotnir, og tiltölulega lítið fje, er sýslunefndir hafa til umráða. Það er því engum vafa undirorpið, að sýslunefndir hafa nægilegt mannaval í þessar stöður.

Það er ætlast svo til að hlutaðeigandi hreppstjóri taki framvegis á manntalsþingum á móti þeim sýslusjóðsgjöldum, er þar greiðast, og sendi gjöldin síðan til hlutaðeigandi sýslunefndaroddvita. Nú er það raunar svo, að allajafnan greiða

ekki nándar nærri allir oddvitar á þingunum gjöld hreppsins til sýslusjóðs, og verður því sýslunefndaroddviti eins og hingað til hefir átt sjer stað, sjálfur að ganga eftir gjöldum þeim, er ekki greiðast á manntalsþingunum, en þetta er óbrotin og fyrirhafnarlítil innheimta, þar sem beinn aðgangur er að oddvitum hreppsfjelaganna.

Þegar þess er gætt að bæjarsjóðir greiða bæjarstjórum laun, og vænta má að sýslunefndir í framtíðinni fari einnig fram á að kjósa sjer sjálfar oddvita, sem öll sanngirni mælir með að þeim sje heimilað, þykir eftir atvikum rjett að sýslusjóðirnir launi oddvita sýslunefndanna.

II. Frumvarp

til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Nú hendir mann eða konu, sem fyrir ómegð hefir að sjá, slys eða vanheilindi svo styrks þarf af þessum sökum að leita af sveitarfje, og skal sá styrkur, sem heimilið þarf til framfæris, lyfja og læknishjálpar, ekki talinn sveitarstyrkur, ef styrkþurfi sannar með vottorði hlutaðeigandi hjeraðslæknis, að slysið eða vanheilsan, sem styrkþurfi átti ekki sjálfur sök á, hafi gert hann óhæfan til vinnu minst um tveggja mánaða skeið, enda þurfi heimilið ekki uppheldisstyrk lengri tíma en sem svarar þeim, er styrkþurfi var frá vinnu vegna vanheilsunnar.

2. gr.

Styrkur, sem veittur er af sveitarfje manni eða konu, sem er fullra 65 ára að aldri, skal ekki talinn sveitarstyrkur.

3. gr.

Aður en utansveitarþurfalingi er veittur styrkur, skal skýrsla sú, sem umræðir í 64. gr. fátækralaganna, tekin á þann hátt, er þar segir, og rituð á eyðublöð, er atvinnumálaráðuneytið semur í þessu skyni, nema skýrslan sje tekin í rjetti.

4. gr.

Nú hefir utansveitarþurfalingur án þess að þiggja af sveit, haft löglegt heimilisfang í dvalarhreppi sínum síðustu 3 árin áður en honum er veittur styrkur eftir lögum þessum og verður hann þá ekki fluttur á framfærslusveit sína, nema hún krefjist þess eða þurfalingurinn með úrskurði lögreglustjóra dvalarhjeraðsins, eftir þeim gögnum sem fyrir liggja, verði, samkvæmt kröfu dvalarsveitar talinn kominn á stöðugt sveitarframfæri.

Úrskurði lögreglustjóra verður ekki áfrýjað. Eftir að slíkur úrskurður er genginn, greiðir framfærslusveitin allan styrk, sem þurfalingurinn fær á meðan hann verður ekki fluttur. Að öðru leyti fer um endurgreiðslu styrks og tilkynningar dvalarsveitar til framfærslusveitar og viðurkenningu hennar á sveitfesti eftir reglum fátækralaganna.

5. gr.

Eftir 21 árs aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar er hann hefir dvalist í 5 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk eða styrk eftir þessum lögum á þeim árum.

6. gr.

Hjer heimilisfastir danskir ríkisborgarar vinna sjer sveit eftir þeim reglum, er segir í 5. gr.

Aðrir utanríkismenn vinna sveit hjer á landi, þá er þeir fá íslenskan ríkisborgararjett, og eiga þá framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili er þeir öðlast ríkisborgararjettinn, þangað til þeir hafa unnið sjer sveit, eftir reglum 5. greinar, annarstaðar.

7. gr.

Þeirri sveitfesti, er menn hafa unnið sjer áður en lög þessi ganga í gildi, halda þeir þangað til þeir þar eftir hafa unnið sjer sveitfesti annarstaðar samkvæmt lögum þessum. Að öðru leyti fer um sveitfesti manna frá þeim degi að telja. er þau öðlast gildi, svo sem segir fyrir um í lögum þessum. Þó skulu þeir menn, er dvalið hafa síðustu 5 árin, áður en lögin komu í gildi, sveitfestisdvöl í einhverri sveit, vinna sjer þar framfærslusveit, ef þeir halda áfram dvöl sinni þar á eftir í hinni sömu sveit enn 2 ár, og að öðru leyti uppfylla skilyrði laga þessara. Ef mann skortir minna en 2 ár til þess að hafa unnið sjer sveit með 10 ára dvöl þá er lög þessi öðlast gildi, þá þarf hann þó ekki að halda áfram dvöl sinni í sömu sveit nema þann tíma, sem á vantar til þess að 10 árin verði full, enda uppfylli hann að öðru leyti lögmælt skilyrði fyrir sveitfesti. Enginn getur hafa unnið sjer sveit fyr en hann er fullra 26 ára að aldri.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 32., 36. og 37. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 og önnur ákvæði, sem koma kunna í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1924.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í neðri deild Alþingis 1917 var samþykt svohljóðandi þingsályktun: »Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að undirbúa eða láta undirbúa frumvarp til nýrra fátækralaga, er bæti úr göllum þeim, sem eru á núgildandi fátækralögum, einkum er eftirgreind atriði snertir:

1. Að styrkur sá, er sveitar- og bæjarsjóðir veita mönnum vegna ómegðar, slysa, sjúkdóma og elli, verði eigi talinn sveitarstyrkur, svo að þeir megi halda öllum sínum borgaralegu rjettindum, í það minsta um nokkurra ára skeið.

2. Að þurfamannaflutningi verði hagað svo, að mannúðlegri verði en áður.

3. Að frestur sá, sem 66. gr. laganna ræðir um, verði lengdur.

4. Að athugað sje, hvort ekki muni gerlegt að stytta sveitfestistímann«.

Þareð þáverandi stjórn ekki hafði orðið við þessari áskorun var ályktunin endurtekin í neðri deild árið 1921.

Samkvæmt vilyrði sínu á síðasta þingi, hefir stjórnin tekið málið til yfirvegunar. Við grandgæfilega athugun málsins í heild sinni kemur það fljótlega í ljós, að gagngerð breyting á fátækralögunum er enn alls ekki tímabær og beinlínis óráðleg. Áður en slíkt yrði gert þyrfti þroski þjóðfélagsins í fjölmörgum greinum að vera kominn á alt annað og fullkomnara stig en nú er. Enda mun þingið naumast hafa ætlast til þess, að ráðist væri í það að þessu sinni að umsteypa fátækralöggjöfinni. Heldur mun það hafa verið meiningin, að tekin væri til meðferðar þau atriði, sem þingsál. sjerstaklega greinir, og annað, sem stæði í sambandi við þau. Skulu nú þessi 4 atriði rakin, og þeir tveir liðirnir teknir fyrst, sem stjórnin getur ekki fallist á að breyta þurfi.

2. liður þingsál. Hjer er það framkvæmd gildandi laga, sem alt er undir komið, en lagafyrirmælunum sjálfum virðist ekki svo áfátt, að þeim þurfi að breyta því að þurfamannaflutningar eru enn þá óhjákvæmilegir. Nú orðið mun heldur ekki þurfa að kvarta yfir illri meðferð þurfalinga á fátækraflutningi og eitt er víst, að til stjórnarráðsins hafa ekki borist kærur yfir illri meðferð fólks á þurfamannaflutningi, en hitt hefir borið við, að kæra hafi komið yfir illri meðferð þurfalings heima í framfærslusveit hans. Þá má líka fullyrða það, að mannúðarkendin fer vaxandi með þjóð vorri og sem betur fer munu þeir víðast vera til í hjeruðum, sem fyndu það skyldu sína að beina því máli á rjettan stað, ef þess yrði vart, að sveitarstjórnarmenn ljekju illa bágstadda menn, sem fluttir væru þurfamannaflutningi. Í þessu atriði þykja fátækralögin því ekki þurfa breytinga við.

3. liður þingsál. virðist sprottinn af misskilningi. Það er skemst af að segja, að á ákvæðum 66. gr. fátækralaganna má alls ekki slaka. Þau eru þannig, að engir erfiðismunir eru fyrir nokkra sveitarstjórn að fullnægja þeim ákvæðum stöðugt rjettilega. Að vísu hefir það stundum borið við, að brestur hefir orðið á þessu, en það hefir ekki stafað af erfiðleikum heldur beinlínis og eingöngu af tómlæti, vanrækslu.

Það er 1. og 4. liður þingsál. sem stjórnin hefir talið fulla ástæðu til að taka til greina.

Um það verður ekki deilt, að það eru takmörk fyrir því, hversu mikið fullfrískur og vinnandi maður getur úr býtum borið af iðju sinni. Framfærslumöguleikar fjölskyldumanns eru takmarkaðir. Ef framfærslumagu manns hefir

náð vissu marki, en þyrfti að ná lengra til þess að hann gæti sjeð sjer og framfæringum sínum fyrir fullu uppeldi, verður sú spurning fyrir, hvort hann skuli sviftur borgaralegum rjettindum vegna þess að hann þarf að knýja á dyr hins opinbera til að fleyta sjer. Nú mundi svarið frá almennu mannúðarsjónarmiði væntanlega vera eitthvað á þessa leið: Ef maðurinn hefir lagt fram alla krafta sína til þess að sjá sjer og sínum borgið, verður ekki meira af honum heimtað; hann hefir gert skyldu sína og þjóðfjelagið verður að veita þessum borgara sínum þann styrk, sem nauðsynlegur er, án þess að hnekkja virðingu hans eða svifta hann rjetti sínum á nokkurn hátt. Þessi hugsun hefir þó ekki getað orðið framkvæmd í verki til þessa, því að með þágu af sveitarfje hefir ætíð verið látinn fylgja missir nokkurra rjettinda. En á hinn bóginn hefir á síðari árum verið stefnt að því að reyna að gera greinarmun á því, hversvegna menn eru þurfandi orðnir. Það mun og nú almennt viðurkent, að það sje rangt að mæla með sömu alin mann, sem að eins nokkuð skortir á, að geti framfleytt sjer og sínum, annaðhvort sökum mjög mikillar ómegðar eða vegna sjúkdóma, slysa eða elli, og hinn, sem þurfandi verður sökum leti og ómenskuráðleysis. Á hinu hefir strandað að finna hinn rjetta meðalveg og reglur, sem fylgt yrði í framkvæmdinni til nokkurar hlítar. En þar sem þessi stefna er talin rjett, verður að finna leiðina sem leiðir að markinu. Í frumvarpinu er því reynt að finna þá lausn á málinu, sem í reyndinni á að vera hægt að framkvæma. Frv. raskar ekki grundvallarreglum fátækralaganna, en tekur hinsvegar tillit til sanngirni og mannúðar í samræmi við kröfur nútíðarinnar.

Um einstakar greinar frv. skal tekið fram það, sem á eftir fer.

Um 1. gr.

Í þessari grein er að eins stigið feti lengra á sömu braut og í lögum nr. 61, 27. júní 1921, 1. gr. 3. málsgr. Þetta spor verður að stíga, því að með tilliti til rjettindamissis sjúkra þurfalinga er annars svo makalaust ósamræmi, að sá sjúklingur, sem er svo heppinn að búa í nánd við sjúkrahús og fluttur þangað, missir einkis í af rjettindum sínum, en hinn sem vegna fjarlægðar frá sjúkrahúsi eða vegna annara erfiðleika ekki fær þar vist, kemst miskunarlaust í tölu sveitarlima með þeim afleiðingum, sem það hefir. Þegar um sama sjúkdóm er að ræða eða ef til vill enn þungbærari hjá hinum síðarnefnda, kemur þetta misrjetti hræðilega í ljós. Takmörkin, sem í greininni eru sett, geta auðvitað verið að álitum, en einhver verða þau að vera og þá hefir sú leið, sem þar er valin, virst bæði fær og sanngjörn. Læknisvottorðs verður hiklaust að krefjast, enda ekki svo ekki erfitt að ná í lækni í flestum sveitum nú orðið, að það ætti að vera vinnandi vegur í öllum tilfellum, sem ákvæðum greinarinnar annars gæti orðið beitt.

Um 2. gr.

Aldurstakmarkið er sett í samræmi við ákvæði 33. gr. fátækralaganna um, að maður vinni sjer ekki sveitfesti eftir 65 ára aldur. Ellistyrktarsjóðir vorir eru svo smávaxnir enn, að þeir hrökkva skamt til að koma að fullu haldi. Að öðru leyti þykir þessi grein ekki þurfa skýringa við.

Um 3. gr.

Um veitingu styrks þess, er um ræðir í lögum þessum til utansveitarþurfalinga, þykja ekki aðrar reglur hallkvæmari en gildandi reglur fátækralaganna. En eyðublöðum þeim, er notuð hafa verið, þyrfti að breyta í fám atriðum og bæta við nokkrum liðum.

Um 4. gr.

Það þykir ekki verða hjá því komist, að flutning til framfærslusveitar megi framkvæma á þurfamönnum samkv. lögum þessum. En skilyrðin fyrir því, að flutningur megi framfara, eru hert allmikið frá því, sem er í fátækralögunum. Þriggja ára markið er sett með hliðsjón af ákvæði 5. gr. um sveitfestistimann. Þykir vel við eiga, að maður hafi aflað sjer aukinna rjettinda gagnvart framfærslusveit sinni með 3ja ára styrklausri dvöl. Því virðist einnig rjett að krafa dvalarsveitar um flutning sje lögð undir úrskurð hlutaðeigandi lögreglustjóra. Að öðru leyti þykir greinin ekki þurfa skýringa.

Um 5. gr.

Um lengd sveitfestistímans mætti skrifa langt mál, enda hefir um það atriði verið bæði talað og ritað hjer á landi, meira en um nokkurt annað ákvæði fátækralöggjafarinnar. En rækilegast hefir verið ritað um málið í áliti milliþinganefndarinnar 1905. Meiri hl. nefndarinnar lagði til, að sveitfestistíminn væri færður niður í 2 ár, en minni hl. vildi láta mann vinna þar sveitfesti, sem hann eftir 15 ára aldur hafði dvalið lengst, en ekki styttri tíma en 10 ár samtals, en gildandi lög krefjast 10 ára samfleyttrar dvalar. Þetta ákvæði náði samþykki þingsins 1905 með litlum atkvæðamun. Þessi langi sveitfestistími hefir um fleiri áratugi orkað tvímælis, enda margfalt lengri en víðast hvar annarsstaðar í menningarlöndum álfunnar. Vera má, að það hafi verið oflangt stökk frá því, sem áður var, að ákveða sveitfestistímann tvö ár, en nú eru liðin undir 20 ár síðan fátækralögin urðu til og það má óhikað fullyrða það, að síðan hefir orðið stórmikil breyting á þjóðlífi voru, ekki síst á atvinnumálasviðinu með tilliti til vistarfars og verkráðningar fólks. Ber hjer alt að sama brunni og í nágrannalöndum vorum, fólkið flytur sig til atvinnureksturs sí og æ sveita á milli og milli landsfjórðunga einnig. Þau bönd, sem bundu fyrrum hjer á landi eru ekki lengur. Árshjú eru orðin sjaldgæf. Rjetturinn til lausamensku hefir engin takmörk. Tálmanir gegn búsetu manna eru engar. Og þrá fólks eftir nýjum heimkynnum er mikil. Alt þetta hefir það í för með sjer tvímælalaust, að það er engin sanngirni í því að láta fæðingarsveit manna í lengstu lög bera byrðina af þeim, þegar þeir eru orðnir þurfamenn. Það er því orðin rík ástæða til að takmarka áhættu fæðingarsveitarinnar af þurfamönnum meira en áður hefir átt sjer stað og það verður best gert með því að stytta sveitfestistímann. Hinsvegar þykir það viðurhlutamikið og ósýnt, hverjar afleiðingar það hefði að hverfa alveg frá hinni gömlu meginreglu, »að vinna sjer sveit«, og láta það sveitarfjelag sjá fyrir þurfamanni, þar sem hann gæfist upp. Það verður því að telja varlegast farið, en þó efalausa rjettarbót, og það ekki síst gagnvart einstaklingnum sjálfum, að maður vinni sjer sveit á 5 árum. En jafnframt er stungið upp á því nýmæli, að maður geti fyrst byrjað að vinna sjer sveit eftir að hann er kominn til lögald-

urs eða er 21 árs að aldri. Áraskeiðið 16—21 virðist nú orðið alls ekki til þess fallið, að unglingur vinni sjer sveit, þótt svo kunni fyr á tímum að hafa verið, meðan unglingar gátu ekki hugað á annað ráð en að ráða sig í ársvist.

Um 6. gr.

Fyrri málsgr. er í samræmi við sambandslögin og síðari málsgr. er samhljóða 37. gr. fátækralaganna, nema um sveitfestistímann.

Um 7. gr.

Ákvæði þau, sem þessi grein geymir, þykja sjálfsögð til þess að sveitfestisákvæðið taki sem fyrst að verka og 2ja ára tímabilið þótti fara næst sanni fyrir þá, sem dvalið hafa hálfan sveitfestistíma eftir gildandi lögum eða meira, og rjettur einkis skertur.

Um 8. gr.

Þarf ekki skýringa.

12. Frumvarp

til laga um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv, 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Vin, sem ekki er í meira en 21% af vínanda (alkohol) að rúmmáli skulu undanþegin ákvæðum laga 14. nóvbr. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, um bann gegn innflutningi, veitingu, sölu og flutningi um landið. Undanþága þessi um aðflutning vína nær þó eingöngu til vína, sem eiga uppruna í löndum, sem veita bestu kjör fyrir íslenskan saltfisk.

2. gr:

Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði til varnar misbrúkun við sölu og veitingar þessara vína, þó mega ákvæði þessi ekki ganga svo langt, að þau geri að engu undanþágu vinanna frá ákvæðum aðflutningsbannlaganna. Í reglugerðina má setja ákvæði um sektir fyrir brot gegn henni.

3. gr.

Vegna eftirlits með óheimiluðum áfengisinnflutningi haldast óbreytt ákvæðin í lögum 14. nóvbr. 1917, um skyldu skipstjóra að tilkynna lögreglu-

stjóra hve mikið áfengi og hvaða áfengi skipið hafi meðferðis, og um innsiglun þess áfengis sem ekki á að fara hjer í land.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er alveg samhljóða tilskipun um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, að öðru leyti en því að orðin »til loka Alþingis 1923« í 1. gr. tilskipunarinnar eru feld burtu og að við 2. gr. er bætt setningu um sektaákvæði. Að öðru leyti þykir ekki vera ástæða til athugasemda.

13. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Í 5. gr. laganna falli burtu orðin: »um konsúla annara rikja, sem ekki eru íslenskir þegnar, svo«.

2. gr.

6. gr. orðist þannig: Skattgjald þeirra sem um ræðir í 1. og 2. gr. reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 2000 kr. greiðist af honum $^1/_2$%.

Frá	2000	kr.	til	3000	greiðist	10	kr.	af	2000	kr.	og	1% af afgangi.
—	3000	—	—	4000	—	20	—	-	3000	—	—	2— - —
—	4000	—	—	5000	—	40	—	-	4000	—	—	3— - —
—	5000	—	—	6000	—	70	—	-	5000	—	—	4— - —
—	6000	—	—	7000	—	110	—	-	6000	—	—	5— - —
—	7000	—	—	8000	—	160	—	-	7000	—	—	6— - —
—	8000	—	—	9000	—	220	—	-	8000	—	—	7— - —
—	9000	—	—	10000	—	290	—	-	9000	—	—	8— - —
—	10000	—	—	11000	—	370	—	-	10000	—	—	9— - —
—	11000	—	—	12000	—	460	—	-	11000	—	—	10— - —
—	12000	—	—	13000	—	560	—	-	12000	—	—	11— - —
—	13000	—	—	14000	—	670	—	-	13000	—	—	12— - —
—	14000	—	—	15000	—	790	—	-	14000	—	—	13— - —
—	15000	—	—	16000	—	920	—	-	15000	—	—	14— - —
—	16000	—	—	17000	—	1060	—	-	16000	—	—	15— - —
—	17000	—	—	18000	—	1210	—	-	17000	—	—	16— - —
—	18000	—	—	19000	—	1370	—	-	18000	—	—	17— - —
—	19000	—	—	20000	—	1540	—	-	19000	—	—	18— - —
—	20000	—	—	25000	—	1720	—	-	20000	—	—	19— - —

Frá	25000	kr.	til	30000	greiðist	2670	kr.	af	25000	kr.	og	20% af afgangi.
—	30000	—	—	35000	—	3670	—	-	30000	—	—	21— - —
—	35000	—	—	40000	—	4720	—	-	35000	—	—	22= - —
—	40000	—	—	50000	—	5820	—	-	40000	—	—	23— - —
—	50000	—	—	60000	—	8120	—	-	50000	—	—	24— - —
—	60000	—	—	70000	—	10520	—	-	60000	—	—	25-- - —
—	70000	—	—	80000	—	13020	—	-	70000	—	—	26— - —
—	80000	--	—	90000	—	15620	—	-	80000	—	—	27— - —
—	90000	—	—	100000	—	18320	—	-	90000	—	—	28— - —
—	100000	—	—	150000	—	21120	—	-	100000	—	—	29— - —
—	150000	—	og	þar yfir	—	35620	—	-	150000	—	—	30— - —

Skattgjald samkvæmt 2. gr. reiknast þó aldrei lægra en 5% af tekjunum.

3. gr.

Í 13. gr., 1. málsgr. falla burtu orðin: »500 kr., en 1000 kr., ef um hjón er að ræða, sem samvistum eru, og er sú upphæð skattfrjáls«. Enn fremur: Í stað »300 kr.« í sömu málsgr. komi: 500 kr.

3. málsgr. 13. gr. falli burtu.

5. — 13. gr, orðist þannig: Ef tekjur hjer heimilisfastra manna, eftir lögákveðinn frádrátt, nema ekki fullum 1000 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

4. gr.

33. gr. 1. málsgr. orðist þannig: Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð og eign hvers eins. Þyki nefndinni skýrsla einhvers tortryggileg, skal hún, ef til hans næst eða umboðsmanns hans, skora á hann, að láta nefndinni í tje frekari skýringar og sannanir. Nú næst ekki til hans eða skattanefnd fær ekki fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan ákveðins tima og skal hún þá áætla tekjur hans og (eða) eign eftir bestu vitund og tilkynna honum áætlunina brjeflega.

5. gr.

2. málsgr. 35. gr. orðist þannig: Útdráttur úr skattskránni yfir áætlaðar tekjur og (eða) eignir þeirra, er ekki hafa talið fram, skal lögð fram 1. dag aprílmánaðar á þingstað hreppsins, o. s. frv. til enda greinarinnar.

6. gr.

Í 1. málsgr. 36. gr. falli burtu orðin: »að kæra yfir því að skattskyldum manni sje slept eða tekjur og eign einhvers sje of lágt ákveðin, svo og«; sömuleiðis falla burtu orðin: »og þeim, sem kært er yfir«.

7. gr.

1. málsgr. 44. gr. orðist svo: Ef einhver vanrækir að gefa lögboðna skýrslu um tekjur sínar og eignir, missir hann rjettinn til þess að kæra yfir ákvörðun skattanefndar, o. s. frv. til enda greinarinnar.

8. gr.

Í 2. málsgr. 46. gr. falla burtu orðin: »skýrt frá tekjum sínum og eignum lægri en vera bar, og því«.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1923.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og ráð er fyrir gert í 52. gr. laga nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, verður lagt fyrir Alþingi frv. til breytinga á þeim lögum, gildandi frá ársbyrjun 1924. Ýmsa af þeim annmörkum, er hafa sýnt sig á lögunum, þyrfti þó að lagfæra sem fyrst og því er þetta frv. lagt fyrir, um þær breytingar, er gætu komið til framkvæmda þegar á árinu 1923. Framtöl öll verða búin áður en frv. þetta getur komið til meðferðar á Alþingi, og geta því engar breytingar á framtalsskýrslum og þess konar komist að á þessu ári, en ef frv. er fljótt afgreitt, verður hægt að fara eftir því við útreikning skattsins.

Hinar einstöku greinar frv. eru samhljóða tilsvarandi greinum í ofannefndu frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt, er samtímis verður lagt fyrir, og vísast því til athugasemdanna við það.

14. Frumvarp

til laga um vatnsorkusjerleyfi.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

Texti frumvarps þessa er samhljóða texta frumvarps þess um sama efni, sem lagt var fyrir Alþingi 1921 og 1922, sjá Alþingistíðindi 1921 A, bls. 217—31 og Alþingistíðindi 1922 A, bls. 165.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir óbreytt eins og það lá fyrir síðasta þingi. Málið var fyrst í neðri deild, og nefnd skipuð í það, er sömuleiðis hafði vatnamálið til meðferðar, en ekkert álit kom frá nefndinni. Samt sem áður þykir líklegt, að nefndin hafi nokkuð íhugað málið, sem auk þess er gamall gestur. Þykir því eðlilegast, að leggja það óbreytt fyrir, enda stjórninni innan handar að ræða við væntanlega nefnd um þær breytingar, er henni kynnu að þykja æskilegar.

15. Frumvarp

til laga um afnám biskupsembættisins.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Biskupsembættið skal lagt niður. Vígslubiskuparnir annast vígslur.

Að öðru leyti skal störfum þeim, er nú hvíla á biskupi, með konungsúrskurði skift á milli stjórnarráðs, vígslubiskupa og prófastanna.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Það er ekkert nýmæli sem hjer er farið fram á.

Á þinginu 1881 kom fram frumvarp um afnám biskupsembættisins. Flutningsmenn voru 5. En frumvarpið kom aldrei til umræðu. Á Alþingi 1891 kom aftur fram frumvarp um að þetta embætti skyldi lagt niður, ásamt amtmanna- og landshöfðingjaritaraembættinu. En frumvarpsgreinin um afnám biskupsembættisins var feld eftir aðra umræðu í neðri deild með 10 atkv. gegn 9. Á Alþingi 1903 var borið fram frumvarp um aðra skipun á biskupsembættinu og skyldi það sameinað forstöðumannsembættinu við prestaskólann. Frumvarp þetta var samþykt í neðri deild með öllum atkvæðum gegn 2, en i efri deild var það afgreitt með rökstuddri dagskrá. Loks var samþykt á Alþingi 1905 þingsályktunartillaga um að skora á landsstjórnina, að veita ekki biskupsembættið, þó það losnaði, fyr en ræddar hefðu verið tillögur milliþinganefndar i kirkjumálum.

Á þessu má sjá að ekki hefir verið kyrt um biskupsembættið síðustu 40 árin. Enda mun það í seinni tíð hafa vakað fyrir mörgum, að embættið væri að miklu leyti óþarft. Á meðan landshöfðingjaembættið var við líði, vildu menn skifta störfum biskups milli þess og prófasta landsins. Nú er sjálfsagt að skifta störfunum aðallega á milli stjórnarráðs og prófasta.

Erindisbrjef fyrir biskup á Íslandi er frá 1. júlí 1746, og eru störf þeirra talin þar upp. En þau hafa breytst að mun við seinni löggjöf, sem hefir dregið úr biskupsvaldinu. Biskupsstörfin eru nú aðallega sem hjer greinir.

1. Biskup vísiterar landið við og við. Á þessum ferðum mun biskup líta eftir kirkjum og munum eða gripum þeirra, spyrjast fyrir um sambúð prests og safnaðar o. fl. Yfirleitt mun mega segja, að þessar vísitasíuferðir komi að litlu gagni. Enda ber þess að gæta, að próföstum ber að jafnaði árlega að vísitera allar kirkjur í prófastsdæminu.

2. Biskup á að sjá um *að* prestar húsvitji prestaköll sín, *að* prestar haldi fyrirskipaðar embættisbækur og færi þær vel, *að* nóg sje til af guðsorðabókum í landinu, *að* prestar kenni rjetta lærdóma þjóðkirkjunnar. Þetta eftirlit mætti sem best fela próföstunum.

3. Biskup framkvæmir vigslur. Þessi störf mundu að sjálfsögðu verða falin vígslubiskupunum, sem nú samkvæmt lögum um vígslubiskupa 30. júlí

1909 vígja presta í forföllum biskups, og einnig biskup, ef svo stendur á að hinn fráfarandi biskup getur ekki gert það.

4. Biskup á forsæti á synodus, sbr. tilsk. 23. ág. 1904. Á synodus er nú aðallega ekki annað gert en að ræða ýms kirkjuleg málefni og aðalstarf biskupsins er því að stýra þessum klerkafundi. Forsæti synodusar mætti vel fela vígslubiskupnum í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna.

5. Biskup veitir fermingarleyfi. Þau mundu verða falin prófóstunum til afgreiðslu.

6. Biskup auglýsir laus prestaköll, og sendir landsstjórninni skýrslu um hver sótt hafi, og hvort umsækjendur fullnægi kröfum til prestsskapar. Þá er prestskosning hefir farið fram eru atkvæðaseðlar sendir til yfirkjörstjórnarinnar í Reykjavík, en í henni á biskup sæti, sem telur upp atkvæðin (sbr. lög um veitingu prestakalla, 3. nóv. 1915). Það virðist með öllu óþarfa umstang, að láta talningu atkvæða fara fram í Reykjavík. Miklu einfaldara og jafntrygt að láta hlutaðeigandi prófast og 2 menn í hjeraði telja atkvæðin. Hinum öðrum störfum biskups samkvæmt nýnefndum lögum er vandalaust að skifta á milli stjórnarráðs og prófasta.

7. Biskup hefir enn þá umsjón yfir nokkrum sjóðum, flestum smáum, stærstur er hinn almenni kirkjusjóður.

8. Loks tekur biskup á móti nokkrum skýrslum frá prófóstum, t. d. yfir fædda og dána, fermda, gifta og um altarisgöngur og messuföll.

Með framanskráðu þykir vera gjörð grein fyrir því, að það sje engum vandkvæðum bundið að afnema þetta embætti. Dagleg skrifstofustörf biskups munu ekki vera umfangsmikil, svo skrifstofukostnaður stjórnarráðsins mundi ekki vaxa neitt að mun, þótt ýms af skrifstofustörfum biskupsembættisins yrðu lögð undir það. Hins vegar er einnig störfum þeim, er lögð yrðu undir prófastana, þannig varið, að þau ættu ekki að þurfa að hafa neinn nýjan kostnað í för með sjer.

Við afnám biskupsembættisins mundi því ríkissjóði sparast árlega:

1. Laun biskups nú . .	kr.	9500,00
2. Skrifstofukostnaður . .	—	3500,00
3. Vísitasíuferðir 1922 . .	—	1200,00
Alls	kr.	14200,00

Þó verður að geta þess, að þar sem vígslubiskupnum öðrum verður falið að vígja presta, verður árlega að gera ráð fyrir einhverri upphæð til greiðslu ferðakostnaðar vígslubiskups, þegar svo stendur á, að hann þarf að takast ferð á hendur til að vígja.

Ástæðurnar fyrir því að frumvarp þetta er framkomið frá stjórnarinnar hálfu eru hinar sömu sem ástæðurnar til hinna annara breytinga stjórnarinnar á ýmsum embættum landsins, sumpart beinn sparnaður fyrir ríkissjóð, sumpart óbeinn sparnaður, sem fæst við það, að millumliðir leggjast niður, en störfin sameinast sem mest á eina hönd, með öðrum orðum embættisbáknið minkar og verður alt einfaldara og því kostnaðarminna.

Ætlast er til að hin nýja skipun á biskupsembættinu komist á þegar núverandi biskup lætur af embætti.

16. Frumvarp

til laga um afnám landlæknisembættisins og stofnun heilbrigðisráðs.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Landlæknisembættið skal lagt niður.

2. gr.

Í Reykjavík skal stofna heilbrigðisráð, er sje skipað 3 mönnum, hjeraðslækninum í Reykjavík og 2 prófessorum úr læknadeildinni við Háskóla Íslands, er deildin kýs.

3. gr.

Störfum þeim, er nú hvíla á landlækni, skal með konungsúrskurði skift á milli stjórnarráðs og heilbrigðisráðsins.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Landlæknisembættið var stofnað með konungsúrskurði 18. mars 1760, en erindisbrjef fyrir landlæknirinn yfir Íslandi er frá 25. febr. 1824. Eru skyldur hans og störf þar talin upp í 32 greinum, og voru aðallega þessi:

1. Að vitja sjúkra, veita almenningi leiðbeiningar í matarræði og öllu því, er gat stuðlað til þess að fyrirbyggja sjúkdóma og útrýma þeim.

2. Að vera viðstaddur, ef þess var kostur, allar líkskoðanir.

3. Að skoða lyfjabúðir ásamt hlutaðeigandi hjeraðslækni.

4. Að hafa umsjón með ljósmæðrum, og sjá um að störfum þeirra væri gengt á sæmilegan hátt.

Eins og gefur að skilja er verksvið landlæknis nú á dögum orðið nokkuð annað. En í fáum orðum má svo heita að landlæknisembættinu fylgi stjórn allra heilbrigðismála landsins.

Allir þeir, er hafa lækningaleyfi, eru háðir eftirliti landlæknis. Hann á að gæta þess að læknar haldi öll ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins, og hann getur heimtað af þeim þær sjúkdómsskýrslur, er hann telur nauðsynlegar, og landlæknir getur til bráðabirgða svift lækni lækningaleyfi. Lög um lækningaleyfi 11. júlí 1911.

Landlæknir er kennari yfirsetukvennaskólans í Reykjavík. Lög um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík 22. okt. 1912. Hann semur og reglugjörð um skyldur yfirsetukvenna og gjöld fyrir aukaverk þau, er þær inna af hendi. Yfirsetukvennalög 22. okt. 1912.

Stjórnarráðið getur í samráði við landlæknir fyrirskipað almenna bólusetningu um land alt, og landlæknir semur reglugjörð um opinberar bólusetningar og bóluskoðanir. Lög um bólusetningar 27. sept. 1901.

Landlæknir er í stjórn spítala handa holdsveikum mönnum. Lög um út-

búnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum 4. febr. 1898. Hann hefir á hendi yfirstjórn geðveikrahælisins á Kleppi ásamt öðrum manni, er stjórnarráðið skipar, en undir eftirliti stjórnarráðsins. Reglugjörð um afnot geðveikrahælisins á Kleppi 14. febr. 1908.

Landlæknir tekur á móti skýrslum frá læknum og býr til fyrirmyndir að eyðublöðum undir þær. Sjá t. d. lög um dánarskýrslur 11. júlí 1911.

Landlæknir tekur þátt í samningu gjaldskrár um borgun fyrir störf hjeraðslækna. Lög um skipun læknishjeraða o. fl. 16. nóv. 1907.

Landlæknir hefir ýms mjög áríðandi og ábyrgðarmikil störf á hendi samkvæmt lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma 1907. Hann á að sjá um og ákveða hverjar varnir skulu viðhafðar gegn útbreiðslu sjúkdómsins, og þá er mikil hætta vofir yfir, skal landlæknir sjálfur fara þangað sem sjúkdómurinn gengur til eftirlits. Enn fremur ber honum að vera á vaðbergi þegar hætta er á að næmir sjúkdómar berist til landsins frá útlöndum.

Af störfum þeim sem að framan eru talin eru flest þannig, að vel má leggja þau undir stjórnarráðið, en hins vegar sum þeirra þess eðlis og svo umfangsmikil, að varla er forsvaranlegt að leggja þau á herðar eins manns. Er hjer sjerstaklega átt við þær ráðstafanir, sem þarf að gera, þegar hættulegar og næmar sóttir ganga um landið eða þegar verja þarf þjóðina fyrir pestum er geta borist til landsins frá útlöndum. Í þessum tilfellum er tryggilegra, að ráðin sjeu i höndum fleiri manna, því betur sjá augu en auga. Þá er og að gæta þess, að eitt af aðalstörfum landlæknis var eftirlitið með lyfjabúðum landsins, en nú er þessum starfa ljett af landlæknisembættinu með lögum um einkasölu á áfengi frá 27. júní 1921, 4. gr. Að sönnu hefir landlæknir farið eftirlitsferðir til lækna landsins, en þetta er þó ekki svo umfangsmikið starf að þess vegna þurfi að halda landlæknisembættinu við líði. Eftirlitinu með læknum landsins má koma svo fyrir, að maður yrði við og við sendur til þessa, samkvæmt tillögum heilbrigðisráðsins.

Skrifstofukostnaður landlæknis, sem nú er um kr. 2000,00 á ári, ætti að vera nægilegur til skrifstofukostnaðar og þóknunar fyrir heilbrigðisráðið, og er þá beint sparað við afnám þessa embættis árslaun landlæknis, sem nú eru kr. 9500,00.

Ætlast er til að hin nýja skipun á heilbrigðismálunum komist á þegar núverandi landlæknir lætur af embætti.

17. Frumvarp

til laga um afnám yfirskjalavarðarembættisins við Þjóðskjalasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Embættið sem yfirskjalavörður við Þjóðskjalasafn Íslands skal afnumið, og störf yfirskjalavarðar lögð undir landsbókavörð.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um Þjóðskjalasafn Íslands 3. nóv. 1915, 2. gr.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Það virðist ekki einum manni otvaxið að hafa á hendi bæði yfirstjórn landsbókasafnsins og þjóðskjalasafnsins. Það er ætlast til þess, að embættin verði sameinuð þegar annaðhvort þeirra losnar. En störf þessara embættismanna eru svo náskyld að hvort heldur yfirskjalavarðarembættið eða landsbókavarðarembættið losnar fyrst getur sameining embættanna þegar komið til framkvæmdar. Ef svo skyldi fara, þegar annaðhvort þessara embætta losnar, að núverandi landsbókavörður eða yfirskjalavörður vildu ekki hlíta samsteypunni, verður að veita hlutaðeigandi embætti með þeim fyrirvara að sá hinn sami verði skyldaður til þess á sínum tíma að taka sameining embættanna.

Með frumvarpi þessu sparast fyrir ríkissjóð laun yfirskjalavarðar, sem nú eru kr. 9500,00.

18. Frumvarp

til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Kynsjúkdómar eru þrír sjúkdómar nefndir einu nafni í lögum þessum: syfilis: lekandi (gonorrhoe) og linsæri (ulcus molle). Taka lögin að eins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

Smitandi eru sjúkdómar þessir taldir meðan þess finnast merki, að smitunarhætta stafi af sjúklingnum. Heilbrigðisstjórnin ákveður, hver þau sjeu svo og hversu rannsókn sýktra og grunaðra skuli framkvæmd.

2. gr.

Hjeraðslæknar skulu, með aðstoð lögreglustjóra, sjá um allar framkvæmdir eftir lögum þessum, hver í sínu hjeraði, er miða að því að verjast sjúkdómum þessum eða útrýma þeim, skrásetningu sjúkra og lækningu þeirra, en yfirstjórn allra ráðstafana hefir heilbrigðisstjórnin á hendi.

3. gr.

Allir læknar skulu skyldir til að skrásetja sjerstaklega sjúklinga með syfilis á þann hátt, er heilbrigðisstjórnin leggur fyrir.

Skráningu skal þannig hagað, að sjúklinga megi þekkja sundur, svo eigi sje hætta á, að þeir verði margtaldir, en jafnframt vissa fyrir, að nöfn þeirra þekkist ekki.

Einkennismerki sjúklinga skulu tilfærð með glöggu letri á mánaða- eða vikuskrám þeim, sem öllum starfandi læknum skal skylt að senda hjeraðslækni í lok hvers mánaðar eða viku. Á sama hátt skal hjeraðslæknir skrá einkennismerki allra syfilissjúklinga, er vitjað hafa lækna í hjeraðinu, á mánaðar eða vikuskrám þeim, sem hann sendir landlækni.

Hjeraðslæknar skulu halda sjerstaka bók yfir sjúklinga með syfilis eða spjaldskrá og með því skipulagi, sem heilbrigðisstjórnin leggur fyrir. Í bók þessa má eigi skrá nöfn sjúklinganna heldur að eins einkennismerki þeirra. Börn, sem standa undir eftirliti læknis, skal þó skrá með nafni og heimilisfangi.

Heilbrigðisstjórnin getur krafist þess, að aðrir kynsjúkdómar sjeu og skráðir á sama hátt svo og þeir, sem alvarlega eru grunaðir um að hafa smitað aðra með kynsjúkdómi, þó eigi hafi fundist óræk merki þess að þeir væru sjúkir.

4. gr.

Hver, sem sýkist af kynsjúkdómi, eða hefir grun um að svo sje, skal skyldur að leita sjer læknishjálpar þegar í stað og til þess að smitunarhætta er afstaðin. Skylt er honum að fara eftir fyrirmælum þeim, sem læknir gefur honum um meðferð sjúkdómsins og varúð við því, að hann smiti aðra. Leiti nú sjúklingurinn annars læknis, áður sjúkdómurinn er fulllæknaður, skal hann tilkynna það með læknisvottorði þeim lækni, er fyrst hafði hann til meðferðar.

5. gr.

Heimilt er hverjum sjúklingi að leita til hvers læknis er vill, en í hverju læknishjeraði skal að minsta kosti vera einn læknir, sem veiti þeim sjúklingum ókeypis læknishjálp, sem kröfu eiga til hennar samkvæmt lögum þessum.

Í öllum læknishjeruðum, þar sem ekki er sjerfræðingur í þessari grein, er það hjeraðslæknir, sem veitir ókeypis læknishjálp og ber honum borgun fyrir hana úr ríkissjóði samkvæmt gjaldskrá hjeraðslækna. Þar sem um sjerfræðing eða sjerfræðinga er að gera, skal þeim, auk hjeraðslæknis, falið að veita þessa læknishjálp, enda fullnægi þeir þá þeim kröfum, er heilbrigðisstjórnin gerir til sjerfræðinga. Þeim ber borgun eftir því, er ráðherra ákveður með ráði landlæknis.

6. gr.

Ókeypis læknishjálp skal veita öllum, sem ekki hafa efni á að greiða hana sjálfir, en krefjast má af þeim vottorðs um það, að viðlögðum drengskap. Slík ókeypis hjálp nær til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna, lyfja, umbúða og sjúkrahúsvistar, og greiðist hún úr ríkissjóði.

7. gr.

Nú koma kynsjúkdómar upp eða taka að breiðast út á stað, þar sem læknislaust er eða erfitt að ná í fullkomna læknishjálp, og skal þá heilbrigð-

isstjórnin senda lækni, svo fljótt sem auðið er, til þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og veita sjúklingum læknishjálp. Kostnaður við slíkar ráðstafanir greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Læknir skal taka skýrt fram við sjúklinga með kynsjúkdóma, hvað að þeim gangi. Þá skal hann skýra vandlega fyrir þeim, hversu sjúkdómurinn smiti, hverrar varúðar beri að gæta og að hegningu varði, ef út af er brugðið, samkvæmt hegningarlögum. Sjerstaklega skal það tekið fram, hve langvinnur sjúkdómurinn geti verið og lækniseftirlit nauðsynlegt um langan tíma svo og að sjúklingar megi ekki giftast meðan smitunarhætta stafar af þeim. Þá skal og læknir fá hverjum sjúklingi, sem leitar í fyrsta sinn læknis vegna kynsjúkdóms, prentaðar leiðbeiningar, sem heilbrigðisstjórnin lætur í tje.

Nú telur læknir, að ástæður sjúklings sjeu slíkar, að nauðsynlegt sje, að skýra honum ekki fyrst um sinn frá því, hvað að honum gangi, þá skal honum það heimilt, ef hann telur ekki stafa hersýnilega smitunarhættu af því, en þó ekki lengur en mánaðartíma, nema heilbrigðisstjórnin hafi gefið leyfi til þess.

Ef sjúklingurinn er yngri en 16 ára, skal skýra foreldrum barnsins eða forráðamönnum frá ástæðum öllum og hverrar varúðar beri að gæta. Bera þeir þá ábyrgð á því, að farið sje eftir fyrirmælum læknis.

9. gr.

Nú verður læknir þess vís, að sjúklingur, sem hann hefir til meðferðar, fer ekki eftir þeim reglum, sem honum hafa verið gefnar, hvort heldur sem snertir lækningu sjúkdómsins eða varúðarreglur, þá skal hann tafarlaust senda honum skriflega áminningu og benda honum á hverju varði, ef óhlýðnast er. Komi það fyrir ekki og sjúklingurinn fáist heldur ekki til að leita annara lækna, skal hann áður vika er liðin tilkynna það lögreglustjóra. Sjer hann þá um, að sjúklingurinn verði fluttur í sjúkrahús eða að hann leiti sjer á annan hátt læknishjálpar meðan smitunarhætta stafar af honum.

10. gr.

Nú tekur læknir sjúkling til meðferðar, sem nýlega hefir smitast hjer á landi, þá skal haan vandlega grenslast eftir af hverjum og hvernig hann hefir smitast.

Ef sá býr innanhjeraðs, sem talið er, að valdið hafi smitun, skal læknir senda honum tafarlaust skrifleg tilmæli að koma til sín til rannsóknar, en nefna þó ekki nafn þess, er til hans sagði. Vanræki hann það, skal senda honum, áður en vika er liðin, skriflega áminningu og taka fram hverju varði, ef óhlýðnast er. Beri hún engan árangur, skal tilkynna það lögreglustjóra, og sjer hann þá um, að hinn grunaði verði lagður í sjúkrahús, eða á annan hátt skoðaður af lækni.

Nú er sá í öðru læknishjeraði, sem talið er, að smitun hafi hlotist af, og skal þá læknir tilkynna hlutaðeigandi hjeraðslækni tafarlaust með símskeyti, hver hann sje, og sjer hann þá um rannsókn hans. Slík símskeyti skulu vera á dulmáli eftir því, sem heilbrigðisstjórn ákveður.

11. gr.

Komist læknir að því, að sjúklingur með kynsjúkdóm hafi í hyggju að ganga í hjónaband áður en smitunarhættu er lokið, skal hann senda sjúklingnum tafarlaust skriflega áminningu og benda honum á hverri hegningu slíkt varði.

Nú þykist læknir hafa fulla ástæðu til að ætla, að slík áminning verði ekki tekin til greina, og skal hann þá tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi presti eða lögreglustjóra, að sjúklingurinn hafi kynsjúkdóm, og er það lögmætur meinbugur á hjónbandi.

12. gr.

Nái sjúkdómar þessir svo mikilli útbreiðslu í bæ eða bygðarlagi, að heilbrigðisstjórnin telji það nauðsynlegt, getur hún krafist þess, að þeim einum sje leyft að ganga í hjónaband, sem sannað geta með læknisvottorði, að þeir hafi ekki smitandi kynsjúkdóm.

Heilbrigðisstjórnin ákveður, hvernig vottorð þessi skulu stíluð.

13. gr.

Öll börn, yngri en 16 ára, sem sýkst hafa af syfilis eða eru fædd með þann sjúkdóm, skulu standa undir lækniseftirliti og foreldrar eða forráðamenn þeirra ábyrgjast að fyrirmælum læknis sje hlýtt.

Slíkum börnum má ekki koma í fóstur, nema hlutaðeigendum hafi verið skýrt frá sjúkdómi þeirra og læknir hafi gefið samþykki til þess.

Aðrar konur en móðirin mega ekki hafa þau á brjósti.

Flytji barnið úr hjeraðinu, skal tilkynna lækni flutninginn og hvert það fer. Skal hann þá skýra hjeraðslækni þess hjeraðs frá því og hvernig sjúkdómi barnsins er farið.

Sömu ákvæði gilda og börn innan þriggja mánaða, þó heilbrigð virðist, ef ekki eru liðin full 5 ár frá því að annað foreldra eða bæði hafa haft syfilis.

14. gr.

Sjúklingar með smitandi syfilis mega ekki fóstra heilbrigð börn, og ekki starfa að matsölu, matreiðslu eða veitingum, nema með sjerstöku leyfi læknis.

15. gr.

Á öllum, sem vegna starfs síns, samkvæmt lögum þessum, komast að nöfnum sjúklinga og heilsufari þeirra, hvílir ströng þagnarskylda. nema þeim sje skylt að lögum að láta slíkt uppi eða nauðsyn ber til þess vegna yfirvofandi smitunarhættu,' svo sem ef læknis er ekki leitað eða varúðarreglur að engu hafðar og eigi verður á annan hátt úr því bætt.

16. gr.

Lyfsölum og öðrum verslunum er óheimilt að selja lyf og tæki, er líklegt þykir að nota skuli til meðferðar á kynsjúkdómum, nema eftir ávísun læknis. Heilbrigðisstjórnin ákveður hver slík lyf og tæki eru.

17. gr.

Heilbrigðisstjórnin getur krafist þess, að kensla um kynsjúkdóma og varnir gegn þeim sje tekin upp í þeim skólum, sem hún telur þess mesta nauðsyn. Kenslunni skal í öllum aðalatriðum hagað svo sem hún mælir fyrir.

Öll íslensk skip skulu skyld til þess að láta alþýðlega bók um kynsjúkdóma og eitt eintak af lögum þessum fylgja lyfjakistli skipsins.

Þar sem sjerstök hætta stafar af kynsjúkdómum, miklar útlendar skipakomur eru, síldarstöðvar o. þvíl. skal hjeraðslækni sjerstaklega skylt að að vinna árlega að því, eftir samráði við heilbrigðisstjórnina, að efla þekkingu almennings á sjúkdómum þessum, hættunni, sem af þeim stafar, og helstu vörnum gegn þeim.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutun Læknafjelags Íslands. Málið var á dagskrá aðalfundar fjelagsins 1919 og var þá samþykt áskorun til heilbrigðisstjórnarinnar »að taka rækilega til athugunar, hversu hefta megi útbreiðslu samræðissjúkdóma hjer á landi og beitast fyrir því, að nauðsynlegar ráðstafanir sjeu gerðar í þessa átt«. Varð þetta til þess, að gefin var út, að tilhlutun stjórnarráðsins, alþýðleg bók um sjúkdóma þessa (Samræðissjúkdómar eftir Guðm. Hannesson Rvík 1920).

Á næsta fundi fjelagsins (1921) var málið enn á ný til umræðu. Var þá kosin 3ja manna nefnd til þess að semja frv. til laga um varnir gegn samræðissjúkdómum. Skyldu þar þessi atriði tekin til greina:

1. Að almenningi væri sjeð fyrir nauðsynlegri fræðslu um sjúkdóma þessa.
2. Að tryggðar væru rækilegar skýrslur um þá og útbreiðslu þeirra.
3. Að sjúklingar væru skyldaðir til, að leita sjer tafarlaust læknishjálpar og svo lengi sem smitunarhætta stafar af þeim.
4. Að læknishjálp og spítalavist væri ókeypis að minsta kosti fyrir fátæka.
5. Að brot gegn lögunum varðaði hæfilegri refsingu.

Nefndin samdi síðan frv. þetta og hefir landlæknir farið þess á leit við stjórnarráðið, að það greiddi fyrir málinu á þingi.

Það er alkunnugt, að sjúkdómar þessir eru hin mesta landplága í öðrum löndum og þar er stórfje varið til þess að verjast þeim. Í stórborgunum sýkjast um og yfir 10% karlmanna. Hjer höfum vjer lítið haft af þessari hættu að segja og verið algerlega lausir við þessa sjúkdóma fram undir síðustu aldamót. En eftir það flytjast þeir inn í landið og eru nú orðnir hjer landlægir, en að vísu eigi mjög útbreiddir. Má sjá útbreiðslu á syfilis og lekanda (linsæri er fágætara og skiftir minnu) á eftirfarandi yfirliti, sem sýnir tölu sjúklinga að meðaltali á ári hverju:

	Lekandi.	Syfilis,
1896—1900	29	4 (ca).
1906—1910	117	14
1911—1915	132	23
1916—1920	159	23

Aðallega eru það stærri kauptúnin, sem hafa orðið gróðrarstía fyrir þessa kvilla, en einnig hafa þeir þó borist langt upp til sveita. Sje ekkert hafst að, má telja það óefað, að útbreiðslan verði hjer svipuð því sem gerist erlendis eða meiri. Þegar svo er komið er erfitt aðgerða og afardýrt.

Það hefir vakað fyrir Læknafjelagi Íslands, að ófyrirgefanlegt væri, að bíða aðgerðalaus, þangað til alls er orðið um of seinan. Enn er mestur hluti landsmanna laus við þessa sjúkdóma, enn er von til þess að geta útrýmt þeim úr landinu og enn eru varnir gegn þeim ekki óviðráðanlegar fyrir kostnaðarsakir.

Um einstök atriði frv. er fátt að segja. Það er að flestu verulegu sniðið eftir lögum Svía frá 1918, er þykja með bestu lögum í þessum efnum og lítur út fyrir, að ætli að reynast vel.

Það er þó eitt atriði, sem sjerstaklega þarf að gera grein fyrir: kostnaðurinn.

M. Júl. Magnús læknir hefir reynt að gera nákvæmlega upp reikning 50 sjúklinga, sem hann hefir haft til meðferðar. Allur kostnaður, þar með talin spítalavera, læknishjálp, lyf o. fl. hefir orðið að meðaltali 90 kr. fyrir sjúkling. Sje nú gert ráð fyrir í mesta lagi 200 sjúklingum á ári, sem allir nytu ókeypis hjálpar ætti kostnaðurinn að nema í mesta lagi 18,000 kr. á ári. En nú ber þess að gæta, að ekki allfáir af sjúklingunum eru útlendingar og greiða kostnaðinn sjálfir. Þá verða og ætíð nokkrir, og ef til vill margir, sem ekki nota sjer ókeypis hjálp, heldur fara til lækna, sem þeir eru vanir að leita til, húslækna o. þvíl. eða eru svo efnum búnir, að ókeypis hjálp kemur ekki til tals. Virðist því auðsætt, að kostnaðuriun muni nema mun minna en 18000 kr., hve miklu er erfitt um að segja, fyr en nokkur reynsla er fengin.

Að sjálfsögðu verður, á þessum tímum, að forðast sem mest öll ný útgjöld fyrir ríkissjóð. Að öllum líkindum er hjer um mikinn sparnað að ræða, þó útgjöld fylgi í bili, ef frv. þetta yrði að lögum, því slík lög komast óefað á, er sjúkdómarnir taka fyrir alvöru að breiðast út og þá verður kostnaðurinn margfaldur, auk þess sem lífi manna og heilsu er stefnt í augljósan voða.

19. Frumvarp

til laga um vitabyggingar.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta framkvæma eftir því sem vinnukraftur sá, sem vitamálastjórnin hefir á að skipa og önnur atvik og ástæður leyfa, bygging vita þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Þá er og ríkisstjórninni heimilt að setja upp sjómerki á landi og sjó þar sem þörf gerist og hentugt þykir.

Bygging vitanna framkvæmist eftir þeirri röð, er ríkisstjórninni með ráðum vitamálastjóra þykir rjett.

Einnig er ríkisstjórninni heimilt að framkvæma þær breytingar og endurbætur á vitum þeim, er þegar eru bygðir, sem reynslan sýnir að nauðsynlegar sjeu.

2. gr.

Vitar þeir er ríkisstjórninni heimilast að byggja, eru þeir, er hjer greinir:

A. Stærri vitar (ljósmagn meira en 12 sm.).

1. Þjófaklettsviti við Borgarfjörð.
2. Hjörseyjarviti á Mýrum.
3. Krossnesviti við Grundarfjörð (eða Melrakkaey).
4. Klofningsviti við Flatey á Breiðafirði.
5. Látravíkurviti við Horn.
6. Hrúteyjarviti við Hrútafjörð.
7. Heggstaðanesviti við Húnaflóa.
8. Blönduósviti við Húnaflóa.
9. Hegranesviti við Skagafjörð.
10. Straumnesviti við Skagafjörð.
11. Grímseyjarviti í Grímsey.
12. Tjörnesviti á Tjörnesi.
13. Rauðagnúpsviti á Sljettu.
14. Höfðaviti hjá Raufarhöfn.
15. Grenjanesviti á Langanesi.
16. Svínalækjartangaviti á Langanesi.
17. Digranesviti milli Bakkaflóa og Vopnafjarðar.
18. Kolbeinstangaviti í Vopnafirði.
19. Glettinganesviti milli Borgarfjarðar og Loðmundarfjarðar.
20. Seleyjarviti við Reyðarfjörð.
21. Hálsaviti við Hestgerðislón.
22. Mýrartangaviti á Mýrum í Skaftafellssýslu.
23. Elliðaeyjarviti í Vestmannaeyjum.

B. Minni vitar (ljósmagn minna en 12 sm.).

1. Borgareyjarviti við Borgarfjörð.
2. Rauðanefsviti við Borgarfjörð.
3. Borgarnesviti við Borgarfjörð.
4. Búðaviti sunnanvert á Snæfellsnesi.
5. Stapaviti sunnanvert á Snæfellsnesi.
6. Sandsviti undir Jökli.
7. Ólafsvíkurviti undir Jökli.
8. Vatneyrarviti við Patreksfjörð.
9. Suðureyrarviti við Tálknafjörð.
10. Steinanes- eða Langanesviti við Arnarfjörð.
11. Þingeyrarviti við Dýrafjörð.
12. Flateyrarviti við Önundarfjörð.
13. Suðureyrarviti við Súgandafjörð.

14. Bolungavíkurviti við Ísafjarðardjúp.
15. Æðeyjarviti við Ísafjarðardjúp.
16. Sljettueyrar- eða Grunnavíkurviti við Ísafjarðardjúp.
17. Hrúteyjarnesviti við Ingólfsfjörð.
18. Ingólfsfjarðarviti við Ingólfsfjörð.
19. Krossanesviti milli Ingólfsfjarðar og Norðurfjarðar.
20. Naustvíkurviti við Reykjarfjörð.
21. Borðeyrarviti við Hrútafjörð.
22. Hvammstangaviti við Miðfjörð.
23. Skagastrandarviti við Húnaflóa.
24. Selnesviti við Skagafjörð.
25. Hofsósviti við Skagafjörð.
26. Haganesviti hjá Haganesvík.
27. Dalatárviti við Siglufjörð.
28. Húsavíkurviti við Skjálfanda.
29. Kópaskersviti við Axarfjörð.
30. Bakkafjarðarviti við Bakkafjörð.
31. Skipahólmsviti við Vopnafjörð.
32. Bakkagerðisviti við Borgarfjörð eystri.
33. Brekkuviti við Mjóafjörð.
34. Grímutangaviti við Reykjarfjörð.
35. Stöðvarfjarðarviti við Stöðvarfjörð.
36. Breiðdalsvíkurviti við Breiðdalsvík.
37. Hvalsnesviti við eystra Horn.
38. Þorlákshafnarviti við Þorlákshöfn.
39. Hópsnesviti við Grindavík.
40. Stafnesviti á Miðnesi.

C. Þokulúðursstöðvar:
1. Seley.
2. Stokksnes.
3. Reykjanes.
4. Grótta.
5. Siglunes.

3. gr.

Til byggingar vita þeirra og þokulúðursstöðva, sem talin eru í 2. gr., til sjómerkja og endurbóta eldri vita samkvæmt 1. grein, og til annara mannvirkja er þar að lúta, heimilast ríkisstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð ríkisins, er endurgreiðist á 20—30 árum. Vexti og afborganir af lánum þessum skal telja með öðrum gjöldum ríkissjóðs.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt með ráði vitamálastjóra að breyta um legu vitanna eftir því sem hentugra kynni að þykja, en þó svo, að þeir komi þeim svæðum að gagni, sem framantöldum vitum er ætlað að ná til.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er upphaflega samið af vitamálastjóra, og var það lagt fyrir Alþingi sumarið 1917 af sjávarútvegsnefnd (Alþ.tíð. 1917 A. bls. 929—32) í neðri deild. Málinu var yfirleitt vel tekið, en þótti ekki nógu vel undir búið, og svo þótti æskilegt, að slíkt frumvarp kæmi frá stjórninni. Með rökstuddri dagskrá var málinu vísað til landsstjórnarinnar til frekari undirbúnings (sst. bls. 1220).

Málið hefir síðan að mestu hvílt sig, nema skipstjórafjelagið »Aldan« hefir sent álitsskjal um málið.

Með því að nú hafa verið samin og sett lög um brúargerðir, lög nr. 62, 28. nóvbr. 1919, og brýr síðan gerðar samkvæmt þeim lögum, þykir ástæða til að koma fram með frumvarpið á ný, því að sömu ástæður liggja til þess að setja lög um vitabyggingar sem brúargerðir. Vitamálastjórinn hefir því endursamið frumvarpið, og þykir stjórninni nú rjett að leggja það fyrir þingið.

Þessar eru helstu breytingar frá frumvarpi því, sem lá fyrir þinginu 1917: Afskifti Eimskipafjelagsins og Fiskifjelags Íslands af vitamálum eru feld burtu því að það virðist óþarft að hafa bein ákvæði um það í lögunum, því að auðvitað geta þessi fjelög komið fram með óskir sínar eins og önnur fjelög og einstaklingar, enda hálf óviðkunnanlegt að lögfesta einkafjelög sem ráðunauta. Ef æskilegt þykir að hafa fasta ráðunauta, væri heppilegra að stjórnin skipaði 2 menn, annan af hálfu fiskiveiðanna, en hinn af hálfu siglingamanna.

Þá hefir verið breytt til um vexti og endurgreiðslu lána af þessum ástæðum.

Það var ákveðið í fyrstu þegar vitagjaldslögin voru til umræðu 1877, að vitagjaldið skyldi borga reksturskostnað vitanna, en ekki ganga jafnframt til greiðslu skulda vegna bygginga nýrra vita. Þessari reglu hefir reyndar ekki verið fylgt. Fram að árslokum 1921 hefir alls verið innborgað vitagjald kr. 1085490.81 en rekstursfjeð hefir verið samtals frá fyrstu kr. 595311.60 og hefir því ríkissjóður haft upp undir hálfa miljón kr. ágóða af vitunum. Nú er hjer talað um að setja upp 23 stærri vita, 40 leiðarljós og 5 þokulúðursstöðvar. Gert er ráð fyrir að þau kosti öll eftir núverandi verðlagi um 1700000 kr. og að þegar þeir eru komnir muni fara til reksturskostnaðar, launa og stjórnar um 190000 kr. árlega. Sem stendur er vitagjaldið 160000 kr. og mun því ekki hrökkva til að greiða hinn árlega vitakostnað. Reyndar má gera ráð fyrir, að reksturskostnaður heldur lækki, og að vitagjaldið hækki með vaxandi siglingum, svo sennilega mun mismunurinn ekki verða eins mikill og hjer gert er ráð fyrir. En samt eru ekki neinar líkur til, að vitagjaldið nægi til að borga bæði reksturs- og byggingarkostnaðinn, enda er sem sagt ekki ætlast til þess frá fyrstu. Og þar sem ríkissjóður, eins og áður var sýnt fram á, þegar hefir fengið um 500000 upp í eldri byggingarkostnað, virðist rjettmætt, að byggingarfjeð ávaxtist og endurgreiðist með öðrum gjöldum ríkissjóðs. Fyrst um sinn má ganga að því vísu, að reksturskostnaður nái ekki upp í vitafjeð, heldur mun verða afgangur af því til byggingar, eins og líka er sem stendur.

Um hækkun vitagjaldsins frá því sem nú er, getur varla verið að ræða, því að taxtinn mun vera með hæsta móti eftir því sem gerist í öðrum löndum.

Kort sem sýnir bæði þá vita, sem þegar eru til, og þá sem fyrirhugaðir eru samkv. frv. mun verða lagt fyrir þingið.

20. Frumvarp

til laga um manntalsþing.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Hreppstjórar halda manntalsþing, hver í sínum hreppi, sama dag og vorhreppaskilaþing er haldið. Skal þar gegnt öllum hinum sömu störfum og gegnt hefir verið á manntalsþingunum hingað til að undanskildum dómsstörfum.

Í kaupstöðum skal í engu breytt um manntalsþingin, og skulu þau haldin í byrjun júlímánaðar ár hvert.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þessi lagaákvæði. Opið brjef 10. febr. 1847 um nokkrar ákvarðanir þeim til trausts, er þinggjaldi eiga að lúka. Lög 27. júní 1921 um breytingu á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð.

Athugasemdir við þetta frumvarp.

Að vísu er það svo, að manntalsþingin eru nú orðin að mestu leyti óþörf, enda víðast hvar á landinu afarilla sótt. En hinsvegar er hjer um gamla stofnun að ræða, sem mörgum hverjum þegar af þeirri ástæðu er sárt um, og vilja því ekki missa. Þá ber og þess að gæta, að ýms störf eru bundin við þessa stofnun, svo sem þinglestur brjefa, gjaldinnheimta, kosning til sýslunefnda o. fl.

Afnám manntalsþinganna mundi því hafa í för með sjer breyting, þó ekki væri stórvægileg, á fjölda mörgum lögum, en það hefir verið ein meginregla stjórnarinnar við samning þess lagabálks um embættabreytingar, er þetta frumvarp stendur í nánu sambandi við, að gera hann þannig úr garði, að sem minst rask yrði á löggjöfinni. Hins vegar er þetta unnið við breytinguna. Sýslumennirnir losna við þingaferðirnar, en til þeirra ganga 10—20 dagar og munu þessar ferðir nú kosta hvern sýslumann 600—800 kr. Hjer er því bæði beint sparaður tími og peningar. Bændum og öðrum, er þingin sækja, er þetta líka sparnaður, því samkvæmt frumvarpi þessu falla þingin saman við vorhreppaskilaþingin. Og enn verður að gæta þess, að ef nýja lögsagnarumdæma-

skipunin kemst á, þá hefði verið miklum erfiðleikum bundið fyrir sýslumanninn að þinga í sumum sýslunum, eins og t. d. í Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Þá má og færa breytingunni það til gildis, að hún íþyngir ekki hreppstjórunum að mun í þeirra stöðu, og að lokum skal það tekið fram, að hreppstjórarnir gegna miklu erfiðari og vandasamari störfum, en þeim, sem eru samfara manntalsþingunum.

Manntalsþingsstörfin má flokka sem hjer segir:

1. Dómþing.

Manntalsþingin eru nú þau einu föstu dómþing á landinu utan Reykjavíkur. Stjórnin hefir fengið skýrslu þá, sem fer hjer á eftir, frá öllum sýslumönnum landsins um hve mörg mál hafi síðustu þrjú árin verið þingfest eða tekin fyrir á manntalsþingunum, og ber skýrslan það með sjer, að í allflestum umdæmunum eru örfá eða engin mál tekin fyrir á þingum. Hjer við bætist að í flestum málum er tekinn frestur og verða þau því ekki útkljáð á manntalsþinginu.

	1920	1921	1922
1. Vestmannaeyjar	»	»	»
2. Arnessýsla	»	1	»
3. Rangárvallasýsla	»	»	»
4. Skaftafellssýsla	1	»	»
5. Norður-Múlasýsla	»	»	32
6. Suður-Múlasýsla	»	»	14
7. Þingeyjarsýsla	»	»	»
8. Eyjafjarðarsýsla	»	»	5
9. Siglufjörður	»	»	»
10. Skagafjarðarsýsla	»	17	»
11. Húnavatnssýsla	5	4	54
12. Strandasýsla	»	»	1
13. Isafjarðarsýsla	3	»	2
14. Barðastrandarsýsla	1	2	2
15. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	»	»	12
16. Dalasýsla	»	»	»
17. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	»	1	2
18. Gullbringu- og Kjósarsýsla	2	4	4

Þar sem tala aðeins stendur í aftasta dálki, vantar upplýsingar um sundurliðun fyrir hvert ár.

Það þótti því rjett að upphefja manntalsþingin utan kaupstaðanna, sem dómsþing, og er það einnig bein afleiðing af því, að hreppstjórunum er falið að halda þau, því þeir eru ólöglærðir menn og því ekki unt að veita þeim yfirleitt dómsvald.

2. Þinglýsingarþing.

Með tilskipun 24. apríl 1833 var svo ákveðið að brjef skyldu lesin á manntalsþingum.

Lengi vel framan af voru hin þinglesnu brjef örfá, og gátu menn því

auðveldlega tylgst með öllum þinglýsingum á þingunum. En þetta er alt breytt, nú eru þinglesin á hverju vori fjöldi brjefa í öllum hinum stærri þinghám, og þinglesturinn fer þannig fram, að sýslumaður les að eins upp nafn aðilja, dagsetning brjefsins og upphæð þess, og þá er einnig getið innihalds þess, hvort það er t. d. afsal, kaupsamningur, o. s. frv.

Það gefur nú að skilja, að þótt ekki sjeu lesin á þennan hátt nema 20—30 brjef, þá getur enginn áttað sig á innihaldi brjefanna, því síður, þegar þau eru orðin 50—70, og þar yfir, eins og á sjer stað í hinum stærri þinghám. Enda er það svo, að þinglýsingunum er enginn gaumur gefinn á manntalsþingunum af þeim fáu mönnum, er sækja þau. Hjer er að eins orðið um formatriði að ræða. Ætlast er til þess, að hjer eftir sendi sýslumennirnir hreppstjórunum fyrir manntalsþingið skjöl þau, er lesa á í hreppnum, og láti fylgja skrá yfir, svo hreppstjóri þurfi ekki annað að gera en innfæra skrána orðrjett í þingbókina og lesa síðan fyrir þingheimi. Að loknu þinginu endursendir hreppstjóri sýslumanni öll brjefin, sem svo veitir þeim venjulega áteiknun. Að sjálfsögðu verður hreppstjóri, eins og hingað til hefir átt sjer stað; að taka á móti brjefum til þinglýsingar á sjálfu manntalsþinginu. Innfærir hann slik brjef í þingbókina, og getur þess í brjefi til sýslumanns að þau hafi verið lesin á þinginu.

Samkvæmt þessu verða manntalsþingin framvegis þinglýsingarþing.

3. Gjaldheimtuþing.

Það má svo heita, að engin breyting verði á gjaldheimtunni, þótt hreppstjórunum verði falið að halda manntalsþingin. Því eins og nú er, þá eru þeir í raun og veru aðalgjaldheimtumennirnir, þótt sýslumaður beri ábyrgð á innheimtunni sem hann og gerir framvegis eftir þessu frumvarpi.

Fyrirkomulagið er nú þetta, að því er manntalsbókagjöldin snertir. Sýslumaður reiknar út manntalsbókina og skrifar svo út úr henni reikning fyrir hvern gjaldanda, þinggjaldsseðil, sem hann svo afhendir á þingunum hlutaðeiganda. En oftast mun það svo, að megnið af seðlunum lendir hjá hreppstjóranum, sökum þess hve fáir mæta á þingunum. Og aðalgreiðslan á þinggjöldunum fer í gegnum hendur hreppstjóranna og verslananna í sýslunni.

Svo lítið innheimtist nú á manntalsþingunum, að sýslumenn verða að hafa með sjer að heiman peninga til þess að geta greitt hreppstjórum og yfirsetukonum laun þeirra.

Eftir nýja fyrirkomulaginu er ætlast til þess, að sýslumaður sendi hreppstjórunum þinggjaldsseðlana, sem svo afhenda þá á þingunum og taka á móti peningunum af þeim, er greiða vilja. Hreppstjórunum verður ekki að neinu leyti íþyngt með þessari gjaldheimtu frá því sem nú er. Því nú er full heimild til þess að gefa þegar út að afstöðnu manntalsþingi, lögtak á hendur gjaldendum þeim, er ekki greiða á þinginu, og afhenda síðan hreppstjóra lögtakslistann. Á þennan hátt er innheimtan í raun og veru komin í hendur hreppstjóranna. Stjórnarráðinu er kunnugt um að einstöku sýslumaður hefir haft þessa aðferð, en látið þess þó getið við hreppstjóra, um leið og lögtakslistinn var afhentur, að þeir gætu, ef þeim svo sýndist, veitt gjaldfrest fram eftir haustinu. Gjaldendum er þetta fyrirkomulag hentugra, því það er venjulega fyrirhafnarminna fyrir þá að koma þinggjaldinu til hreppstjóra síns en

sýslumanns. Og fyrir sýslumann er þetta mikill timasparnaður, að fá þinggjöldin úr hverjum hreppi beint frá hreppstjóra, í stað þess að hafa alt sumarið sífeldan straum af mönnum, sem flestir hverjir eiga ekkert annað erindi en greiða þinggjald sitt. Vitanlegt er það, að þessi innheimta bakar hreppstjórunum mjög mikla vinnu og fyrirhöfn, en það hefir hún ávalt gert.

4. Ýmisleg störf.

Sýslumaður friðlýsir eggveri og sellátrum, og spyr um lausamenn, en slík störf munu þýðingarlítil. Þá er og kosið til sýslunefndar á manntalsþingum. Nú er sýslumaður formaður kjörstjórnar þeirrar er stendur fyrir kosningunni, en samkvæmt frumvarpi þessu er ætlast til þess að hreppstjórinn stýri kosningunni, því hann á framvegis að gæta allra þeirra starfa á manntalsþingum, sem sýslumaður hefir hingað til gegnt, nema dómsstörfum.

Að lokum skal þess getið, að manntalsþingunum hefir verið fært það til gildis, að á þingaferðum kyntist sýslumaður sýslubúum, og að þeir gætu hinsvegar þá borið mál sín upp fyrir honum. En þetta er gerbreytt. Það er nú alltítt að sýslumenn þinga á tveim stöðum sama daginn, og í sumum sýslum halda þeir þrjú þing á dag, og má því nærri geta hve mikinn tíma sýslumaður hefir til þess að kynnast almenningi og skera úr eða greiða úr málum þeirra. Enda mun það nú vart eiga sjer stað, að nokkur af þingheimi leggi spurningar fyrir sýslumann, hvorki í þessa átt eða til skýringar lagaboða.

21. Frumvarp

til laga um ríkisskuldabrjef.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Þegar lán eru tekin fyrir hönd ríkissjóðs, skal fyrir þeim gefa út skuldabrjef á íslensku, með þýðingu á eitt eða fleiri útlend mál, þegar ástæða er til þess.

2. gr.

Öll skuldabrjefin skulu af sömu gerð. Nafnverð brjefanna skal vera 100, 1000 eða 10000 kr. og rentan 4 eða 5% p. a. og ákveður stjórnin hvorn rentufótinn skuli nota um hvert skeið, svo og söluverð brjefanna.

3. gr.

Skuldabrjefin skulu gefin út til 25 ára og með vaxtamiðum eða vaxtaávísunarmiðum fyrir það árabil. Þegar sjerstaklega stendur á, má þó með áletrun á skuldabrjef tiltaka annan umferðartíma.

4. gr.

Þegar lánsheimild er fyrir hendi, skal stjórnin jafnan sjá um að almenningur eigi kost á að kaupa skuldabrjefin, í bönkum, sparisjóðum og á öðrum stöðum er henta.

5. gr.

Brjefin sjálf og vaxtamiðar þeirra skulu í gjalddaga greidd með ákvæðisverði, án nokkurs frádráttar, stimpilgjalds eða skatts, og eru sömuleiðis gjaldgeng í ríkissjóð í hverja greiðslu sem er, svo sem peningar væru.

6. gr.

Brjef og vaxtamiðar, er í gjalddaga eru fallin, greiðast úr ríkissjóði, er einnig getur falið bönkum, hjerlendum eða útlendum, og öðrum stofnunum að annast slíkar greiðslur.

7. gr.

Skuldabrjefin ganga til enda útgáfutímans, án þess að vera dregin út eða á annan hátt innkölluð. Nú vill ríkissjóður draga inn af brjefum þeim er úti eru, og má það að eins verða með frjálsum kaupum og sölum.

Athugasemd við lagafrumvarp þetta.

Fyrir fjárhagslegt sjálfstæði hvers lands, er það eins og nú hagar til, mjög þýðingarmikið, að skuldir þess sje innlendar, miðaðar við innlendan gjaldeyri, þannig að greiðslur af lánum taki sömu breytingum, hækkun eða lækkun, sem tekjur þær er borga á með. Best er það, en þó ekki eins áríðandi, að skuldabrjefin sje líka í innlendra manna eign, en því er lítt mögulegt að koma fyrir með ráðstöfunum af hendi þess opinbera.

Þegar aðgætt er, að hjerumbil $^1/_4$ af tekjum ríkissjóðs nú fer í vexti og afborganir af skuldum, að að eins rúmur $^1/_3$ af vöxtum og tæpur $^1/_3$ af afborgunum er í innlendum gjaldeyri, liggur það í augum uppi hve illa ríkið stendur að vígi í þessu efni eins og nú er komið og hve nauðsynlegt er, að þetta færist í rjett horf, um leið og borgað er af núverandi lánum og ný stofnuð. Tilgangur frumvarpsins er að koma þessu í horf. Eins og nú er ástatt, verður hitt síður haft fyrir augum, að skuldabrjefin sje í innlendra manna höndum, umfram það að gefið sje fult tækifæri til kaupa á þeim. Þótt ekki verði ráð fyrir gert að hægt sje að koma fyrir stórlánum innanlands, getur þó einatt staðið svo á fyrir mönnum, að það komi sjer vel að geta komið fyrir fjárupphæðum í slíkum skuldabrjefum, sem hjer er um að ræða.

Annað atriði er það, að þar sem um svo tiltölulega þurftarhægan lántaka er að ræða sem íslenska ríkið, er það mikilsvert að skuldabrjefin sjeu sömu tegundar, þannig að þegar menn þekkja eitt þeirra, þekkja þeir þau öll. Þessu er alveg eins háttað og t. d. með einhverja verslunarvöru; til þess að hún geti náð áliti og orðið kunn, þarf hún að hafa ákveðna eiginlegleika, sem ekki eru breytingum undirorpnir.

Í sömu átt stefnir það, að brjefin sje ekki dregin út, en gangi sinn ákveðna árafjölda til enda. Það losar menn við fyrirhöfn og umstang við að hafa gát á útdrætti, gerir brjefin að því leyti vissari eign, án þess að baka ríkissjóði nein sjerstök vandkvæði við innlausnina, sem alt fyrir því er hægt að jafna niður yfir svo langan tíma, sem með þarf.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins virðast ekki þurfa skýringa við.

22. Frumvarp

til laga um verðtoll á nokkrum vörutegundum.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Hver, sem fær frá útlöndum vörur þær, er ræðir um í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, er skyldur til að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, eins fljótt og verða má, reikning yfir innkaupsverð varanna kominna um borð í skip, er flytja á vöruna hingað til lands. Hina sýndu reikninga skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla, með þeim merkjum og á þann hátt, er umræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, þannig, að reikningar um vörur samkv. 3. lið stimplast með 1% af verðinu, reikningar um vörur samkv. 6. lið með 3% og reikningar samkv. 7. lið með 2%. — Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðuneytið um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Nú fylgir eigi reikningur vöru eða kemur eigi í hendur kaupanda eða umboðsmanns hans innan hæfilegs tíma, er innheimtumaður tiltekur, og er þá kaupandi eða umboðsmaður hans skyldur til að afhenda lögreglustjóra þeim, er í hlut á, eða umboðsmanni hans, yfirlýsingu um að hann hafi engan reikning meðtekið, og hvað hann álíti að varan muni hafa kostað í innkaupi, hvorttveggja að viðlögðum drengskap. Skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans þá stimpla yfirlýsinguna á sama hátt og innkaupsreikningur væri. Ef um fleiri vörutegundir er að ræða, skal yfirlýsingin vera sundurliðuð.

3. gr.

Nú lætur kaupandi eða umboðsmaður hans farast fyrir að sýna til stimplunar reikning eða yfirlýsingu og getur lögreglustjóri þá þvingað hann til þess með dagsektum alt að 100 kr. fyrir dag hvern og má tiltaka sektina í brjefi eða símskeyti. Sektum þessum má þó eigi beita nema að undangenginni aðvörun með viku fyrirvara.

4. gr.

Nú sýnir kaupandi eða umboðsmaður hans til stimplunar reikning, sem hann veit að eigi sýnir hið rjetta innkaupsverð, eða getur vísvitandi ranga

yfirlýsingu um verðið, og varðar það refsingu samkvæmt 156. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869. Auk þess gjaldi hann þrefalt það er á vantar, að hann hafi greitt lögboðið stimpilgjald.

5. gr.

Ef lögreglustjóra eða umboðsmanni hans leikur grunur á, að viljandi eða óviljandi sje rangt frá skýrt um verð á vöru, er honum rjett og skylt að rannsaka málið og fresta stimplun þar til þeirri rannsókn er lokið.

6. gr.

Lögreglustjórar og umboðsmenn þeirra eru skyldir til að hafa eins nákvæmt eftirlit með því og föng eru á, að móttakendur vara gæti skyldna þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, sjerstaklega með því að bera, eftir því sem við verður komið, hina afhentu reikninga og yfirlýsingar saman við farmskrár þær, er þeir heimta vörutoll eftir.

7. gr.

Sjeu vörur þær, er lög þessi ræða um, sendar til landsins í pósti, ska greiða gjaldið samkvæmt lögum þessum til pósthúss þess, er afhendir vöruna kaupanda og skal gjaldið greiðast um leið og varan er afhent. Gjaldið greiðist með frimerkjum, sem póstþjónn stimplar og límir á fylgibrjef eða umbúðir vöru. Andvirði slíkra frimerkja telst með pósttekjum.

Af vörum sem póstkrafa hvilir á, telst gjaldið af fjárhæð póstkröfunnar. Ef reikningur fylgir vöru, er viðtakandi skyldur að sýna hann og telst þá gjaldið eftir fjárhæð hans, en ef enginn reikningur fylgir, skal viðtakandi gefa út samskonar yfirlýsingu og þá, er ræðir um í 2. gr. og reiknast gjaldið samkvæmt henni.

Um viðurlög við röngum reikningum eða yfirlýsingum fer eftir 4. gr.

8. gr.

Um reikningsskil lögreglustjóra fyrir stimpilgjaldi því, er ræðir um í lögum þessum, fer sem um annað stimpilgjald. Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

9. gr.

Sektir allar eftir lögum þessum renna í ríkissjóð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir.

Hvort sem tollar eru miðaðir við verð vöru eða þunga, má telja bæði kost og löst á aðferðinni. Hvor tolltegund á mismunandi vel við hinar ýmsu vörutegundir og trúlegt þykir að sameining á verð- og þungatolli eigi best við

suma vöruflokka, enda bendir reynslan frá aðflutningsgjaldinu á, að notkun verðtolls sje engin frágangssök hjer á landi.

Frumvarpið fer fram á verðtoll jafnframt þungatollinum á vörum þeim, er teljast til 3., 6. og 7. vörutollsflokks. Þó ástæða væri til þess, bæði að hafa hundraðsgjaldið verulega hærra, og þá að flokka vörurnar meira en hjer er gert, er þó ekki farið fram á slíkt í frumvarpinu, þegar af þeirri ástæðu, að frumvarp um nokkuð háan toll á ákveðnum vörutegundum gæti, þar sem það verður að liggja fyrir töluverðan tíma áður það getur komið til meðferðar þingsins, haft þær afleiðingar, að mikið yrði flutt inn um þörf fram af þeim vörutegundum. Sama máli er að gegna, nema fremur sje, ef nota á verðtollinn sem verndartoll fyrir innlenda framleiðslu á ákveðnum vörum. Stjórninni hefir borist erindi frá Búnaðarfjelagi Íslands um verndartoll á búsafurðum, og verður erindi þetta lagt fyrir hlutaðeigandi þingnefnd. Afurðir þær, sem þar er farið fram á að njóti verndartolls, teljast allar til 7. vöruflokks, nema jarðepli. Í meðförum frumvarpsins á alþingi er það auðveldur hlutur að breyta til um hundraðsgjaíd og að taka ákveðnar vörutegundir út úr hverjum flokki, til þess að leggja þær undir hærra eða lægra gjald.

Samkvæmt verslunarskýrslunum fyrir 1919 nam verðmæti innfluttrar vöru í 3. flokki vörutolls ca. 9700000 kr.
- 6. — — — 150000 —
- 7. — — — 12800000 —

Þó nú gert sje ráð fyrir, að lækka megi þessar tölur að jafnaði um þriðjung, sökum lægra verðs og minni innflutnings, mundi þó hver ein prósenta í verðtoll muna af 3. flokki ca. 65000 kr.
— 6. — — 1000 —
— 7. — — 85000 —

Hinar einstöku greinar frumvarpsins eru sniðnar eftir tilsvarandi ákvæðum um aðflutningsgjaldið og virðast ekki þurfa frekari skýringar við.

23. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1920 og 1921, veitast kr. 5382100,31 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 10. gr. veitast kr. 250376,08.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
A. Ráðuneytið o. fl.			
Við 2. Utanferðir ráðherra	6497,29		
— 4. Aðstoð og skrifstofukostnaður	74304,47	74700,87	
— 5. Ríkisfjehirðisstörf	14197,88		
— 6. Umbætur og viðhald húsa	10159,54	14077,21	
	105159,18	88778,08	193937,26
B. Hagstofa Íslands.			
Við 3. Pappír, prentun o. fl.	2741,14	3184,32	
— 4. Prentun eyðublaða...	4025,03	3133,92	
— 5. Húsaleiga m. m.	3749,51	3180,41	
— 6. Aðstoð og skrifstofukostnaður	4794,64	8914,76	
	15310,32	18413,41	33723,73
C. Gjöld í Kaupmannahöfn.			
Við 1. d. Skrifstofuhald sendiherra..	5846,00	16869,09	22715,09
		Samtals	250376,08

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. veitast kr. 262615,04.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
Á. Dómgæsla og lögreglustjórn.			
Við 2. Skrifstofa bæjarfógeta í Reykjavík:			
— — a. Laun		18768,00	
— — b. Húsaleiga		1800,00	
— — c. Hiti, ljós og ræsting...	660,00	1700,00	
— — d. Ýms útgjöld	680,00	1432,00	
— 3. Skrifstofa lögreglustjóra í Reykjavik:			
— — a. Laun fulltrúa o. fl.	15984,32		
— — b. Laun tollvarða	13623,35	20406,99	
— — c. Húsaleiga	2262,50	4100,00	
— — d. Hiti og ljós	1394,14	1631,87	
— — e. Ýms útgjöld	16150,16	16327,68	
— 4. Hegningarhús og viðhald fangelsa ...	20381,97	24870,78	
— 5. Sakamálakostnaður m. m.	7601,00	7095,44	
— 6. Borgun til sjódómsmanna	478,00	558,00	
— 7. Borgun til setudómara	2685,40	278,87	
	81900,86	98969,54	180870,40
		Flyt	180870,40

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
		Flutt	180870,40
B. Ýmisleg útgjöld.			
Við 1. b. Pappír og prentun	10858,70	32785,20	
— 2. a. Endurgjald burðareyris	8670,78		
— — b. Embættisskeyti	8362,33		
— 3. Brunaábyrgðargjald o. fl.	3114,96		
— 4. Embættiseftirlitsferðir	5418,22	3439,80	
— 7. Yfirskattanefndir m. m.	1848,00	891,00	
— 8. Útgáfa fasteignabókar		6355,65	
	38272,99	43471,65	81744,64
		Samtals	262615,04

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. veitast kr. 765480,51.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
Við 4. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa		200.00	
— 10. — Grímseyjarhrepps		400,00	
— 11. — Suðureyrarhrepps		200,00	
— 13. — Holts- og Haganeshreppa		215,20	
— 15. — Jökuldals-, Hlíðar-, Tungu-, Hjaltastaðar- og Eiðahreppa ...		900,00	
— 20. Starfræksla Röntgensáhalda	6274,66	10822,25	
— 23. Holdsveikraspítalinn	128313,44	56094,17	
— 24. Geðveikrahælið á Kleppi	115566,14	83687,48	
— 25. Heilsuhælið á Vífilsstöðum...	230845,90	107670,00	
— 29. c. Bólusetningarkostnaður		1706,09	
— — d. Gjöld samkv. l. 16/11 1907		15226,38	
— — e. Gjöld samkv. l. 6/11 1902		2079,05	
— — f. Heilbrigðiseftirlit með skólum ...	1152,90	1942,60	
— — g. Utanferðir lækna		813,00	
— — j. Styrkur til sjúkrasamlaga		1371,25	
	482153,04	283327,47	
		Samtals	765480.51

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast kr. 2646872,61.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
A. Póstmál.			
Við 1. b. 1. Laun póstmanna í Rvík.	54633,32	62896,28	
— — c. Laun brjefhirðingamanna.		1290,67	
Flyt	54633,32	64186,95	

			1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
		Flutt	54633,32	64186,95	
Við	2.	Póstflutningur...		62148,00	
—	3. a. b.	Skrifstofukostnaður póstmeistara		640,77	
—	— c.	Skrifstofukostnaður utan Rvíkur....	1519,56	4466,57	
—	— d.	Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum	456,67	1090,00	
—	— e.	Önnur útgjöld	183621,44	33426,00	
			240230,99	165958,29	406189,28
		B. Vegabætur.			
Við	I. 1. b.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	1801,15	1502,60	
—	— 2.	Aðstoð og mælingar	11090,97	4087,16	
—	— 3.	Skrifstofukostnaður	3633,46	5342,68	
—	II. 1.	Húnvetningabraut...	18069,15		
—	— 3.	Grímsnesbraut	17466,83		
—	— 4.	Hvammstangabraut	4241,95		
—	— 5.	Viðhald flutningabrauta	122880,88	57111,67	
—	— 6.	Aðgerð Flóabrautar.		9238,34	
—	III. 2.	Norðurárdalsvegur...	33921,28		
—	— 6.	Krossárdalsvegur	1760,50		
—	— 7.	Dalasýslu-þjóðvegur.		10082,15	
—	— 10.	Suðursveitarvegur	339,10		
—	— 11.	Aðrar vegabætur og viðhald. ...	33229,96	21088,43	
—	IV.	Fjallvegir...		383,72	
—	V. 1.	Til áhalda	93494,71	9877,39	
—	— 2.	Áhöld við Flóabraut	4652,71		
—	VI.	Akfærir sýsluvegir	14960,76		
			361543,41	118714,14	480257,55
		C. Strandferðir.			
Við	I. 1.	Sterling og Suðurland	45000,00	67000,00	112000,00
		D. Hraðskeyta- og talsímasamband.			
Við	II.	Viðauki símakerfa o. fl.... ...	18861,54	4387,20	
—	III.	a.—e. Lagning nýrra lína. ...	80138,46	40612,80	
—	IV. 3.	Aðstoð og annar kostnaður ...	18238,94	25720,08	
—	— 4.	Ritsímastöð í Reykjavík... ...	235353,22	97777,47	
—	— 5.	Þráðlaus stöð í Reykjavík ...	14466,29	18725,67	
—	— 6.	Áhalda- og efnisvörður		5527,08	
—	— 7.	Ritsímastöð á Akureyri	27195,57	30396,80	
—	— 8.	Ritsímastöð á Seyðisfirði	26510,11	28345,82	
—	— 9.	Ritsímastöð á Ísafirði	18273,48	22588,16	
—	— 10.	Símastöð á Borðeyri..	14879,64	16638,04	
—	— 11.	Símastöð í Hafnarfirði	8401,72	8061,78	
		Flyt	462318,97	298780,90	998446,83

		1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
	Flutt	462318,97	298780,90	998446,83
Við IV. 12.	Símastöð í Vestmannaeyjum ...	24605,53	17928,78	
— — 13.	Símastöð í Flatey	2589,58	2643,83	
— — 14.	Símastöð á Siglufirði	462,67	16143,38	
— — 17.	Eftirlitsstöð o. fl.	39846,61	54388,59	
— V.	Eyðublöð m. m.	37828,34	21014,18	
— VI.	Viðbót og viðhald stöðva. ...	16446,02	18535,39	
— VII.	Kostnaður við ferðalög		2737,60	
— VIII.	Viðhald landssímanna	99842,17	69693,79	
— IX.	Alþjóðaskrifstofan í Bern.. ...	460,70	1185,24	
	Símritunarskóli í Reykjavík ...	1909,81		
	Bæjarsími Reykjavíkur		161123,32	
		686310,40	664575,00	1350885,40

E. Vitamál.

Við I. 2.	Verkfræðings aðstoð	4736,67	5306,55	
— — 3.	Skrifstofuhald	2223,55	2320,06	
— — 4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	2613,50	94,95	
— III.	Rekstrarkostnaður	42162,93	46405,47	
— IV. 1.	Svalvogaviti	8523,58		
— — 2.	Galtarviti...	32854,53		
— — 3.	Gjögurviti		23930,38	
— — 4.	Hríseyjarviti	10296,36		
— V. 5.	Sjómerki	858,28	847.83	
— VI.	Ýmislegt	39305,42	5060,32	
	Til útgjalda ennfremur..	70000,00		
		213574,82	83965.56	297540,38
			Samtals	2646872,61

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. veitast kr. 242064,27

		1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
	A. Andlega stjettin.			
Við a. 2.	Skrifstofukostnaður biskups	2839,00	3200,00	6039,00
	B. Kenslumál.			
	I. Háskólinn.			
Við h.	Hiti, ljós o. fl.	11619,86	7926,50	
— e. 4.	Ýms gjöld...	7138,71	7114,55	
		18758,57	15041,05	33799,62
			Flyt	39838,62

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
		Flutt	39838,62
III. Mentaskólinn.			
Við c. 3. Eldiviður, ljós o. fl.	6539,42	1320,20	
— — 4. Skólahúsið utan og innan	3148,59	7512,12	
— — 9. Visindaleg áhöld	2620,34	63,05	
— — 10. Ýmisleg útgjöld	458,26	863.63	
— — 12. Áhöld við fimleika...	57,59		
— — 13. Verðlaunabækur	33,88		
	12858,08	9759,00	22617,08
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.			
Við b. 2. Tímakensla	1801,00	2436,00	
— — 3. Bækur og kensluáhöld	1138,75	1207,95	
— — 4. Eldiviður og ljós	11488,95		
— — 5. Námsstyrkur		400,00	
— — 7. Skólahúsið utan og innan		1049,12	
— — 8. Ýmisleg útgjöld...	3049,71	5508,38	
	17478,41	10601,45	28079,86
V. Kennaraskólinn.			
Við b. 1. Tímakensla		4638,00	
— — 2. Eldiviður og ljós	2219,25	1356,44	
— — 3. Bókakaup og áhöld...	290,51		
— — 5. Til viðhalds	1438,95	169,50	
— — 6. Ýmisleg útgjöld...	807,59	1398,73	
	4756,30	7562,67	12318,97
VI. Stýrimannaskólinn.			
Við b. 1. Tímakensla	498,00		
— — 3. Eldiviður og ljós	2538,51		
— — 4. Ýmisleg útgjöld	746,02	1279,06	
	3782,53	1279,06	5061,59
VII. Vjelstjóraskólinn.			
Við b. 2. Húsnæði m. m.		600,00	
— — 3. Ljós og hiti	1361,00	825,00	
— — 4. Ýmislegur kostnaður		452,21	
	1361,00	1877,21	3238,21
VIII. 1. Bændaskólinn á Hólum.			
Við c. Smiða- og dráttlistarkensla		1000,00	
— d. 3. Eldiviður og ljós	9921,02	5955.17	
— — 4. Ýmisleg útgjöld	4019,60		
	13940,62	6955,17	20895,79
		Flyt	132050,12

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
		Flutt	132050,12
VIII. 2. Bændaskólinn á Hvanneyri.			
Við c. Smíða- og leikfimiskensla		800,00	
— d. 2. Kensluáhöld	480,80	114,09	
— — 3. Eldiviður og ljós		6692,23	
— — 4. Ýmisleg útgjöld...	188,20	2140,40	
	669,00	9746,72	10415,72
VIII. 3. Skólinn á Eiðum.			
Við c. 2. Kensluáhöld o. fl.	1679,35		
— — 5. Ýmisleg útgjöld...	1831,25		
— — Önnur gjöld		8792,00	
	3510,60	8792,00	12302,60
XI. Yfirsetukvennaskólinn.			
Við 2. b. Annar kostnaður	718,55	3618,81	
— 3. Styrkur til námskvenna	10270,00	8835,00	
— 4. Húsaleiga o. fl	690,00	660,00	
	11678,55	13113,81	24792,36
XII. Til kvennaskóla.			
Við 1. a. Kvennaskólinn í Reykjavík	11500,00	11500,00	23000,00
XIII. Barnafræðsla			
Við 5. Prófdómarar	2844,50	3993,75	
— 6. Framhaldskensla kennara		1500,00	
	2844,50	5493,75	8338,25
XVI. Kensla heyrnar- og málleysingja.			
Kenslukostnaður	14933,33	16231,89	31165,22
		Samtals	242064,27

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. veitast kr. 92618,03.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
1. Landsbókasafnið.			
Við f. Bókakaup o. fl.	1500,00		
— j. Ýmisleg útgjöld		4500,00	
	1500,00	4500,00	6000,00
		Flyt	6000,00

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
		Flutt	6000,00
5. Landsbókasafnshúsið.			
Við a. Eldiviður, ljós o. fl.	27412,67	7265,30	
— b. Áhöld og viðhald	5178,46	14536,61	
	32591,13	21801,91	54393,04
16. Útgáfa dómasafns.			
Útgáfukostnaður	5199,34	388,75	5588,09
23. Undirbúningur íslenskrar orðabókar.			
Við a. Sr. Jóhannes L. L. Jóhannsson ...		1200,00	1200,00
25. Útgáfa íslensk-enskrar orðabókar.			
Geir T. Zoëga rektor		5000,00	5000,00
42. Veðurathuganir.			
Kostnaður		19236,90	19236,90
55. Efnafræðinám.			
Trausti Ólafsson	1200,00		1200,00
		Samtals	92618 03

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. veitast kr. 51204,72.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
Við 9. Framhald landmælinga...	40750,43		
— 12. Eftirlit með hrossaútflutningi ...	267.50		
— 13. d. Efnarannsóknarstofa, ljós o. fl. ...		500,00	
— 13. e. Málmbræðsluofn	1706,54		
— 20. b. Ferðakostnaður fiskimatsmanna...	260.00	2230,60	
— 21. b. Ferðakostnaður síldarmatsmanna.	1048,30	651,15	
— 22. b. Ferðakostnaður ullarmatsmanna ..	1668,05	2122,15	
Samtals	45700,82	5503,90	51204,72

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. og 24. gr. veitast kr. 1070869,05

	1920 kr.	1921 kr.	Alls. kr.
a. Óviss útgjöld	344722,31	290816,34	
b. Væntanleg fjáraukalög...	30496,59	143594,86	
c. Þingsályktanir	233213,83	28025,12	
Samtals	608432,73	462436,32	1070869,05

Ástæður

fyrir frumvarpi þessu eru í landsreikningunum 1920 og 1921, athugasemdum yfirskoðunarmanna við þá reikninga og svörum ráðherra gegn þeim athugasemdum.

24. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árið 1922, veitast kr. 222078,25 til útgjalda þeirra, sem tilfærð eru hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 10. gr. fjárlaganna (sendiherra, utanríkismál og ríkisráðskostnaður) veitast 12000,00 kr.

Launaviðbót sendiherra í Kaupmannahöfn ... ... kr. 12000,00

3. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 7687,55. kr.

1.	Til viðauka og breytingar við rafveituna á Kleppsspítala	kr. 1854,10
2.	Kostnaður við raflagningu til Vífilsstaða	— 3149,50
3.	Utanfararstyrkur frú Bjarnhjeðinsson	— 1000,00
4.	Kostnaður við augnlækningaferðalag til Austfjarða	— 1382,05
5.	Ýmisl. kostnaður við varnir gegn inflúensu	— 301,90
	Samtals	kr. 7687,55

4. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) veitast 18000,00. kr.

Til Breiðafjarðarbátsins »Svanur« ... . kr. 18000,00

5. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast kr. 122091,42.

1.	Kostnaður við húsbyggingu á prestssetrinu Mælifelli	kr. 26883,34
2.	Viðbótarstyrkur til húsbyggingar á Sandfelli	— 2000,00
3.	Til bæjargerðar í Reykholti	— 599,60
	Flyt	29482,94

	Flutt	kr.	29482,94
4.	Til uppfyllingar á kirkjugarðinum í Reykjavík	—	5308,15
5.	Til raflagningar í Alþingishúsið (Háskólann)	—	2200,00
6.	Til tilraunaskála Mentaskólans...	—	1192,73
7.	Til raflagningar í Kennaraskólann	—	3000,00
8.	Höfuðviðgerð gagnfræðaskólahússins á Akureyri	—	59000,00
9.	Andvirði fyrir lóð, keypta í þarfir gagnfræðaskólans á Akureyri		4200,00
10.	Rafljósaáhöld til Stýrimannaskólans	—	707,60
11.	Til rafljósastöðvar og raflagningar á Hvanneyri	—	15500,00
12.	Utanfararstyrkur forstöðukonu Daufdumbraskólans	—	1500,00
	Samtals	kr.	122091,42

6. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast kr. 18450,00.

1.	Til ferðar Einars H. Kvaran rithöfundar á alþjóðafund í Lausanne 1921	kr.	1500,00
2.	Til ferðar Lárusar H. Bjarnasonar hæstarjettardómara á fund norrænna lögfræðinga í Kristjaníu	—	1500,00
3.	Til ferðar sendiherra Sveins Björnssonar á sama fund ...	—	850,00
4.	Til ferðar fornmenjavarðar Matthíasar Þórðarsonar á fornfræðingamót	—	1500,00
5.	Til að kaupa forngripi frá amtmannsfrú M. Havsteen ...	—	3500,00
6.	Til próf. Sveinbj. Sveinbjörnsson	—	4000,00
7.	Til Guðbrandar Jónssonar, fyrir að gefa út bækling á þýsku um Ísland	—	3500,00
8.	Til frjettastofu Verslunarráðs Íslands	—	2000,00
9.	Til Iðnfræðifjelags Íslands, til verðlauna fyrir ritgerð um iðnfræðileg efni	—	100,00
	Samtals	kr.	18450,00

7. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 43849,28 kr.

1.	Til jarðabóta á Mosfelli	kr.	9000,00
2.	Til Skeiðaáveitunnar	—	19000,00
3.	Til brimbrjóts í Bolungarvík	—	8000,00
4.	Til Einars Benediktssonar, fyrir uppdrætti af mómýrum ...	—	5000,00
5.	Kostnaður við skrifstofu húsameistara	—	2549,28
6.	Til Gunnars Egilson	—	300,00
	Samtals	kr.	43849,28

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Við 2. gr.

Það varð ekki hjá því komist að láta launaviðbót þá, sem ákveðin er

sendiherranum í Kaupmannahöfn með fjárlögunum fyrir 1923, ná einnig til ársins 1922.

Við 3. gr.

1.—2. Kostnaður þessi var óumflýjanlegur vegna nauðsynlegra breytinga á rafveitunni á Kleppi og Vífilsstöðum.

3. Utanfararstyrkur þessi var veittur samkvæmt tillögum fjárveitinganefndar neðri deildar Alþingis, til þess að þátttaka gæti orðið hjeðan á alþjóðaþingi hjúkrunarkvenna 1922.

4. Alþm. Sveinn Ólafsson hafði símað ráðuneytinu og beðið um, að augnlæknir yrði sendur til Austfjarða, þar sem um 40 sjúklingar nauðsynlega þyrftu á augnlækni að halda. Væru sumir þeirra ekki ferðafærir, en aðrir fátækir og gætu ekki greitt kostnað við ferð til Reykjavíkur. Þótti því ekkert undanfæri að senda augnlækni til Seyðisfjarðar.

5. Eins og influensan hefir hagað sjer síðustu árin, hefir þótt nauðsynlegt að setja sjerstakar varnir gegn henni, þegar vart hefir orðið við hana.

Við 4. gr.

Fulltrúar frá sýslunefndunum í Dalasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sneru sjer til ráðuneytisins á síðastliðnu sumri og fóru þess á leit, að ríkissjóður hlypi að einhverju leyti undir bagga með nefndum sýslum, til þess að rjetta við fjárhag Breiðafjarðarbátsins »Svanur«, sem er mjög bágborinn, skuldirnar taldar um 54000,00 kr., að frádregnu hugsanlegu verði bátsins. Ráðuneytið treysti sjer ekki til að gera annað í þessu máli en að gefa loforð um að fara fram á það við Alþingi í væntanlegu frumvarpi til fjáraukalaga, að ríkissjóður greiddi einn þriðja hluta nefndrar upphæðar, eða 18000,00 kr.

Við 5. gr.

1. Endurbygging hins brunna ibúðarhúss á Mælifelli hefir orðið mjög dýr, eða 30000,00 kr. ÷ vátryggingarupphæð hins brunna húss, kr. 3116,66. En þetta hefir verið gert í samráði við Alþingi.

2. Viðbótarstyrkur til húsbyggingar á Sandfelli er veittur eftir tillögum neðri deildar Alþingis.

3. Til undirbúnings bæjargerðar í Reykholti eru veittar á fjárlögum 1922 kr. 2500,00. Í stað þessa hefir verið ákveðið, í samráði við prestinn og húsameistara, að gera við bæinn þar fyrir alt að 4000 kr., svo að orðið geti til nokkurrar frambúðar, og hafa til þessa þegar verið greiddar, auk hins veitta fjár 2500 kr., kr. 599,60.

4. Jarðvegurinn í hinum nýja kirkjugarði hefir reynst svo grunnur, að flytja hetir þurft mold í garðinn smátt og smátt.

5. Þar sem fram hefir komið eindregin ósk frá Háskólanum um að raflýst yrðu herbergi þau, er hann notar í Alþingishúsinu, þótti eigi annað fært en að verða við þeirri beiðni.

6. Það hefir orðið nauðsynlegt að útbúa útihús Mentaskólans til þess að hafa þar áhöld, sem notuð eru við kenslu í eðlisfræði, og til notkunar sem tilraunaskála.

7. Þar sem allir skólar eru orðnir raflýstir, þótti eigi annað fært en að

hið sama væri gert við Kennaraskólann, einnig af þeirri ástæðu, að gasáhöld skólans væru úr sjer gengin.

8. Það hefir þótt óhjákvæmilegt að láta fara fram höfuðviðgerð á gagnfræðaskólahúsinu á Akureyri. Hafa, þegar þetta er ritað, verið greiddar til þess 52000 kr., en kostnaður mun verða alls 59000 kr.

9. Eftir upplýsingum frá skólameistara var nauðsynlegt, að lóð þessi væri keypt, til afnota fyrir nemendur, og samkvæmt eindregnum meðmælum hans var því fjeð veitt.

10. Ljósáhöld varð að kaupa til Stýrimannaskólans vegna þess, að rafveita var lögð í skólahúsið.

11. Það hefir lengi verið ráðgert að koma á raflýsingu á bændaskólanum á Hvanneyri. Þar eð nú fjell til á þessu ári, er rafveita Reykjavíkur komst á, hreyfivjel m. m., sem ríkissjóður átti, þótti ekki rjett að draga þetta lengur, og var því ráðist í það á síðastliðnu hausti.

12. Ferðastyrkur forstöðukonu Daufdumbraskólans var notaður á árinu 1922 og útborgaður. En þessi upphæð er annars veitt fyrir 1923, en verður auðvitað þá ekki notuð.

Við 6. gr.

1.—4. Þetta eru alt ferðastyrkir, sem rjett hefir þótt að veita.

5. Með því búast mátti við, að forngripir þessir, sem eru allmerkir, færu forgörðum eða yrðu sendir burt úr landinu, þótti rjett að veita fje til að kaupa þá.

6. Þar sem framsögumaður fjárlaganna í neðri deild á Alþingi 1922 taldi sjálfsagt, að tónskáldinu Sveinbj. Sveinbjörnsson hefði verið veittur sami styrkur fyrir 1922, ef fjáraukalög hefðu verið samþykt fyrir það ár, og honum var veittur á fjárlögum fyrir 1923, þótti stjórnarráðinu rjett að veita honum styrk fyrir 1922, þegar þess var farið á leit og tónskáldið fluttist hingað á því ári.

7. Guðbrandur Jónsson rithöfundur sótti um til ráðuneytisins á síðastliðnu hausti 3500 kr. styrk úr ríkissjóði til þess að gefa út bækling á þýsku um Ísland og aðallega íslenskar afurðir. 10 alþingismenn höfðu gefið skrifleg meðmæli til styrkveitingarinnar. Þar eð ráðuneytið verður að telja, að slíkur bæklingur geti orðið til töluverðs gagns, aðallega fyrir sölu íslenskra afurða í þýskumælandi löndum, veitti það loforð um að leita fjárveitingar í þessu skyni í frumvarpi til fjáraukalaga.

8. Verslunarráð Íslands ákvað í fyrra að koma á fót frjettastofnun fyrir kaupsýslu- og útgerðarmenn, sem jafnframt yrði almennur samkomustaður fyrir þá. Beiddist það styrktar úr ríkissjóði til þessarar stofnunar, og þótti sjálfsagt að verða við þessari beiðni og veita þennan styrk.

9. Iðnfræðifjelag Íslands fór fram á, að ríkissjóður veitti styrk til verðlaunaritgerðar um iðnfræðileg efni, og þótti ekki ástæða til að synja um þennan litla styrk.

Við 7. gr.

1. Búnaðarfjelag Íslands hefir vakið athygli á því, að prestssetrið Mosfell, sem verður laust til ábúðar á næsta vori, sje einkar vel fallið til þess að mynda þar nýbýli, því auk afarmikils beitilands eigi jörðin í hinum svo nefndu »Við-

um« alt að 150 ha. svæði, sem sje ágætlega fallið til túnræktar. Mælti Búnaðarfjelagið með því, að byrjað væri að undirbúa þetta svæði til notkunar með hinum svo nefnda »Þúfnabana«, og þótti því rjett í þessu skyni að veita þessa upphæð, gegn því, að Búnaðarfjelagið veitti jafnháa upphæð til verksins og sæi um framkvæmd á því.

2. Í byrjun ársins 1922 var enn ófullgerður efsti kafli aðfærsluskurðarins, um 600 metrar, ennfremur að ganga frá skurðmynni og setja upp nokkrar timburstíflur. Í þessum kafla skurðarins var hraunklöpp í botni, sem alla varð að sprengja. Var það mjög seinunnið og dýrt verk, en er nú lokið að heita má, svo unt verður að ná áveituvatni á Skeiðin í fyrsta sinn á næstkomandi vori.

Þá er byrjað var á framkvæmdum áveitufyrirtækis þessa, var heitið fjórðungsstyrk úr ríkissjóði. Verkið var unnið mest á verstu dýrtíðarárunum og hefir farið mjög fram úr áætlun þeirri, sem gerð var 1916. Mun kostnaðurinn væntanlega verða um 400 þúsund krónur, en Alþingi og landsstjórn hefir undanfarin ár talið skylt að styrkja ræktunarfyrirtæki þetta þar til það væri fullgert.

3. Fjárveiting nægði ekki, og þótti því sjálfsagt að veita nauðsynlega viðbót, með sömu skilyrðum og fjárveiting.

4. Einar Benediktsson fyrverandi sýslumaður hafði boðið atvinnumálaráðherra Pjetri heitnum Jónssyni kaup á uppdráttum og lýsingum af helstu mómýrum hjer á landi, sem breskt fjelag hafði látið gera. Það er upplýst, að Einari hafði verið gefið vilyrði fyrir kaupunum, og þótti því rjett að kaupa uppdrættina og lýsingarnar, enda er hvorttveggja vel úr garði gert, og það getur komið sjer vel seinna, að þeir sjeu á takteinum í stjórnarráðinu. Kaup þessi voru borin undir fjárveitinganefnd neðri deildar á síðasta Alþingi, og var hún ekki mótfallin þeim, ef vilyrði um þau lægi fyrir.

5. Þetta er samskonar kostnaður við skrifstofu húsameistara og áður hefir verið veittur.

6. Þetta er viðbót við laun sendimannsins á Spáni 1922, útborguð af sendiherraskrifstofunni í Kaupmannahöfn.

25. Frumvarp

til laga um samþykt á landsreikningnum 1920 og 1921.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
I. Tekjur:		
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	200000	404861,28
2. Húsaskattur	80000	148212,00
Flyt ...	280000	553073,28

		Áætlun	Reikningur
		kr.	kr.
	Flutt ...	280000	553073,28
3.	Tekjuskattur	800000	1646095,08
4.	Dýrtíðar- og gróðaskattur	200000	
5.	Aukatekjur	240000	521761.15
6.	Erfðafjárskattur	34000	114052,18
7.	Vitagjald	200000	333023,24
8.	Leyfisbrjefagjald..	16000	26303,33
9.	Gjald af Kínalífselixír	20000	6733,34
10.	Útflutningsgjald	1200000	1455935,58
11.	Áfengistollur	250000	691427,14
12.	Tóbakstollur	800000	1019906,50
13.	Kaffi- og sykurtollur	1050000	1151557,21
14.	Vörutollur...	1500000	2695620,31
15.	Annað aðflutningsgjald	120000	145774,10
16.	Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð	20000	64291,68
17.	Stimpilgjald.	950000	2916848,62
18.	Pósttekjur	400000	704371,00
19.	Símatekjur	1100000	2202783,47
20.	Eftirstöðvar frá f. á. frá sýslumönnum	... ...	6226,63
21.	Afgjald af jarðeignum ríkissjóðs	36000	106970,35
22.	Tekjur af kirkjum	200	46,68
23.	Tekjur af silfurbergsnámum	200	... ...
24.	Tekjur af skipum	700000	350000,00
25.	Tekjur af Íslandsbanka	190000	368391,61
26.	Tekjur af Landsbankanum	127000	191590,98
27.	Tekjur af Ræktunarsjóði	40000	45223,60
28.	Vextir af bankavaxtabrjefum	85000	78030,00
29.	Væntanlega útdregið af þeim brjefum	30000	84200,00
30.	Arður af hlutafje í Eimskipafjelagi Íslands. ...	12000	20000,00
31.	Vextir af innstæðum í bönkum	10000	31641,74
32.	Greiðslur frá Landsversluninni	154000	4667786,77
33.	Óvissar tekjur	40000	1484856,40
34.	Greiðslur frá prestaköllum	3600	1235,32
35.	Endurgreidd skyndilán embættismanna	1600	812,48
36.	Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur	2000	20794,18
37.	Innanríkislán	... ...	3000000,00
38.	Hluti ríkissjóðs úr enska láninu	... ...	2747819,67
39.	Bætt við lán hjá ríkissjóði Dana...	... ...	36607,63
	Samtals	10611600	29491791.25

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
II. Gjöld:		
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	2068743,37	6325480,20
2. Borðfje Hans Hátignar konungsins	120000	120000
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	246000	600781,85
4. Til ráðuneytisins o. fl.:		
A. Stjórnarráðið	187000	449222,34
B. Hagstofa Íslands	41100	97830,28
C. Gjöld í Kaupmannahöfn	80000	102715,04
5. Dómgæsla, lögreglustjórn o. fl.:		
A. Dómgæsla og lögreglustjórn	287000	870792,23
B. Ýmisleg útgjöld	308400	590180,10
6. Útgjöld við læknaskipunina	700270	2182030,36
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	469200	987757,60
B. Vegabætur	704200	1020477,76
C. Samgöngur á sjó	489000	428117,67
D. Hraðskeyta- og talsímasamband	1040200	2306073,16
E. Vitamál	323650	581077,73
8. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Andlega stjettin	116012,32	672670,59
B. Kenslumál	938833,33	1516523,80
9. Visindi, hókmentir og listir	454080	591788,96
10. Verkleg fyrirtæki	980580	1114060,18
11. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur	6200	40082,33
12. Eftirlaun og styrktarfje	246374,50	459938,98
13. Óviss útgjöld	40000	675538,65
14. Greiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum	...	5052454,92
15. Greitt Landsverslun: Tap á kolum og salti samkvæmt lögum nr. 13 og 28, 1919	...	1487977,54
Samtals	9846844,02	28273572,27
Tekjuafgangur	...	1218218,98
Alls	...	29491791,25

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykt. Landsreikningarnir fyrir árin 1920 og 1921 verða lagðir samhliða frumvarpi þessu fyrir Alþingi, en þeir telja allar tekjur og gjöld í sömu röð og fjárlögin, og vísast því til þeirra um nánari sundurliðun tekna og gjalda. Að öðru leyti er vísað til eftirfarandi

YFIRLITS
yfir tekjur og gjöld á árunum 1920 og 1921.

Tekjur:	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur...	207088,85	197772,43	404861,28
2. Húsaskattur	62010,00	86202,00	148212,00
3. Tekjuskattur	826824,96	819270,12	1646095,08
4. Dýrtíðar- og gróðaskattur			
5. Aukatekjur	257650,62	264110,53	521761,15
6. Erfðafjárskattur	43137,64	70914,54	114052,18
7. Vitagjald	168595,04	164428,20	333023,24
8. Leyfisbrjefagjöld	13289,02	13014,31	26303,33
9. Gjald af Kínalífselixír	2066,67	4666,67	6733,34
10. Útflutningsgjald	800625,58	655310,00	1455935,58
11. Áfengistollur	327396,25	364030,89	691427,14
12. Tóbakstollur	623146,50	396760,00	1019906,50
13. Kaffi- og sykurtollur	427483,34	724073,87	1151557,21
14. Vörutollur..	1409811,26	1285809,05	2695620,31
15. Annað aðflutningsgjald...	74471,95	71302,15	145774,10
16. Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð	30722,33	33569,35	64291,68
17. Stimpilgjald	1762839,67	1154008,95	2916848,62
18. Pósttekjur..	277148,03	427222,97	704371,00
19. Símatekjur	1027680,31	1175103,16	2202783,47
20. Eftirstöðvar frá f. á. frá sýslumönnum	6226,63		6226,63
21. Afgjald af jarðeignum ríkissjóðs.. ...	57667,99	49302,36	106970,35
22. Tekjur af kirkjum	»	46,68	46,68
23. Tekjur af silfurbergsnámum	»	»	»
24. Tekjur af skipum...	350000,00	»	350000,00
25. Tekjur af Íslandsbanka	279225,04	89166,57	368391,61
26. Tekjur af Landsbankanum	105067,65	86523,33	191590,98
27. Tekjur af Ræktunarsjóði	21967,10	23256,50	45223,60
28. Vextir af bankavaxtabrjefum	39964,50	38065,50	78030,00
29. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	44200,00	40000,00	84200 00
30. Arður af hlutafje í Eimskipafjelagi Íslands	10000,00	10000,00	20000,00
31. Vextir af innstæðum í bönkum	15984,87	15656,87	31641,74
32. Greiðslur frá Landsversluninni	3578524,79	1089261,98	4667786,77
33. Óvissar tekjur..	775796,86	709059,54	1484856,40
34. Greiðslur frá prestaköllum	1235,32	»	1235,32
35. Endurgreidd skyndilán embættismanna	484,34	328,14	812,48
36. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur	11666,28	9127,90	20794,18
37. Innanríkislán	3000000,00	»	3000000,00
38. Hluti ríkissjóðs úr enska láninu.. ...	»	2747819,67	2747819,67
39. Bætt við lán hjá ríkissjóði Dana ...	»	36607,63	36607,63
Samtals...	16639999,39	12851791,86	29491791,25

II. Gjöld:	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	3804023,53	2521456,67	6325480,20
2. Borðfje Hans Hátignar Konungsins ..	60000,00	60000,00	120000,00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna...	245203,07	355578,78	600781,85
4. Til ráðuneytisins o. fl.:			
A. Stjórnarráðið	225159,18	224063,16	449222,34
B. Hagstofa Íslands.	47289,48	50540,80	97830,28
C. Gjöld í Kaupmannahöfn	45845,99	56869,05	102715,04
5. Dómgæsla, lögreglustjórn o. fl.:			
A. Dómgæsla og lögreglustjórn	414903,46	455888,77	870792,23
B. Ýmisleg útgjöld	204246,38	385933,72	590180,10
6. Útgjöld við læknaskipunina	1273757,77	908272,59	2182030,36
7. Til samgöngumála:			
A. Póstmál	553190,29	434567,31	987757,60
B. Vegabætur...	664455,61	356022,15	1020477,76
C. Samgöngur á sjó	216717,67	211400,00	428117,67
D. Hraðskeyta- og talsímasamband ...	1153708,98	1152364,18	2306073,16
E. Vitamál	383978,18	197099,55	581077,73
8. Til kirkju- og kenslumála:			
A. Andlega stjettin...	204781,92	467888,67	672670,59
B. Kenslumál...	739489,30	777034,50	1516523,80
9. Vísindi, bókmentir og listir...	326281,02	265507,94	591788,96
10. Verkleg fyrirtæki	614177,88	499882,30	1114060,18
11. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur	4080,33	36002,00	40082,33
12. Eftirlaun og styrktarfje	219801,58	240137,40	459938,98
13. Óviss útgjöld	364722,31	310816,34	675538,65
14. Greiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum	2857994,94	2194459,98	5052454,92
15. Greitt Landsverslun: Tap á kolum og salti samkvæmt lögum nr. 13 og 28, 1919...	1487977,54	»	1487977,54
Samtals...	16111786,41	12161785,86	28273572,27
Tekjuafgangur...	528212,98	690006,00	1218218,98
Alls...	16639999,39	12851791,86	29491791,25

26. Frumvarp

til laga um skiftimynt úr eirnikkel.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Slegnir skulu 10-eyringar og 25-eyringar úr eirnikkel.

2. gr.

Eirnikkelpeningar þessir skulu að stærð, þunga og málmblöndun vera sem hjer segir:

	Þvermál millimetrar	Þyngd brúttó grðm	málmblöndun
Peningur, sem gildi 25 aura,	17	2,4	75 hlutar að þyngd af eiri.
Peningur, sem gildi 10 aura,	15	1,5	25 hlutar að þyngd af nikkel.

3. gr.

Peningarnir skulu vera kringlóttir og gáróttir í röndina.

4. gr.

Peningar þessir skulu vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð og manna í milli, fyrir alt að 5 króna upphæð í einu, þar til þeir eru orðnir mjög mikið eða ólöglega skaddaðir. Gagnvart ríkissjóði eru þeir eigi lengur löglegur gjaldeyrir, er þeir eru orðnir svo slitnir, að ekki verður sjeð, fyrir reikning hvaða ríkis þeir eru slegnir, en gagnvart öllum öðrum hætta þeir að vera löglegur gjaldeyrir, þegar mótunin er svo máð, að hún er orðin ógreinileg.

5. gr.

Stjórninni er heimilt að banna flutning mynta þeirra, er ræðir um í lögum þessum, úr landi.

Brot á sliku banni varðar sektum, frá 10—10000 krónum.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hjer á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

skiftimynt úr eirnikkel.

Vjer Christian hinn tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gerum kunnugt: Fjármálaráðherrann hefir tjáð Oss, að vegna þess að um langan tíma hefir verið mjög tilfinnanleg þurð á nauðsynlegri skiftimynt á Íslandi, sjerstaklega 10-eyringum og 25-eyringum, svo vandræði hafa orðið að í daglegum viðskiftum, virðist óhjákvæmilegt að slá sjerstaka íslenska 10-eyringa og 25-eyringa nú þegar, áður en reglulegt Alþingi kemur saman; enda skóraði síðasta Alþingi á stjórnina að gera ráðstafanir í þessa átt. Fyrir því teljum Vjer brýna nauðsyn til að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Slegnir skulu 10-eyringar og 25-eyringar úr eirnikkel.

2. gr.

Eirnikkelpeningar þessir skulu að stærð, þunga og málmblöndun vera sem hjer segir:

	Þvermál millimetrar	Þyngd brúttó grðm	málmblöndun
Peningur, sem gildi 25 aura,	17	2,4	75 hlutar að þyngd af eiri,
Peningur, sem gildi 10 aura,	15	1,5	25 hlutar að þyngd af nikkel.

3. gr.

Peningarnir skulu vera kringlóttir og gáróttir í röndina.

4. gr.

Peningar þessir skulu vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð og manna í milli, fyrir alt að 5 króna upphæð í einu, þar til þeir eru orðnir mjög mikið eða ólöglega skaddaðir. Gagnvart ríkissjóði eru þeir eigi lengur löglegur gjaldeyrir, er þeir eru orðnir svo slitnir, að ekki verður sjeð, fyrir reikning hvaða ríkis þeir eru slegnir, en gagnvart öllum öðrum hætta þeir að vera löglegur gjaldeyrir, þegar mótunin er svo máð, að hún er orðin ógreinileg.

5. gr.

Stjórninni er heimilt að banna flutning mynta þeirra, er ræðir um í lögum þessum, úr landi.

Brot á slíku banni varðar sektum, frá 10—10000 krónum.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. október 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Kl. Jónsson.

(C. I, 1).

Nd. **27. Tillaga**

til þingsályktunar um verðgildi íslenskrar krónu.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera alt, sem í stjórnarinnar valdi stendur, til þess að verðgildi íslenskrar krónu hækki sem fyrst upp í bankagengi, eins og það var fyrir síðustu áramót, með því meðal annars að sjá um, að samið sje um og komið fyrir sem föstum lánum þeim gömlum skuldum, sem nú stuðla að gengislækkuninni.

Astæður.

Nokkrum dögum áður en Alþingi kom saman lækkaði verðgildi íslenskrar krónu að stórmiklum mun í bönkunum hjer. Hafði staðið um þetta þóf nokkurt milli bankanna, og vildi stjórn Landsbankans að minsta kosti fyrst í stað ekki fallast á þessa lækkun. Nú er það viðurkent af öllum, að slíkar sveiflur á verðgildi peninga sjeu til stórskaða fyrir hverja þjóð, og fyrstu afleiðingar þessarar lækkunar íslensku krónunnar eru þegar farnar að koma í ljós með hækkandi verði á aðfluttri vöru. En skaðinn mundi verða miklu minni, ef skjótlega væri hægt að gera ráðstafanir, sem hækkuðu verðgildi krónunnar aftur í það gengi, sem var áður en lækkunin kom.

Nánara í framsögu.

(B. I, 1).

Ed. **28. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júni 1921, um vörutoll.

Flutningsmaður: Sigurður H. Kvaran.

Fyrsta grein laganna orðist svo:

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða gjald í ríkissjóð, eftir þyngd vörunnar með umbúðum eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af kornvörum, jarðeplum, öllum efnivörum og hálfunnum vörum til iðnaðar, svo sem allri feiti og olíum, fljótandi og föstum, glycerini, feitarsýrum, parafintegundum, salmiakspíritus, glergljáa (Vandglas), lútarsöltum og öðrum söltum til iðnrekstrar, sýrum, fljótandi og föstum, talkum, krít, kalki, klórkalki, smergel, sementi, leir, eldföstum leir, gipsi, karbíd, bensíni, asfalti, tjöru, blackfernis, ósamsettum litunar- og ilmefnum á dúnkum, sútunarefnum, sterkju, dextríni, gummi arabicum, korki, korktöppum, sagi, hefilspónum, ennfremur öllum umbúðum (öðrum en tunnum), hvort heldur eru úr málmi, trje, gleri, pappa, striga eða öðrum efnum, tunnuhlutum, hverfisteinum, kvarnarsteinum, gólf- og veggjaplötum, steyptum eða brendum, þakhellum, netakúlum og þráðefni 30 au. af hverjum 50 kg.
2. Af tómum tunnum, gluggagleri, allskonar köðlum, færum, vírköðlum, girðingavír, vírtrossum, girðingastólpum úr járni, þakjárni, blikki, smiðajárni, járngirði, stáli, blýi, tini, saum, kjólklöfum (blökkum), járnbrautarteinum, akkerum, akkerisvindum, lóðarvindum, akkerisfestum (hlekkjafestum), járnbitum, járnpípum, eldavjelum, hitunartækjum, öllum framleiðslu- og iðnaðarvjelum og áhöldum, heilum og í hlutum, brýnum, húsapappa, allskonar tvistúrgangi, segldúk, olíufatnaði, olíufóðurkökum, melasse, melassemjöli, kjötfóðurmjöli, fiskfóðurmjöli, vjelaáburði, kokolit, strigaábreiðum (Presenninger), gólfdúkum (Linoleum) og gólfbræðingi (Linotol) 1 kr. af hverjum 50 kg.
3. Af smjörlíki, blautsápu, þvottasápudufti, stangasápu og tilbúnum seglum 70 au. af hverjum 10 kg.
4. Af öllum tilbúnum efnavörum, öðrum en lyfjum, sem ekki hafa verið taldar í 1.—3. lið, svo sem allskonar handsápum, skeggsápum, allskonar samsettum litar- og ilmefnum í deildum, glösum og málmhylkjum, fegurðarsmyrslum (kosmetiske Midler), allskonar leðuráburðum, svo sem skósvertu og fitusvertu, fægismyrslum, ofnsvertu, kertum, allskonar fisk- og kjötmeti, allskonar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn allskonar skófatnaður), tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, 1 kr. 80 au. af hverjum 10 kg.
5. Af salti og kolum, hverskonar sem eru og hvort sem varan er flutt á land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í

landhelgi eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip, þeim til notkunar:

a. af salti 1 kr. 50 au. af hverri smálest;

b. af kolum 3 kr. af hverri smálest.

Kolatoll þann og salttoll, sem ræðir um í þessum lið, skal eigi innheimta meðan lög nr. 13, 12. ágúst 1919, um aðflutningsgjald af salti, og lög nr. 27, 28. nóv. s. á., um aðflutningsgjald af kolum, eru í gildi.

6. Af allskonar trjávið, hurðum, gluggum, þakspæni, trjespæni (Finer) og húsalistum 9 aura af hverju teningsfeti.
7. Af allskonar leikföngum, allskonar munum, sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts, úr hvaða efni sem þeir eru, plettvarningi og munum, sem að meiri hluta efnis að verði til eru úr gulli, silfri, platínu eða gimsteinum, 1 kr. af hverju kg.
8. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 60 au. af hverjum 10 kg. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaksta.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, ósmíðað gull og silfur, skip, bátar, tígulsteinar, eldfastir steinar, baðlyf, óhreinsað járn í klumpum, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna, pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld, steinlímspípur, leirpípur, sandur og endursendar fiskumbúðir. Auk þess eru undanþegnar allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum, sem þær voru sendar í burtu, enda sje gjaldheimtumanni ríkissjóðs, þar sem heimsend vara er sett á land, afhent vottorð frá tollgæslustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sje íslensk vara. Notaðir munir, er sendir hafa verið til aðgerðar, eru og undanskildir vörutolli.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept.

Greinargerð.

Síðan vörutollslögin voru sett hefir þeim oft verið breytt, og er slíkt harla eðlilegt. Þar var að ræða um merkilegt og mikilvægt nýmæli, en hinsvegar mikill vandi að flokka vörurnar rjettlátlega og svo að vel mætti við una.

Vafalaust stendur þessi flokkaskifting enn til bóta, og þótt ekki væri af öðru, þá af því að breyttir þjóðarhagir hljóta að hafa áhrif á flokkaskiftinguna, eða svo virðist eiga að vera.

Hjer er að nokkru leyti gerð tilraun til nýrrar flokkaskiftingar, og stefnir hún að því marki, að þjóðin búi meira að sínu, hvort heldur litið er til iðnaðar í landinu eða til framleiðslu landsbúa, þótt eðlilega geti orðið skoðanamunur um hve langt eigi að fara í því efni.

Eigi að nota flokkaskiftingu vörutollslaganna til álagningar verðtolls, verður enn þá meiri nauðsyn á breytingu á flokkaskipuninni, en út í þau atriði verður ekki farið hjer.

(B. II, 1).

Nd. **29. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919. [*Ritsíma- og talsímakerfi*].

Flutningsmenn: Þorsteinn Jónsson og Björn Hallsson.

Aftan við lagagreinina bætist:
Lína frá Þórshöfn til Gunnólfsvíkur.

Greinargerð.

Gunnólfsvík er besta höfnin á Langanesi og við Bakkaflóa. Útgerð er þar talsverð og í ráði er að stofna þar verslun. Fiskimið ágæt eru þar skamt frá landi og fiskiskip útlend og innlend leita þangað oft inn. Ef sími yrði lagður þangað, myndi útgerð aukast þar að miklum mun.

Kostnaður við að leggja línu þessa verður mjög lítill, því að hliðarlina til Gunnólfsvíkur frá símalínunni, er liggur frá Bakkafirði til Þórshafnar, mun verða nálægt 5 km. löng.

(B. III, 1).

Nd. **30. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Síðasti málsl. 9. gr. stjórnarskrár, nr. 9, 18. maí 1920, orðist svo:
Ráðherra hefir aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

11. gr. sömu laga orðist svo:
Konungur skipar ráðherra og veitir honum lausn. Með lögum má fjölga ráðherrum.

3. gr.

12. gr. sömu laga orðist svo:
Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi í ríkisráði. Ráðherra skipar ríkisráð, og á ríkisarfi sæti í því þegar hann er

lögráða. Konungur er forseti ríkisráðsins. Ríkisráðsfundi má halda utan Íslands.

4. gr.

13. og 14. gr. sömu laga falla burtu.

5. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 18. gr. sömu laga komi:
annaðhvert ár.

6. gr.

Í stað orðanna »á ári« í enda 19. gr. sömu laga komi:
fundum sama þings.

7. gr.

1. málsgr. 26. gr. sömu laga orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 42 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Í stað »26« í 2. málsgr. sömu gr. komi: 28, og í stað »34« í 3. málsgr. sömu gr. komi: 36.

8. gr.

27. gr. sömu laga orðist svo:

Þingmenn, kosnir í sjerstökum kjördæmum, skulu kosnir til 6 ára, en þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, til 12 ára, og fer helmingur þeirra frá sjötta hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt.

9. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 31. gr. sömu laga komi:
annaðhvert ár.

10. gr.

Í stað orðsins »fjárhagsár« í 38. gr. sömu laga komi:
fjárhagstímabil.

11. gr.

Stjórnarskipunarlagabreyting þessi öðlast gildi 1. maí 1924.

ÁKVÆÐI UM STUNDARSAKIR.

Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá 1926, falla niður 1934.

Greinargerð.

Í frv. þessu eru fólgnar 2 breytingar á stjórnarskránni, sem telja má allverulegar. Önnur þeirra er sú, að Alþingi skuli að eins háð annaðhvert ár og hin er sú, að ráðherra skuli að eins vera 1. Þær breytingar aðrar, sem í frv. eru fólgnar, eru flestar bein eða óbein afleiðing af annari hvorri þessara breytinga. Breytingin í 7. gr. er gerð vegna fjölgunar þeirrar á þingmönnum í Reykjavík, sem þegar er á komin. Rjett virðist að lengja kjörtímabilið þegar þingum fækkar, því að tíð þingmannaskifti valda minni festu í löggjafarstarfinu.

Ástæðurnar fyrir því, að frv. þetta kemur fram eru þær, að svo virðist sem oss geti nægt þing annaðhvert ár. Þingkostnaðurinn er mikill, og það er því verulegur sparnaður að því að fækka þingunum. Kostnaðurinn við Alþingi var 1922 kr. 204000,00, 1921 kr. 348000,00, 1920 235000,00 og 1919 kr. 231000,00, samkvæmt LR., og þótt ganga megi út frá, að kostnaður þessi fari minkandi í hlutfalli við dýrtíð og þótt tekið sje tillit til, að þingin verði nokkru lengri þegar þau eru að eins annaðhvert ár, sjest, að um allverulega gjaldalækkun er að ræða. En sparnaðurinn af þingi annaðhvert ár er miklu meiri en þetta, því að það er kunnara en frá þurfi að segja, að hvert einasta þing samþykkir útgjöld, sem sumpart eru alveg óþörf, sumpart þannig vaxin, að vel mega bíða. Þetta er tilfinnanlegast þegar fjárhagurinn er þröngur eins og nú, og því er eðlilegt, að br.till. í þessa átt komi fram einmitt nú. Á það má og líta, að þar sem þetta þing er hið síðasta á yfirstandandi kjörtímabili og nýjar kosningar eiga að fara fram á þessu ári, þarf ekkert aukaþing að halda nje þingrof fram að fara vegna þessarar stjórnarskrárbreytingar.

Ráðherrum var fjölgað í ársbyrjun 1917, og má vel vera, að það hafi verið nauðsynlegt vegna heimsstyrjaldarinnar, en nú verður henni eigi lengur um kent, og sýnist auðsætt, að að minsta kosti megi reyna það fyrirkomulag, sem var fyrir stríðið, og verður varla sagt, að það sje hættuleg tilraun. Í frv. er gert ráð fyrir, að ráðherratölunni megi breyta með lögum, og ætti þetta að gera ráðherrafækkunina aðgengilegri.

(B. IV, 1).

Nd. **31. Frumvarp**

til laga um heimild til gjaldeyrislántöku.

Flutningsmenn: Jakob Möller og Bjarni Jónsson frá Vogi.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eða ábyrgjast fyrir bankana, annan eða báða, erlent gjaldeyrislán, að upphæð alt að fjórum miljónum króna, er verja skal til stöðvunar á gengi íslenskrar krónu. Lánið skal tekið að minsta kosti til 5—10 ára.

Greinargerð.

Á Alþingi 1922 var um það rætt, hvort taka skyldi upp opinbert gjaldeyrismat hjer á landi. Voru um það nokkuð skiftar skoðanir, en lagafrumvarpi i þessa átt var að lokum vísað til stjórnarinnar. Um eitt atriði, er mál þetta snertir, virtust þingmenn þó mjög sammála; sem sje, að »fyrsta skilyrði fyrir því, að opinber skráning yrði upp tekin, væri það, að samningum yrði náð að mestu leyti um þær lausar skuldir, er gengi íslenskrar krónu stafar hætta af, eða þær greiddar«, og þá sjerstaklega átt við innieignir útlendinga í Íslandsbanka. (Sbr. greinargerð frá samvinnunefnd viðskiftamálanna með frv. til laga um skipun matsnefndar á erl. gjaldeyri, á þskj. 202, og umræður um það mál.) Nú er svo komið, að bankarnir hafa tekið upp opinbert gjaldeyrismat, en hinsvegar engar ráðstafanir verið gerðar til að verjast þeirri hættu, er gengi ísl. krónu stafar af þessum umræddu »lausu skuldum«. En það er komið í ljós, að slik hætta er yfirvofandi. Því til sönnunar nægir að benda á, að gengi ísl. kr. gagnvart sterlingspundi hefir síðan í haust lækkað um full 11%, og má fullyrða, að það stafi frá áhrifum þessara lausu skulda. Slíkra áhrifa á gengið, frá þessum lausu skuldum, má vænta ár eftir ár, ef ekki verða gerðar ráðstafanir til að greiða þær jafnótt og krafist er. Þess mun nú hafa verið vænst, að bankarnir væru einfærir um að ráðstafa þessum skuldum, ná samningum um þær eða fá lán til að greiða þær með. En þó að einhverjar tilraunir kunni að hafa verið gerðar í þá átt, þá hafa þær að minsta kosti engan árangur borið, enda má fullyrða, að allar slíkar tilraunir bankanna muni verða árangurslausar, nema ríkið hlaupi þar undir baggann, á þann hátt, sem frv. þetta fer fram á.

Hámarksupphæð lánsins, sem í þessu frv. er farið fram á, að ríkisstjórnin fái heimild til að taka eða ábyrgjast fyrir bankana, er ákveðin í samræmi við niðurstöðu viðskiftamálanefndar þingsins 1922 um upphæð lausaskuldanna. Nefndin áætlaði þessar skuldir 6—8 miljónir kr. En gera má ráð fyrir því, að eitthvað hafi greiðst af þeim á árinu, en hinsvegar mun þess ekki við þurfa, til þess að eins að stöðva gengi ísl. krónu, að þær verði greiddar allar í senn, og er jafnvel líklegra, að til þess þurfi ef til vill ekki nema lítinn hluta þessarar upphæðar. En það ætti auðvitað að vera hlutverk væntanlegrar nefndar að rannsaka þetta sjerstaklega i samvinnu við bankana.

(D. I, 1).

Nd. **32. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um landsspitala.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Hverjar eru fyrirætlanir stjórnarinnar viðvíkjandi byggingu landsspítala.

(B. V, 1).

Ed. **33. Frumvarp**

til laga um verðlaun fyrir útfluttan gráðaost.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Árið 1923 veitist verðlaun úr landssjóði til gráðaostabúa, alt að 50 aurum fyrir hvert kg. af úrvals gráðaosti, sem út er flutt, þó ekki yfir 5000 krónur alls.

2. gr.

Stjórnarráðið úthlutar verðlaunum eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, þó ekki nema fyrir þann ost, sem metinn er sem úrvalsvara (fyrsti flokkur). Búnaðarfjelag Íslands útnefnir matsmennina.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Um nokkur undanfarin ár hafa verið gerðar tilraunir með gráðaostagerð hjer á landi, og ýmsir þeir menn, sem best hafa vit á í þeim efnum, álíta, að sú framleiðsla geti, er stundir líða fram, orðið verulegur atvinnuvegur hjer á landi. En miklir örðugleikar eru á því að láta þessa ostagerð bera sig meðan varan er sama sem óþekt á erlendum markaði. Og það er vafasamt, hvort einstakir menn geta haldið uppi tilraun með þessa ostagerð lengur en orðið er, ef enginn stuðningur kemur til af opinberu fje.

Til sönnunar því, um hve mikla hagsmuni getur verið að ræða í þessu efni, má geta þess, að ef gerður hefði verið gráðaostur úr allri þeirri sauðamjólk, sem til fellur í landinu árlega, mundi andvirðið, með því verði, sem verið hefir í vetur á islenskum gráðaosti erlendis, nema alt að sjö miljónum króna.

Síðastliðið sumar var framleiðsla á gráðaosti tæp 4000 kg. til útflutnings. Það er ólíklegt, að ostagerðin aukist svo mikið í sumar, að öll verðlaunaupphæðin yrði notuð. En á hinn bóginn er nauðsynlegt að veita þann stuðning málinu, að framleiðslan til útflutnings geti aukist nokkuð, enda er þá meira að marka tilraunina.

(B. VI, 1).

34. Frumvarp

til laga um Íþróttasjóð Reykjavíkur.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð, er nefnist Íþróttasjóður Reykjavíkur.

2. gr.

Íþróttasjóður Reykjavíkur fær 20% af öllum inngangseyri að íþróttasýningum í Reykjavík, hverju nafni sem nefnast. Skattur þessi skal reiknaður af tekjunum, áður en kostnaður við sýningarnar er dreginn frá. Ekki má leggja á þessar sýningar annan skatt til opinberra þarfa, hvorki bæjarfjelagsins eða landsins.

3. gr.

Í stjórn Íþróttasjóðs Reykjavíkur skulu vera þrír menn: Formaður Íþróttasambands Íslands og íþróttakennararnir við mentaskólann og barnaskóla Reykjavíkur. Stjórn sjóðsins starfar endurgjaldslaust.

4. gr.

Starf stjórnar sjóðsins er að taka á móti hinum lögmælta skatti af íþróttasýningum, sem um getur í 2. gr., ávaxta sjóðinn í Landsbankanum undir eftirliti fjármálaráðherrans, auglýsa í Lögbirtingablaðinu hvern nýjan tekjuauka, og birta um hver áramót í B-deild Stjórnartíðindanna yfirlitsskýrslu um hag sjóðsins.

5. gr.

Nú neitar einhver af þeim þrem mönnum, sem samkvæmt 3. gr. eiga sæti í stjórn sjóðsins, að leggja á sig þessa kvöð án endurgjalds. Þá skal fjármálaráðherra tilnefna mann eða menn til að gegna störfum í nefndinni.

6. gr.

Íþróttasjóði Reykjavíkur má eingöngu verja til að byggja sundhöll og íþróttaskála við Reykjavík eða inni í bænum. Skal þá heita vatnið úr Laugunum leitt heim í sundhöllina og til að hita upp leikskálann.

7. gr.

Ekki má skerða sjóðinn, nje hefjast handa með byggingar þær, sem um ræðir í 6. gr., fyr en Alþingi leyfir.

Ástæður.

Í flestum stærri bæjum erlendis hafa verið reistar sundhallir með ærnum kostnaði til að greiða götu íþróttamanna og auka líkamsmentun almennings. Verður þá að hita vatnið í sundlaugarnar við kolaeld. Nú vill svo vel til, að 2—2½ km. frá höfuðstað Íslands sprettur sjóðandi vatn úr jörðu. Með fremur litlum kostnaði mætti leiða það heim að bænum, t. d. hjá Rauðará, og hafa þar ágæta sundlaug undir þaki. Myndu þá öll börn í bænum og unglingar eiga kost á að æfa þar sund daglega. Á hverjum vetri safnast fjöldi fólks hingað til bæjarins til náms, og myndi það njóta góðs af þessari breytingu. Auk þess er gert ráð fyrir, að íþróttaskáli yrði reistur við laugina, og yrði stofnun þessi höfuðsetur líkamsmentunar í bænum. Má gera ráð fyrir, að íþróttamenn bæjarins muni fúslega sætta sig við að bera nokkrar byrðar, þegar fjenu er varið til að gera þeim og þeirra niðjum hægra fyrir með að stunda íþróttir í framtíðinni.

(B. VII, 1).

Nd. **35. Frumvarp**

til laga um sjerstakar dómþinghár í Mosvalla- og Flateyrarhreppum í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Ólafur Proppé og Jón A Jónsson.

Mosvalla- og Flateyrarhreppar í Vestur-Ísafjarðarsýslu skulu vera sjerstakar dómþinghár, og skulu þingstaðirnir vera að Þórustöðum og Flateyri.

Greinargerð.

Mosvallahreppi hinum forna hefir nú verið skift í tvö hreppsfjelög, Mosvallahrepp og Flateyrarhrepp. Hreppsnefndir þessara hreppa hafa því óskað, að frumvarp um sjerstakar dómþinghár í hvorum þessara hreppa verði flutt og samþykt af hinu háa Alþingi.

(B. VIII, 1).

Ed. **36. Frumvarp**

til laga um takmörkun húsaleigu í kaupstöðum landsins.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Frá 1. júlí 1923 til ársloka 1926 má húsaleiga í kaupstöðum á Íslandi ekki vera hærri en 12% af virðingarverði húsanna, samkvæmt síðasta fast-

eignamati. Með verði hússins skal talið verð lóðarinnar, sem það stendur á, líka miðað við fasteignamat. Þessi ákvæði ná til allra þeirra húsa eða einstakra herbergja, sem leigð eru til íbúðar eða atvinnurekstrar.

2. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi skal í hverjum kaupstað vera starfandi húsaleigunefnd. Í þeirri nefnd eiga sæti þrír menn, kosnir af bæjarstjórn með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Kostnaður við starf nefndarinnar greiðist úr hlutaðeigandi bæjarsjóði.

3. gr.

Starf húsaleigunefndar er að skera úr misklíð, sem rísa kann milli húseigenda og leigjenda út af húsaleigu. Nefndin skiftir hinni fastákveðnu leigu af hverju húsi milli íbúða og einstakra herbergja, eftir því sem þörf krefur. Skal þar tekið fyrst og fremst tillit til rúmmáls herbergjanna, en að nokkru miðað við aðra aðstöðu, hæð frá jörðu og hversu herbergi eða íbúð snýr við sól.

4. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi má enginn húseigandi segja upp leigusamningi á húseign, sem heyrir undir þessi lög, nema fyrir vanskil á húsaleigu. Húsaleigunefnd á hverjum stað sker úr, hvort um vítaverð vanskil hafi verið að ræða.

Ástæður.

Frumvarp þetta á að ná til allra þeirra kauptúna, sem hafa kaupstaðarrjettindi. Í flestum þeirra er nú óhæfilega há húsaleiga, svo að þjóðarböl er að. Húsaleigan í stærstu kaupstöðunum er einn aðalþáttur í að halda við dýrtíð í landinu. Síðan 1920 hafa jarðir í sveitum, skip og bátar, svo og afurðir bæði til lands og sjávar, fallið stórkostlega í verði, um helming eða meira. Alt hefir fallið nema húsaleigan í helstu kaupstöðunum. Dæmi eru til í Reykjavík, að íbúðir í gömlum húsum eru nú leigðar tíföldu verði við það, sem átti sjer stað fyrir stríðið. Þar sem langflestar byggingar í bænum eru reistar fyrir 1914, er bersýnilega að ræða um gróða til handa húseigendum, sem ekki hefir verið til unnið í venjulegum skilningi.

Ef ekki tekst að lækka húsaleiguna í bæjunum hjer á landi, hlýtur dýrtíðin að haldast. Starfsmenn landsins, verkamenn og kaupafólk heimta hátt kaup, en eiga samt í fullkomnu basli. Á hinn bóginn geta atvinnuvegirnir ekki hjer á landi borið hærra kaup eða hærri starfslaun heldur en títt er í löndum þeim, sem framleiða sömu vörur og Íslendingar og keppa við okkur á erlendum markaði.

Vitaskuld myndi húseigendum í kauptúnunum þykja harðræði að láta þá »afskrifa« hús sín, eins og lækkað verð á fiski og kjöti hefir nú þegar »afskrifað« jarðir í sveitum og öll útgerðartæki. En hjer fer sem oftar, að hin meiri nauðsyn verður að ráða. Almenningsheill verður að gilda meira en einstaklingshagsmunir. Má og sjerstaklega líta á það, að flestöll hin eldri hús í kauptúnunum hafa nú þegar borgað sig, og sum oftar en einu sinni.

(D. II. 1).

Ed. **37. Fyrirspurn**

til landsstjórnarinnar út af hlutaeign alþingismanna og dómara í Íslandsbanka.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Hverjir af núverandi alþingismönnum og dómurum landsins eiga hlutabrjef í Íslandsbanka, eða hafa átt hin síðustu þrjú ár, og hve mikil er eða hefir verið eign hvers þeirra?

Ástæður.

Með því að Íslandsbanki er að mjög miklu leyti erlent gróðafjelag, en hefir mikil hlunnindi hjer á landi, er nauðsynlegt, að almenningur hafi á hverjum tíma glögga vitneskju um það, hverjir af þeim, er koma verða fram sem fulltrúar fyrir hönd þjóðarinnar gagnvart þessum banka, kunna að hafa eigin hagsmuna að gæta jafnframt hinu almenna umboði. Með því að forsætisráðherra er formaður bankaráðsins, á hann mjög auðvelt með að láta þingi og þjóð í tje þessar upplýsingar.

(D. III, 1).

Nd. **38. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um Löggildingarstofuna.

Frá Lárusi Helgasyni.

Hvað hefir Löggildingarstofan kostað ríkið mikið á hverju ári síðan hún var stofnuð, og hvað miklar aukatekjur hefir hún haft árlega frá verslunum landsins og af verslun sinni?

(B. IX, 1).

Nd. **39. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Flutningsmenn: Jón Sigurðsson og Pjetur Ottesen.

A eftir 6. flokki í 1. grein vörutollslaganna komi nýr flokkur, er verður 7. flokkur, svo hljóðandi:

a. Af allskonar kjöti og kjötmeti, smjöri og fiski, nýjum og niðursoðnum, 5 kr. af hverjum 10 kg.
b. Af osti og eggjum 2 kr. af hverjum 10 kg.
c. Af niðursoðinni mjólk, 1,40 kr. af hverjum 10 kg.
d. Af heyi 6 kr. af hverjum 100 kg.

Úr 7. flokki greinarinnar, sem verður 8. flokkur, fellur niður orðið »hey«.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að árlega er flutt inn frá útlöndum mjög mikið af þeim vörum, er vjer framleiðum eða getum hæglega framleitt, og greiðum fyrir þær svo skiftir miljónum króna. T. d. voru árið 1919 framantaldar vörur keyptar frá útlöndum fyrir 938 þúsund krónur, og síðan mun eigi hafa dregið úr innflutningnum, heldur hið gagnstæða.

Þetta er bæði óeðlilegt og hættulegt, þegar þjóðin er í gjaldeyrisvandræðum og framleiðendur geta tæplega haldið framleiðslunni á rjettum kili.

Það virðist því tími til kominn að reyna að ráða bót á þessu, og er frumvarp þetta aðeins einn þátturinn i þeirri viðleitni, er nú þarf að hefja til þess að bæta og efla framleiðsluna i landinu, svo hún geti sem mest fullnægt þörfum landsmanna.

Ætlum við, að tollvernd þessari verði eigi öllu hagkvæmar fyrir komið á annan hátt en að byggja hana einmitt á grundvelli vörutollslaganna, eins og hjer er lagt til.

Nanara við flutning málsins.

(A. III, 2).

Ed. **40. Nefndarálit**

um frumvarp til hjúalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Þótt nefndin viðurkenni, að sum ákvæði vinnuhjúatilskipunarinnar sjeu orðin nokkuð á eftir tímanum, eða jafnvel úrelt, þá telur nefndin þó eigi nauðsynlegt að setja nú ný hjúalög, því að hún telur að vel megi enn hlíta við hin gömlu lög um þetta efni í flestum atriðum. Stjórnarfrumvarpið viðurkennir og þetta, því að efni vinnuhjúatilskipunarinnar með þeim breytingum, er á henni hafa orðið með fátækralögunum frá 1905, er að miklu tekið upp í það. Auk þessa hefir frumvarpið inni að halda nokkra viðauka og breytingar á hjúalöggjöfinni. Af þessum breytingarákvæðum hefir þótt rjett að taka upp þau, er hjer segir:

Í athugasemdunum við frumvarpið er talið, að mikill vafi leiki á því, hvort tilskipunin geti átt við þau vistarráð, sem nú sjeu orðin tíðust, nefnilega

misserisvistirnar, en svo megi kalla, þótt ekki sje nákvæmt, vistir um tímabilin frá 14. maí til 1. október og frá síðarnefndum degi til 14. maí. Í frumvarpinu er beint sagt, að ráðning á þennan hátt um styttri tíma skuli koma undir hjúalög. Nefndin fellst á þetta, en telur rjett að gera það ekki að skilyrði, að vistráðningartíminn endi á almennum hjúaskildaga. Þá verður og að gera þær breytingar á hinum eldri lagaákvæðum, sem nauðsynlegar þykja vegna þessara vistráðninga um styttri tíma. Í því sambandi telur nefndin rjett að samþykkja 6. gr. frumvarpsins dálítið breytta. Þá þykir enn rjett, að tími sá, er húsbónda er skylt að ala önn fyrir sjúku hjúi sínu, sje ákveðinn í hlutfalli við vistráðningartímann, eins og gert er í stjórnarfrumvarpinu.

8. gr. stjórnarfrumvarpsins telur nefndin til bóta. Seinustu málsgreininni virðist þó mega sleppa.

5. gr. vinnuhjúatilskipunarinnar er víst orðin alveg þýðingarlaus eða úrelt, og þykir rjett að nema hana úr gildi með beinum orðum.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að gerðar verði á frumvarpinu þessar

BREYTINGAR:

1. 1. grein orðist svo:
   Nú vistar maður til sín hjú um skemri tíma en 12 mánaða, og skal þá húsbóndi og hjú hlíta ákvæðum tilsk. 26. janúar 1866 og annara lögmæltra fyrirmæla um viðskifti húsbónda og hjús, enda sje vistartíminn ákveðinn 3 mánuðir eða lengur. Gild eru þau vistarráð, þótt ekki standi þau til næsta hjúaskildaga á eftir.
2. 2 gr. fellur burtu.
3. 3. gr. fellur burtu.
4. 4. gr. fellur burtu.
5. 5. gr. fellur burtu.
6. Upphaf 6. gr. orðast svo:
   Hjú, sem ráðið er skemur en ár, skal, nema öðruvísi sje um samið, sjálft kosta ferð sína í vistina. Ef hjú kemur ekki o. s. frv.
   6. gr. verður 2. gr.
7. 7. gr. fellur burtu.
8. Síðasta málsgrein 8. gr. fellur burtu.
   8. gr. verður 3. gr.
9. 9. gr. fellur burtu.
10. 10. gr. fellur burtu.
11. 11. gr. fellur burtu.
12. 12. gr. fellur burtu.
13. 13. gr. fellur burtu.
14. Við bætist ný grein, er verður 4. gr.:
    Eigi er húsbónda skylt að ala önn fyrir hjúi, er ráðið var skemri tíma en 12 mánaða, lengur en fjórðung vistráðningartímans.

Nú á húsbóndi að greiða matarverð fyrir sjúkt bjú sitt utan heimilis, en sjúkdómur eða slys það, er hjúið hefir orðið fyrir, er hvorki honum nje hjúinu að kenna, og er honum þá ekki skylt að greiða meira en svarar einu hundraði á landsvísu árlangt.

15. 14. gr. fellur burtu.
16. 15. gr. fellur burtu.
17. 16. gr. fellur burtu.
18. 17. gr. fellur burtu.
19. 18. gr. fellur burtu.
20. 19. gr. fellur burtu.
21. 20. gr. fellur burtu.
22. 21. gr. fellur burtu.
23. 22. gr. verður 5. gr.
24. 23. gr. fellur burtu.
25. 24. gr. fellur burtu.
26. 25. gr. fellur burtu.
27. 26. gr. fellur burtu.
28. 27. gr. fellur burtu.
29. 28. gr. fellur burtu.
30. 29. gr. fellur burtu.
31. 30. gr. fellur burtu.
32. 31. gr. fellur burtu.
33. 32. gr. verður 6. gr. og orðast svo:

5. gr. umræddrar tilskipunar er úr gildi feld; enn fremur öll þau ákvæði hennar og önnur lagafyrirmæli, er koma i bága við þessi lög.

34. Fyrirsögnin verði:

Frumvarp til laga um breyting á tilskipun 26. janúar 1866, um vinnubjú á Íslandi m. m.

Alþingi, 26. febrúar 1923.

Jón Magnússon, form. og framsögum.	Sigurður H. Kvaran.	Guðm. Guðfinnsson, skrifari.

(C. II, 1).

Nd. **41. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga vatnamálin.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson og Þorleifur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að íhuga og undirbúa vatnamálafrumvörp þau, er fyrir þinginu liggja.

Greinargerð.

Vatnamálafrumvörp þau, er fyrir liggja að þessu sinni, hafa í líkum búningi og nú legið fyrir 4 undanförnum þingum og jafnan sætt meðferð i aukanefndum, nema 1920, þegar þau voru tekin af dagskrá við 1. umræðu vegna tímaskorts og gátu eigi komið fyrir aftur.

Nú hafa frv. þessi verið lögð fram í efri deild og vísað þar til allsherjarnefndar, sem bætt hefir við sig 2 mönnum vegna meðferðar þessara mála.

En eftir þeim málafjölda, sem þegar hefir verið vísað til allsherjarnefndar neðri deildar, virðast litlar líkur til að henni vinnist tími til afgreiðslu á jafnumfangsmiklum málum og vatnamálunum, jafnvel þótt bætt yrði mönnum í nefndina, og það því síður sem vatnamálin hljóta að tefjast nokkuð í efri deild. Þess vegna er einsætt, að sjerstök aukanefnd hefir betri tíma og tækifæri til að afgreiða þessi mál.

(D. IV, 1).

Nd. **42. Fyrirspurn**

til landsstjórnarinnar um landhelgi og landhelgisgæslu.

Frá Pjetri Ottesen, Einari Þorgilssyni og Hákoni J. Kristóferssyni.

a. Hvað líður framkvæmdum stjórnarinnar í landhelgisgæslumálinu, sbr. lög nr. 78, 28. nóv. 1919?
b. Hvað hefir stjórnin gert út af ályktun þingsins 1919 (þingskj. 733) um stækkun landhelgissvæðisins?

(B. VII, 2).

Nd. **43. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sjerstakar dómþinghár í Mosvalla- og Flateyrarhreppum í Vestur-Ísafjarðarsýslu. (Þskj. 35).

Frá Ingólfi Bjarnarsyni.

1. Frumvarpsgreinin orðist svo:
Mosvalla- og Flateyrarhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Háls- og Flateyjarhreppur í Suður-Þingeyjarsýslu skulu vera sjerstakar dómþinghár,

og skulu þingstaðirnir vera að Þórustöðum, Flateyri, Skógum og Brettingsstöðum.

2. Fyrirsögnin verði:

Frumvarp til laga um sjerstakar dómþinghár í nokkrum hreppum.

(D. V, 1).

Ed. **44. Fyrirspurn**

til landsstjórnarinnar um ferðalög ráðherra.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Hve mikið hefir landssjóður greitt í ferðakostnað ráðherranna innan lands og utan síðan 1917? Hverjar eru þessar ferðir, til hvaða staða, hve lengi stóð hver einstök ferð yfir og hver voru erindi og árangur í hvert skifti?

(B. X, 1).

Nd. **45. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Flutningsm.: Þorsteinn Jónsson, Björn Hallsson, Benedikt Sveinsson og Ingólfur Bjarnarson.

Aftan við 3. gr. 10 (um tölu þjóðvega) komi:

Frá Húsavík um Reykjaheiði, Kelduhverfi, Öxarfjörð, Öxarfjarðarheiði, Þistilfjörð, Brekknaheiði, Strandir, Sandvikurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð að Fossvöllum.

Greinargerð.

Samkvæmt vegalögunum frá 22. nóv. 1907 liggur »þjóðvegur« um norðausturhluta landsins, frá Einarsstöðum í Reykjadal (yfir Hólasand) um Reykjahlíð, Mývatnsöræfi, Fjöll og Möðrudalsöræfi að Skjöldólfsstöðum á Jökuldal. Leið þessi liggur, sem kunnugt er, nær því um óbygðir einar og öræfi. En um bygðarlög þessa landshluta er enginn þjóðvegarspotti alla leið úr Reykjadal og sem póstleið liggur með bygðum alt austur á Fljótsdalshjerað.

Þessi gloppa vegalaganna blasir við hverjum kunnugum manni og kem-

ur berlega í ljós þegar til samanburðar eru tekin önnur ákvæði laga þessara um þjóðvegi. Þarf eigi annað en taka til dæmis 9. tölulið 3. gr. laganna, þar sem með »þjóðvegum« er talin leiðin frá Hrútafjarðará, um Borðeyri út með Hrútafirði, um Stikuháls til Bitrufjarðar og þaðan að Gilsfjarðarbotni — og mörg fleiri dæmi mætti taka.

Það gerist því eigi þörf að skýra það mörgum orðum, hversu rjettur hjeraðanna á norð-austurlandi er fyrir borð borinn móts við önnur hjeruð og jafnvel stjálbygðustu útkjálka annarsstaðar á landinu.

Hjeruð þau, er hlut eiga að máli, una eigi misrjetti þessu lengur. Hafa því síðustu árin komið fram ákveðnar kröfur um það, að póstleiðin á þessu svæði yrði tekin í tölu þjóðvega, og liggja nú fyrir þinginu óskir og kröfur um þetta efni úr þremur sýslum, þar á meðal frá flestum eða öllum hreppsnefndum í þessum bygðarlögum.

Alþingi hefir alloft síðan vegalögin komu í gildi orðið að viðurkenna í verkinu, að hjer væri gloppa í lögin, og því veitt fje til brúagerða í hjeruðum þessum, svo sem á þjóðvegi væri, t. d. til brúa í Þistilfirði og á Ströndum, án þess að hjeruðin legðu til nokkurt fje að sínum bluta, og hefir með því sýnt meiri sannsýni en fyrirmæli vegalaganna kveða á um.

Því verður að visu ekki neitað, að *skemsta leið* milli Reykjadals og Jökuldals liggur um þá leið, sem nú er kölluð »þjóðvegur«, en hún er nær öll í óbygðum og í eðli sínu ekki annað en »fjallvegur«. Bygðirnar sjálfar eru »þjóðvega«lausar. Það er því engu meiri sanngirni að láta þennan öræfa-»þjóðveg« koma í stað þjóðvegar um bygðirnar heldur en að vegurinn um Holtavörðuheiði ætti að útrýma þjóðveginum frá Gljúfrá í Borgarfirði um Dali og norður að Arngerðareyri. Hvorttveggja er samskonar fjarstæða.

Vjer treystum því, að Alþingi fallist á frumvarp þetta, því fremur sem vegamálastjóri hefir kannast við, að það hefði sanngirni við að styðjast.

(B. XI, 1).

Nd. **46. Frumvarp**

til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Flutningsmaður: Magnús Kristjánsson.

1. gr.

Öllum er heimilt að stunda atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum, með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með minni vjel en 10 hestafla, er sýnt getur skrásetningarstjóra vottorð frá tveim vjelgæslu-

mönnum, er skirteini hafa frá mótorskólanum í Reykjavík, sem stofnaður var með lögum nr. 13, 18. nóv. 1920, eða námsskeiði Fiskifjelags Íslands, um að hann sje fær um að gegna starfinu.

3. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 10 til 50 hestafla vjel, er sannað getur, að hann hafi staðist próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifjelags Íslands.

4. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 50—150 hestafla vjel, er staðist hefir fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík, og auk þess verið að minsta kosti 6 mánuði vjelgæslumaður samkvæmt 3. grein. Sbr. þó 7. gr. þessara laga.

5. gr.

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir fullnaðarpróf frá Vjelstjóraskóla Íslands eða skírteini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga frá 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og auk þess verið að minsta kosti þrjá mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

6. gr.

Á mótorskipum með 10 til 50 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir skilyrðum 3. gr., og einn aðstoðarmaður, sem fullnægir 2. gr. Þó skulu dráttarbátar og aðrir þeir bátar, sem notaðir eru við hafnir eða til stuttra ferða, eigi skyldir að hafa þennan aðstoðarmann.

Á mótorskipum með 50 til 150 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir kröfum 4. gr., og einn, sem fullnægir kröfum 3. gr.

Á mótorskipum með vjel yfir 150 hestöfl skal vera vjelalið samkvæmt ákvæðunum í 1. málsgr. 12. gr. nefndra laga 3. nóv. 1915.

7. gr.

Eftir að mótorskólinn í Reykjavík hefir starfað í 5 ár, getur enginn orðið yfirvjelstjóri á mótorskipum með stærri vjel en 50 hestafla, nema hann sanni, að hann hafi staðist fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík. Þó heldur yfirvjelstjóri, er staðist hefir námsskeiðspróf Fiskifjelags Íslands eða fullnægir ákvæðum 5. gr., rjettindum sínum, ef ekkert það er fram komið, er sanni, að hann sje óhæfur til að gegna starfinu.

Þeir yfirvjelstjórar og vjelstjórar á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi lengur en 1 ár áður en lög þessi öðlast gildi, eiga rjett til að halda stöðu sinni á samskonar skipi og þeir hafa áður á verið.

8. gr.

Mótorvjelgæslu-skírteini skal gefið út af lögreglustjóra, og skal það

samið eftir reglum, er stjórnarráð Íslands setur. Fyrir hvert skírteini greiðist 10 krónur, er renna í ríkissjóð.

9. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins, en við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum. Sje brotið ítrekað, getur sektin hækkað upp í 1000 krónur. Brot þessi sæta opinberri rannsókn, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Alþingi 1920 samþykti, eins og kunnugt er, lög um kenslu í mótorvjelfræði. Lög þessi hafa að vísu ekki komið til framkvæmda enn, og mun einkum borið við húsnæðisskorti þessum drætti til afsökunar. Þess má þó að líkindum vænta, að hæstvirt stjórn muni telja sjer skylt að koma málinu til framkvæmdar mjög bráðlega, enda hefir Alþingi sýnt, að því er ljóst, að hjer er um brýna þörf að ræða, sem ekki verður til lengdar undan komist.

Jafnframt því sem áðurnefnd vjelfræðideild tekur til starfa verður að sjálfsögðu að ákveða með lögum um skyldur og rjettindi þeirra manna, sem vjelgæslu stunda á mótorskipum, engu síður en á öðrum skipum, og þess vegna er frumvarp þetta fram komið.

Mál þetta lá fyrir þinginu 1921 og hafði góðan byr í báðum deildum, þar til á síðustu stundu, að það var felt í efri deild við eina umr., vegna lítilfjörlegs ágreinings milli deildanna um aukaatriði, sem nú mun eigi geta komið til greina lengur.

(B. XII, 1).

Nd. **47. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Í síðustu málsgrein 33. greinar laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, fellur niður setningin: Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá $^{2}/_{3}$ launauppbótar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þegar lögin um laun embættismanna voru sett á Alþingi 1919 höfðu undanfarin ár verið veltiár fyrir íslenskan landbúnað. Stjórnin tók því upp í frumvarp sitt til launalaganna ákvæði um að takmarka nokkuð dýrtíðaruppbót sveitapresta. Mátti færa þetta til sanns vegar, þótt að vísu væri ekki ljóst, hví prestar einir skyldu lúta slíku ákvæði fremur en aðrir embættismenn, sem í sveit búa eða geta búið. Nefnd þeirri, sem um málið fjallaði í neðri deild, þótti þetta þó eigi rjett og lagði til, að ákvæðið væri felt niður, og fjelst stjórnin á, að það væri rjettara. Nefnd sú, sem málið hafði til meðferðar í efri deild, hefir einnig þótt þetta ákvæði ósanngjarnt, því að þótt hún vildi ekki beinlínis leggja til að fella ákvæðið niður, til þess að valda ekki of miklum ágreiningi um þetta atriði milli deildanna, lagði hún til að hækka uppbót presta úr $^1/_3$ launauppbótar, sem Nd. hafði lagt til, upp í $^2/_3$.

Það má því ljóst vera, að þeir aðiljar, sem mest fjölluðu um málið 1919 og best höfðu haft tækifæri til að kynna sjer það, sem sje stjórnin og nefndir beggja deilda, töldu þessa takmörkun á dýrtíðaruppbót presta ekki sanngjarna, þótt annað yrði ofan á hjá þinginu, sjálfsagt af þeirri ástæðu, að menn litu á það, hve arðvænlegt var að búa í sveit á þeim árum, enda engin önnur rök færð fyrir þessu í umræðum um málið.

Nú er þessu mjög svo öðruvísi komið. Öllum kemur saman um, sem til þekkja, að svo hafi um skift, að landbúnaður beri sig afarilla. Jafnvel bestu bændur eiga nú erfitt með að framfleyta sjer á búskap, og allur fjöldinn getur það ekki, eins og tekjuframtal úr sveitum landsins sýnir skýrast. Má þá nærri geta, að prestum, sem eiga einnig að gefa sig við prestsskap í stórum prestaköllum, muni ekki vera unt að hafa upp úr búskap, enda telja þeir, og einkum hinir yngri, bújarðirnar jafnvel fremur byrði á sjer en bitt. Og víst er um það, að hafi verið vafi, hvort draga átti af uppbót sveitapresta 1919 vegna búskaparins, þá er það alveg víst, að það er nú, undir hinum breyttu kringumstæðum, orðið bersýnilega ranglátt að svifta þá nokkrum parti uppbótar á þeim launum, sem sjálf eru mjög lág, saman borin við önnur embættislaun.

Það sýnist því ekki vera nema fullkomin rjettlætiskrafa, og þó fyr hefði fram komið, að kippa þessu í lag.

Hve miklu fje þetta nemur fyrir ríkissjóð, er ekki auðvelt að segja, því að það fer auðvitað eftir því, hve hár uppbótarverðstuðullinn er, en hann fer nú hraðlækkandi. Árið 1921 mundi þetta hafa numið um 133000 kr., 1922 um 93000, en 1923 um 58000, og má af því vænta, að upphæðin verði talsvert lægri þegar þetta ákvæði kæmi fyrst til framkvæmda, á næsta ári, og svo fara æ lækkandi, uns það hverfur með sjálfri uppbótinni. En á hinn bóginn má segja, að

þetta komi málinu lítið eða ekkert við, ef hjer er um rjettlæti að ræða, eins og sýnt hefir verið. Mætti frekar segja, að þessi embættisstjett ætti frekari kröfu til þessa jafnrjettis við aðra eftir að hafa verið svift því undanfarin ár.

(A. II, 2).

Ed.

48. Nefndarálit

um frv. til laga um samþyktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Frv. þetta kom fyrst fyrir Alþingi seint á þingi 1921.

Neðri deild sendi frv. frá sjer með litlum breytingum, en samgöngumálanefnd efri deildar vildi ekki leggja til, að það yrði samþykt i deildinni án allmikilla breytinga; taldi nefndin víst, að það myndi ekki verða afgreitt frá þinginu, ef gerðar væru á því þær breytingar, er hún taldi nauðsynlegar, þar sem þá var komið að þinglokum.

Nefndin samþykti því að leggja til, að frv. væri vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá (þskj. 640), og gaf um leið i nefndarálitinu ýmsar bendingar um breytingar á því. Var dagskráin samþykt i deildinni.

Stjórnin hefir nú tekið flestar tillögur nefndarinnar til greina að mestu leyti í frv. því, er hún nú hefir lagt fyrir þingið.

Samgöngumálanefnd hefir nú athugað frv. þetta og getur fallist á það með fáeinum breytingum.

Nefndin leggur til, að orðin »eða öllu« falli i burtu og þykir þar of langt gengið, að losa eyjajarðir algerlega við öll gjöld til vegakerfis þeirrar sýslu, er þær heyra til. Hins vegar leggur nefndin til að heimila sýslunefndum að ívilna kauptúnum, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, í þessu gjaldi.

Nefndin sættir sig ekki við þá hækkun á skattinum, sem stjórnin hefir gert, þar til ríkissjóðstillag fæst, og leggur því til, að tölurnar í 8. gr. lækki um $^1/_2$‰, nema talan 6‰; mun sá útgjaldaauki, er ríkissjóði stafar af þessari breytingu, naumast verða mjög mikill, þar sem sjálfsagt ekki nærri öll sýslufjelög munu leggja svo mikið til vega, að þau nái í ríkissjóðstillag, þótt samþykt væri gerð; en þau sýslufjelög, sem mikið leggja til vega, myndi hins vegar muna nokkuð um þetta.

Nefndin leggur því til, að háttv. deild samþykki frv. með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 6. gr.
   a. Orðin »eða öllu« falli burtu.
   b. Aftan við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt má einnig ívilna þeim kauptúnum, sem eru sjerstakt hreppsfjelag og hafa lítil not af vegakerfi sýslunnar.

2. Við 8. gr.

a. Í 1. málsgr. »2½« verður: 2 og »2½‰« verður: 2‰.
b. Í 2. málsgr. »2½‰ til 4½‰« verður: 2‰ til 4‰.
c. Í 3. málsgr. »4½‰« verður: 4‰.

Alþingi, 28. febr. 1923.

Jón Magnússon, formaður. Guðm. Guðfinnsson, framsögum. og fundaskrifari.

Hjörtur Snorrason. Sigurður H. Kvaran. Einar Árnason.

Fjárveitinganefndin hefir ekkert að athuga við fjárhagsatriði þessa frumvarps.

Alþingi, 1. mars 1923.

Jóh. Jóhannesson.

Einar Árnason.

(B. XIII, 1).

Nd. **49. Frumvarp**

til laga um breyting á löggjöfinni um hlutfallskosningar.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Við hlutfallskosningar samkvæmt lögum nr. 20, 20. okt. 1913, um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum, lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og lögum nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík, skulu framboðslistar auðkendir með tölustöfum í framhaldandi röð og byrja með 1 (1, 2, 3 o. s. frv.).

Orðalag áður nefndra laga breytist samkvæmt því.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Reynslan hefir sýnt, að aðferð sú, sem höfð hefir verið við hlutfallskosningar, að merkja framboðslista eftir fyrstu bókstöfum stafrófsins, er afaróhentug við upplestur atkvæða, sakir þess, hve hljóðlíkingin er mikil milli stafanna, að þeim fyrsta undanteknum, svo sem B, C, D o. s. frv. Veldur þetta stöðugum misheyrnum og ruglingi, svo að menn neyðast til þess að nefna: B — annar stafur, C — þriðji stafur, eða eitthvað slíkt, en við langar upptalningar veldur þetta mikilli töf og óþarfa erfiði. Það sýnist því sjálfsögð hagsýni að kippa þessu í lag, þegar það er hægt án nokkurrar fyrirhafnar. Fyrstu tölurnar í töluröðinni, einn, tveir, þrír, fjórir o. s. frv., eru mjög hentugar í þessu efni.

(A. III, 3).

Ed. **50. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun 26. jan. 1866, um vinnuhjú á Íslandi m. m.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Nú vistar maður til sín hjú um skemri tíma en 12 mánaða, og skal þá húsbóndi og hjú hlíta ákvæðum tilsk. 26. janúar 1866 og annara lögmæltra fyrirmæla um viðskilti húsbónda og hjús, enda sje vistartíminn ákveðinn 3 mánuðir eða lengur. Gild eru þau vistarráð, þótt ekki standi þau til næsta hjúaskildaga á eftir.

2. gr.

Hjú, sem ráðið er skemur en ár, skal, nema öðruvísi sje um samið, sjálft kosta ferð sína í vistina. Ef hjú kemur ekki í vist sína á rjettum tíma, er húsbóndi ekki bundinn við vistarráðin, nema hann innan tveggja sólarhringa fái vitneskju um, að hjúið gat ekki komið í vistina vegna atvika, sem það átti ekki sök á. Þegar svo stendur á, er húsbóndi ekki skyldur að bíða hjúsins lengur en viku frá skildaga.

Kaup hjús reiknast frá þeim degi, sem það kemur í vistina.

3. gr.

Ef upphæð kaups hefir eigi verið ákveðin, skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Ef eigi hefir verið samið um annan gjalddaga kaupsins og um mánaðarkaup er að ræða, hefir hjúið rjett til þess að krefjast greiðslu kaupsins við lok hvers mánaðar. Ef kaupið hins vegar er ákveðið í einu lagi fyrir all-

an vistartímann, hefir hjúið að liðnum 3 mánuðum af vistartímanum rjett til þess að krefjast greiðslu á kaupi því, er það hefir unnið fyrir hinn fyrsta vistarmánuð, eftir 4 mánuði á kaupi fyrir annan vistarmánuð o. s. frv., þannig, að jafnan standi tveggja mánaða kaup ógreitt hjá húsbónda þess, þar til vistarráðunum er löglega lokið.

Ef ekki er öðru vísi um samið, teljast $^3/_4$ af árskaupi hjús kaup fyrir timabilið frá 14. maí til 1. október (sumarkaup).

Við lok vistartíma skal húsbóndi hafa lokið kaupi hjús að fullu.

4. gr.

Eigi er húsbónda skylt að ala önn fyrir hjúi, er ráðið var skemri tíma en 12 mánaða, lengur en fjórðung vistráðningartímans.

Nú á húsbóndi að greiða matarverð fyrir sjúkt hjú sitt utan heimilis, en sjúkdómur eða slys það, er hjúið hefir orðið fyrir, er hvorki honum nje hjúinu að kenna, og er honum þá ekki skylt að greiða meira en svarar einu hundraði á landsvísu árlangt.

5. gr.

Hjúi er vítalaust að koma ekki í vistina, ef það getur sannað, að húsbóndinn hafi á síðasta ári áður en vistarráðin áttu að hefjast, misþyrmt hjúi eða svelt það, leitast við að tæla hjú til illverka eða lauslætis, enda hafi hjúi verið ókunnugt um þessar sakir þegar samningar um vistina tókust.

Ef hjú er komið í vistina þegar það fær vitneskju um eitthvert þeirra afbrota af hálfu húsbónda, sem nefnd voru, er því heimilt að víkja úr vistinni fyrirvaralaust, enda geri það svo innan 14 daga eftir að það fjekk vitneskju um verknaðinn. Kaups getur hjúið aðeins krafist fyrir þann tíma, sem það var í vistinni.

6. gr.

5. gr. umræddrar tilskipunar er úr gildi felld; enn fremur öll þau ákvæði hennar og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við þessi lög.

(B. X, 2).

Nd. 51 Breytingartillaga

við frumvarp til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Flutningsm.: Einar Þorgilsson.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist nýr liður:
Frá Hafnarfjarðarkaupstað til Garðskaga.

(A. XIII, 2).

Nd. **52. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin gat eigi orðið að öllu leyti sammála um frumvarp þetta. Meiri hlutinn álítur, að tillaga ríkisstjórnarinnar um að tekjur, sem eigi nema 1000 krónum, skuli vera skattfrjálsar, gangi of langt, með því að þá muni einhver hluti vinnufólks, lausafólks og annara, er minstar tekjur hafa, verða algerlega undanþeginn tekjuskatti.

Minni hlutinn álítur hins vegar, að eins og nú hagar til muni ekki verða mikil brögð að því, en þótt svo kynni að verða, þá sje það fyllilega rjettmætt, að þessi breyting nái fram að ganga, vegna þess að hver, sem ekki vinnur sjer inn 1000 krónur á ári, geti trauðla talist matvinnungur, þar sem sú upphæð nægir fæstum til brýnustu lífsnauðsynja.

Með því að minni hlutinn lítur svo á, að í frumvarpi þessu felist rjettmæt stefnubreyting, leyfir hann sjer að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. stjórnarinnar með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. a. 1. málsgrein orðist þannig:
   Í 13. gr. 1. málsgr. falli burtu orðin: »500 kr., en 1000 kr., ef um hjón er að ræða, sem samvistum eru, og er sú upphæð skattfrjáls. Enn fremur«. Í stað »300 kr.« í sömu málsgrein komi: 500 kr.
   b. 2. málsgrein falli burtu.
2. Við 9. gr. Fyrir »1923« komi: 1925.

Alþingi, 3. mars 1923.

M. J. Kristjánsson, formaður.

Þorl. Guðmundsson, framsögumaður.

(A. XIII, 3).

Nd. **53. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir allrækilega athugað breytingar þær á gildandi tekjuskattslögum, sem ræðir um í frv., en hefir ekki getað orðið ásátt um meðferð þess, og koma því fram 2 nefndarálit.

Meiri hl. lítur svo á, að eigi sje rjett að gera breytingar á gildandi lögum, nema alt sje með tekið, sem reynslan hefir leitt í ljós að betur má fara. Hann hefir því orðið sammála um að leggja það til við háttv. deild, að eigi verði öðru breytt en skattstiganum, frádráttarreglunum og endurskoðunarákvæði laganna. Það er auðsætt, að það er mjög óhentug aðferð að breyta lögum þessum oft, því að slíkt skapar rjettaróvissu hjá almenningi. Ólíkt rjettari aðferð virðist því sú, að geyma endurskoðun laganna eitt ár og taka þá í einu lagi það, sem breyta þykir þurfa, og ganga út frá, að lögin geti staðið óhreyfð þar á eftir lengri eða skemri tíma. Þetta á þó eigi við um skattstigann og frádráttarreglurnar, því að þær reglur verða að miðast við þarfir ríkissjóðs, verðlag o. fl. Og gagnvart almenningi skiftir það litlu máli um rjettarvissuna, þótt skattstiganum og frádráttarreglunum sje breytt, og fyrir þá, sem vinna eiga úr framtalsskýrslunum, skiftir slíkt einnig litlu máli.

Það er sjerstaklega tekið fram, að meiri hl. hefir alls ekki getað felt sig við það ákvæði stjórnarfrv., að tekjur undir 1000 kr. skuli vera skattfrjálsar, því að þetta ákvæði mundi valda því, að einhleypt fólk í sveitum mundi víðast og flest alveg losna við tekjuskattgreiðslu. Meiri hl. leggur áherslu á, að þess sje gætt, er endurskoðun laganna er gerð, að leitað sje tillagna þeirra, sem kunnastir eru framkvæmdum laganna, því að sjálfsögðu vita þeir best, hverra breytinga er þörf.

Um hinar einstöku breytingartill. verður rætt í framsögu.

Alþingi, 3. mars 1923.

Magnús Guðmundsson, ritari. Jakob Möller. Jón A. Jónsson.

(A. XIII, 4).

Nd. **54. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júni 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. 1. gr. falli burtu.
2. 2. gr. orðist svo:

6. gr. orðist þannig: Skattgjald þeirra, sem ræðir um í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 1000 kr., greiðist af honum 0,80%.

Af	1000	til	2000	kr.	greiðist	8	kr.	af	1000	kr.	og	1,6%	af	afgangi.
—	2000	—	3000	—	—	24	—	—	2000	—	—	2,5	—	—	—
—	3000	—	4000	—	—	49	—	—	3000	—	—	3,3	—	—	—
—	4000	—	5000	—	—	82	—	—	4000	—	—	4,2	—	—	—
—	5000	—	6000	—	—	124	—	—	5000	—	—	5,1	—	—	—
—	6000	—	7000	—	—	175	—	—	6000	—	—	5,5	—	—	—
—	7000	—	8000	—	—	230	—	—	7000	—	—	6	—	—	—
—	8000	—	9000	—	—	290	—	—	8000	—	—	7,5	—	—	—
—	9000	—	10000	—	—	365	—	—	9000	—	—	8,5	—	—	—
—	10000	—	11000	—	—	450	—	—	10000	—	—	10	—	—	—
—	11000	—	12000	—	—	550	—	—	11000	—	—	11,5	—	—	—
—	12000	—	13000	—	—	665	—	—	12000	—	—	13	—	—	—
—	13000	—	14000	—	—	795	—	—	13000	—	—	14,5	—	—	—
—	14000	—	15000	—	—	940	—	—	14000	—	—	15,5	—	—	—
—	15000	—	16000	—	—	1095	—	—	15000	—	—	16,5	—	—	—
—	16000	—	17000	—	—	1260	—	—	16000	—	—	17	—	—	—
—	17000	—	18000	—	—	1430	—	—	17000	—	—	17,5	—	—	—
—	18000	—	19000	—	—	1605	—	—	18000	—	—	18	—	—	—
—	19000	—	20000	—	—	1785	—	—	19000	—	—	18,5	—	—	—
—	20000	—	25000	—	—	1970	—	—	20000	—	—	19	—	—	—
—	25000	—	30000	—	—	2920	—	—	25000	—	—	19,5	—	—	—
—	30000	—	35000	—	—	3895	—	—	30000	—	—	20	—	—	—
—	35000	—	40000	—	—	4895	—	—	35000	—	—	20,5	—	—	—
—	40000	—	45000	—	—	5920	—	—	40000	—	—	21	—	—	—
—	45000	—	50000	—	—	6970	—	—	45000	—	—	21,5	—	—	—
—	50000	—	60000	—	—	8045	—	—	50000	—	—	22	—	—	—
—	60000	—	70000	—	—	10245	—	—	60000	—	—	23	—	—	—
—	70000	—	80000	—	—	12545	—	—	70000	—	—	24	—	—	—
—	80000	—	90000	—	—	14945	—	—	80000	—	—	25	—	—	—
—	90000	—	100000	—	—	17445	—	—	90000	—	—	26	—	—	—
—	100000	og	þar yfir	greiðist		20045	—	—	100000	—	—	26	—	—	—

3. Í stað 3.—8. gr. komi 3 nýjar greinar, sem verða 3., 4. og 5. gr., svo hljóðandi:
   a. Á eftir d-lið í 11. gr. komi nýr liður, sem verður e-liður, svo hljóðandi:
      Aukaútsvör.
   b. Í 2. málsgr. 12. gr. falla burtu orðin: »ef þau eru fjárráða. Annars teljast tekjur þeirra með tekjum heimilisföður«.
   c. Í stað »300 kr.« í 1. málsgr. 13. gr. komi:
      500 kr.
4. 9. gr. (sem verður 6. gr.) orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1924. Til þess tíma gilda einnig lög nr. 74, 27. júní 1921.

(B. X, 3).

Nd. **55. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Flutningsm.: Hákon Kristófersson.

Aftan við frumvarpsgreinina komi nýr liður:
Póstleiðin frá Kinnarstöðum í Þorskafirði um Brekku og Vattarnes til Brjánslækjar.

(B. XIV, 1).

Nd. **56. Frumvarp**

til laga um stofnun sjóðs til eflingar bindindisstarfsemi í landinu.

Flutningsm.: Magnús Jónsson og Pjetur Ottesen.

1. gr.

Ágóði sá, sem verður af áfengisverslun ríkisins, svo og leyfisbrjefagjöld til vínsölu eða vínveitinga, ef um þau er að ræða, rennur í sjerstakan sjóð, sem er í vörslum ríkisstjórnarinnar og ávaxtast í Landsbankanum á þann hátt, að fje hans sje jafnan handbært.

2. gr.

Sjóði þessum skal verja til eflingar bindindisstarfsemi í landinu og verndar áfengislöggjöf landsins.

3. gr.

Stjórnarráðið setur reglugerð fyrir sjóðinn, að fengnum tillögum Stórstúku Íslands, enda hafi Stórstúkan jafnan tillögurjett um það, hvernig fje sjóðsins er varið.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þegar þingið í fyrra gekk inn á þá braut að slaka til fyrir kröfum Spánverja um undanþágu frá bannlöggjöfinni, var það gert i þeim tilgangi einum að vernda fjárhagslega afkomu annars aðalatvinnuvegar landsmanna, því að öðrum kosti var fjárhagslegt hrun þjóðarinnar yfir vofandi. En hitt mun ekki hafa vakað fyrir neinum, að afla með þessu rikissjóði tekna til venjulegra útgjalda hans. Með þessu var óneitanlega bannlöggjöfin, sem lengi hafði verið unnið að og mörgum var hjartfólgin, skert alltilfinnanlega, og það sýnist því ekki annað vera sanngjarnara en að verja tekjum áfengisverslunarinnar til þess að bæta þessu málefni eftir föngum upp þetta skakkafall. Þetta er það, sem farið er fram á í frumvarpinu.

Svo sem kunnugt er hafa skoðanir verið skiftar hjer á landi um bannlögin, en á það hafa andstæðingar bannlaganna jafnan lagt áherslu, að bindindisstarfsemi væri þörf og nauðsynleg, og sýnist því með stofnun þessa sjóðs vera farin sú leið, sem allir ættu að geta fallist á að ganga eins og nú er komið.

Nánar í framsögu.

(B. XV, 1).

Nd. **57. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919 [*Bæjarstjórn á Siglufirði*].

Flutningsm.: Stefán Stefánsson.

1. gr.

19. gr. hljóðar svo:

Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í kaupstaðnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sinum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar. Þá skal draga frá útsvarinu tiltölu-

lega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í kaupstaðnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, þilbátaútgerð eða bátfiski, má leggja útsvar á þá atvinnu, þótt hún sje ekki rekin nema 4 vikur og atvinnurekandi eigi heimili annarsstaðar.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja útsvar, ef þau hafa leyst borgarabrjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins. Ef um samvinnufjelag er að ræða, fer um útsvar þess eftir lögum nr. 36, 27. júlí 1921.

Á síldarkaup og síldarsölu, síldarverkun á landi eða á höfn, allskonar bræðslu og allskonar verksmiðjuiðnað, á ábúð á jörð eða jarðarhluta, á leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi, má leggja útsvar, þótt atvinnan sje rekin enn styttri tíma.

Nú er hvalur, selur eða síld lögð á land eða á höfn innan lögsagnarumdæmisins, og má þá leggja aukaútsvar á veiði slíkrar síldar, sels eða hvals.

Svo má og leggja útsvar á lóðarafnot eða aðrar fasteignir, er gefa einhvern arð.

2. gr.

Í stað orðanna í 1. málsgr. 21. gr.: »í októbermánuði« komi:
í febrúarmánuði.

3. gr.

34. gr., sem er ný grein, hljóðar svo:

Þegar fasteign, sem liggur að sjó á Siglufjarðareyri eða innanvert við höfnina, gengur kaupum og sölum, skal eignin fyrst boðin til kaups hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar, sem hefir öðrum fremur rjett til að ná kaupum á eigninni, enda sjeu hafnarsjóði ekki gerð erfiðari borgunarkjör eða aðrir skilmálar en í raun og veru standa öðrum til boða. Hafnarsjóður skal segja til innan 2 vikna frá því, er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja.

Yfirlýsing hafnarsjóðs um að afsala sjer forkaupsrjetti gildir eigi lengur en 1 ár. Ef fyrirmælanna um forkaupsrjett hjer að ofan er ekki gætt, getur hafnarsjóður krafist, að gerningur sá, sem fer í bága við forkaupsrjettinn, sje ógildur metinn gagnvart hafnarsjóði, og á hafnarsjóður rjett á að ganga inn í kaupin, enda sje lögsókn hafin innan 8 mánaða frá því að hafnarnefnd Siglufjarðarkaupstaðar og bæjarstjórn fjekk áreiðanlega vitneskju um misfelluna. Auk þess ber seljanda að bæta hafnarsjóði það tjón, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum þessarar greinar.

4. gr.

35. gr., sem er ný grein, hljóðar svo:

Nú eru lóðir innan kaupstaðarumdæmisins, sem leigðar eru út til bygginga, ekki þurkaðar eða fyltar upp, svo sem heilbrigðisnefnd telur þurfa,

og skal þá bæjarstjórn heimilt að ákveða, að leigurjettur lóðarinnar sje fallinn til bæjarins endurgjaldslaust; þó má bæjarstjórn aldrei taka slíka ákvörðun fyr en tveimur árum eftir að heilbrigðisnefnd hefir fyrirskipað þurkun eða uppfyllingu lóðarinnar, og lóðin á þeim tíma ekki verið þurkuð eða fylt upp, svo heilbrigðisnefnd telji fullnægjandi.

Ef hlíta á þessum ákvæðum, skal fyrirskipun heilbrigðisnefndar um þurkun eða uppfyllingu lóðar birt hlutaðeigandi leigutaka, ef bústaður hans er kunnur bæjarstjórn, ella í Lögbirtingablaðinu, með minst eins árs fyrirvara.

5. gr.

34. gr. verður 36. gr.

6. gr.

37. gr., sem er ný grein, hljóðar svo:

Þá er lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau ásamt lögum nr. 49, 27. júní 1921, inn í meginmál laga nr. 58, 28. nóv. 1919, og gefa þau út svo breytt.

7. gr.

35. gr. verður 38. gr. og hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1923, og eru jafnframt úr gildi numin þau lagaákvæði, er koma í bága við þau.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar og er tilgangurinn með því einkum sá, að aukaútsvar megi leggja á þá atvinnu í kaupstaðnum, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskapur, þilbátaútgerð eða bátfiski, þótt hún sje ekki rekin nema 4 vikur og atvinnurekandi eigi heimili annarsstaðar. Er þetta ákvæði mjög mikið skilyrði fyrir eðlilegum þroska og knýjandi framkvæmdum innan kaupstaðarins, sem ræður af líkum um svo ungan kaupstað, sem hefir sterkan áhuga á því að koma á veg sem flestu af því, er telja verður brýna nauðsyn, ekki einasta fyrir íbúa kaupstaðarins, heldur einnig öllum fjöldanum af aðkomumönnum, og skal jeg að eins benda á það, er næst liggur: Bærinn verður að kosta dýra lögreglu, að miklu leyti vegna aðkomufólks, byggja dýrt sjúkraskýli og hafnarbryggju ásamt ýmsu fleiru.

Að sjálfsögðu verður sú útsvarsálagning að standa í sambærilegu hlutfalli við útsvör þar búsettra manna.

Þá hefir það komið fyrir, að útlendingar, sem eiga verðmætar fasteignir að höfninni, hafa selt slíkar eignir erlendis fyrir lágt verð, án þess að Siglufjarðarkaupstaður eða innlendir menn hafi haft hugmynd um. Með frumvarpinu á því það að vinnast, að kaupstaðurinn geti með tímanum náð eignarhaldi á þeim fasteignum, er mesta þýðingu hafa fyrir höfnina. Það er því hjer verið að tryggja það, að eignirnar komist á innlendar hendur.

Þá er enn fremur ákvæði, sem að mestu snertir heilbrigðismál kaupstaðarins. T. d. hafa einstakir lóðareigendur vanrækt árum saman að fylla upp eða þurka á lóðum sínum polla eða síki, sem heilbrigðisnefnd hefir þó strengilega fyrirskipað, en nú gerir frumvarpið ráð fyrir, að slíkar lóðir geti fallið til bæjarins eftir ákveðinn tíma.

(B. XVI, 1).

Nd. **58. Frumvarp**

til laga um sölu og veitingar vína.

Flutningsmenn: Magnús Jónsson og Pjetur Ottesen.

1. gr.

Með vínum í lögum þessum er átt við þau vín, sem með lögum nr. 9, 31. maí 1922, og tilskipun nr. 10, s. d., er veitt undanþága frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

2. gr.

Ríkisstjórnin sjer um innflutning vína, og mega engir aðrir flytja vín inn í landið. Sendiherrar og sendiræðismenn annara ríkja halda þó rjetti sínum til þess að flytja inn vín.

3. gr.

Áfengisverslun ríkisins selur vín í heildsölu:
1. Kaupmönnum þeim, sem vínsöluleyfi hafa samkvæmt lögum þessum.
2. Mönnum þeim, sem hafa leyfi til vínveitinga samkvæmt lögum þessum.
3. Lyfjabúðum þau vín, sem á lyfsöluskrá eru og að eins til lyfja eftir lyfseðli.

4. gr.

Áfengisverslun ríkisins lætur vínin úti í flöskum og býr svo um, að flaskan verði eigi opnuð nema rífa miða þann, sem áfengisverslunin lætur gera í þessu skyni. Hún ákveður útsöluverð vínanna og tilgreinir það á hverri flösku, svo skýrt, að vel megi sjást. Útsöluverð skal ákveðið svo, að kaupmaður hafi hæfilegan kaupmannságóða að frádregnum kostnaði. Áfengisverslun ríkisins hefir ekki með höndum smásölu á vínum til neytenda.

5. gr.

Enginn má reka verslun með vín í smásölu, nema hann hafi til þess leyfisbrjef, sem ráðherra gefur út. Í leyfisbrjefinu skal tilgreindur sölustaðurinn, og gildir það að eins fyrir þann stað. Fyrir leyfisbrjef greiðir kaupmaður

1000 kr., sem renna í ríkissjóð, en lögreglustjóri innheimtir. Leyfisbrjef gildir um 5 ár frá dagsetningu þess, og má leyfishafi ekki reka verslun með vín að þeim tíma liðnum nema hann fái nýtt leyfisbrjef með sama hætti og hið fyrra.

Nú sækir maður um leyfi til þess að versla með vín, og skal ráðherra þá leita umsagnar hreppsnefndar eða bæjarstjórnar á þeim stað, sem verslunina á að reka, um það, hvort leyfið skuli veitt eða ekki. Nú leggur hreppsnefnd eða bæjarstjórn á móti því, að leyfið sje veitt, og verður það þá ekki veitt. Leggi hreppsnefnd eða bæjarstjórn ekki á móti því, er það á valdi ráðherra að veita eða synja.

6. gr.

Hver sá, sem vínverslun rekur eftir leyfisbrjefi samkvæmt 5. gr., skal greiða 500 króna árlegt gjald, er rennur í ríkissjóð, en lögreglustjóri innheimtir fyrir eitt ár í senn fyrirfram. Gjald þetta greiðist fyrir hvern sölustað.

7. gr.

A sölustöðum má ekki selja vín öðruvísi en í flöskum, sem tilluktar eru með merki áfengisverslunar ríkisins samkvæmt 4. gr.

8. gr.

Enginn má hafa veitingu á vínum nema hann hafi til þess leyfisbrjef, sem ráðherra gefur út. Í því skal tilgreindur veitingastaðurinn, og gildir það að eins fyrir þann stað. Fyrir leyfisbrjefið greiðast 1000 kr., sem renna í ríkissjóð, en lögreglustjóri innheimtir.

9. gr.

Nú sækir maður um leyfi til vínveitinga, og skal ráðherra þá leita umsagnar hreppsnefndar eða bæjarstjórnar á þeim stað, sem veitingarnar eiga að fara fram. Skal bera þetta erindi undir hreppsbúa eða bæjarmenn þá, sem atkvæðisrjett hafa um sveitarmálefni eða bæjar, á almennum fundi, sem boðað er til með nægilegum fyrirvara, og í fundarboðinu skýrt frá, að um þetta eigi að taka ákvörðun. Sje meiri hluti fundarmanna með því að veita leyfið, enda sje það eigi minna en þriðjungur allra atkvæðisbærra manna í hreppnum eða bænum, og fallist meiri hluti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar á það og meiri hluti sýslunefndar samþykki, getur ráðherra veitt leyfið, en eigi ella.

Setja má það sem skilyrði fyrir veitingu leyfisins, að leyfishafi haldi uppi sæmilegu gistihúsi, þar sem hann geti hýst ákveðna tölu ferðamanna og selt þeim nauðsynlegan greiða. Skal hann þá hafa fyrirgert rjetti sínum til þess að hafa vínveitingar, ef hann uppfyllir ekki þessi skilyrði.

Leyfisbrjef gildir um 5 ár frá dagsetningu þess, og má leyfishafi ekki hafa vínveitingar að þeim tíma liðnum, nema hann hafi að þeim tíma liðnum fengið nýtt leyfisbrjef með sama hætti.

10. gr.

Hver sá, sem vínveitingar hefir eftir leyfisbrjefi samkv. 8. og 9. gr., skal

greiða 500 króna árlegt gjald, er rennur í ríkissjóð, en lögreglustjóri innheimtir fyrir eitt ár í senn fyrirfram. Gjald þetta greiðist fyrir hvern veitingastað.

11. gr.

Til þess að hafa vínveitingar á skipum hjer við land þarf leyfisbrjef, sem ráðherra gefur út. Leyfisbrjef þetta gildir fyrir eitt ár, og skal greiða fyrir það 1500 krónur, er renna í ríkissjóð, en lögreglustjóri sá innheimtir, sem leyfisbrjefið afgreiðir. Jafnskjótt er skip kemur í höfn skal leyfisbrjef sýnt lögreglustjóra, og má ekki fyr versla með vínföng í höfn en það hefir verið gert.

Á þeim stöðum, þar sem enginn hefir leyfi til vínsölu eða vínveitinga samkv. lögum þessum, má skip ekki nota leyfisbrjef sitt.

12. gr.

Á þeim stað, sem vín er selt eftir vínsöluleyfisbrjefi, má ekki víns neyta.

Enginn má hafa á brott með sjer óopnaða flösku með víni úr þeim stað, þar sem vín er veitt eftir vínveitingaleyfisbrjefi, nje úr skipi.

13. gr.

Ekki má vín selja nje veita:

1. Þeim, sem yngri eru en 18 ára að aldri.
2. Þeim, sem ábrif víns sjást á, er þeir beiðast þess.
3. Þeim, sem á 6 mánaða tímabili á undan hafa verið staðnir að því að vera druknir á almannafæri, þar á meðal á opinberri samkomu.

Lögreglustjóri skal tilkynna þeim, sem leyfi hafa til vínsölu eða vínveitinga, hverjir ekki megi fá vín samkv. 3. lið.

14. gr.

Lögreglustjórar skulu hafa nákvæmar gætur á:

1. Að engir versli með vín nje veiti það, nema þeir, sem til þess hafa leyfi eftir þessum lögum.
2. Að þeir, sem leyfisbrjef hafa til þess að versla með vín eða veita það, gæti allra þeirra ákvæða, sem lög þessi mæla fyrir um.
3. Að þeir, sem leyfisbrjef hafa til þess að versla með vín eða veita það, selji ekki nje veiti nein önnur vín en þau, sem auðkend eru með merki áfengisverslunar ríkisins.
4. Að þeir, sem leyfisbrjef hafa til þess að versla með vín eða veita það, selji ekki nje veiti þá áfenga drykki, sem innflutningsbann er á til landsins.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu vera lögreglustjórum til aðstoðar um þetta eftirlit.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum sem hjer segir:

1. Nú verslar maður með vín eða veitir það, en hefir ekki leyfi til þess eftir

þessum lögum, og sæti hann sektum 100—1000 króna, en vín alt, er hjá honum er í ólöglegum tilgangi, er upptækt. Skal hann og aldrei geta fengið leyfi til þess að selja eða veita vín.

2. Brot gegn 7. gr., 12. gr. og 13. gr. varða sektum 50—500 króna. Nú brýtur leyfishafi ákvæði 13. greinar þrisvar, og skal hann þá við 3. brot sviftur sölu eða veitingaleyfi.
3. Nú verslar skip með vín áður en það hefir sýnt leyfisbrjef sitt samkv. 11. gr., en hefir það, og sæti sektum 50—500 krónum.
4. Nú verslar skip með vín í höfn, þar sem ekki er vínverslun eða vínveitingar fyrir, og sæti sektum eins og ekki hefði leyfisbrjef.
5. Nú selur eða veitir sá, sem leyfisbrjef hefir, önnur vín en þau, sem bera merki áfengisverslunar ríkisins, og sæti sektum, 100—1000 krónum, en vín þau, sem ekki bera merki áfengisverslunar ríkisins, eru upptæk, enda missir hann rjett sinn til vínsölu eða vínveitinga.
6. Nú selur maður, sem vínsöluleyfi hefir eða veitinga, áfenga drykki, sem bannaður er á innflutningur til landsins, og skal hann sviftur leyfi til þess að versla með vín eða veita það og aldrei geta fengið slíkt leyfi framar, auk þess sem við liggur samkv. lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

16. gr.

Sektir allar samkvæmt 15. gr. renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð þar, sem brotið er framið.

17. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

19. gr.

Til bráðabirgða: Nái frumvarp til laga um stofnun sjóðs til þess að efla bindindisstarfsemi í landinu samþykki og verði að lögum, skulu leyfisbrjefagjöld öll og árgjöld fyrir sölu eða veitingu vína renna í þann sjóð.

Greinargerð.

Með lögum um verslun og veitingar áfengra drykkja, nr. 26, 11. nóv. 1899, var nokkurn veginn skipulagi komið á áfengislöggjöfina innanlands, en þessi lög fjellu úr gildi með aðflutningsbannslögunum. Þar sem nú er því miður útlit fyrir, að veita verði fyrst um sinn undanþágu frá bannlögunum að því er snertir vín með 21% áfengis, er nauðsynlegt að koma þessu í rjett horf aftur, ekki síst vegna

þess, að hætt er við, ef ekki er gætt að, að ólögleg sala fari fram í skjóli hinna leyfðu vína. Það verður ekki sjeð, að það fari á neinn hátt í bág við samninga vora við Spánverja, þótt það vald, sem hjeraðsstjórnir höfðu til þess að hrinda af sjer vínsölu og vínveitingum, verði nú innleitt aftur, heldur í alla staði eðlilegt.

Stjórnin hefir með reglugerð 18. júlí 1922 kveðið á um sölu á hinum leyfðu vínum og þar tekið þann upp að láta ríkið hafa á hendi smásöluna. Þetta er óheppilegt og óþarft. Verður dýrara en hjá einstaklingum, eins og rikisrekstur jafnan er, og miklu sannlegra að láta einstaklinga hafa smásöluna á hendi gegn ákveðnum gjöldum.

Auðvitað er margt í svo miklum lagabálki, sem orka má tvímælis, og missmíði geta verið á einhverju, en það stendur til bóta í meðferð þingsins á frumvarpi þessu.

Nánar verður gerð grein fyrir þessu í framsögu.

(B. XVII, 1).

Ed. **59. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Flutningsm.: Jón Magnússon.

Kennarar við stýrimannaskólann eru tveir, auk skólastjóra, og hafa að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3400 kr.

Greinargerð.

Í frumvarpi, sem lagt var af hálfu þáverandi stjórnar fyrir Alþingi 1921, var meðal annars farið fram á, að laun kennara við stýrimannaskólann væru ákveðin sem hjer segir. Hjer er það og lagt til, að beint verði ákveðið í lögum, að tveir sjeu fastir kennarar við stýrimannaskólann, auk skólastjóra, eins og nú er orðið í framkvæmd, þótt ekki sje bein lagaheimild til. Það stendur að vísu eins á við fleiri af ríkisskólunum, en út í það þykir ekki þurfa að fara hjer.

(A. XXVI, 2).

Ed. **60. Nefndarálit**

um frv. til laga um skiftimynt úr eirnikkel.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, er stjórnin gaf út 2. okt. f. á. Þessi ráðstöfun var gerð eftir áskorun frá síðasta þingi. Nefndin hefir fengið þær upplýsingar, *að* slegin hafi verið 300 þús. stykki af hvorri tegund myntarinnar, *að* kostnaður við þetta hafi orðið um 26 þús. krónur, þar í innifalinn flutningskostnaður og gengismunur, og *að* einn fimti hluti myntarinnar liggi enn hjá ríkisfjehirði.

Nefndin lítur svo á, að stjórnin hafi samkvæmt frumvarpi þessu — verði það að lögum — heimild til að gefa út þessa skiftimynt eftir þörfinni, og leggur til, að háttv. deild samþykki það óbreytt.

Alþingi, 5. mars 1923.

Guðm. Ólafsson, form. — Karl Einarsson, fundaskrifari og framsögum.

Sigurður Jónsson. Sigurður H. Kvaran. Björn Kristjánsson.

(A. XI, 2).

Ed. **61. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá allsherjarnefnd.

Eins og tekið er fram í athugasemdunum við frumvarpið, samþykti neðri deild Alþingis 1917 áskorun til stjórnarinnar um að undirbúa eða láta undirbúa frumvarp til nýrra fátækralaga, þar er bætt sje úr göllum þeirra í þessum atriðum:

I. Að styrkur sá, er sveitar- og bæjarsjóðir veita mönnum vegna ómegðar, slysa, sjúkdóms og elli, verði eigi talinn sveitarstyrkur, svo að þeir megi halda öllum sínum borgaralegu rjettindum, í það minsta í nokkur ár.
II. Að þurfamannaflutningi verði hagað svo, að mannúðlegri verði en áður.
III. Að frestur sá, sem 66. gr. fátækralaganna ræðir um, verði lengdur.
IV. Að athuga, hvort ekki muni gerlegt að stytta sveitfestistimann.

Þingsályktunin var endurtekin 1921.

Í frumvarpi þessu er IV. liður þingsályktunarinnar tekinn til greina og I. liður að nokkru leyti. Gagngerð breyting á fátækralögunum hefir stjórninni ekki þótt ástæða til að gerð væri.

Frumvarpið styttir sveitfestistímann (IV. liður) um helming, eða færir hann niður úr 10 árum í 5 ár, og eru gerðar nokkrar aðrar breytingar í sambandi þar við. Nefndin fellst á þessi ákvæði frumvarpsins. Þó kom það til orða í nefndinni, að vel mætti vera, að stytta mætti sveitfestistímann meira. Enn þykir henni rjettara að sveitfestisvinsla byrji, er maður er sjálfráður eða 16 ára, en frumvarpið miðar við 21 árs eða lögráðaaldur.

Hinn liðurinn (I. liður) felur, eins og áður segir, í sjer ósk um, að styrkur úr sveitarsjóði vegna ómegðar, slysa, sjúkdóms og elli teljist ekki sveitarstyrkur. Frumvarpið tekur þetta til greina, nema að því leyti, sem snertir ómegð.

Um styrk vegna elli telur nefndin þá leið rjettari að efla heldur að mun ellistyrktarsjóðina, eða fara á einhvern hátt lengra — svo langt sem auðið er — í áttina til fullkomnari ellitrygginga.

Um styrk vegna slysa eða sjúkdóms skal þetta tekið fram. Til þess að veita sjúkum þurfalingum hjálp í veikindum — án þess að teljist sveitarstyrkur í venjulegri merkingu — hefir verið gert mjög mikið á síðari árum, og skulu hjer aðeins nefnd lög nr. 43 frá 2[illegible]. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, og lög nr. 61 frá s. d., um breyting á fátækralögunum. Fyrir sakir þessara lagaákvæða hafa gjöld sveitarfjelaga (hæjarfjelaga, sýslufjelaga og hreppsfjelaga) aukist viða allmikið, og sumstaðar mjög mikið. Af því að lög þessi eru enn ný, verður varla sjeð glögglega, hve mikinn kostnað þau muni hafa í för með sjer. Sennilega eykst hann smátt og smátt, að minsta kosti enn um nokkurt skeið. Nefndin telur því helsti snemt að fara lengra í þessa átt. Ef nú væri farið að láta samskonar ákvæði, sem í síðarnefndum lögum eru, ná til þurfalinga utan sjúkrahúsa og fjölskyldna þeirra, þá mundi það eflaust, eftir þeirri reynslu, er þegar er fengin á lögunum, auka gjöld sveitarsjóðanna enn að miklum mun, líklega svo, að varla væri annað fært en að gera ráð fyrir hluttöku frá ríkissjóðs hálfu á líkan hátt sem í lögunum.

Þá lítur nefndin svo á, að varla væri fært að nema hjer staðar. Skal bent á það tilfelli, að maður, sem fyrir konu og börnum ætti að sjá, sýktist og væri frá vinnu t. a. m. hálft ár, og á meðan sjer sveitin fyrir fjölskyldunni án þess hjálpin sje talin sveitarstyrkur. Deyi nú maðurinn, þá á konan, að því er virðist, að »fara á sveitina« með börnin og missa borgaraleg rjettindi sín. Nefndin telur ekki rjett að láta þar staðar numið, er frumvarpið gerir, heldur verði, er svo er langt komið, að taka ómegðina með, alveg eins og þingsályktunin vill.

Og hugsi maður ekki svo mjög um getu sveitarsjóðanna, eins og hún er eftir núverandi skipulagi, heldur líti einkum og sjer í lagi á þá hliðina, sem að þurfalingnum snýr, þá finst nefndinni enn eigi hægt að nema þar staðar. Það yrði að taka tillit, annaðhvort á sama eða annan hátt, til atvinnuleysis. Máske er ekki sárara fyrir neinn að þurfa að leita sveitarstyrks en fyrir fullfriskan mann, sem vill vinna, en fær ekki. Oft fjelli það tilfelli undir ákvæðin um ómegð, en ekki ávalt.

Nefndin er því þeirrar skoðunar, að við svo búið eigi að standa að sinni, eða að öðrum kosti taka allan I. lið þingsályktunartillögunnar til greina, að minsta kosti, en þá þyrfti að gerbreyta fátækralögunum, og verður það ekki gert í fljótu bragði.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1.—4. gr. Greinarnar falli burt.
2. Við 5. gr. Í stað »21 árs« í upphafi greinarinnar, komi: 16 ára.
3. Greinatalan fer eftir atkvæðagreiðslunni.

Alþingi, 5. mars 1923.

Jón Magnússon, form. og framsm. Sigurður H. Kvaran. Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.

(A. II, 3).

Ed. **62. Frumvarp**

til laga um samþyktir um sýsluvegasjóði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir um stofnun sýsluvegasjóða.

2. gr.

Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufjelögum, greiðist úr sýsluvegasjóði.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum innan hverrar sýslu. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kauptúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera það ár, en hann skal vera minst $1^1/_2$ af hverju þúsundi af virðingarverði skattskyldra fasteigna, samkvæmt fasteignamati, og má eigi hærri vera en 6 af þúsundi, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Skal skatturinn

miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbættri eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur samkvæmt 7. gr. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherrann samþykt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna i sveitarsjóð, ef hreppsfjelagið ver til vegagerðar innanhrepps á því ári að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefir til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

5. gr.

Heimilt er sýslunefndum að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundraðsgjald, er miðist við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýslunnar. Hámark hundraðsgjalds í einstökum hreppi má ekki vera meira en 30% hærra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýslusjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fje á móti, eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

6. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyjajarðir ásamt húsum og lóðum á þeim, ennfremur að ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati vegna sjávarhlunninda.

Á sama hátt má einnig ívilna þeim kauptúnum, sem eru sjerstakt hreppsfjelag og hafa lítil not af vegakerfi sýslunnar.

7. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþyktar, og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

8. gr.

Nú eru útgjöld sýsluvegasjóðs meiri en sem svarar 2 af þúsundi á skattskyldum fasteignum, og skal þá greiða tillag í sjóðinn úr ríkissjóði, móts við þann hluta vegaskattsins, sem er umfram 2‰, sem hjer segir:

Móts við þann hluta skattsins, sem er frá 2‰ til 4‰, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði.

Móts við þann hluta, sem er frá 4‰ til 6‰, greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði.

Móts við það, sem umfram er 6‰, greiðist þrefalt framlag úr ríkissjóði, enda hafi samþykki ráðherra verið fengið samkv. 3. gr.

Tillag ríkissjóðs má greiða jafnóðum og þörf krefur, eftir meðmælum vegamálastjóra.

9. gr.

Eftirstöðvar af lánum þeim, sem sýslufjelög hafa tekið til vegabóta áður en lög þessi öðlast gildi, má greiða úr sýsluvegasjóði, með skilorði því, er getur í niðurlagi 3. gr.

10. gr.

Nú er samþykt gerð af sýslunefnd, og skal hún þá send atvinnu- og samgöngumálaráðherra til staðfestingar. Virðist honum hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður ráðherra. Að öðrum kosti staðfestir hann samþyktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hve nær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er ráðherra hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

11. gr.

Gjöldum til vega samkvæmt samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

12. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 kr., er renna í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

13. gr.

Jafnframt og ráðherrann staðfestir samþykt fyrir einhverja sýslu samkvæmt lögum þessum fellur úr gildi í þeirri sýslu ákvæði 20. gr. laga um vegi, 22. nóv. 1907, um gjöld verkfærra manna til sýslusjóðs, og ennfremur ákvæði 6. gr. laga nr. 41 frá 11. júlí 1911, um hve nær verslunarstaðir, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, skuli vera lausir við að greiða sýsluvegagjald.

(B. XVIII, 1).

Ed. **63. Frumvarp**

til laga um meðferð á því fje, sem landssjóði áskotnast fyrir áfengi.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Allur sá gróði, sem verða kann af verslun landsins með vinanda, hverju nafni sem nefnist, lögmæltir tollar af áfengi, andvirði fyrir óleyfilega innflutt áfengi, sem landið kann að selja erlendis, skal renna í sjerstakan sjóð, er nefnist »Menningarsjóður Íslands«. Í þennan sjóð renna enn fremur sektir fyrir óleyfilegan innflutning áfengis og vítaverða sölu eða nautn áfengis, hvar sem er á landinu.

2. gr.

Stjórn Menningarsjóðs Íslands skipa þrír menn, kosnir með hlutbundnum kosningum í sameinuðu Alþingi til tveggja ára í senn. Stjórn sjóðsins starfar endurgjaldslaust.

3. gr.

Í lok hvers árs skiftir nefndin fje því, er sjóðnum hefir áskotnast, eins og hjer segir: 20% renna í sjerstakan sjóð, er nefnist áfengissjóður, og gilda um hann sjerstök fyrirmæli, 10% renna í sjóð Eggerts Ólafssonar til eflingar náttúruvísindum, 10% til Þjóðvinafjelagsins, og skal það verja fjenu til að gefa út á íslensku úrvals fræði- og skemtibækur í ódýrum útgáfum, 10% til að kaupa landinu til handa listaverk eftir íslenska listamenn. Síðustu 50% má eingöngu verja til að koma upp nauðsynlegum alþýðuskólum til sveita og styrkja tvær íþróttastöðvar, aðra við Reykjavík, hina í snjóahjeruðum norðan eða austanlands.

4. gr.

Yfir þrem fyrstnefndu fjárhæðunum í 3. gr. ráða sjerstakar nefndir, stjórn áfengissjóðsins, stjórn Eggerts Ólafssonar sjóðsins og stjórn Þjóðvinafjelagsins. En stjórn Menningarsjóðsins ráðstafar því fje, sem verja skal til listaverkakaupa og skólabygginga.

5. gr.

Endurskoðendur landsreikninganna rannsaka og úrskurða árlega alla reikninga Menningarsjóðs Íslands, og skulu þeir síðan birtir í landsreikningnum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numin öll eldri lög, þar sem öðruvísi er fyrirmælt um fje, er landinu áskotnast fyrir áfengi eða í sektir vegna áfengis.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, óskar mikill meiri hluti íslensku þjóðarinnar einhuga eftir að áfengisnautn hverfi gersamlega úr landinu. Svo ríkur hefir þessi vilji þjóðarinnar verið, að nálega engir þingmenn hafa náð kosningu hin síðari ár, nema þeir hafi annaðhvort heitið bannhugmyndinni stuðningi eða a. m. k. velviljuðu hlutleysi.

Ytri kringumstæðnr hafa valdið því, að hugsjón bannmanna hefir ekki náð að rætast. Meiri hluti læknastjettarinnar krafðist að fá óhindraðan aðgang að alls konar áfengi til lækninga. Þetta var veitt. Flestallir mestu læknar landsins nota þessa heimild næsta lítið. En einstaka menn í stjettinni hafa notað leyfið svo ósleitilega, að landið hefir hin síðustu ár haft töluverðar tekjur af innflutningi áfengis, meðfram vegna þessara lækna. Þar við bættist, að í fyrra vetur hallaðist mikill hluti þings að því að leyfa innflutning á ljettum suðrænum vínum, og virðist alt útlit fyrir, að þeirri byrjun verði haldið áfram, að minsta kosti um nokkur ár. En þessi breyting var ekki gerð til að afla landinu tekna með áfengisverslun, heldur vegna fiskútflytjenda, sem töldu atvinnu sína í voða, ef ekki væri látið undan kröfum Spánverja. Af þessu fær landið því nokkurn tekjuauka, sem alls ekki var verið að seilast eftir, heldur er afleiðing annara aðgerða, sem taldar eru bjargráð við líf og fjármuni. Í þriðja lagi er árlega töluvert af víni gert upptækt hjer við land og hjer á landi, sem verið er að lauma inn til neyslu í forboði landslaganna. Andvirði þessa áfengis og sektir fyrir lögbrotin eru enn ein tekjulind landssjóðs af áfengi, sem enginn Íslendingur hefir óskað eftir.

Hugur þjóðarinnar er enn óbreyttur viðvíkjandi vínbölinu. Algerð útrýming áfengisins úr landinu verður eftir sem áður skilyrðislaus krafa bannmanna, hve nær sem ljettir hinni erlendu kúgun, sem nú um stund ræður málalokum. Frá bannmanna sjónarmiði er því að eins um tvennar aðgerðir að ræða:

1. Að halda vinbölinu í skefjum og bæta sem mest úr afleiðingum þess, meðan vínsala er leyfð hjer á landi.
2. Að láta ekki stundargróða landssjóðs, sem leiðir af innflutningi víns, verða til að hindra fullkomna framkvæmd bannlaga, þegar unt verður að gera þá breytingu sökum breyttrar aðstöðu erlendra þjóða.

Ef vikið er fyrst að síðara atriðinu, er mikil hætta á því, að svo framarlega sem tollur af vínföngum og gróði af áfengisverslun yrði venjulegur eyðslueyrir þings og stjórnar, gengi til starfsmannahalds eða vaxta af skuldum, myndi verða erfitt að hætta alt í einu við innflutning og sölu vína hjer á landi. Þörf landssjóðs myndi verða hindrun slíkri breytingu, þótt þjóðin hjeldi fast við sína

fyrri krôfu. Vínfangatollnrinn var einhver helsta hindrnn á leið bannlaganna, þegar þau voru fyrst gerð hjer á landi, og svo hefir víðar verið.

Hjer er gert ráð fyrir, að verja megi ágóðanum af vínföngum þeim, er um stund kunna að flytjast til landsins, þannig, að sumpart sje unnið móti hættunni, er af víninu stafar, og svo um búið, að tekjuaukanum, sem víninnflutningnum fylgir, verði ekki varið til daglegrar eyðslu þjóðarbúsins, heldur til varanlegra hluta, en þó með þeim hætti, að ekki þurfi að hindra framgang bannstefnunnar síðar meir.

Fyrstu 20% af árlegum gróða af áfenginu á að verja, samkvæmt sjerstökum fyrirmælum, til áfengisvarna, til bindindisstarfsemi, fræðslu um skaðsemi áfengis, til aukinnar löggæslu viðvikjandi áfengislögbrotum og til að lækna ofdrykkjumenn. Sjóður Eggerts Ólafssonar á að fá 10%. Hlutverk þess sjóðs er að kosta vísindalegar rannsóknir í íslenskri náttúrufræði. Þá eiga 10% að ganga til Þjóðvinafjelagsins til að standa straum af útgáfu fræði- og skemtibóka. Hefir sú hugmynd, sem dr. Sig. Nordal hreyfði fyrir nokkrum árum um það efni, orðið afarvinsæl, og er núverandi stjórn Þjóðvinafjelagsins byrjuð á undirbúningi framkvæmda í því efni. Enn er gert ráð fyrir, að 10% gangi til að kaupa íslensk listaverk. Er þess mikil þörf nú sem stendur, þar sem landið á nokkra mjög efnilega listamenn, bæði málara og myndhöggvara, sem vitanlega eiga erfitt með að njóta sín hjá svo lítilli þjóð. Er þess skemst að minnast, að sum af bestu málverkum Ásgríms Jónssonar eru sumpart farin úr landi, sumpart í þann veginn að hverfa í eigu annara þjóða. Verða slik verk jafnan því dýrari sem lengra líður, og er beinlínis fjártjón að eignast ekki strax slíkar gersemar. Loks koma alþýðuskólarnir í sveitum. Þeir geta orðið höfuðvígi þjóðlegrar menningar hjer á landi. Þar vantar ekki nema dálítið af steinhúsum, sem geta enst margar aldir, ef vel eru bygð í fyrstu. Landssjóður hefir borið við fjeleysi, að ekki hefir verið hægt að ljúka við byggingar á Eiðum, koma upp skólum á Suðurlandi og í Þingeyjarsýslu, þar sem mikil samskot hafa verið hafin í þessu augnamiði. Vestanlands eru þrír skólar, sem alla vantar tilfinnanlega betra og meira húsnæði, þ. e. skólarnir á Núpi, Hjarðarholti og Hvítárbakka. Ef unt er að húsa allar þessar stofnanir sæmilega á næstu árum, myndi þjóðin lengi búa að því. Þar að auki er hjer gert ráð fyrir, að styrktar yrðu úr sjóði þessum tvær iþróttastöðvar, önnur í snjóahjeruðum, þar sem lögð myndi stund á vetraríþróttir, hin við Reykjavík, sundhöll og iþróttahús, sem um er getið í frumvarpi til laga um iþróttasjóð Reykjavíkur.

Með frumvarpi þessu, ef fram næði að ganga, yrði ráðin bót á því óþægilega millibilsástandi, sem leiðir af upplausn bannlaganna. Gróðinn af vininu lendir í varnir móti áfenginu, og annars að mestu í fasteignir til menningarbóta, eignir, sem hafa varanlegt gildi, skólahús, fræðibækur, listaverk, íþróttastöðvar. Ef bannmenn hafa haft á rjettu að standa um skaðsamleg áhrif áfengis á heilsu þjóðarinnar, þá er ekki nóg nú að hamla á móti með bindindi og fortölum, heldur með því að auka í raun og veru hina andlegu og likamlegu menningu í landinu.

(B. VII, 3).

Nd. **64. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sjerstakar dómþinghár í Mosvalla- og Flateyjarhreppum í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fellst á frumvarpið og leggur til, að það verði samþ. ásamt brtt. þm. S.-Þ. á þskj. 43.

Alþingi, 5. mars 1923.

Jón Þorláksson, form. Gunnar Sigurðsson, frsm.

Magnús Guðmundsson. Magnús Jónsson, fundaskrifari. Björn Hallsson.

(B. V, 2).

Ed. **65. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um verðlaun fyrir útfluttan gráðaost.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin er öll á einu máli um, að rjett sje að hlynna að því, að tilraunir með gráðaostagerð geti haldið áfram, og er einhuga að mæla með því, að veitt verði um tveggja ára skeið verðlaun þau, sem frumvarpið fer fram á, því að á skemri tíma myndi ekki fást nægileg reynsla. Nefndin hafði til hliðsjónar lög frá 1905 um verðlaun fyrir útflutt smjör. Breytingartillögur þær, er nefndin gerir við frumvarpið, leiða að því að færa það í líkan búning og áður nefnd lög. Þessar breytingar raska ekki efni frumvarpsins.

Nefndin leggur til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með þessum

BREYTINGUM.

1. 1. gr. orðist svo:

Árin 1923 og 1924 veitast verðlaun úr ríkissjóði til gráðaostabúa, alt að 50 au. fyrir hvert kg. af úrvals (fyrsta flokks) gráðaosti, sem út er flutt, þó ekki yfir 5000 kr. alls hvort árið.

2. 2. gr. orðist svo:

Gráðaostabú, er vilja hljóta styrk, skulu senda umsókn sína fyrir liðið ár til Búnaðarfjelags Íslands innan loka janúarmánaðar árin 1924 og 1925. Umsóknunum skulu fylgja farmskrár frá skipstjóra þeim, er ostinn flutti, eða afgreiðslumanni skips þess, er osturinn var fluttur með, er sýni þyngd hans með umbúðum. Enn fremur drengskaparvottorð framkvæmdarstjóra ostabúanna um »nettó«-þyngd sendinganna, svo og vottorð matsmanna um, að osturinn sje úrvalsvara. Stjórn Búnaðarfjelags Íslands sendir síðan Stjórnarráðinu skjölin ásamt tillögum sínum um úthlutun verðlaunanna, en það sker úr um gildi skírteina þeirra, er að skilyrði eru sett, og úthlutar verðlaununum.

3. Ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:

Stjórnarráðið útnefnir matsmenn eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands.

4. 3. gr. verður 4. gr.

Alþingi, 5. mars 1923.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Einar Árnason, fundaskrifari.

Jónas Jónsson, ritari. Í aðalatriðunum samþykkur Hjörtur Snorrason.

Ingibjörg H. Bjarnason.

(A. XVIII, 2).

Ed. **66. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá allsherjarnefnd.

Ekki verður vefengt, að sjúklingum með kynsjúkdómum hafi fjölgað hjer í landi á síðari árum, þó nokkru geti það valdið um þessa fjölgun, i samanburði við fyrri ár, að talningin sje nákvæmari en hún var áður.

Nefndin hefir því orðið sammála um, að rjett sje að gera tilraun til þess, að eftirlitið með sjúklingunum verði meira en áður og að nokkru sje verjandi til þessa eftirlits. Þó telur nefndin varla rjett, að svo komnu, að leggja ríkissjóði á herðar allan þann bagga, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Kröfurnar til fjárframlags vegna heilbrigðismálanna eru þegar orðnar mjög stórfeldar og aðkallið fer sivaxandi, en getuleysið til þess að verða við þeim kröfum, svo sem þörf er á, virðist

eiga að gera löggjafana varfæra í vali og mati. Nefndin vill láta staðar nnmið við það, að ríkissjóður greiði læknishjálp og lyf þeirra sjúklinga, er ekki telja sig þess umkomna að greiða fyrir þessa hjálp, og sje greitt eftir gjaldskrá hjeraðslækna, en telur að um sjúkrahúsvist verði að fara eftir þeim fyrirmælum, sem nú gilda um hana.

Fallist Alþingi á þessa tillögu nefndarinnar, má gera ráð fyrir því, að framlag ríkissjóðs vegna þessara laga verði mjög lítið og stórum minna en eftir frumvarpinu.

Þegar af þeim ástæðum, er nú voru taldar, hefir nefndin orðið að bera fram nokkrar tillögur til breytinga á frumvarpinu. En auk þess hefir nefndin orðið sammála um að bera fram allmargar tillögur til breytinga á efni og orðalagi frumvarpsins, er hún vonar, að allar miði til þess að gera lög um þetta efni betur úr garði, en nánari grein fyrir þeim tillögum verður gerð við framsögu í deildinni.

Þó verður að geta þess, að í frumvarpinu er ekki tiltekin nein viðurlög gegn brotum á fyrirmælum frumvarpsins, en svo virðist ekki mega vera. Af þeim ástæðum er tveim greinum bætt aftan við frumvarpið.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að deildin samþykki frumvarpið **með þessum**

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.

2. málsgrein orðist svo:

Smitandi eru sjúkdómar þessir taldir meðan þess finnast merki, að smitunarhætta stafi af sjúklingnum, eða ætla má að þau komi síðar í ljós. Heilbrigðisstjórnin ákveður, hversu rannsókn sýktra og grunaðra skuli framkvæmd og hversu meta skuli sýkingarhættuna.

2. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Hjeraðslæknar skulu, hver í sínu hjeraði, með aðstoð lögreglustjóra sjá um allar framkvæmdir eftir lögum þessum, er miða að því að verjast sjúkdómum þessum eða útrýma þeim, en yfirstjórn allra ráðstafana hefir heilbrigðisstjórnin á hendi.

3. Við 3. gr.

4. málsgrein orðist svo:

Hjeraðslæknar skulu halda sjerstaka bók eða spjaldskrá yfir sjúklinga með syfilis, og með því skipulagi, sem heilbrigðisstjórnin leggur fyrir. Í bók þessa má eigi skrá nöfn sjúklinganna, heldur að eins einkennismerki þeirra.

4. Við 5. gr.
2. málsgrein orðist svo:

Í öllum læknishjeruðum, þar sem ekki er sjerfræðingur í þessari grein, er það hjeraðslæknir, sem veitir ókeypis læknishjálp. En þar sem um sjerfræðinga er að gera, má fela þeim að veita þessa hjálp, auk hjeraðslæknis. Borgun fyrir ókeypis læknishjálp skal greidd samkvæmt gjaldskrá hjeraðslækna.

5. Við 6. gr.
Greinin orðist svo:

Ókeypis læknishjálp skal veitt öllum, sem ekki hafa efni á að greiða hana sjálfir, en krefjast skal af þeim vottorðs um það, að viðlögðum drengskap. Slík ókeypis hjálp nær til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna og lyfja, og greiðist hún úr ríkissjóði. Yfirlýsingar sjúklinganna um að þeir hafi ekki efni á að greiða sjálfir læknishjálpina, skal senda með reikningum læknanna.

6. Við 8. gr.
2. málsgrein orðist svo:

Nú telur læknir, að heilsufari sjúklings sje svo varið, eða aðrar ástæður geri það óumflýjanlega nauðsynlegt, að sjúklingi sje fyrst um sinn ekki skýrt frá, hvað að honum gangi, og skal honum það þá heimilt.

7. Við 10. gr.
2. málsgrein orðist svo:

Ef sá býr innanhjeraðs, sem talið er að valdið hafi smitun, skal læknir svo fljótt sem verða má gera gangskör að því, að hinn grunaði komi til hans til rannsóknar, og leitar hann til þess aðstoðar lögreglustjóra, ef þörf er á. Lögreglustjóri sjer þá um, að hinn grunaði verði lagður á sjúkrahús, eða á annan hátt skoðaður af lækni.

8. Við 12. gr.
Greinin falli niður.

9. 13. gr. verður 12. gr.

10. Við 14. gr., sem verður 13. gr.
Greinin orðist svo:

Sjúklingar með smitandi syfilis mega ekki fóstra börn, sem ekki *hafa* syfilis, og ekki starfa að matsölu, matreiðslu eða veitingum.

11. 15. gr. verður 14. grein.

12. Við 16. gr., sem verður 15. gr.
Orðið »tæki« í 1. og 3. línu falli burtu.

13. 17. gr. verður 16. gr.

14. Aftan við meginmál frumv. bætast 2 nýjar greinar, sem verða 17. og 18. gr. og hljóða svo:

a. 17. gr.

Nú brýtur embættismaður gegn skyldum sínum samkvæmt þessum lögum, og varðar það þá ábyrgð sem brot á embættisfærslu.

Brjóti læknir, sem ekki er embættismaður, skyldur sínar eftir lögunum, varðar það sektum, alt að 500 kr.

Brot á ákvæðum 14. greinar varða sektum, alt að 200 kr.

b. 18. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, sje brotið ekki þannig vaxið, að það varði hegningu samkvæmt hegningarlögunum.

Alþingi, 5. mars 1923.

Jón Magnússon, formaður.	Sigurður H. Kvaran, framsögum.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.

(A. XIII, 5).

Nd. **67. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þskj. 54 við frv. til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júni 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 2. Fyrir orðin »0.80%« — til enda liðsins — komi: 0.50%.

Af	1000	til	2000	kr.	greiðist	5	kr.	af	1000	og	1%	af	afgangi.
—	2000	—	3000	—	—	15	—	—	2000	—	2	—	—
—	3000	—	4000	—	—	35	—	—	3000	—	3	—	—
—	4000	—	5000	—	—	65	—	—	4000	—	4	—	—
—	5000	—	6000	—	—	105	—	—	5000	—	5	—	—
—	6000	—	7000	—	—	155	—	—	6000	—	6	—	—
—	7000	—	8000	—	—	215	—	—	7000	—	7	—	—
—	8000	—	9000	—	—	285	—	—	8000	—	8	—	—
—	9000	—	10000	—	—	365	—	—	9000	—	9	—	—
—	10000	—	12000	—	—	455	—	—	10000	—	10	—	—
—	12000	—	15000	—	—	655	—	—	12000	—	11	—	—
—	15000	—	20000	—	—	985	—	—	15000	—	12	—	—

Af	20000	til	30000	kr.	greiðist	1585	kr. af	20000	og 13% af afgangi.
—	30000	—	50000	—	—	2885	— —	30000	— 14— — —
—	50000	—	100000	—	—	5685	— —	50000	— 15— — —
—	100000	—	150000	—	—	13185	— —	100000	— 16— — —
—	150000	og	þar	yfir	—	21185	— —	150000	— 17— — —

2. Við 3. a. Á eftir »aukaútsvör« komi: tekju- og eignarskattur.

(B. XIX, 1).

Nd. **68. Frumvarp**

til laga um berklaveiki í nautpeningi.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Með lögum þessum er öllum þeim, sem eiga eða hafa undir hendi nautgripi, gert að skyldu að tilkynna dýralækni hið fyrsta að hægt er öll þau sjúkdómstilfelli hjá nautpeningi, sem vekja grun um berklaveiki, samkvæmt leiðarvísi, sem atvinnumálaráðuneytið lætur semja og útbýta, og skal hann þá sjá um, að rannsókn fari fram, svo fljótt sem við verður komið.

2. gr.

Kostnað þann, sem af slíkri rannsókn leiðir, hvort sem dýralæknir framkvæmir hana sjálfur eða felur öðrum, skal eftir nánari ákvæðum atvinnumálaráðuneytisins greiða úr ríkissjóði, ef sjúkdómurinn reynist berklaveiki; ella greiðist hann að hálfu af hvorum, eiganda grips og ríkissjóði.

3. gr.

Nú reynist nautgripur berklaveikur, og skal þá dýralæknir strax tilkynna það simleiðis atvinnumálaráðuneytinu. Er ráðuneytinu þá heimilt, með ráðum dýralæknis, að fyrirskipa niðurskurð á hinum sjúku gripum og sótthreinsun eftir þörfum. Niðurskurð skal að jafnaði fyrirskipa, ef um fáa gripi er að ræða, og ávalt, ef gripirnir teljast hættulegir vegna opinna, smitandi berkla. Sjeu sjúku gripirnir aftur á móti svo margir, að ekki þyki gerlegt að skera alt niður, enda ekki nauðsynlegt vegna smithættu, heimilast ráðuneytinu að fyrirskipa einangrun nautgripa á litlu eða stóru svæði, svo sem einum bæ eða fleirum saman, heilum hreppi eða sýslu, og mega nautgripir þá ekki fara burt af svæðinu nema til slátrunar, og þá þannig, að ekki komi þeir saman við aðra nautgripi. Skulu yfirvöld hrepps eða sýslu sjá um, að einangrunarfyrirskipuninni sje rækilega fylgt.

4. gr.

Þegar fyrirskipaður er niðurskurður á nautgrip eftir lögum þessum, skal ríkissjóður greiða eiganda gripsins skaðabætur, sem svarar 1/3 af andvirði kjötkroppsins eins og hann mundi seljast ósjúkur og í heilu lagi í næsta kauptúni. Annars eru eiganda frjáls afnot húðarinnar, svo og kjöts og sláturs, ef og að svo miklu leyti sem dýralæknir telur það hæft til manneldis. -- Sótthreinsunarlyf og umsjá með sótthreinsun annast ríkissjóður á sinn kostnað, en skylt er eiganda að leggja til alla þá hjálp endurgjaldslaust, er með þarf, bæði við rannsókn og niðurskurð gripa, svo og við sótthreinsun.

5. gr.

Setja má með reglugerð ákvæði um útrýming berklaveiki í nautpeningi á einangruðu svæði, svo og um eftirlit með því, að einangruninni sje tryggilega fylgt.

6. gr.

Brot móti lögum þessum og reglugerð, sem ræðir um í 5. gr., varða sektum, frá 50 til 500 kr., er renna í ríkissjóð. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af Magnúsi Einarssyni dýralækni, og er það komið til landbúnaðarnefndar frá atvinnumálaráðuneytinu. Er það einkum og sjer í lagi fram komið út af tilfelli því úr Arnarfirði vestra, sem um getur í athugasemdum dýralæknis við frv., sem hjer fara á eftir. Þykir nefndinni sjálfsagt, að þegar sje hafist handa og reynt að reisa skorður við þeim vágesti, sem hjer er á ferðinni.

Athugasemdir dýralæknis eru svo hljóðandi:

Það er talið mjög sjaldgæft, í samanburði við aðra smitun, að menn taki berklaveiki af nautgripum, og þó enn sjaldnara, að nautgripir fái veikina af mönnum. Langsamlega er það algengast, að naut sýkist af nautum og menn af mönnum, og hjer á landi, þar sem innflutningur nautgripa er bannaður, er því lítil hætta á, að berklaveiki í nautgripum geri mikið vart við sig. Sú er og reynslan hjer á Suðurlandi að minsta kosti, því að í þau 26 ár, sem dýralæknirinn í Reykjavík hefir starfað hjer, hefir hann aldrei orðið veikinnar var í nautgripum, hvorki lifandi nje við kjötskoðun, síðustu 18 árin á 10—20 þús. gripa.

Það er þó orðið hert af tilfelli því, er nýlega hefir vitnast um úr Arnarfirði vestra, að kýr hjer á landi hafa sýkst af mönnum, og síðan hver af annari,

og slíkt hið sama getur auðvitað komið fyrir annarsstaðar á landinu. Sje þetta látið afskiftalaust, fer ekki hjá því, að nautpenings-berklaveiki magnist og verði landinu til óbætanlegs tjóns, og það miklu voðalegra en á sjer víðast stað erlendis, vegna sjerstakra óheppilegra staðhátta hjer á landi. Til þess að afstýra þessum voða, eru aðgerðir þær, sem felast í frumvarpi þessu, nauðsynlegar. Sje strax náð í gripi þá, sem sjúkir eru nú og síðar kunna að sýkjast af mönnum, og þeir gerðir óskaðlegir, mundi það kosta ríkissjóð smámuni eina, í samanburði við þann skaða, sem veikin mundi valda, ef hún breiddist út að verulegum mun.

Það virðist sjálfsagt, að ríkissjóður beri allan kostnað af rannsókninni, þegar um berklaveiki er að ræða, en til þess að menn geri sjer ekki leik að því að heimta rannsókn að óþörfu, virðist rjett að láta eigendur gripa kosta rannsókn að hálfu, ef ekki finst berklaveiki. Að láta eigendur borga allan kostnaðinn mundi, ef til vill, draga úr hvötinni til að gera aðvart um grunsama gripi.

Sem betur fer munu litlar líkur til þess, að til niðurskurðar komi að nokkru ráði samkvæmt frumvarpi þessu, en skyldi það reynast, að nautpeningsberklar væru að verulegum mun útbreiddir í einhverju hjeraði landsins — sem þá helst mundi vera Eyjafjarðarsýsla, eftir því að dæma, sem dýralæknirinn á Akureyri hefir látið í ljósi —, þykir rjett, kostnaðar vegna, að heimilt sje að stöðva útbreiðslu veikinnar með einangrun, og síðan gera viðeigandi ráðstafanir í þar til saminni reglugerð um útrýming veikinnar á einangraða svæðinu. Mætti í þeirri reglugerð setja ákvæði um greiðslu kostnaðar við útrýminguna.

Skaðabætur til eigenda niðurskorinna gripa þykir hæfilegt að ákveða $^1/_3$ af kjötverðinu, og er það í samræmi við ákvæði í Danmörku og víðar um niðurskurð kúa með júgurberkla.

(B. X, 4).

Nd. **69. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Flutningsmaður: Magnús Pjetursson.

Aftan við frumv. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Aðalpóstleið vesturlands, vegarkaflinn frá Krossá í Bitrufirði í Staðardalsbotn í Steingrímsfirði.

(A. XXIV, 2).

Nd **70. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 3. gr. 5. Nýr liður:
   Læknisvitjunarstyrkur handa Flateyjarhjeraði 300,00
2. Við 4. gr. (Breiðafjarðarbáturinn Svanur).
   Greinin fellur niður.
   Greinatalan breytist samkvæmt því.
3. Við 6. gr. 7. (Guðbrandur Jónsson).
   Liðurinn fellur niður.

(C. III, 1).

Nd. **71. Tillaga**

til þingsályktunar um sjómælingar.

Flutningsmaður: Jón A. Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að svæðið fyrir Hornströndum og kring um Þaralátursfjörð verði mælt og uppdráttur gerður af því sem allra fyrst.

(A. XXI, 2).

Ed. **72. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ríkisskuldabrjef.

Frá fjárhagsnefnd.

Meiri hluti nefndarmanna vill láta frumvarp þetta ná fram að ganga, enda þótt þeim dyljist ekki, að það er ekkert stórmál út af fyrir sig. En þeir líta svo á, að það skaði ekki og geti haft sína þýðingu, er fram líða stundir. Allir

nefndarmenn nema einn (K. E.) gera nokkrar breytingar á 2. gr. frumvarpsins, og eru þær tilfærðar hjer á eftir. Að öðru leyti vísar meiri hlutinn til ástæðna stjórnarfrumvarpsins og leggur til, að frumvarpið verði samþykt með þessum

BREYTINGUM.

Við 2. gr. a) Fyrir »4 eða 5% p. a.« komi: $4^1/_2$, 5 eða $5^1/_2$% p. a.
b) Fyrir »hvorn« komi: hvern.
c) Aftan við greinina bætist:
Vextir greiðast tvisvar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.

Alþingi, 6. mars 1923.

Guðm. Ólafsson, form. — Karl Einarsson, fundaskr. og framsm. — Sigurður H. Kvaran, með fyrirvara.

Sigurður Jónsson. — Björn Kristjánsson, með fyrirvara.

(A. XIII. 6).

Nd. **73. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 3. gr. 1. málsgrein orðist svo:
stað »500«, »1000« og »300« í 1. málsgrein 13. gr. komi: 1000, 2000 og 500.

(A. XI, 3).

Ed. **74. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: Einar Árnason, Sigurður Jónsson, H. Steinsson og Guðm. Ólafsson.

1. Við 4. gr.
   Fyrir »3 árin« komi: 2 árin.
2. Við 5. gr.
   Fyrir »5 ár« komi: 3 ár.
3. Við 7. gr.
   Síðasti málsliður greinarinnar falli burt.

(B. II, 2).

Nd. **75. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919. [*Ritsíma- og talsímakerfi*].

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir tekið frumvarp þetta til athugunar og hefir hún orðið sammála um, að vegna sjávarútgerðar beri mikil nauðsyn til þess, að sími verði lagður til Gunnólfsvíkur. Hefir því öll nefndin, að einum nefndarmanni undanteknum, ákveðið að mæla með því, að frumvarpið nái fram að ganga.

Einn nefndarmanna, Hákon Kristófersson, vill ekki að svo komnu taka ákvörðun um, hvort hann fylgi frumv. eða ekki, en viðurkennir þó nauðsyn á símalínu til Gunnólfsvíkur.

Alþingi, 7. mars 1923.

Sveinn Ólafsson, form. — Þorsteinn Jónsson, skrifari og framsm.

Sigurður Stefánsson. Hákon J. Kristófersson. Lárus Helgason.

Pjetur Þórðarson. Magnús Jónsson.

(B. XX, 1).

Nd. **76. Frumvarp**

til laga um að leggja jarðirnar Árbæ og Ártún í Mosfellshreppi og Breiðholt, Bústaði og Eiði í Seltjarnarneshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur.

Flutningsm.; Jakob Möller, Jón Baldvinsson, Jón Þorláksson og Magnús Jónsson.

1. gr.

Jarðirnar Árbær og Ártún í Mosfellshreppi og jarðirnar Breiðholt, Bústaðir og Eiði í Seltjarnarneshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur frá fardögum 1923 að telja.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Mosfellshreppi eða Seltjarnarneshreppi vegna fæðingar eða dvalar á einhverjum af jörðum þeim, sem um ræðir í lögum þessum.

Greinargerð.

Frumvarp, að mestu samhljóða þessu var lagt fyrir Alþingi 1922. Allsherjarnefnd neðri deildar hafði það þá til meðferðar, en afgreiddi það ekki, af því að hún óskaði eftir, að bæjarstjórn Reykjavíkur leitaði samkomulags við hreppsnefndir Mosfells- og Seltjarnarneshreppa um skilyrðin fyrir því, að tjeðar jarðir væru lagðar undir Reykjavík. Þetta hefir nú verið gert, en hreppsnefndir beggja hreppanna hafa neitað því að semja við bæjarstjórn Reykjavíkur um þetta mál. Reykjavíkurbæ er nauðsynlegt, að jarðirnar leggist undir lögsagnarumdæmið, og vísast um þetta til greinargerðar, sem fylgdi frumvarpinu 1922.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið frumvarpið.

(B. XXI, 1).

Nd. **77. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 47, 3. nóv. 1915 [*Útflutningur hrossa*].

Flutningsm.: Jón Sigurðsson og Pjetur Ottesen.

Lagagreinin orðist svo:

Hross má eigi flytja frá Íslandi til útlanda á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní, nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi og að fengnu samþykki stjórnarráðsins, og eigi á þilfari á öðrum tímum árs en frá miðjum júní til ágústmánaðarloka.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum er óheimilt að flytja hross til útlanda frá 1. nóvember til 1. júní. Ákvæði þetta hefir reynst svo óhentugt, að stjórnin hefir neyðst til að veita undanþágur frá því. Með framangreindri breytingu er stjórninni veitt lagaheimild til þess að veita slíka undanþágu, ef þörf krefur. Auk þess verður ekki sjeð, að nein skynsamleg ástæða mæli með því, að heimilt sje að flytja út hross í októbermánuði, en alóheimilt frá 1. nóv. til 1. júní.

(B. VII, 4).

Nd. **78. Frumvarp**

til laga um sjerstakar dómþinghár í nokkrum hreppum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Mosvalla- og Flateyrarhreppar í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Háls- og Flateyjarhreppar í Suður-Þingeyjarsýslu skulu vera sjerstakar dómþinghár, og skulu þingstaðirnir vera að Þórustöðum, Flateyri, Skógum og Brettingsstöðum.

(B. V, 3).

Ed. **79. Frumvarp**

til laga um verðlaun fyrir útfluttan gráðaost.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Árin 1923 og 1924 veitast verðlaun úr ríkissjóði til gráðaostabúa, alt að 50 au. fyrir hvert kg. af úrvals (fyrsta flokks) gráðaosti, sem út er flutt, þó ekki yfir 5000 krónur alls hvort árið.

2. gr.

Gráðaostabú, er vilja hljóta styrk, skulu senda umsókn sína fyrir liðið ár til Búnaðarfjelags Íslands innan loka janúarmánaðar árin 1924 og 1925. Umsóknunum skulu fylgja farmskrár frá skipstjóra þeim, er ostinn flutti, eða afgreiðslumanni skips þess, er osturinn var fluttur með, er sýni þyngd hans með umbúðum. Enn fremur drengskaparvottorð framkvæmdarstjóra ostabúanna um »nettó«-þyngd sendinganna, svo og vottorð matsmanna um, að osturinn sje úrvalsvara. Stjórn Búnaðarfjelags Íslands sendir síðan stjórnarráðinu skjölin ásamt tillögum sínum um úthlutun verðlaunanna, en það sker úr um gildi skírteina þeirra, er að skilyrði eru sett, og úthlutar verðlaununum.

3. gr.

Stjórnarráðið útnefnir matsmenn eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. XIX, 2).

Nd. **80. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vitabyggingar.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir á nokkrum fundum rætt frumvarp þetta og leitað álits vitamálastjóra um einstök atriði þess.

Er nefndin einhuga um það, að nauðsyn beri til að koma vitalýsingu með ströndum landsins sem fyrst í það horf, sem frv. bendir til, eins og líka hitt,

að skipulegast muni byggingu vitanna hagað, er ríkisstjórnin með ráði vitamálastjóra ræður framkvæmdum.

Auknar og bættar samgöngur á sjó með ströndum fram, einkum að hausti og vetri, byggjast mjög á öryggi siglingaleiðar, en ýmsa hluta strandlengjunnar vantar enn þá það öryggi, sem vitarnir veita.

Nefndin telur þó eigi rjett eða nauðsynlegt að leggja það kapp á vitabyggingarnar, að vitakerfið verði fullgert á örfáum árum eða þannig, að árlegar afborganir vitalánanna og vextir verði ríkissjóði mjög tilfinnanleg byrði. Þess vegna rjett að dreifa framkvæmd verksins á 12—16 ár með fleiri og framhaldandi lántökum.

Fyrir því ræður nefndin háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.
   Fyrir »heimilast ríkisstjórninni. . . . . gjöldum ríkissjóðs« komi: heimilast ríkisstjórninni að taka nauðsynleg lán á ábyrgð ríkissjóðs, er endurgreiðist á 20—30 árum og miðist við það, að byggingu vita þeirra og þokulúðurstöðva, sem talin eru í 2. grein, verði lokið á 12—16 árum. Vitalánum þessum skal haldið utan við önnur lán ríkissjóðs, en vexti og afborganir af þeim skal telja með öðrum gjöldum ríkissjóðs.

2. Við 4. gr.
   Á eftir orðunum »um legu« komi: og ljósmagn.

Alþingi, 7. mars 1923.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm. Þorsteinn Jónsson, fundaskrifari. Lárus Helgason. Sigurður Stefánsson.

Pjetur Þórðarson. Magnús Jónsson. Hákon Kristófersson.

(B. XXII, 1).

Nd. **81. Frumvarp**

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að láta þá niðurjöfnun aukaútsvara, sem ræðir um í 36. og 38. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905, fara fram í apríl-

mánuði; skal hún áður í sama mánuði hafa gert áætlun um allar tekjur og gjöld hreppsins yfirstandandi almanaksár, sem þá verður reikningsár hreppsins.

2. gr.

Um framlagning niðurjöfnunarskrárinnar, tíma þann, er hún liggur hreppsbúum til sýnis, kærufresti til hreppsnefndar og sýslunefndar fer að öðru leyti eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaganna.

3. gr.

Þar sem þessi skipun er komin á, skal hreppsreikningurinn fyrir síðastliðið almanaksár gerður í janúarmánuði, og skal hann, að lokinni endurskoðun innanhrepps, liggja hreppsbúum til sýnis frá 14. febrúar og mánuðinn út og síðan sendur oddvita sýslunefndar í öndverðum marsmánuði. Að öðru leyti fer um hann eins og fyrir er mælt í sveitarstjórnarlögunum.

4. gr.

Eindagi á aukaútsvörum þeim, sem jafnað er niður samkvæmt 1. gr., er 1. júní.

5. gr.

Nú er almanaksárið tekið upp sem reikningsár, og skal þá sjerstakur reikningur gerður fyrir tímabilið frá síðustu fardögum til 31. desember næst á undan hinu nýja reikningsári; fer um hann eins og segir í 3. gr.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum hreppsnefndarinnar í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Telur hún skipun þá, sem það fer fram á, hagkvæmari í fjölmennum sjávarþorpum en fyrirmæli hinna gildandi laga. Verður nánar skýrt frá ástæðum hennar í framsögu málsins í deildinni.

(B. XI, 2).

Nd. **82. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefir athugað frumvarp þetta, sem er alveg samhljóða frv. því um þetta efni, er samþykt var í neðri deild á þinginu 1921, en fjell að

lokum í efri deild, sökum ágreinings milli deildanna, sem þó ekki snerti meginatriði málsins.

Jafntramt því sem nefndin tekur undir það með háttv. flutningsmanni frumvarps þessa, að nauðsynlegt sje, að lög 18. nóv. 1920 um kenslu í mótorvjelfræði komi sem fyrst til framkvæmda, mælir meiri hluti nefndarinnar eindregið með því, að frumvarp þetta verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 8. mars 1923.

Stefán Stefánsson, formaður.	Pjetur Ottesen, skrifari og frsm.	Jón Baldvinsson, með fyrirvara.

Jakob Möller. Einar Þorgilsson.

(B. XXIII, 1).

Nd. **83. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til, þegar þess er krafist og full ástæða þykir til, að takmarka eða banna notkun allskonar dragnóta, þar á meðal kolanóta — Snurrevaad — í landhelgi við strendur landsins, hvarvetna þar, sem veiðar eru stundaðar að jafnaði með handfærum, lóðum eða lagnetum, og ná þá takmörkunar- eða bannákvæðin til allskonar skipa, er slík veiðarfæri nota.

2. gr.

Heimilt skal þó jarðeigendum eða þeim, er afnotarjett hafa þeirra jarða, sem að sjó liggja á bannsvæðinu, að draga ádráttar- eða fyrirdráttarnætur á land.

3. gr.

Þegar krafa um takmörkun eða bann hefir komið til stjórnarráðsins, skal það áður en ákvörðun er tekin í málinu leita álits hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Fiskifjelags Íslands.

4. gr.

Akvarðanir þær, er stjórnarráðið setur í þessum málum, hafa lagagildi, og skulu þær birtar almenningi hið bráðasta, og jafnframt greind takmörk á

svæði því, er þær ná til. Skulu lögreglustjórar og skip þau, er hafa landhelgisgæslu á hendi, sjá um, að ákvæðunum sje hlýtt.

5. gr.

Með lögum þessum er takmarkaður rjettur sýslunefnda, sá er sýslunefndum er veittur með lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingasjóði, til þess að gera samþyktir, að því leyti sem um er að ræða bann gegn veiðarfæranotkun.

6. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, er landsstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður hún á þann hátt, sem henni þykir við eiga um leið og hver ráðstöfun er gerð.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er komið fram að tilhlutun atvinnumálaráðuneytisins og stjórnar Fiskifjelags Íslands, sem hefir samið frumvarpið.

Síðastliðið sumar kærðu allmargir útgerðarmenn við sunnanverðan Faxaflóa yfir fiskveiðum með dragnót (Snurrevaad), sem stundaðar voru í landhelgi inni á instu víkum og vogum þar syðra. Það er álit kærenda, að dragnót þessi sje engu síður skaðleg á fiskimiðum fyrir veiðarfæri, svo sem handfæri, lóðir og net, eins og fiskigöngur, heldur en hin alþekta svonefnda botnvarpa (Ottertrawl), og hafa þeir krafist þess, að umrædd dragnót væri látin hlíta sömu lögum. Hinsvegar hafa þeir bæjarfógetarnir í Hafnarfirði og Reykjavík, sem báðir hafa látið álit sitt uppi um málið, ekki getað fallist á, að heimfæra beri notkun dragnóta þessara undir lög nr. 5, frá 18. maí 1920, en líta svo á, að athuga beri, hvort eigi sje nauðsynlegt að banna með lögum veiðar með allskonar dragnótum í landhelgi hjer við land, og í því skyni bent málinu til stjórnarráðsins, sem hefir svo leitað álits stjórnar Fiskifjelags Íslands og jafnframt kynt sjer, hvernig löggjöf annara þjóða væri háttað að þessu lútandi, og komist að raun um, að í Skotlandi eru gildandi lög, sem banna veiðar í landhelgi með dragnót (Snurrevaad), nema á vissum svæðum með undanþágum.

Stjórn Fiskifjelagsins lítur svo á, að þar sem nægileg reynsla sje ekki fengin fyrir skaðsemi dragnótaveiði á fiskigöngur, eða veiðar með öðrum tækjum, svo sem lóðum, handfærum og netum, og að menn hafi nú þegar kostað allmiklu fje til þess að reyna veiðiaðferð þessa, þá sje of snemt að banna hana algerlega. En þar sem fram hafa komið mjög ákveðnar kröfur frá mönnum við sunnanverðan Faxaflóa og víðsvegar að, um að dragnótaveiðar verði bannaðar með lögum innan landhelgi, þá hefir stjórn Fiskifjelagsins lagt til, að Alþingi gæfi út heimildarlög, er heimili ríkisstjórninni að banna veiðar með allskonar dragnótum í landhelgi við strendur landsins, á þeim svæðum, sem krafist er.

(A. XII, 2).

Nd. **84. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd neðri deildar hefir kynt sjer mál þetta og skjöl þau, er það snerta, og hefir orðið ásátt um, að ekki sje annars kostur en að ráðleggja háttvirtri deild að samþykkja frumv. eins og það liggur fyrir.

Eins og kunnugt er var mál þetta fyrir Alþingi í fyrra, og var þá rannsakað mjög grandgæfilega frá rótum og rætt, og komu þá skýrt fram þau rök, er knúðu þingið til þess að ganga að kröfu Spánverja um undanþágu frá aðflutningsbannslögunum að því er snertir vín með 21% vínanda og þar undir. Hinsvegar fekst því þá til vegar komið, að málið var þá afgreitt til bráðabirgða til eins árs.

Þetta eina ár hefir ekki fært oss nær því takmarki að geta neitað að ganga að þessari kröfu. Vjer erum jafnháðir fiskmarkaðinum á Spáni og vjer vorum í fyrra, enda þótt gerð hafi verið ein tilraun til þess að afla markaðs í Ameríku, sem ef til vill getur leitt til einhvers síðar meir. Og vjer megum jafnilla nú eins og þá við því að verða fyrir margra miljóna króna halla á fiskiafurðunum. Rök þessi hafa svo greinilega verið talin áður, að óþarfi er að endurtaka þau nú.

Alþingi, 9. mars 1923.

Jón Þorláksson, form. — Magnús Jónsson, fundaskr. og framsm.

Björn Hallsson. — Magnús Guðmundsson. — Gunnar Sigurðsson.

(A. IV, 2).

Nd. **85. Nefndarálit**

um frv. til laga um nýja embættaskipun.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við höfum ekki getað fallist á þá tillögu samnefndarmanna okkar að fella þetta frv. með öllu, heldur hefir okkur þótt rjettara að bera fram breytingartillögur við það, þannig að feldar verði úr frv. þær sameiningar lögsagnarumdæma, sem okkur virðast öldungis ótiltækilegar, en eftir verði þær einar, sem okkur virðast framkvæmanlegar.

Við erum sammála meiri hluta nefndarinnar um það, að ekki megi gera lögsagnarumdæmin stærri en svo, að sýslumönnum verði eftir sem áður kleift að hafa á hendi formensku sýslunefndanna og þá forustu í hjeraðsmálum, sem oddviti sýslunefndar að rjettu lagi þarf að hafa á hendi, til þess að stjórn hjeraðsmálanna geti farið vel úr hendi. Þess vegna viljum við ekki heldur með nokkru móti gera lögsagnarumdæmin svo víðlend, eða láta hvert þeirra ná yfir svo marga hreppa, að sýslumanni verði ókleift að halda manntalsþing, svo sem verið hefir. Við teljum öldungis nauðsynlegt til góðrar hjeraðsstjórnar, að sýslumenn kynnist högum og háttum allra sveita i hjeraðinu, og teljum að þingaferðirnar veiti nokkra tryggingu í þá átt.

Út frá þessu sjónarmiði teljum við að ekki geti komið til mála að samþykkja efni 1. gr., sem fer fram á að leggja Borgarfjarðarsýslu undir sýslumanninn í Hafnarfirði. Sá sýslumaður gegnir nú tveim sýslufjelögum, öðru þeirra meðal hinna fjölmennustu á landinu, og bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði. Það nær ekki nokkurri átt, að bæta megi einu sýslufjelagi enn þá við umdæmi hans. Þar með er líka efni 2. gr. sjálffallið, um að leggja Mýrasýslu undir sýslumanninn í Stykkishólmi, enda er engin ástæða til að leggja niður sýslumannsembættið í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þar sem það hjerað hefir nóg störf og verkefni að bjóða fyrir sýslumann sinn.

Við getum fallist á, að rjett sje að sameina Dalasýslu og Strandasýslu, og vísum til ástæðna þeirra, sem áður hafa verið bornar fram í því máli, og finna má eftir tilvísuninni í aths. stjórnarinnar við frv. En við teljum ekki rjett að setja lagaákvæði um það, hvar sýslumaður skuli búsettur, heldur beri landsstjórninni að setja embættismönnum sínum þau skilyrði í því efni, sem nauðsynleg þykja á hverjum tíma, og berum fram brtt. við 3. gr. samkvæmt þessu.

Við teljum einum manni ókleift að rækja embættisstörf sýslumanna og hjeraðsstjórn i Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum.

Við getum ekki fallist á að afnema bæjarfógetaembættið á Siglufirði. Allar þær ástæður, sem rjeðu stofnun þessa embættis 1918—1919, eru enn fyrir hendi. Raunverulegur sparnaður virðist enginn geta orðið að afnámi þess, þar sem stjórnin í aths. sínum gerir ráð fyrir, að fulltrúi með dómsvaldi þurfi að vera þar um síldveiðitímann, og bærinn auk þess að kosta bæjarstjóra. En hjer við bætist, að við teljum ríkissjóð eiga svo mikilla hagsmuna að gæta á Siglufirði um tollgæslu, bannlagagæslu og innheimtu tolla og gjalda, einnig utan síldveiðitímans, að það verði með engu móti varið að leggja niður embætti það, sem þessi störf falla nú undir.

Um efni 6. og 7. gr. viljum við taka það fram, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hefir svo miklum störfum að gegna, að það er mikið efamál, hvort bætandi væri við umdæmi hans Rangárvallasýslu einni, og því síður bæði Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, svo sem 7. gr. frv. fer fram á. Hinsvegar sýnist okkur, að það mundi alls ekki ofætlun einum manni að gegna Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, en vandkvæði nokkur á að sameina Austur-Skaftafellssýslu hvort er við þetta umdæmi eða við Suður-Múlasýslu, svo sem 6. gr. stj.frv. fer fram á. Okkur hefir þó fremur sýnst tiltækilegt að sameina Skaftafellssýslur báðar og Rangárvallasýslu í eitt umdæmi heldur en að leggja

Austur-Skaftafellssýslu við Suður-Múlasýslu, sem er æðierfið fyrir, og höfum því orðað tillögu í þá átt, en verðum þó að viðurkenna, að bæði verður þetta umdæmi erfitt yfirsóknar og að sparnaðurinn af sameiningunni verður ekki ýkjamikill.

Að endingu viljum við taka það fram, að þótt við höfum ekki viljað leggjast á móti frv. í heild, þar sem í því felst viðleitni til sparnaðar og til þess að draga úr embættabákni landsins, þá erum við þeirrar skoðunar, að í raun-inni væri rjettast og affarasælast að koma slíkri embættasameiningu á með því að setja fyrst einn mann til þess að gegna báðum embættunum, og lögleiða sameininguna þegar reynslan hefði sýnt, að hún væri framkvæmanleg. Hyggjum við, að sameiningin gæti þá orðið hjeraðsbúum geðfeldari en ella, ef stjórninni tækist að fá vel hæfan mann settan til þess að þjóna báðum embættum í fyrstu.

Alþingi, 9. mars 1923.

Jón Þorláksson, frsm. minni hlutans. Björn Hallsson.

(A. IV, 3).

Nd. **86. Breytingartillögur**

við frv. til laga um nýja embættaskipun.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin falli burtu.
2. — 2. — Greinin falli burtu.
3. — 3. — Síðari málsgreinin falli burtu.
4. — 4. — Greinin falli burtu.
5. — 5. — Greinin falli burtu.
6. — 6. — Greinin falli burtu.
7. — 7. — Greinin orðist þannig:
   Rangárvallasýsla og Skaftafellssýslur skulu vera eitt lögsagnarumdæmi, og nefnist það Rangárvalla- og Skaftafellssýsla.
8. Greinatala frv. breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.
9. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um breytingar á embættaskipun.

(B. XXIV, 1).

Nd. **87. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 28, 3. nóv. 1915.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Fyrri málsgrein 23. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, skal vera sem hjer segir:

Þá er almennar, reglulegar kosningar fara fram, skulu þær hefjast sama dag um land alt, hinn fyrsta dag vetrar. Skulu þær standa yfir fullar tólf stundir í bæjum, en fulla þrjá sólarhringa í sveitum.

2. gr.

27. gr. laganna skal vera svo:

Einni stundu fyrir hádegi skal kjörfundur hafinn, og skulu þá kjörstjórar allir vera komnir á kjörstað. Nú eru nokkrir þeirra ókomnir, og kveðja þá hinir kjörstjórarnir mann eða menn úr flokki kjósenda til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti, þótt hinir komi síðar.

3. gr.

38. gr. laganna skal hljóða svo:

Atkvæðagreiðslu má eigi slíta í bæjum fyr en tólf stundir eru liðnar frá upphafi hennar, og eigi í sveitum fyr en þrir sólarhringar eru liðnir frá því er hún hófst, nema allir kjósendur hafi neytt atkvæðisrjettar, þeir sem á kjörskrá eru.

Þá er allir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn þeirra atkvæði, á sama hátt sem aðrir kjósendur, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í fyrri málsgrein 37. gr., og þeim fengnir nýir seðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlar endast. Í sveitum má þó láta þessa kjósendur greiða fyr atkvæði en hjer var sagt, ef nauðsyn krefur, að þeir geti farið ferða sinna, og aldrei síðar en að kveldi þess dags, er þeir komu til kjörstaðar.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa fengið staðfesting konungs, skal færa breytingar þessar inn í lög nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, og gefur konungur þau síðan út í samfeldri heild.

Greinargerð.

Rjettlátur löggjafi veitir eigi mönnum dýrustu rjettindi þeirra með þeim hætti, að þeir eigi engan kost á að neyta þeirra. En svo eru þó lög vor nú. Fyrir því er þessi breyting nú borin fram, í samræmi við ósk, vilja og þörf allra kjósenda í landinu.

Frumvarp þetta flutti jeg áður á Alþingi 1921, og fylgdi því þá samhljóða greinargerð.

(B. XXV, 1).

Nd. **88. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

Flutningsm: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Á eftir 8. gr. laga nr. 47, 30. nóv. 1914, skal koma ný grein, svo látandi:

Með sama hætti mega þeir menn allir greiða atkvæði sín, sem eru ekki ferðafærir og komast því eigi á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Forföll eru sönnuð með læknisvottorði, ef kostur er, ella með vitni tveggja valinkunnra manna.

Húsráðandi gefur vottorð það, er skipstjóri gefur eftir 4. gr., þegar kosið er eftir þessari grein. Um atkvæðisgreiðslu hans fer sem um atkvæðisgreiðslu skipstjóra, að breyttu breytanda.

2. gr.

1. grein skal sett inn í lögin, og getur konungur þá gefið lögin út með þessari breytingu.

Greinargerð.

Þar sem óþolandi er, að menn missi af atkvæðisrjetti sínum sakir sjúkleika, slysfara, ellilasleika eða annara slíkra forfalla, þá tel jeg þessa lagabreytingu eigi mega bíða.

Frumvarp þetta flutti jeg áður á Alþingi 1921, og fylgdi því þá samhljóða greinargerð.

(B. XXVI, 1).

Nd. **89. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um bjargráðasjóð Íslands, nr. 45, 10. nóv. 1913.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson og Pjetur Ottesen.

1. gr.

Í stað orðanna í upphafi síðustu málsgr. 4. gr. »Öllum tekjum bjargráðasjóðsins skal koma á vöxtu í Landsbankanum« komi:

Tekjum bjargráðasjóðs, sem ekki er varið til útlána, skal koma á vöxtu í Landsbankanum.

2. gr.

Á eftir 11. gr. komi ný grein, er verði 12. gr., svo hljóðandi:

Meðan sýslunefndir og bæjarstjórnir hafa ekki gert samþyktir þær, sem um ræðir í 11. gr., skal stjórn bjargráðasjóðsins veita lán af árlegum tekjum sjóðsins, að vöxtum undanskildum, fóðurbirgðafjelögum eða öðrum löggiltum fjelögum eða stofnunum, er hafa það eitt að markmiði að koma í veg fyrir hallæri.

3. gr.

Þar á eftir komi ný grein, er verði 13. gr. og hljóði þannig;

Fje það, er hvert bæjar- eða sýslufjelag leggur árlega í sjóðinn, skal nota til lánveitinga innan viðkomandi sýslu- eða bæjarfjelags, ásamt jafnhárri upphæð af landssjóðstillaginu það ár.

Nú koma engar eða ófullnægjandi umsóknir eitt ár eða fleiri úr einhverju sýslufjelagi, og skal þá það fje, er þannig verður afgangs, lagt á vöxtu, en heimilt er að verja því síðar til útlána í sömu sýslu samkvæmt 12. gr., ásamt jafnmikilli upphæð úr þeim hluta sjóðsins, er telst sameign allra landsmanna.

4. gr.

12. gr. verði 14. gr. og fyrsta málsgrein orðist þannig:

Ef hallæri ber að höndum, á hvert hjerað tilkall til þess hluta sjereignar sinnar í bjargráðasjóðnum til útbýtingar, sem þá er á vöxtum í Landsbankanum. Útbýting þessa fjár fer fram samkvæmt bjargráðasamþykt hlutaðeigandi hjeraðs.

5. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, er verði 15. gr., svo hljóðandi:

Landsstjórnin semur reglugerð um lánveitingar úr sjóðnum eftir tillögum bjargráðastjórnar.

6. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 45, 10. nóv. 1913, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi, er við flutningsmenn fluttum á síðasta þingi, og vísast til þeirrar greinargerðar, er þá fylgdi frumvarpinu á þingskjali nr. 50.

(A. XI, 4).

Ed. **90. Frumvarp**

til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar er hann hefir dvalist í 3 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk eða styrk eftir þessum lögum á þeim árum.

2. gr.

Hjer heimilisfastir danskir ríkisborgarar vinna sjer sveit eftir þeim reglum, er segir í 1. gr.

Aðrir utanríkismenn vinna sveit hjer á landi, þá er þeir fá íslenskan ríkisborgararjett, og eiga þá framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili er þeir öðlast ríkisborgararjettinn, þangað til þeir hafa unnið sjer sveit, eftir reglum 1. greinar, annarsstaðar.

3. gr.

Þeirri sveitfesti, er menn hafa unnið sjer áður en lög þessi ganga í gildi, halda þeir þangað til þeir þar eftir hafa unnið sjer sveitfesti annarsstaðar samkvæmt lögum þessum. Að öðru leyti fer um sveitfesti manna frá þeim degi að telja, er þau öðlast gildi, svo sem segir fyrir um í lögum þessum. Þó skulu þeir menn, er dvalið hafa síðustu 5 árin, áður en lögin komu í gildi, sveitfestisdvöl í einhverri sveit, vinna sjer þar framfærslusveit, ef þeir halda áfram dvöl sinni þar á eftir í hinni sömu sveit enn 2 ár, og að öðru

leyti uppfylla skilyrði laga þessara. Ef mann skortir minna en 2 ár til þess að hafa unnið sjer sveit með 10 ára dvöl þá er lög þessi öðlast gildi, þá þarf hann þó ekki að halda áfram dvöl sinni í sömu sveit nema þann tíma, sem á vantar til þess að 10 árin verði full, enda uppfylli hann að öðru leyti lögmælt skilyrði fyrir sveitfesti.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 32., 36. og 37. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 og önnur ákvæði, sem koma kunna í bága við þessi lög.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1924.

(B. XXVII, 1).

Nd. **91. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög.

Flutningsmenn: Pjetur Þórðarson og Pjetur Ottesen.

1. gr.

3. gr. 2. liður síðari málsgrein orðist svo:

Í þeim fjelögum, er skiftast í deildir, nægir þó sameiginleg ábyrgð í hverri deild fyrir sig.

Takmörkuð ábyrgð nægir í þeim fjelögum, sem um er rætt í 2. og 3. lið 2. greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

A aðalfundi Kaupfjelags Borgfirðinga 27. f. m. var samþykt svo hljóðandi tillaga:

»Aðalfulltrúafundur Kaupfjelags Borgfirðinga skorar á Alþingi að breyta samvinnulögunum í það horf, að kaupfjelög, sem einungis hafa samábyrgð innan deilda í samþyktum sínum, geti notið fullra rjettinda samkvæmt þeim lögum«.

Frumvarp þetta er flutt samkv. áskorun frá stjórn Kaupfjelags Borgfirðinga og i samræmi við framanskráða fundarsamþykt.

Enda þótt það sje ekki liklegt, að heimild sú, er i frumvarpinu felst, ef að lögum verður, valdi breytingu á aðalskipulagi samvinnufjelaganna, eins og það nú er almennast hjer á landi, þá er hitt áreiðanlega víst, að í þeim hjeruðum, sem þetta skipulag er ekki komið á eða búið að fá fast form, mundi notkun heimildarinnar efla mjög og auka samvinnufjelagsskapinn, og má telja það hina mestu þörf á þessum erfiðu tímum.

(A. XIII, 7).

Nd. **92. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júni 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

6. gr. orðist þannig: Skattgjald þeirra, sem um ræðir i 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 2000 kr., greiðist af honum $^1/_2$%.

Af	2000	kr.	til	3000	greiðist	10	kr.	af	2000	kr.	og	1%	af	afgangi.
—	3000	—	—	4000	—	20	—	-	3000	—	—	2—	-	—
—	4000	—	—	5000	—	40	—	-	4000	—	—	3—	-	—
—	5000	—	—	6000	—	70	—	-	5000	—	—	4—	-	—
—	6000	—	—	7000	—	110	—	-	6000	—	—	5—	-	—
—	7000	—	—	8000	—	160	—	-	7000	—	—	6—	-	—
—	8000	—	—	9000	—	220	—	-	8000	—	—	7—	-	—
—	9000	—	—	10000	—	290	—	-	9000	—	—	8—	-	—
—	10000	—	—	11000	—	370	—	-	10000	—	—	9—	-	—
—	11000	—	—	12000	—	460	—	-	11000	—	—	10—	-	—
—	12000	—	—	13000	—	560	—	-	12000	—	—	11—	-	—
—	13000	—	—	14000	—	670	—	-	13000	—	—	12—	-	—
—	14000	—	—	15000	—	790	—	-	14000	—	—	13—	-	—
—	15000	—	—	16000	—	920	—	-	15000	—	—	14—	-	—
—	16000	—	—	17000	—	1060	—	-	16000	—	—	15—	-	—
—	17000	—	—	18000	—	1210	—	-	17000	—	—	16—	-	—
—	18000	—	—	19000	—	1370	—	-	18000	—	—	17—	-	—
—	19000	—	—	20000	—	1540	—	-	19000	—	—	18—	-	—
—	20000	—	—	25000	—	1720	—	-	20000	—	—	19—	-	—
—	25000	—	—	30000	—	2670	—	-	25000	—	—	20—	-	—
—	30000	—	—	35000	—	3670	—	-	30000	—	—	21—	-	—
—	35000	—	—	40000	—	4720	—	-	35000	—	—	22—	-	—
—	40000	—	—	50000	—	5820	—	-	40000	—	—	23—	-	—

Af	50000	kr. til	60000	greiðist	8120	kr. af	50000	kr. og	24% af afgangi.
—	60000	— —	70000	—	10520	— -	60000	— —	25— - —
—	70000	— —	80000	—	13020	— -	70000	— —	26— - —
—	80000	— —	90000	—	15620	— -	80000	— —	27— - —
—	90000	— —	100000	—	18320	— -	90000	— —	28— - —
—	100000	— —	150000	—	21120	— -	100000	— —	29— - —
—	150000	— og þar yfir		—	35620	— -	150000	— —	30— - —

Skattgjald samkvæmt 2. gr. reiknast þó aldrei lægra en 5% af tekjunum.

2. gr.

Á eftir d-lið í 11. gr. komi nýr liður, sem verður e-liður, svo hljóðandi: Aukaútsvör.

3. gr.

Í 2. málsgr. 12. gr. falla burt orðin: »ef þau eru fjárráða. Annars teljast tekjur þeirra með tekjum heimilisföður«.

4. gr.

Í stað »300 kr.« í 1. málsgr. 13. gr. komi: 500 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1924. Til þess tíma gilda einnig lög nr. 74, 27. júní 1921.

(D. VI, 1).

Nd. **93. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um steinolíueinkasöluna.

Frá Jakob Möller.

Hvers vegna tók ríkisstjórnin einkasölu á steinolíu í sínar hendur, og hvernig er háttað samningum hennar um innkaup og flutning á steinolíu til landsins?

(B. XXVIII, 1).

Ed.

94. Frumvarp

til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Selur skal vera ófriðaður í Ölfusá og ám þeim, er í hana renna.

2. gr.

Þeim jarðeigendum við Ölfusá, sem nú hafa viðurkend selalátur við ána, skal bæta úr landssjóði skaða þann, er framkvæmd þessara laga kann að valda þeim. Ef ekki fæst samkomulag um skaðabætur, skal þriggja manna nefnd ákveða bætur. Nefna eigendur selalátranna til einn manninn, atvinnumálaráðherra annan og sýslumaður Árnesinga hinn þriðja. Skaðabætur til jarðeigenda skal byggja á því, hve mikinn hluta af verði umræddra jarða má telja, samkvæmt síðasta fasteignamati, fólginn í þessum hlunnindum.

Greinargerð.

Ölfusá er svo sem kunnugt er með betri laxám landsins. Hefir þar nú nýverið verið hafið laxaklak í stórum stíl á kostnað jarðeigenda, og telja þeir menn, sem best hafa vit á laxveiðum hjer á landi, fullvist, að gera megi laxveiði að mikilli tekjugrein á mörgum jörðum við Ölfusá, Sogið og Hvítá. En á 2—3 jörðum við Ölfusá eru nú selalátur. En þessar tvær atvinnugreinar eru alls ekki samrýmanlegar í sömu ánni. Önnur hvor verður að víkja. Að friða selinn í góðri laxá er sama fjarstæða og að friða refi í haglendi, þar sem á að ala upp sauðfje. Þar sem hagnaðurinn af selalátrum við Ölfusá er tiltölulega sárlítill í samanburði við arðinn af laxveiðunum, er einsýnt, að fremur verður að útrýma selnum en laxinum. En bæta yrði eigendum selalátranna skaða þeirra eftir sanngjörnu mati. Yrði þar áreiðanlega um mjög óveruleg bein fjárútlát að ræða fyrir landssjóð, og það því fremur sem hann á þá jörð, sem mesta hefir selveiðina.

(B. XXIX, 1).

Nd.

95. Frumvarp

til kosningalaga fyrir Reykjavik.

Flutningsmenn: Jakob Möller, Jón Baldvinsson, Jón Þorláksson og Magnús Jónsson.

1. gr.

Kosningarrjett við bæjarstjórnar- og borgarstjórakosningar, svo og við kosningu annara nefnda eða opinberra starfsmanna, er vinna í bæjarins þarfir og kjósa ber með almennum kosningum, hafa allir bæjarbúar, sem eru 25 ára eða eldri og hafa verið heimilisfastir í bænum í eitt ár þegar kosning fer fram, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi og standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, sem veittur hefir verið af öðrum ástæðum en elli, heilsubresti, ómegð eða atvinnuleysi. Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrjett hefir.

2. gr.

Kjörskrá sú og aukakjörskrá, sem árlega eru samdar yfir kjósendur til Alþingis, skulu og gilda fyrir kosningar í bæjarmálefnum fyrir sama timabil og til alþingiskosninga.

3. gr.

Þegar kosning á fram að fara, skal borgarstjóri auglýsa dag, stað og stundu með 6 vikna fyrirvara og samtímis leggja fram eftirrit af gildandi kjörskrám og viðbótarskrá yfir þá kjósendur, sem ekki hafa kosningarrjett til Alþingis. Skulu skrárnar liggja til sýnis í 14 daga, og má innan þess frests kæra yfir því, að einhver sje oftalinn eða vantalinn á kjörskrá. Bæjarstjórnin úrskurðar kærur á sama hátt og kærur yfir aðalkjörskrá, og síðan skal semja viðbótarskrá samkvæmt úrskurðunum. Skal viðbótarkjörskráin fullger ekki síðar en 14 dögum áður en kosning fer fram, og eftir að bæjarstjórn hefir gengið frá henni má ekki bæta neinu nafni á kjörskrá, nje strika nokkurt nafn út af henni.

4. gr.

Kosningu stýrir kjörstjórn, og eru í henni borgarstjóri, sem er oddviti kjörstjórnar, og tveir bæjarfulltrúar, sem bæjarstjórnin kýs. Auk þess skal bæjarstjórnin kjósa tvo bæjarfulltrúa til vara í kjörstjórnina, og tekur varamaður sæti í kjörstjórninni í forföllum þess aðalmanns, sem kosinn er á sama lista. Við borgarstjórakosningu og í forföllum borgarstjóra skal forseti bæjarstjórnar, eða varaforseti í forföllum hans, gegna störfum oddvita.

5. gr.

Lista þá, sem kjósa skal um, skal afhenda oddvita kjörstjórnar ekki síðar en á hádegi 20 dögum á undan kosningu.

6. gr.

Við aukakosningar getur bæjarstjórnin stytt alla fresti í lögum þessum um helming.

7. gr.

Kjósendur, sem ekki geta verið viðstaddir á kjördegi, geta neytt atkvæðisrjettar síns eftir sömu reglum og gilda við kosningar til Alþingis, þegar eins stendur á.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 30. júlí 1909, að því er Reykjavík snertir, og 7. og 8. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Lög þau, sem nú gilda um kosningar í Reykjavík, eru orðin úrelt að mörgu leyti, enda hefir á undanförnum árum verið rætt mikið um breytingar á þeim.

Bæjarstjórnin hefir nú samið þetta frumvarp til kosningalaga fyrir bæinn og samþykt það með 10 atkvæðum gegn einu á fundi sínum 15. febr. 1923.

1. gr. Felt er burt sem skilyrði fyrir kosningarrjetti, að greitt sje gjald í bæjarsjóð, og er það nauðsynlegt, ef frumvarp það til laga um bæjargjöld í Reykjavík, sem nú verður lagt fyrir Alþingi, verður að lögum, því að þá mun ekki verða lagt útsvar á marga, sem nú bera lágt útsvar. Önnur breyting á kosningarrjettarskilyrðum er, að sveitarstyrkur vegna elli, heilsubrests, ómegðar og atvinnuleysis á ekki að svifta kosningarrjetti. Þetta er eina atriðið, annað en aldurstakmarkið í frumvarpi þessu, sem varð að deiluefni í bæjarstjórninni, en það var samþykt með 7 atkvæðum gegn 6.

2. og 3. gr. Samkvæmt gildandi lögum á að semja kjörskrá í hvert skifti og kosning fer fram, og þar sem reglulegar bæjarstjórnarkosningar eiga að fara fram í janúarmánuði, verður kjörskráin að vera tilbúin fyrir miðjan janúar, og á sama tíma á að semja alþingiskjörskrá.

Kjörskrárnar þarf að semja eftir síðasta manntali, sem fer fram seint í nóvember, og það getur ekki verið tilbúið fyr en um nýár, og verður því alt of naumur tími til kjörskrársamningar þegar fjölmennið er orðið mikið. Á síðustu alþingiskjörskrá eru 8001 kjósendur. Þess vegna gerir frumvarpið ráð fyrir, að alþingiskjörskráin gildi einnig við aðrar kosningar í bænum, en samin

verði viðbótarskrá 6 vikum áður en kosning fer fram, og almenningi þá enn gefinn kostur á að fá skrárnar leiðrjettar. Með þessu móti má gera ráð fyrir, að kjörskráin verði svo fullkomin, sem þess er kostur. Sjálfsagt virðist að taka fram berum orðum í lögunum, að ekki megi breyta kjörskrá eftir að hún er fullgerð.

4. gr. Kjörstjórn verður óbreytt eins og nú, en með því að hlutfallskosning er lögleidd í bæjarstjórninni eru ákvæði sett um skipun varamanna. Við borgarstjórakosningu er forseti bæjarstjórnar nú oddviti kjörstjórnar, og virðist rjett að fela honum einnig það starf í forföllum borgarstjóra.

5. gr. Vegna ákvæðanna í 7. gr. er nauðsynlegt, að listar þeir, sem kjósa á um, verði kunnir svo snemma, að líkindi sjeu til, að fjarstaddir kjósendur geti notið rjettar síns.

7. gr. Það þykir rjett að gefa sjómönnum og öðrum fjarstöddum kjósendum tækifæri til að greiða atkvæði, þótt ekki geti þeir mætt á kjörstað á kjördegi.

Greinargerð þessi er samin af borgarstjóra Reykjavíkur, en þingmenn bæjarins flytja frumvarpið eftir áskorun bæjarstjórnarinnar, þó að þeir, hver um sig, sjeu því ekki samþykkir í öllum atriðum, og þó að á því virðist vera ágallar, sem óhjákvæmilega verður að lagfæra í meðferðinni.

(A. XVIII, 3).

Ed. **96. Frumvarp**

til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Kynsjúkdómar eru þrír sjúkdómar nefndir einu nafni í lögum þessum: syfilis, lekandi (gonorrhoe) og linsæri (ulcus molle). Taka lögin að eins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

Smitandi eru sjúkdómar þessir taldir meðan þess finnast merki, að smitunarhætta stafi af sjúklingnum eða ætla má, að þau komi síðar í ljós. Heilbrigðisstjórnin ákveður, hversu rannsókn sýktra og grunaðra skuli framkvæmd og hversu meta skuli sýkingarhættuna.

2. gr.

Hjeraðslæknar skulu, hver í sínu hjeraði, með aðstoð lögreglustjóra sjá um allar framkvæmdir eftir lögum þessum, er miða að því að verjast sjúkdómum þessum eða útrýma þeim, en yfirstjórn allra ráðstafana hefir heilbrigðisstjórnin á hendi.

3. gr.

Allir læknar skulu skyldir til að skrásetja sjerstaklega sjúklinga með syfilis á þann hátt, er heilbrigðisstjórnin leggur fyrir.

Skráningu skal þannig hagað, að sjúklinga megi þekkja sundur, svo eigi sje hætta á, að þeir verði margtaldir, en jafnframt vissa fyrir, að nöfn þeirra þekkist ekki.

Einkennismerki sjúklinga skulu tilfærð með glöggu letri á mánaðar- eða vikuskrám þeim, sem öllum starfandi læknum skal skylt að senda hjeraðslækni í lok hvers mánaðar eða viku. A sama hátt skal hjeraðslæknir skrá einkennismerki allra syfilissjúklinga, er vitjað hafa lækna í hjeraðinu, á mánaðar- eða vikuskrám þeim, sem hann sendir landlækni.

Hjeraðslæknar skulu halda sjerstaka bók eða spjaldskrá yfir sjúklinga með syfilis, og með því skipulagi, sem heilbrigðisstjórnin leggur fyrir. Í bók þessa má eigi skrá nöfn sjúklinganna, heldur að eins einkennismerki þeirra.

Heilbrigðisstjórnin getur krafist þess, að aðrir kynsjúkdómar sjeu og skráðir á sama hátt, svo og þeir, sem alvarlega eru grunaðir um að hafa smitað aðra með kynsjúkdómi, þó eigi hafi fundist óræk merki þess, að þeir væru sjúkir.

4. gr.

Hver, sem sýkist af kynsjúkdómi, eða hefir grun um að svo sje, skal skyldur að leita sjer læknishjálpar þegar í stað og til þess að smitunarhætta er afstaðin. Skylt er honum að fara eftir fyrirmælum þeim, sem læknir gefur honum um meðferð sjúkdómsins og varúð við því, að hann smiti aðra. Leiti nú sjúklingurinn annars læknis, áður sjúkdómurinn er fulllæknaður, skal hann tilkynna það með læknisvottorði þeim lækni, er fyrst hafði hann til meðferðar.

5. gr.

Heimilt er hverjum sjúklingi að leita til hvers læknis er vill, en í hverju læknishjeraði skal að minsta kosti vera einn læknir, sem veiti þeim sjúklingum ókeypis læknishjálp, sem kröfu eiga til hennar samkvæmt lögum þessum.

Í öllum læknishjeruðum, þar sem ekki er sjerfræðingur í þessari grein, er það hjeraðslæknir, sem veitir ókeypis læknishjálp. En þar sem um sjerfræðinga er að gera, má fela þeim að veita þessa hjálp, auk hjeraðslæknis. Borgun fyrir ókeypis læknishjálp skal greidd samkvæmt gjaldskrá hjeraðslækna.

6. gr.

Ókeypis læknishjálp skal veitt öllum, sem ekki hafa efni á að greiða hana sjálfir, en krefjast skal af þeim vottorðs um það, að viðlögðum drengskap. Slík ókeypis hjálp nær til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna og lyfja, og greiðist hún úr ríkissjóði. Yfirlýsingar sjúklinganna um að þeir

hafi ekki efni á að greiða sjálfir læknishjálpina, skal senda með reikningum læknanna.

7. gr.

Nú koma kynsjúkdómar upp eða taka að breiðast út á stað, þar sem læknislaust er eða erfitt að ná í fullkomna læknishjálp, og skal þá heilbrigðisstjórnin senda lækni, svo fljótt sem auðið er, til þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og veita sjúklingum læknishjálp. Kostnaður við slíkar ráðstafanir greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Læknir skal taka skýrt fram við sjúklinga með kynsjúkdóma, hvað að þeim gangi. Þá skal hann skýra vandlega fyrir þeim, hversu sjúkdómurinn smiti, hverrar varúðar beri að gæta og að hegningu varði, ef út af er brugðið, samkvæmt hegningarlögum. Sjerstaklega skal það tekið fram, hve langvinnur sjúkdómurinn geti verið og lækniseftirlit nauðsynlegt um langan tíma, svo og að sjúklingar megi ekki giftast meðan smitunarhætta stafar af þeim. Þá skal og læknir fá hverjum sjúklingi, sem leitar í fyrsta sinn læknis vegna kynsjúkdóms, prentaðar leiðbeiningar, sem heilbrigðisstjórnin lætur í tje.

Nú telur læknir, að heilsufari sjúklings sje svo varið, eða aðrar ástæður geri það óumflýjanlega nauðsynlegt, að sjúklingi sje fyrst um sinn ekki skýrt frá, hvað að honum gangi, og skal honum það þá heimilt.

Ef sjúklingurinn er yngri en 16 ára, skal skýra foreldrum barnsins eða forráðamönnum frá ástæðum öllum og hverrar varúðar beri að gæta. Bera þeir þá ábyrgð á því, að farið sje eftir fyrirmælum læknis.

9. gr.

Nú verður læknir þess vís, að sjúklingur, sem hann hefir til meðferðar, fer ekki eftir þeim reglum, sem honum hafa verið gefnar, hvort heldur sem snertir lækningu sjúkdómsins eða varúðarreglur, þá skal hann tafarlaust senda honum skriflega áminningu og benda honum á, hverju varði, ef óhlýðnast er. Komi það fyrir ekki og sjúklingurinn fáist heldur ekki til að leita annara lækna, skal hann áður vika er liðin tilkynna það lögreglustjóra. Sjer hann þá um, að sjúklingurinn verði fluttur í sjúkrahús eða að hann leiti sjer á annan hátt læknishjálpar meðan smitunarhætta stafar af honum.

10. gr.

Nú tekur læknir sjúkling til meðferðar, sem nýlega hefir smitast hjer á landi, þá skal hann vandlega grenslast eftir, af hverjum og hvernig hann hefir smitast.

Ef sá býr innanhjeraðs, sem talið er að valdið hafi smitun, skal læknir svo fljótt sem verða má gera gangskör að því, að hinn grunaði komi til hans til rannsóknar, og leitar hann til þess aðstoðar lögreglustjóra, ef þörf er á, Lögreglustjóri sjer þá um, að hinn grunaði verði lagður á sjúkrahús, eða á annan hátt skoðaður af lækni.

Nú er sá í öðru læknishjeraði, sem talið er, að smitun hafi hlotist af, og skal þá læknir tilkynna hlutaðeigandi hjeraðslækni tafarlaust með símskeyti, hver hann sje, og sjer hann þá um rannsókn hans. Slík símskeyti skulu vera á dulmáli, eftir því sem heilbrigðisstjórn ákveður.

11. gr.

Komist læknir að því, að sjúklingur með kynsjúkdóm hafi í hyggju að ganga í hjónaband áður en smitunarhættu er lokið, skal hann senda sjúklingnum tafarlaust skriflega áminningu og benda honum á, hverri hegningu slíkt varði.

Nú þykist læknir hafa fulla ástæðu til að ætla, að slík áminning verði ekki tekin til greina, og skal hann þá tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi presti eða lögreglustjóra, að sjúklingurinn hafi kynsjúkdóm, og er það lögmætur meinbugur á hjónabandi.

12. gr.

Öll börn, yngri en 16 ára, sem sýkst hafa af syfilis eða eru fædd með þann sjúkdóm, skulu standa undir lækniseftirliti og foreldrar eða forráðamenn þeirra ábyrgjast að fyrirmælum læknis sje hlýtt.

Slíkum börnum má ekki koma í fóstur, nema hlutaðeigendum hafi verið skýrt frá sjúkdómi þeirra og læknir hafi gefið samþykki til þess.

Aðrar konur en móðirin mega ekki hafa þau á brjósti.

Flytji barnið úr hjeraðinu, skal tilkynna lækni flutninginn og hvert það fer. Skal hann þá skýra hjeraðslækni þess hjeraðs frá því og hvernig sjúkdómi barnsins er farið.

Sömu ákvæði gilda og börn innan þriggja mánaða, þó heilbrigð virðist, ef ekki eru liðin full 5 ár frá því að annað foreldra eða bæði hafa haft syfilis.

13. gr.

Sjúklingar með smitandi syfilis mega ekki fóstra börn, sem ekki hafa syfilis, og ekki starfa að matsölu, matreiðslu eða veitingum.

14. gr.

Á öllum, sem vegna starfs síns samkvæmt lögum þessum komast að nöfnum sjúklinga og heilsufari þeirra, hvílir ströng þagnarskylda, nema þeim sje skylt að lögum að láta slíkt uppi eða nauðsyn ber til þess vegna yfirvofandi smitunarhættu, svo sem ef læknis er ekki leitað eða varúðarreglur að engu hafðar og eigi verður á annan hátt úr því bætt.

15. gr.

Lyfsölum og öðrum verslunum er óheimilt að selja lyf, er líklegt þykir, að nota skuli til meðferðar á kynsjúkdómum, nema eftir ávísun læknis. Heilbrigðisstjórnin ákveður hver slík lyf eru.

16. gr.

Heilbrigðisstjórnin getur krafist þess, að kensla um kynsjúkdóma og varnir gegn þeim sje tekin upp í þeim skólum, sem hún telur þess mesta nauðsyn. Kenslunni skal í öllum aðalatriðum hagað svo sem hún mælir fyrir.

Öll íslensk skip skulu skyld til þess að láta alþýðlega bók um kynsjúkdóma og eitt eintak af lögum þessum fylgja lyfjakistli skipsins.

Þar sem sjerstök hætta stafar af kynsjúkdómum, miklar útlendar skipakomur eru, síldarstöðvar o. þvíl., skal hjeraðslækni sjerstaklega skylt að vinna árlega að því, eftir samráði við heilbrigðisstjórnina, að efla þekkingu almennings á sjúkdómum þessum, hættunni, sem af þeim stafar, og helstu vörnum gegn þeim.

17. gr.

Nú brýtur embættismaður gegn skyldum sínum samkvæmt þessum lögum, og varðar það þá ábyrgð sem brot á embættisfærslu.

Brjóti læknir, sem ekki er embættismaður, skyldur sínar eftir lögunum, varðar það sektum, alt að 500 kr.

Brot á ákvæðum 14. greinar varða sektum, alt að 200 kr.

18. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, sje ekki brotið þannig vaxið, að það varði hegningu samkvæmt hegningarlögunum.

(A. XXIV, 3).

Nd. **97. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

Frá fjárveitinganefnd.

Það má heita nýlunda, að til fjárveitinganetndar hefir að þessu sinni verið vísað fjáraukalagafrumvarpi fyrir ár, sem þegar er liðið.

En að þetta frumvarp er fyrst nú á ferðinni, er fyrir þá sök, að engin fjáraukalög voru lögð fyrir síðasta Alþingi, sem áttu við það ár.

Þetta verður nefndin að telja mjög óheppilegt og miða til þess að draga fjárveitingavaldið úr höndum Alþingis. Um þetta verður naumast deilt, enda bera ýmsir liðir í þessu frumvarpi þess ljósan vott.

Allar þær fjárhæðir, sem í frumvarpinu standa, að tveim undanskildum, hafa verið greiddar úr ríkissjóði fyrir síðustu áramót. Þegar svo er komið getur Alþingi oft neyðst til þess að láta við svo búið standa, þótt um fjárveitingar sje að ræða, er það hefði ekki viljað af hendi láta, ef samþykkis hefði verið leitað fyrirfram.

Þannig hefir nú farið fyrir fjárveitinganefndinni. Við athugun frumvarpsins rakst hún á ýmsa liði, er hún telur ýmist ver farið, að þar skuli standa eða þá að vægast talið geti verið mikið álitamál, hversu mikinn rjett eigi á sjer. Sjer hún þó ekki aðra leið færa en að láta við svo búið standa.

Um nokkra af þessum liðum vill nefndin fara nokkrum orðum, fremur til viðvörunar framvegis en að hún ætli sjer að raska gerðum stjórnarinnar.

Á síðasta þingi voru til umræðu launabætur sendiherrans í Danmörku, og veitti þingið þær fyrir yfirstandandi ár.

Stjórnin hafði þá tækifæri til þess að leita einnig samþykkis þingsins um launabætur fyrir árið 1922.

Þetta hefði nefndinni þótt betur við eiga en að hún veitti þær af sjálfsdáðum milli þinga.

Skal þá minst á kostnað við ferðalag augnlæknis til Austfjarða. Nefndin vill að vísu ekki vefengja það, að Austfirðingum hafi verið nauðsyn á að fá til sín augnlækni eins og á stóð, en hitt vill hún benda á, að samkvæmt fjárlögunum er fje veitt til ferða augnlæknis, og skulu þær ferðir farnar í samráði við stjórnina. Það er því skylda stjórnarinnar, þegar hún semur eða samþykkir þess konar ferðaáætlun, að sjá um að engir stórir landshlutar verði út undan, og er því heimildarlaust að nota meira fje í þessu skyni en Alþingi hefir gert ráð fyrir. Væntir nefndin því þess, að slíkt komi ekki fyrir oftar.

Sjálfsagt hefir ekki orðið hjá því komist, að flutt yrði á ríkiskostnað mold í kirkjugarðinn í Reykjavík, en dýrt þótti nefndinni það, og einkum blöskraði henni, þegar hún fjekk að vita, að ríkið á enn eftir að greiða mikið fje, sennilega marga tugi þúsunda, til framhalds þess verks. Nefndinni finst því fullkomin ástæða til að taka þetta mál til alvarlegrar íhugunar, og þá einkum það, hvort ekki væru möguleikar til þess að afla ríkinu tekna upp í þessi útgjöld, t. d. með því að taka upp legkaup.

Vel getur verið, að ekki hafi verið óþarfi að veita frjettastofu Verslunarráðsins styrk þann, er í frumvarpinu stendur, á þeim tíma sem hann var veittur, en eftir því sem nefndin kemst næst um tilgang fjárveitingarinnar, þá telur hún stjórnina eiga að hafa það verk á hendi, og þá utanríkisráðuneytið. Vill nefndin því brýna fyrir stjórninni, að hún láti ekki undir höfuð leggjast að hafa ætíð á takteinum ábyggilegar fregnir og skýrslur, er varða markað og markaðshorfur fyrir afurðir vorar og fleira, er þar að lýtur.

Vafasamt telur nefndin, að rjett hafi verið að veita fje til jarðabóta á Mosfelli, til undirbúnings nýbýla. En úr því sem komið er verður að ljúka því verki og undirbúa til fulls til ræktunar land það, sem tekið hefir verið. En það vill nefndin taka fram og leggja áherslu á, að hún telur sjálfsagt, að hjer verði staðar numið að sinni. Vill hún ekki, að meiru fje verði varið til líkra tilrauna fyr en þessi hefir fengið fulla reynslu.

Veittar hafa verið til brimbrjótsins í Bolungarvík 8000 krónur umfram fjárlagaveitingu. Þetta verður nefndin að telja misráðið. Nefndin getur ekki sjeð, að stjórnin hafi fært fullkomin rök fyrir þessari greiðslu, eða að sýnt hafi verið fram á, að líkindi hafi verið til, að ilt mundi af hljótast, þótt

beðið hefði verið til þings með að veita fjeð. Þó að stjórnin gæti ekki vitað fyrir fram, að verkið mundi eyðileggjast, þá fær nefndin hins vegar ekki sjeð, að brýn nauðsyn hafi verið fyrir hendi.

Nú skal farið nokkrum orðum um breytingartillögur þær, sem nefndin leyfir sjer að bera fram við frumvarp þetta.

Flateyjarhjerað var læknislaust í fult ár vegna þess að hjeraðslæknirinn var fjarverandi. Af þessum ástæðum urðu Flateyjarhreppsbúar að kosta miklu til við læknisvitjanir. Einstakir menn hafa orðið fyrir of þungum búsifjum út af þessu, og vill því nefndin bæta þeim upp að nokkru á líkan hátt og gert er um aðra hreppa, sem erfitt eiga um læknisvitjanir.

Styrkina til Breiðafjarðarbátsins og Guðbrandar Jónssonar vill nefndin láta niður falla, að minsta kosti af þessu frv. Fyrst og fremst er nokkur ágreiningur innan nefndarinnar um rjettmæti þeirra, og í öðru lagi er það augljóst, að engin þörf er eða jafnvel órjettmætt að láta þessar upphæðir standa í þessu frumvarpi, heldur ættu þær að koma annaðhvort í fjáraukalög 1923 eða í næsta árs fjárlög.

Í framsögu mun verða reynt að skýra nánar málstað nefndarinnar.

Alþingi, 9. mars 1923.

Þorleifur Jónsson, form.	Magnús Pjetursson, skrifari og frsm.	Bjarni Jónsson frá Vogi.

Eiríkur Einarsson. Jón Sigurðsson. Ingólfur Bjarnarson. Þórarinn Jónsson.

(A. IV, 4).

Nd. **98. Nefndarálit**

um frv. til laga um nýja embættaskipun.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir eigi orðið sammála að öllu leyti um þetta mál. Öll nefndin lítur að sönnu svo á, að flestar þær embættasameiningar, sem frv. gerir ráð fyrir, sjeu svo miklum annmörkum bundnar og eigi svo mikið við þær unnið, að rjett sje að samþykkja þær. Minni hluti nefndarinnar telur að sameina megi Dala- og Strandasýslu og Rangárvalla- og Skaftafellssýslur, en lengra telur hann sjer ekki fært að ganga. Meiri hlutinn lítur aftur á móti svo á, að um sameiningu Rangárvalla- og Skaftafellssýslna sje hið sama að athuga og hinar sýslusamsteypurnar, er stjórnin hefir stungið upp á. Sjerstaklega má um þessar sýslur benda á hina gífurlegu vegalengd, sem yrði milli sýslutakmarkanna, og hinar mörgu ár, sem á þessu svæði eru. Um Dala- og Stranda-

sýslu líta 4 af 5 nefndarmönnunum svo á, að þær sjeu vel fallnar til sameiningar, en meiri hlutinn hefir þó ekki sjeð ástæðu til að taka þessar sýslur út úr nú, vegna þess, að alls engar líkur eru til þess, að þær losni fyrst um sinn. Hinu sama og sameiningu má ná sjálfsagt með því að skora á stjórnina að veita hvorugt þessara embætta er þau losna næst, og hefir meðundirritaður framsögumaður meiri hlutans áskilið sjer að koma með þingsályktunartill. í þá átt. Ef Alþingi vill sameina þessar sýslur, er þær losna næst, er engu spilt að því er fjársparnað snertir, ef að eins er sett í embættið eða embættin, þar til næsta þing hefir látið uppi álit sitt um hvort sameining skuli fara fram eða eigi.

Rök meiri og minni hlutans gegn hinum öðrum sameiningum frv. eru hin sömu. Líta þeir svo á, að það sje alveg rangt að fækka sýslumönnunum eins og frv. ráðgerir, bæði vegna almennings og hagsmuna hins opinbera. Störf þessara embættismanna verður að vinna, og það er yfirleitt ekkert, sem bendir í þá átt, að af frv. verði svo mikill sparnaður, að hann vegi upp á móti óþægindum þeim og kostnaði, sem almenningi er bakað með samsteypunum. Það mundi verða óhjákvæmilegt, eins og líka er vikið að í athugasemdunum við frv., að auka skrifstofufje sýslumanna, því að þeir hljóta að þurfa aukna starfskrafta. Við samsteypurnar getur því eigi unnist annað en launamismunur sýslumannanna og aðstoðarmanna þeirra, nema gengið sje út frá, að sýslumenn hafi eigi nægileg störf eins og nú er, en það mun eigi verða álitið, þar sem þeim er ætlað töluvert skrifstofufje eins og nú er. Lægi þá nær að minka það en sameina embættin.

Nokkrum störfum er að sönnu ætlast til að ljett verði af sýslumönnunum, ef samsteypurnar ganga fram, en þau störf munu alls ekki vega meira en sá tímamissir, sem lengri ferðalög valda.

Með tilvísun til þessa leyfir meiri hlutinn sjer að leggja það til við háttv. deild, að hún felli frv.

Alþingi, 10. mars 1923.

Magnús Guðmundsson, framsögum.	Gunnar Sigurðsson.	Magnús Jónsson, fundaskrifari.

(A. XX, 2).

Nd. **99. Nefndarálit**

um frv. til laga um manntalsþing.

Frá allsherjarnefnd.

Þetta frv. stendur í nánu sambandi við frv. um fækkun sýslumannaembætta, og í samræmi við meðferð nefndarinnar á því frv. hlýtur hún að

leggja á móti að þetta frv. verði samþykt. Raunar er það ekki óhugsanlegt, að fela hreppstjórum manntalsþingahöld, þótt sýslumannaembættum væri ekki fækkað að mun, enda hafa verið uppi raddir í þá átt, en nefndin telur rjettast að halda því fyrirkomulagi, sem nú er, með því að almenningi mundu auknir örðugleikar með afnámi þingaferðanna, þar sem á þingunum er tækifæri til að bera upp mál fyrir sýslumanni og fá leiðbeiningar, án verulegs ómaks, jafnvel fyrir þá, sem annars hefðu ekki sótt manntalsþing.

Nefndin leggur því einróma til, að frv. verði felt.

Alþingi, 10. mars 1923.

Jón Þorláksson, form.	Magnús Guðmundsson, framsögum.	Magnús Jónsson, fundaskrifari.

Björn Hallsson. Gunnar Sigurðsson.

(A. X, 2).

Nd. **100. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er bein afleiðing af frv. því um fækkun sýslumannaembættanna, sem nú liggur fyrir háttv. deild, og eins og það er orðað, getur það eigi orðið að lögum, nema hitt frv. gangi fram breytt eða óbreytt. En nefndin lítur svo á, að þótt frv. um fækkun sýslumannaembættanna gengi fram með breytingum, eigi þetta frv. ekki fram að ganga, því að nefndin er þeirrar skoðunar, að það sje mjög mikils um vert, að sýslumennirnir sjeu oddvitar sýslunefndanna, auk þess sem það væri nokkurt misrjetti að gera sumum sýslufjelögum að skyldu að launa oddvitum sínum, en sumum ekki.

Um einstök atriði frv. er óþarft að ræða, þar sem nefndin er á einu máli um að leggja til, að það verði felt, en benda má á það, að það er naumast heppilegt að einskorða val sýslunefndaroddvita við það, að hann eigi sæti í nefndinni, og laun þau, sem oddvitunum eru ætluð, eru sjáanlega mikils til of lág. Þá er það og naumast rjett til orða tekið í 1. gr. frv., að sýslumannsembættið í sýslu, sem sameinuð er annari sýslu, sje lagt niður, því að sýslumaður verður þar eftir sem áður.

Alþingi, 10. mars 1923.

Jón Þorláksson, form.	Magnús Guðmundsson, framsögumaður.	Magnús Jónsson, fundaskrifari.

Björn Hallsson. Gunnar Sigurðsson.

(A. XXI, 3).

Ed. **101. Frumvarp**

til laga um ríkisskuldabrjef.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þegar lán eru tekin fyrir hönd ríkissjóðs, skal fyrir þeim gefa út skuldabrjef á íslensku, með þýðingu á eitt eða fleiri útlend mál, þegar ástæða er til þess.

2. gr.

Öll skuldabrjefin skulu af sömu gerð. Nafnverð brjefanna skal vera 100, 1000 eða 10000 kr. og rentan $4^1/_2$, 5 eða $5^1/_2$% p. a., og ákveður stjórnin hvern rentufótinn skuli nota um hvert skeið, svo og söluverð brjefanna. Vextir greiðast tvisvar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.

3. gr.

Skuldabrjefin skulu gefin út til 25 ára og með vaxtamiðum eða vaxtaávisunarmiðum fyrir það árabil. Þegar sjerstaklega stendur á, má þó með áletrun á skuldabrjef tiltaka annan umferðartíma.

4. gr.

Þegar lánsheimild er fyrir hendi, skal stjórnin jafnan sjá um, að almenningur eigi kost á að kaupa skuldabrjefin í bönkum, sparisjóðum og á öðrum stöðum, er henta.

5. gr.

Brjefin sjálf og vaxtamiðar þeirra skulu í gjalddaga greidd með ákvæðisverði, án nokkurs frádráttar, stimpilgjalds eða skatts, og eru sömuleiðis gjaldgeng í ríkissjóð í hverja greiðslu sem er, svo sem peningar væru.

6. gr.

Brjef og vaxtamiðar, er í gjalddaga eru fallin, greiðast úr ríkissjóði, er einnig getur falið bönkum, hjerlendum eða útlendum, og öðrum stofnunum að annast slíkar greiðslur.

7. gr.

Skuldabrjefin ganga til enda útgáfutímans, án þess að vera dregin út eða á annan hátt innkölluð. Nú vill ríkissjóður draga inn af brjefum þeim, er úti eru, og má það að eins verða með frjálsum kaupum og sölum.

(B. XII, 2).

Nd. **102. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Háttv. meiri hluti allsherjarnefndar hefir ekki getað fallist á frumvarp þetta, og hefi jeg eðlilega ekki getað fylgt honum í því atriði. Á hinn bóginn hafa ekki komið fram nein sjerstök rök gegn því, sem í greinargerð frumvarpsins er fram borið, og er því ekki annað að gera en vitna til hennar að svo komnu. Má vera, að ný rök komi fram við framsögu málsins af hálfu háttv. meiri hluta nefndarinnar, og verður þá að bíða átekta og sjá hvort þau verða óhrekjandi.

Alþingi, 10. mars 1923.

Magnús Jónsson,
fundaskrifari allsherjarnefndar.

(B. XXX, 1).

Nd. **103. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 33, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins er heimilt með samþykki fjármálaráðherra að veita barnakennurum, sem áttu rjett til styrks úr styrktarsjóði barnakennara eftir lögum 9. júlí 1909, árlegan styrk úr sjóðnum, alt að 600 kr. á ári, eftir þörfum þeirra. Styrk þennan má þó því aðeins veita, að kennarinn hafi verið leystur frá starfi sínu sökum elli eða vanheilsu, enda fari styrkurinn, að viðbættum lífeyri hans samkvæmt lögum nr. 33, 27. júní 1921, eigi fram úr 800 krónum.

Með sömu skilyrðum má og veita ekkjum barnakennara lífeyri úr sjóðnum, alt að 300 kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þeir barnakennarar, sem ljetu af starfi sínu sökum elli eða vanheilsu um það bil, sem lög nr. 33, 1921, komu í gildi, eða láta af starfi af sömu ástæðum áður en þeir hafa öðlast rjett til lífeyris, er nemur upphæð, sem um munar, verða hart úti, nema bætt sje úr á einhvern hátt. Eftir upplýsingum, sem fyrir liggja um hag lífeyrissjóðs barnakennara, virðist enginn efi á því, að sjóðurinn þoli vel þann byrðarauka, sem af þessu frv. leiðir. Og það er rjettmætt, að eldri kennarar njóti einnig góðs af þessum sjóði, þar sem í hann hefir runnið allur sá sjóður, sem kennarar höfðu safnað sjer samkvæmt lögum um styrktarsjóð barnakennara frá 1909.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni fræðslumálastjóra.

(A. XI, 5).

Ed. **104. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 1. gr. Fyrir »3 ár« komi: 2 ár.

(C. IV, 1).

Nd. **105. Tillaga**

til þingsályktunar um loftskeytastöðvar á Siglufirði og í Grímsey.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að svo fljótt sem kostur er á verði reistar loftskeytastöðvar á Siglufirði og í Grímsey.

Astæður.

Samkvæmt lögum nr. 83, 14. nóv. 1917, er stjórninni heimilt að stofnsetja litlar þráðlausar firðviðskiftastöðvar, eftir því sem þörf er á, annaðhvort til þess að koma einstökum landshlutum í samband við símakerfi landsins eða vegna siglinganna.

Að ekki hefir meiri framkvæmd orðið en enn er, stafar sennilega af þeim fjárhagsvanda, sem vjer erum í, fremur en af áhugaleysi, en svo virðist sem þörfin fyrir byggingu slíkra stöðva sje meir og meir aðkallandi, og gagnvart afstöðu Grímseyjar, hvort heldur litið er til samgangna við eyjarbúa eður strandvarna og útgerðar fyrir Norðurlandi, þá er óneitanlega hin brýnasta nauðsyn á, að slíkt firðritunar- eða talsamband fáist sem allra fyrst að unt er.

Má ennfremur benda á, hve þeir, er starfa að veðurathugunum hjer á landi, telja það mikilsvert, að geta fengið daglega þaðan slíkar athuganir.

Hvað það snertir, að loftskeytastöð sje reist á Siglufirði, byggist bæði á því, að þar er annar hinn helsti útgerðar- og viðkomustaður skipa hjer við land, en hinsvegar talið óhjákvæmilegt, að stöð verði sett á fót á Norðurlandi, sem hafi stöðugt og tryggt samband við loftskeytastöðina hjer í Reykjavík, og sömuleiðis við þá fyrirhuguðu stöð í Grímsey, sem búist er við að verði aðeins til þess að flytja fregnir til stöðvarinnar á Siglufirði.

(A. XVIII, 4).

Ed. **106. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr.
Á eftir orðunum »útrýma þeim« komi:
skrásetningu sjúkra og lækningu þeirra.

2. Við 8. gr.
3. málsgrein verði 2. málsgrein, en 2. málsgrein 3. málsgrein.

(B. XXXI, 1).

Nd. **107. Frumvarp**

til laga um nöfn.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Hjer eftir er það lögboðið að fylgja gömlum sið um mannanöfn, og skal hver maður bera eitt íslenskt nafn og kenna sig til föður síns sem verið hefir, með þeim hætti, sem gerði Snorri Sturluson eður Þórgerður Egilsdóttir.

2. gr.

Ættarnafn má enginn taka sjer hjer eftir.

3. gr.

Óvittir skulu þeir menn, er nú bera ættarnöfn og eldri eru en 10 ára, þótt þeir haldi ættarnafninu til dauðadags, en þeir skulu leggja þau niður, sem yngri eru en tíu ára. Nú láta foreldrar börn sín eigi hlýða þessari grein, og koma þeir þá undir hæstu sektarákvæði laga þessara.

4. gr.

Heimilt skal manni að hafa viðurnefni, sem honum er gefið með nafnfesti að fornum sið.

5. gr.

Sektir skulu fyrir koma, ef mönnum eru gefin önnur nöfn en þau, sem íslensk eru og rjett að lögum tungu vorrar. Þær sektir skulu foreldrar eða umráðamenn og prestar gjalda hver um sig.

6. gr.

Hver maður skal heita einu nafni og jafnan rita fult nafn og föðurnafn með sama hætti alla æfi.

7. gr.

Nú hefir maður hlotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn áður en lög þessi voru sett, og getur hann þá breytt nafni með leyfi konungs.

8. gr.

Þessum fyrirmælum skulu allir íslenskir þegnar vera háðir, svo og þeir, er njóta sömu rjettinda sem þeir, og enn þeir erlendir menn, sem hafa vilja hjer landsvist til frambúðar.

9. gr.

Gömlum bæjanöfnum má eigi breyta, nema færð sjeu til rjetts máls, en hafi áður verið skökk orðin, nje heldur örnefnum, nema sannað verði annað eldra á sama stað.

10. gr.

Fornhelg nöfn, svo sem goðanöfn, slík sem Ásaheiti, eða staðanöfn, slík sem Lögberg, má engi maður óvirða með því að leggja þau við hjegóma, svo sem veitingastaði, smákot eða götur í kotbæjum.

Skulu slík helgispjöll varða 1000—10000 kr. sektum, ef eigi er þegar að gert, en auk þess 10 kr. dagsektum þar til fært verður til rjetts lags nafnið.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, öðrum en ákvæðum 10. gr., varða sektum, frá 200 til 2000 kr., og skulu þær sektir allar renna til unglingaskólahalds í sýslum landsins.

12. gr.

Lög nr. 41, 10. nóvember 1913, eru numin úr gildi, svo og önnur lagaákvæði, er komið geta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Nú á dögum hefir erlend snikjumenning, ljeleg í alla staði, náð svo sterkum tökum á mönnum, að þeir sæta hverju færi, sem gefst, til þess að skafa af sjer þjóðerni sitt og glata dýrmætri menning, er vaxið hefir um þúsundir ára upp af norrænni rót, en vjer geymum nú að mestu einir. Svo langt hefir þetta gengið, að sjálft Alþingi hefir sett lög til styrktar þessari þjóðernisglötun og að stjórn landsins hefir gefið út rit í sama skyni og látið landssjóð kosta útgáfuna. Jeg tala hjer um svo nefnda Kleppskinnu. Þetta frumvarp mitt er einskonar fyrirspurn til Alþingis, hvort það viti nokkurn annan skyldari til að vernda dýrustu eign þessarar þjóðar en sjálft sig.

(B. XXXII, 1).

Nd. **108. Frumvarp**

til laga um gerðardóm í kaupgjaldsþrætum.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Þá er vinnusali og vinnuþegi geta eigi orðið ásáttir um verð vinnunnar, þá skal svo með fara sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Vinnusalar í hverri grein eður allra vinnugreina í sameiningu skulu hafa fimm manna nefnd, kosna til eins árs í senn, til þess að semja um vinnuverð eða kaup fyrir sína hönd, þá er eigi semst meðal einstaklinga. Með sama hætti skulu og vinnuþegar í hverri grein eður allra vinnugreina í sameiningu hafa fimm manna nefnd, kosna til eins árs, til þess að semja fyrir sína hönd um vinnuverð eða kaupgjald, þegar eigi semst meðal einstaklinga.

3. gr.

Nú semst eigi milli nefnda þeirra, er getur í 2. gr., og skal þá leita milligöngu hins opinbera, ráðherranna, ef til næst, eða dómara þess eða þeirra, sem næstir eru.

4. gr.

Náist eigi sættir með þeim hætti, er segir í 2. og 3. gr., skulu málin koma í gerðardóm, svo skipaðan sem hjer segir.

5. gr.

Gerðardómur í kaupgjaldsþrætum skal vera svo skipaður, að vinnusali nefnir tvo menn í dóminn og vinnuþegi tvo. Því næst ryður vinnusali öðrum manni vinnuþega úr dóminum og vinnuþegi öðrum manni vinnusala slíkt hið sama, og er þá í dómi sinn maður frá hvorum aðilja. Þá nefnir atvinnumálaráðherra oddamann í dóminn. Þetta er hið fyrsta dómstig og dæma þessir þrír menn.

Nú vilja aðiljar, annar eða báðir, eigi hlíta dóminum, og skal þá skotið málinu til annars dómstigs. Þá skal dómur svo skipaður, að hvor aðili nefnir fjóra menn í dóm og hvor aðili ryður tveim mönnum hins aðiljans úr dóminum, en dómsmálaráðherra nefnir oddamann, og dæma nú fimm menn.

Nú vilja aðiljar eigi ennþá hlíta dóminum, og skal málinu þá stefnt til efsta dómstigs. Þá skal gerðardómur vera svo skipaður, að hæstirjettur velur einn úr sínum hópi til oddamanns í gerðardóminum, en aðiljar nefna hvor um sig átta menn í dóminn. Því næst ryður hvor aðili fjórum af mönnum landstæðingsins úr dóminum, og eru þá eftir átta auk oddamanns, en sjö menn skulu dæma. Fyrir því skal nú hæstirjettur ryðja einum manni hvors aðilja úr dóminum. Dómur þessara sjö manna er úrslitadómur, og verða aðiljar að hlíta honum. Tregðist menn við að hlíta dóminum, skal hver einstakur maður er það gerir, gjalda fimm króna dagsektir þar til er hann hlýðir.

Greinargerð.

Af því að verkbönn og verkföll eru svo skaðleg þjóðinni og kostnaðarsöm, þykir hlýða að skipa þeim málum með lögum.

(B. XXXIII, 1).

Ed. **109. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 61, frá 28. nóvember 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

Flutningsm.: Jóh. Jóhannesson.

1. gr.

Í 6. gr. 4. málsgr. laganna komi í stað orðanna »3 dögum á undan kjördegi«: 3 dögum á undan fyrsta kjördegi.

2. gr.

Önnur málsgr. 14. gr. laganna orðist þannig:

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin og veitir þeim lausn, hvorttveggja í samráði við bæjarfógeta.

3. gr.

Í stað orðanna í 16. gr. 1. málsgr. laganna »1—2 krónum« komi: 1—4 krónum.

4. gr.

Á eftir orðunum í 17. gr. 2. málsgr. laganna »Á síldveiði« komi: síldarkaup, fiskikaup.

5. gr.

5.—7. málsgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Niðurjöfnunarnefnd skal hafa lokið niðurjöfnun aukaútsvara og vatnsskatts í lok desembermánaðar.

Til þess að áætluð upphæð gjaldanna eftir efnum og ástæðum náist full og rýrist eigi við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldenda úr bænum eða árangurslaust lögtak o. s. frv., er nefndinni heimilt að jafna niður alt að 10 af hundraði meira en tekið er til í áætluninni.

Niðurjöfnunarskráin skal liggja til sýnis 1.—15. janúar á hentugum stað, sem nefndin auglýsir.

6. gr.

2. málsgr. 23. gr. laganna orðist þannig:

Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita, eða þess manns, sem bæjarstjórn hefir falið það sjerstaklega, en áður skal greiðslan vera samþykt af 2 bæjarfulltrúum, er hún heyrir undir.

7. gr.

Í stað orðanna í 2. málsgr. 27. gr. laganna »Skulu þeir kosnir samtímis og á sama hátt og niðurjöfnunarnefnd« komi: Skulu þeir kosnir af bæjarstjórninni.

Greinargerð.

Breytingar þær á bæjarstjórnarlögum Seyðisfjarðarkaupstaðar, sem frv. þetta felur í sjer, eru samþyktar til fullnustu af bæjarstjórninni þar, á fundi hennar 19. f. m., og eru bornar fram eftir ósk hennar. Það getur nú orkað tvímælis, hvort rjett sje að gera þær allar, og gegn einni þeirra (3 gr. þessa frv.) hefir Alþingi borist mótmælaskjal frá um 40 kjósendum á Seyðisfirði. Mjer hefir þó þótt rjett að bera breytingartillögurnar fram eins og bæjarstjórnin gekk frá þeim, þótt jeg geti ekki sjálfur aðhyllst þær allar.

(A. XVI, 2).

Nd. 110. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám landlæknisembættisins og stofnun heilbrigðisráðs.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leitað umsagnar læknadeildar háskólans og landlæknis um það. Álit læknadeildarinnar er prentað hjer með sem fylgiskjal, og fellst nefndin í heild á ástæður þær, sem þar eru færðar á móti frv., og ræður háttvirtri deild til að fella það.

Alþingi, 12. mars 1923.

Jón Þorláksson, form. og frsm. | Magnús Jónsson, fundaskrifari. | Björn Hallsson.

Gunnar Sigurðsson | Magnús Guðmundsson.

Fylgiskjal.

HASKÓLI ÍSLANDS.
LÆKNADEILDIN.
Reykjavík, 6. mars 1923.

Háttvirt allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis hefir í brjefi dags. 2. þ. m. æskt umsagnar læknadeildar Háskólans um fyrirkomulag það, sem farið er fram á í frv. til laga um afnám landlæknisembættisins og stofnun heilbrigðisráðs, er nú liggur fyrir Alþingi.

Deildin átti fund með sjer um málið í gær, og svarar því á þessa leið.

Í frv. stjórnarinnar um afnám landlæknisembættisins og stofnun heilbrigðisráðs er gert ráð fyrir því, að landlæknisembættið sje lagt niður, en störfum landlæknis sje skift milli heilbrigðisráðs, sem 3 menn eigi sæti í (hjeraðslæknir í Rvík og 2 prófessorar í læknadeild), og stjórnarráðsins. Ætlast er til, að þeir, sem við störfunum taka, vinni þau ókeypis eða því sem næst.

Til þess að geta dæmt um frv. þetta er það óumflýjanlegt að gera sjer glögga grein fyrir, hver þau störf sjeu, sem hvíla á landlækni eða ætlast er til, að hann leysi af hendi. Hið gamla erindisbrjef landlæknis frá 1824 er að sjálfsögðu orðið úrelt og hefði fyrir löngu átt að vera endurnýjað, og skal því ekki frekar um það rætt, en í fám orðum »fylgir landlæknisembættinu stjórn allra heilbrigðismála«, eins og sagt er í athugasemd við frv. Ef telja skal einstök atriði, þá munu þau vera þessi:

A. *Að forða þjóðinni eftir mætti frá yfirvofandi hættum og heilsutjóni.* Til þessa má telja:

1. Að hafa sívakandi auga á heilsufari og sóttum í nágrannalöndunum og öðrum stöðum, sem vjer höfum samgöngur við.
2. Að vera sífelt á verði, ef sóttir koma upp innanlands eða önnur veikindi, sem almenningi stafar hætta af, og
3. Að hafa frumkvæði að og leggja ráðin á um sóttvarnir við útlönd og innanlands eða aðrar ráðstafanir gegn yfirvofandi hættu. Einnig að leggja dóm á allar ráðstafanir, sem hjeraðslæknar hafa gert, staðfesta þær eða nema úr gildi. Til þessa má og telja eftirlit með bólusetningum, lifnaðarháttum landsmanna, matarhæfi o. fl., sem heilbrigði þeirra kynni að stafa sjerstök hætta af.

B. *Að efla eftir mætti heilbrigði landsmanna* og heilsusamlega lifnaðarhætti. Til þessa má telja:

1. Að auka á alla lund þekkingu almennings á hversu hentust sjeu húsakynni, fatnaður og fæði, og benda á það, sem miður fer í þessum efnum eða öðrum lifnaðarháttum manna.
2. Hafa vakandi eftirlit með ljósmæðrum og starfi þeirra, svo og heilsufari ungbarna og meðferð þeirra.
3. Hafa eftirlit með því, að skólaskoðanir hjeraðslækna komi að tilætluðum

notum og hversu heilsa barnanna reynist, en leitast jafnframt við að hrinda nauðsynlegum endurbótum í framkvæmd.

4. Að fylgjast með í öllum framförum í heilbrigðismálum, utanlands og innan, og beitast hjer fyrir þeim nýungum, sem oss mættu helst að haldi koma.

C. *Að hafa eftirlit með öllum læknum landsins,* störfum þeirra og hversu þeir rækja skyldur sínar. Tekur eftirlit þetta til þess, hversu þeir leysa læknisstörf af hendi, hverjar lyfjabirgðir þeir hafa, hversu áfengissölu þeirra er farið, hvernig bókfærsla þeirra er, hversu þeir hlýða heilbrigðislöggjöf, hversu þeir fylgjast með í sinni fræðigrein, og ýta undir þá, sem þess þurfa, að fara utan eða endurnýja kunnáttu sína á annan hátt, o. fl. Þá ber og landlækni að sjá um, að óhæfir læknar sitji ekki í embættum, einnig að leggja dóm á ýms kærumál á hendur læknum. Enn fremur má vænta þess, að landlæknir sje því vaxinn að leiðbeina læknum á ýmsa lund, hvort heldur sem er í læknisstörfum eða embættisrekstri, og að vísu í ýmsu öðru. Undir þennan lið má og telja, að landlækni ber að hafa eftirlit með rekstri allra sjúkrahúsa og hvert gagn þau gera.

D. *Að gera tillögur um veitingu læknahjeraða* og annara starfa, sem snerta heilbrigðismál, yfirleitt að vera *ráðunautur stjórnarinnar í öllum heilbrigðismálum.* Þessu fylgir að sjálfsögðu sá vandi að *ákveða stefnu í öllum heilbrigðismálum* og framfaraviðleitni þjóðarinnar í þeim efnum, svo að hún stefni fast að settu marki í hverri grein og lendi ekki í sundurleitu fálmi og handaskolum. Þess má og geta, að nú er leitað umsagnar hans um allskonar reikninga, sem læknar, sótthreinsunarmenn, sjúkrahús o. fl. senda stjórnarráði.

E. Þess má vænta, að *landlæknir eigi jafnaðarlega frumkvæði að og undirbúi alla heilbrigðislöggjöf landsins,* og verði því að fylgjast sífelt með því, sem erlendis gerist í þeim efnum eða innlend reynsla bendir til.

F. Að landlæknir *innheimti skýrslur frá öllum læknum landsins* er óhjákvæmilegt, til þess að honum sje sífelt kunnugt um heilsufarið o. fl., en jafnframt verður hann að hafa strangar gætur á, hvort skýrslurnar eru svo sem vera ber eða málamyndarkák, en þetta getur enginn nema reyndur læknir, sem kunnur er öllum málavöxtum. Þá skal hann og *gefa út heilbrigðisskýrslur á ári hverju,* sem gefi góðar og gildar upplýsingar um heilbrigðisástandið.

Hvort heldur sem nú er litið á erindisbrjefið frá 1824 eða ofanskráða upptalningu á störfum landlæknis, sem engan veginn er fullkomin, þá er oss augljóst, að ekkert af þeim, eða því sem næst, er þess eðlis, að ólæknisfróður maður geti leyst það af hendi. Þvert á móti verðum vjer að álíta, að vandinn sje mestur sá, að geta ætíð fundið svo vel mentaðan, reyndan og viðsýnan lækni, svo árvakran, stefnufastan, en jafnframt gætinn og lipran, að hann geti staðið vel í þessari stöðu. Þetta tekst misjafnlega erlendis, þar sem úr þúsundum lækna er að velja. Það fer því að vorum dómi fjarri því, að störfin sjeu »flest þannig, að vel megi leggja þau undir stjórnarráðið«, eins og segir í athugasemd við frumvarpið.

Þá má og strax taka það fram, að eftir því sem vjer vitum best, er landlæknisstarfið nægilegt starf fyrir einn mann, ef því er rækilega gegnt, og of umfangsmikið til þess að bæta því á háskólakennarana, sem hafa margvíslegum störfum að gegna. Afarlangan vinnutíma má ekki ætla honum, því hann þarf að fylgjast vel með í læknafræðum yfirleitt og ekki síst heilbrigðisfræði.

A deildarfundi þann 5. mars voru allir kennararnir algerlega mótfallnir því, að landlæknisembættið væri lagt niður á þann hátt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar taldi deildin þá breytingu til bóta, að kalla mætti saman heilbrigðisráð, er sjerstök vandamál bæri að höndum og stjórnarráði eða landlækni þætti nauðsyn bera til þess. Í ráðinu sætu þá, auk landlæknis, 2 deildarkennarar, og gerði deildin tillögur um, hverjir yrðu skipaðir í það og hverjir varamenn. Deildin taldi það sjálfsagt, að heilbrigðisráð yrði ekki kallað saman nema um þýðingarmikil mál væri að ræða, t. d. viðtækar sóttvarnarráðstafanir, breytingar á heilbrigðislöggjöf og því líkt, því landlæknir væri einfær um að gegna hversdagslegum störfum og bera ábyrgð á þeim.

Guðm. Hannesson,
deildarforseti.

Til

allsherjarnefndar Nd. Alþingis.

(A. XVIII, 5).

Ed. **III. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 16. gr.

Aftan við 1. málsgr. komi ný málsgr.:

Heilbrigðisstjórnin má verja alt að 1500 kr. á ári í ritlaun og til birtingar á fræðandi greinum um þessi efni.

(B. XII, 3).

Nd. **112. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Samkvæmt 33. gr. laga um laun embættismanna frá 1919 eiga sóknarprestar, sem ekki eru skyldir að búa í kaupstað, að fá $^2/_3$ hinnar ákveðnu dýrtíðaruppbótar, miðað við laun þeirra. Með þessu frv. er ætlast til, að þeir njóti hjer eftir fullrar dýrtíðaruppbótar.

Ástæður þær, sem færðar voru á Alþingi 1919 fyrir þessum mismun uppbótar til sveitapresta og annara starfsmanna ríkisins, voru fyrst og fremst þær, að þeir gætu haft búskap sjer til aðstoðar til framfærslu sjer og sinna. Ennfremur að ríkið legði þeim til bújarðir með lágu eftirgjaldi, sem að vísu væri virt þeim upp í laun, en yrðu samt hlunnindi fyrir þá.

Þótt þetta hafi nú að nokkru breyst síðan launalögin voru samin, vegna verðfalls á íslenskum vörum, sem hefir fylgt tap á sveitabúskap, þá eru í raun og veru sömu grundvallarskilyrði fyrir hendi nú og þá, þau, að prestar hafa afnot bestu bújarðanna í þeim sveitum, sem prestssetrin eru í.

Hinsvegar var vinnukraftur til búsrekstrar dýr 1919, þótt hann sje dýrari nú, samanborið við þær afurðir, sem framleiðendur fá fyrir vinnuna, og þar af leiðandi ber sveitabúskapurinn sig ver nú en þá. En þess ber aftur að gæta, að prestar geta hagað sjer eftir ástæðum, hvort þeir reka búskap í stórum eða litlum stíl. Þeim er altaf innanhandar að leigja jarðirnar og hafa fult eftirgjald eftir þær og þar að auki hlunnindi fyrir sig sjerstaklega.

Eftirgjöld eftir góðar bújarðir sveitapresta eru oft metin 200—400 kr. um árið; en fyrir eina sæmilega stofu hjer í Rvík þarf að greiða yfir 700 kr., og munu þess jafnvel ýms dæmi hjer, að lægra launaðir embættismenn þurfi að greiða meiri hluta föstu launanna að eins í húsaleigu.

Þótt því sje svo farið nú, eins og flm. frv. þessa segir í greinargerðinni, að jafnvel bestu bændur eigi fult í fangi með að lifa á búskapnum, þá ber þess að gæta, að prestar hafa föst laun, sem munu vera nú frá 2800—4200 kr., eftir embættisaldri, sjer til stuðnings auk aukatekna, en bændur hafa ekkert að styðjast við nema vinnu sína.

Ekki er heldur sambærilegt að bera presta saman við aðstöðu sveitalækna. Læknum er svift frá heimili sínu hvort sem er á nótt eða degi fyrirvaralaust, en prestar geta að jafnaði hagað ferðum sínum eftir því, sem þeim hentar best. Þessvegna hafa þeir miklu betri aðstöðu til þess að stunda heimili sín en læknar.

Af framangreindum ástæðum leggur meiri hluti nefndarinnar á móti þessu frv., og ræður því háttv. deild til að fella það.

Alþingi, 10. mars 1923.

Jón Þorláksson, form. Björn Hallsson, framsm.

Gunnar Sigurðsson. Magnús Guðmundsson.

(B. XXXIV, 1).

Nd. **113. Frumvarp**

til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á allri þeirri síld, sem útflutningshæf telst og veidd er hjer við land og verkuð er í landi eða landhelgi.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning síldar og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending síldar til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði síldarinnar, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði síldar skulu renna í ríkissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald af síld. Af tekjum þeim, sem ríkissjóður þannig fær af söluverði síldar, má verja alt að 50% til að leita uppi nýjan markað fyrir síld og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði útfluttrar og seldrar síldar í íslenskum peningum, þótt andvirði vörunnar sje greitt í erlendri mynt.

6. gr.

Andvirði seldrar síldar afhendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða alt að 50 þúsund króna sektum, er renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög þau eða lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júlí 1923.

Greinargerð.

Síldarútvegurinn er orðinn það stór þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, að ekki verður lengur gengið fram hjá því skipulagsleysi, sem ríkt hefir í þeim atvinnuvegi síðan 1919, sjerstaklega að því er sölu síldarinnar snertir. Þetta hefir síldarútvegsmönnum sjálfum líka verið ljóst, því 1921 leituðu þeir aðstoðar löggjafarvaldsins til þess að koma skipulagi á þennan atvinnuveg. Þingið tók að vísu vel í þetta mál, en nokkur mistök urðu á afgreiðslu þess, fyrir þá sök, að málið var svo seint á ferðinni í þinginu, að afgreiðsla þess varð nokkuð flausturskend.

Með þessu frv. er það trygt, að hægt er að hafa fult skipulag á framboði og sölu síldarinnar erlendis. Þegar öll síldin, sem veiðist, er á einni hendi, er hægt að haga sölunni þannig, að ekki verði boðið fram meira í einu en markaðurinn þolir. En annað enn mikilsverðara í frv. er þó það, að ríkisstjórnin hefir til umráða fje til þess að finna nýja markaði og gera tilraunir í þá átt. Þetta mundi verða ofvaxið þeim einstaklingum, sem nú reka síldarsöluna. Atvinnuvegurinn er, eins og nú stendur, of mikið áhættuspil til þess, að þeir geti ráðist í að gera kostnaðarsamar tilraunir til að finna nýja markaði. En ríkinu er þetta alt auðveldara. Það getur valið úr starfskröftum til að vinna að þessu. Og það getur fyrir milligöngu fulltrúa sinna erlendis notið ivilnana, sem einstaklingar ekki verða aðnjótandi.

Nokkuð hefir verið um það rætt, að þörf muni vera á að takmarka veiði á síld. Í frv. er ekki gert ráð fyrir þessu. Á hitt verður að leggja aðaláhersluna, að koma skipulagi á söluna og vinna nýjan markað fyrir síldina. Telji þingið þetta nú samt sem áður nauðsynlegt, mætti bæta ákvæði um þetta inn í frv., ef hægt er að finna færa leið til að koma slíkri takmörkun í framkvæmd.

Um 1. gr.

Einkasalan tekur fyrst og fremst til allrar þeirrar síldar, sem söltuð er í tunnur á venjulegan hátt og ætluð er til útflutnings, en lögin ná einnig til síldar, sem kann að vera öðruvísi tilreidd. Um það, hvort síld skuli talin útflutningshæf eða ekki, ráða að sjálfsögðu síldarmatslögin. En þar sem þau ekki ná til, verður ríkisstjórnin eða umboðsmaður hennar að skera úr.

Um 2. gr.

Ríkisstjórnin verður að hafa viðtækar heimildir til þess að geta skipað fyrir um alt, sem snertir afhending síldar til útflutnings, skyldu eigenda til að geyma síldina o. s. frv.

Um 3. og 4. gr.

Kaup þeirra manna, er ríkisstjórnin skipar til að hafa söluna á hendi, svo og skrifstofukostnaður þeirra, telst og með kostnaði við sölu og útflutning síldar. En auk þess renna 2% af söluverðinu í ríkissjóð. Og má verja, og ætti að verja, helmingi þess fjár til að leita nýs markaðs fyrir íslenska síld, þar til lítil eða engin hætta er orðin á því, að við getum ekki selt alla þá síld fyrir viðunandi verð, sem landsmenn geta veitt. Síldarútflutningsgjaldið, sem nú er 1 kr. 50 a. á hverja síldartunnu, fellur niður, ef frv. verður samþykt.

5.—8. gr. virðast ekki þurfa skýringar við.

Um 9. gr.

Lögunum er ætlað að ganga í gildi 1. júlí 1923, og kæmu þau þá þegar í framkvæmd á komandi sumri.

(B. XXXV, 1).

Nd. **114. Frumvarp**

til laga um einkasölu á saltfiski.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á söltuðum og þurkuðum fiski, sem veiddur er hjer við land og verkaður er í landi eða fluttur er á land og útflutningshæfur telst.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning á fiski þeim, sem ríkisstjórnin hefir einkasölu á samkvæmt lög-

um þessum, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending á fiski til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði fiskjarins, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði fiskjarins skulu renna í ríkissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald af fiski þeim, er ríkisstjórnin hefir einkasölu á. Af þessum tekjum má ríkissjóður verja alt að 50% til að útvega nýjan markað fyrir fisk og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði fiskjar í íslenskum peningum, þótt það hafi verið greitt henni með erlendum gjaldeyri.

6. gr.

Andvirði fiskjarins afhendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 50 þúsund krónum, er renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög eða lagaákvæði, er fara í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júlí 1923.

Greinargerð.

Þær almennu ástæður, sem bornar eru fram fyrir frv. um einkasölu á síld, eiga að mestu einnig við um frv. þetta. En gott skipulag á sölu fiskjarins er þeim mun mikilsverðara, að fiskveiðarnar eru annar aðalatvinnuvegur landsmanna, og mistök þar hafa stórkostlegri og háskalegri afleiðingar fyrir landsmenn, eins og reynsla undanfarinna ára hefir því miður sýnt.

Einstakar greinar frv. þykir ekki þörf að skýra.

(A. XVIII, 6).

Nd. **115. Frumvarp**

til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 96 með breytingunum á þskj. 106.

(A. XIX, 3).

Nd. **116. Frumvarp**

til laga um vitabyggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 19, með breytingunum á þskj. 80.

(B. XI, 3).

Nd. **117. Breytingartillaga**

við frv. til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr. orðist svo:

Þeim einum er heimilt að stunda vjelgæslu á íslenskum mótorskipum, er fullnægja ákvæðum þessara laga.

(B, XIV, 2).

Nd. **118. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun sjóðs til eflingar bindindisstarfsemi í landinu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar telur að ágóðinn af áfengisverslun ríkisins sje nú og muni í náinni framtíð verða svo há upphæð, að óhyggilegt væri að svifta landssjóð þeim tekjum, auk þess sem það mundi ekki hafa heppileg áhrif að verja svo miklu fje, sem hjer mundi verða að ræða um, til eflingar bindindisstarfsemi í landinu.

Þá telur meiri hluti nefndarinnar óhyggilegt að draga svo mikið fje undan umráðarjetti þingsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 12. mars 1923.

Jón Þorláksson, form.	Gunnar Sigurðsson, framsögum.
Björn Hallsson.	Magnús Guðmundsson.

(B. XI, 4).

Nd. **119. Breytingartillögur**

við frv. til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við gr. bætist:
eða stundað vjelgæslu samkvæmt 2. gr. að minsta kosti í 24 mánuði.

2. Við 4. gr. A eftir orðunum »samkvæmt 3. gr.« komi:
eða stundað vjelgæslu að minsta kosti í 24 mánuði á skipi með 10—50 hestafla vjel.

3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist:
Sama rjett hefir einnig sá, er verið hefir 30 mánuði eða lengur 1. vjelgæslumaður á skipi með 50—150 hestafla vjel.

4. Við 7. gr. 2. málsgrein orðist svo:
Þeir vjelstjórar og vjelgæslumenn á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi 1 ár eða lengur áður en lög þessi öðlast gildi, halda þó rjettindum sínum.

(B. XXXVI, 1).

Ed. **120. Frumvarp**

til laga um sameign ríkissjóðs og bæjarsjóðs Vestmannaeyja á Vestmannaeyjajörðum o. fl.

Flutningsm.: Karl Einarsson.

1. gr.

Vestmannaeyjar skulu vera að $^4/_{10}$ — fjórum tíundu — eign ríkissjóðs og að $^6/_{10}$ — sex tíundu — eign bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar, gegn því endurgjaldi frá bæjarsjóði, sem tilgreint er í 2. gr.

2. gr.

Andvirði þess hluta, sem bæjarsjóður eignast af Vestmannaeyjajörðum samkvæmt 1. gr., skal ákveðið á þennan hátt: Afgjald allra jarða og lóða, hvort heldur er húslóð, verslunar- eða iðnaðarlóð, þurrabúðarlóð, lóð til ræktunar túns eða matjurta, til þerrireits eða hvers annars, skal margfaldað með 25. — Útkoman margfölduð með $^6/_{10}$ — sex tíundu — er kaupverð jarðanna og lóðanna. Árgjaldi jarða og lóða, sem talið er í landaurum, skal breytt í peninga við útreikning þennan og skal tekið meðaltal af meðalalin 5 árin næstu undan ófriðnum mikla. Þó skal ekkert endurgjald koma fyrir lóðir við innri höfn sunnan og vestan 90 metra á land frá stórstraumsflóði; að norðanverðu ræður Heimaklettur, en Eyði fylgir alt. Þessar landsspildur skulu falla til hafnarsjóðs endurgjaldslaust.

3. gr.

Andvirði það, sem ákveðið er í 2. gr., skal greiðast í skuldabrjefum til ríkissjóðs, útgefnum af bæjarsjóði, þannig, að það greiðist með 7% af upphæðinni á ári í vexti og afborgun, og er að fullu greitt á þann hátt á 28 árum.

4. gr.

Ætið skal byggja jarðir, þurrabúðarlóðir og land til ræktunar í lífsábúð, en aðrar lóðir um ákveðinn tíma, sem aldrei má fara fram úr 99 árum.

5. gr.

Byggingarbrjef og leigusamninga gera bæjarfógeti og oddviti bæjarstjórnar, en stjórnarráðið skal staðfesta alla samninga.

6. gr.

Árgjöld fyrir jarðir, þurrabúðir og land til ræktunar skal ákveðið í landaurum, en fyrir aðrar lóðir í peningum.

7. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja skipar nefnd árlega, er gefa skal álit um alla samninga, og skulu þeir samþyktir af hæjarstjórn áður en þeir eru staðfestir.

8. gr.

Nú er lóð, sem ekki er til lifsábúðar, leigð til lengri tíma en 10 ára, þá skal ákveða árlegt gjald á 10 ára fresti.

9. gr.

Eign Vestmannaeyjakaupstaðar í Vestmannaeyjajörðum og lóðum má aldrei selja einstökum mönnum eða fjelögum eða á neinn hátt afhenda gagnstætt lögum þessum eða reglugerð, er sett verður samkvæmt þeim, en kaupa má ríkissjóður eignina, ef hann vill, en þó að eins með lagaboði.

10. gr.

Með reglugerð, sem hæjarstjórn semur og stjórnarráðið staðfestir, skal ákveða afgjald jarða, lóða, hverrar tegundar fyrir sig, og má þá og taka tillit til legu lóðar og annars, sem gerir hana meira eða minna hagkvæma til þess, sem hún á að notast til. Reglugerð þessi skal endurskoðuð á minst 10 ára fresti.

11. gr.

Lög þessi ná ekki til eigna einstaklinga, hvort er regluleg eign eða önnur rjettindi.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1924.

Greinargerð.

Það virðist ekki ósanngjarnt, að eitthvað af þeirri verðhækkun, sem orðið hefir og væntanlega verður á lendum og lóðum í Vestmannaeyjum, lendi hjá bæjarsjóði, enda sýnt, að verðhækkun þessi lendir annars, eins og hingað til, hjá einstökum mönnum, enda þótt þeir hefðu ekkert til þess unnið, sbr. gömlu erfðafestulóðirnar, sem miðað við núgildandi verðmæti lóðanna er mjög lágt, jafnvel hlægilega, t. d. dýrasta lóðin er leigð um aldur og æfi fyrir 40 kr. og 50 aura. Búast mætti við, að þessu yrði yfirleitt kipt í lag með lögum þessum, og svo fengi stjórnarráðið það yfirlit yfir alla stjórn umboðsins, sem hingað til hefir verið mjög erfitt að hafa.

Enn fremur skal hjer vísað í álit bæjarstjórnar í meðfylgjandi fylgiskjali.

Fylgiskjal.

Útskrift úr gerðabók fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar.

Ár 1923, miðvikudaginn 7. mars, var á aukafundi í bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar til umræðu:

.....

1. Lögð fram ályktun nefndar þeirrar, sem á síðasta fundi var kosin til að íhuga frumvarp til laga um sameign ríkisins og bæjarsjóðs Vestmannaeyja á Vestmannaeyjajörðum o. fl., sem þingmaður kjördæmisins lagði fyrir síðasta Alþingi.

Nefndin gerði svofelda tillögu:

»Bæjarstjórnin aðhyllist frumvarp það til laga um sameign ríkissjóðs og bæjarsjóðs á Vestmannaeyjajörðum, er alþingismaður kjördæmisins lagði fyrir síðasta Alþingi, og felur þingmanninum að leggja það fyrir yfirstandandi þing með þeim breytingum, er hjer segir:

að 7. gr. Sjöunda greinin falli burt, eins og hún er nú orðuð. Í stað hennar komi ný grein, er verður 7. gr., svo hljóðandi:

Bæjarstjórn Vestmannaeyja skipar nefnd árlega, er gefa skal álit um alla samninga, og skulu þeir samþyktir af bæjarstjórn áður en þeir eru staðfestir.

að 8. gr. Árlegt gjald sje ákveðið á 10 ára fresti, en ekki á 5 ára fresti, eins og nú stendur í greininni.

að 10. gr. Í stað þess, sem grein þessi ákveður, að reglugerðin skuli endur-

skoðuð á 5 ára fresti, álítur bæjarstjórnin nægilegt, að hún sje endurskoðuð á 10 ára fresti og vill láta breyta greininni eftir því«.

Tillaga þessi, ásamt frumvarpinu í heild sinni með ofannefndum breytingum, var borin upp til atkvæða og samþykt í einu hljóði.

.....

Fundi slitið.

Jón Kristgeirsson, settur.

Jóhann Þ. Jósefsson. J. A. Gíslason. Sigfús Scheving.

Guðlaugur Hansson. Eyþór Þórarinsson. Ísleifur Högnason.

Magnús Guðmundsson.

Rjetta útskrift staðfestir

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, 8. mars 1923.

Jón Kristgeirsson,
settur.

Opinbert mál.
J. Kr.

(A. XIII, 8).

Nd. **121. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr. orðist svo:

6. gr. orðist þannig: Skattgjald þeirra, sem ræðir um í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 500 kr., greiðist af honum 0,6%.

Af	500	til	1000	kr.	greiðist	3	kr.	af	500	kr.	og	0,8%	af	afgangi.
—	1000	—	2000	—	—	7	—	—	1000	—	—	1,5	—	—	—
—	2000	—	3000	—	—	22	—	—	2000	—	—	2	—	—	—
—	3000	—	4000	—	—	42	—	—	3000	—	—	3	—	—	—
—	4000	—	5000	—	—	72	—	—	4000	—	—	4	—	—	—
—	5000	—	6000	—	—	112	—	—	5000	—	—	5	—	—	—
—	6000	—	7000	—	—	162	—	—	6000	—	—	6	—	—	—
—	7000	—	8000	—	—	222	—	—	7000	—	—	7	—	—	—
—	8000	—	9000	—	—	292	—	—	8000	—	—	8	—	—	—
—	9000	—	10000	—	—	372	—	—	9000	—	—	9	—	—	—
—	10000	—	11000	—	—	462	—	—	10000	—	—	10	—	—	—
—	11000	—	12000	—	—	562	—	—	11000	—	—	11	—	—	—
—	12000	—	13000	—	—	672	—	—	12000	—	—	12	—	—	—
—	13000	—	14000	—	—	792	—	—	13000	—	—	13	—	—	—
—	14000	—	15000	—	—	922	—	—	14000	—	—	14	—	—	—
—	15000	—	16000	—	—	1062	—	—	15000	—	—	15	—	—	—
—	16000	—	17000	—	—	1212	—	—	16000	—	—	16	—	—	—
—	17000	—	18000	—	—	1372	—	—	17000	—	—	17	—	—	—
—	18000	—	19000	—	—	1542	—	—	18000	—	—	18	—	—	—
—	19000	—	20000	—	—	1722	—	—	19000	—	—	19	—	—	—
—	20000	—	25000	—	—	1912	—	—	20000	—	—	19,5	—	—	—
—	25000	—	30000	—	—	2887	—	—	25000	—	—	20	—	—	—
—	30000	—	35000	—	—	3887	—	—	30000	—	—	21	—	—	—
—	35000	—	40000	—	—	4937	—	—	35000	—	—	22	—	—	—
—	40000	—	50000	—	—	6037	—	—	40000	—	—	23	—	—	—
—	50000	—	70000	—	—	8337	—	—	50000	—	—	24	—	—	—
—	70000	—	100000	—	—	13137	—	—	70000	—	—	25	—	—	—
—	100000	og þar yfir			greiðist	20637	—	—	100000	—	—	26	—	—	—

Skattgjald samkv. 2. gr. reiknast þó aldrei lægra en 5% af tekjunum.

(A. XXV, 2).

Nd. **122. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1920 og 1921.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir borið hina einstöku tekna- og gjaldaliði saman við landsreikningana fyrir árin 1920 og 1921 og ekkert fundið athugavert, og leggur því til, að frv. sje samþykt óbreytt.

En út af till. yfirskoðunarmanna til úrskurðar á athugasemdum þeirra við reikningana vill nefndin taka það fram, sem hjer segir:

1. Nefndin leggur til, að stjórninni sje falið að rannsaka, hvort Íslandsbanki hafi greitt í ríkissjóð á árinu 1922 það, sem honum ber, og ef svo reynist eigi, að hún þá innheimti það.
2. Tekjueftirstöðvar hjá, gjaldheimtumönnum eru helst til miklar og sumar þeirra virðast nokkuð gamlar. Nefndin vill því skora á stjórnina að innheimta þessar eftirstöðvar sem allra fyrst, ef þær eru eigi þegar greiddar.

Alþingi, 12. mars 1923.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Magnús Guðmundsson, framsögum.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.

Þorl. Guðmundsson. Jakob Möller.

(B. IX, 2).

Nd. **123. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og fallist á efni þess, að því undanskildu, að hún hefir ekki sjeð sjer fært að hækka tollinn á niðursoðinni mjólk, sökum þess, að sumstaðar á landinu hagar svo til, að kalla má ómögulegt að komast af án þeirrar vöru, enda tæpast hægt að benda á, að eigi sje jafnan nægur markaður með sæmilegu verði fyrir þá mjólk, sem framleidd er í landinu, ef hún er flutt til þeirra staða, sem nota niðursoðna mjólk.

En eins og eftirfarandi breyttill. sýna, vill nefndin breyta vörutollslögunum meira en frv. gerir ráð fyrir, sumpart til að auka tekjur og sumpart til þess að sporna við innflutningi. Í þessu skyni er hækkaður vörutollurinn á vefnaðarvöru til mikilla muna og ýmsum sælgætisvörum, og hefir nefndin áætlað, að tekjuauki sá, sem af þessu leiðir, muni vera um 2—3 hundr. þús. á ári, og þeim tekjuauka hugsar nefndin sjer að verja til niðurfærslu útflutningsgjaldsins.

Það skal tekið fram, að nefndin gerir ráð fyrir að afgreiða ekki til háttv. deildar stjórnarfrv. um verðtoll, sem til hennar hefir verið sent, og að einn nefndarmanna (Jak. M.) hefir áskilið sjer sjerstöðu í þessu máli.

Samkvæmt þessu leggjum vjer til, að frv. þetta verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. Frumvarpsgreinin orðist svo:

1. gr. 3. tölul. orðist svo:

Af allskonar skófatnaði 1 kr. 80 au. af hverjum 10 kg.

A eftir 6. tölul. 1. gr. komi 2 nýir töluliðir, er verða 7. og 8. tölul., svo hljóðandi:

1. Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði, tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, 75 au. af hverju kg.

2. a. Af allskonar kjöti og kjötmeti, smjöri, fiski, niðursoðnum og nýjum, eplum, perum, appelsínum, banönum, niðursoðnum ávöxtum og grænmeti í dósum, syltuðum ávöxtum og grænmeti, fíkjum, döðlum, hnetum, ávaxtamauki og kandíseruðum ávöxtum, 5 kr. af hverjum 10 kg.

b. Af osti og eggjum 2 kr. af hverjum 10 kg.

c. Af heyi 6 kr. af hverjum 100 kg.

Úr 7. tölul. 1. gr., sem verður 9. tölul., fellur niður orðið »hey«.

II. A eftir frumvarpsgr. kemur ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 12. mars 1923.

M. J. Kristjánsson, formaður. Magnús Guðmundsson, framsögum.

Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Þorl. Guðmundsson.

Jeg get ekki mælt með því, að frumvarpið verði samþykt, en mun gera grein fyrir atkvæði mínu undir umræðunum.

D. u. s.

Jakob Möller.

(C. III, 2).

Nd **124. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um sjómælingar.

Flutningsm.: Þórarinn Jónsson.

Aftan við tillöguna bætist:

Og hið sama um skipaleið meðfram Vatnsnesi vestanverðu inn til Hvammstanga.

(B. XXXVII, 1).

Ed. **125. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 27. júni 1921, um bifreiðaskatt.

Flutningsmaður: Guðmundur Guðfinnsson.

1. 1. gr. orðist svo:

Af bifreiðum, hvort sem þær eru notaðar til vöru- eða mannflutninga, skal árlega greiða í skatt til ríkissjóðs 2 kr. af hverri hestorku vjelarinnar.

Sama gjald greiðist af reiðhjólum með hreyfivjel.

2. 2. grein falli burt, og breytist greinatalan samkvæmt því.

Greinargerð.

Þegar lögin um bifreiðaskatt voru sett og skattupphæðin ákveðin, voru taxtar og tekjur bifreiðanna miklu hærri en nú eru þær orðnar. Hinsvegar hefir þörf almennings fyrir þessi flutningatæki farið mjög vaxandi, enda rekstur þeirra orðinn í mjög góðu lagi, með föstum áætlunarferðum alstaðar þar, sem bílvegir eru, en háir skattar auka allmjög útgjöld notendanna, og virðist ekki sanngjarnt, þar sem þessi farartæki verða altaf nokkuð dýr fyrir almenning.

»Luxus«-bílum eða einstakra manna bílum fer nú óðum fækkandi, og því ósanngjarnt að leggja háan skatt á alla bíla þeirra vegna.

Það virðist ekki rjett að gera neinn mun á mannflutninga- og vöruflutningabílum, þar sem hvorirtveggja virðast jafnnauðsynlegir og nú er farið að nota vörubíla til fólksflutninga jöfnum höndum.

Að öðru leyti vísast til erindis bifreiðastöðvanna í Reykjavík til Alþingis og ástæðna þeirra, sem þar eru fram færðar.

(C. V, 1).

Ed **126. Tillaga**

til þingsályktunar um húsnæði fyrir opinberar skrifstofur í Reykjavík.

Flutningsm.: Sigurður Jónsson, Einar Arnason, Guðm. Guðfinnsson, Jónas Jónsson og Guðm. Ólafsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að hefja nú þegar samningaumleitanir við stjórn Landsbankans um að fá til umráða þann hluta

af hinu nýja húsi bankans, er hann sjálfur þarf ekki að nota, en landsstjórnin hins vegar kynni að hafa þörf fyrir til skrifstofuhalds o. fl. í þarfir ríkisins.

Greinargerð.

Landið hefir nú mjög margar skrifstofur víðsvegar um bæinn, og er það að mörgu leyti dýrt og óþægilegt.

Nú hefir Landsbankinn mikið hús í smíðum, sem væntanlega verður fullgert um næstu áramót eða fyr. Bankinn mun ekki sjálfur hafa þörf fyrir nema fyrstu og aðra hæð til eigin afnota. En á þriðju og fjórðu hæð munu verða alt að tuttugu skrifstofuherbergi. Á efstu hæð eru þau með ofanljósi, og er það einkarhentugt fyrir vegamálastjóra, vitamálastjóra og húsameistara landsins. Á þriðju hæð mætti hafa skrifstofu lögreglustjóra, bæjarfógeta, Brunabótafjelags Íslands, Hagstofunnar o. s. frv. Fyrir utan minni húsaleigu, myndi ef til vill mega spara starfsfólk á hinum ýmsu skrifstofum, er þær störfuðu þannig í nábýli. Sami maður gæti t. d. verið gjaldkeri eða bókari fyrir fleiri en eina skrifstofu. Auk þessa má gera ráð fyrir, að í kjallara hússins verði allmikið rúm, hentugt til geymslu fyrir Landsverslun.

Með því að skrifstofur ríkisins í Reykjavík eru jafnan verulegur útgjaldaliður í fjárlögunum, er heppilegt, að stjórnin semji við Landsbankann um þetta mál sem allra fyrst, svo að unt verði að taka tillit til breytinganna við samningu fjárlaganna á þessu þingi.

(B. XIV, 3).

Nd. 127. Nefndarálit

um frv. til laga um stofnun sjóðs til eflingar bindindisstarfsemi í landinu.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Undirritaður hefir staðið einn uppi í nefndinni með þá tillögu að ráða háttv. deild til þess að samþykkja þetta frumvarp.

Í þessu máli geta skoðanir varla skifst um annað en þetta tvent: Er æskilegt að hjer komi á sínum tíma aftur aðflutningsbann á öllu áfengi eða er það ekki æskilegt?

Annarsvegar er málstaður þeirra, sem annaðhvort að grundvallarskoðun eða vegna reynslunnar, sem fengist hefir, eru á móti því að hafa algert aðflutningsbann á áfengi. Þeir hafa auðvitað ekki getað harmað svo mjög, þó að undanþágan fyrir ljett vín væri veitt, og því ekki heldur þótt nema gott, að hjer opnaðist ný tekjulind fyrir fátækan ríkissjóð. Þeir sjá ekki, að bind-

indismálið hafi orðið fyrir neinu skakkafalli, eða er sama, þótt það hafi orðið fyrir því, og sjá enga ástæðu til þess að bæta því það upp að neinu leyti. Þeir segja eðlilega: »þeim happ sem hlýtur«, og hirða fjeð í ríkissjóð. — Þeir sjá ekki heldur neina þörf á, nema síður sje, að búa í haginn fyrir það, að unt verði að koma aðflutningsbanninu í sama horf og áður var eða betra. Bannið er nú í þeirra augum hryðja, sem er að ganga hjá, og síst vert að sækjast eftir annari eins eða meiri. Það á því hvorki að veita fje til þess að vinna að því, nje heldur kippa úr vegi þess þeim þröskuldi, sem tekjur ríkissjóðs af áfengisversluninni verða, fái þær að renna til almennra þarfa ríkisins eða einhvers þess, sem menn mundu mjög sjá eftir.

Þetta er hreinn andbanninga málstaður, og skal hjer ekki leitast við að hrekja hann. Frumvarpið fer ekkert dult með það, að það byggist á hreinum aðflutningsbanns grundvelli, og þeir, sem andbanningar eru, hljóta því og eiga að vera á móti því.

En það væntir sjer fylgis þeirra, sem aðflutningsbanninu á áfengi hafa verið og eru fylgjandi. Ástæður fyrir því voru taldar við flutning málsins við 1. umr. í háttv. Nd. Frumvarp þetta er eina skynsamlega lausnin á því, hvernig vjer getum undirbúið og gert sem auðveldast að koma hjer á aftur fullkomnu aðflutningsbanni á öllu áfengi. Með þessu frumvarpi fæst það fje, sem jafnan hefir skort til þess, að hægt væri að vinna með nægilegum krafti fyrir þetta málefni, inn á við og út á við. Og það fje er ekki tekið af neinum þeim tekjustofnum, sem ríkið á undanförnum árum hefir ætlað til nauðsynlegra útgjalda sinna. Það er fje, sem fengist hefir fyrir tilneydda tilslökun frá því marki, sem bindindismálið hafði náð, og gerir því ekki annað sjálfsagðara en starfa fyrir þetta sama málefni.

Með þessu eina móti er og hægt að koma í veg fyrir, að fje það, sem oss áskotnast af þessu, verði þröskuldur í vegi bannsins síðar meir, því hjer á það málefni og þeir menn að njóta þess, sem fúsast vildu láta það í þágu bannsins, er þar að kæmi. Og með þessu móti þarf enginn að sjá eftir tekjunum af víninu, því að þeim væri þá varið einmitt í þeim tilgangi að gera það starf óþarft, sem fyrir þær væri unnið.

Alt þetta á við um aðaltilgang og innihald frumvarpsins. En á hinn bóginn getur vel verið, að frv. stæði til bóta í aukaatriðum, ef háttvirtri deild litist svo, og er ekkert við það að athuga, ef ekki brýtur bág við aðaltilgang frumvarpsins.

Alþingi, 12. mars 1923.

Magnús Jónsson,
fundaskrifari allsherjarnefndar.

(B. XXXIX, 1).

Nd. **128. Frumvarp**

til laga um bæjargjöld í Reykjavik.

Flutningsmenn: Jón Baldvinsson, Jakob Möller og Magnús Jónsson.

1. gr.

Fje það, sem útheimtist til að standa straum af útgjöldum Reykjavíkurkaupstaðar til bæjarþarfa, skal að svo miklu leyti, sem sjerstakar tekjur kaupstaðarins hrökkva ekki til, fengið með því að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu og með því að leggja útsvar á ibúa bæjarins, á atvinnu, sem stunduð er í bænum, á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, og á stofnanir og arðsöm fyrirtæki.

2. gr.

Fasteignagjald það, sem ræðir um í 1. gr., skal miða við virðingarverð eftir fasteignamatslögunum og ákveðst það þannig:

a. Af öllum húsum, úr hvaða efni sem eru og til hvers sem þau eru notuð, skal greiða 0,8 % — 80 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.
b. Af öllum lóðum, bygðum og óbygðum, sem bæjarstjórnin hefir ekki með sjerstökum samningi eða samþykt ætlað til annara afnota en til byggingarlóða, skal greiða 2 % — tvær krónur af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.
c. Af öllum lóðum og löndum, sem með sjerstökum samningi við bæjarstjórn eða með sjerstakri samþykt hennar eru ætlaðar til ræktunar, fiskverkunar eða annara slíkra afnota, og ekki eru byggingarlóðir, skal greiða ½ % — 50 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.

Fasteignagjald skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki hundrað krónum, greiðist ekkert gjald.

3. gr.

Undanþegnar fasteignagjaldi eru allar fasteignir bæjarsjóðs og hafnarsjóðs Reykjavíkur.

Ennfremur eru undanþegin fasteignagjaldi:

Lóðir, sem eru eign annara ríkja, að svo miklu leyti sem þær fylgja húsum, sem notuð eru af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum, og kirkjugarðar.

4. gr.

Fasteignagjald skal greiða á skrifstofu bæjargjaldkerans í Reykjavík, og er gjalddagi 2. janúar ár hvert.

5. gr.

Fasteignagjaldið hvílir sem lögveð á fasteign þeirri, sem það er lagt á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum í eigninni.

Brenni hús eftir gjalddaga, hefir fasteignagjaldið og forgangsrjett í brunabótunum á sama hátt.

6. gr.

Þegar lög þessi koma í gildi, falla í burtu þau gjöld, sem nú hvíla á fasteignum kaupstaðarins til að standast kostnað við sóthreinsun (lög nr. 20, 15. okt. 1875), og sorphreinsun og salernahreinsun (lög nr. 42, 11. júlí 1911), en vatnsskattur helst óbreyttur samkvæmt lögum nr. 84, 22. nóv. 1907, að öðru leyti en því, að miða skal skattinn við fasteignamatsvirðingu húsa, en ekki brunabótavirðingu.

7. gr.

Útsvar það, sem ræðir um í 1. gr., skal niðurjöfnunarnefnd jafna niður eftir efnum og ástæðum gjaldenda.

Niðurjöfnunin nær til allra einstaklinga og fjelaga, sem hafa lögheimili eða fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum og ástæðum, nema þeir hafi líka á gjaldárinu haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar. Skal þá draga frá útsvarinu tiltölulega eftir þeim tíma, er þeir dvöldust annarsstaðar, þó eigi meira en þeir guldu þar.

Á hverskonar atvinnu, sem stunduð er í bænum, eða á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum eða leggja þar upp afla sinn eða nauðsynjar, má leggja útsvar, þótt atvinnan sje ekki stunduð nema 4 vikur ársins og þótt sá, er atvinnuna stundar, eigi lögheimili annarsstaðar, utanlands eða innan.

Ennfremur nær útsvarsskyldan til allra þeirra manna, sem lögskráðir eru á skip, sem skrásett eru í Reykjavík, svo og til þeirra, sem hafa á hendi launuð aukastörf í bænum, þótt eigi sjeu þeir þar búsettir og atvinnan sje stunduð skemur en 4 vikur. Þó má ekki skattleggja þingfararkaup alþingismanna, sem heimili eiga annarsstaðar.

Útgerðarmenn, skipaeigendur og aðrir atvinnurekendur skulu standa skil á útsvari þeirra utanbæjarmanna, sem atvinnu hafa hjá þeim eða á skipum þeirra, enda er þeim heimilt að halda eftir alt að 10 % af kaupi slíkra manna til greiðslu á útsvarinu.

Um útsvar samvinnufjelaga fer eftir þeim sjerstöku lögum, er um slík fjelög gilda.

Undanþegnir útsvari eru sendimenn annara ríkja og þeir þegnar sama ríkis, sem eru í þjónustu þeirra og stunda ekki aðra atvinnu í bænum, svo og þeir, sem með sjerstökum lögum eru undanþegnir skatti.

8. gr.

Niðurjöfnunarnefnd skal skipuð 5 mönnum. Skattstjórinn í Reykjavík er formaður hennar, en 4 nefndarmennina kýs bæjarstjórnin til eins árs í senn á síðari reglulegum fundi sínum í nóvembermánuði ár hvert. Kjörgengir til nefndarinnar eru þeir bæjarbúar, sem kjörgengir eru til bæjarstjórnarinnar. Nefndarmenn fá þóknun úr bæjarsjóði fyrir starf sitt, eftir nánari ákvæðum bæjarstjórnar.

9. gr.

Aðalniðurjöfnun útsvara skal fara fram í byrjun hvers árs og vera lokið fyrir 15. dag aprílmánaðar, og skal niðurjöfnunarskráin liggja til sýnis frá 15. apríl til 1. maí.

Við aðalniðurjöfnun skal jafna niður þeirri upphæð, sem ákveðin er í fjárhagsáætlun bæjarins það ár, auk 8—10 % umfram.

Aukaniðurjöfnun skal fara fram síðari hluta hvers mánaðar og aukaskrá liggja til sýnis 1.—15. dag næsta mánaðar.

Við aukaniðurjöfnun skal leggja útsvar á þá gjaldendur, sem bæst hafa við frá síðustu niðurjöfnun, svo og á þá, sem kunna að hafa fallið af niðurjöfnunarskrá áður.

Um kærur yfir niðurjöfnun og úrskurði á þeim fer eftir þeim reglum, er nú gilda.

10. gr.

Útsvör öll skal greiða á skrifstofu bæjargjaldkera, og er gjalddagi útsvars samkvæmt aðalniðurjöfnun 1. dag maímánaðar, en gjalddagi annara útsvara þann dag, sem niðurjöfnunarskráin er lögð fram.

11. gr.

Sje fasteignagjald eða útsvar, sem ræðir um í lögum þessum, eigi greitt áður en 2 mánuðir er liðnir frá gjalddaga, skal gjaldandi skattsins greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1 % — einni krónu af hverjum 100 kr. — fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

Sömu dráttarvexti skal og greiða, ef önnur gjöld til bæjarsjóðs Reykjavíkur, svo sem vatnsskattur, leigugjöld af lóðum, erfðafestulöndum og öðrum fasteignum, gangstjetta- og holræsagjöld, skólagjöld o. s. frv., eru eigi greidd innan tveggja mánaða frá gjalddaga.

Dráttarvextirnir hafa lögtaksrjett á sama hátt og sjálf gjöldin.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

22. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og lög 19. okt. 1877, um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað, svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir bæjarstjórn Reykjavíkur samið og samþykt á fundi sínum 1. febrúar 1923 með 12 atkvæðum gegn 1.

Með frumvarpi þessu er farið fram á, að breytt verði að nokkru ákvæðum þeim, sem nú gilda um bæjargjöld í Reykjavík og sem aðallega felast í lögum 19. okt. 1877 og í sjerstökum lögum um sóthreinsun og sorphreinsun.

Þegar lögin um bæjargjöld voru sett árið 1877, var ætlast til, að talsverður hluti af tekjum bæjarsjóðs fengist með lóðagjaldi og að öðru leyti með útsvörum, er jafnað væri niður eftir efnum og ástæðum á skattþegna bæjarins. Lóðagjaldið var þá miðað við stærð lóða, bygðra og óbygðra, enda var verðmæti lóða þá lítið og ekki mjög mismunandi á ýmsum stöðum í bænum. Árið 1879 nam lóðagjaldið 3560 kr., en aukaútsvör voru það ár 10700 kr., eða með öðrum orðum, lóðagjaldið var helmingur útsvarsins. Nú er hlutfalli þessu svo mjög raskað, að árið 1922 var lóðagjaldið áætlað 17500 kr., en aukaútsvör 1234200 kr., og eru lóðagjöldin þannig $^1/_{70}$ hluti af útsvörunum.

Frumvarp þetta fer nú fram á, að talsverður hluti skatttekna bæjarsjóðs færist aftur yfir á fasteignirnar í bænum, og er búist við, að fasteignaskatturinn samkvæmt frumvarpinu mundi árið 1922 hafa orðið um 400000 kr., og er það tæplega helmingur útsvarsins, sem árið 1922 mundi hafa orðið c. 850 þúsund kr., ef lög þessi hefðu þá gilt, eða næstum sama hlutfall og var 1879. Í raun og veru er því ekki nein stefnubreyting fólgin í frumvarpi þessu, en breyting er í því fólgin, að fasteignaskatturinn er miðaður við verðmæti húsa og lóða, en ekki við stærð grunnflatar. Eins og nú er ástatt, er lóðir og hús eru svo afarmismunandi verðmæt, eftir legu í bænum og gerð húsa, virðist ekki annað geta komið til mála en að miða skattinn við verðmætið, enda er sú regla þegar upp tekin í lögum um fasteignaskatt og í lögum, er heimila bæjarfjelagi Reykjavíkur að leggja vatnsskatt og holræsagjald á húseignir í bænum.

Um einstakar greinar frumvarpsins athugast:

2. gr.

Sá hluti fasteignagjaldsins, sem kemur niður á húseignum, er áætlaður 160 þús. krónur, en jafnframt fellur burtu sótaragjald og hreinsunargjald, sem árið 1922 er áætlað 119 þús. krónur, svo hækkunin er ekki mjög mikil, og upphæðin er miðuð við, að gjaldið hjer um bil samsvari þeim útgjöldum bæjarsjóðs, sem beinlínis stafa af húsunum, þ. e. útgjöld við salerna- og sorphreinsun, við rottueitrun og ráðstafanir til tryggingar gegn eldsvoða, en þessi útgjöld eru árið 1922 áætluð 159500 krónur.

Lóðagjaldið er áætlað 240 þús. krónur, og gerir frumvarpið ráð fyrir mjög lágu gjaldi af þeim eignum, sem ekki eru byggingarlóðir og ekki geta gefið jafnmikinn arð og þær. Yfirleitt má telja gjaldið lágt af lóðum, sem nýttar eru til bygginga, en það verður tilfinnanlegt af stórum ónýttum byggingar-

lóðum á dýrum stöðum í bænum, enda er það rjettmætt af því að lóðareigandi veldur bæjarfjelaginu miklu tjóni með því að byggja ekki hús á lóðinni, eða selja hana þeim, er vildu byggja, því að vegna slíkra ónotaðra svæða í bænum þenst bærinn yfir meira svæði, sem bæjarfjelagið verður að gera nýtilegt með því að gera þar götur og holræsi, leggja vatnsæðar, gasæðar, rafmagnstaugar, brunasíma o. s. frv.

6. gr.

Í þessari grein eru sjálfsögð ákvæði um burtfellingu gjalda á húseignum til að standast kostnað við sóthreinsun, salerna- og sorphreinsun, en þess utan er ákvæði um, að vatnsskatt skuli miða við fasteignamatsvirðingu húsa, en ekki brunabótavirðingu, eins og lög mæla nú fyrir. Þessi breyting er nauðsynleg af því að brunabótavirðing er nú á dögum svo mjög á reiki vegna breytilegs verðs á byggingarefnum, og veldur þetta miklu ósamræmi í upphæð skattsins á einstökum húsum, eftir því á hvaða tíma þau eru virt. Þess utan er útlit fyrir, að ákvæðin um skylduvátryggingu húsa í Reykjavík hjá ákveðnu fjelagi breytist innan skamms, og er þá ekki lengur víst, að lögboðin brunabótavirðing haldist.

7. gr.

Í þessari grein eru ákvæðin um, hverjir sjeu gjaldskyldir til bæjarins. Þau ákvæði, sem nú gilda um þetta efni, eru í 22. gr. tilskipunar 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík, en síðan sú tilskipun var gefin hafa slíkar breytingar orðið á allri atvinnu í landinu og bænum, að ákvæðin eru löngu úrelt, enda nú svo komið, að fjöldi manna, sem reka atvinnu hjer í Reykjavík og hafa talsverðan hluta tekna sinna hjeðan, greiða engan skatt til bæjarfjelagsins, þótt þeir njóti allra þeirra hlunninda, sem bærinn lætur borgurum sínum í tje. Aðrir kaupstaðir á landinu og öll hreppsfjelög hafa og fengið lög, er veita miklu viðtækari rjett til útsvarsálagningar. Ákvæði greinarinnar eru sniðin eftir þeim reglum, sem nú gilda um sama efni annarsstaðar á landinu, og tillit tekið til sjerstakra kringumstæðna í Reykjavík.

Eitt ákvæði er nýmæli í greininni, sem sje það, að atvinnurekendum er gert að skyldu að standa skil á útsvari þeirra utanbæjarmanna, sem hjá þeim hafa atvinnu, og þeim jafnframt heimilað það halda eftir af kaupi slíkra manna til greiðslu á útsvarinu. Þetta ákvæði er sett í frumvarpið vegna þess, að eins og til hagar í bænum er afarörðugt að innheimta útsvar hjá þeim, sem stunda atvinnu um tíma, t. d. við útgerð, en ef þetta ákvæði verður að lögum, fæst sæmileg trygging fyrir að útsvarið greiðist.

8. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið við landsstjórnina um samvinnu milli niðurjöfnunarnefndar og skattstofunnar í Reykjavík, og hefir skipun niðurjöfnunarnefndar þegar verið breytt með konunglegri tilskipun á þann hátt, sem nú er farið fram á að lögfest verði.

10. gr.

Í núgildandi lögum er ákveðið, að gjalddagar á útsvari skuli vera á hverju missiri, en þetta þykir óhagkvæmt vegna allrar innheimtu og eykur mjög kostnað bæjarsjóðs við innheimtu á útsvörunum. Gerir frumvarpið því að eins ráð fyrir einum gjalddaga á ári hverju, enda er það í samræmi við þau ákvæði, sem gilda um þetta efni í öllum sveitum landsins.

11. gr.

Það færist mjög í vöxt, að gjaldendur dragi að greiða gjöld sín til bæjarsjóðs þangað til komið er að lögtaki, en framkvæmd á lögtökum dregst venjulega meira en ár frá gjalddaga, og verður bæjarsjóður því fyrir tilfinnanlegu vaxtatjóni, auk þess sem ókleift er fyrir bæjarsjóð að standa í skilum með greiðslu nauðsynlegra útgjalda, þegar hann fær ekki tekjur sínar í tæka tíð. Til þess að reyna að bæta úr þessu vandræðaástandi eru sett ákvæði þessarar greinar um dráttarvexti, ef ekki er staðið í skilum með gjöld til bæjarins innan hæfilegs frests, sem settur er 2 mánuðir frá gjalddaga. Dráttarvextirnir eru ákveðnir 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, og eru það sömu dráttarvextir, sem veðdeild Landsbankans fær, ef ekki er staðið í skilum með árgjöld á ákveðnum tíma.

Flutningsmenn frumvarpsins flytja það eftir ósk bæjarstjórnar Reykjavíkur, en áskilja sjer óbundið atkvæði um einstök atriði þess.

(B. XXXVIII, 1).

Nd. 129. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 35, 2. nóvember 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Flutn.m.: Jón Þorláksson, Jakob Möller, Jón Baldvinsson og Magnús Jónsson.

1. gr.

1. málsgrein 6. gr. laganna orðist svo:

Nú verður ágreiningur um lóðamörk, kvaðir á húseignum eða lóðum, þakrennur, ræsi, stjettir eða þesskonar, og sendir þá mælingamaður formanni merkjadóms uppdrátt af þrætulóðunum og skýrslu um það, í hverju ágreiningurinn sje fólginn. Formaður merkjadóms kveður málsaðilja síðan til þess að sækja merkjadómþing með hæfilegum fyrirvara, er venjulega sje eigi lengri en 3 sólarhringar; skal einn löggiltur stefnuvottur birta fyrirkallið. Á merkjadómþingi leggja málsaðiljar fram gögn sín og leiða vitni, ef með þarf. Dómendur

ganga á merki, ef þeim þykir það nauðsynlegt, áður eða eftir að vitnaleiðsla hefir farið fram.

2. gr.

1. og 2. málsgrein 7. gr. laganna orðist svo:

Dómur í merkjamáli skal upp kveðinn innan viku frá dómtöku, nema mál sje óvenjulega umfangsmikið, enda má dómsuppsögn aldrei dragast lengur en 3 vikur.

Í merkjadómi skulu lóðamerki ákveðin. Mælingamaður afmarkar síðan lóðina á uppdrættinum, eins og merkjadómur hefir ákveðið þau, og innfærir í lóðamerkjabók. Dómsúrslit um annan ágreining samkvæmt 6. gr. skal einnig innrita í lóðamerkjabók.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa á kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Í lóðaskrána og á aðaluppdráttum skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin lóðaskrárritara til þess starfs.

Bæjarstjórnin semur reglugerð, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, um skyldur og störf lóðaskrárritara.

5. gr.

1. málsgrein 11. gr. laganna orðist svo:

Þá er merkjastefnu er lokið, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um eigendaskifti að lóð eða parti úr lóð, nema mælingamaður eða lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigendaskiftanna sje getið í lóðamerkjabók eða lóðaskrá.

6. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í tje staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir slík eftirrit og fyrir vottorð samkvæmt 11. gr., svo og fyrir önnur störf, er lóðaskrárritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða gjald í bæjarsjóð Reykjavíkur samkvæmt gjaldskrá, er bæjarstjórnin semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Mæling kaupstaðarlóðar Reykjavíkur og merkjastefnum samkvæmt lögunum 2. nóv. 1914 er nú að mestu lokið og byrjað á skrásetningu lóða. Við framkvæmd þessa verks hafa komið fram nokkrir smágallar á lögunum, sem óskað er leiðrjettingar á með þessu frv. Frumvarpið er samið af nefnd, sem bæjarstjórn Reykjavíkur fól það, og eftir tillögum frá merkjadómnum og mælingamanni.

1. gr.

Merkjadómurinn hefir í starfi sínu rekið sig á það, að það mundi hentugt, að lögin tækju einnig til ágreinings um kvaðir á lóð eða húseign. En orð laganna eru svo þröng, að þau taka einungis til merkja milli lóða. Þykir því rjett að taka orðrjett upp úr hinum almennu landamerkjalögum ákvæði 16. greinar þeirra, sem við geta átt hjer.

2. gr.

Dómtökufresturinn er lengdur hjer lítið eitt, og þykir ekki mega skemri vera en hjer er ákveðið, þar sem í málunum yfirleitt eru lögð fram fleiri eða færri skjöl, og þau verða að ganga milli allra dómenda, sem ekki hafa færi á að helga máli hverju alla starfskrafta sína á degi hverjum.

Tilkynningarnar til mælingamanns og aðilja eru óþarfar, enda engin torkvæði á, að aðiljar geti sjálfir spurst fyrir um, hve nær dómur verði upp kveðinn.

Dómsúrslit um ágreining út af kvöðum er sjálfsagt að innrita í lóðamerkjabók.

3. og 4. gr.

Það þykir óþarft, að landsstjórnin setji reglur um, hvernig skrásetningu sje hagað, en hinsvegar þykir sjálfsagt, að sett verði reglugerð um skyldur og störf lóðaskrárritara.

5. gr.

Það er afaróhentugt og veldur mikilli tímatöf og óvissu við skrásetningu lóða, ef þeim er skift eða eigendaskifti verða eftir að merkjasetning fór fram, en án þess að mælingamanni sje kunnugt. Þessvegna ákveður frv., að tilkynna skuli mælingamanni breytingar á öllum lóðum, þar sem merkjastefna hefir verið háð.

6. gr.

Þau störf, sem lóðaskrárritara verður ætlað að vinna fyrir einstaka menn, verða margvísleg, og þykir rjett, að borgun fyrir þau verði ákveðin með gjaldskrá.

7. gr.

Með því að skrásetning lóða stendur yfir, þurfa breytingarnar á eldri lögum að komast sem fyrst í gildi.

(C. IV, 2).

Nd. **130. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um loftskeytastöðvar á Siglufirði og í Grimsey.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

1. Eftir »Grimsey« komi: og í Öræfum í Austur-Skaftafellssýslu.
2. Fyrirsögnin hljóði svo:
   Tillaga til þingsályktunar um byggingu loftskeytastöðva.

(A. XII, 3).

Nd. **131. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 1. gr.

A eftir orðunum »flutningi um landið« komi: fyrst um sinn til ársloka 1927.

(A. XXIV, 4).

Nd **132. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þskj. 70 við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

Flutningsm.: Hákon Kristófersson.

Við 1.

Fyrir »300.00« komi: 1000.00.

(B. XL, 1).

Ed. **133. Frumvarp**

til laga um skiftingu Eyjafjarðarsýslukjördæmis í tvö kjördæmi.

Flutningsm.: Einar Arnason.

1. gr.

Lögsagnarumdæmi Siglufjarðar, ásamt Grímseyjar-, Ólafsfjarðar-, Svarfaðardals- og Árskógarhreppum í Eyjafjarðarsýslu, skal vera sjerstakt kjördæmi og kjósa 1 þingmann. Það heitir Siglufjarðarkjördæmi.

Arnarnes-, Skriðu-, Öxnadals-, Glæsibæjar-, Hrafnagils-, Saurbæjar- og Öngulsstaðahreppar í Eyjafjarðarsýslu skulu vera sjerstakt kjördæmi og kjósa 1 þingmann. Það heitir Eyjafjarðarkjördæmi.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu óhlutbundnar kosningar.

Greinargerð.

Siglufjarðarkaupstaður hefir á undanförnum árum leitað þess, að vera gerður að sjerstöku kjördæmi með einum þingmanni. Hefir það mál verið flutt á Alþingi, en ekki gengið fram. Mun mega telja vonlítið, að þingið gangi inn á þá braut að bæta við þingmannatöluna vegna Siglufjarðar. Hinsvegar sýnist ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að Eyjafjarðarsýslukjördæmi sje skift í tvö einmenniskjördæmi, því það myndi ekki hafa í för með sjer neinn aukinn kostnað fyrir ríkissjóð, og ekki heldur raska verulega þeim grundvelli, sem kjördæmaskipun landsins er nú bygð á. Vitanlega kemur ekki til mála, þegar kjördæminu er skift, að Siglufjörður einn verði kjördæmi út af fyrir sig; honum yrði að sjálfsögðu að fylgja hluti af Eyjafjarðarsýslu, svo kjósendatalan verði sem líkust í báðum kjördæmunum.

A þingmálafundi á Siglufirði 4. janúar síðastl. kom enn fram áskorun um, að hann yrði gerður að sjerstöku kjördæmi, og *til vara*, að kjördæminu verði skift. Var tillagan samþ. með 61 atkv. samhlj. Sömuleiðis var á þingmálafundi á Grund í Eyjafirði 30. jan. síðastl. samþykt í einu hljóði tillaga um skiftingu kjördæmisins. Þetta frumvarp er því flutt í samræmi við vilja þingmálafunda í bæði ytri og innri hluta kjördæmisins.

Til skýringar skal þess ennfremur getið, að atvinnuvegir og áhugamál er mjög ólíkt og óskilt í þessum tveim hlutum kjördæmisins, þar sem í öðrum partinum er nær eingöngu stundaður landbúnaður, en í hinum er sjávarútvegur og verslun ráðandi atvinnuvegir.

Takmörkin, sem sett eru í frv. á milli hinna nýju kjördæma, falla mjög vel saman við atvinnureksturinn og áhugamálin, jafnframt því, sem kjósendatalan er því nær jöfn.

Samkvæmt alþingiskjörskrám þeim, sem nú gilda, er kjósendatalan í kjördæminu sem hjer segir:

Í Grímseyjarhreppi ...	30	kjósendur
- Siglufirði	495	—
- Ólafsfjarðarhreppi ...	174	—
- Svarfaðardalshreppi.	414	—
- Arskógarhreppi. ...	233	—
- Arnarneshreppi. ...	225	—
- Skriðuhreppi	101	—
- Öxnadalshreppi. ...	69	—
- Glæsibæjarhreppi ...	283	—
- Hrafnagilshreppi ...	144	—
- Saurbæjarhreppi ...	265	—
- Öngulsstaðahreppi...	204	—
Samt.	2637	kjósendur

(B. XLI, 1).

Nd. **134. Frumvarp**

til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Í hinum lærða skóla skulu nemendur fá nauðsynlega undirstöðukunnáttu undir æðra nám og þann þroska, sem þarf til þess að leggja stund á vísindi í háskólum og öðrum æðstu lærdómsstofnunum.

2. gr.

Námi í skólanum skal skift niður á 6 bekki og 6 ár. Læra allir saman í fjórum neðri bekkjunum, en í tveim efstu bekkjunum eru tvær deildir, málfræðideild og stærðfræðideild, er velja skal á milli.

3. gr.

Kenna skal íslensku og sögu íslenskra bókmenta, ensku, þýsku, frakknesku og latneska tungu, sagnfræði, eðlisvísindi (dýrafræði, grasafræði, steinafræði og kristallafræði, stjörnufræði og efnafræði), stærðfræði, teiknun, söng,

leikfimi og glímur. Auk þess skal gefa nemendum kost á að nema handíðir. Íslensk tunga og latnesk skulu vera höfuðnámsgreinar í 4 neðri bekkjunum og í málfræðideild, en stærðfræði er höfuðnámsgrein í stærðfræðideild.

4. gr.

Viðtöku í skólann fá engir, sem eru yngri en 12 ára, engir, sem haldnir eru af næmum sjúkdómum eða öðrum kvillum, sem eru hættulegir öðrum, engir, nema óspilt mannorð hafi, og engir, nema þeir sýni kunnáttuvottorð frá kennara eða skóla.

Hver sá, er vill fá viðtöku í 1. bekk, verður að standast kunnátturaun í íslenskri tungu og íslenskum stíl og helstu málfræðiatriðum, í latneskri tungu og latneskum stíl og meginatriðum latneskrar málfræði, í reikningi og sögu Íslands og sýna, að hann skilji sæmilega sænsku eða ríkisnorsku eða dönsku. Skrifa skal hann og læsilega.

Nú vill maður fá viðtöku í einhvern annan bekk en 1. bekk, og skal hann þá standast sömu reynd sem væntanlegir bekkjunautar hans.

5. gr.

Í skólanum eru tvær kunnáttureyndir á hverju ári, ársreynd í hverjum bekk og fullnemareynd (stúdentspróf).

Við allar lögskipaðar kunnáttureyndir í skólanum skulu vera þrír kunnáttudómarar í hverri námsgrein: kennari í þeirri námsgrein, sem reynt er í, og einhver annar kennari skólans og þriðji maður, skipaður af kenslumálaráðuneytinu.

6. gr.

Kunnáttu skal meta eftir einkunnastiga Örsteds með sama hætti sem tíðkaður var í lærða skólanum áður, meðan metið var eftir þessum einkunnastiga. Einkunnir skulu vera sem þá var: ágætiseinkunn, fyrsta einkunn, önnur einkunn og þriðja einkunn, reiknaðar í stigatali með sama hætti sem þá.

Við ársreynd og fullreynd eru gefnar einkunnir í öllum námsgreinum, að undanskildum söng, leikfimi og handíðum.

7. gr.

Skólastjóri ákveður stundafjölda og skifting kenslunnar með ráði kennarafundar. Skal þó íslensku og latnesku ætlaður hálfu meiri tími en öðrum málum, og stíltímar að auki, svo og stærðfræðinni í stærðfræðideildinni. Hálfu meiri tíma skal og verja til leikfimi og íþrótta en verið hefir.

8. gr.

Skólaárið skal telja frá 1. október, og eru þessi leyfi lögboðin:

Sumarleyfi 1. júlí til 30. september.
Jólaleyfi 23. desember til 2. janúar.
Öskudagurinn.
Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum.

Hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðja í hvítasunnu.
Sumardagurinn fyrsti.
Afmælisdagur konungs og 17. júní.
Mánaðarleyfi, einn dagur í hverjum mánuði.
Öðrum leyfum ræður skólastjóri.

9. gr.

Kensluna annast kennarar, sem fullnægja skilyrðum þessara laga. Þeir skulu vera svo margir, að engi þeirra þurfi að kenna meira en 24 stundir á viku, en skólastjóri 14. Skulu þeir vera skipaðir embættismenn og laun þeirra ákveðin í launalögum. Stundakennara má taka í viðlögum og um skamman tíma.

10. gr.

Krefjast skal af kennurum, er skipaðir vilja verða, að þeir hafi staðist kunnátturaun í kenslugreinum sínum í einhverjum háskóla, er kenslumálaráðuneytið telur fullgildan, eða sýni með öðrum hætti, að þeir sjeu starfanum vaxnir, að þeir sjeu eigi haldnir af næmum sjúkdómum, og að þeir hafi með eins árs reynslu sýnt, að þeir hafi þá skapshöfn, sem kennurum er nauðsynleg.

11. gr.

Skólastjóri skal ráða lækni handa skólanum með samþykki kenslumálaráðherra. Skólalæknir skal skoða alla nemendur að haustinu og gæta þess, að enginn sje í skólanum haldinn þeim sjúkdómum, sem hætt er við, að hann beri á skólasystkini sín, og skoðunargerð skal hann hafa á miðjum vetri og auk þess hvert sinn, er hann telur þörf á.

12. gr.

Laun skólastjóra og kennara eru ákveðin í launalögum, lækni skal borga eftir samningi.

13. gr.

Yfirstjórn skólans er í höndum kenslumálaráðuneytisins, er gerir allar meiri háttar ráðstafanir áhrærandi skólann eftir tillögum skólastjóra og kennarafundar. Að öðru leyti stjórnar skólastjóri skólanum í samráði við kennarana, er hann kveður til fundar þá honum þurfa þykir.

14. gr.

Skólastjóri semur skólafyrirsögn með ráði kennarafundar og samþykki kenslumálaráðuneytisins. Í skólafyrirsögn eru fyrirmæli um:

kenslu í skólanum,
kunnátturaunir og flutning milli bekkja,
viðtökuraun,
kenslutíma,

framferði og aga,
skyldur skólastjóra og kennara,
afskifti yfirstjórnar skólans.

15. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda í viðtöku nýsveina í 1. bekk 1923 og færast með þeim bekkjarsveinum smámsaman yfir allan skólann jafnóðum sem þeir útskrifast, sem nú eru í skólanum, síðastir þeir, er flytjast upp í annan bekk á vori komanda.

Greinargerð.

Sú umbót á skólanum, sem hjer er farið fram á, má eigi dragast, og verður því þetta þing að minsta kosti að koma fram þeirri höfuðbreytingu, að hann verði samfeldur sex ára lærður skóli. Á það legg jeg höfuðáhersluna, því að samband hans við gagnfræðaskólana er mjög svo skaðlegt. Hin önnur atriði hefi jeg sett svo sem mjer þykir vera eiga, en þótt eigi gengi fram óbreytt, þætti mjer vel fara, ef höfuðatriðið næst. Jeg hefi samið þetta frumvarp með hliðsjón af frumvarpi milliþinganefndarinnar, en hefi þó gert smábreytingar á því.

(B. XI, 5).

Ed. **135. Frumvarp**

til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 46, með breytingunni á þskj. 117.

(A. XIII, 9).

Ed. **136. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

6. gr. orðist þannig: Skattgjald þeirra, sem ræðir um í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef [hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 500 kr., greiðist af honum 0,6%.

Af	500	til	1000	kr.	greiðist	3	kr.	af	500	kr.	og	0,8 %	af	afgangi.
—	1000	—	2000	—	—	7	—	—	1000	—	—	1,5	—	—
—	2000	—	3000	—	—	22	—	—	2000	—	—	2	—	—
—	3000	—	4000	—	—	42	—	—	3000	—	—	3	—	—
—	4000	—	5000	—	—	72	—	—	4000	—	—	4	—	—
—	5000	—	6000	—	—	112	—	—	5000	—	—	5	—	—
—	6000	—	7000	—	—	162	—	—	6000	—	—	6	—	—
—	7000	—	8000	—	—	222	—	—	7000	—	—	7	—	—
—	8000	—	9000	—	—	292	—	—	8000	—	—	8	—	—
—	9000	—	10000	—	—	372	—	—	9000	—	—	9	—	—
—	10000	—	11000	—	—	462	—	—	10000	—	—	10	—	—
—	11000	—	12000	—	—	562	—	—	11000	—	—	11	—	—
—	12000	—	13000	—	—	672	—	—	12000	—	—	12	—	—
—	13000	—	14000	—	—	792	—	—	13000	—	—	13	—	—
—	14000	—	15000	—	—	922	—	—	14000	—	—	14	—	—
—	15000	—	16000	—	—	1062	—	—	15000	—	—	15	—	—
—	16000	—	17000	—	—	1212	—	—	16000	—	—	16	—	—
—	17000	—	18000	—	—	1372	—	—	17000	—	—	17	—	—
—	18000	—	19000	—	—	1542	—	—	18000	—	—	18	—	—
—	19000	—	20000	—	—	1722	—	—	19000	—	—	19	—	—
—	20000	—	25000	—	—	1912	—	—	20000	—	—	19,5	—	—
—	25000	—	30000	—	—	2887	—	—	25000	—	—	20	—	—
—	30000	—	35000	—	—	3887	—	—	30000	—	—	21	—	—
—	35000	—	40000	—	—	4937	—	—	35000	—	—	22	—	—
—	40000	—	50000	—	—	6037	—	—	40000	—	—	23	—	—
—	50000	—	70000	—	—	8337	—	—	50000	—	—	24	—	—
—	70000	—	100000	—	—	13137	—	—	70000	—	—	25	—	—
—	100000	og þar yfir			greiðist	20637	—	—	100000	—	—	26	—	—

Skattgjald samkv. 2. gr. reiknast þó aldrei lægra en 5% af tekjunum.

2. gr.

Á eftir d-lið í 11. gr. komi nýr liður, sem verður e-liður, svo hljóðandi: Aukaútsvör.

3. gr.

Í 2. málsgr. 12. gr. falla burt orðin: »ef þau eru fjárráða. Annars teljast tekjur þeirra með tekjum heimilisföður«.

4. gr.

Í stað »300 kr.« í 1. málsgr. 13. gr. komi: 500 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1924. Til þess tíma gilda einnig lög nr. 74, 27. júní 1921.

(B. XLII, 1).

Nd. **137. Frumvarp**

til laga um aukauppbót vegna sjerstakrar dýrtíðar.

Flutn.m.: Jakob Möller, Jón Baldvinsson, Jón Þorláksson og Magnús Jónsson.

1. gr.

Auk launabótar þeirrar, sem talin er í 33. gr. laga nr. 71 frá 28. nóv. 1919, skulu allir þeir, sem eiga rjett til launabótar samkvæmt þeirri grein og eru til heimilis í Reykjavík, fá aukauppbót vegna sjerstakrar dýrtíðar þar á staðnum, er nemi 25% af launaupphæðinni, þó eigi af hærri upphæð en 4500 krónum.

Uppbót þessa skal greiða frá 1. jan. 1923 og þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Samband starfsmanna ríkisins hefir farið fram á, að veitt yrði aukadýrtíðaruppbót þeim embættismönnum og starfsmönnum landsins, sem búsettir eru á þeim stöðum, þar sem dýrtíðin er meiri en annarsstaðar á landinu yfirleitt. Kemur þetta einkum til greina um Reykjavík. Færir sambandið þá ástæðu sjerstaklega fyrir því að bera málið fram nú, að lækkun launabótarinnar niður í 60% af launaupphæðinni um síðustu áramót sje miklu meiri en verðlækkun á nauðsynjum í Reykjavík á sama tíma, og sje þeim því ókleift að framfleyta sjer og fjölskyldum sínum á launununum nú, þar sem þetta hafi staðið hið tæpasta áður.

Þótt flutningsmenn hafi ekki tekið samskonar aukauppbót fyrir aðra staði en Reykjavík upp í frv., viðurkenna þeir, að ástæður muni vera fyrir hendi til þess að veita nokkra launauppbót, líklega eitthvað lægri en í Reykjavík, fyrir nokkra aðra kaupstaði landsins, og vænta, að það atriði verði tekið til íhugunar í nefnd.

(B. V, 4).

Nd. **138. Nefndarálit**

um frv. til laga um verðlaun fyrir útfluttan gráðaost.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og ræður háttv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 14. mars 1923.

Stefán Stefánsson, form. og framsögum. Pjetur Ottesen, skrifari. Pjetur Þórðarson.

Björn Hallsson. Þórarinn Jónsson.

(A. XXI, 4).

Nd. **139. Nefndarálit**

um frv. til laga um ríkisskuldabrjef.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og telur rjett, að það verði samþykt.

Alþingi, 14. mars 1923.

Magnús J. Kristjánsson, formaður. Jakob Möller, framsm. Jón A. Jónsson, fundaskrifari.

Þorl. Guðmundsson. Magnús Guðmundsson.

(B. XLIII, 1).

Nd. **140. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 55, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson og Jakob Möller.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Bankastjórar hafa að árslaunum 15000 krónur hver og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni. Þó mega laun og dýrtíðaruppbót samtals aldrei nema meira en 24000 kr. handa hverjum þeirra.

Dýrtíðaruppbótin reiknast eftir ákvæðum laga nr. 71, 28. nóv. 1919, 33. gr. 1. málsgrein.

Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi, reka sjálfir aðra atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnu- eða verslunarfyrirtækja.

Bókari og fjehirðir hafa að byrjunarlaunum 5000 krónur hvor, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 300 krónur upp í 6500 kr. Aðstoðarfjehirðir hefir að byrjunarlaunum 4000 krónur, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 300 kr. upp í 5500 krónur. Auk þess hafa hinir síðarnefndu 4000 krónur í mistalningarfje á ári, og ákveður bankastjórnin, hvernig mistalningarfjeð skiftist milli aðalfjehirðis og aðstoðarfjehirðis. Fjehirðarnir skulu setja hæfilegt veð, er ráðuneytið tiltekur.

Dýrtíðaruppbót þessara starfsmanna ákveður ráðuneytið, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda frá 1. jan. 1923.

Greinargerð.

Þar sem nú er fullvíst, að ríkisstjórnin hefir ákveðið laun hinna stjórnskipuðu bankastjóra við Íslandsbanka, hefði mátt vænta þess, að hún flytti frumvarp til hækkunar á launum bankastjóra Landsbankans, svo að þau yrðu hlutfallslega lík að upphæð launum hinna stjórnskipuðu Íslandsbankastjóra. Þar sem slíkt frv. enn þá ekki er fram komið, en tími sá, er einstakir þingm. geta flutt frumvörp, án afbrigða frá þingsköpum, því nær út runninn, látum við ekki undir höfuð leggjast að flytja þær afarnauðsynlegu breytingar á launakjörum bankastjóra og helstu starfsmanna bankans, sem felast í þessu frumvarpi.

Það er af öllum viðurkent, að bankastjórn hinna stærri banka sje eitt af hinum allra vandasömustu, erfiðustu og ábyrgðarmestu störfum í hverju þjóðfjelagi, og að til þeirra starfa þurfi að veljast afburðamenn.

Þá er og öllum ljóst, að þjóðfjelagið getur ekki vænst þess að fá slíka menn til starfanna, nema launin sjeu talsvert há. Ennfremur er það hverjum manni skiljanlegt, að afleiðingarnar af því, að þessir starfsmenn hafi svo lág laun, að þeir geti ekki lifað áhyggjulausu lífi um etnalega afkomu sjálfra þeirra, *geta* leitt til skaðræðis fyrir bankann og þjóðfjelagið.

Allir eru sammála um það, að bankastjórar stærri banka eigi ekki og megi ekki reka aðra atvinnu, og flestir munu telja óheppilegt og í sumum tilfellum geta orðið hættulegt, að þeir sjeu í stjórn atvinnu- eða verslunarfyrirtækja.

Þeir eiga að láta stofnuninni í tje alla sína starfskrafta, enda mun ekki af veita.

Fyrir því er það, að allar þjóðir launa svo bankastjóra hinna stærri banka, að þeir hafi meira en nóg til lífsþarfa, geti jafnvel lagt til hliðar af launum sínum, því það er reynsla allra, að þessir menn endast skemur en aðrir starfsmenn þjóðfjelagsins, og stafar það af hinum sífeldu áhyggjum, sem þeir nauðsynlega þurfa að hafa af starfinu, einnig utan þess tíma, sem þeir eru að störfum í bankanum.

Það mun ekki eiga sjer stað annarsstaðar, að bankastjórar þjóðbankanna sjeu launaðir með ágóðaþóknun, og víst er um það, að slík launaaðferð hefir þótt gefast illa á síðustu árum.

Störf þessara bankastjóra eru á engan hátt sambærileg störfum annara starfsmanna og embættismanna þjóðfjelagsins, annara en hinna stjórnskipuðu Íslandsbankastjóra, og geta því á engan hátt miðast við laun þeirra.

Laun bókara og fjehirða bankans eru sett eftir tillögum bankastjórnarinnar, og um þær tillögur segir bankastjórnin:

»Tillögur þær um launabætur, er hjer um ræðir, snerta ábyrgðarmestu starfsmenn bankans. Störf öll í bankanum hafa vaxið mikið á síðustu árum, og eru þau launakjör, sem hlutaðeigandi starfsmenn eiga nú við að búa, algerlega óviðunandi, sjerstaklega fyrir þá, sem lengi hafa gegnt þeim störfum.

Starfsmenn þessir, eins og flestir aðrir starfsmenn bankans, eru bundnir við vinnu sína allan daginn og oft langt fram á kvöld, og yfirleitt er vinnutími þeirra engum takmörkum bundinn, þó afgreiðslutími bankans sje takmarkaður. Ef launakjörin eru ekki bætt, verður eigi hjá því komist að ljetta störfum af umræddum mönnum, en það mundi bankanum bæði dýrara og óhagkvæmara í alla staði.

Eins og tillögurnar bera með sjer, höfum vjer tekið þann kostinn að leggja að eins til aldurshækkun á föstu launanum frá því, sem nú er, og njóta að sjálfsögðu núverandi starfsmenn hækkunarinnar eftir starfsaldri. En til þess að kjör þeirra geti orðið viðunandi og svari til hinnar miklu ábyrgðar, sem fylgir störfum þeirra, er lagt til, að breyting verði á dýrtíðaruppbótinni, þannig að hún geti orðið með sama hætti og hún er fyrir aðra starfsmenn bankans. Er dýrtíðaruppbót þeirra nú 80% af launanum. Hefir bankastjórnin valið þá leið í launamáli starfsmanna að hækka sem minst föstu launin, en hafa held-

ni dýrtíðaruppbótina ríflegri; meðan verðlagið er sifeldum breytingum undirorpið hefir éigi þótt rjett að hækka föstu launin að neinu ráði, þar sem gera má ráð fyrir, að erfiðara yrði að lækka föst laun, þótt ástæða væri til vegna verðlagsbreytingar síðar meir.

Um mistalningarfjeð leggur bankastjórnin til, að það sje hækkað úr 2000 kr. upp í 4000 kr., og er það minsta hækkun, sem komið getur til greina. Að sama skapi sem viðskifti bankans vaxa eykst áhætta fjehirðanna að því er snertir mistalningu, og eins og nú er verður eigi komist af með lægri upphæð en þá, er hjer er stungið upp á. Ástæðan til þess, að hjer er lagt til, að eigi sje föst skifting á mistalningarfjenu, er sú, að áhættan fer eingöngu eftir því, hvernig störfunum er skift milli fjehirðanna. Þar sem sú skifting hlýtur að breytast eftir því sem viðskifti bankans vaxa og breytast og eftir því hvernig heppilegast er að skifta verkum, vegna þeirra manna, sem störfum gegna, þá er augljóst, að eigi er unt fyrirfram um langt áraskeið að ákveða skiftingu mistalningarfjárins«.

Þykir ekki vera ástæða til frekari greinargerðar, en nánar mun að málinu vikið við flutning í deildinni.

(D. VII, 1).

Ed. **141. Fyrirspurn**

til landsstjórnarinnar um skiftingu á veltufje, tapi og uppgjöfum bankanna milli atvinnuvega og hjeraða.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. Hvernig skiftist veltufje Íslandsbanka, Landsbankans og veðdeildarinnar milli kauptúna og sveita, landbúnaðar og sjávarútvegs, kaupmanna og kaupfjelaga?
2. Hve mikið fje telur hver af þessum lánsstofnunum tapað hjá ofannefndum lánþiggjendum, og hve mikið hjá hverjum einstökum þeirra?

(D. VIII, 1).

Ed. **142. Fyrirspurn**

til landsstjórnarinnar um lán og ábyrgðir landssjóðs fyrir fjelög og einstaka menn.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. Hve mikið fje hefir landssjóður lánað bæjarfjelögum, sveitarfjelögum, fje-

lögum og einstökum mönnum? Hve nær voru lánin veitt og hve mikið stendur enn eftir af hverju einstöku af þeim?

7. Í hve miklum ábyrgðum er landssjóður fyrir bæjar- og sveitarfjelög, fjelög og einstaka menn? Hve nær var stofnað til ábyrgðanna, hvar voru lánin tekin og hvað er mikið ógreitt af þessum skuldum?

(B. XLIV, 1).

Nd. **143. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 36, 19. júní 1922, um breyting á lögum um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

1. gr.

Síðari málsgrein 3. greinar falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun stjórnar Prestafjelags Íslands, eftir áskorunum, sem borist hafa frá prestum, og umkvörtunum yfir því, að hjer sje lagt á presta starf, sem sje hvorttveggja í senn alltímafrekt og kostnaðarsamt og á hinn bóginn óskylt því starfi, sem prestar nú hafa, síðan barnafræðslan var falin öðrum mönnum. Er það allvarhugaverð leið að fara út á, að fela embættismönnum störf, sem ekki koma embætti þeirra við, og ekki gott að vita, hvar staðar á að nema á þeirri leið, ef hafin er. Prestar þykja nú ekki hæfir til að kenna börnum nema þeir lúki sjerstöku prófi við kennaraskólann, og er yfirleitt bægt frá því að hafa barnakenslu á hendi, en hjer þykir nógu handhægt að grípa til þeirra, að vera dómarar um það, sem þeir annars þykja ekki hafa vit til að vinna eða þekkingu.

Samt hafa prestar ekki alment skorast undan að takast þetta á hendur, en hitt er óþolandi, að þeir eigi ekki að eins að vinna þetta verk ókeypis, heldur jafnvel kosta sig til þess, og það á þeim tíma, sem þeim er mjög óhentugur (í fermingarundirbúningnum) og þegar þeir geta ekki jafnframt notað þessa langferð til þess að húsvitja.

(A. XVII, 2).

Nd. **144. Nefndarálit**

um frv. til laga um afnám yfirskjalavarðarembættisins við þjóðskjalasafn Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir eigi getað felt sig við frv. þetta í þeirri mynd, sem það er. Hins vegar hafa 4 af 5 nefndarmönnum orðið sammála um að ráða háttv. deild til að sameina yfirskjalavarðarembættið og landsbókavarðarembættið, þegar annaðhvort eða bæði losna næst, og samkvæmar þessu eru þær brtt., er hjer fara á eftir. Störf skjalavarðar og bókavarðar eru naumast svo sundurleit eða óskyld, að eigi finnist maður, sem geti gegnt báðum störfunum, svo að viðunandi sje. Enginn úr nefndinni vill, að embættið sje tekið af núverandi yfirskjalaverði, því að hún viðurkennir öll störf hans í þágu safnsins og íslenskra fræða yfirleitt.

Samkvæmt þessu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. þetta sje samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

a. 1. gr. orðist svo:
Yfirskjalavarðarembættið við þjóðskjalasafnið og landsbókavarðarembættið skulu sameinuð þegar annaðhvort eða bæði losna næst.

b. Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

c. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um sameining yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

Alþingi, 16. mars 1923.

Jón Þorláksson, form. Magnús Guðmundsson, framsögum. Björn Hallsson. Gunnar Sigurðsson.

(B. XXI, 2).

Nd. **145. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 3. nóv. 1915. [*Útflutningur hrossa*].

Frá landbúnaðarnefnd.

Eins og kunnugt er, var ýmsum skilyrðum um útflutning hrossa fyrst skipað með lögum 22. nóv. 1907, og var þá ekki takmarkaður árstíminn, er út mætti flytja hrossin, en að eins ákveðið, að ekki mætti flytja þau á *pilfari* nema frá miðjum júní til ágústmánaðarloka.

Með lögum 3. nóv. 1915 var bannað að flytja hross frá Íslandi til útlanda á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. júni.

Tilgangurinn með þessu banni var sá, að hlífa hrossunum við óþægindum í flutningi, þegar illra veðra er von og eins þá er hrossin eru lakast undir hann búin.

Síðan lög þessi voru sett hafa ýms skilyrði breyst til batnaðar, er gera bann þetta ekki eins nauðsynlegt eins og þá var, svo sem stórum bætt flutningatæki, strangt eftirlit og bætt kyn og meðferð hrossa.

Með frv. þessu er landsstjórninni fengin heimild til þess að veita undanþágu frá bannákvæðunum, þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi. Reynslan hefir sýnt, að undanþágan getur verið nauðsynleg og framkvæmanleg, án þess að hrossunum sje meiri hætta búin en á öðrum árstímum.

Nefndin hefir því fallist á frv. þetta og ræður háttv. deild til að samþykkja það.

Alþingi, 15. mars 1923.

Stefán Stefánsson, formaður.	Pjetur Þórðarson, framsögum.	Pjetur Ottesen, skrifari.

Björn Hallsson. Þórarinn Jónsson.

(B. II, 3).

Nd. **146. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919. [*Ritsíma- og talsímakerfi*].

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson.

Greinin orðist svo:
Aftan við lagagreinina bætist:
Lína frá Þórshöfn til Skála og frá Þórshöfn til Gunnólfsvikur.

(B. X, 5).

Nd. **147. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, ásamt þeim breyttill., sem fram hafa komið við það á þskj. 51, 55 og 69. Nefndin leitaði álits vegamálastjóra um frv. og breyttill. Lagði hann á móti því, að nokkur breyting yrði gerð á vegalögunum að svo stöddu. Taldi hann þó breytingu þá, sem frv. fer fram á, ekki ósanngjarna, en sagði, að ef hún yrði að lögum, þá leiddi af henni allmikill kostnaður fyrir ríkissjóð, sem myndi nema um 10000 kr. á ári. Breytingartillögunum kvaðst vegamálastjóri þó vera sjerstaklega mótfallinn.

Meiri hluta nefndarinnar er það fullljóst, að ef frv. verður að lögum, þá leiðir af því nokkur kostnaður fyrir ríkissjóð. En þar sem það er sjáanlegt, að það var gloppa á vegalögunum, þegar þau voru samin, að telja ekki þennan veg, sem frumvarpið ræðir um, á meðal þjóðvega, þá telur meiri hlutinn rjett, að þessi misfella verði nú leiðrjett, og ræður því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið.

Hinsvegar getur meiri hlutinn ekki mælt með því, að breyttill. verði samþyktar.

Alþingi, 16. mars 1923.

Sveinn Ólafsson, form.	Þorsteinn Jónsson, skrifari og framsm.
Pjetur Þórðarson.	Lárus Helgason.

(B. III, 2).

Nd. **148. Nefndarálit**

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefir athugað og rætt frv. þetta á nokkrum fundum, en ekki getað orðið ásátt um meðferð þess, þótt að samkomulagi hafi orðið að láta að eins eitt nefndarálit koma fram. Nefndin er öll sammála um að flytja brtt. við frv., um að ákveða megi með lögum, að þing skuli haldið annaðhvert ár.

Allir nefndarmenn nema Magnús Pjetursson eru sammála um að leggja til, að þing verði að eins haldið annaðhvert ár, en einungis 2 (Einar Þorgilsson og Magnús Guðmundsson) eru því meðmæltir, að ráðherra sje að eins einn. Þó mundi Magnús Pjetursson geta gengið að þessari breytingu, ef þingum væri ekki fækkað.

Enginn nefndarmanna nema Magnús Pjetursson vill stuðla að frekari breytingum á stjórnarskránni en frv. ráðgerir. Hefir hann því áskilið sjer að koma fram með ýmsar brtt. Þeir Þorleifur Jónsson og Ingólfur Bjarnarson munu og koma fram með brtt. til þess að nema burtu ráðherrafækkun þá, sem frv. ylli, ef að lögum yrði.

Með því að skoðanir nefndarmanna eru eigi líkari en þetta, þykir ritara nefndarinnar eigi rjett eða fært að skýra í áliti þessu frá, á hverju þær eru bygðar, og verður það því að bíða umræðnanna um málið.

Allir nefndarmenn hafa komið sjer saman um svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Aftan við 5. gr. komi ný málsgr. svo hljóðandi:

Með lögum má ákveða, að Alþingi skuli háð árlega.

Alþingi, 16. mars 1923.

Þorleifur Jónsson, formaður.	Magnús Guðmundsson, ritari.

Ing. Bjarnarson,	Einar Þorgilsson.	Magnús Pjetursson, með fyrirvara.

(B. XLV, 1).

Nd. **149. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson, Þorleifur Jónsson og Lárus Helgason.

4. gr. laganna verði þannig:

Ríkisstjórnin felur forstjóra landsverslunar forstöðu áfengisverslunar ríkisins.

Í samráði við ríkisstjórnina getur forstjóri landsverslunar ráðið mann með lyfsalaprófi til eftirlits með lyfjabúðum og áfengiskaupum þeirra. Hann skal vera ráðunautur landsverslunar um innkaup á nauðsynlegu lyfjaáfengi

og útvegun á lyfjum, umbúðum og hjúkrunargögnum, er talin verða í lyfjasöluskránni og ríkisstjórnin eða lyfjabúðir og læknar með lyfsöluleyfi óska eftir.

Nánari reglur um verkaskiftingu milli forstjóra landsverslunar og eftirlitsmanns lyfjabúða setur ráðherra með erindisbrjefi.

Greinargerð.

Síðan lög um einkasölu áfengis voru sett 1921 hefir gagngerð breyting orðið á áfengissölu í landinu, þar sem svonefnd Spánarvín eru nú orðin að nokkru leyti frjáls verslunarvara. Samtímis hefir sú breyting orðið á um landsverslun, að þar er horfið frá matvöruverslun og að eins verslað með einkasöluvörur ríkisins, steinolíu og tóbak. Eðlilegast og ódýrast virðist því að leggja þessa þriðju vörutegund, sem ríkið hefir einkasölu á, áfengið, einnig undir landsverslun, svo sem í öndverðu var ráðgert af stjórninni 1921, er hún bar fram frumvarp til laga um einkasölu á tóbaki og áfengi samhliða.

Vissulega ætti rekstur einkasöluverslunarinnar að geta orðið ódýrari í einu lagi en tvennu, og engar líkur eru til þess, að landsverslun sje miður fær til að fara með áfengisverslunina en aðrir, sem til þess eru settir. Þörfin á sameiningu vineinkasölunnar við landsverslun er því brýnni, sem litlar líkur eru fyrir fækkun opinberra starfsgreina eða starfsmanna á öðrum sviðum að þessu sinni.

Sú skipun lyfjafræðings til forstöðu áfengisverslunar, sem áfengiseinkasalan frá 1921 gerir ráð fyrir, virðist harla þýðingarlítil, en eftirlitið með lyfjabúðum og læknum þarf engan veginn að vera sameinað þeirri viðtæku áfengiseinkasölu, sem ríkið nú hefir, þótt hjer sje lagt til, að slíkur eftirlitsmaður haldi áfram eins og ráðunautur landsverslunar um kaup og meðferð á lyfjaáfengi, ef stjórnin telur ástæðu til þess.

(B. XLVI, 1).

Nd. **150. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um atvinnu við siglingar, frá 19. júní 1922.

Flutningsmaður: Jón Þorláksson.

1. gr.

b-liður í 4. gr. hljóði svo:
Hefir verið stýrimaður minst 8 mánuði á skipi eigi undir 20 rúmlestum.

2. gr.

g-liður í 7. gr. hljóði svo:

Hefir verið háseti eftir 16 ára aldur minst 36 mánuði á skipum ekki minni en 12 rúmlestir, og af þeim tíma minst 12 mánuði háseti á skipi eigi minna en 20 rúmlestir, eða verið formaður á vjelbát ekki minni en 6 rúmlestir í 24 mánuði og háseti minst 12 mánuði á skipi eigi minna en 12 rúml.

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er hljóði svo:

Nú hefir sá, sem undir prófið vill ganga, siglt 36 mánuði, en ekkert eða eigi nógu lengi á skipum stærri en 20 rúml., skal honum þá leyft að ganga undir prófið og fá prófskírteini, standist hann prófið, en þó skal prófnefnd láta þess getið í athugasemd á prófvottorðinu og í prófbókinni, að prófsveinninn hafi eigi siglt nema á skipum undir 20 rúml., eða hafi hann siglt á skipum yfir 20 rúml., þá hve mikinn siglingatíma vanti á þeim.

Út á þetta prófskírteini má veita skipstjóraskírteini samkvæmt 4. gr. með þeirri athugasemd, að það gildi aðeins fyrir skip upp að 20 rúml.

Út á sama prófskírteini má og veita stýrimannsskírteini samkv. 6. gr. með þeirri athugasemd, að það gildi að eins fyrir skip upp að 30 rúml., uns sá, sem í hlut á, færir sönnur á, að hann hafi verið minst 8 mánuði stýrimaður á 20—30 rúml. skipi. Þegar þessu er fullnægt hefir hann náð fullum rjettindum samkvæmt 4. gr.

4. gr.

b-liður í 10. gr. laganna orðist svo:

Hefir verið stýrimaður í 18 mánuði á fiskiskipi, sem er stærra en 30 rúml., eða skipstjóri á skipi stærra en 20 rúml. Þó skal hann undir báðum tilfellum hafa siglt minst 6 mánuði stýrimaður á skipi, sem er stærra en 60 rúmlestir.

Ef ræða er um rjettindi á eimskipi, sem er stærra en 200 rúml., skal hann hafa siglt minst 12 mánuði undirstýrimaður og 6 mánuði yfirstýrimaður á eimskipi, eða 12 mánuði yfirstýrimaður.

Tveggja mánaða undirstýrimannstími jafngildir eins mánaðar yfirstýrimannstíma. Þó skal hlutaðeigandi hafa siglt minst 6 mánuði yfirstýrimaður eða einasti stýrimaður.

5. gr.

b-liður í 12. gr. hljóði svo:

Hefir verið háseti 36 mánuði eftir 16 ára aldur og af þeim tíma *annaðhvort* 12 mánuði háseti á fiskiskipi stærra en 60 rúml. *eða* 6 mánuði skipstjóri eða stýrimaður á skipi stærra en 20 rúml. og minst 6 mánuði háseti á fiskiskipi stærra en 60 rúml.

Af þessum 36 mánaða siglingatíma skal hann hafa siglt minst 6 mánuði háseti á eimskipi, ef ræða er um rjettindi á eimskipi, sem er stærra en 200 rúmlestir.

6. gr.

Fyrir orðin »30 rúmlestir« í 18. gr. komi: 20 rúmlestir.

7. gr.

Aftan við fyrri málsgrein í 23. gr. bætist: og skal vottorð þetta samþykt af stjórn eða umboðsmanni þess vátryggingarfjelags, sem það eða þau skip voru vátrygð í, sem skipstjórinn var formaður á.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og getur konungur þá gefið lögin, svo breytt, út sem lög um atvinnu við siglingar.

Greinargerð.

Skipstjórafjelagið »Aldan« í Reykjavík hefir farið fram á, að gerðar yrðu þær breytingar á lögum um atvinnu við siglingar, sem frv. þetta felur í sjer. Um ástæður fyrir þessu skal visað til eftirfarandi greinargerðar frá skipstjórafjelaginu:

Með tillögum þeim, sem hjer eru bornar fram, á að reyna að fá lögin endurbætt, og skulu hjer færðar ástæður fyrir þeim tillögum, þar sem þurfa þykir.

Við 1. og 6. gr.

Eins og tekið hefir verið fram hjer að framan, mælir 18. gr. svo fyrir, að stýrimann skuli lögskrá á skip stærri en 30 rúml., en í 4. gr. er ætlast til, að stýrimenn sjeu skráðir á öll skip stærri en 12 rúmlestir. Öllum þeim, sem til sjómensku þekkja, kemur saman um, að með öllu sje óþarft að krefjast lögskráðs stýrimanns á 12 rúmlesta báta, fyrst og fremst af því að þeir hafa sjaldan svo langa útivist, að öll skipshöfnin mun yfirleitt vaka útivistartímann, og því eigi um veruleg vökuskifti að ræða. Þau eiga sjer aðallega stað á stærri bátum, sem eru úti í lengri tíma. Þá ber og á það að líta, að ekki ber íslenska vjelbátaútgerðin sig svo vel, að gerlegt sje að íþyngja útgjöld hennar að ástæðulausu, en það yrði henni gert, ef krafist væri að hafa lögskráða stýrimenn á öllum skipum stærri en 12 rúmlestir.

Fyrir því er farið hjer fram á, að stýrimenn sjeu lögskráðir á öll skip stærri en 20 rúmlestir, og í samræmi við það er farið fram á, að 18. gr. sje breytt.

Hugsanlegt er, að þann skilning megi leggja í 4. og 18. gr., að lögin krefjist ekki, að stýrimenn sjeu lögskráðir á minni en 30 rúmlesta skip, en mönnum sje frjálst að lögskrá stýrimenn á öll minni skip. En þá koma þessar 2 spurningar:

1. Er hver útgerðarmaður sjálfráður um, hvort hann lætur lögskrá stýrimann á skip sitt, sem er minna en 30 rúmlestir?
2. Er meiningin sú, að sá, sem vill ná skipstjórarjettindum á smáskipum, skuli biðja útgerðarmann sinn að gera sjer þann greiða að láta lögskrá sig sem stýrimann?

Ef 1. spurningunni er svarað játandi og útgerðarmaður neitar að lögskrá stýrimann, þá sækist seint að ná skipstjórarjettindum á smáskipum.

Og ef síðari spurningunni er og svarað játandi, þá er eigi úr vegi að benda á, að næsta óviðfeldið er að hafa þau lög, sem þvinga menn til að leita á náðir annara.

Báðum spurningunum ætti að verða svarað neitandi. Útgerðarmenn eiga ekki að hafa úrskurðarvald um, hvort lögskráðir stýrimenn sjeu á skipum þeirra; þeir eiga einungis að ráða, *hvaða* stýrimenn þeir hafa. Og hinu á ekki að hafa lagastaf fyrir, að menn þurfi að snikja sjer út stýrimannsnafn á skipi, sem annars væri ekki hafður stýrimaður.

Við 2. gr.

Það nær engri átt að leyfa mönnum, sem að eins hafa verið á 10—12 rúmlesta vjelbát, að taka að sjer skipstjórn á alt að 60 rúmlesta skipum, eins og mælt er fyrir í umræddum lögum. Fyrir því er farið fram á, að maðurinn hafi siglt nokkurn tíma á eigi minna en 20 rúmlesta skipi. Svo er siglingatíminn og gerður 36 mánuðir, í stað 24 mánaða, og er það í fullu samræmi við siglingakröfur hinna flokkanna.

Siglingatíminn er síst of langur, þótt þetta sje heimtað. Það eru mörg handtökin, sem læra þarf á sjónum, og góður sjómaður verður enginn fyr en eftir alllanga æfingu við ýmiskonar sjóstörf.

Við 3. gr.

Grein þessi er samin vegna þess, að sumstaðar á landinu er allstór vjelbátafloti, og flestir vjelbátarnir þar undir 20 rúmlestum. Þar sem svo stendur á, mundi fjölda manns fyrirmunað að ná smáskipaprófi, ef þeir ættu að hafa siglt á stærri en 20 rúmlesta bátum.

Fyrir því er lagt til, að slíkir menn fái að ganga undir smáskipapróf, en rjettindi þeirra þá takmörkuð með athugasemd á skírteinunum.

Við 4. gr.

Með því að færa hámark smáskipastærðar upp í 60 rúmlestir, þá er um leið mönnum með fiskimannaprófi gert erfiðara en áður var að ná formensku á skipi, af því að þá var miðað við 30 rúmlestir. Eigi verður heldur sjeð neitt því til fyrirstöðu, þó að menn með smáskipaprófi og fiskimannaprófi eigi jafnan aðgang að 30—60 rúmlesta skipum, að öðru jöfnu. Þeir duglegri og aflasælli verða vitanlega teknir fram yfir þá ónýtari.

Fyrir því er lagt til, að haldið verði sömu hámarksstærð skipa og í siglingaatvinnulögunum 3. nóv. 1915 fyrir fiskimannaprófsmenn.

Við 5. gr.

Hafi maðurinn verið háseti í 36 mánuði eftir 16 ára aldur, þá verður að álíta nægjanlegt, að hann hafi verið 12 mánuði háseti á fiskiskipi stærra en 60 rúmlestir. Jafngilt er og talið, hafi maðurinn verið skipstjóri eða stýrimaður á stærra en 20 rúmlesta skipi í 6 mánuði og minst 6 mánuði háseti á fiskiskipi stærra en 60 rúmlestir.

Við 7. gr.

Með viðbót þessari á að fást trygging fyrir því, að menn þeir, sem lokið hafa smáskipaprófi fyrir 1. jan. 1923 og ekki reynst starfi þessu vaxnir, fái ekki að færa stærri en 30 rúmlesta skip.

(B. III, 3).

Nd. **151. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson og Ingólfur Bjarnarson.

Fyrstu 4 greinar frumvarpsins falli burtu.
Greinatalan breytist samkvæmt því.

(B. IX, 3).

Nd. **152. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þskj. 123 (Vörutollur).

Frá Magnúsi Pjeturssyni.

Við I. Tölulið 2. a. skal orða þannig:

Af allskonar kjöti og kjötmeti, fiski, syltuðum ávöxtum, döðlum, hnetum, ávaxtamauki og kandiseruðum ávöxtum 5 kr. af 10 kg.

(B. XLVII, 1).

Nd. **153. Frumvarp**

til laga um mælitæki og vogaráhöld.

Flutningsmenn: Lárus Helgason og Þorsteinn M. Jónsson.

1. gr.

Hver sú verslun, sem mæla skal varning eða vega, skal til þess nota mælitæki eða vogaráhöld, sem löggilt eru og löglega stimpluð. Tæki þessi og áhöld skulu sæta eftirliti af hálfu stjórnarvalda þeirra, er til þess eru nefnd í lögum þessum; en skylt er engu að síður þeim, er þau tæki nota við afhendingu eða móttöku vöru, að sjá um að þau sjeu rjett.

Öll mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til þess að ákveða upphæð tollgjalda til landssjóðs, eða til þess að byggja á þeim vottorð um vigt eða mæli, eða og til annars, sem ákveðið kann að verða, skulu vera löggilt og eftirliti háð.

2. gr.

Framkvæmd þessara laga skulu lögreglustjórar hafa á hendi, hver í sinu umdæmi.

3. gr.

Löggilding á mælitækjum og vogaráhöldum fer fram á þann hátt, að stimplað er á þau löggildingarmerki, sem er fangamark Kristjáns konungs X. með kórónu, og auk þess merki, er gefi til kynna, hvaða ár löggildingin hafi farið fram.

4. gr.

Heimilt er hverjum þeim, sem vogaráhöld og mælitæki þarf að nota, að kaupa þau hvar sem best þykir, en eigi skulu þau notuð fyrri en þau hafa verið löggilt af lögreglustjóra eða öðrum, sem hann setur til þess í sinn stað.

5. gr.

Lögreglustjórum er skylt að sjá um, að kaupmenn og kaupfjelög noti eingöngu löggilt mælitæki og vogaráhöld, og yfirleitt, að haldin sjeu þau ákvæði, sem sett eru um notkun slíkra tækja. Hann getur fyrirvaralaust látið skoða áhöld og tæki til mælis og vogar hjá öllum, sem þau nota eða nota ber, og rannsakað, hvort fylgt hefir verið rjettilega fyrirmælum laga þessara.

6. gr.

Vörumatsmönnum og löggiltum vigtarmönnum skal skylt að athuga, bæði hvort tæki þau, sem notuð eru, sjeu rjett löggilt og merkt, og hvort tæk-

in í raun og veru sjeu rjett, og ber lögreglustjórum að veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar um það og þann stuðning, sem með þarf.

7. gr.

Fyrir eftirlit þetta samkvæmt lögum þessum ber lögreglustjórum engin sjerstök borgun.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 78, 14. nóv. 1917, um mælitæki og vogaráhöld.

9. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða sektum til landssjóðs, frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að fjárhagur ríkisins er ekki svo góður, að rjett sje að halda áfram starfrækslu Löggildingarstofunnar. Margar þingmálafundargerðir bera með sjer, að þjóðin vill að þessi stofnun sje algerlega lögð niður; enda virðast þessar óskir þjóðarinnar vera á miklum rökum bygðar. Fyrst og fremst er kostnaðurinn svo mikill, að ef þingi og stjórn hefði verið fyllilega ljóst, hve mikill hann er, þá væri að öllum líkindum búið að leggja stofnunina niður; því þörfin fyrir hana virðist ekki svo mikil, að hún sje svo dýrt kaupandi sem raun hefir á orðið.

Starfræksla þessarar stofnunar hefir einnig verið mjög óheppileg á ýmsan hátt, svo sem það, að ef lítið eitt hefir þurft að lagfæra vog, þá hefir ekki mátt gera við hana á staðnum, heldur hefir verið heimtað að senda hana til Reykjavíkur, svo Löggildingarstofan mætti leggja á hana sínar högu hendur, jafnt fyrir það, þó hver meðalbúhagur maður hefði getað framkvæmt aðgerðina eins vel á litilli stundu. Kostnaður við þessar sendingar vigtanna til og frá Reykjavík hefir orðið mjög mikill, auk þess hve verkið sjálft hefir verið óheyrilega dýrt, og baginn að missa af þeim um langan tíma (oft svo mörgum mánuðum skiftir, jafnvel missirum, t. d. úr Skaftafellss.). Þetta eitt út af fyrir sig væri fullnóg til þess að dauðadæma slíka stofnun.

Ef þörf krefði, væri hægt að benda á fleira, sem mælir með því, að hjer er um nauðsynlega breytingu að ræða, og það því fremur, sem eftirlit með mælitækjum og vogum virðist best komið í höndum lögreglustjóranna; sýnilegt, að ef þörf er á slíku eftirliti af hálfu hins opinbera, þá verður það miklu betur af hendi leyst af lögreglustjórunum heldur en Löggildingarstofunni, og fje landsmanna sparað árlega svo tugum þúsunda skiftir.

(B. XXVIII, 2).

Ed. **154. Nefndarálit**

um frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir nú athugað frumvarp þetta og jafnframt ýmislegt annað, er málefni þetta snertir fyr og síðar. Eftir þessa athugun er nefndin samhuga um að leggja það til við þessa háttv. deild, að frv. verði felt.

Á sýslufundi Árnesinga 1. mars þ. á. kemur það fram, að nefndinni virðist rjett, að athugað sje, hvort ekki sje rjett að setja heimildarlög um ófriðun sels, t. d. með verðlaunum fyrir seladráp.

Þar sem nú til eru heimildarlög gagnvart þessum atriðum, eður lög nr. 24 frá 22. okt. 1912, þá litur nefndin svo á, að við þau lög megi fyllilega hlíta, bæði að því er Ölfusá snertir og aðrar veiðiár landsins, þar sem selur leggst í.

Eftir þeim lögum er ófriðun sels eingöngu innanhjeraðsmál, eins og nefndin telur eðlilegast, enda hefir löggjafarvaldið gengið meir og meir inn á þá braut að leyfa hjeraðsstjórnum að vera einráðum um það, hvernig þær skipa sínum sjerstöku málum eftir heimildarlögum. Staðhættir eru í ýmsum greinum svo ólíkir á landi hjer, að slík aðferð er ómissandi.

Alþingi, 16. mars 1923.

Guðm. Ólafsson, formaður.	Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.	Sigurður Jónsson, framsögum.

(B. XLVIII, 1).

Nd. **155. Frumvarp**

til laga um breytingu á samkomutíma reglulegs Alþingis.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson og Þorsteinn M. Jónsson.

1. gr.

Reglulegt Alþingi skal jafnan koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði, nema konungur hafi ákveðið annan samkomudag á sama ári.

2. gr.

Alþingi kemur fyrsta sinn saman eftir lögum þessum 1. júlí 1924.

Greinargerð.

Kostir og ókostir vetrarþinga hafa oft verið taldir og vegnir á móti kostum og ókostum sumarþinga. Hefir á ýmsu oltið um þann samanburð. En hvað sem honum líður, þá verður því eigi neitað, að miðvetur er miklu hæpnari samkomutími fyrir Alþingi en miðsumar, og vita allir, sem kunnugir eru vetrarfari á Norðurlandi og austanlands, að þeir ísrekavetrar koma öðru hverju, sem hamlað geta öllum skipaferðum á þessum slóðum um lengri eða skemri tíma vetrar og gera allar siglingar með ströndunum hættulegar. Það hefir einnig reynst svo, að vetrarþing hafa eigi lengi verið vinsæl.

Alla þá tíð, sem Alþingi var háð á Þingvelli, eða um 870 ár, var það að sumri haldið. Svo var einnig frá því það var endurreist 1845 alt til 1909, er það í fyrsta sinn var að vetri háð. En að því sinni stóðu vetrarþing að eins til 1911, og var 1912 aftur horfið að sumarþingum, sem síðan hjeldust til 1920, er núgildandi stjórnarskrá batt þinghald við miðvetur, og þó á þann hátt, að breyta mætti þinghaldstíma með einföldum lögum. Segja má því, að skammæ sje reynsla vetrarþinga, en þótt svo sje, þá hefir hún ljóslega sýnt, að á henni eru margir annmarkar, svo sem kostnaðarauki við hitun og lýsingu þinghússins, dýrari, seinni og erfiðari ferðir þingmanna, þunglegri og seinlátari vinnubrögð vegna vetrardrungans og óhaganlegrar aðstöðu aðkominna, heimilislausra þingmanna og margs annars, sem nánar mun greint í framsögu.

(B. XLIX, 1).

Nd. **156. Frumvarp**

til laga um mentaskóla Norður- og Austurlands á Akureyri.

Flutningsmaður: Þorsteinn Jónsson.

1. gr.

Við gagnfræðaskólann á Akureyri, sem eftirleiðis kallast mentaskóli Norður- og Austurlands, skal bætt lærdómsdeild. Hún hefir rjett til að útskrifa stúdenta til háskóla Íslands. Stjórnarráð Íslands semur, í samráði við skólameistara og kennara gagnfræðaskólans á Akureyri, reglugerð handa skólanum og gefur hana út.

Þangað til sú reglugerð verður samin starfar skólinn með líku sniði, og verða í honum kendar sömu námsgreinar, sem í lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík.

2. gr.

Kennarar skólans eru fimm, og er einn þeirra skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með kennurum skólans, nemendum hans, húsum, áhöldum og eignum. Um laun kennara og skólameistara fer sem ákveðið er í launalögum.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1923.

Greinargerð.

Krafan um stofnun mentaskóla á Norðurlandi er ekki ný, þótt ekki hafi fyr verið á Alþingi flutt frv. um slíkt. Í kringum 1850 var krafist endurreisnar Hólaskóla. Upphafsmaður Möðruvallaskóla, Arnljótur prestur Ólafsson, ætlaðist í fyrstu til, að sá skóli yrði bæði gagnfræðaskóli og stúdentaskóli. Ekki tókst þó að gera Möðruvallaskóla nema gagnfræðaskóla. Fjörutíu árum síðar en hreyft var stofnun Möðruvallaskóla var vakið máls á því í blaðinu »Norðurlandi«, að þörf væri á mentaskóla á Akureyri. Í sama streng tóku þeir og Stefán Stefánsson skólameistari, Guðmundur prófessor Hannesson, Þorkell kennari Þorkelsson og Matthías skáld Jochumsson. Það mun hafa vakað fyrir formælendum þessa nýmælis, að nám væri ódýrara á Akureyri heldur en í Reykjavík, enda má fortakslaust fullyrða, að námskostnaður yfir skólaárið sje 1000 krónum lægri á Akureyri en í Reykjavík. Telja má og dæmi þess, að árlega hafa margir efnilegustu nemendur gagnfræðaskólans á Akureyri sakir dýrtíðar í höfuðstaðnum orðið að hverfa frá mentaskólanámi. Kemur hjer fram hið mesta misrjetti. Deila má um, hvort heppilegt sje, að mjög margir verði stúdentar í landi, sem er jafnfáment og fábrevtt að atvinnuvegum og vort land er, en um hitt verður ekki deilt, að hæfileikar og áhugaefni eiga að ráða því, hverjir verði stúdentar og stunda fá vísindanám, en ekki hitt, hvort þeir eiga efnaða vandamenn að eða hvar menn eiga heima á landinu. Samkepni meðal skólanna ætti og að hafa góð áhrif á þá.

Helsta mótbáran gegn frv. þessu verður að líkindum aukinn kostnaður fyrir ríkissjóð, en hann ætti ekki að verða jafnmikill og virðast mætti í fljótu bragði. Unglingaskólar ættu að miklu leyti að geta veitt fræðslu gagnfræðadeildar og takmarka tölu nemenda í hinum fyrirhugaða mentaskóla, svo að engum bekk þurfi að skifta. Af því leiðir, að ekki þarf að bæta við nema einni kenslustofu við skólahúsið á Akureyri, og kostar sú viðbót örlítið. Auka verður kenslukrafta skólans, er allir bekkir lærdómsdeildar eru teknir til starfa.

En aukning kenslukraftanna nyrðra ætti ekki að kosta miklu meira en spara má kennara syðra, er norðanmenn hætta að sækja nám í mentaskólanum.

Frumvarp þetta, ásamt framanskráðri greinargerð, er samið af skólameistara gagnfræðaskólans á Akureyri og flutt samkvæmt áskorun frá honum og þingmálafundum nyrðra.

(A. XVII, 3).

Nd. **157. Nefndarálit**

um frv. til laga um afnám yfirskjalavarðarembættisins við þjóðskjalasafn Íslands.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar hefir horfið að því ráði að mæla með því, að frv. þetta nái fram að ganga óbreytt að aðalefni til, þótt lagt sje til, að með nokkuð breyttu orðalagi sje.

Jeg hefi ekki getað fylgt háttv. meiri hluta í þessu efni, og tel hjer stofnað til svo mikils óráðs og skaða, að jeg vil ráða háttv. deild til þess að fella frv. með öllu, hvort sem er í einum búningi eða öðrum, svo framarlega sem í því felst sú aðalhugsun stjórnarfrumvarpsins, að þessi tvö dýrmætu söfn landsins fái ekki að halda hvort sínum verði og yfirmanni. Skal jeg nú benda á helstu ástæður mínar fyrir þessu.

Í söfnum þessum er saman komið margt af því, sem vjer eigum dýrmætast og óbætanlegast, bækur, sem með öllu eru ófáanlegar, og frumrit að skjölum fornum og merkum, sem hverri menningarþjóð þykir sjálfsagt að varðveita sem best, auk þess sem í þessum söfnum er svo mikill auður í krónutali, að ekki tekur tali, hve mikið er undir því komið, að geymsla þessara safna fari sem best úr hendi og vakað sje yfir því með sífeldri árvekni, að þau spillist ekki. En svo er það, að söfnin eru ekki til þess eins að geymast, heldur og til þess, að alþjóð megi verða að sem mestum og bestum notum, en í því efni er engis meiri þörf en verulega góðrar og natinnar umsjónar við söfnin og stjórnar.

Þetta gera flestar eða allar þjóðir sjer far um að hafa í sem allra bestu lagi, og það er með rjettu talið svo, að hverju menningarríki tilheyri að hafa sitt ríkisbókasafn, hverju nafni sem það er nefnt, og sitt þjóðskjalasafn, og gæsla þessara safna er falin ágætustu mönnum og þykir með allra fremstu trúnaðarstörfum þjóðanna.

Okkar söfn eru ekki gömul. Landsbókasafnið er rúmrar aldar gamalt, og þó orðið talsvert gott safn og umfangsmikið, eftir okkar mælikvarða. En þjóðskjalasafnið er í raun rjettri ekki nema um aldarfjórðungs gamalt, því að svo má heita, að núverandi þjóðskjalavörður hafi komið því upp. Þarf varla getum að því að leiða, hvort það mundi nú svo áleiðis komið, ef það hefði verið aukastarf

landsbókavarðar að gæta þess. Í því eru nú senn nálægt 30000 bækur og bögglar, og má hver, sem þangað kemur, sjá í fljótu bragði, hvort það er ekki allumfangsmikið. Það fer og hraðvaxandi, því að því hverfa margir straumar. Væri það undarlega dregin ályktun af reynslunni með þetta safn, að komast að þeirri niðurstöðu, að því væri nú jafngott að vera án yfirskjalavarðar, þegar búið er að athuga, hver áhrif það hefir haft á vöxt þess og viðgang að hafa yfir sjer yfirskjalavörð um fjórðung aldar. Vex þó jafnan þessi þörf, en minkar ekki, eins og gefur að skilja.

Þegar ræða er um það að sameina forstöðu beggja safnanna undir einum manni, þá er á það að líta, hvort þessi tvö störf sjeu svo lík, að sennilegt sje, að einn maður geti hvorttveggja rækt með árangri.

Bókavörður þarf að vera maður víðsýnn og víðlesinn, bókfróður innan lands og utan, þaulkunnugur bókasöfnum og störfum við þau.

Skjalavörður þarf að vera sjerfræðingur í sinni grein, þekkja hvert plagg og hafa þann kærleika til þess, sem í safninu er, sem skapast af því að fást við það og annað ekki.

Það er ekki að eins mismunandi þekkingarsvið, sem af þessum tveim mönnum er krafist, heldur mismunandi eðlisfar.

En auk þess er það algild regla, að menn geta ekki skift sjer milli tveggja eða margra starfa þannig, að þeir ræki bæði eða öll jafnvel. Og það er víst, að í þessu tilfelli, þar sem um svo ólík störf er að ræða, mundi jafnan annað starfið ná hverjum manni á sitt vald, og hitt væri þá vanrækt. Mundi þá forstaða þess safnsins, sem út undan yrði — og það yrði líklega oftast þjóðskjalasafnið, af því það er minna — lenda í höndum aðstoðarmanns við safnið, manns, sem ekki bæri í raun rjettri ábyrgðina á safninu. Slíkur aðstoðarmaður gæti að vísu, ef vel til tækist, annast nokkurnveginn daglega afgreiðslu á safninu, og væri þó heppilegra að skjalaverðir þeir væru ekki alveg eins skammæir í starfinu og reynslan hefir oft orðið um aðstoðarmenn við landsbókasafnið og vonlegt er, sakir illra launakjara. En um alt framtak fyrir safnið og brennandi áhuga á því væri þá úti, þegar það væri orðið að hálfgildings útibúi frá landsbókasafninu. Mundi skjalasafnið eða landsbókasafnið eða þau bæði án efa verða fyrir miklu meira tjóni af sameiningu þessari heldur en því, sem nemur launum þjóðskjalavarðarins.

En auk þess, að fjarstæða er að halda, að maður fáist, sem jafnvígur sje á bæði þessi óskyldu störf landsbókavarðar og þjóðskjalavarðar, og hafi jafnmikinn áhuga fyrir báðum störfunum, þá eru þessi störf nú svo, að hvort um sig þarf alla krafta eins manns. Hver, sem nokkuð þekkir til safnanna, veit, að nú eins og er vantar mikið á, að störfum safnanna sje vel annað, og eitthvað annað en fært sje að fækka mönnum og minka vinnukraftinn við söfnin. Það er óhugsandi og óhæfilegt, enda kemur ekki til neinna mála að hafa minna en tvo menn við skjalasafnið. Því að bæði er erfitt og ekki vel heppilegt að banna svo lærðum mönnum, eins og skjalaverðir hljóta að vera, eigi nokkuð lið að vera í þeim, að stinga niður penna og lofa öðrum að njóta fróðleiks síns, enda þurfa einhverjir að vinna að útgáfum, sem á rannsóknum á skjalasöfnum byggjast, ef á

annað borð er ekki stefnt beint að því að hætta allri bókmentaviðleitni — og svo er óhætt að segja það, að þó að tveir menn störfuðu af kappi í heilan mannsaldur eingöngu í safnsins þarfir í þrengstu merkingu, þá væri samt nóg starf eftir handa öðrum tveimur í næsta mannsaldurinn. Það er ákaflegt verk, næstum að segja ótæmandi verk, að koma skjalasafninu í lag. Og þá, þegar svo er ástatt, á að svifta það forstöðunni, og helst að heyra, að varla eigi einu sinni að láta neinn koma í skarðið. Þá er ekki heldur kvartað undan of miklum mannafla á landsbókasafninu, heldur þvert á móti.

Þessi tvö söfn eru nú undir einu þaki, og það er líklega það, sem gerir öll þessi undur, að menn taka nú að imynda sjer, að hjer sje í raun rjettri ekki nema um eina stofnun að ræða. En nú er að því komið, að hvorugt þessara safna fer að komast fyrir í húsnæði sínu. Landsbókasafnið þarf á öllu húsinu að halda og mun innan skams rýma öllu öðru þaðan, enda ráð fyrir því gert þegar í byrjun, að svo mundi bráðlega fara. Verður mönnum þá ef til vill ljósara, að ekki muni hægt að sameina báðar þessar stöður, sem bjer er rætt um, enda ánægjan af sameiningunni þá helst sú að heiðra þann mann, sem myndað hefir þetta dýrmæta safn og aukið svo mjög með áhuga sínum og bjargað slíkum sæg merkilegra hluta frá því að glatast eða fara úr landi, heiðra hann að lokum með því að telja starf hans óþarft og ekki nema mátulegan viðbæti við annað, allerfitt embætti.

Alþingi 1919 hafði þetta sama mál til meðferðar. Kom það þá í mentamálanefnd, og lagði hún eindregið á móti, enda var það þá felt með heiðri og sóma. Nú hefir öðruvísi tekist til um undirtektir þingnefndar, en vonandi er, að hið háa Alþingi geri ekki íslenska ríkinu þá hneisu, það menningartjón og þann fjárhagslega skaða, sem afnám þjóðskjalavarðarembættisins væri. Að vísu má búast við því, að þetta embætti yrði tekið upp aftur bráðlega, því að nauðsyn þess kemur strax í ljós, er það er afnumið, en lítill væri þá heiður þessa þings, að hafa svo hlaupið á sig, þvert ofan í fengna reynslu um viðgang safnsins áður en það fjekk sinn sjerstaka yfirmann og síðan.

Að tala um sparnað í þessu sambandi er varla sæmilegt. Það, sem sparaðist, er mismunur launa reglulegs þjóðskjalavarðar og aðstoðarmanns, og þegar það er skoðað í sambandi við góða eða ljelega stjórn á söfnum, sem kosta miljónir og eru enda óbætanleg, þá er vonandi, að hið háa Alþingi gefi þeirri fjármálastefnu sinn rjetta vitnisburð.

Alþingi, 17. mars 1923.

Magnús Jónsson,
fundaskrifari allshn.

(B. L, 1).

Nd. **158. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 11, 18. mai 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 7. Þegar þannig hafa bætst við þingmenn, breytist tala þeirra, er skipa neðri deild Alþingis.

2. gr.

Á eftir 6. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Kjörfund skal setja eigi síðar en kl. 10 árdegis.

b. Kosning má fara fram á svo mörgum stöðum í bænum sem bæjarstjórn telur nauðsynlegt. Má þá skifta kjósendum í kjördeildir eftir bæjarhlutum eða eftir stafrófsröð á kjörskrá. Heimilt er að láta tvær eða fleiri kjördeildir kjósa í sama húsi, en sjeu tvær eða fleiri kjördeildir í sama herbergi, skulu þær vera skýrt aðgreindar með auglýsingum og gengið frá kjörklefum samkvæmt ákvæðum kosningalaga.

Nú er bænum skift í kjördeildir eftir bæjarhlutum, og skulu þá kjósendur kjósa í kjördeild þess bæjarhluta, þar sem þeir eiga heimilisfang eftir kjörskránni, þótt þeir sjeu fluttir á annan stað í bænum, þegar kosning fer fram.

Þá er kosningu er slitið í einni kjördeild, skal kjörstjórn þeirrar kjördeildar þegar í stað afhenda kjörstjórn næstu kjördeildar kjörskrárnar. Geta þá þeir kjósendur, sem áttu eftir að greiða atkvæði, fengið að kjósa þar.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu almennar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Frv. um sama efni var flutt á Alþingi 1921, og vísast til ástæðna fyrir frv. í Alþt. 1921, A. bls. 531—532.

(B. LI, 1).

Nd. **159. Frumvarp**

til laga um kosning þingmanns fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Flutningsm.: Einar Þorgilsson og Jón Baldvinsson.

1. gr.

Hafnarfjarðarkaupstaður skal vera sjerstakt kjördæmi og hafa 1 alþingismann. Þegar þannig hefir bætst við þingmaður, breytist tala þeirra þingmanna, er skipa neðri deild Alþingis.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu óhlutbundnar kosningar.

Greinargerð

fyrir frv. er að finna í Alþt. 1922, A. bls. 188.

(B. LII, 1).

Nd. **160. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913. [*Herpinótaveiði*].

Flutningsm.: Jón Sigurðsson og Magnús Guðmundsson.

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. orðist svo:

Sömuleiðis er sýslunefnd Skagafjarðarsýslu heimilt að gera samþykt um síldveiði með herpinót á Skagafirði innan línu milli syðri enda Þórðarhöfða, norðurenda Drangeyjar og þaðan sömu stefnu á Skaga.

2. gr.

Í stað »500 kr.« í 6. gr. komi: 3000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir áskorun almenns hjeraðsfundar á Sauðárkróki, og er ástæðan sú, að þeir, sem fiskveiðar stunda á Skagafirði, eru þess fullvissir, að herpinótaveiði innarlega á firðinum spilli mjög fiskigöngu á innanverðum firðinum, og kemur þetta sjerstaklega hart niður á Sauðárkróksbúum, sem stunda veiði inst á firðinum.

(B. LIII, 1).

Nd. **161. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

Flutningsmenn: Jakob Möller, Pjetur Ottesen, Hákon J. Kristófersson, Þórarinn Jónsson, Þorl. Guðmundsson, Benedikt Sveinsson, Einar Þorgilsson og Lárus Helgason.

1. gr.

Ráðuneytinu heimilast að veita fyrirhuguðu hlutafjelagi, sem þeir Eggert bóndi Benediktsson í Laugardælum, Gunnar konsúll Ólafsson í Vestmannaeyjum, Morten kaupmaður Ottesen í Reykjavík, Sigurður hæstarjettarmálaflutningsmaður Sigurðsson í Reykjavík og Þórður kaupmaður Sveinsson í Reykjavík eru nú í framkvæmdarnefnd fyrir, hlunnindi handa banka, er fjelagið ætlar að stofna í Reykjavík, þau er hjer segir:

a. Bankanum skal heimilt að reka sparisjóðsstörf samkvæmt 4. gr. laga nr. 44, 3. nóv. 1915, og hafa rjett til þess að innkalla handhafa sparisjóðsbóka samkvæmt 2. gr. sömu laga.

Ef viðurkenning fyrir innláni glatast, getur bankinn einnig innkallað handhafa hennar með sama hætti.

b. Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanskilið kyrrsetningu og löghaldi.

c. Bankinn hefir sem handveðshafi rjett til þess að selja sjálfur veðið við opinbert uppboð, en að öðru leyti samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum um veð, 4. nóv. 1887, 1. gr.

d. Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða annara stofnana. Í þess stað skal bankinn gjalda í ríkissjóð hluta af hreinum ársarði sínum, sem ákveðst þannig:

Frá ársarðinum dragist fyrst hæfileg fjárhæð til afskriftar af væntanlegu bankahúsi og innanstokksmunum, þar næst beint áfallið tap bank-

ans og síðast 15% af hlutafjenu til varasjóðs og 5% til hluthafaarðs. En af því, sem þá verður eftir, greiðist ríkissjóði:

2½% af fyrstu 50 þús. kr.
5% af öðrum 50 þús. kr.
7½% af þriðju 50 þús. kr.
10% af fjórðu 50 þús. kr. og
15% af því, sem þá verður fram yfir.

Hlunnindin samkvæmt lögum þessum haldast fyrst um sinn þann tíma, sem nú er eftir af hlunnindatíma Íslandsbanka, samkvæmt lögum nr. 11, 7. júní 1902, og auglýsingu nr. 48, 25. nóv. 1903.

e. Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem útgefast af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar, hlutabrjef bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

2. gr.

Hlunnindi þau, sem ræðir um í 1. gr., ná einnig til útibúa þeirra, sem bankinn kann að setja á stofn.

3. gr.

Hlunnindi þau, sem í 1. gr., sbr. 2. gr., segir, eru þessum skilyrðum bundin:

a. Hlutafje bankans má eigi vera minna en 2 miljónir og eigi meira en 6 miljónir króna, og skulu að minsta kosti 55% hlutafjárins boðin út innanlands í hálft ár eftir að lögin öðlast gildi. Meiri hluti bankastjórnar (bankaráðs) sje Íslendingar, búsettir á Íslandi.
b. Bankinn skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.
c. Ráðuneytið skipar einn af þrem endurskoðendum bankans.
d. Bankinn skal jafnan hafa í auðseldum verðbrjefum, er ráðherra tekur gild, sem svarar 10% af sparisjóðsfje því, sem hann geymir hverju sinni, til tryggingar því.
e. Reikninga bankans skal birta opinberlega á þann hátt, sem leyfisbrjef segir til.
f. Bankinn má ekki lána fje gegn trygging í hlutabrjefum sjálfs sín.
g. Bankinn skal taka til starfa fyrir árslok 1924.
h. Ráðuneytið getur sett bankanum frekari skilyrði í leyfisbrjefinu, ef þörf þykir, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skylt frumvarp þessu, um stofnun þriðja bankans hjer á landi, kom fram á Alþingi 1920, en varð ekki ráðið til lykta sakir tímaskorts, þótt frumvarpið hefði mikið fylgi. Einasta mótbára, sem þá kom fram, var sú, að hjerverandi bankar væru fullkomlega einfærir um viðskiftin, þannig að ef þörf væri aukins veltufjár, gætu þeir auðveldlega aflað þess.

Síðan 1920 hefir mikil breyting á orðið í þessu efni sem mörgu öðru, er viðkemur viðskiftum. Þótt núverandi bankar hafi gott lánstraust erlendis, hefir Alþingi engu að síður orðið að heimila nýjar lántökur til þess að afljetta peningakreppu í landinu.

Það er því bersýnilegt, og um það blandast engum hugur, að hjer er skortur veltufjár, og þó einkanlega í erlendum gjaldeyri. Reynslan hefir sýnt, að allar lántökur eru torveldar og lánin dýr. Ríkið verður að taka á sig ábyrgð lánanna og greiða háa vöxtu af þeim.

Ef þetta frumvarp nær fram að ganga, yrði farin alt önnur leið til þess að auka veltufjeð, og jafnframt dregið úr svokölluðum »lausum skuldum« landsmanna erlendis, en þessar skuldir eru aðallega taldar hafa óhagkvæm áhrif á gengi íslenskra peninga.

Þeir peningar, sem inn í landið koma við stofnun þessa banka, eru látnir af hendi án nokkurrar ábyrgðar hins opinbera. Hluthafar einir bera ábyrgð á þeim og alla áhættu. Bankinn mundi að eins starfa með hlutafje sínu og ef til vill (að minsta kosti er tímar liðu fram) með sparisjóðsfje, sem hvorttveggja fengist með vægari kjörum en lánsfje það, sem nú er óðfluga gripið til. Það eru því líkur til þess, að bankinn yrði fremur til að lækka forvexti en hækka þá.

Öðrum bönkum, sem hjer eru starfandi í landinu, ætti að geta orðið beinn styrkur að þessum nýja banka, með því að hann gæti ljett af þeim viðskiftum, er þeir eiga óhægt með að annast, og á þann hátt stutt að því, að þeir gætu betur og óskiftari sint þeim kröfum, sem þeir vildu helst láta sitja í fyrirrúmi og telja fyrst og fremst í verkahring sínum að styrkja með lánveitingum.

Í frumvarpi þessu er í raun og veru ekki að ræða um nokkur forrjettindi, því að hjer er ekki farið fram á meiri rjettindi, heldur þvert á móti minni, en samskonar stofnun hefir nú að lögum, og þetta sjerleyfi á ekki að standa lengur en Íslandsbanki nýtur sinna rjettinda.

Frumvarpið áskilur Íslendingum forkaupsrjett að fullum helmingi hlutafjárins ákveðinn tíma, en síðan megi selja afganginn erlendis, og er þar með heimiluð undanþága frá núgildandi hlutafjelagslögum; þó tryggir frumvarpið Íslendingum ætíð yfirstjórn bankans.

Stjórn bankans mundi verða í höndum bankaráðs, er hagaði þannig störfum sínum, að það svo að segja daglega tæki þátt í öllum ákvörðunum um lánveitingar og aðra starfsemi bankans.

Um hlutafje til þessa fyrirhugaða banka skal þess getið, að erlendis hefir verið unnið að undirbúningi hlutafjársöfnunar til bankans, og hafa undirtektir reynst svo góðar, að full ástæða er til að ætla, að nægilegt fje fáist.

(B. II, 4).

Ed. **162. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919. [*Ritsíma- og talsímakerfi*].

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Aftan við lagagreinina bætist:
Lína frá Þórshöfn til Skála og frá Þórshöfn til Gunnólfsvíkur.

(C. V, 2).

Ed **163. Þingsályktun**

um húsnæði fyrir opinberar skrifstofur í Reykjavik.

(Afgreidd frá Ed. 17. mars).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að hefja nú þegar samningaumleitanir við stjórn Landsbankans um að fá til umráða þann hluta af hinu nýja húsi bankans, er hann sjálfur þarf ekki að nota, en landsstjórnin hins vegar kynni að hafa þörf fyrir til skrifstofuhalds o. fl. í þarfir ríkisins.

(A. XI, 6).

Nd. **164. Viðauka- og breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá Magnúsi Pjeturssyni.

1. Við 3. gr.
Á eftir greininni komi 2 nýjar greinar, svo látandi:

a. Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á geðveikrahæli, gamalmennahæli eða sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala, þá greiðir framfærslusveit hans $^2/_3$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 krónur á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði,

en ekki gildir ákvæði þetta nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Þessi lagafyrirmæli gilda einnig um þá sjúklinga, sem komið er fyrir utan heimilis síns, þótt ekki sjeu þeir á þeim stöðum, sem að ofan eru greindir, ef læknir telur slíkt nauðsynlegt.

Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög fara í bága við þessa grein.

Engan þann styrk, sem veittur er samkv. þessari grein, en undir meðlagskostnað telst lyf og læknishjálp, má skoða sem sveitarstyrk.

b. Nú er manni, sem á framfærslurjett hjer á landi, veittur sveitarstyrkur erlendis, og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk, alt að 400 kr. um árið. Það, sem þar er fram yfir, greiðist úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess þurfamanns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til framfærsluhreppsins, ef til slíks flutnings kemur.

Styrkur samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan er ekki afturkræfur.

2. Við 4. gr.

Greinina skal orða svo:

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 32., 36., 37., 77. og 78. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905. Sömuleiðis lög nr. 61, frá 27. júní 1921, um breytingu á þeim lögum, og önnur ákvæði, sem koma kunna í bága við lög þessi.

(B. LIV, 1).

Nd. **165. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 41, 11. júlí 1911, um breyting á lögum nr. 57, frá 22. nóv. 1907, um vegi.

Flutningsmenn: Eiríkur Einarsson og Þorl. Guðmundsson.

Ríkissjóður kostar viðhald flutningabrautarinnar frá Reykjavík austur um Ölfus og Flóa að Þjórsárbrú.

Kostnaður við viðhald Ölfusárbrúar og Þjórsárbrúar greiðist einnig úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það er langt síðan því var fyrst hreyft af hálfu þeirra hjeraða, sem hlut eiga að máli, að viðhaldskostnaður flutningabrautarinnar austur Ölfus og Flóa ætti að rjettu lagi að hvíla á ríkissjóði. Frumvörp í þessa átt voru fyrir þingi 1911 og síðan 1914, en náðu ekki framgangi, og heiman úr hjeraði, frá Árnesingum, hefir krafan um þetta orðið ákveðnari með ári hverju. Sýslunefnd og þingmálafundir Árnesinga hafa nú ár eftir ár krafist þess, að viðhaldskostnaðinum verði ljett af sýslufjelaginu, og síðasta og allra ákveðnasta tillaga í þá átt var samþykt í einu hljóði á síðasta fundi sýslunefndarinnar, í lok fyrra mánaðar.

Þó að þessu áhugamáli Árnesinga hafi enn eigi orðið framgangs auðið á Alþingi, erum við flutningsmennirnir vissir um, að það á fullan rjett á sjer, einkum eins og nú er komið með brautina og not hennar.

Með vegalögum 1907 var viðhaldsskyldan á Flóabrautinni lögð á herðar Rangæingum að $^1/_3$ hluta, en frá 1. janúar 1914 var þessu breytt á þann veg, að Árnesingar urðu að takast á hendur viðhald brautarinnar, einnig að þessum $^1/_3$ hluta. Þótt viðhaldskafli landssjóðs væri þá lengdur frá Reykjarjettum í Ölfusi austur fyrir Ingólfsfjall, vakti sú breyting óánægju, að vegarviðhaldinu milli Ölfusár og Þjórsár skyldi vera breytt til íþyngingar Árnesingum, frá því sem áður var ákveðið, þótt Rangæingum hinsvegar væri þess vel unt að vera þar lausir mála.

Þá er á það að líta, að vegagjöld Árnesinga eru orðin svo þungbær skattur hjeraðsbúum, að þeir fá ekki rönd við reist. Staðhættir margskonar, aðstaðan til höfuðstaðarins o. fl. veldur því, að þar hefir orðið nauðsynlegt að leggja meira fje til vegagerða og vegaviðhalds en í nokkurri annari sýslu landsins. Hafa útgjöld sýslusjóðsins farið hraðvaxandi ár frá ári upp á síðkastið, jafnframt því sem geta almennings til að inna þær kvaðir af höndum hefir minkað. Nægir þar að geta þess, að síðasta ár voru greiðslur úr sýslusjóðnum nær 25 þúsund kr. til vegabóta. Ef engu verður af ljett, munu þessar upphæðir enn aukast, og þótt frv. til laga um sýsluvegasjóði næði framgangi, eru byrðarnar svo miklar engu að síður, að þær eru sýslufjelaginu ofætlun.

Það yrði of langt mál að lýsa hjer hinu langa og kostnaðarsama veganeti sýslunnar, en aðeins skal þess getið, að samkv. skýrslu frá skrifstofu vegamálastjóra eru flutningabrautir sýslunnar, þær er hún verður nú þegar að standa straum af, að viðbættum þeim, sem þegar eru gerðar, en óafhentar sýslufjelaginu enn sem komið er, en henni ætlaðar, um 62 km. að lengd, en svo bætist við hin fyrirhugaða flutningabraut frá Brúará að Geysi, 27 km. Auk þess eru akfærir sýsluvegir langir og kostnaðarsamir þar í sýslu. Ætti þetta að nægja til að sýna, hvert bákn og ofraun vegirnir eru að verða Árnesingum, og kemst þar ekkert sýslufjelag til jafns við, þótt fleiri eigi fult í fangi. Það yrði því nóg eftir handa sýslunni, þótt veginum frá Ingólfsfjalli austur að Þjórsá verði ljett af, en sá kafli er á lengd um 21,5 km. En sú ástæðan, sem í þessu máli ætti að vera drýgst á metunum og tryggja frv. greiðan framgang, er enn ótalin. Vegarkaflinn, sem hjer er æskt að ríkissjóður taki að sjer, er miklu meira notaður af öðrum en Árnes-

ingum. Í sýslunni eru 16 hreppar, en nú verður ekki sagt, að Flóabrautin sje kaupstaðarleið fleiri en 4 eða 5 hreppanna, og nokkuð þeirrar leiðar, hið næsta Þjórsá, þó enn færri, og austasti spölurinn er einungis kaupstaðarleið þeirra, er austan yfir Þjórsá koma. Hinsvegar er allur þessi vegur kaupstaðarleið svo að kalla allra Rangæinga, annara en þeirra, sem versla við kaupfjel. Hallgeirseyjar. Sama er að segja um umferðina með rekstra til slátrunar, nema hvað not Rangæinga verða þar enn meiri.

Höfum við hjer aðeins drepið á umferðina af hálfu hjeraðsmanna austanfjalls, en eigum eftir að minnast á það, sem allra mestu veldur um slit og viðhaldsþörf brautarinnar, en það er *bifreiðaumferðin*. Þeir, sem búa í nánd við veginn, verða þess fljótt varir, hvaða umferðar gætir mest á þeim slóðum. Það eru tvímælalaust bifreiðarnar. Eftir að vegir verða bílfærir að vorinu, og fram á vetur, eru bifreiðarnar langtíðustu vegfarendurnir á flutningabrautinni, og það svo mjög, að önnur vegferð verður sem að engu í þeim samanburði. Flóabrautin er því fyrst og fremst orðin þjóðleið i orðsins fylstu merkingu, alfaravegur og greiðasta og langfjölfarnasta gata höfuðstaðarbúa, er þeir leita að sumrinu út úr bæjarrykinu til fegurri og heilnæmari staða, og þar eru þeir á rjettri leið. — Þessu til skýringar viljum við benda á skýrslu vegamálastjóra um vegfarendur á austurleiðum, er þingið á kost á að kynna sjer, og sannast þar með talningu, er fram hefir farið, hve umferðin hefir aukist stórkostlega hin síðustu árin, og er þar vart um aðra en Reykvíkinga að ræða, því að ekki fjölgar Árnesingum svo, að þeir hækki þessa tiltölu.

Það er því þannig komið, að bifreiðarnar, Reykjavíkurbifreiðarnar, mæða margfalt meira á þessum vegarkafla en umferð Árnesinganna, er verða að greiða kostnaðinn, sem slitið hefir i för með sjer, slit af notum þeirra farartækja, er vegirnir voru aldrei gerðir fyrir. Væntum við því, að slíkt sanngirnismál sem frv. þetta verði auðsótt.

Væntum við ennfremur, að það verði athugað, er mál þetta kemur til úrslita, að við Árnesingar höfum afarilla aðstöðu til að nota ríkisstyrk til strandferða, sem nú er orðinn allríflegur árlega — hafnleysurnar austanfjalls sjá fyrir því —, og að því fremur verði hjeraðinu rjett hjálparhönd að þessu leyti.

Viðhaldskostnaður stórbrúanna finst okkur sjálfsagt, að sje samferða vegunum.

(B. LV, 1).

Ed. **166. Frumvarp**

til laga um friðun Þingvalla.

Flutningsmenn: Jónas Jónsson og Guðm. Guðfinnsson.

1. gr.

Árið 1930 skulu Þingvellir verða friðlýstur helgistaður Íslendinga,

Friðlýsta svæðið nær frá Almannagjá að Hrafnagjá og frá Þingvallavatni að Meyjarsæti.

2. gr.

Fram að 1930 ræður þriggja manna nefnd yfir hinu friðlýsta svæði fyrir hönd landsstjórnarinnar. Í nefnd þessari eiga sæti þjóðmenjavörður, sagnfræðingur sá, er ritar sögu Alþingis, og forseti Búnaðarfjelags Íslands. Nefndarmenn skulu starfa kauplaust.

3. gr.

Nefnd þessi kallast Þingvallanefnd. Verkefni hennar er að undirbúa friðun Þingvalla fyrir þúsund ára hátíð Alþingis. Nefndin hefir landsdrottins vald yfir öllum þjóðeignum í Þingvallasveit. Ekki má reisa nein ný hús eða mannvirki á þessum jörðum fram að 1930, nema með leyfi nefndarinnar og byggingarfræðings landsins.

4. gr.

Þingvallanefndin selur aðgang að hinu friðlýsta svæði, 1 kr. fyrir hvern fullorðinn mann hinn fyrsta dag, og minna fyrir lengri dvöl, eftir því sem reglugerð mælir fyrir. Öllum aðgangseyri og öðrum tekjum, er fást af hinu friðlýsta svæði, skal verja til að girða Þingvallahraun, til skóggræðslu þar og til að koma völlunum aftur í sitt forna horf.

5. gr.

Þingvallanefndin ræður umsjónarmann, er dvelur á Þingvöllum meðan auð er jörð hvert ár. Umsjónarmaðurinn hefir umsjón með hinu friðlýsta svæði fyrir hönd nefndarinnar og á ábyrgð hennar. Hann skal hafa leyfi til, eftir því sem reglugerð ákveður nánar, að neita aðgöngu að Þingvöllum mönnum, sem eru ölvaðir eða með ruddalega framkomu í þinghelginni.

6. gr.

Þingvallanefndin semur reglugerð, er stjórnin samþykkir, bygða á lögum þessum, þar sem nánar er ákveðið um verndun Þingvalla.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það mun vera almennur þjóðarvilji að friða Þingvöll sem helgistað þjóðarinnar. Nú nálgast sá tími, þegar haldið verður þúsund ára afmæli Alþingis. Væri þá hin mesta hneisa fyrir íslensku þjóðina, ef helgistaðurinn væri í megnustu vanhirðingu og niðurlægingu. Frumvarp þetta gerir kleift að

undirbúa fulla friðun Þingvalla 1930, án þess að baka landssjóði nokkur veruleg útgjöld, heldur láta Þingvallagesti borga aðgöngugjald næstu ár, sem varið verði til umbóta á Þingvöllum.

Þeir þrir menn, sem gert er ráð fyrir að sæti eigi í nefndinni, eru sjálfkjörnir fulltrúar. Einn vegna fornleifarannsóknanna, annar vegna hinna sögulegu minninga, hinn þriðji vegna skógræktar þeirrar, sem verður að framkvæma á friðlýsta svæðinu.

(B. LVI, 1).

Ed. **167. Frumvarp**

til laga um afnám laga nr. 6, 13. júlí 1918, um eftirlaun handa Birni bankastjóra Kristjánssyni.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Lög nr. 6, 13. júlí 1918, eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Þegar litið er á fjármálaástæður landsins, eins og þær eru nú, virðist einsætt að spara á þeim liðum, þar sem landsfje er eytt án þess að ástæður sjeu knýjandi. Þingið 1918 veitti B. Kr. ellistyrk með sjerstökum lögum. Þau lög má vitaskuld afnema með öðrum lögum. Þegar ellistyrkur þessi var veittur, munu þingmenn hafa skilið styrkþega svo, að hann væri blásnauður maður, og bygt á því aðgerðir sínar. Síðan hefir komið í ljós efi um, að sá grundvöllur hafi verið rjettur. Og ef styrkþegi skyldi í rauninni vera með ríkari mönnum á landinu, eins og alment er álitið að hljóti að vera, er um leið fallin burtu sú ástæða, sem mun hafa ráðið atkvæðum margra þingmanna, þegar lög þessi voru gerð.

(B. LVII, 1).

Ed. **168. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi, nr. 91, 14. nóv. 1917.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

13. gr. orðast svo:
Hvern þann mann, er hitst hefir ölvaður, er heimilt að leiða fyrir

dómara, eða hreppstjóra, ef ekki næst til sýslumanns. Skal hinn ölvaði sæta sektum fyrir hvert brot, er samsvarar vikutekjum hans það ár.

2. gr.

Þrír fyrstu liðir 14. gr. orðast svo:

Fyrir hvern líter af óleyfilegu áfengi, sem búið er til hjer á landi eða flutt inn, skal sá, sem slíkt áfengi finst hjá, greiða 100 krónur í sekt, og auk þess upphæð, er svarar mánaðartekjum hans það ár. Fyrir að versla með áfengi skal sá, er brotlegur verður, gjalda 200 krónur í sekt fyrir hvern líter af ólöglegu áfengi, sem finst í vörslum hans eða sannast að hann hafi selt. Auk þess skal hann gjalda í sekt fyrir hvert brot, er sannast, eins árs tekjur sínar, eins og gera má ráð fyrir, að þær hafi verið undanfarið ár.

Greinargerð.

Nú horfir svo við um áfengisvarnir hjer á landi, að þeim verði ekki við komið um stund nema að tvennu leyti:

1. Að hindra innflutning og tilbúning sterkra drykkja.
2. Að halda í skefjum opinberu ölæði, sem nú gerist alltítt, m. a. í höfuðstaðnum.

Hjer er gert ráð fyrir sektum fyrir þessi brot, sem telja má sennilegt að auðveldara yrði að framfylgja heldur en hinum eldri sektarákvæðum, sem hingað til hafa verið í gildi. Sú aðferð, að láta sektina fara eftir efnum hinna brotlegu, hefir verið reynd sumstaðar erlendis viðvíkjandi bannlagabrotum, og gefist vel. Viðvíkjandi aðstöðu hreppstjóra til að kveða upp dóma í þessum einföldu málum verður talað í framsögu.

(B. LVIII,*1).

Ed. **169. Frumvarp**

til laga um vaxtakjör landbúnaðarins.

Flutningsmenn: Jónas Jónsson, Einar Arnason, Guðm. Guðfinnsson, Guðm. Ólafsson og Sigurður Jónsson.

1. gr.

Þá er lánsstofnanir þær, er landið ræður yfir beint eða óbeint, aðrar en veðdeild eða Ríkisveðbanki, veita lán til atvinnurekstrar í sveitum, skulu útlánsvextir vera 1/6 lægri en til samskonar fyrirtækja í kaupstöðum og kauptúnum, nema fjenu eigi þar að verja til jarðræktar.

2. gr.

Lögin öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Svo er til ætlast, að ef frumvarp þetta nær fram að ganga, þá nái lögin bæði til Landsbankans og Íslandsbanka. Enginn vafi er á umvald þingsins til að mæla þannig fyrir um þann banka, sem landið á sjálft. En nú sem stendur leggur landið Íslandsbanka yfir 10 miljónir kr. af veltufje hans, bæði í seðlum og beinu lánsfje. Landið hefir að lögum meiri hluta í stjórn bankans (bankaráðinu), þar sem þar sitja 4 trúnaðarmenn þjóðarinnar, kosnir af Alþingi, en fulltrúar hluthafanna ekki nema 3. Þar að auki skipar landsstjórnin nú tvo af þrem framkvæmdarstjórum bankans. Þarf því ekki nema yfirlýstan vilja Alþingis til að knýja þessa trúnaðarmenn þess til að stýra Íslandsbanka í þessu efni samkvæmt landslögum, þó að hann sje enn talinn að vera eign hlutafjelags.

Krafan um lægri vexti landbúnaðinum til handa er ekki sprottin af löngun til að gera þeim atvinnuvegi yfirleitt hærra undir höfði heldur en atvinnurekstri í kauptúnunum. Krafan er blátt áfram rjettlætiskrafa. Vextir íslensku bankanna eru svo háir, sem raun ber vitni um, af því að sjávarútvegurinn og verslun með sjávarafurðir eru í einu arðsamar, en mjög hættumiklar atvinnugreinar. Töpin á þeim atvinnurekstri eru svo tíð og stórfeld, einkum í seinni tíð, að bankarnir hafa neyðst til að miða vextina við áhættuna. En þessi áhættumunur nær ekki til fasteignalána, því að enginn verulegur munur á að geta verið á milli slíkra lána, hvort sem tryggingin er jörð í sveit eða hús í kaupstað.

Reynslan hefir sýnt undanfarið, og aldrei fremur en hin síðustu missiri, að áhætta við lán til atvinnurekstrar í sveitum á Íslandi er mjög lítil. Fyrst og fremst er mjög lítið af fjármagni landsins bundið í lánum til sveitamanna, og það er á allra vitorði, að á þeim lánum hefir aldrei orðið verulegt tap. Það er þess vegna fullkomið ranglæti að láta hin hættulausu lán bera slysatrygginguna fyrir hin ótryggu lán, sem veita verður til hættumikilla atvinnugreina.

Frumvarp þetta er bygt á þeim skoðunarhætti, sem frá alda öðli hefir legið til grundvallar fyrir vaxtahæð lána. Því meiri áhætta, því hærri vextir. Því minni áhætta, því lægri vextir.

Sumir kynnu að halda, að erfitt yrði fyrir bankastjórnir að gera þann mismun, sem hjer er farið fram á, eftir atvinnuvegum. En svo mun ekki vera. Enginn bankastjóri á að veita lán, nema hann viti nokkurn veginn, til hvers lánið á að nota og hver maðurinn er, sem lánið fær. Og þessi þekking er einhlít til þess, að lög um mismunandi vaxtakjör eftir áhættu ættu að geta náð tilgangi sínum.

(B. LIX, 1).

Nd. **170. Frumvarp**

til laga um útsvarsskyldu vatnsnotenda.

Flm.: Jakob Möller.

Óheimilt er að leggja sveitarútsvar á brunnveitur, áveitur og aðra notkun vatns eða vatnsorku, nema þar sem hagnýting vatnsins eða vatnsorkunnar fer fram.

Greinargerð.

Þar sem margvísleg notkun vatns í stórum stíl er víða áformuð, en almenn ákvæði um útsvarsskyldu mun ekki vera miðuð við sjerkenni slíkra fyrirtækja, virðist ástæða til þess að setja skýr lagaákvæði þar um.

Frumvarpið fer fram á að það sje gert skýrt, að útvarsskylda allrar vatnsnotkunar í landinu sje bundin við sjálfan notkunarstaðinn, en ekki þá staði, þar sem vatnið er virkjað eða það er leitt um til virkjunar. Vatnið til Flóaáveitunnar verður alt tekið upp í Hraungerðishreppi og flóðgáttin og aðaltilfærsluskurðurinn þar gerður. Þessi mannvirki eru þar nauðsynleg í sambandi við áveituna, á sama hátt og vatnsvirkjunartæki þau, er rafveita Reykjavíkur hefir látið gera í Mosfellssveit, eru nauðsynleg í sambandi við vatnsorkunotkun Reykjavíkur til rafveitunnar. En á þessum grundvelli hefir hreppsnefndin í Mosfellssveit lagt útsvar á vatnsorkunotkun Reykvíkinga. Virðist því svo sem hreppsnefndin í Hraungerðishreppi mundi á sama hátt á sínum tíma geta lagt útsvar á áveituafnot bænda af Flóaáveitunni í öðrum hreppum á áveitusvæðinu.

Hjer er því þörf lagaákvæða, og fer frv. fram á, að sömu ákvæði um útsvarsskyldu sjeu látin gilda um notkun orkunnar í vatninu sem frjóefnanna í því, og yfirleitt sjerhverja notkun vatns, hvers eðlis sem hún svo er.

(B. LX, 1).

Nd. **171. Frumvarp**

til laga um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Flutningsm.: Jakob Möller og Þorsteinn Jónsson.

1. gr.

Í öllum kaupstöðum á landinu, sem nú telja eða síðar kunna að telja 2000 íbúa, skal leggja skatt á skemtanir fyrir almenning, sem aðganga er seld að.

2. gr.

Þessar skemtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur.

a. Hljómleikar og söngskemtanir.
b. Sjónleikar, er njóta opinbers styrks.
c. Fyrirlestrar og upplestrar.
d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
e. Tombólur, í hverju skyni sem haldnar eru.

Af skemtunum, er til þessa flokks teljast, greiðist 10% skattur af andvirði seldra aðgöngumiða. Af tombólum greiðist sami skattur einnig af andvirði seldra happdrátta.

2. flokkur.

a. Dansleikar.
b. Danssýningar.
c. Loddarasýningar.
d. Fjölleikasýningar og sjónleikar, er ekki teljast til 1. flokks.
e. Aðrar almennar skemtanir, sem aðganga er seld að og ekki eru taldar sjerstaklega.

Af skemtunum þeim, er til þessa flokks teljast, greiðist 20% skemtanaskattur.

3. gr.

Undanþegnar öllum skemtanaskatti eru þessar opinberar skemtanir:

a. Ódýrir fræðandi fyrirlestrar fyrir almenning, svo sem stúdentafjelagsfyrirlestrarnir.
b. Skemtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar málefna, er miða að almenningsheill.
c. Af innanfjelags-skemtunum, sem að eins eru fyrir fjelaga og gesti þeirra, greiðist enginn skattur, en sannist það, að utanfjelagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemtun eftir 2. gr. 2. flokki.

4. gr.

Til að halda skemtun, sem aðgangur er seldur að, skal fá leyfi lögreglustjóra, og skal tilkynna honum, hvar og hve nær hún skuli haldin.

5. gr.

Lögreglustjóri innheimtir skemtanaskattinn og fær 2% í innheimtulaun. Um innheimtuna fer eftir reglugerð, er stjórnarráðið semur.

6. gr.

Skemtanaskatturinn rennur í sjerstakan sjóð, »þjóðleikhússjóð«. Honum skal varið til þess að koma upp »þjóðleikhúsi« í Reykjavík og til að styðja sjónleika, sem sýndir verða að staðaldri í því húsi. Stjórn þessa sjóðs hafa á hendi þrír menn, valdir af kirkju- og kenslumálaráðherra, úr hóp þeirra manna, er vænta má, að kunnugastir sjeu leikment. Nefnd þessi starfar ókeypis. Auk þess að ávaxta þjóðleikhússjóðinn skal nefndin hafa með höndum allan undirbúning undir byggingu leikhússins. Kirkju- og kenslumálaráðherrann hefir eftirlit með störfum nefndarinnar.

Ríkið leggur til ókeypis lóð undir leikhúsið neðan til á Arnarhólstúni fyrir norðan Hverfisgötu.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—500 kr., og skal farið með öll þau mál, sem út af þeim rísa, sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1923, og með þeim eru úr lögum numin lög nr. 34, 22. nóv. 1918, og allar þær reglugerðir og ákvæði, sem bygð eru á lögum nr. 34, 22. nóv. 1918.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum ýmsra frömuða leiklistarinnar hjer á landi, og er tilgangurinn sá, að koma hjer upp þjóðleikhúsi. Allar frændþjóðir vorar á Norðurlöndum eiga þjóðleikhús, sem styrkt eru stórkostlega af ríkisfje, og er það gott til eftirbreytni. En þess mun þó ekki að vænta, að Alþingi sjái sjer fært í náinni framtíð að leggja fram nægilegt fje úr ríkissjóði til að koma upp þjóðleikhúsi. Í frumvarpinu er ekki farið fram á neitt slíkt, og ekki ætlast til neinna beinna fjárframlaga úr ríkissjóði. Það fer að eins fram á það, að skemtanaskatturinn verði látinn renna í sjóð, sem verði varið til að koma upp leikhúsi og til styrktar því síðan. Með lögum nr. 34, 22. nóv. 1918, var bæjar- og sveitarstjórnum heimilað að leggja skatt á skemtanir fyrir almenning. Bæjarstjórnir kaupstaðanna urðu seinar til að nota sjer þá heimild, því að í Reykjavík komst skatturinn ekki á fyr en með reglugerð dags. 29. des. 1921, á Ísafirði með reglug. dags. 9. s. m., en á Akureyri mun skatturinn ekki kominn á enn, og hvergi annarsstaðar. Í öðrum löndum mun skemtanaskatturinn hvarvetna vera ríkisskattur. Svo er það áreiðanlega í Danmörku, Bretlandi og Frakklandi. Og hjer virðist það einkar vel til fallið að nota þennan skatt einmitt til eflingar leiklistinni, sem ekki er kostur að styrkja á annan hátt, svo að nokkru nemi. En þó að bæirnir verði sviftir þessum tekjum, þá munar þá það sáralitlu. En sá bærinn, sem helst gæti gert sjer eitthvað úr skattinum, þ. e. Reykjavík, ætti einmitt að njóta hans mest og best, ef þannig verður með hann farið, sem til er stofnað með þessu frumvarpi.

(A. XXVII, 1).

Ed. **172. Frumvarp**

til laga um lögfylgjur hjónabands.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

Texti frumvarps þessa er samhljóða texta frumvarps um sama efni, sem lagt var fyrir Alþingi 1922, sjá Alþingistíðindi 1922 — A, bls. 52—67.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um athugasemdirnar visast til athugasemda við lagafrumvarp það um sama efni, sem lagt var fyrir Alþingi 1922, sjá Alþingistíðindi 1922 — A, bls. 67—84.

(B. LXI, 1).

Ed. **173. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Hæstarjett skipar dómstjóri og 2 meðdómendur, og veitir konungur þau embætti. Enginn má gegna dómaraembætti i hæstarjetti, sem er meira en 65 ára að aldri.

2. gr.

Upphaf 5. gr. orðast svo:

Eigi má dóm setja með færri dómendum en 3.

3. gr.

9. gr. falli niður.

4. gr.

10. gr. orðast svo:

Dómendur i hæstarjetti skifta með sjer störfum hæstarjettarritara eins og þau eru ákveðin í lögum nr. 22, 6. okt. 1919.

5. gr.

Síðasti liður í 38. gr. orðast svo:
Ef annar aðili eða umboðsmaður þeirra óskar þess.

6. gr.

Í 42. gr. komi í stað »hæstarjettarritara«: hæstirjettur.

7. gr.

Síðasta málsgrein 45. gr. falli niður.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram af því, að hæstirjettur er bersýnilega ofviða að stærð og dýrleika fyrir litla og fátæka þjóð. Dómararnir þurfa ekki að vera nema þrír og með engan ritara. Tveir elstu dómararnir myndu nú, vegna aldurstakmarksins, hætta þegar í stað, án þess að missa í um laun. En ef ekki væri fækkað með lögum, mundi landsstjórnin að sjálfsögðu fylla í skarðið, ef einhver hinna núverandi dómara andaðist eða ljeti af starfinu, og er þá erfiðara að koma við sparnaði á þessum lið. Hæstarjettarritarinn, sem er ungur og duglegur maður, myndi gera meira gagn í einhverju nauðsynjastarfi, t. d. að vera skattstjóri fyrir alt landið. Breytingin á 38. gr. er mikil rjettarbót. Myndi gera málfærsluna mun ódýrari en hún er nú. Er þess full þörf, því að það er orðin trú manna, að málfærslan fyrir hæstarjetti sje orðin svo dýr, að hún útiloki flesta efnalitla menn frá að nota æðsta dómstól landsins, þótt þeir þurfi þess með.

(B. LXII, 1).

Ed. **174. Frumvarp**

til laga um bankaráð Íslands.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Fimm manna bankaráð skal hafa yfirumsjón með öllum bönkum og sparisjóðum hjer á landi. Fjármálaráðherra er sjálfkjörinn formaður bankaráðsins. Auk hans eiga þar sæti einn fulltrúi tilnefndur af sambandi kaupmanna, annar fyrir samband verkamanna, þriðji fyrir samband kaupfjelaganna,

fjórði fyrir Búnaðarfjelag Íslands. Landssjóður og lánsstofnanir landsins greiða bankaráðsmönnunum hvorki laun nje ágóðahlut.

2. gr.

Bankaráð Íslands skal halda a. m. k. einn fund á viku, og oftar ef þörf þykir. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á bankaráðsfundum.

3. gr.

Bankaráðið hefir það hlutverk að marka aðallínurnar í starfsemi íslenskra lánsstofnana, ákveða í samráði við hlutaðeigandi bankastjórnir innláns- og útlánsvexti, ákveða hversu veltufje bankanna skuli skiftast milli atvinnugreinanna í landinu. Bankaráðið hefir frjálsan aðgang, hvenær sem er, að öllum bókum og skjölum bankanna. Það lætur einn eða fleiri af trúnaðarmönnum sínum rannsaka alla sparisjóði á landinu a. m. k. einu sinni á ári. Kostnaður við þetta eftirlit með sparisjóðum greiðist úr landssjóði.

Greinargerð.

Hingað til hefir vantað samræmi í störf íslenskra lánsstofnana. Og það litla eftirlit, sem löggjöfin hefir skapað, þ. e. bankaráð Íslandsbanka, hefir lengst af verið skoðað sem bitlingur. Auk þess náði það bankaráð ekki nema til einnar stofnunar. Hjer er gert ráð fyrir, að atvinnuvegirnir og aðalstjettir landsins hafi úrslitaáhrif á meðferð veltufjárins. Tveir fulltrúar fyrir sjávarsíðuna, annar fyrir þá svokölluðu efnamenn, hinn fyrir þá svonefndu fátæku og tveir fyrir sveitirnar. Þar með er aðalatvinnuvegum landsins gert jafnhátt undir höfði. Fjármálaráðherrann er oddamaður og sker úr deilum milli atvinnugreinanna, eftir því sem málefni eru til. Nú sem stendur myndi slíkt bankaráð þegar í stað ná til Landsbankans, veðdeildarinnar og sparisjóðanna. Ný einkabankastofnun mun liggja fyrir þinginu, og yrði það þá eitt af skilyrðum þingsins, að hinn nýi banki væri háður eftirliti bankaráðsins. Íslandsbanki væri að vísu ekki formlega skyldur til að breyta sínu bankaráði. Verður þó tæplega hjá því komist, því að bæði er hið gamla bankaráð þeirrar stofnunar mjög úrelt, og verður það sjerstaklega nú, þar sem enska lánið, lán frá Landsbankanum og seðlar frá landinu, sem Íslandsbanki hefir nú, er milli 10—20 miljónir. Þar sem langmestur hluti af fjármagni bankans er lán frá landinu, er knýjandi þörf, að landsmenn, en ekki eigendur hins erlenda hlutafjár, hafi æðsta vald, óskorað, yfir stofnuninni. Ef frumvarp þetta nær fram að ganga, myndi Íslandsbanki innan tíðar sjá sjer þann kost vænstan að ná samvinnu við aðrar lánsstofnanir í landinu, með því að hlíta bankaráði Íslands.

(B. LXIII, 1).

Ed.

175. Frumvarp

til laga um áfengissjóð.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Sjóð skal stofna til að vinna á móti áfengisbölinu á Íslandi, með 20% af því fje, sem landssjóði áskotnast árlega fyrir áfengi. Sjóður þessi nefnist áfengissjóður.

2. gr.

Stjórn áfengissjóðsins skipa þrír menn: tveir, sem sameinað Alþingi kýs með hlutbundnum kosningum til tveggja ára í senn, og geðveikralæknir landsins þriðji maður. Stjórn sjóðsins starfar endurgjaldslaust. Ef fjárhagur sjóðsins leyfir og þörf þykir, getur stjórnin ráðið framkvæmdarstjóra til 2 ára í senn, er hefir á hendi framkvæmdir fyrir hennar hönd.

3. gr.

Stjórn áfengissjóðsins má verja af árlegum tekjum hans til bindindisstarfsemi, hverju nafni sem nefnist, til fyrirlestra og ritgerða um áfengismálið, til rannsókna á erlendri áfengislöggjöf, til að undirbúa endurbætur á íslensku áfengislöggjöfinni, til að lækna ofdrykkjumenn og koma á fót heppilegu sjúkraskýli og hvíldarhæli fyrir þá.

4. gr.

Nákvæma skýrslu um öll útgjöld áfengissjóðs skal birta árlega í landsreikningunum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nátengt frumvarpinu um meðferð á því fje, sem landssjóði áskotnast fyrir áfengi. Jafnframt því að löggjafarvaldið telur sig neytt til að gera áfengisverslun löglega í landinu, þykir sennilegt, að reynt verði að hamla á móti menningarskemdum þeim, er leiða af þessari breytingu. Í framsögu verður nánar gerð grein fyrir efni frumvarpsins.

(B. LXIV, 1).

Nd. **176. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 41, 27. júní 1921. [*Tolllög*].

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

10. töluliður 1. gr. laga nr. 41, 27. júní 1921, falli niður.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1924.

Greinargerð.

Af sykri er nú greiddur 15 aura tollur í ríkissjóð af hverju kg. Kemur sá skattur allhart niður á hinu fátækara fólki við sjávarsíðuna, þar sem sykur er því hin mesta nauðsynjavara. Hafa oft komið fram háværar raddir um að ljetta tollinum af, en það hefir ekki hingað til þótt fært vegna fjárhags ríkissjóðs. En þegar nú er farið að tala um að ljetta af landsmönnum hinum óbeinu sköttum, þá hlýtur sykurtollurinn að koma í fremstu röð.

(B. IX, 4).

Nd. **177. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 123. [Vörutollur].

Frá Pjetri Ottesen.

Við I. tölulið 2. a.

Í stað orðanna »kandíseruðum ávöxtum« komi: lakkrís.

(B. VII, 5).

Ed. **178. Lög**

um sjerstakar dómþinghár í nokkrum hreppum.

(Afgreidd frá Ed. 19. mars).

Mosvalla- og Flateyrarhreppar í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Háls- og Flateyjarhreppar í Suður-Þingeyjarsýslu skulu vera sjerstakar dómþinghár, og skulu þingstaðirnir vera að Þórustöðum, Flateyri, Skógum og Brettingsstöðum.

(B. X, 6).

Nd. **179. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Frá minni hluta samgöngumálanefndar.

Meiri hlutinn kannast við, að nokkur sanngirni mæli með frumv. þessu. En á hinn bóginn verður hann að leggja mikla áherslu á tillögur vegamálastjórans og telur ekki rjett af þinginu að ganga beint á móti tillögum hans, er um vegamál er að ræða. En vegamálastjórinn er frumvarpinu mótfallinn. Honum er það miklu kunnara en þinginu, hvar brýnust þörf er á verklegum umbótum á vegakerfi ríkisins. En eins og fjárhag ríkisins er nú varið, verður að altof litlu leyti bætt úr þessari þörf. Meðan bráðnauðsynlegar umbætur á lögteknum vegum verða að bíða ár frá ári, virðist naumast viðeigandi að bæta nýjum byrðum á bak ríkissjóðsins með upptöku nýrra vega. Hjer er um 10 þús. króna ný útgjöld að ræða, að því er vegamálastjórinn segir. Minni hlutinn telur ekki svo brýna þörf á þessum viðauka við vegalögin, að hann beri að lögleiða á þessu þingi, enda allar líkur á, að fje yrði ekki lagt til þessa nýja vegar meðan ekkert rætist úr þeirri fjárkreppu, sem nú er, og þá er næsta lítið unnið við þessa breytingu, annað en lög á pappírnum.

Hins vegar hefir þingið sýnt með brúagerðum á vegi þeim, sem hjer er um að ræða, að það vilji alls ekki hafa hann að olnbogabarni, þótt nú sje því frestað af fjárhagslegum ástæðum að taka hann í þjóðvega tölu.

Af þessum ástæðum verður minni hlutinn að vera mótfallinn frumvarpinu og ráða háttv. deild til að fella það. Sama er að segja um breytingartillögurnar á þskj. 51, 55 og 69, þótt sanngirni kunni líka að mæla með þeim.

Alþingi, 19. mars 1923.

Sigurður Stefánsson, frsm. minni hl. Hákon Kristófersson. Magnús Jónsson.

(C. VI, 1).

Nd. **180. Tillaga**

til þingsályktunar um innlendar póstkröfur.

Flutningsmenn: Magnús Jónsson, Jón Þorláksson og Þorsteinn Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að innlendar póstkröfur verði framvegis innheimtar á öllum póstafgreiðslustöðum og brjefhirðingum.

Fylgiskjal.

Við undirritaðir bóksalar og útgefendur blaða og tímarita í Reykjavík leyfum oss hjer með að fara þess á leit við Alþingi, að það geri nú í vetur ráðstafanir til að innlendar póstkröfur verði innheimtar framvegis á öllum póstafgreiðslustöðum og brjefhirðingum á landinu. Nú sem stendur er í verki algerlega óframkvæmanlegt að nota póstkröfur nema til sumra staða á landinu. Er þetta í einu mjög bagalegt fyrir fólk í þessum hjeruðum, sem langhelst vill greiða ýmsar skuldir þannig, fremur en með smápeningasendingum, og í öðru lagi afaróheppilegt fyrir alla, sem gefa út bækur og blöð hjer á landi og verða ár eftir ár fyrir miklum vanskilum, að eins af því að póstkröfukerfið nær ekki nema til nokkurs hluta landsmanna. Þó aldrei væri til annars en að auka reglusemi í viðskiftum og skilsemi almennings, þá væri þessi breyting alveg sjálfsögð. Að endingu skal þess getið, að menn, sem eru vel kunnugir póstmálum hjer á landi, álíta þessa umbót, þ. e. að brjefhirðingar innheimti póstkröfur, mjög auðvelda og framkvæmanlega. Hver aðalpóststöð hafi einföld eyðublöð handa brjefhirðingastöðvum sínum, sem ekki sje meiri vandi að útfylla heldur en eyðublöð þau, sem landssíminn hefir til bókfærslu handa 3. flokks stöðvum sínum.

Reykjavík, 22. febrúar 1923.

Virðingarfylst

Ársæll Árnason. Arinbjörn Sveinbjarnarson. Guðm. Gamalíelsson.
Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar (Pjetur Halldórsson). Þór. B. Þorláksson.
Bókaverslun Sigurðar Jónssonar (Egill Guttormsson). Þorsteinn Gíslason.
Ágúst H. Bjarnason. Sigurjón Jónsson. Sigurbjörn Á. Gíslason.
G. Schram. Jón Helgason. Valtýr Stefánsson.

Til Alþingis.

(B. LXV, 1).

Nd. **181. Frumvarp**

til laga um sandgræðslu.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson og Lárus Helgason.

1. gr.

Landsstjórnin hefir yfirstjórn sandgræðslumála í landinu. En öll forstjórn opinberra ráðstafana til sandgræðslu og varnar gegn uppblæstri og sandfoki á landi skal falin Búnaðarfjelagi Íslands, en það skal hafa í sinni

þjónustu sandgræðslumann, skipaðan af landsstjórninni, með sjerþekkingu á sandgræðslu.

2. gr.

Heimilt er landsstjórninni að láta girða svæði, sem uppblásturshætta getur stafað af, í þeim tilgangi, að þar verði unnið að sandgræðslu, bæði til þess að koma í veg fyrir uppblástur, svo og til þess að græða foksvæðin að fullu. Allan þann tíma, sem að sandgræðslunni er unnið, hefir landsstjórnin full umráð yfir því svæði, sem sandgræðslan fer fram á, og verður landeigandi að hlíta þeim reglum, sem að sandgræðslunni lúta.

3. gr.

Landsstjórnin ákveður, í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefndir og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, hver svæði skuli tekin til girðingar og sandgræðslu.

Sá, er óskar að fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, sendi Búnaðarfjelagi Íslands beiðni um það, og lætur fylgja ítarlega skýrslu um ástæður allar.

Þau svæði skulu að öðru jöfnu vera látin ganga fyrir, þar sem eigendur, hlutaðeigandi hreppur eða sýsla, bjóða mest fje fram til verksins.

4. gr.

Kostnaður við girðingu, græðslu og viðhald foksvæðisins skal að jafnaði greiddur að $^1/_2$ úr ríkissjóði, en að $^1/_2$ af landeiganda, og skal þá jafnan hlutaðeigandi hreppur eða sýsla standa í ábyrgð fyrir þeim hluta, sem landeiganda ber að greiða, þar til fram er farin afhending sú, sem getur um í 9. gr. Allur sá arður, sem fæst af girtu sandgræðslusvæði þar til það er afhent, skal ganga óskiftur til viðhalds og græðslu þess, eða til greiðslu á áföllnum kostnaði.

5. gr.

Land, sem uppblástur eða sandfok er á og hætta stafar af, en eigendur þess, hlutaðeigandi hreppur eða sýsla vilja ekki kosta græðslu á, getur landsstjórnin tekið eignarnámi.

Eignarnámið skal fram fara eftir fyrirmælum laga nr. 61, 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms. Nú hefir foksvæði verið tekið eignarnámi, og er þá landsstjórninni skylt að láta byrja á sandgræðslu þar svo fljótt sem unt er.

6. gr.

Nú selur landsstjórnin landssvæði það, sem tekið hefir verið eignarnámi, og skal þá eigandi jarðar þeirrar, sem landið hefir áður fylgt, eiga forkaupsrjett að því. Afsali hann sjer forkaupsrjetti sínum, öðlast sveitarfjelag það, sem landssvæðið liggur í, forkaupsrjettinn. Að öðru leyti skal um for-

kaupsrjettinn fylgt sjerákvæðum laga nr. 4, 28. nóv. 1919, um forkaupsrjett á jörðum.

7. gr.

Á þeirri jörð, sem unnið er að sandgræðslu á, er þeim, sem umsjón hefir með verkinu fyrir hönd ríkisins, heimilt að taka endurgjaldslaust það efni, sem nota má við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, grassvörð, hús, viðikvisti, slægjur, þara, þang, leir, fræ og annað, er nota þarf við sandgræðsluna. Einnig er honum heimil hagaganga fyrir hesta, sem nota þarf til vinnu. Sje hinsvegar um landspjöll eða skerðing á venjulegum jarðarafnotum að ræða, getur landeigandi eða ábúandi krafist bóta eftir mati.

8. gr.

Ef einstakir menn setja girðingar fast við sandgræðslugirðingar eða áfastar við þær, án leyfis, skulu hlið vera á þeim, eigi fjær en 50 m., svo að hægt sje að vinna tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunum og fara í kringum þær til eftirlits.

9. gr.

Ekki má óupphleyptur vegur liggja um girt sandgræðslusvæði nje svo nærri girðingunni, utanvert við hana, að umferðin þar geti valdið uppblæstri. Nú þarf af þessum ástæðum að gera girðingar eða vegi, og skulu þá girðingarnar kostaðar á sama hátt og sandgræðslan, en vegirnir af hreppum eða sýslum, og eru þeir sandgræðslunni óviðkomandi.

10. gr.

Þegar sandfokið er heft og svæðið gróið, fær landeigandi umráð yfir því, hafi þeim ákvæðum um greiðslu til sandgræðslunnar, sem getið er í 4. gr., verið fullnægt. Skylt er þó landeiganda að hlíta þeim reglum um notkun þess, sem stjórnin setur til varnar því, að uppblástur byrji að nýju. Landeigandi eignast þá girðinguna, en er eftir það skyldur til þess að halda henni við á sinn kostnað, þar til sandgræðslustjórnin gefur leyfi til þess að taka hana upp og fullvist þykir, að uppblásturshætta sje úti.

11. gr.

Nú fellur niður greiðsla á gjaldi því, er landeigandi greiðir samkvæmt 4. gr., og getur þá landsstjórnin látið taka foksvæðið eignarnámi samkvæmt ákvæðum 5. gr., og skal matið miðað við verðgildi svæðisins áður en sandgræðslan byrjaði, að viðbættum helmingi af þeim verðauka, sem sandgræðslan hefir komið til leiðar.

12. gr.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefir aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkvæmt 9. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sje ekki með-

ferð hans eða vanrækslu að kenna. Vanræki hann nauðsynlega vinnu, sem honum ber að vinna til varnar uppblæstri, hefir sandgræðslustjórnin rjett til þess að láta vinna verkið á hans kostnað.

13. gr.

Búnaðarfjelag Íslands skal hafa yfirumsjón með sandgræðslusvæðunum og girðingum um þau, einnig eftir að þau eru afhent eiganda til umráða. En hlutaðeigandi hreppstjóri skal hafa eftirlit með þeim. Ef girðing skemmist áður en svæðið er afhent eiganda til umráða, skal eigandi jarðarinnar, eða ábúandi, skýra hreppstjóra tafarlaust frá skemdunum. Hreppstjóra er þá skylt að sjá um, að gert sje við girðinguna svo fljótt, sem unt er, en ábúandi skal verja svæðið fyrir ágangi af skepnum á meðan. Verði hreppstjóri þess var, að ábótavant sje meðferð sandgræðslusvæðisins, eða að aftur sjeu byrjaðar skemdir af uppblæstri á því, eftir að það er gróið, skal hann gera Búnaðarfjelaginu aðvart um það svo fljótt sem kostur er. Skylt er Búnaðarfjelagið að gefa landsstjórninni árlega skýrslu um það, hvernig sandgræðslugirðingarnar og sandgræðslusvæðin hafist við og í hvaða ástandi þau sjeu.

14. gr.

Búnaðarfjelagið semur árlega áætlun fyrir hvert sandgræðslusvæði og sendir landeiganda, eða hlutaðeigandi hreppstjóra, fyrir 15. febrúar. Umsóknir um styrk úr landssjóði til sandgræðslu skulu sendar til Búnaðarfjelags Íslands fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til landssjóðs, 50—1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um sandgræðslu, nr. 20, 2. nóvember 1914.

Greinargerð.

Alþingi hefir á undanförnum árum sýnt virðingarverðan áhuga um hefting sandfoks og uppblásturs lands með því að auka fjárframlög í því skyni, en slík fjárframlög koma ekki að tilætluðum notum nema með mikilli breytingu á lögum um sandgræðslu, nr. 20, 2. nóv. 1914. Sandgræðslunni fylgir mikill kostnaður, meiri en flestir einstakir menn geta risið undir; sjerstaklega á þetta sjer stað þar, sem nýir sandgárar leggjast að. Þegar svo stendur á, getur verið brýn nauðsyn á að taka landið eignarnámi, eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, þar sem margar jarðir og jafnvel heilar sveitir geta verið í veði. Blástur á landi heldur vanalega áfram, þar sem hann einu sinni er byrjaður, og leggur í auðn hverja jörðina eftir aðra. Þannig þekkjast nöfn á 60 býlum á Rangárvöllum, sem nú eru í eyði. Líka sögu hefir Landmannahreppur að segja, og nú er Holtahreppur ofanverður að byrja að blása upp Þar er hættulegur gári, sem verður að stöðva.

Flest ríki setja verndun og umbætur byggilegra landa efst á stefnuskrá sína. Almennur áhugi er hjer hjá þingi og þjóð á jarðabótum, svo sem áveitum og túngræðslu, en mundu það þó ekki vera allra sjálfsögðustu umbótaráðstafanir á þessu sviði að hindra það, að gott land leggist í auðn af uppblæstri, og einnig að hlúa að því landi, sem örfoka er orðið? Reynsla er fengin fyrir því, að sandgræðslan hepnast vel, ef hægt er að friða landið fyrir umferð og beit; sömuleiðis er reynsla fengin fyrir því, að hægt er að verja land fyrir uppblæstri, og jafnvel slægjur geta komið upp úr sandi eftir fá ár.

(B. VI, 2).

Ed. **182. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um Íþróttasjóð Reykjavíkur.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefndin hefir nú athugað frumvarpið. Barst henni allitarlegt erindi um mál þetta frá stjórn Íþróttasambands Íslands, og hafði hún einnig borgarstjóra til viðtals á einum fundi.

Eins og upplýstist að nokkru við 1. umræðu frumvarpsins í deildinni, telur Íþróttasambandið sig í umgetnu erindi alveg vanmegnugt um, svo sem ástæðum þess og fjárhag sje nú varið, að borga skatt þann, er frumvarpið fer fram á, en kveðst þó vera mjög hlynt hugmynd þeirri, er í því kemur fram, og vill stuðla af öllum mætti að framkvæmd hennar.

Að síðustu ber það (Í. S. Í.) fram svo hljóðandi tillögur, ef Alþingi vill sinna málinu frekar:

»Sjóður sá, sem um getur í frv., skal þannig myndaður, að frá íþróttamanna hálfu sje lögð í hann ákveðin upphæð árlega, gegn helmingi hærra framlagi úr ríkissjóði og sömuleiðis úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Sjóðurinn standi undir stjórn Í. S. Í. með þeim formála, sem getur um í 4. gr. nefnds frumvarps«.

Fallist Alþingi ekki á þessar tillögur, vill meiri hluti stjórnar Í. S. Í., að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Þá upplýsti borgarstjóri það, að bæjarstjórn hefði ákveðið að láta fara fram rannsókn á vatnsmagni í Laugunum, til þess að vita hvort borgaði sig að leiða vatnið úr þeim til bæjarins, og ef svo reyndist, hefði bæjarstjórnin í hyggju að nota vatnið til þvotta, til að hita upp barnaskóla, er ráðgert væri að byggja i austurjaðri bæjarins, og til baðhúss, og ef vatnið reyndist nægilegt til meiri afnota, þá einnig til sundskála o. fl.

Út af þessum upplýsingum frá þeim tveimur hlutaðeigendum, er fyrst og fremst ættu að beitast fyrir framgangi þessa þjóðnýta málefnis, hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að leið sú, sem frumvarpið ákveður, sje ekki að svo stöddu fær, og leggur því til, að það sje afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri

DAGSKRÁ:

Með því að deildin lítur svo á, að mál þetta sje fyrst og fremst bæjarmálefni Reykjavíkurkaupstaðar, en undirbúningur af hans hálfu hinsvegar ógerður, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. mars 1923.

Guðm. Ólafsson, form. og framsögum. Karl Einarsson, fundaskrifari. Sigurður Jónsson.

Björn Kristjánsson. Sigurður H. Kvaran.

(A. XXVI, 3).

Nd. **183. Nefndarálit**

um frv. til laga um skiftimynt úr eirnikkel.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta, sem komið er frá efri deild, leggur nefndin til að verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 19. mars 1923.

M. J. Kristjánsson, form. og frsm. Jón A. Jónsson, fundaskrifari.

Magnús Guðmundsson. Jakob Möller. Þorl. Guðmundsson.

(A. XII, 4).

Ed. **184. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 20. mars 1923.

Jón Magnússon, form. Sigurður H. Kvaran, framsm. Guðm. Guðfinnsson, fundaskr.

(B. XXXIII, 2).

Ed. **185. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 61, 28. nóvember 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Þótt nefndin telji flestar þær breytingar, sem hjer er farið fram á, lítt til bóta, þá þykir henni ekki rjett, að bæjarstjórn Seyðisfjarðar, sem um þær hefir beðið, sje neitað um þær, að einni undantekinni, 3. gr.

Í ofangreindum lögum er heimilað að leggja alt að 2 % fasteignaskatt á virðingarverð lóða í kaupstaðnum. Hjer þykir nefndinni svo hátt farið með skattinn, að ekki sjeu tiltök að heimila að setja hann hærra, og ræður því til að fella burtu 3. gr. frumvarpsins.

Að vísu telur nefndin allathugavert, að heimilað sje að leggja útsvar á síldarkaup og fiskkaup, þótt ekki sje rekið neinn ákveðinn tíma, en telur þó varla fært að neita um þetta nú, með því að öðrum kaupstöðum hefir verið veitt samskonar heimild að því er síldarkaup snertir, sbr. lög nr. 58, 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 19. gr., og lög nr. 25, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með þessari

BREYTINGU:

Við 3. gr. Greinin falli burtu.

Alþingi, 20. mars 1923.

Jón Magnússon, form. og frsm.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.

S. H. Kvaran.

(B. XXI, 3).

Nd. **186. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 3. nóv. 1915. [*Útflutningur hrossa*].

Frá Gunnari Sigurðssyni.

1. Fyrir »1. nóvember til 1. júní« komi: 1. desember til 15. júní.
2. Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
   Þó má aldrei leyfa útflutning mánuðina apríl og maí.

Sþ. **187. Skýrslur**

til ríkisstjórnarinnar frá Pjetri A. Ólafssyni.

I.

Skýrsla til stjórnarráðs Íslands um erindi P. A. Ólafssonar til að rannsaka horfur í Suður- og Mið-Ameríku fyrir sölu á íslenskum fiski.

P. t. Santos, 6. des. 1922.

Strax og jeg hafði tekist þessa ferð á hendur þóttist jeg sjá fram á, að ferðin kæmi að litlum notum, ef ekki væru höfð með sýnishorn. Ekki eingöngu til að sýna þá vöru, sem hægt væri að bjóða, en jafnframt til að fá eigin reynslu fyrir, í hvaða ástandi hún kæmi fram svo langa leið og hvernig hún þyldi hitann. Svæðið, sem ætlast var til að leitað yrði fyrir sjer á, er frá 30. ° nbr. til 40. ° sbr., á hjer um bil heitasta svæði hnattarins. Eftir að hafa ráðgast um málið við stjórnarráðið, gerði jeg ráðstöfun til, að eftirfylgjandi sýnishorn yrðu send, í ýmiskonar umbúðum, sem að neðan tilfært, en vegna þess að tíminn var svo naumur, var því miður ekki hægt að fá þetta útbúið eins og maður hefði óskað.

Til Buenos Aires, Montevideo og Rio de Janeiro fóru sendingarnar nr. 1—10 með »Gullfossi« frá Reykjavík 3. sept., til umhleðslu í Englandi, en á 3 síðari staðina áttu þær að fara með »Gullfossi« frá Reykjavik 12. okt., og með sömu ferð átti harðfiskurinn að fara á alla staðina, og klipfiskurinn til Nigeria.

Jeg lagði á stað frá London 19. okt. og kom til Rio de Janeiro 7. nóv. Á leiðinni fjekk jeg mælingar á loft- og sjávarhitanum daglega, og var meðaltalið þetta:

	Lofthiti.	Sjávarhiti.
Frá 19.—22. okt. á 51.—42. gr. nbr.	12,5 gr. C.	15 gr. C.
— 23.—26. okt. » 40.—26. — —	20,5 — —	21 — —
— 27.—31. okt. » 21.— 5. — —	26 — —	26,5 — —
— 1.— 6. nóv. » 0.—23. — sbr.	25,5 — —	27,5 — —
— 7.—30. nóv. í Rio de Janeiro min. ...	17 gr.	24,5 meðalt.
max. ...	34 —	
— 1.— 5. des. í Sao Paulo min.	13 —	21,0 —
max.	26,5—	

Við komu mína til Rio tjáði danski sendiherrann mjer, að hann hefði um miðjan okt. fengið farmskírteinið frá Íslandi upp á fisksýnishornin, en enga tilkynningu frá Englandi, hvernig eða hvenær sendingin hefði farið þaðan. Hann hefði margspurt eftir sendingunni á þeim afgreiðslustöðum í Rio, sem

honum hefði verið kunnugt um, en árangurslaust. Jeg símaði því 13. nóv. fyrirspurn til Leith, hvenær og hvernig hinar ýmsu sýnishornasendingar hefðu farið þaðan, og fjekk það svar, að Rio-sýnishornin hefðu farið með s/s »Swinburne« frá Glasgow 14. okt., en Buenos Aires og Montevideo sýnishornin með s/s »Hesperia« frá Glasgow 30. sept. Um seinni sendingarnar, sem fara áttu með »Gullfossi« frá Reykjavík 12. okt., vissi Ellingsen ekkert. »Swinburne« kom til Rio 14. nóv. Móttakandinn fjekk enga tilkynningu um sendinguna frá afgreiðslunni í Rio, og það var því fyrst eftir að svarið frá Leith kom, að hægt var að finna hana. Eftir þjark við tollyfirvöldin út af því, að pappírarnir eðlilega ekki voru útbúnir eins og brasilisk lög mæla fyrir, fjekkst þó sendingin fyrir milligöngu danska sendiherrans, og af því að íslenska stjórnin stóð sem sendandinn, loks útlátin 21. nóv.

Af því það var töluverðum vandkvæðum og kostnaði bundið að fá sjerstakt pláss fyrir þessi sýnishorn á heimssýningunni, og sýningin þess utan fásóttari en búist var við, þá kaus jeg heldur að taka gott pláss, sem jeg átti kost á í miðbænum, og þar hafði jeg þær til sýnis frá 22.—27. nóv., 4 tíma á dag. Áður hafði jeg sent út umburðarbrjef á portúgölsku til 25 helstu fiskkaupmanna í borginni um íslenska fiskinn og yfirburði hans yfir annan fisk etc., og fylgdi þessu erindi portúgölsk þýðing af matslögunum og Íslandspjesinn.

Ásigkomulag. — Þegar sýnishornin voru tekin upp voru liðnar tæpar 12 vikur frá því að þau fóru að heiman, og af þeim tíma höfðu þau verið um 5 vikur í alt að 25—30 gr. C. loft- og sjávarhita.

Fiskurinn hafði ekki tapað neinu í útliti, en hann var linur (likt ástand sem $^5/_8$ þurr) og þó nokkuð af honum var soðið á roðið. Var það aðallega sá fiskur, sem var í blikkumbúðum innan undir, og sjerstaklega sá, sem næstur var blikkinu (þ. e. a. s. efst og neðst). Mest bar á þessu í kassa nr. 3 (sumar skútufiskur), þynsta kassanum með blikkumbúðum í. Þar var hver fiskur soðinn. Í miðjum stærri kössunum með blikkumbúðum og í trjekössunum án blikkumbúða var ekkert og sumpart mjög lítið soðið. Blikkið, sem þess utan var altof þykt, og mikið þykkra en jeg hafði gert ráð fyrir, hefir haldið meiri hita að fiskinum og vafalaust átt mikinn þátt í því, hve tiltölulega mikið var soðið. Þess utan var kveikingin slæm. Einstaka fiskur var farinn að skemmast, þ. e. a. s. fá maur í sig. En það var aðallega nr. 3 fiskur, sem sýnilega hafði verið ver þrifinn og því móttækilegri fyrir skemdum. Jeg tók allan fiskinn og breiddi hann upp. Daginn eftir var hann orðinn töluvert stinnari bara af því að liggja í fríska lofti, þó heitt væri, og 2 dögum eftir var hann alveg búinn að ná sjer. Og þá bar auðvitað ekki eins mikið á »soðinu« og engir fiskkaupmenn tóku eftir því. Enda virtist mjer þekking þeirra á fiski vera mjög takmörkuð. Aðaláhersluna virtust þeir leggja á, að fiskuriun væri vel harður, vegna geymslunnar, en þeir ljetu þó í ljósi, að þessi sýnishorn væru mjög falleg, enda bar þessi fiskur sem gull af kopar af þeim norska, enska og kanadiska, sem jeg sá bæði víða í búðum og eins á sýningunni.

Fisktegundir. — Þeir töldu engin vandkvæði myndu verða á því að selja smáfisk, keilu og ufsa, með tiltölulega lægra verði, enda þótt þangað hefði að eins verið innfluttur stórfiskur og langa. Og sjerstaklega höfðu sumir þeirra gott auga á ufsanum (nr. 1) og bjuggust við, að hægt myndi verða að selja töluvert af honum, bæði af því hann er stór og svo mun ódýrari en annar fiskur. Jeg óttaðist bara dálítið, að þeir svikju hann aftur út fyrir stórfisk, því allur fjöldinn þekkir hann ekki frá. Jeg lagði drög fyrir, að hjer yrði hann seldur, ef til kæmi, undir nafninu »Bacalao Perro«, hvað sem því nú yrði sint. Einstaka firmu þóttust þekkja ufsa og hafa fengið hann frá Englandi.

Norski, kanadiski og enski fiskurinn. — Jeg sá sýnishorn af þessum fiski í upprunalegum umbúðum. Norski fiskurinn var vel harður, en mjög ljótur, hjer um bil með öllum regnbogans litum. Flatning og söltun virtist svipuð og á þeim íslenska, en leit þó út fyrir að vera öllu minna saltaður. Norski fiskurinn á sýningunni var hvergi nærri eins útlitsfallegur og íslenskur fiskur, og var hann þó að eins búinn að vera þar stuttan tíma, því fyrsta sendingin kom skemd, og dæmdi heilbrigðisráðið hana útlæga. Ameríski fiskurinn er flattur eins, en sýnilega lítið saltaður. Hann er vel þurr, en hálfmaltur og mjög ljótur útlits. Það skal tekið fram, að framangreindan fisk skoðaði jeg í Sao Paulo, og var hann í samskonar kössum á 58 kg., og engum blikkkössum innan í. Jeg spurði, hvernig þeim líkaði þessi fiskur, og ljet eigandinn allvel yfir því. Hann hafði verið geymdur þar í 2—3 mánuði og leit naumlega eins vel út og illa geymdur 2—3 ára gamall fiskur heima. Af enska fiskinum sá jeg ekkert í upprunalegum umbúðum. Það er aðallega firmað A. & M. Smith, Ltd. Aberdeen, sem flytur þann fisk inn, og er álitinn besti fiskurinn, sem þangað kemur. Að undanteknum 2—3 stöðum, sem jeg sá allgóðan lausan fisk, var fiskurinn yfirleitt alstaðar ljótur, og á þetta við fisk, sem jeg sá bæði í Rio, Sao Paulo og Santos.

Innflutningur til Brasilíu og heild- og smásöluverð. — Síðastliðið ár var innflutt til Brasilíu um 18 þúsund smálestir (en normalt mun mega reikna með 40—50 þúsund smál.). Af þeim innflutningi voru til Pernambuco 6000, Rio 4000, Bahia 4000, Santos 2000 og þar af frá Nýfundnalandi og Kanada ca 77 %, frá Noregi 13 %, frá Bretlandi 6 % og frá Bandaríkjunum 2 %. Fyrsta helming þessa árs hefur innflutningur numið um 11 þús. smál., og kemur þar tiltölulega minna á Pernambuco og Bahia. — Eins og framangreind skifting sýnir, er aðalinnflutningur á fiski aðeins á 4 hafnir í Brasilíu, og salan að mestu leyti í þeim ríkjum, sem þessir bæir eru í.

Fiskverð. — Verð á klipfiski, stórum nr. 1, frá síðastliðnu nýári þar til fram í júlí var 150—160 milreis pr. kassa á 58 kg. cif., í ágúst 135—145 og í september 125—135 og nú er það 110—120, og varla reiknandi með meiru en 100 næstu mánuði. Fyrir lakari tegundir 10—20 milreis minna pr. kassa. Smásöluverð í Rio 2—2½ milreis pr. kg. og 2½—3 í Santos og Sao Paulo. Smásöluverðið hefir haldist frá nýári, þó heildsöluverðið hafi lækkað nokkuð, en

það er þó hjer, miðað við heildsöluverð, miklu lægra en í Evrópu, eða með öðrum orðum, smásalarnir hjer láta sjer nægja miklu minni ágóða, því í Evrópu er það víða tvöfalt og meir miðað við heildsöluverð. — Kjötverðið í Brasilíu (hið svokallaða »Xarque«, sól- og vindþurkað stórgripakjöt, sem kemur mestmegnis frá Suður-Brasilíu og Uruguay og þykir gott kjöt) hefir lækkað mjög mikið á þessu ári, og kostar nú aðeins frá 800—1200 reis kílóið, eða aðeins ca. 40 % af fiskverðinu, og hefir það hvorttveggja í senn valdið lækkun á fiskverðinu, en jafnframt minkað fisksöluna, vegna þess að fiskurinn þykir of dýr, samanborið við kjötverðið.

Gæði. — Aðaláherslan er lögð á, að fiskurinn sje vel harður, en þó einnig að hann sje ekki mjög smár, og því þykkri því betra.

Hentugasti innflutningstími. — Þó hagskýrslurnar að vísu sýni nokkurnveginn jafnan innflutning alla mánuði ársins, þá er þó besti sölutíminn talinn um föstuna, og mikla áherslu lögðu þeir kaupmenn, sem jeg átti tal við, á það, að fiskurinn væri kominn 4—6 vikum fyrir föstuinngang, svo heildsalarnir gætu komið fiskinum frá sjer til smásalanna fyrir föstutímann. Minst er salan sögð fyrstu 3 mánuðina eftir föstu. En annars selst nokkur fiskur alt árið, og sæmilega vel, sjeu birgðir ekki of miklar.

Beinlaus fiskur. — Þennan fisk sá jeg á sýningunni, bæði norskan og japanskan. Er hann í blikkdósum, aðallega 2 og 5 kg. Öll stærstu bein eru tekin úr honum og það ysta af þunnildunum, síðan skorinn niður með roðinu í 8—10 cm. breiðar ræmur. En svona fiskur er líka seldur í trjekössum, 50 kg. innihald, niðurlagður óinnpakkaður. En beinlausan fisk sá jeg þó víða í búðum. Hann kostar í smásölu 4—5 milreis kílóið.

Söluhorfur. — Sje hægt að þurka fiskinn svo hann komi fram óskemdur, og það á auðvitað að vera jafnhægt fyrir Íslendinga sem Norðmenn og Skota, þá efast jeg ekki um, að í Brasilíu mætti fá sæmilega góðan markað fyrir töluvert af íslenskum fiski, en auðvitað þarf fyrirfram að tryggja hagkvæman flutning; þó fiskurinn sje umhlaðinn í Noregi eða Englandi, *þarf* hann ekki að vera lengur á leiðinni frá Íslandi til Rio en 5—6 vikna tíma. Eftir að hafa sjeð fisksýnishornin, kynt sjer umburðarbrjefið og þýðingu fiskimatslaganna, virtust fiskkaupmenn hafa töluverðan áhuga á því að ná viðskiftum með íslenskan fisk. En auðvitað er einlægt nokkur áhætta með svona sendingar, meðan verið er að fá reynsluna, og það má því eins búast við, að tilraunirnar kafni í fæðingunni, ef þing og stjórn ekki sjer sjer fært að styðja þær, t. d. með því að taka á sig einhvern hluta af þeirri áhættu, sem reglubundnar eins árs reynslu-sendingar hefðu í för með sjer. Hjer er um að ræða þýðingarmikið atriði fyrir einn aðalatvinnuveg landsmanna, sem sje að gera hann óháðan einum og sama markaði, sem nú hefir komið oss illa í koll hvað viðskiftin við Spán snertir. Og þetta er engan veginn ókleift. Þegar jeg hefi lokið rannsóknarferð minni, mun jeg leyfa mjer að gera ákveðnar tillög-

ur um framangreind efni, því jeg hefi mikinn áhuga á því, að þessi ferð mín komi að einhverjum notum, og jeg hefi meiri trú á því nú en þegar jeg fór að heiman, að svo megi verða.

Jeg hygg að heppilegra myndi verða að gera tilraunir með húsþurkaðan fisk. Það er bæði hægra að fá hann þurrari og líka jafnari, sem hefir töluverða þýðingu. — Brasilíubúar kæra sig ekkert um fiskinn í blikkkössum, og jeg held heldur ekki, að hann haldi sjer neitt betur í þeim en trjekössum, síst ef kveikingin er óábyggileg.

Af fleiri ástæðum eru fyrst um sinn mest líkindi til bestrar sölu til Rio og Santos, vegna þess að hjer eru góðar hafnir og flest skip frá Evrópu koma við á þessum stöðum. Í ríkjum, sem liggja að þessum hafnarbæjum, þ. e. a. s. Sao Paulo, Rio de Janeiro og Minas Geraes, sem liggur aftur að báðum, eru bestu járnbrautarsamgöngur ríkisins, og í þessum 3 ríkjum eru um 14 milj. íbúa, eða tæpur helmingur af öllum bandaríkjunum, sem eru 22. Í höfuðborginni Rio de Janeiro eru nú um 1200 þúsund íbúar og í höfuðborginni Sao Paulo (samnefnd ríkinu) eru um 600 þúsund. Í Rio er afarstórt frysti- og kælihús, með öllum nýtísku útbúnaði, fast við höfnina, með göngum (Kanal) frá húsinu til skips, sem alt til kælihússins er flutt um. En lítið er þetta hús samt enn notað fyrir geymslu á saltfiski. Jeg sá þar að eins 2—300 kassa frá firmanu A. & M. Smith. — Fyrir geymslu í þessu húsi er tekið 32 reis pr. kg. fyrsta mánuðinn, eftir það 22 reis. En gjald þetta mundi fást lækkað að mun, ef um stærri sendingar væri að ræða. — Í Sao Paulo eru líka stór frystihús, en þau eiga sláturhúsaeigendurnir. Þau eru langt frá sjó og geta varla komið til greina með geymslu á saltfiski. En Sao Paulo liggur 7—800 metra yfir sjávarflöt, nokkrum gráðum sunnar, og er þar því ætíð mun svalara en í Rio. Mundi því síður þurfa að geyma fisk hjer í kælihúsi, þó auðvitað væri það ákjósanlegra.

Pernambuco og Bahia. — Eftir innflutningsskýrslunum hefir innflutningur á fiski síðustu árin verið einna mestur til þessara staða, sjerstaklega Pernambuco, en aðallega er það Nýfundnalandsfiskur. Norskur fiskur þekkist þar, en af honum kvað sama sem ekkert seljast, og af harðfiski kvað vera mjög lítil sala alstaðar. Er fiskurinn, eftir skýrslu, sem jeg fjekk frá danska ræðismanninum í Pernambuco, fluttur þangað í smátunnum, sem þykja hentugri umbúðir en kassar fyrir flutning aftur inn í landið, sem vegna járnbrautaleysis aðallega fer fram á múldýrum og hestum. Konsúllinn segir, að innflutningurinn hafi minkað mjög mikið þetta ár, vegna þess hvað fiskurinn sje dýr, miðað við kjötverðið, sem hafi lækkað mikið meir og kosti nú að eins $^1/_3$—$^1/_2$ af fiskverðinu. Hann segir, að menn sjeu þar vanastir Nýfundnalandsfiski og að það sjeu ætíð erfiðleikar á að koma inn nýjum tegundum, og ræður frá að senda mikið af fiski þangað, og þá sjerstaklega ef það sje fiskur, sem geymist illa. Töluvert meiri hiti í Bahia og Pernambuco leiðir það líka af sjer, að ísl. fiskur hlýtur að geymast þar ver en suðurfrá, og þar eru, að því er jeg frekast hefi getað tilspurt, engin kælirúm fyrir fisk. — Af því að send sýnishorn til þessara staða voru ekki komin er jeg fór frá Rio, og engar

upplýsingar hægt að fá hvað þeim leið, og meðfram vegna upplýsinganna, sem jeg fjekk frá konsúlnum, þá hætti jeg við að fara til þessara staða. Það hefði tafið mig um 3—4 vikur, og það þótti mjer of mikið eftir hina miklu bið í Rio. Jeg sendi því konsúlunum á þessum stöðum áður umgetin umburðarbrjef, fiskimatslög og Íslandspjesa, og bað þá útbýta þeim til þeirra fiskkaupmanna, sem hefðu einhvern áhuga fyrir málinu, og jafnframt bað jeg þá taka á móti sýnishornunum, og ef þau kæmu fram óskemd, að sýna þau hinum helstu fiskkaupmönnum, og láta mig svo vita árangurinn.

Auk framangreindra ríkja mætti ef til vill búast við, að geta selt eitthvað af fiski til syðstu ríkja Brasilíu, nefnilega Paraná, Santa Catharina og Rio Grande do Sul. Í þessum ríkjum eru samtals um 3½ milj. íbúa, en sama sem enginn saltfiskinnflutningur hefir átt sjer stað þangað enn sem komið er. Gerir það sjálfsagt töluvert, að Evrópu- og Norður-Ameríku-skipin, sem hafa áætlunarferðir, koma þar mjög sjaldan við. Strandferðir bæði suður og norður eftir frá Rio eru aftur á móti allgóðar. — Járnbrautarsamgöngur í þessum ríkjum eru nokkurnveginn, sjerstaklega í Rio Grande do Sul, sem hefir um 2 milj. íbúa. Og hitinn er mun minni hjer en norðurfrá.

Útbúnaður á hleðsluskjölum. — Með hverri sendingu skal fylgja:

1. Farmskírteini, 1 frumrit og 2—3 afrit.
2. Tollfactura eða Factura consular í 3 eintökum. Þessi faktura skrifist á sjerstök eyðublöð, sem fást í brasiliska konsúlatinu. A þeim á að standa verð það, sem fiskurinn er seldur fyrir, og sjerstaklega farmgjald og vátrygging. Sje hann seldur cif, verður að áætla hvað farmgjald, umhleðslukostnaður og vátrygging nemi miklu af cif-verðinu. Brasiliski konsúllinn á að útbúa þessa faktúru og árita hana.
3. Venjuleg factura. Hún myndar undirstöðuna undir consular-facturuna, þarf enga konsulsáritun, en verður að vera sundurliðuð, eins og consular-facturan. Facturan sendist móttakanda í 2 eintökum.

Mjög áríðandi er, að öll eintök, sjerstaklega af nr. 1 og 2, sjeu nákvæmlega eins og samhljóða hvað öðru innbyrðis, bæði nöfn, tölur og merki. Sjeu mörg Kollí undir sama merki, verður að setja á þau áframhaldandi númer. Brasilíska konsulatið tekur afrit í sínar bækur af consular-facturunni, og á því að geta gefið afrit af henni síðar, ef með þarf.

Við framkomu eru skjölin ekki tekin gild, ef þau ekki eru árituð af brasiliskum konsúl. Sje það ekki gert á Íslandi, verður að gera það þar, sem umhleðsla fer fram. Sje um nokkrar fisksendingar að ræða, er því næstum óumflýjanlegt að brasilískur konsúll sje á staðnum.

Í Brasilíu eru háar sektir, ef skjölin eru ekki útbúin sem vera ber, eða ef nokkur ónákvæmni eða skekkjur eiga sjer stað í þeim. Tollembættismennirnir fá sjálfir helming sektanna, og þeir vaka því yfir tækifærinu.

Áður en varan fæst útlátin verður að afhenda framangreind skjöl tolleftirlitinu. Sjeu þau í lagi, fæst varan strax útlátin, gegn því að greiða tollinn og önnur áhvílandi gjöld. En sjeu skjölin ekki í lagi, fæst varan annaðhvort ekki afhent eða aðeins gegn sektargreiðslu. En brasilisku tollyfirvöldin eru

sein í snúningum, og það tekur oftast fram undir vikutíma eða meira að fá skjölin afgreidd. Leggi skipið, sem flytur vörurnar, ekki að hafnarbakkanum, hefir fjelag það, sem sjer um uppskipun, 5 daga frest til að koma þeim á tollbúðina. Annars er þeim skipað í land svo fljótt sem hægt er.

Það er mikilsvert atriði, ef hægt er að koma skjölunum með öðru skipi á undan vörunum, þó ekki væri nema 3–4 dögum áður. Þá er hægt að hafa umsóknina til tollgæslunnar tilbúna og þá getur móttakandinn strax fengið sendinguna frá skipi, og auk þess að við það sparast »Værdiafgiften« (verðtollurinn), hefir það mikla þýðingu, að geta komið vörunni sem fyrst af sjer til kaupandans.

»Værdiafgiften« eða verðtollurinn innifelur í sjer uppskipun og húsaleigu mánaðartíma. Liggi sendingin meira en einn mánuð í tollpakkhúsinu, borgist nýr verðtollur, sem er 4 % fyrir næsta mánuð (helmingi hærri en fyrsta mánuðinn) og fyrir 3. mánuðinn er hann 10 %. — Þessum kostnaði er, eins og fyr er getið, hægt að komast hjá, ef skjölin koma á undan sendingunni, ef þau eru í lagi, tollurinn er greiddur og varan flutt í pakkhús móttakandans.

Tollútgjöld etc. — Af fiskinum greiðist til ríkisins vigtartollur, 55 % með gullgildi og 45 % með pappirsgildi. Tollurinn nemur nominelt 60 reis pr. kg. Gullgildið er sem stendur 4,4 sinnum meira en pappírsgildið, og verður því vigtartollurinn

55 % af 60 reis x 4,4 ..... = 145 reis
45 % pappír af 60 reis ..... = 27 —

172 reis reikn. 180

Hjer við bætist verðtollurinn, sem gildir 1 mánuð eftir komu og nemur 2 % gullgildi af cif-verðinu. Sje það reiknað 116 milreis pr. kassa á 58 kg., verður kílóið:

2 milreis x 2 % x 4,4 ..... = 176 reis reikn. 180

pr. kg. reis 360

Með öðrum orðum, kostnaður á kassanum verður þetta:

Vigtartollur pr. ks. 58 kg. á 180 reis 10440
Verðtollur af ks. 116 milreis 10440

pr. kassa ca. 21 milreis,

en ca 10—11 milreis, ef ekki þarf að borga verðtollinn, en við framangreindan kostnað bætist svo 20—100 milreis í »Despacho«, eftir stærð sendingarinnar.

Söluskilmálar. — Fiskurinn er nú vanalega sendur og seldur í umboðssölu. Einstaka »parti« eru þó seld cif. Er þá fiskurinn seldur þannig, að seljandi gefur út víxil á kaupandann, sem innleysist 30 dögum eftir móttöku vörunnar. Víxil og farmskírteini er hægt að senda banka. En það er algild regla hjer, að móttakandi hafi leyfi til að skoða fiskinn, hvort hann svarar til þess, sem hann er seldur fyrir. Geri hann það ekki, getur hann neitað að taka á

móti honum, og verður þá bankinn eða sá, sem fær skjölin, að ráðstafa honum öðruvísi. En reynist fiskurinn vel, getur kaupandinn fengið hann í sitt pakkhús, en má ekki láta hann út aftur nema partíið sje borgað, eða samið sjerstaklega um það við bankann. Af framangreindum ástæðum er næstum nauðsynlegt að hafa millilið eða umboðsmann, sem sjer um, að að eins sje átt við velstæð og heiðarleg firmu, og sem getur ráðstafað fiskinum, ef eitthvað ber út af. Til bráðabirgða hefi jeg í Rio aftalað við firmað Lerche & Sahlin, 96 rua Primeiro de Marco 10, telegr. adr. »Dano«, sem kvað vera mjög áreiðanlegt og heiðarlegt firma, að þeir væru milliliðir fyrir þá, sem óskuðu. Taka þeir 2% í umboðslaun og felur það í sjer »Delcredere«. — Í Santos aftalaði jeg við firmað F. S. Hampshire & Co. Ltd., sem einnig hefir skrifstofu í Sao Paulo og víðar, að vera milliliðir fyrir þá, sem kynnu að óska. Þeir gera hvorttveggja að kaupa í fastan reikning og vera umboðsmenn, einnig fyrir útfluttar vörur, kaffi etc. Þeirra firma í London heitir Norton, Megau & Co, Ltd. — Þetta firma kvað, að sögn danska konsúlsins í Santos, vera mjög áreiðanlegt.

Brasiliska myntin. — Í öllum verslunarviðskiftum er reiknað með pappírs-milreis. Gullmilreis, sem nú er 1,4 hærra en pappír, er að eins notað af því opinbera, og þá venjulegast reiknað út í pappírsgildi. Gengið á pappírsmilreis er normalt jafngilt 16 d., en það hefir það ekki verið síðan 1913. — Árin 1915—1920 jafngilti 1 milreis frá 12—14¼ d. 1921 fjell það niður í meðaltal 8¼ d., og síðan hefir það smáfallið og stendur nú í 6¼ d., eða sem svarar 38¼ milreis fyrir £. — 15. nóv. síðastliðinn fór frá völdum Dr. Epitacio Pessoa, en við tók Dr. Arthuro de Silva Bernardes, 12. forseti ríkisins. Jafnskjótt sem hann hafði tekið við völdum, vjek hann úr sessi ýmsum embættismönnum, er þóttu hafa rækt störf sín illa, og gerði ýmsar ráðstafanir til að minka útgjöld ríkisins og koma fjárhaginum í betra horf. Gera menn sjer vonir um, að þetta hafi þær afleiðingar, að gengið hækki bráðlega aftur. — Myndi það auðvitað stuðla að því, að hægra yrði að selja fisk til Brasilíu. —

Eftirmáli.

Analyse. — Til frekari skýringar því, sem getið er um á bls. 15,[1]) um að móttakandi fiskjar hafi leyfi til að sannfæra sig um, hvort fiskurinn svarar til þess, sem hann er seldur fyrir, þá er móttakandi ekki einráður um að meta þetta. Samfara tollskoðuninni, sem getið er um á bls. 13,[2]) hefir láðst að geta um skoðun heilbrigðisráðsins, sem er verulegasti þátturinn í skoðun hins opinbera, og sem er innifalinn í »efnagreining«. Sje fiskurinn af heilbrigðisráðinu dæmdur óskemdur, getur kaupandinn ekki neitað að taka á móti honum — ef ekki einhver önnur atriði kaupseðilsins gefa honum rjett til þess, t. d. ef fiskurinn kemur löngu síðar en gert var ráð fyrir, eða eitthvað því um líkt.

Með virðingu

Til *Pjetur A. Ólafsson.*

stjórnarráðs Íslands, Reykjavík.

1) Hjer á bls. 342—343. — 2) Hjer á bls. 343—344.

II.

Skýrsla til stjórnarráðs Íslands um söluhorfur og fleira þar að lútandi á íslenskum fiski til Buenos Aires og Montevideo.

P. t. Buenos Aires, 31. des. 1922.

Sem umgetið í síðustu skýrslu frá Santos, fór jeg þaðan 6. þ. m. og kom hingað þann 10. morguns.

Á þessari leið var lofthitinn að meðaltali 21 gr. C (mestur 27 gr., minstur 17 gr.) og sjávarhitinn að meðaltali 22 gr. C (mestur 25 gr., minstur 20 gr.).

Hjeðan hafði jeg ekkert frjett hvað »fiskprófunum« hingað og til Montevideo leið, því brjef, sem jeg hafði sent frá Rio 9. nóv., kom ekki fram fyr en 20., og svar aftur upp á það hafði flækst, og innihaldið vissi jeg ekkert um fyr en jeg kom hingað.

»Fiskprófurnar« komu hingað og til Montevideo 6. og 7. nóv., en ekki var búið að tollrýna þær og »analysera« fyr en seint í nóvember.

»Prófurnar« hingað voru geymdar í húsi, sem tolleftirlitið hefir til umráða. Það var með lágum veggjum og einföldu blikkþaki, og heldur því miklum hita, og mun mikið af tímanum, sem fiskurinn lá þarna, hafa verið inni 25—28 gr. hiti. Enda reyndist hann illa við skoðunina. Fiskurinn var blautur og soðinn, sjerstaklega efst og neðst í kössunum, blettóttur og jarðsleginn, og var hann engu betri í blikkkössunum en hinum. Dálítið var hann misjafn í kössunum og einna skárstur í ks. nr. 4 og 5 (ópl. og pl. án blikkumbúða). Yfirleitt hafði ýsan og langan haldið sjer best, var þurrust, minst soðin og minst blettótt, en keilan og ufsinn til jafnaðar verst útlits. Yfirleitt held jeg að mismunurinn á þessum útiþurkaða fiski hljóti að liggja í því, að þegar fiskurinn upphaflega ekki er nægilega þurkaður fyrir þessa hnattlegu, og blotnar upp eða linast við hitann, þá helst hann lengur rakur því þjettari sem umbúðirnar eru um hann, og er í því ástandi nokkuð móttækilegri fyrir skemdum, og sumpart getur hann í flutningnum hafa verið misjafnlega undirorpinn skemdum. Byggi jeg þessa skoðun sumpart á því, að mjer finst hún eðlileg, og sumpart á reynslunni við nákvæma eftirtekt á útliti fisksins í hinum ýmsu umbúðum, því fiskurinn var yfirleitt blautari og ljótari í blikkumbúðum en án blikkumbúða. — Langbest hafði húsþurkaði fiskurinn í ks. nr. 6 og 7 haldið sjer. Hann hafði slegið sig minst, var lítið sólsoðinn, nokkurnveginn þur og best útlítandi, og var óverulegur munur á ks. nr. 6 (með blikki) og nr. 7 (án blikks). Línufiskurinn í þessum kössum var þó ekki eins góður og trawlfiskurinn.

Fiskurinn í strigaumbúðunum nr. 8 og 9 var ekki mjög linur — hafði sýnilega slagnað og þornað aftur —, en ufsinn í bl. nr. 9 var skítugur, rifinn, kraminn og sumpart í tætlum, soðinn og mjög útlitsljótur. Stórfiskurinn í bl. nr. 8 var ekki eins kraminn og ufsinn í bl. nr. 9, en skítugur, soðinn og illa útlít-

andi. — Steinbítsriklingurinn í ks. nr. 10 var þur og óskemdur, en hafði gulnað og dökknað töluvert.

Jeg tók nokkuð af fiskinum upp og breiddi hann. Þornaði hann á tiltölulega skömmum tíma, og tók sig þá nokkuð, en hann var yfirleitt orðinn svo skemdur (blettóttur og soðinn), að engin tök voru á að nota hann fyrir sýnishorn.

Jeg varð því að heimsækja hina ýmsu fiskkaupmenn hjer án þess að hafa sýnishornin með. Eins og í Brasilíu sendi jeg þeim áður umburðarbrjef á spönsku (sem fylgir hjer með á íslensku), matslögin og þjesann um Ísland, svo þeir hefðu tækifæri til að kynna sjer málið dálítið áður en jeg talaði við þá. Var heimsókn þessi gerð aðallega til þess að skoða norska og enska fiskinn — markaður fyrir Nýfundnalandsfisk er enginn hjer, — umbúðirnar um hann og fá ýmsar upplýsingar og álit. Jeg var hjá 7 stærri og smærri firmum, og skal nú tekið fram það helsta, sem fyrir bar.

Jeg skoðaði fisk í upprunalegum umbúðum hjá flestum firmunum, bæði norskan og enskan og á einum stað færeyskan. Norski fiskurinn var frá fjöldamörgum fiskkaupmönnum og útgerðarmönnum, aðallega frá Kristianssund og Aalesund. En mest var af fiskinum frá Astrup & Co. í Kristianssund, og var hann víðast hvar fallegur, en fallegasti fiskurinn, sem jeg sá, var frá Aarsæther, Aalesund, og var það fiskur, sem fullkomlega jafnaðist á við besta íslenskan handfærafisk. Rönneberg & Sönner höfðu líka töluvert af fiski, Rysst Schönberg o. m. fl., en þó ekki neitt verulegt frá hverjum.

Norski fiskurinn er með sama verkunar- og flatningslagi og ísl. fiskurinn og er allur vel harður og yfirleitt heldur fallegur og ekki sambærilegur við þann norska fisk, sem jeg sá í Rio og Santos. Þó var hann töluvert misjafn. Frá sumum var flatningin slæm, of djúp og partur af hryggnum eftir í fiskinum, illa þveginn á roðið og undir uggum og illa pillaður. En allur vel þurr. Af lyktinni, sem er sjerkennileg fyrir húsþurkaðan fisk, held jeg að minsta kosti að nokkuð af þessum fiski hafi verið inniþurkað. Jeg spurði alstaðar um það, hvort fiskurinn væri sól- eða húsþurkaður. En að eins einn gat svarað því, og sagði að hann væri sólþurkaður. Af þessu ræð jeg, að fallegur húsþurkaður fiskur gangi hjer alveg jöfnum höndum. — Norski fiskurinn bar ekki með sjer, að hann væri minna saltaður en sá íslenski, þó svo sje víða álitið á Íslandi. Jeg spurði nokkra um það, hvernig norski fiskurinn hefði reynst í ár, samanborið við fyrri ár. Þeir sögðu hann vera með besta móti í ár. Hann hefði komið allur vel þurr og hvítur og hjeldi sjer vel eftir komuna hingað í blikkumbúðum, 2—3 mánuði að sumrinu og 5—6 mánuði að vetrinum. Sumir sögðu að hann hjeldi sjer vel alt að 10—12 mánuði. Í lausasölu í búðum sá jeg víðast hvar fremur fallegan fisk.

Bretski fiskurinn, sem aðallega var frá A. M. Smith & Co. og nokkuð frá Birrel og Williamson, var mjög svipaður þeim norska, en lakastur frá Birrel, bæði verkun og þurkun. Sumir sögðu að bretski fiskurinn væri þurrari og hjeldi sjer betur en sá norski, en menn kysu samt heldur þann norska.

Færeyski fiskurinn. — Það var aðeins eitt lítið parti, sem komið hafði af honum. Fiskurinn var fremur fallegur, óskemdur, en nokkuð linur (sýnishornið svaraði til 7/8 þurr heima). Kaupandinn sagði, að hann hefði verið 3 mánuði á leiðinni via Bergen og væri búinn að vera hjer rúmar 3 vikur. Hann sagði ennfremur, að fiskurinn væri altof linur til að geta haldið sjer hjer og þýðingarlaust væri að senda svona fisk. Þessi fiskur hefir þó vafalaust verið vel þurr þegar hann fór á stað, eftir venjulegum þurkunarmælikvarða heima.

Íslenskur fiskur. — Ekki vissu neinir til þess hjer eða í Rio, að ísl. fiskur hefði komið hingað. En einn aðalkaupmannanna, sem verið hafði í Barcelona í 2 ár, þekti ísl. fisk og vildi gjarnan ná í hann, en hann sagðist óttast, að við ekki þurkuðum hann nóg til þess að hann hjeldi sjer. — Vafalaust hefir ísl. fiskurinn oft flutst hingað, en þegar hann fer yfir önnur lönd, kemur hann hingað sem þess lands fiskur, er hann síðast fór frá, og er þar líklega hert á þurkinum áður en hann fer á stað. — Einn bankastjóri hjer, sem jeg átti tal við, fullyrti, að mikið af Smiths fiski væri frá Íslandi.

Almennar hugleiðingar. — Að undanteknu 1 firma, sem bar af öðrum, virtist mjer út af ýmsum fyrirspurnum, sem jeg gerði, flestir lítið skyn bera á meðferð á fiski. Aðaláherslan lögð á, að fiskurinn sje vel þurr og harður og litarfallegur. Þó fiskurinn væri sýnilega hálfilla þveginn og pillaður, marinn, illa flattur og dálítið sólsoðinn, sem jeg veitti eftirtekt í sumum kössunum, er jeg skoðaði í, þá virtust þeir ekki veita þessu neina eftirtekt eða hafa nokkuð sjerstakt við það að athuga, þó jeg vekti athygli á því.

Geymsla. — Fiskurinn er geymdur í kössunum, í húsum, sem víðast hvar er afarheitt í, og það er því skiljanlegt, að hann þurfi að vera vel harður til að geta haldið sjer.

Kælihús fyrir fisk nota engir. Jeg sagði þeim, að á Spáni, sem ekki væri nálægt því eins heitt og hjer, væri fiskurinn nú víðast hvar settur í kælihús strax og hann kæmi frá skipi. Með því móti gætu þeir geymt, svo lengi sem vera vildi, linþurkaðan fisk, sem væri miklu ljúffengari en harðverkaður fiskur. Þeir sögðu, að húsgeymsla væri altof dýr og fiskurinn hjeldi sjer án þess, ef hann væri nóg þurkaður.

Umbúðirnar. — Allir virtust leggja mikla áherslu á, að fiskurinn kæmi í blikkkössum innan í trjekössunum. Sögðu hann hjeldi sjer annars ekki. Norðmenn væru oft búnir að reyna að senda hann eingöngu í trjekössum, en það hefði einlægt mislánast. En kveikingin á blikkkössunum þyrfti að vera loftþjett, annars kæmu blikkumbúðirnar að litlu liði.

Stærð umbúða og innihald. — Trjekassarnir, sem jeg mældi, voru töluvert mismunandi að stærð frá hinum ýmsu sendendum, eftir því sem fiskurinn var stór eða smár. En þetta utanmál mun næst sanni: Lengd 70 cm., breidd

52, dýpt 27, þykt á botni og loki 13 mm., hliðar 16, endastykki 16 mm. Nettó innihald sögðu þeir vera 41 kg., blikkkassinn 4 kg. og trjekassinn 9 kg., er verður brútto 54 kg., og væri áríðandi vegna tolleftirlitsins, að innri umbúðirnar með fiskinum væru sem allra jafnastar að vigt (45 kg.), því tollurinn er reiknaður af fiskinum incl. blikkumbúðirnar, og svari ekki »stikpröfurnar« til þess, sem upp er gefið, getur það valdið því, að þeir heimti að vigta alt, sem hefir eðlilega töluvert meiri kostnað í för með sjer.

Frágangur á norsku kössunum er yfirleitt snyrtilegri en á þeim bretsku. Fjalirnar í trjekössunum eru heflaðar að utan og þeir eru allir geirnegldir, en ensku kassarnir eru negldir saman. — Hver kassi er með brendu firma- og skrásettu merki, en að öðru leyti plötu-merktur. Frá mörgum er skrásetta merkið í litum á blikklokinu líka. Og inst er pergament-pappír ofan á fiskinum.

Stærð á fiskinum. — Í Buenos Aires vilja þeir ekki hafa mjög stóran fisk. Stærð 50–65 cm líkar best. Allir voru sammála um það, að menn vildu heldur norska en bretska fiskinn. Býst jeg þó við, að það liggi aðallega í því, að bretski fiskurinn hefir venjulega verið 2–3 Pesos dýrari kassinn.

Salt. — Nokkur firmu spurðu, hvaða salt væri notað í íslenskan fisk. Virtust leggja áherslu á, að notað væri Miðjarðarhafssalt.

Innflutningur. Opinberar innflutningsskýrslur eru engar til yngri en frá 1919, en hagstofan segir innflutning af fiski 1920 hafa numið 3528300 kg. og frá heildsölum fjekk jeg, fyrir milligöngu danska ræðismannsins, uppgefið, að innflutningur í janúar og febrúar hafi numið í ks. á 45 kg.

1919	1920	1921	1922
5760 ks.	31920 ks.	16390 ks.	28640 ks.

Verð á klipfiski hefir einlægt farið lækkandi frá nýári. Fjekst þá fyrir norskan fisk cif. 65—70 shillings ks. á 45 kg. Um miðsumarið var það komið ofan í 50–65. Í okt.—nóv. 45–50 og nú er hann boðinn út fyrir 37 sh. cif

Lækkun á verðinu stafar sumpart af lækkun á kjötverðinu, sumpart af miklum aðflutningi og samkepni, sjerstaklega síðari hluta ársins milli norskra innflytjenda. A. M. Smith & Co. befir rutt töluverðu inn af fiski til umboðssölu, bæði hjer í B. A., Montevideo og Rio, og hefir það ekki síst átt sinn þátt í því að minka eftirspurnina og lækka verðið. Og með því að töluverðar birgðir liggja hjer, áætlaðar 30000 ks., þá eru litil líkindi til að verðið hækki næstu mánuði, fremur hitt, að það lækki.

Smásöluverð hefir verið og er enn 1,40—1,60 pappírspesos pr. kg.

Af beinlausum fiski hefir verið nokkur innflutningur, en farið minkandi. Þykir hann of dýr. Hann flytst aðallega í litograferuðum blikkdósum á 5 kg. og hefir verið keyptur fyrir 1,30—1,40 kg., seldur aftur til smásala fyrir 1,50—1,70 kg., og seldur í smásölu á 2,50—3,00 pr. kg.

Horfur. — Yfirleitt virðast mjer söluhortur hjer lakari en í Brasilíu. Íbúatala á svæði því, sem fiskur selst hjer aðallega til, er að eins um 40% af íbúatölu bara 3 ríkjanna, sem liggja að Rio. — Buenos Aires, sem hefir um 1600 þús. íbúa, er aðalinnflutningshöfnin. Samkepnin er hjer meiri. Kröfurnar um gæði hærri. Engin kælihús. Blikkumbúðirnar, sem hingað er krafist, gera fiskinn dýrari. Tollur og kostnaður alt að helmingi meiri. En þrátt fyrir alla þessa annmarka, er verðið tiltölulega lágt og gerir alla afstöðu hjer mun lakari.

Cifsala. — Fisk mundi mega selja hingað cif. gegn greiðslu hjer, eftir viðurkenda skoðun. En annmarkarnir á cifsölu hingað eru svipaðir og til Brasilíu.

Umboðssala. — Þegar heildsalarnir taka fisk í umboðssölu þá reikna þeir sjer 4—5% umboðslaun og 5% að auki til kaupendanna, auk tolls og annars kostnaðar á fiskinum.

Tollur og kostnaður. — Samtals nemur tollur, efnagreining, vinna, keyrsla til húss og umboðslaun afgreiðslumanns um 5½—6 $ pappír pr. kassa. Efnagreining og tollskoðun tekur vanalega 8—12 daga. Fyrir húsgeymslu reiknast 15 centavos fyrir kassann á mánuði eða brot úr mánuði. Fyrir stærri sendingar, 500—1000 kassa í einu, mundi geymslan fást fyrir 10 centavos á mánuði.

Hleðsluskjöl. — Útbúnaður á þeim er ekki eins miklum annmörkum bundinn og til Brasilíu. Engin upprunaskírteini þarf, og þess er að eins krafist, að farmskírteinin sjeu árituð af argentínskum konsúl. Það kostar um $ 0,65. Og þetta mun mega gera í þeirri höfn, sem fiskurinn er látinn í annað skip, ef argentínskur konsúll ekki er á staðnum.

Argentínska myntin. — Í viðskiftum alment er átt við pappirspesos. Gildi hans er sem stendur ca 20 d. eða 12,10 pesos í sterlingspundið. En 100 pappírspesos jafngildir 44 gullpesos. Hefir þetta gengi argentínsku myntarinnar haldist nokkurn veginn eins lengi, en er normalt ca. 8% hærra.

Montevideo.

Jeg var þar dagana 20.—23. desbr. Markaðurinn er ekki stór í Uruguay, og Montevideo er eina höfnin, sem nokkuð flytst til af fiski að ráði. Innflutningur til Uruguay hefir árin 1919—21 numið kring um 400 smálestir hvert ár, en hefir lækkað töluvert og nemur í ár varla 200 smál. Það er aðallega norskur og skotskur fiskur, sem flytst hingað. Jeg skoðaði hann á nokkrum stöðum. Er um hann alveg það sama að segja og í Buenos Aires, og innflytjendurnir eru þeir sömu. Jeg skoðaði í einn kassa af norskri fisksendingu, sem legið hafði síðan í apríl. Fiskurinn var vel harður og nokkurn veginn útlitsfallegur, en flatningin var slæm, of djúpflattur, hryggurinn illa skilinn frá og líkið krassað. Sumt af honum var þunt, næstum skinnfiskur, og smáorm sá

jeg í nokkrum þunnildum. Var þetta selt og sent sem nr. 1, og kaupandinn virtist ekkert sjerlegt hafa við það að athuga. Á Íslandi hefði mest af þessum fiski verið greindur sem nr. 2 og 3.

Beinlaus fiskur. — Hann flytst líka hingað, en óverulegt kvantum. Jeg sá norskan, pakkaðan í trjekassa með 6—5 kg. brúttó og 2—10 kg. brúttó litógraferuðum blikkkössum innan í. Kostaði síðast (okt.) 100 sh. kassinn cif.

Aðflutningstollur. — Til Uruguay greiðist hann af allri bruttó-þyngdinni, bæði trje og blikki, og verður þá töluvert meiri en í Argentínu. Hann nemur 5 urug. centavos af brúttó-þyngdinni og 14% af áætluðu verðmæti, eða 9—10 centavos af hverju kg. af fiskinum sjálfum. Þess utan stimpilgjald, efnagreining og ýmiskonar annar kostnaður, sem telja má að nemi 1—1½ urug. peso. Samtals nemur þá tollur og kostnaður á kassa (með 41 kg. af fiski, brúttó um 55 kg.) ca 5—5½ urug. peso, en það svarar til 11—12 argentínskir pappírsdollarar eða pesos.

Það sem sagt er að framan undir Buenos Aires að öðru leyti um útlit, umbúðir, efnagreining, stærð á fiskinum, hleðsluskjöl etc., á einnig við í Uruguay.

Sýnishornin, sem send voru til Montevideo og komu þangað 6. nóv., voru eins og í Buenos Aires illa útlítandi og óhæf sem sýnishorn. Annars er hitinn töluvert minni þar en í Buenos Aires.

Verð á fiski. — Verðið hefir frá því í vor leikið á frá 65—50 sh. cif pr. ks., og var 50 sh. uppgefið nú sem síðasta kaupverð (í nóv.). Smásöluverðið var 0,60—0,65 $ pr. kg., en í kössum á $ 22,50. Beinlaus fiskur kostaði þar í smásölu $ 1,20 pr. kg.

Strangleiki með skoðun. — Danski konsúllinn, sem er innborinn Argentíni, sagði að mikla áherslu yrði að leggja á, að fiskurinn kæmi óskemdur. Heilbrigðisráðið væri mjög strangt í skoðun, og væri fiskurinn skemdur, væri um enga miskun eða undanþágur að ræða — bara fleygja honum.

Uruguyanska myntin. — Gull og pappir er jafngilt. — 1 urug. dollar eða peso er sem stendur jafngildur 43 d., en normalt gildi er 51 d. (1 urug. peso jafngildir 2¼ argentínskum pappírspeso).

Horfur. — Jeg býst varla við, að um nokkurn verulegan innflutning til Uruguay geti verið að ræða. Tollur og kostnaður á fiskinum út af fyrir sig er alt of hár til þess, að hægt sje að vænta viðunanlegrar sölu, og svo er áhættan töluverð, ef fiskurinn kemur skemdur.

Með virðingu *Pjetur A. Ólafsson.*

Til stjórnarráðs Íslands.

Fylgiskjal.

Merkt:
Consulado Dinamarca

Nr. Islandia.	B. Aires.	Montevideo.	Rio.	Bahia.	Pmbuco.	Hava.
1. Útiverkaður Trawlfiskur, allar teg. nr. 1 í trjeks. og blikkks. innan í. Nto. 60 kg	2 ks.	1 ks.	2 ks.	1 ks.	1 ks.	1 ks.
2. Sama nr. 2 og 3 í trje- og blikkks. Nto. 60 kg	1 ks.	1 ks.	1 ks.	1 ks.	1 ks.	1 ks.
3. Útiverkaður sumar Jagtafiskur nr. 1, í trje- og blikkks. Nto. 20 kg	1 ks.		1 ks.			
4. Útiverkaður Trawlfiskur, stórf. nr. 2, ufsi nr. 1, að eins í ópl. trjeks. Nto. 20 kg	1 ks.					
5. Samskonar sem nr. 4, en kassinn úr plægðum við. Nto. 20 kg	1 ks.					
6. Húsþ. Trawl-stórfiskur nr. 1 og 2 í trje- og blikkks. Nto. 40 kg	1 ks.					
7. Húsþ. Trawl-stórfiskur nr. 1 og 2 í óplægðum trjeks. að eins. Nto. 40 kg	1 ks.					
8. Húsþ. Trawl-stórfiskur nr. 2 í strigaumb. Nto. 20 kg...	1 bl.					
9. Húsþ. Trawl-ufsi nr. 1 í striga. Nto. 20 kg	1 bl.					
10. Strengslaður steinbítur í óplægðum trjeks. Nto. 10 kg	1 ks.	1 ks.	1 ks.	1 ks.	1 ks.	1 ks.
11. Harðfiskur í strigaumbúðum. Nto. 30 kg	1 bl.		1 bl. (20 kg)	1 bl. (10 kg)	1 bl. (10 kg)	1 bl. (30 kg)
12. Bútungur í strigaumbúðum. Nto. 30 kg	1 bl.		1 bl. (20 kg)	1 bl. (10 kg)	1 bl. (10 kg)	1 bl. (30 kg)

13. Kryddsíld í 5 kg dúnkum. 20 Dk.
14. Spegesíld í 5 kg dúnkum. 20 Dk.
15. Klipfiskur (upsi, keila, ýsa) 200 kg til Nigeria.

(A. XIII, 10).

Ed. **188. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Um mál þetta er það fyrst að segja, að eigi breyting á lögum þessum að komast í framkvæmd á þessu ári, verður ekki hjá komist að hraða meðferð málsins úr þessu, en þess mun þó vera vænst víðsvegar á þessu landi, að nokkur linun verði gerð á skatti þessum.

Nefndin hefir því orðið sammála um að gera þær einar breytingar á frumvarpi neðri deildar, er hún telur óhjákvæmilegar.

Samkomulag varð um það, að tekju- og eignarskattur eigi að koma til frádráttar við útreikning skattsins, á sama hátt sem aukaútsvar.

Hinsvegar má búast við því, að litið verði misjafnlega á, til hve langs tíma lög þessi og tekjuskattslögin frá 1921 eigi að gilda, og urðu því nefndarmenn sammála um, að láta þetta vera ótiltekið í lögunum, þar sem hvert þing hefir fult vald til þess að breyta þeim.

Samkvæmt framantöldu leggur nefndin til, að frumvarpið sje samþykt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr.
   Aftan við »Aukaútsvör« bætist:
   og tekjuskattur og eignarskattur.
2. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:
   Lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, gilda að öðru leyti, þar til önnur skipun verður á gerð.
3. Aftan við 5. gr. komi ný gr., sem verður 5. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 21. mars 1923.

Guðm. Ólafsson, formaður.	Sigurður H. Kvaran, framsögumaður.	Karl Einarsson, fundaskrifari.

Sigurður Jónsson. Björn Kristjánsson.

(B. XXV, 2).

Nd. **189 Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir fallist á frv. með þeim breytingum á formi og efni, sem hjer fara á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR.

I. 1. grein frv. orðist svo:

Á eftir 1. gr. laga nr. 47, 30. nóv. 1914, komi ný málsgrein, er verður 2. málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti mega þeir menn greiða atkvæði, sem eru ekki ferðafærir sakir elli eða vanheilsu, og komast því ekki á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Forföll eru sönnuð með læknisvottorði í kaupstöðum, en annarsstaðar með vottorði læknis eða hreppstjóra.

II. Á eftir 1. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Á eftir 3. málsgr. 4. greinar komi ný málsgrein, er verður 4. málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stendur svo á, sem segir í 2. málsgrein 1. gr., og skal þá vottorðið gefið af húsráðanda kjósandans, ásamt einum atkvæðisbærum manni.

b. Á eftir 4. málsgrein 4. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú vill húsráðandi sjálfur greiða atkvæði, er svo stendur á, sem segir í 2. málsgrein 1. greinar, og skal þá vottorðið gefið af húsráðanda í nágrenni við hann.

c. Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

III. 2. gr., sem verður 5. gr., orðist svo:

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.–5. greinar þeirra í meginmál laga nr. 47, 30. nóv. 1914, og getur

konungur gefið þau lög út með fyrirsögninni: Lög um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Alþingi, 21. mars 1923.

Jón Þorláksson, form. Magnús Jónsson, fundaskr. Gunnar Sigurðsson, framsm.

Björn Hallsson. Magnús Guðmundsson.

(B. XXII, 2).

Nd. **190. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir yfirfarið frv. og sjer ekki fært að leggja til, að það verði samþykt, og liggja til þess ýms rök. Veigamesta ástæðan er sú, að nefndinni þykir mjög óvíst, hversu það fyrirkomulag kunni að reynast, að sumir hreppar í sýslu hafi almanaksárið sem reikningsár, en sumir fardagaárið, og varla getur það talist eðlileg tilhögun. Önnur ástæða nefndarinnar er sú, að af breytingu reikningsársins leiða ýmsar mikilvægar breytingar, sem óvíst er um, hvernig almenningi mundi getast að. Ef reikningsárinu er breytt, er það hæpið, ef ekki ómögulegt, að sýslunefndin geti á næsta reikningsári úrskurðað hreppsreikningana i þeim sýslum, sem halda sýslufundi snemma ársins, en sá er siður sumstaðar að halda þá fundi í febrúar til mars.

Nefndin er í raun og veru hlynt þeirri hugmynd, að almanaksárið verði gert að reikningsári hreppanna, en hún telur það varhugavert af þeim ástæðum, sem að framan eru greindar, að heimila hreppsnefndum að órannsökuðu máli að breyta til í þessu efni, enda leiða af þessari breytingu ýmsar fleiri breytingar en frv. gerir ráð fyrir. Að þannig vöxnu máli þykir nefndinni ekki rjett að lögleiða frv. á þessu þingi, en vill hins vegar ráða háttvirtri deild til að vísa því til stjórnarinnar til undirbúnings undir næsta þing. Er það tilætlun nefndarinnar, að leitað verði tillagna hreppsnefnda landsins um málið, og stjórnin undirbúi síðan frv., ef henni þykir það tiltækilegt, og verður þá að taka til athugunar 6.—54. gr. sveitarstjórnarlaganna.

Nefndin hefir orðið þess vör, að ýmsir þingmenn óska eftir breytingu í svipaða átt og frv. gerir ráð fyrir, en þó vill þar töluvert sitt hver. Það er og auðsætt eftir þeim frumvarpafjölda, sem allsherjarnefndin hefir til meðferð-

ar, að henni getur ekki unnist tími til að undirbúa frv. um svo viðtæka breytingu á sveitarstjórnarlögunum, sem hjer er um að ræða, enda er eðlilegast, að slík breyting komi frá stjórninni.

Nefndin leggur því til, að þessu máli verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 20. mars 1923.

Jón Þorláksson, formaður.	Magnús Guðmundsson, framsögumaður.	Magnús Jónsson, fundaskrifari.

Björn Hallsson. Gunnar Sigurðsson.

(B. XXVII, 2).

Nd. **191. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu og leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykt, en minni hlutinn, að það verði felt. Meiri hlutinn telur sanngjarnt, að fjelagi því, sem hefir óskað umræddrar breytingar, verði með lögum leyft að njóta þeirra hlunninda, sem samvinnufjelögin veita, og getur ekki sjeð neina hættu samfara því, enda er það vitað, að fjölmennur hópur samvinnumanna í því hjeraði, sem breytingarinnar hefir óskað, stendur á bak við frv., og ætti það að vera næg trygging þess, að hin ráðgerða breyting snertir eigi eða er hættuleg grundvelli samvinnustefnunnar.

Alþingi, 14. mars 1923.

Jón Þorláksson, form.	Magnús Guðmundsson, framsögum.	Magnús Jónsson, fundaskrifari.

(B. VIII, 2).

Ed. **192. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um takmörkun á húsaleigu í kaupstöðum landsins.

Frá allsherjarnefnd.

Um áramótin 1920 og 1921 var farið mjög að ræða það í Reykjavík, hvort ekki mætti afnema húsaleigulögin, þ. e. lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavik, og lög nr. 45, 28. nóv. 1919, um viðauka við þau lög. Bæjarstjórnin tók þá húsnæðismálið í bænum til athugunar, sjerstaklega það atriði, hvort ráðlegt væri að afnema húsaleigulögin, og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki gæti komið til tals að afnema lögin, eins og þá horfði við, nema önnur ákvæði kæmu í staðinn viðvíkjandi leigu á íbúðum og hámarki húsaleigu. Bæjarstjórnin var sammála um, að heppilegast mundi að setja þessi ákvæði með reglugerð, sem breyta mætti hvenær sem kringumstæður breyttust og æskilegt þætti að breyta reglum um þessi atriði. Frumvarp bygt á þessum rökum fjekk bæjarstjórnin síðan flutt af þingmönnum bæjarins á Alþingi 1921. Þar eftir voru svo sett lög nr. 50, 27. júní 1921, um húsnæði í Reykjavík. Eru lögin svo að segja óbreytt eins og frumvarp bæjarstjórnar var.

Lög þessi veita bæjarstjórn Reykjavíkur heimild til að setja reglugerð um leigu á húsnæði til íbúðar, hámark húsaleigu og annað til tryggingar því, að bæjarbúar geti notið þess húsnæðis, sem til er eða verður í bænum. Bæjarstjórnin er nú að setja reglugerð samkvæmt þessari heimild. Frumvarpi til hennar hefir verið vísað til annarar umræðu og verður væntanlega samþykt við þá (síðari) umræðu. Í frumvarpi þessu er meðal annars ákvæði um skyldumat á öllum leiguíbúðum. Nefndinni þykir rjett, að bæjarstjórnin skipi þessu máli kaupstaðarins, svo sem til hefir verið stofnað — að minsta kosti fyrst um sinn — eins og öðrum málum bæjarins.

Annarsstaðar af landinu hafa eigi komið til þingsins neinar kvartanir eða erindi um þetta efni.

Nefndin leyfir sjer því að leggja það til, að háttv. deild afgreiði mál þetta með svofeldri

DAGSKRA:

Samkvæmt lögum nr. 50, 27. júní 1921, um húsnæði í Reykjavík, hefir bæjarstjórn þessa kaupstaðar heimild til að setja reglugerð um hámark húsaleigu m. m. Nú er fyrir bæjarstjórninni frumvarp til slíkrar reglugerðar, vísað til annarar umræðu, Þar í er meðal annars ákvæði um skyldumat á leigu-

íbúðum öllum. Annarsstaðar af landinu hafa eigi komið til þingsins kvartanir um þetta efni, og þykir þá eigi þörf að svo stöddu á frekari lagasetning um þetta. Tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. mars 1923.

Jón Magnússon, form. og frsm.	Sigurður H. Kvaran.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.

(C. VII, 1).

Nd. **193. Tillaga**

til þingsályktunar um innlenda baðlyfjagerð og útrýmingu fjárkláða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að halda áfram rannsóknum á innlendri baðlyfjagerð og, að henni lokinni, að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um framkvæmd á henni og útrýmingarböðun á fjárkláða.

Greinargerð.

A síðasta þingi var samþykt þingsályktun um rannsókn á innlendri baðlyfjagerð, og hefir Gísli Guðmundsson gerlafræðingur haft rannsókn þessa með höndum. Hann hefir nú tjáð landbúnaðarnefnd, að hann muni hafa lokið við þessa rannsókn í næstkomandi ágústmánuði. Telur hann, að innlent baðlyf verði talsvert ódýrara en kreólín það, sem nú er keypt frá Dönum, jafnframt því sem hann telur það ekki örugt til útrýmingar.

Hjer er því farið fram á, að eindregið sje snúist að því ráði að gera baðlyfin hjer innanlands, og þá um leið að undirbúa fjárkláðaútrýmingu.

(B. XXI, 4).

Nd. **194. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 186 [*Útflutningur hrossa*].

Frá Gunnari Sigurðssyni.

Við 2. Brtt. orðist svo:

Þó má aldrei leyfa útflutning mánuðina apríl og maí, nema á tömdum hrossum og vel fóðruðum.

(B. LIV, 2).

Nd **195. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 11. júlí 1911, um breyting á lögum nr. 57, frá 22. nóv. 1907, um vegi.

Frá Pjetri Þórðarsyni og Pjetri Ottesen.

Fyrri málsgrein orðist þannig:

Viðhaldskostnaður flutningabrautanna frá Reykjavík að Þjórsárbrú og frá Borgarnesi að vegamótunum hjá Haugum greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði.

(B. XXI, 5).

Ed. **196. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 47, 3. nóv. 1915 [*Útflutningur hrossa*].

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Lagagreinin orðist svo:

Hross má eigi flytja frá Íslandi til útlanda á tímabilinu frá 1. desember til 15. júní, nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi og að fengnu samþykki stjórnarráðsins, og eigi á þilfari á öðrum tímum árs en frá miðjum júní til ágústmánaðarloka. Þó má aldrei leyfa útflutning mánuðina apríl og maí.

(B. V, 5).

Nd. **197. Lög**

um verðlaun fyrir útfluttan gráðaost.

(Afgreidd frá Nd. 21. mars).

1. gr.

Árin 1923 og 1924 veitast verðlaun úr ríkissjóði til gráðaostabúa, alt að 50 au. fyrir hvert kg. af úrvals (fyrsta flokks) gráðaosti, sem út er flutt, þó ekki yfir 5000 krónur alls hvort árið.

2. gr.

Gráðaostabú, er vilja hljóta styrk, skulu senda umsókn sína fyrir liðið ár til Búnaðarfjelags Íslands innan loka janúarmánaðar árin 1924 og 1925. Umsóknunum skulu fylgja farmskrár frá skipstjóra þeim, er ostinn flutti, eða afgreiðslumanni skips þess, er osturinn var fluttur með, er sýni þyngd hans með umbúðum. Enn fremur drengskaparvottorð framkvæmdarstjóra ostabúanna um »nettó«-þyngd sendinganna, svo og vottorð matsmanna um, að osturinn sje úrvalsvara. Stjórn Búnaðarfjelags Íslands sendir síðan stjórnarráðinu skjölin ásamt tillögum sínum um úthlutun verðlaunanna, en það sker úr um gildi skírteina þeirra, er að skilyrði eru sett, og úthlutar verðlaununum.

3. gr.

Stjórnarráðið útnefnir matsmenn eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XXXVI, 2).

Ed. **198. Nefndarálit**

um frv. til laga um sameign ríkissjóðs og bæjarsjóðs Vestmannaeyja á Vestmannaeyjajörðum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og álítur að rjettmætt sje, að bæjarfjelag Vestmannaeyja fái að eiga nokkurn hluta kaupstaðarlóðarinnar, gegn sanngjörnu endurgjaldi, eins og ýms kauptún hafa þegar fengið.

Annar aðili þessa máls er landsstjórnin, en hún hefir ekki verið spurð neitt til ráða í þessu máli, og væri það þó eðlilegast, þar sem það mun kosta nokkra rannsókn, sem landsstjórnin á hægast að fremja, hvað mikið land kaupstaðurinn skuli fá til eignar og með hvaða kjörum.

Að þessu athuguðu getur nefndin ekki lagt til, að hv. deild samþykki frv. í þetta sinn, en leggur til, að því verði til frekari undirbúnings vísað til landsstjórnarinnar.

Alþingi, 22. mars 1923.

Jón Magnússon, form.	Sigurður H. Kvaran.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskr. og frsm.

(A. XXI, 5).

Nd. **199. Lög**

um ríkisskuldabrjef.

(Afgreidd frá Nd. 22. mars.).

1. gr.

Þegar lán eru tekin fyrir hönd ríkissjóðs, skal fyrir þeim gefa út skuldabrjef á íslensku, með þýðingu á eitt eða fleiri útlend mál, þegar ástæða er til þess.

2. gr.

Öll skuldabrjefin skulu af sömu gerð. Nafnverð brjefanna skal vera 100, 1000 eða 10000 kr. og rentan $4^1/_2$, 5 eða $5^1/_2$% p. a., og ákveður stjórnin hvern rentufótinn skuli nota um hvert skeið, svo og söluverð brjefanna. Vextir greiðast tvisvar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.

3. gr.

Skuldabrjefin skulu gefin út til 25 ára og með vaxtamiðum eða vaxtaávísunarmiðum fyrir það árabil. Þegar sjerstaklega stendur á, má þó með áletrun á skuldabrjef tiltaka annan umferðartíma.

4. gr.

Þegar lánsheimild er fyrir hendi, skal stjórnin jafnan sjá um, að almenningur eigi kost á að kaupa skuldabrjefin í bönkum, sparisjóðum og á öðrum stöðum, er henta.

5. gr.

Brjefin sjálf og vaxtamiðar þeirra skulu í gjalddaga greidd með ákvæðisverði, án nokkurs frádráttar, stimpilgjalds eða skatts, og eru sömuleiðis gjaldgeng í ríkissjóð í hverja greiðslu sem er, svo sem peningar væru.

6. gr.

Brjef og vaxtamiðar, er í gjalddaga eru fallin, greiðast úr ríkissjóði, er einnig getur falið bönkum, hjerlendum eða útlendum, og öðrum stofnunum að annast slíkar greiðslur.

7. gr.

Skuldabrjefin ganga til enda útgáfutímans, án þess að vera dregin út eða á annan hátt innkölluð. Nú vill ríkissjóður draga inn af brjefum þeim, er úti eru, og má það að eins verða með frjálsum kaupum og sölum.

(A. XII, 5).

Ed. **200. Lög**

um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

(Afgreidd frá Ed. 22. mars).

1. gr.

Vín, sem ekki er í meira en 21% af vínanda (alkohol) að rúmmáli, skulu undanþegin ákvæðum laga 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, um bann gegn innflutningi, veitingu, sölu og flutningi um landið. Undanþága þessi um aðflutning vína nær þó eingöngu til vína, sem eiga uppruna í löndum, sem veita bestu kjör fyrir íslenskan saltfisk.

2. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði til varnar misbrúkun við sölu og veitingar þessara vína. Þó mega ákvæði þessi ekki ganga svo langt, að þau geri að engu undanþágu vínanna frá ákvæðum aðflutningsbannlaganna. Í reglugerðina má setja ákvæði um sektir fyrir brot gegn henni.

3. gr.

Vegna eftirlits með óheimiluðum áfengisinnflutningi haldast óbreytt ákvæðin í lögum 14. nóv. 1917 um skyldu skipstjóra að tilkynna lögreglustjóra, hve mikið áfengi og hvaða áfengi skipið hafi meðferðis, og um innsiglun þess áfengis, sem ekki á að fara hjer í land.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

(B. IX, 5).

Nd. **201. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. 3. tölul. orðist svo:

Af allskonar skófatnaði 1 kr. 80 au. af hverjum 10 kg.

Á eftir 6. tölul. 1. gr. komi 2 nýir töluliðir, er verða 7. og 8. tölul., svo hljóðandi:

1. Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði, tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, 75 au. af hverju kg.

2. a. Af allskonar kjöti og kjötmeti, smjöri, fiski, niðursoðnum og nýjum, eplum, perum, appelsínum, banönum, niðursoðnum ávöxtum og grænmeti i dósum, syltuðum ávöxtum og grænmeti, fíkjum, döðlum, hnetum, ávaxtamauki og lakkrís, 5 kr. af hverjum 10 kg.
   b. Af osti og eggjum 2 kr. af hverjum 10 kg.
   c. Af heyi 6 kr. af hverjum 100 kg.

Úr 7. tölul. 1. gr., sem verður 9. tölul., fellur niður orðið »hey«.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. XIII, 11).

Nd. **202. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

6. gr. orðist þannig: Skattgjald þeirra, sem ræðir um í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 500 kr., greiðist af honum 0,6%.

Af	500	til	1000	kr.	greiðist	3	kr.	af	500	kr.	og	0,8%	af	afgangi.
—	1000	—	2000	—	—	7	—	—	1000	—	—	1,5	—	—	—
—	2000	—	3000	—	—	22	—	—	2000	—	—	2	—	—	—
—	3000	—	4000	—	—	42	—	—	3000	—	—	3	—	—	—
—	4000	—	5000	—	—	72	—	—	4000	—	—	4	—	—	—
—	5000	—	6000	—	—	112	—	—	5000	—	—	5	—	—	—
—	6000	—	7000	—	—	162	—	—	6000	—	—	6	—	—	—
—	7000	—	8000	—	—	222	—	—	7000	—	—	7	—	—	—
—	8000	—	9000	—	—	292	—	—	8000	—	—	8	—	—	—
—	9000	—	10000	—	—	372	—	—	9000	—	—	9	—	—	—
—	10000	—	11000	—	—	462	—	—	10000	—	—	10	—	—	—
—	11000	—	12000	—	—	562	—	—	11000	—	—	11	—	—	—
—	12000	—	13000	—	—	672	—	—	12000	—	—	12	—	—	—
—	13000	—	14000	—	—	792	—	—	13000	—	—	13	—	—	—
—	14000	—	15000	—	—	922	—	—	14000	—	—	14	—	—	—
—	15000	—	16000	—	—	1062	—	—	15000	—	—	15	—	—	—
—	16000	—	17000	—	—	1212	—	—	16000	—	—	16	—	—	—
—	17000	—	18000	—	—	1372	—	—	17000	—	—	17	—	—	—
—	18000	—	19000	—	—	1542	—	—	18000	—	—	18	—	—	—

Af	19000	til	20000	kr.	greiðist	1722	kr.	af	19000	kr.	og	19%	af	afgangi.
—	20000	—	25000	—	—	1912	—	—	20000	—	—	19,5	—	—	—
—	25000	—	30000	—	—	2887	—	—	25000	—	—	20	—	—	—
—	30000	—	35000	—	—	3887	—	—	30000	—	—	21	—	—	—
—	35000	—	40000	—	—	4937	—	—	35000	—	—	22	—	—	—
—	40000	—	50000	—	—	6037	—	—	40000	—	—	23	—	—	—
—	50000	—	70000	—	—	8337	—	—	50000	—	—	24	—	—	—
—	70000	—	100000	—	—	13137	—	—	70000	—	—	25	—	—	—
—	100000	og	þar	yfir	greiðist	20637	—	—	100000	—	—	26	—	—	—

Skattgjald samkv. 2. gr. reiknast þó aldrei lægra en 5% af tekjunum.

2. gr.

Á eftir d-lið í 11. gr. komi nýr liður, sem verður e-liður, svo hljóðandi: Aukaútsvör og tekjuskattur og eignarskattur.

3. gr.

Í 2. málsgr. 12. gr. falla burt orðin: »ef þau eru fjárráða. Annars teljast tekjur þeirra með tekjum heimilisföður«.

4. gr.

Í stað »300 kr.« í 1. málsgr. 13. gr. komi: 500 kr.

5. gr.

Lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, gilda að öðru leyti, þar til önnur skipun verður á gerð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XXVII, 3).

Nd. **203. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar telur mjög varhugavert að samþykkja frv. þetta. Eins og sakir standa nú, telur minni hlutinn þessa breytingu geta orðið til þess að veikja lánstraust kaupfjelaganna og sambandsins í heild sinni.

Auk þess telur minni hlutinn ábyrgðaráhættuna litið minka við þessa breytingu, þar sem það mundi lenda á hverju fjelagi í heild sinni, ef fjárþrot yrði í einni eða fleirum deildum fjelagsins.

Hins vegar telur minni hlutinn, að breyta þurfi á nálægum tíma nokkrum atriðum í samvinnulögunum, og virðist rjettast að þær breytingar verði teknar til meðferðar í einu lagi.

Leggjum við því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 22. mars 1923.

Björn Hallsson. Gunnar Sigurðsson, frsm.

(A. XXIV, 5).

Nd. **204. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árið 1922, veitast kr. 200578,25 til útgjalda þeirra, sem tilfærð eru hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 10. gr. fjárlaganna (sendiherra, utanríkismál og ríkisráðskostnaður) veitast 12000,00 kr.

Launaviðbót sendiherra í Kaupmannahöfn ... ... kr. 12000,00

3. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 7687,55 kr.

1.	Til viðauka og breytingar við rafveituna á Kleppsspítala	kr. 1854,10
2.	Kostnaður við raflagningu til Vífilsstaða	— 3149,50
3.	Utanfararstyrkur frú Bjarnhjeðinsson	— 1000,00
4.	Kostnaður við augnlækningaferðalag til Austfjarða	— 1382,05
5.	Ýmisl. kostnaður við varnir gegn inflúensu	— 301,90
	Samtals	kr. 7687,55

4. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast kr. 122091,42.

1.	Kostnaður við húsbyggingu á prestssetrinu Mælifelli	kr.	26883,34
2.	Viðbótarstyrkur til húsbyggingar á Sandfelli	—	2000,00
3.	Til bæjargerðar í Reykholti	—	599,60
4.	Til uppfyllingar á kirkjugarðinum í Reykjavík	—	5308,15
5.	Til raflagningar í Alþingishúsið (Háskólann)	—	2200,00
6.	Til tilraunaskála Mentaskólans...	—	1192,73
7.	Til raflagningar i Kennaraskólann	—	3000,00
8.	Höfuðviðgerð gagnfræðaskólahússins á Akureyri	—	59000,00
9.	Andvirði fyrir lóð, keypta i þarfir gagnfræðaskólans á Akureyri		4200,00
10.	Rafljósaáhöld til Stýrimannaskólans	—	707,60
11.	Til rafljósastöðvar og raflagningar á Hvanneyri	—	15500,00
12.	Utanfararstyrkur forstöðukonu Daufdumbraskólans	—	1500,00
	Samtals	kr.	122091,42

5. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast kr. 14950,00.

1.	Til ferðar Einars H. Kvaran rithöfundar á alþjóðafund í Lausanne 1921	kr.	1500,00
2.	Til ferðar Lárusar H. Bjarnasonar hæstarjettardómara á fund norrænna lögfræðinga í Kristjaníu	—	1500,00
3.	Til ferðar sendiherra Sveins Björnssonar á sama fund ...	—	850,00
4.	Til ferðar fornmenjavarðar Matthíasar Þórðarsonar á fornfræðingamót	—	1500,00
5.	Til að kaupa forngripi frá amtmannsfrú M. Havsteen ...	—	3500,00
6.	Til próf. Sveinbj. Sveinbjörnsson	—	4000,00
7.	Til frjettastofu Verslunarráðs Íslands	—	2000,00
8.	Til Iðnfræðifjelags Íslands, til verðlauna fyrir ritgerð um iðnfræðileg efni	—	100,00
	Samtals	kr.	14950,00

6. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 43849,28 kr.

1.	Til jarðabóta á Mosfelli	kr.	9000,00
2.	Til Skeiðaáveitunnar	—	19000,00
3.	Til brimbrjóts í Bolungarvík	—	8000,00
4.	Til Einars Benediktssonar, fyrir uppdrætti af mómýrum ...	—	5000,00
5.	Kostnaður við skrifstofu húsameistara	—	2549,28
6.	Til Gunnars Egilson	—	300,00
	Samtals	kr.	43849,28

(B. XXXIII, 3).

Ed. **205 Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 61, frá 28. nóvember 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í 6. gr. 4. málsgr. laganna komi í stað orðanna »3 dögum á undan kjördegi«: 3 dögum á undan fyrsta kjördegi.

2. gr.

Önnur málsgr. 14. gr. laganna orðist þannig:

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin og veitir þeim lausn, hvorttveggja í samráði við bæjarfógeta.

3. gr.

Á eftir orðunum í 17. gr. 2. málsgr. laganna »Á sildveiði« komi: síldarkaup, fiskikaup.

4. gr.

5.—7. málsgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Niðurjöfnunarnefnd skal hafa lokið niðurjöfnun aukaútsvara og vatnsskatts í lok desembermánaðar.

Til þess að áætluð upphæð gjaldanna eftir efnum og ástæðum náist full og rýrist eigi við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldenda úr bænum eða árangurslaust lögtak o. s. frv., er nefndinni heimilt að jafna niður alt að 10 af hundraði meira en tekið er til í áætluninni.

Niðurjöfnunarskráin skal liggja til sýnis 1.—15. janúar á hentugum stað, sem nefndin auglýsir.

5. gr.

2. málsgr. 23. gr. laganna orðist þannig:

Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita, eða þess manns, sem bæjarstjórn hefir falið það sjerstaklega, en áður skal greiðslan vera samþykt af 2 bæjarfulltrúum, er hún heyrir undir.

6. gr.

Í stað orðanna í 2. málsgr. 27. gr. laganna »Skulu þeir kosnir samtimis og á sama hátt og niðurjöfnunarnefnd« komi: Skulu þeir kosnir af bæjarstjórninni.

(A. XV, 2).

Nd. **206 Nefndarálit**

um frv. til laga um afnám biskupsembættisins.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd, sem hefir haft mál þetta til meðferðar, hefir ekki orðið sammála um það. Lætur meiri hluti hennar þetta álit í ljósi.

Frumvarp þetta er borið fram af hæstvirtri landsstjórn í sparnaðarskyni, og má því fyrst líta á það atriði. Í aths. frumvarpsins er sparnaðurinn áætlaður kr. 14200,00 og lítið gert úr frádrætti frá þeirri upphæð. En þetta er hæpið. Sparnaðurinn er nú ekki svo mikill sem í athugasemd stjórnarfrumvarpsins segir, heldur þessi:

1. Laun biskups	kr. 9200,00.
2. Skritstofukostnaður. .	— 2000,00.
3. Vísitasíuferðir (1922) .	— 1200,00.
Samtals	kr. 12400,00.

En við þetta er það að athuga, að þótt ekki sje það nefnt í frv., þá er það upplýst í aths. við frv., að ekki sje ætlast til, að þetta embætti verði lagt niður fyr en »núverandi biskup lætur af embætti«. Sparnaðurinn er því enginn fyrst um sinn. Og varla hægt að reikna með öðru en hámarkslaunum biskups, sem eru 7000 kr. Þá mun óhætt að reikna með því, að ekki verði hægt að komast hjá því að bæta við aðstoðarmanni í stjórnarráðið, er störf biskupsskrifstofunnar bætast þar við, en það eru 2500 kr. til jafnaðar. Þá verður og að reikna ferðakostnað vígslubiskupa til prestsvígslu og synódusar, aukaþóknun til prófasta, sem fengju stórum aukin störf. Mætti vafalaust ekki reikna þann kostnað minni til jafnaðar en 1000 kr. á ári. Dregst þá frá á ári:

1. Mismunur á launum biskups. .	kr. 2200,00.
2. Laun aðstoðarmanns í stjórnarr.	— 2500,00.
3. Annar kostnaður	— 1000,00.
Samtals	kr. 5700,00.

Verður þá sparnaðurinn, þegar þar að kæmi, ekki nema kr. 6700,00. En auk þess má gera ráð fyrir, að kæmi brátt í ljós, að enginn vegur væri að stjórna málum kirkjunnar svo í lagi væri, nema með því, að einhverjum væri falið að fara eftirlitsferðir í líkingu við vísitasíuferðir biskups. Yrði þá sparnaðurinn af þessari ráðabreytni en minni.

En hvað sem þessari hlið málsins líður, þá verður meiri hluti nefndarinnar að líta svo á, að ekki geti til mála komið að leggja niður biskupsembættið meðan þjóðkirkjan stendur. Lúthersk þjóðkirkja og biskupsembætti er hvort öðru svo samgróið, að hvergi hefir verið aðskilið nje verður aðskilið nema með því að gerbreyta allri skipun kirkjunnar. Biskupi farast svo

orð um þetta í umsögn sinni í brjefi dags. 15. mars 1923 um þetta frv., sem hann sendi allsherjarnefnd að beiðni nefndarinnar: »Frumvarpið í heild sinni virðist bera vott um alltilfinnanlegt þekkingarleysi á allri aðstöðu biskupsembættisins í landi, þar sem hin evangelisk-lútherska kirkja er viðurkend þjóðkirkja. Biskupsembættið er samgróið þjóðkirkjufyrirkomulaginu, svo samgróið, að það mundi hafa lamandi áhrif á þjóðkirkju landsins að svifta hana æðsta yfirmanni hennar. Biskupinn er æðsti andlegi embættismaðurinn í landinu; undir honum stendur allur klerkdómur landsins, allir þjóðkirkjusöfnuðir landsins, allar kirkjur þessara safnaða, öll prestssetur þjóðkirkjupresta og öll andleg mál, er varða kristindóm og kirkju. Mikill meiri hluti þeirra mála, sem upp koma í söfnuðunum, er lagður undir úrskurð biskups; rísi upp óánægja milli prests og safnaðar, er farið með þau mál til biskups; vilji sóknarnefnd koma einhverju máli fram, þá er farið með það til biskups. Þess vegna getur ekki í evang.-lút. sið nokkursstaðar þjóðkirkju, er ekki hafi biskup yfir sjer.« Og á öðrum stað segir svo: »Biskupsembættið er fyrir þjóðkirkjuna í heild hið sama sem prestsembættin eru fyrir hvern einstakan söfnuð. Biskupsembættið er í eðli sínu andlegt embætti, sem þjóðkirkja landsins heimtar«.

Um það, að vígslubiskuparnir eigi að verða nokkurskonar biskupar segir biskup í áðurnefndu brjefi, eftir að hann hefir rjettilega tekið fram, að frv. sjálft geri ekki með einu orði ráð fyrir þessu: »Þar« (þ. e. í aths. við frv.) »segir að vígslubiskupunum verði falið að vígja presta, og sjerstaklega megi vel fela vígslubiskupnum í hinu forna Skálholtsbiskupsdæmi forsæti synódusar. — Meira starf er þeim ekki ætlað til viðbótar því, sem þeir hafa að lögum, en jeg er hræddur um, að andlegum þrifum þjóðarinnar eða kristindómslífi hennar yrði lítil stoð eða stuðningur í biskupum, sem ekki hefðu neitt annað hlutverk en að vígja hvor annan, að vígja nokkra presta á ári og að eiga forsæti á synódus. Vígslubiskupsembættunum fylgir engin forysta og hefir aldrei fylgt. Þeirra mundi ekki fremur gæta á sviði kirkjumálanna eftir en áður; það þyrfti þá að minsta kosti að vera einhver trygging fyrir því, að þeir sætu einhversstaðar þar, sem þeir gætu, ef kringumstæður leyfðu, látið til sín taka. En hvar höfum vjer þá tryggingu? Vígslubiskupar eiga að vera prestar í embættum. Gæti svo farið, að annar þeirra sæti austur á Síðu, en hinn norður á Langanesi. Þeir yrðu sem aðrir prestar að stunda búskap á prestssetursjörðum sínum, eða að þeim yrði að leggja þeim mun ríflegri laun en öðrum prestum, að þeir gætu lifað búlausir — en þá færi óneitanlega að draga úr því, er sparaðist«. — —

Um það að fela próföstum nokkuð af valdi biskups segir í sama brjefi meðal annars: »Prófastarnir eru skipaðir vegna biskupanna, sem vitanlega geta ekki verið alstaðar, og dettur engum í hug, að vegna þess að skipaðir eru prófastar biskupum til aðstoðar í eftirlitsstarfi þeirra, þá sje ekki heldur nein þörf á biskupum«.

Eftir frumvarpinu verður þjóðkirkjan biskupslaus, og það engu síður þó að störfum biskups eigi að skifta milli stjórnarráðs, vígslubiskupa og prófasta, því að enginn þessara aðilja getur orðið kirkjunni neitt ámóta til gagns, styrks og festu í stjórn, sem biskupinn er nú. Og jafnvel þótt orð forsætis-

ráðherra og fyrirheit um að kalla vígslubiskupana biskupa sjeu tekin með, þá breytir það alls engu í þessu efni, nema þeim sje þá fengið í hendur það, sem gerir þeim mögulegt að beita sjer. En þá eru komnir tveir biskupar fyrir einn, og miðar það sist til sparnaðar.

Störfum biskups er engan veginn vel lýst í ástæðum stjórnarinnar fyrir frv., heldur er þar mjög hagað orðum í þá átt, að þau sýnist vera sem minst, og embættið yfirleitt sem þýðingarminst. T. d. segir þar, að biskup taki á móti »nokkrum skýrslum frá próföstum, t. d. yfir fædda og dána, fermda, gifta og um altarisgöngur og messuföll«. Um þetta segir í brjefi biskups meðal annars: »Hjer er sá galli á, að meira en helmingur þeirra skýrsla, sem þar eru taldar« (þ. e. í aths. við stj.frv.) »(sem sje um fædda, dána og gifta) koma aldrei fyrir biskupsins augu, heldur fara þær beint til Hagstofunnar. En það er nóg samt eftir handa biskupi af skýrslum: Um fermda, um messugerðir og altarisgöngur, um manntal í prestaköllum, um manntal í prófastsdæmum, um blinda, um mál- og heyrnarlausa, um uppgjafapresta og prestsekkjur, um kirkjur í hverju prófastsdæmi og síðast en ekki sist, kirkjureikningar allra kirkna á landinu (þær eru 270 alls). Það er því síður en svo, að hjer sje að eins um »nokkrar« skýrslur að ræða, þegar alt er komið í eina hrúgu til að yfirlítast — — og það er ekki aðeins biskupsins verk að taka við öllum þessum skýrslum og athuga þær, heldur á hann og að vinna úr þeim ýmislegar upplýsingar, er snerta rekstur embættis hans og hag kirkjunnar. — Til skýrslanna mundi og mega telja að auki allar úttektargerðir prestakalla, prestssetra og kirkna, sem liggja undir úrskurð biskups og honum er gefið vald til að staðfesta, svo og byggingarreikningar kirkna og prestssetrshúsa með fylgiskjölum, allar visitasiugerðir prófasta, allar hjeraðsfundagerðir«.

Um þau orð í aths. stj.frv.: »dagleg skrifstofustörf biskups munu ekki vera umfangsmikil« segir í brjefi biskups t. d.: »— — En brjefaskriftir biskupsembættisins eru miklar, finst mjer, en það stendur vitanlega meðfram í sambandi við það, hve mörg embættisbrjef berast árlega hingað, ekki aðeins frá sjálfu stjórnarráðinu (árið sem leið 109 brjef alls), heldur og úr öllum prófastsdæmum landsins, bæði frá próföstum sjálfum og frá prestunum (sem fæstir eru pennalatir), frá kirkjuhöldurum og sóknarnefndum, frá bændum og fjölda einstakra manna, sem annaðhvort hafa mál að kæra eða upplýsinga að beiðast frá skrifstofu minni«.

Um ýms veraldleg embættisstörf biskups segir í brjefinu: »En því næst get jeg fullvissað hið háa Alþingi um, að það eru talsvert fleiri mál veraldleg í eðli sínu, sem enn liggja undir úrskurð biskups, eða hans og stjórnarráðsins í sameiningu, en kirkjumálaráðherra grunar, af því að hann hefir ekki kynt sjer það — enda varla hægt að ætlast til þess, að hann geti hafa kynst því til hlítar — mál, er snerta kirkjurnar, fjárhald þeirra og umsjón, afhending þeirra, eignamat og úttektir, kirkjugarðana og viðhald þeirra, niðurlagningu gamalla og upptöku nýrra grafreita, prestssetrin og hjáleigur þeirra, prestssetursíbúðirnar með jarðarhúsum og öðru, sem fylgja ber, og viðhaldi þeirra, afhending prestssetra og úttektir, hlunnindi þeirra og ítök, prestsmötur, gripi kirknanna og förgun þeirra. Alt þetta gefur biskupi meira að starfa en menn

grunar alment, því þess ber að gæta, að þetta eftirlit nær til 20 prófastsdæma, til ca. 270 kirkna víðsvegar um land, til ca. 270 sóknarnefnda, 110 presta, 95 preststsetra með ca. 160 hjáleigum«.

Þá verður að líta svo á, að erfitt verði að stjórna málefnum kirkjunnar, andlegum og veraldlegum, svo að samræmi, nákvæmni og festa sje í því, ef biskupsembættið er lagt niður, því að hann einn hefir þá aðstöðu, að geta verið ráðunautur stjórnarinnar um alt slíkt, enda reynslan sú eðlilega, að stjórnin fer nálega ávalt eftir tillögum hans. En í þessu efni eru eftirlitsferðir eða visitasíuferðir biskups mjög gagnlegar eða óhjákvæmilegar. Í aths. stj.frv. er gert lítið úr þessu og þar sagt: »Yfirleitt mun mega segja, að þessar visitasíuferðir sjeu að litlu gagni«. Og er til þess ætlast, að visitasíur prófasta sjeu einhlítar. Þessu hlýtur að fara mjög fjarri, því enda þótt prófastar geti lítið eftir kirkjum o. s. frv., þá safnast ekki við það þekking og kunnugleiki á eina hönd, sem svo sje hægt að hafa not af, og auk þess ekki næg trygging fyrir því, að prófastar sjeu jafnan fullfærir um að vera ráðunautar stjórnarinnar um alt, sem til fellur, eða að kippa í lag því, sem þarf. Biskup talar svo um þetta atriði: »Að biskup á ferðum þessum flytji guðs orð í öllum þeim kirkjum, þar sem því verður við komið, yfirheyri börn í kristindómi, hvar sem til þeirra næst, grenslist eftir kristnihaldi safnaðanna, kirkjurækni, altarisgöngum, húslestrum, ungmennafræðslu í kristindómi, kristilegri háttsemi safnaðareinstaklinganna, til þess með því að kynnast andlegum hag þeirra, að hann vandi um við menn um það, er ábótavant þykir í fari safnaðanna, ræði með þeim trúarleg og kirkjuleg áhugamál þeirra og leiðbeini þeim eftir mætti í því, sem menn æskja sjer leiðbeint, — um ekkert slíkt er getið einu orði. Að hann skoðar í krók og kring hvert einasta preststsetur og vandar um þar sem honum þykir þurfa — slíkt er ekki nefnt á nafn! Alt lagt undir sama dóminn, að þessar ferðir komi að litlu gagni«. Á öðrum stað eru og nefnd dæmi þess, að biskupi takist að koma til leiðar mörgu því, sem nauðsyn er á, einmitt fyrir það, að hann kemur persónulega, og meðal annars forða hinu opinbera frá allmiklum útgjöldum, svo að nema mundi biskupslaunum um nokkur ár.

Í stjórnarfrv. er ekki gerð nein grein fyrir því, hvert hverfa skuli afskifti biskups af veitingu prestakalla, en það er þó ekki einkis vert, ef vel á að fara. Biskup gengur í það að útvega presta til bráðabirgða til prestakalla, sem laus eru, og getur haft áhrif á kosningu presta með því, er hann hefir vald til að láta umsóknum fylgja umsögn sína um þá, sem í boði eru. Þá hefir biskup einnig afskifti af því, er kirkjur þarf að reisa, útvega teikningar og kostnaðaráætlanir og er í útvegum um lán úr kirkjusjóði. Fer þetta að sjálfsögðu betur úr hendi með því, að það sje gert af manni, sem er verulega um þetta hugað, en ef það ætti að gerast í stjórnarráðinu.

Hjer hefir nú sýnt verið, að störf biskups eru bæði allmikil og mikilvæg, og að frá því sjónarmiði sje svo hæpið, að rjett sje að leggja það niður fyrir jafnlitinn sparnað, og hann í framtíðinni aðeins, að ekki geti til mála komið. En auk þess verður svo að líta á, sem það sje með öllu óverjandi að leggja niður reglulegt, fast biskupsembætti, meðan lúthersk þjóðkirkja er í land-

inu. Í raun rjettri fælist í því sú lítilsvirðing á kirkjunni, að rjettara væri að orða það hreinlega á þá leið, að ríkið vildi ekki lengur »styðja hana og vernda«. En um það má búast við, að ýmsir vildu skoða huga sinn betur, því að ríki og kirkja hafa nú fylgst að hjer á landi svo að segja alla æfi þjóðarinnar, og er ekki fljótgert að skoða, hvaða afleiðingar það hefði í för með sjer að aðskilja ríki og kirkju.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frumvarp þetta verði felt.

Þá hefir nefndin athugað það, hvort ekki mundi vera unt að fela biskupi kenslu nokkra í guðfræðideild háskólans. Fellst meiri hluti nefndarinnar á, að það sje vel gerlegt, en er þó ekki sammála um, hversu víðtækt það ætti að vera, enda getur ekki komið til mála að bera slíkt fram í sambandi við það frumvarp, sem hjer er um að ræða, heldur yrði til þess að gera breyting á háskólalögunum, og lætur nefndin því útrætt um það mál.

Alþingi, 23. mars 1923.

Jón Þorláksson, form.	Magnús Jónsson, fundaskrifari og framsögum.
Magnús Guðmundsson.	Björn Hallsson.

(B. IX, 6).

Nd. **207. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Frá Stefáni Stefánssyni og Birni Hallssyni.

Við 1. gr.
a. Við tölulið 1. Í stað »75 au.« komi: 50 au.
b. — —— 2. c. Í stað »6 kr.« komi: 3 kr.

(A. XVIII, 7).

Nd. **208. Nefndarálit**

um frv. til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. þetta með nokkrum fremur smávægilegum breytingum.

Helst þeirra er sú, að borgun til sjerfræðings samkv. 5. gr. verði ákveðin af ráðherra með ráði landlæknis, eins og farið var fram á í frv. stjórnarinnar, i stað þess, að sjerfræðingi er ákveðin borgun eftir gjaldskrá hjeraðslækna í frv. eins og háttv. Ed. hefir gengið frá því. Nefndin hefir sannfært sig um, að gjaldskrá hjeraðslækna er svo lág, að enginn launalaus sjerfræðingur mundi sætta sig við borgun eftir henni. Ákvæðið mundi því óhjákvæmilega leiða inn á þá braut, að sjerfræðingi í Reykjavík yrði að greiða föst laun úr landssjóði, og hjá því vill nefndin komast.

Í 6. gr. frv. er svo fyrir mælt, að yfirlýsingar sjúklinganna um, að þeir hafi ekki efni á að greiða sjálfir læknishjálpina, skuli senda með reikningum læknanna. Þetta ákvæði virðist algerlega ósamrímanlegt leynd þeirri um nöfn sjúklinga með kynferðissjúkdóma, sem frv. annars gerir ráð fyrir, og er 4. brtt. nefndarinnar ætlað að ráða bót á þessu.

Þá þykir nefndinni vanta í frv. ákvæði um, að sjúklingar skuli skyldir að láta lækni í tje upplýsingar um það, hvar þeir hafi tekið sjúkdóminn. Í 10. gr. frv. er lækni gert að skyldu að grenslast vandlega eftir, af hverjum og hvernig sjúklingur hafi smitast. En á sjúklinginn er ekki lögð nein skylda til að láta lækninum í tje upplýsingar um þetta. Úr þessu vill nefndin bæta, og miðar 6. brtt. að því, og er nefndinni kunnugt um, að samskonar ákvæði var í hinu upphaflega frv., er samið var af nefnd úr læknafjelaginu, en meiri hluti læknafjelagsins gat ekki fallist á það.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.

Fyrir orðin »aðrir kynsjúkdómar« í 5. málsgrein komi: sjúklingar með aðra kynsjúkdóma.

2. Við 4. gr.

Fyrir orðin: »til þess að smitunarhætta« komi: til þess er smitunarhætta.

3. Við 5. gr.

Fyrir orðin: »Borgun fyrir« — til enda greinarinnar, komi:

Hjeraðslæknum skal greidd borgun fyrir ókeypis læknishjálp samkvæmt gjaldskrá hjeraðslækna, en sjerfræðingi, sem falið hefir verið að veita þessa hjálp, ber borgun eftir því, sem ráðherra ákveður með ráði landlæknis.

4. Við 6. gr.

Í stað orðanna: »Yfirlýsingar sjúklinganna« — til enda greinarinnar, komi;

Vottorð sjúklinganna skal læknir geyma til eftirlits fyrir landlækni, en láta reikningi sínum fylgja yfirlýsingu um, að sjúklingurinn hafi gefið vottorð samkvæmt þessari grein.

5. Við 9. gr.
Fyrir »heldur ekki« komi:
ekki heldur.

6. Við 10. gr.
Aftan við 1. málsgrein komi:
og er sjúklingnum skylt að láta lækninum í tje alla vitneskju sína um það efni.

7. Við 11. gr.
Fyrir orðin »presti eða lögreglustjóra« komi:
presti og lögreglustjóra.

8. Við 17. gr.
Upphaf 3. málsgr. orðist svo:
Brot á ákvæðum 10. og 14. gr. varða o. s. frv.

Alþingi, 24. mars 1923.

Jón Þorláksson, form. og frsm.
Magnús Jónsson, fundaskrifari.

Björn Hallsson.
Magnús Guðmundsson.

Gunnar Sigurðsson.

(D. XI, 1).

Nd. **209. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um ullariðnaðarmálið.

Flutningsmaður: Eiríkur Einarsson.

Hvað leggur ullariðnaðarnefndin til málanna og hvað *vill* stjórnin sjálf til framgangs þessu málefni?

(A. XIII, 12).

Nd. **210. Lög**

um breyting á lögum nr. 74, 27. júni 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Nd. 24. mars).

1. gr.

6. gr. orðist þannig: Skattgjald þeirra, sem ræðir um í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 500 kr., greiðist af honum 0,6%.

Af		til		kr.	greiðist	kr.	af		kr.	og		%	af	afgangi.
—	1000	—	2000	—	7	—	—	1000	—	—	1,5	—	—	—
—	2000	—	3000	—	22	—	—	2000	—	—	2	—	—	—
—	3000	—	4000	—	42	—	—	3000	—	—	3	—	—	—
—	4000	—	5000	—	72	—	—	4000	—	—	4	—	—	—
—	5000	—	6000	—	112	—	—	5000	—	—	5	—	—	—
—	6000	—	7000	—	162	—	—	6000	—	—	6	—	—	—
—	7000	—	8000	—	222	—	—	7000	—	—	7	—	—	—
—	8000	—	9000	—	292	—	—	8000	—	—	8	—	—	—
—	9000	—	10000	—	372	—	—	9000	—	—	9	—	—	—
—	10000	—	11000	—	462	—	—	10000	—	—	10	—	—	—
—	11000	—	12000	—	562	—	—	11000	—	—	11	—	—	—
—	12000	—	13000	—	672	—	—	12000	—	—	12	—	—	—
—	13000	—	14000	—	792	—	—	13000	—	—	13	—	—	—
—	14000	—	15000	—	922	—	—	14000	—	—	14	—	—	—
—	15000	—	16000	—	1062	—	—	15000	—	—	15	—	—	—
—	16000	—	17000	—	1212	—	—	16000	—	—	16	—	—	—
—	17000	—	18000	—	1372	—	—	17000	—	—	17	—	—	—
—	18000	—	19000	—	1542	—	—	18000	—	—	18	—	—	—
—	19000	—	20000	—	1722	—	—	19000	—	—	19	—	—	—
—	20000	—	25000	—	1912	—	—	20000	—	—	19,5	—	—	—
—	25000	—	30000	—	2887	—	—	25000	—	—	20	—	—	—
—	30000	—	35000	—	3887	—	—	30000	—	—	21	—	—	—
—	35000	—	40000	—	4937	—	—	35000	—	—	22	—	—	—
—	40000	—	50000	—	6037	—	—	40000	—	—	23	—	—	—
—	50000	—	70000	—	8337	—	—	50000	—	—	24	—	—	—
—	70000	—	100000	—	13137	—	—	70000	—	—	25	—	—	—
—	100000	og þar yfir			greiðist	20637	—	—	100000	—	—	26	—	—	—

Skattgjald samkv. 2. gr. reiknast þó aldrei lægra en 5% af tekjunum.

2. gr.

Á eftir d-lið í 11. gr. komi nýr liður, sem verður e-liður, svo hljóðandi:
Aukaútsvör og tekjuskattur og eignarskattur.

3. gr.

Í 2. málsgr. 12. gr. falla burt orðin: »ef þau eru fjárráða. Annars teljast tekjur þeirra með tekjum heimilisföður«.

4. gr.

Í stað »300 kr.« í 1. málsgr. 13. gr. komi: 500 kr.

5. gr.

Lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, gilda að öðru leyti, þar til önnur skipun verður á gerð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. XXVI, 4).

Nd. **211. Lög**

um skiftimynt úr eirnikkel.

(Afgreidd frá Nd. 24. mars).

1. gr.

Slegnir skulu 10-eyringar og 25-eyringar úr eirnikkel.

2. gr.

Eirnikkelpeningar þessir skulu að stærð, þunga og málmblöndun vera sem hjer segir:

	Þvermál millimetrar	Þyngd brúttó gröm	málmblöndun
Peningur, sem gildi 25 aura,	17	2,4	75 hlutar að þyngd af eiri.
Peningur, sem gildi 10 aura,	15	1,5	25 hlutar að þyngd af nikkel.

3. gr.

Peningarnir skulu vera kringlóttir og gáróttir í röndina.

4. gr.

Peningar þessir skulu vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð og manna í milli, fyrir alt að 5 króna upphæð í einu, þar til þeir eru orðnir mjög mikið eða ólöglega skaddaðir. Gagnvart ríkissjóði eru þeir eigi lengur löglegur gjaldeyrir, er þeir eru orðnir svo slitnir, að ekki verður sjeð, fyrir reikning

hvaða ríkis þeir eru slegnir, en gagnvart öllum öðrum hætta þeir að vera löglegur gjaldeyrir, þegar mótunin er svo máð, að hún er orðin ógreinileg.

5. gr.

Stjórninni er heimilt að banna flutning mynta þeirra, er ræðir um í lögum þessum, úr landi.

Brot á slíku banni varðar sektum, frá 10—10000 krónum.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XXXVII, 2).

Ed. **212. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum 27. júní 1921, um bifreiðaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir nú athugað frumvarp þetta, er fer fram á, að skattur af mannflutningabifreiðum sje að mestu feldur niður, eða úr 8 kr. af hverri hest orku vjelarinnar niður í 2 kr.

Í greinargerð fyrir frumvarpinu er rjettilega tekið fram, að hár skattur á bifreiðum auki mjög útgjöld notenda þeirra, en þar er einnig jafnrjettilega fram tekið, að rekstur bifreiða sje nú orðinn í mjög góðu lagi og að fargjöld með þeim hafi mikið lækkað síðan lögin um bifreiðaskatt voru sett.

Út af þessum ummælum háttv. flutningsmanns og þekkingu nefndarinnar á máli þessu verður ekki dregin önnur ályktun en sú, að skatturinn, eins og hann er eftir lögunum frá 1921, sje hæfilega hár.

Nefndin er því sammála um að ráða háttv. deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 24. mars 1923.

Guðm. Ólafsson, form. og framsögum. Sigurður H. Kvaran. Björn Kristjánsson.

Sigurður Jónsson. Karl Einarsson, fundaskrifari.

(B. II, 5).

Ed. **213. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919. (*Ritsíma- og talsímakerfi*).

Frá samgöngumálanefnd.

Nefudin hefir athugað frumvarp þetta og fengið um það álit landssímastjóra. Telur hann rjett að breyta orðalagi frumvarpsins í þá átt, að látið sje óákveðið, frá hvaða stað lína verði lögð til Gunnólfsvíkur. Liggja til þess þær ástæður, að hagkvæmara kunni að vera að leggja hana út frá aðallínunni annarsstaðar en frá Þórshöfn.

Nefndin fellst á álit landssímastjóra, og leggur því til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Frumvarpsgreinin orðist þannig:

Lína frá Þórshöfn til Skála, og ennfremur lína til Gunnólfsvíkur.

Alþingi, 24. mars 1923.

Jón Magnússon, form.	Einar Árnason, frsm.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.

Hjörtur Snorrason. Sigurður H. Kvaran.

(B. LXVI, 1).

Ed. **214. Frumvarp**

til laga um sameiningu ritsímastjóra og póstmeistara-starfanna á Akureyri.

Flutningsmenn: Einar Árnason og Jónas Jónsson.

1. gr.

Póstmeistarastarfið á Akureyri og forstjórastarfið við ritsímastöðina þar skulu sameinuð þegar póstmeistaraembættið losnar næst.

2. gr.

Byrjunarlaun síma- og póstmeistara eru 3500 krónur og hækka annaðhvert ár um 300 krónur, upp í 4500 krónur, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita. Núverandi ritsímastjóri heldur þó sínum launakjörum óbreyttum, að viðbættri 2000 króna árlegri þóknun fyrir að taka við póstmeistarastarfinu.

3. gr.

Aðstoðarmaður ritsímastjórans á Akureyri skal heita aðstoðarstöðvarstjóri. Byrjunarlaun hans eru 2400 krónur og hækka annaðhvert ár um 200 krónur, upp í 3400 krónur. Um leið og breyting þessi fer fram, skal þó núverandi aðstoðarmaður ritsímastjórans þegar fá full laun, enda halda að öðru leyti sínum launakjörum óbreyttum.

Greinargerð.

Við 1. gr. Þar sem vitanlegt er, að núverandi póstmeistari á Akureyri lætur af því starfi og tekur við öðru embætti, býðst tækifæri til þess að sameina þessa tvo starfa nú þegar. Þetta yrði í senn bæði framkvæmanlegt og myndi leiða af sjer bráðan sparnað fyrir ríkissjóð. Til þessa liggja eftirfarandi rök:

Bæði þessi störf eru þann veg vaxin, að sami maður getur haft með höndum yfirumsjón beggja, þar sem starfræksla þeirra fer fram undir sama þaki, eins og nú háttar og verður framvegis. Núverandi ritsímastjóri hefir haft með höndum póstafgreiðslu á Seyðisfirði árin 1904—1912, og kann því vel til þess starfs. Á Norðurlöndum og Englandi eru samskonar störf sameinuð, þar sem því verður við komið, og virðist hagkvæmt fyrir Íslendinga að taka upp þá reglu, þar sem því verður jafnauðveldlega fyrir komið og hjer er.

Við 2. gr. Hjer er gert ráð fyrir, að núverandi ritsímastjóri haldi launakjörum sínum óbreyttum, en fái 2000 króna þóknun, án dýrtíðaruppbótar, fyrir að bæta á sig starfi og peningaábyrgð fram yfir það, sem honum ber skylda til samkvæmt skipunarbrjefi sínu. Til beggja starfanna ganga nú með dýrtíðaruppbót:

Til ritsímastjóra	kr.	5760
Til póstmeistara	—	6400
Samtals	kr.	12160

Til samsteypustarfs þessa gengi samkvæmt áður sögðu kr. 7760, reiknað með núverandi dýrtíðaruppbót, og er það 4400 krónum lægra en nú gengur til beggja starfanna.

Við 3. gr. Hjer er lagt til, að núverandi aðstoðarmaður ritsímastjórans heiti aðstoðarstöðvarstjóri. Fyrir því er fordæmi á Seyðisfirði. Hann hefir á hendi, auk annars, alla endurskoðun og linuprófun á Akureyrargæslusviði. Við samsteypu starfanna myndi starf hans innan stöðvarinnar vaxa til mikilla muna. Það virðist því sanngjarnt, að laun hans hækki úr kr. 2800, sem þau nú

eru, upp í 3400 krónur. Er það 600 króna launaviðbót, sem með núverandi dýrtíðaruppbót yrðu 960 krónur. Yrði þá sparnaður ríkissjóðs við þessa breytingu nú þegar 3440 krónur árlega, en yrði mun meiri, þegar þeir menn, er nú gegna þessum störfum, láta af þeim.

(B. XXXIII, 4).

Ed. **215. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 61, frá 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Við 6. gr.

Á eftir orðunum »kosnir af bæjarstjórninni« komi: með hlutfallskosningu.

(B. LXVII, 1).

Nd. **216. Frumvarp**

til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. kafli.

Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfjelag Íslands hefir á hendi framkvæmd eða umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til úr ríkissjóði, eða öðrum sjóði eða stofnun, sem er eign ríkisins, nema lög mæli öðruvísi fyrir sjerstaklega.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal jafnan leita álits Búnaðarfjelags Íslands um ræktunarmálefni, áður en þau eru fullráðin, og eigi má veita lán eða styrk úr sjóðum þeim og stofnunum, sem í 2. gr. getur, ef fjelagið leggur á móti því,

4. gr.

Búnaðarfjelag Íslands hefir á hendi umsjón með viðhaldi þeirra ræktunarfyrirtækja, sem styrkur eða lán hefir verið veitt til úr sjóðum þeim eða stofnunum, sem um getur í 2. og 3. gr. Ennfremur hefir það eftirlit með því, að verk þessi sjeu unnin á þann hátt, sem í skilyrðum var haft, er lán eða styrkur var veitt, að svo miklu leyti sem verkið er óframkvæmt eða eftirlit þetta eigi falið öðrum sjerstaklega.

5. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfjelagi Íslands eru ætluð í lögum þessum, framkvæmir ýmist stjórn þess, framkvæmdarstjóri eða ráðunautar, alt eftir því, sem lög fjelagsins og reglur mæla fyrir.

6. gr.

Búnaðarfjelag Íslands hefir heimild til, er því þykir þörf á, að velja sjer 1 trúnaðarmann í hreppi hverjum, til þess að hafa fyrir fjelagsins hönd umsjón og eftirlit með ræktunarfyrirtækjum þeim, sem undir það falla í þeim hreppi. Fjelagið fær mönnum þessum árlegt erindisbrjef, en borgun fyrir starf sitt fá þeir hjá hreppabúnaðarfjelögunum, en þar sem þau eru ekki til, hjá þeim mönnum, er þeir vinna fyrir, eftir reglum, sem settar verða í erindisbrjefinu. Ef ágreiningur verður um borgun þessa, sker Búnaðarfjelag Íslands úr.

II. kafli.

Um túnrækt og garðyrkju.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið gefur út reglur, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, um hversu áburðarhús og safnþrær skuli gerð. Nú hefir sá, er gera lætur áburðarhús eða safnþró, fylgt reglum þessum í öllu, og Búnaðarfjelag Íslands telur hann hafa þörf fyrir húsið eða þróna, og má þá veita þeim, er verkið ljet framkvæma, styrk úr ríkissjóði, er nemi alt að einum þriðja kostnaðar við verkið. Ef ágreiningur rís um kostnað af slíku verki, sker Búnaðarfjelag Íslands úr, hvað teljast skuli hæfilegur kostnaður.

8. gr.

Nú sljettar maður tún sitt eða eykur eða ræsir fram land til túngræðslu, og má þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemi alt að $^1/_4$ kostnaðar, ef sannað er fyrir Búnaðarfjelagi Íslands, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er segir í 9. og 11. gr.

9. gr.

Styrkur greiðist ekki fyr en verkinu er lokið að fullu og landssvæðið komið í sæmilega rækt. Þegar land er ræst fram til túngræðslu er þó nægilegt, að hið framræsta land, með sæmilegri vinslu og áburði, geti orðið að túni.

Um sönnun fyrir að skilyrðum þessarar greinar sje fullnægt fer eftir reglugerð, sem sett er eins og segir í 7. gr.

10. gr.

Enginn fær styrk þann, sem segir í 8. gr., á fyrstu 10 dagsverkin, sem hann vinnur á ári hverju, fyrir hvern verkfæran mann, er hann hefir á heimili sínu til vinnu vistarár hvert. Nú lætur maður, sem hefir jörð eða jarðarpart eða landssvæði til afnota, niður falla eitt ár eða fleiri, talið frá 14. maí 1923, túnræktariðju þá, sem ræðir um í 8. gr., eða hann vinnur minna að þessum störfum en segir í fyrsta málslið þessarar greinar, og fær hann þá eigi neinn styrk, nema fyrir það, sem umfram er 10 dagsverk á ári, fyrir hvern verkfæran mann, margfaldað með áratölu þeirri, sem ekkert var unnið að þessu starfi eða minna en hjer segir. Þó fá fátækir einyrkjar styrk fyrir það, er þeir vinna umfram 5 dagsverk, er jafngilda 10 hjá öðrum.

11. gr.

Enginn styrkur greiðist til túnræktar á landi, sem ætla má að tekið verði til lóða undir hús, fiskreita eða annara hluta, sem óviðkomandi eru jarðrækt, á næstu 20 árum eftir að verkið var unnið.

12. gr.

Þeir, sem gera nýja matjurtagarða, geta vænst styrks úr ríkissjóði, er nemi alt að $^1/_5$ þess, er gerð þeirra kostar, og þar með talinn girðingarkostnaður, en eigi áburður. Styrkurinn verður þó eigi greiddur fyr en garðurinn hefir gefið sæmilega uppskeru, að áliti Búnaðarfjelags Íslands (enda sje garðstæðið valið eða samþykt af trúnaðarmanni þess). Styrkur verður eigi veittur til minni garða en 400 fermetra.

13. gr.

Mat og mæling jarðræktarframkvæmda þeirra, er um ræðir í 7.—12. gr., gera venjulega trúnaðarmenn þeir, sem í 6. gr. getur, en ella ráðunautar Búnaðarfjelags Íslands eða aðrir, sem það velur til þess. Mat þetta og mæling fer fram eftir reglum, sem settar eru á þann hátt, er segir í 7. gr.

14. gr.

Ríkisstjórnin greiðir styrk samkvæmt þessum kafla, þegar undirbúningur sá hefir farið fram, sem lög þessi og reglugerð eða reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim, segja fyrir um.

III. kafli.
Um vjelayrkju o. fl.

15. gr.

Úr ríkissjóði má veita alt að 50000 kr. á ári til að kaupa og starfrækja jarðræktarvjelar, svo sem þúfnabana, skurðgröfur og aðrar stærri nýtiskuvjelar, sem eru við hæfi hjer á landi. Atvinnumálaráðuneytið sker úr því árlega, að fengnum tillögum Búnaðarfjelags Íslands, hvort og hverjar vjelar skuli keyptar.

16. gr.

Búnaðarfjelag Íslands sjer um starfrækslu vjela þeirra, sem keyptar eru samkvæmt 15. gr., og ákveður, að fengnu samþykki atvinnumálaráðuneytisins, hvar unnið skuli með þeim á ári hverju. Kostnaðinn af starfrækslunni greiða þeir, sem unnið er fyrir; en heimilt er þó, ef vinnukaupandi óskar þess, og að áliti Búnaðarfjelags Íslands þarf þess með, að lána honum vinnukostnaðinn að helmingi, gegn fullnægjandi tryggingu, og endurgreiðast lán þessi og ávaxtast eftir þeim reglum, sem nú gilda um jarðræktarlán úr Ræktunarsjóði.

17. gr.

Ríkisveðbankinn hefir á hendi innheimtu lána þeirra, er í 16. gr. getur, og skulu vextir og afborganir renna í sjerstakan sjóð, er nefnist »Vjelasjóður«. Markmið þessa sjóðs er að kaupa og starfrækja landbúnaðarvjelar.

Ef Ríkisveðbankinn verður eigi tekinn til starfa áður en innheimta þarf vexti eða afborganir af lánum þessum, hefir Búnaðarfjelag Íslands innheimtuna á hendi, þar til bankinn tekur til starfa.

18. gr.

Með reglugerð, sem sett er eins og segir í 7. gr., skal kveða á um tryggingar fyrir lánum þeim, sem í 16. gr. getur, og annað, er þau snertir. Enn fremur skal á sama hátt setja reglur um Vjelasjóðinn.

19. gr.

Andvirði og áfallinn rekstrarkostnaður þeirra tveggja þúfnabana, sem þegar hafa verið keyptir af Búnaðarfjelagi Íslands, greiðist úr Ræktunarsjóði, en það, sem útistandandi er fyrir vinnu þeirra, rennur í Vjelasjóð, og er fyrsti vísir hans.

IV. kafli.
Um jarðræktarlán.

20. gr.

Ríkisveðbankinn má eigi lána fje Ræktunarsjóðsins eða Kirkjujarðasjóðsins til annars en landbúnaðar, og má eigi lána minna en $^2/_3$ til jarðræktar úr þeim, enda sje reikningum sjóða þessara jafnan haldið út af fyrir sig.

21. gr.

Vextir af lánum til jarðræktar, sem veitt eru samkvæmt 20. gr., mega ekki hærri vera en 4 af hundraði á ári og lánstiminn eigi skemri en 20 ár, og lánin afborgunarlaus 4 fyrstu árin.

22. gr.

Ríkisveðbankanum er heimilt að veita lán til allskonar jarðabóta, en jafnan skal það skilyrði sett, að lántakandi leggi fram til hinna umræddu jarðabóta sem svarar 1/3 kostnaðar við þær, auk styrks, sem kann að fást til þeirra. Alt að helmingi slíkra lána má greiða strax, en afganginn ekki fyr en verkinu er lokið. Ef um stærri fyrirtæki er að ræða, má þó greiða lánið í fleiri hlutum, jafnóðum og verkinu miðar áfram, eftir því sem Búnaðarfjelag Íslands telur hæfilegt.

23. gr.

Ríkisveðbankinn má eigi veita nein lán til jarðræktar, nema Búnaðarfjelag Íslands leggi með því og hafi samþykt kostnaðaráætlun, sem jafnan skal fylgja slíkum lánbeiðnum, ásamt nákvæmri lýsingu á hinu fyrirhugaða verki.

24. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur nánari reglur um jarðræktarlán Ríkisveðbankans, að fengnum tillögum Búnaðarfjelags Íslands og stjórnar bankans.

V. kafli.

Sjerákvæði um jarðeignir ríkissjóðs.

25. gr.

Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð losnar úr ábúð, sem álíst sjerstaklega vel fallin til skiftingar í nýbýli að dómi umráðamanns jarðarinnar, skal leitað álits Búnaðarfjelags Íslands um það áður en jörðin er bygð.

26. gr.

Nú telur Búnaðarfjelag Íslands þjóðjörð eða kirkjujörð vel fallna til skiftingar í nýbýli, og má þá eigi festa hana í ábúð þannig, að til fyrirstöðu sje slíkri skiftingu.

27. gr.

Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð er bygð, skal jafnan þar, sem við getur átt, ákveðið í byggingarbrjefinu, að leiguliði megi vinna af sjer landsskuld og leigur með jarðabótum á leigujörð sinni. Jarðabætur, sem leiguliði greiðir með landsskuld, og leigur skulu metnar til slíkrar greiðslu helmingi minna en ella,

þannig, að sá, sem greiðir landsskuld og leigur með jarðabótum, lætur tvöfalda fjárhæðina í jarðabótum.

Sama rjett hafa landsetar ríkissjóðs, sem nú eru, þar með taldir prestar, hvort sem þeir hafa fengið prestssetrið fyrir eða eftir að lög þessi öðlast gildi.

28. gr.

Jarðabætur, sem ganga til landsskuldargreiðslu og leigna, njóta einskis styrks af opinberu fje. Um jarðabótastyrk leiguliða á þjóðjörðum og kirkjujörðum fer að öðru leyti eftir fyrirmælum 8.—11. gr.

29. gr.

Nú vill leiguliði á þjóðjörð eða kirkjujörð vinna af sjer landsskuld og leigur, eins og segir í 27. gr., að nokkru eða öllu leyti, og skal hann þá skýra umráðamanni jarðarinnar frá, hverjar jarðabætur hann ætli sjer að vinna, en umráðamaðurinn leitar síðan álits Búnaðarfjelags Íslands um fyrirætlanir þessar. Ef Búnaðarfjelag Íslands telur ekkert við það að athuga, skýrir það leiguliða og umráðamanni jarðarinnar frá því, en ella að eins leiguliða, og tilgreinir ástæður. Engin jarðabót er gild borgun upp í landsskuld og leigur, nema fullgerð sje og vel af hendi leyst, að áliti Búnaðarfjelags Íslands, í gjalddaga þeirrar landsskuldar eða leigna, er greiða á með henni.

30. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur umráðamönnum þjóðjarða og kirkjujarða nánari reglur um þau atriði, sem um er rætt í 25.—29. gr.

VI. kafli.
Um erfðafestulönd.

31. gr.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum landsins og hreppsnefndir í kauptúnum skulu, áður en eitt ár er liðið frá því lög þessi öðlast gildi, senda Búnaðarfjelagi Íslands skýrslu um land það, sem að áliti þeirra liggur best við til ræktunar innan takmarka kaupstaðarins eða kauptúnsins, en þó eigi, ef líkur eru til, að á því þurfi að halda til húsalóða í fyrirsjáanlegri framtíð. Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð liggur að landi kaupstaðar eða kauptúns, ná þessi ákvæði einnig til hennar. Skýrslu þessari skulu fylgja þær upplýsingar, sem Búnaðarfjelag Íslands tiltekur.

32. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, er getur um í 31. gr., gerir Búnaðarfjelag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og skiftir því í skákir, eigi minni en 2 og eigi stærri en 5 ha. Hver skák skal ætluð einum manni til ræktunar, og skal þeim skift þannig, að sem kostnaðarminst verði vega-

lagning um svæðið, lagning vatnsæða, rafmagnstauga og gerð annara mannvirkja, sem vinna þarf. Afrit af uppdrættinum sendir Búnaðarfjelag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

33. gr.

Nú óskar maður að fá skák til ræktunar, og skal hann þá snúa sjer til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar með beiðni um meðmæli hennar. Að fengnum meðmælum þessum getur hann snúið sjer til sýslumanns eða bæjarfógeta og fengið hjá honum útnefnda tvo hæfa og óvilhalla menn til að meta skákina til peningaverðs, ef hann nær eigi samkomulagi við eiganda um árgjald af henni.

34. gr.

Enginn hlutaðeigandi getur lagt hömlur á, að land verði tekið til ræktunar samkvæmt því, sem segir í þessum kafla, nema hann sanni, að hann ætli innan skamms að taka það til ræktunar sjálfur eða til annara nauðsynja sinna; eða hann hafi þegar lofað því öðrum til ræktunar, sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn vill mæla með.

35. gr.

Landskákir þessar skulu jafnan, þegar ríkissjóður, hreppsfjelag eða bæjarfjelag er eigandi, leigðar í erfðafestu til 75 ára, og skal árgjaldið vera 5 af hundraði af matsverði eða því verði, sem eiganda og leigutaka hefir komið saman um. Ef einstakir menn eru eigendur landskákanna, ráða þeir, hvort þær eru seldar matsverði eða leigðar eins og fyr er sagt.

36. gr.

Að leigutímanum liðnum fellur landið aftur til eiganda, án endurgjalds, nema leigutaki vilji endurnýja leiguna til 10 ára í senn, gegn því að greiða 4 af hundraði á ári af þáverandi matsverði landsins.

37. gr.

Um erfðafestulönd þessi skal jafnan gera skriflegan samning, er leigutaki skal láta þinglesa á sinn kostnað. Leigutaki getur selt rjett sinn og veðsett.

38. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, enda sje minst tíundi hluti ræktaður á ári hverju. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð greiðist fyrir það, sem unnið kann að vera að ræktun þess.

39. gr.

Erfðafestulönd þessi má einungis nota til jarðræktar, að undanskildu svæði, sem þarf til íbúðarhúss, útihúsa og peningshúsa leigutaka.

40. gr.

Nánari reglur um erfðafestulönd þessi má setja á þann hátt, sem segir í 7. gr.

VII. kafli.
Um tilrauna-nýbýli.

41. gr.

Úr ríkissjóði má greiða kostnað af að reisa og rækta 2 nýbýli í svonefndum Viðir í landi Mosfells í Mosfellssveit, með 10 hektörum ræktaðs lands hvort, og hefir Búnaðarfjelag Íslands á hendi framkvæmd þess og umsjón, undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins.

42. gr.

Nýbýli þau, er ræðir um í 41. gr., má leigja gegn 4% ársvöxtum af því fje, sem til þeirra hefir farið, eða selja fyrir kostnaðarverð, með sömu kjörum og þjóðjarðir eru nú seldar.

VIII. kafli.
Um endurskoðun laga þessara o. fl.

43. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1923, og skulu þau endurskoðuð áður en 5 ár eru liðin frá þeim tíma.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefndin flytur frv. þetta lítið eitt breytt frá því, er útbýtt var meðal þingmanna á öndverðu þingi og nefndin hefir haft til athugunar nokkurn tíma. Greinargerðar þeirrar, er því frv. fylgdi, vill nefndin vísa til hvað snertir tilgang og þýðingu þess. En að hinu leytinu vill hún taka það fram, að flutningur hennar á frv. og fylgi hennar í háttv. deild byggist á því, að breytt verði fyrirkomulagi Búnaðarfjelags Íslands á þann veg, að auk þess, sem atvinnumálaráðuneytið á samkv. frumv. að hafa yfirstjórn allra jarðræktarmála, þá fái það einnig rjett til þess, samkvæmt tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, að skipa 2 menn í stjórn þess. Þetta skilyrði sitt byggir nefndin á því, að hún telur rjettmætt og sjálfsagt, að jafnframt því sem stóraukið fjármagn færist úr ríkissjóði undir yfirráð Búnaðarfjelagsins, þá sje þingi og stjórn tryggður tillögu- og íhlutunarrjettur um meðferð fjárins, jafnframt því sem ábyrgðin færist yfir á stjórnina.

(C. VIII, 1).

Sþ. **217. Tillaga**

til þingsályktunar um Ríkisveðbanka Íslands.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að Ríkisveðbanki Íslands, sem stofnaður er með lögum nr. 64, 27. júní 1921, taki til starfa á þessu ári.

Ástæður.

Nú um alllangt skeið hafa landsmenn ekki átt neinn kost þess að fá hentug lán út á fasteignir sínar. Úr þessu var ætlað að bæta með stofnun Ríkisveðbanka Íslands. Sú stofnun hefir enn ekki tekið til starfa, og er þessi tillaga fram borin til að herða á framkvæmd málsins.

(B. XXIX, 2).

Nd. **218. Breytingartillögur**

við frv. til kosningalaga fyrir Reykjavík.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Kosningarrjett við bæjarstjórnar- og borgarstjórakosningar, svo og við kosningu annara nefnda eða opinberra starfsmanna, er vinna í bæjarins þarfir og kjósa ber með almennum kosningum, hafa allir bæjarbúar, sem eru 21 árs eða eldri og hafa verið heimilisfastir í bænum í eitt ár þegar kosning fer fram. Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir.

2. Við 2. gr. Aftan við gr. bætist: sbr. þó 3. gr.

3. Við 3. gr. Aftan við gr. bætist:
   Þó skal kjörstjórn leyfa þeim að kjósa, er á kjördegi sannar fyrir henni, að hann eigi kosningarrjett, þótt hann standi eigi á kjörskrá.

(D. X, 1).

Ed. **219. Fyrirspurn**

til landsstjórnarinnar um hlutfallið milli eyðslu landssjóðs til starfsmannahalds og verklegra framkvæmda síðan árið 1900.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. Hve mikið af tekjum sínum hefir landssjóður hvert hið tilfærða ár notað til starfsmannahalds viðkomandi stjórn landsins eða uppeldi, og hve mikið til verklegra framkvæmda?

2. Hve fjölmenn hefir hver starfsmannastjett verið hvert þetta ár, hve há meðallaunin og hve mikill hundraðshluti af tekjum landssjóðs hefir gengið til að launa hverri einstakri launamannastjett, læknum, kennurum, dómurum og löggæslumönnum, prestum, póstum og póstmönnum, símamönnum, vitaþjónum, skrifstofumönnum o. s. frv.?

3. Hve mikil upphæð og hve mikill hundraðshluti af landssjóðstekjum hvert þessara ára hefir gengið til verklegra framkvæmda, í opinberar byggingar, vegi, síma, brýr, bryggjur og brimgarða, vita og jarðræktarfyrirtæki?

(D. XI, 1).

Ed. **220. Fyrirspurn**

til landsstjórnarinnar um kostnað við stjórn og eftirlit með Íslandsbanka síðan 1914.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. Hvað hafa bankastjórar Íslandsbanka í Reykjavík haft, hver fyrir sig, í laun frá bankanum, dýrtíðaruppbót og ágóðahlut hvert af þessum umræddu árum?

2. Hvað hafa bankaráðsmenn Íslandsbanka, erlendir og íslenskir, haft, hver fyrir sig, í laun frá bankanum, dýrtíðaruppbót og ágóðahlut hvert af þessum umræddu árum?

3. Hvernig eru launasamningar við hvern einstakan af núverandi bankastjórum Íslandsbanka? Hve langur er uppsagnarfrestur og hve mikil viðurlög, ef samningi er sagt upp frá hálfu landsins eða hluthafanna?

4. Hve mikið hefir bankinn goldið Bjarna Jónssyni frá Vogi fyrir rannsókn hans á bankanum 1920, og hve mikið hverjum einstökum af hinum 5 nefndarmönnum, sem litlu síðar verðlögðu hlutabrjef Íslandsbanka, ef þjóðin vildi kaupa?

5. Hvernig er samið um heiðurslaun, eftirlaun og dýrtíðaruppbót við þá þrjá bankastjóra Íslandsbanka, sem nýfarnir eru þaðan, þá Sighvat Bjarnason, H. Thorsteinsson og Tofte?

(A. II, 4).

Nd. **221. Nefndarálit**

um frv. til laga um samþyktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Frv. þetta lagði ríkisstjórnin fyrir efri deild í þingbyrjun, og samþykti deildin þær breytingar á því, sem prentaðar eru á þingskjali 48. Neðri deildar nefndin telur breytingarnar hafa verið til bóta.

Samgöngumálanefnd efri deildar hefir í stuttu máli rakið sögu þessa máls á þingi í áliti sínu á áðurnefndu þingskjali, og þykir ekki þörf að endurtaka hana hjer.

Frv., eins og það nú liggur fyrir, er niðurstaða af sameiginlegri viðleitni vegamálastjóra, ríkisstjórnar og Alþingis til þess að finna sanngjarnan og ábyggilegan gjaldstofn til þess að byggja á tekjur fyrir sýsluvegasjóði, en þessi viðleitni byggist aftur á margítrekuðum kröfum þeirra hjeraða, er mikla hafa vegaþörf. Þær hafa komið fram á ýmsan hátt, svo sem að byggja tekjur sjóðanna á öðrum grundvelli en nú er, bein fjárframlög úr ríkissjóði og að leggja vegaviðhaldskostnað á ríkið að meira eða minna leyti.

Þá skal vikið nokkrum orðum að því, hvort viðunanleg niðurstaða í þessu efni muni vera fundin með ákvæðum frumvarpsins, eins og það nú er.

Fyrst er á það að líta, að allar tekjur til vegabóta í hjeruðunum eru fengnar — eins og nú standa sakir — með niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum í hverjum hreppi, eftir að allri upphæðinni hefir verið skift niður á þá, að tæpum helmingi miðað við verkfæra menn, rúmlega $^1/_4$ við samanlagðar tekjur og eignir og rúmlega $^1/_4$ við skattmat fasteigna.

Þetta niðurjöfnunarfyrirkomulag hefir ekki verið mjög óvinsælt í þeim hjeruðum, sem lítið hafa þurft á sig að leggja til vegabóta; en þar, sem vegaþörfin er mjög mikil, hafa hjeraðsstjórnir hlífst við að nota þennan álögugrundvöll, svo að tekjurnar hafa ekki nándar nærri fullnægt hinni brýnustu þörf. Og með þessu fyrirkomulagi hefir þó sjerstaklega verið erfitt, eða jafnvel ókleift, að

finna hæfilegan mælikvarða fyrir því, hvenær og að hve miklu leyti ríkið ætti að hlaupa undir bagga með hjeruðunum.

Frumvarpið ákveður einfalt, en þó fast skipulag í þessu efni, í fyrsta lagi með því, að fá tekjurnar innan hjeraðs með hreyfanlegum fasteignaskatti og í öðru lagi með styrk af ríkisfje, stighækkandi, eftir því hve hár skatturinn er, þegar hann er orðinn nokkuð tilfinnanlegur.

Um fyrra atriðið er það að segja, að góðir vegir eru aukið verðmæti, og þó sjerstaklega aukið notagildi fasteigna þeirra, er þeir liggja að eða í grend við, og verður aldrei frá þeim tekið, fremur en aðrir kostir þeirra. Verðlag fasteigna er að mestu leyti miðað við notagildi, og þess vegna er það í fylsta máta rjettmætt, að hæfilegur skattur til að auka það komi niður á nothafa. Auk þess mundi skatturinn óbeinlínis og á ýmsan hátt dreifast yfir á lausafje, framleiðslu og viðskifti, vegna þess hve alt þetta stendur í nánu sambandi við nothæfi fasteignanna.

Fullkomnu rjettlæti í skattaálögum verður vitanlega aldrei náð á þessu sviði fremur en öðrum; en í frv. eru líka ákvæði um undanþágur frá skattgreiðslu, þegar sjerstaklega stendur á og sanngirni mælir með því.

Um síðara atriðið þarf ekki að fara mörgum orðum. Hluttöku ríkisins í viðreisnarviðleitni hinna einstöku hjeraða í þessu atriði verður trauðla betur skipað á annan veg en gert er með ákvæðum 8. greinar. Það er maklegt að styðja hvert það hjerað drengilega, sem leggur mikið á sig sjálft. Styrk-skilyrðunum er stilt svo í hóf, að hverju hjeraði mundi verða ofraun að gera ríkissjóði erfitt fyrir að gera sína skyldu, með sjálfsögðu aðhaldi vegamálastjóra og ráðuneytis þess, er hjer á hlut að máli.

Ef skipulag það, er í frv. felst, um fjáröflun til sýsluvega, væri upp tekið um land alt og miðað við áætlun vegamálastjóra um þörfina á komandi árum og núgildandi fasteignamat, þá mundi meðaltal fjárgreiðslanna árlega verða í hæsta lagi eins og hjer segir:

		Sýslur	Ríkissjóður	Samtals
Gullbringusýsla	5 °/₀₀	12500 kr.	10000 kr.	22500 kr.
Kjósarsýsla	2 —	4250 —	»	4250 —
Borgarfjarðarsýsla	3½ —	7390 —	3165 —	10555 —
Mýrasýsla	5½ —	7270 —	6610 —	13880 —
Snæfellsn.- og Hnappadalssýsla . .	2 —	3670 —	»	3670 —
Dalasýsla	2 —	2450 —	»	2450 —
Austur-Barðastrandarsýsla	1½ —	935 —	»	935 —
Vestur-Barðastrandarsýsla	2 —	2550 —	»	2550 —
Vestur-Ísafjarðarsýsla	2 —	3170 —	»	3170 —
Norður-Ísafjarðarsýsla	2 —	4190 —	»	4190 —
Strandasýsla	2 —	1970 —	»	1970 —
Vestur-Húnavatnssýsla	3 —	3135 —	1045 —	4180 —
Austur-Húnavatnssýsla	4¼ —	6500 —	3820 —	10320 —
Skagafjarðarsýsla	3½ —	8957 —	3838 —	12795 —
Eyjafjarðarsýsla	4 —	12700 —	6350 —	19050 —

		Sýslur	Ríkissjóður	Samtals
Suður-Þingeyjarsýsla	3½ %	8340 kr.	3575 kr.	11915 kr.
Norður-Þingeyjarsýsla	2 —	2290 —	»	2290 —
Norður-Múlasýsla	3 —	6063 —	2022 —	8085 —
Suður-Múlasýsla	2½ —	9438 —	1887 —	11325 —
Austur-Skaftafellssýsla	3 —	1500 —	500 —	2000 —
Vestur-Skaftafellssýsla	2 —	1890 —	»	1890 —
Rangárvallasýsla	4¼ —	8990 —	5290 —	14280 —
Árnessýsla	4¼ —	20612 —	12128 —	32740 —
	Alls	140760 kr.	60230 kr.	200990 kr.

Vitanlega verða jafnan nokkuð skiftar skoðanir um það, hvort fyrirkomulag það, sem hjer um ræðir, við öflun fjár til sýsluvega, verði hagkvæmara en það, sem nú er, enda ekki nauðsynlegt að slá því föstu með almennum lögum; þess vegna er hjer ekki lengra farið en heimila með lögum, að þetta fyrirkomulag megi upp taka, ef betra þykir.

Að öllu vandlega athuguðu telur nefndin rjett, að frv. verði sem fyrst að lögum, og ræður því hv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 24. mars 1923.

Sveinn Ólafsson, form.	Pjetur Þórðarson, frsm.	Þorsteinn Jónsson, ritari.
Magnús Jónsson.	Sigurður Stefánsson.	Hákon Kristófersson.

Lárus Helgason.

(B. XXXIII, 5).

Nd. **222. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum nr. 61, frá 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 205, með breytingunni á þskj. 215.

(B. XIX, 2).

Ed. **223. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um berklaveiki í nautpeningi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta á fundum sínum og jafnframt rætt það með dýralækni Magnúsi Einarssyni, sem er hlyntur því, að frumvarpið verði að lögum.

Nefndin lítur svo á, að rjett sje að frumvarp þetta nái fram að ganga, og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja það óbreytt.

Nánara í framsögu.

Alþingi, 26. mars 1923.

Guðm. Ólafsson, formaður.	Sigurður Jónsson, frsm.	Hjörtur Snorrason.

(B. XXV, 3).

Nd. **224. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 1. gr. laga nr. 47, 30. nóv. 1914, komi ný málsgrein, er verður 2. málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti mega þeir menn greiða atkvæði, sem eru ekki ferðafærir sakir elli eða vanheilsu, og komast því ekki á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Forföll eru sönnuð með læknisvottorði í kaupstöðum, en annarsstaðar með vottorði læknis eða hreppstjóra.

2. gr.

Á eftir 3. málsgr. 4. greinar komi ný málsgrein, er verður 4. málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stendur svo á, sem segir í 2. málsgrein 1. gr., og skal þá vottorðið gefið af húsráðanda kjósandans ásamt einum atkvæðisbærum manni.

3. gr.

Á eftir 4. málsgrein 4. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú vill húsráðandi sjálfur greiða atkvæði, er svo stendur á, sem segir í 2. málsgrein 1. greinar, og skal þá vottorðið gefið af húsráðanda í nágrenni við hann.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.—5. greinar þeirra í meginmál laga nr. 47, 30. nóv. 1914, og getur konungur gefið þau lög út með fyrirsögninni: Lög um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

(B. X, 7).

Nd. **225. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Flutningsm.: Ólafur Proppé.

Aftan við frumvarpsgreinina komi nýr liður:

Póstleiðin frá Ísafirði til Rafnseyrar og frá Bíldudal um Fossheiði að Þorskafjarðarbotni.

(B. LXVIII, 1).

Ed. **226. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 6, 31. maí 1921. [*Seðlaútgáfa Íslandsbanka*].

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað »1922« í 3. málsgrein 2. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfurjett Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl., komi: 1924.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir nefndin borið fram að tilmælum hæstv. stjórnar, þar sem það er sýnt nú orðið, að endanleg skipun á seðlaútgáfunni verður ekki gerð á þessu þingi.

(B. XLII, 2).

Nd. **227. Nefndarálit**

um frv. til laga um aukauppbót vegna sjerstakrar dýrtíðar.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Jafnvel þótt við undirritaðir, sem höfum orðið í minni hluta í fjárhagsnefndinni, viðurkennum, að dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins nægi ekki til þess að vega á móti verðhækkun þeirri, sem heimsstyrjöldin hefir valdið, sjáum við þó ekki fært að stuðla að því, að uppbótin verði hækkuð nú, sjerstaklega vegna þess, að hagur ríkissjóðs er svo þröngur, að óráðlegt er að bæta á hann svo þungum bagga, sem frv. þetta mundi verða, ef að lögum yrði. Hinsvegar mundum við, ef til vill, eigi vera ófúsir á að stuðla að því, að opinberum starfsmönnum, sem verða mjög hart úti vegna hárrar húsaleigu, væri veittur styrkur nokkur til að ljetta undir í þessu efni, og mundi þá rjettast, að stjórnin úthlutaði þeim styrk, að fengnum tillögum stjórnar embættismannafjelagsins.

Við gerum því þá till. til hv. deildar, að frv. þetta verði felt.

Alþingi, 26. mars 1923.

Magnús Guðmundsson, frsm. Þorl. Guðmundsson.

(B. IX, 7).

Nd. **228. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Á undan 1. gr. komi ný gr., sem verður 1. gr., svo hljóðandi:

1. Á milli orðanna »netakúlum« »og« í 1. gr. 1. tölul. komi: línolíu, alkalí, parafín, sterín (ómótuðu), nýju grænmeti.
2. Á eftir orðinu »banönum« í 1. gr. 2. a. komi: vínberjum, melónum.

Greinatalan fer eftir atkvæðagreiðslunni.

(B. III, 4).

Nd. **229. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

1. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:
   Aftan við 18. gr. skal bæta:
   Með lögum má ákveða, að Alþingi skuli að eins stefnt saman annaðhvert ár.

2. Við 7. gr. Í stað hennar kemur ný grein, svo hljóðandi:
   26. gr. skal orða þannig:
   A Alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir menn. Tölu þeirra má breyta með lögum.
   Alþingi skipar eina málstofu.
   Þingmenn skulu kosnir óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum. Þó má með lögum ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur, sem við óhlutbundnar kosningar.

3. Við 8. gr. Hana skal orða þannig:
   27. gr. sömu laga orðist svo:
   Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

4. Við 8. gr. Á eftir henni komi þessar nýjar greinar:
   a. 28. gr. sömu laga skal orða þannig:
      Nú deyr þingmaður eða fer frá á kjörtíma, og var hann kosinn óhlutbundinni kosningu; skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtíma. Ef sæti þingmanns, sem kosinn var hlutbundinni kosningu, verður autt með sama hætti, tekur sæti hans varamaður sá, sem í hlut á; en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum, enda kosnir á sama hátt og samtímis.
   b. 29. gr. skal hljóða svo:
      Kosningarrjett til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, hafa ríkisborgararjett hjer á landi og hafa verið búsettir hjer á landi síðustu 5 árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sje fjár síns ráðandi.
      Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.
      Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna.
   c. 30. gr. sömu laga skal orða þannig:
      Kjörgengur til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrjett á. Þó má kjósa þann mann, sem heima á utan kjördæmis eða hefir átt heima þar skemur en eitt ár.
      Þó eru ekki kjörgengir dómendur þeir, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi.

5. Við 9. gr. Greinin falli burt.

6. Við sömu grein. Á eftir henni koma þessar nýjar greinar:
   a. 34. gr. sömu laga falli burt.
   b. Alþingi getur skipað nefndir þingmönnum til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Getur það veitt nefndum þessum rjett til að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

7. Við 10. gr. Aftan við greinina bætist:
   Síðari málsgrein sömu greinar fellur burtu.

8. Við sömu (10.) gr. Á eftir henni komi þessar nýjar greinar:
   a. Fyrsta orð 30. greinar sömu laga fellur burt.
   b. 40. gr. sömu laga skal orða þannig:
      Ekkert frumvarp má samþykkja til fullnaðar á Alþingi fyr en það hefir verið rætt 4 sinnum, enda skal það hafa komið fram eigi síðar en 8 dögum eftir þingsetningu. Undantekin þessu eru þó stjórnarfrumvörp og þau þingmannafrumvörp, er fram hafa komið á næsta Alþingi á undan.

c. 41. gr. sömu laga fellur niður.
d. Orðin »Hvor — sameinað« í upphafi 48. gr. sömu laga falla burtu.
e. 49. gr. sömu laga skal orða þannig:
Alþingi getur ekki gert samþykt um mál, nema meira en $^2/_3$ þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.
f. 50. gr. sömu laga skal orða þannig:
Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sjerhvert alment mál, ef Alþingi leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra.
g. 51. gr. sömu laga skal hljóða svo:
Alþingi má ekki taka við neinu málefni nema einhver þingmaður flytji það.
h. 52. gr. sömu laga skal orða þannig:
Nú þykir Alþingi ekki ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, og getur það þá vísað því til ráðherra.
i. Fyrsta málslið 53. gr. sömu laga skal orða svo:
Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði.
j. 54. gr. sömu laga skal orða svo:
Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.
k. Fyrstu málsgrein 76. gr. sömu laga skal orða svo:
Tillögur til breytinga eða viðauka við stjórnarskrá þessa má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nú nær tillagan samþykki Alþingis, og skal það rofið þá þegar og stofnað til almennra kosninga af nýju. Ef nýkosið Alþingi samþykkir ályktunina óbreytta og hún nær staðfestingu konungs, þá gildir hún sem stjórnskipunarlög.

9. Við ákvæði um stundarsakir. Þau skulu orðuð þannig:
Umboð landskjörinna þingmanna fellur niður þá er lög þessi öðlast gildi.

(A. XXIV, 6).

Nd. **230. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 3. gr.
Eftir tölulið 5 komi nýr liður:
Læknisvitjanastyrkur til Flateyjarhjeraðs ... ... kr. 1000,00
Upphæð þessa innheimti stjórnin síðan hjá hlutaðeigandi hjeraðslækni.

(B. LII, 2).

Nd. **231. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913. (Herpinótaveiði).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og orðið ásátt um, að rjett sje að taka til greina óskir Skagfirðinga um rýmkun á svæði því, er þeim er heimilt að gera samþykt á um síldveiði með herpinót. Það er aðallega vestanmegin fjarðarins, sem línan færist út, en þar eru fiskimið þau, er þeir vilja friða fyrir herpinótaveiði, sem þeir segja að oft valdi truflun við veiðarnar og stundum skemd á veiðarfærum. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 26. mars 1923.

Stefán Stefánsson, form. Pjetur Ottesen, skrifari og frsm.

Einar Þorgilsson. Jón Baldvinsson. Jakob Möller.

(B. X, 8).

Nd. **232. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Flutningsm.: Magnús Pjetursson.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist nýr liður:

Aðalpóstleið Vesturlands frá Krossá í Bitru að Arngerðareyri í Norður-Ísafjarðarsýslu.

(C. VI, 2).

Nd. **233. Þingsályktun**

um innlendar póstkröfur.

(Afgreidd frá Nd. 27. mars).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að innlendar póstkröfur verði framvegis innheimtar á öllum póstafgreiðslustöðum og brjefhirðingum.

(A. XVIII, 8).

Nd. **234. Frumvarp**

til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Kynsjúkdómar eru þrír sjúkdómar nefndir einu nafni í lögum þessum: syfilis, lekandi (gonorrhoe) og linsæri (ulcus molle). Taka lögin að eins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

Smitandi eru sjúkdómar þessir taldir meðan þess finnast merki, að smitunarhætta stafi af sjúklingnum eða ætla má, að þau komi síðar í ljós. Heilbrigðisstjórnin ákveður, hversu rannsókn sýktra og grunaðra skuli framkvæmd og hversu meta skuli sýkingarhættuna.

2. gr.

Hjeraðslæknar skulu, hver í sínu hjeraði, með aðstoð lögreglustjóra sjá um allar framkvæmdir eftir lögum þessum, er miða að því að verjast sjúkdómum þessum eða útrýma þeim, skrásetningu sjúkra og lækningu þeirra, en yfirstjórn allra ráðstafana hefir heilbrigðisstjórnin á hendi.

3. gr.

Allir læknar skulu skyldir til að skrásetja sjerstaklega sjúklinga með syfilis á þann hátt, er heilbrigðisstjórnin leggur fyrir.

Skráningu skal þannig hagað, að sjúklinga megi þekkja sundur, svo eigi sje hætta á, að þeir verði margtaldir, en jafnframt vissa fyrir, að nöfn þeirra þekkist ekki.

Einkennismerki sjúklinga skulu tilfærð með glöggu letri á mánaðar- eða vikuskrám þeim, sem öllum starfandi læknum skal skylt að senda hjeraðslækni í lok hvers mánaðar eða viku. Á sama hátt skal hjeraðslæknir skrá einkennismerki allra syfilissjúklinga, er vitjað hafa lækna í hjeraðinu, á mánaðar- eða vikuskrám þeim, sem hann sendir landlækni.

Hjeraðslæknar skulu halda sjerstaka bók eða spjaldskrá yfir sjúklinga með syfilis, og með því skipulagi, sem heilbrigðisstjórnin leggur fyrir. Í bók þessa má eigi skrá nöfn sjúklinganna, heldur að eins einkennismerki þeirra.

Heilbrigðisstjórnin getur krafist þess, að sjúklingar með aðra kynsjúkdóma sjeu og skráðir á sama hátt, svo og þeir, sem alvarlega eru grunaðir um að hafa smitað aðra með kynsjúkdómi, þó eigi hafi fundist óræk merki þess, að þeir væru sjúkir.

4. gr.

Hver, sem sýkist af kynsjúkdómi, eða hefir grun um að svo sje, skal skyldur að leita sjer læknishjálpar þegar í stað og til þess er smitunarhætta er afstaðin. Skylt er honum að fara eftir fyrirmælum þeim, sem læknir gefur honum um meðferð sjúkdómsins og varúð við því, að hann smiti aðra. Leiti nú sjúklingurinn annars læknis, áður sjúkdómurinn er fulllæknaður, skal hann tilkynna það með læknisvottorði þeim lækni, er fyrst hafði hann til meðferðar.

5. gr.

Heimilt er hverjum sjúklingi að leita til hvers læknis er vill, en í hverju læknishjeraði skal að minsta kosti vera einn læknir, sem veiti þeim sjúklingum ókeypis læknishjálp, sem kröfu eiga til hennar samkvæmt lögum þessum.

Í öllum læknishjeruðum, þar sem ekki er sjerfræðingur í þessari grein, er það hjeraðslæknir, sem veitir ókeypis læknishjálp. En þar sem um sjerfræðinga er að gera, má fela þeim að veita þessa hjálp, auk hjeraðslæknis. Hjeraðslæknum skal greidd borgun fyrir ókeypis læknishjálp samkvæmt gjaldskrá hjeraðslækna, en sjerfræðingi, sem falið hefir verið að veita þessa hjálp, ber borgun eftir því, sem ráðherra ákveður með ráði landlæknis.

6. gr.

Ókeypis læknishjálp skal veitt öllum, sem ekki hafa efni á að greiða hana sjálfir, en krefjast skal af þeim vottorðs um það, að viðlögðum drengskap. Slík ókeypis hjálp nær til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna og lyfja, og greiðist hún úr ríkissjóði. Vottorð sjúklinganna skal læknir geyma til eftirlits fyrir landlækni, en láta reikningi sínum fylgja yfirlýsingu um, að sjúklingurinn hafi gefið vottorð samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Nú koma kynsjúkdómar upp eða taka að breiðast út á stað, þar sem læknislaust er eða erfitt að ná í fullkomna læknishjálp, og skal þá heilbrigðisstjórnin senda lækni, svo fljótt sem auðið er, til þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og veita sjúklingum læknishjálp. Kostnaður við slíkar ráðstafanir greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Læknir skal taka skýrt fram við sjúklinga með kynsjúkdóma, hvað að þeim gangi. Þá skal hann skýra vandlega fyrir þeim, hversu sjúkdómurinn smiti, hverrar varúðar beri að gæta og að hegningu varði, ef út af er brugðið, samkvæmt hegningarlögum. Sjerstaklega skal það tekið fram, hve langvinnur sjúkdómurinn geti verið og lækniseftirlit nauðsynlegt um langan tíma, svo og að sjúklingar megi ekki giftast meðan smitunarhætta stafar af þeim. Þá skal og læknir fá hverjum sjúklingi, sem leitar í fyrsta sinn læknis vegna kynsjúkdóms, prentaðar leiðbeiningar, sem heilbrigðisstjórnin lætur í tje.

Ef sjúklingurinn er yngri en 16 ára, skal skýra foreldrum barnsins eða forráðamönnum frá ástæðum öllum og hverrar varúðar beri að gæta. Bera þeir þá ábyrgð á því, að farið sje eftir fyrirmælum læknis.

Nú telur læknir, að heilsufari sjúklings sje svo varið, eða aðrar ástæður geri það óumflýjanlega nauðsynlegt, að sjúklingi sje fyrst um sinn ekki skýrt frá, hvað að honum gangi, og skal honum það þá heimilt.

9. gr.

Nú verður læknir þess vis, að sjúklingur, sem hann hefir til meðferðar, fer ekki eftir þeim reglum, sem honum hafa verið gefnar, hvort heldur sem snertir lækningu sjúkdómsins eða varúðarreglur, þá skal hann tafarlaust senda honum skriflega áminningu og benda honum á, hverju varði, ef óhlýðnast er. Komi það fyrir ekki og sjúklingurinn fáist ekki heldur til að leita annara lækna, skal hann áður vika er liðin tilkynna það lögreglustjóra. Sjer hann þá um, að sjúklingurinn verði fluttur í sjúkrahús eða að hann leiti sjer á annan hátt læknishjálpar meðan smitunarhætta stafar af honum.

10. gr.

Nú tekur læknir sjúkling til meðferðar, sem nýlega hefir smitast hjer á landi, þá skal hann vandlega grenslast eftir, af hverjum og hvernig hann hefir smitast, og er sjúklingnum skylt að láta lækninum í tje alla vitneskju sína um það efni.

Ef sá býr innanhjeraðs, sem talið er að valdið hafi smitun, skal læknir svo fljótt sem verða má gera gangskör að því, að hinn grunaði komi til hans til rannsóknar, og leitar hann til þess aðstoðar lögreglustjóra, ef þörf er á. Lögreglustjóri sjer þá um, að hinn grunaði verði lagður á sjúkrahús, eða á annan hátt skoðaður af lækni.

Nú er sá í öðru læknishjeraði, sem talið er, að smitun hafi hlotist af, og skal þá læknir tilkynna hlutaðeigandi hjeraðslækni tafarlaust með simskeyti, hver hann sje, og sjer hann þá um rannsókn hans. Slík simskeyti skulu vera á dulmáli, eftir því sem heilbrigðisstjórn ákveður.

11. gr.

Komist læknir að því, að sjúklingur með kynsjúkdóm hafi í hyggju að ganga í hjónaband áður en smitunarhættu er lokið, skal hann senda sjúklingnum tafarlaust skriflega áminningu og benda honum á, hverri hegningu slíkt varði.

Nú þykist læknir hafa fulla ástæðu til að ætla, að slík áminning verði ekki tekin til greina, og skal hann þá tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi presti og lögreglustjóra, að sjúklingurinn hafi kynsjúkdóm, og er það lögmætur meinbugur á hjónabandi.

12. gr.

Öll börn, yngri en 16 ára, sem sýkst hafa af syfilis eða eru fædd með þann sjúkdóm, skulu standa undir lækniseftirliti, og foreldrar eða forráðamenn þeirra ábyrgjast að fyrirmælum læknis sje hlýtt.

Slíkum börnum má ekki koma í fóstur, nema hlutaðeigendum hafi verið skýrt frá sjúkdómi þeirra og læknir hafi gefið samþykki til þess.

Aðrar konur en móðirin mega ekki hafa þau á brjósti.

Flytji barnið úr hjeraðinu, skal tilkynna lækni flutninginn og hvert það fer. Skal hann þá skýra hjeraðslækni þess hjeraðs frá því og hvernig sjúkdómi barnsins er farið.

Sömu ákvæði gilda og börn innan þriggja mánaða, þó heilbrigð virðist, ef ekki eru liðin full 5 ár frá því, að annað foreldra eða bæði hafa haft syfilis.

13. gr.

Sjúklingar með smitandi syfilis mega ekki fóstra börn, sem ekki hafa syfilis, og ekki starfa að matsölu, matreiðslu eða veitingum.

14. gr.

Á öllum, sem vegna starfs síns samkvæmt lögum þessum komast að nöfnum sjúklinga og heilsufari þeirra, hvílir ströng þagnarskylda, nema þeim sje skylt að lögum að láta slíkt uppi eða nauðsyn ber til þess vegna yfirvofandi smitunarhættu, svo sem ef læknis er ekki leitað eða varúðarreglur að engu hafðar og eigi verður á annan hátt úr því bætt.

15. gr.

Lyfsölum og öðrum verslunum er óheimilt að selja lyf, er líklegt þykir, að nota skuli til meðferðar á kynsjúkdómum, nema eftir ávísun læknis. Heilbrigðisstjórnin ákveður hver slík lyf eru.

16. gr.

Heilbrigðisstjórnin getur krafist þess, að kensla um kynsjúkdóma og varnir gegn þeim sje tekin upp í þeim skólum, sem hún telur þess mesta nauðsyn. Kenslunni skal í öllum aðalatriðum hagað svo sem hún mælir fyrir.

Öll íslensk skip skulu skyld til þess að láta alþýðlega bók um kynsjúkdóma og eitt eintak af lögum þessum fylgja lyfjakistli skipsins.

Þar sem sjerstök hætta stafar af kynsjúkdómum, miklar útlendar skipakomur eru, síldarstöðvar o. þvíl., skal hjeraðslækni sjerstaklega skylt að vinna árlega að því, eftir samráði við heilbrigðisstjórnina, að efla þekkingu almennings á sjúkdómum þessum, hættunni, sem af þeim stafar, og helstu vörnum gegn þeim.

17. gr.

Nú brýtur embættismaður gegn skyldum sínum samkvæmt þessum lögum, og varðar það þá ábyrgð sem brot á embættisfærslu.

Brjóti læknir, sem ekki er embættismaður, skyldur sínar eftir lögunum, varðar það sektum, alt að 500 kr.

Brot á ákvæðum 10. og 14. gr. varða sektum, alt að 200 kr.

18. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, sje ekki brotið þannig vaxið, að það varði hegningu samkvæmt hegningarlögunum.

(B. XLII, 3).

Nd. **235. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um aukauppbót vegna sjerstakrar dýrtíðar.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Að vísu viðurkenna allir nefndarmenn, að sanngjarnt sje og rjettmætt að bæta embættis- og starfsmönnum ríkisins að einhverju leyti þau auknu útgjöld, sem þeir, vegna sjerstakrar dýrtíðar í kaupstöðunum, hljóta að hafa umfram aðra embættis- og starfsmenn. Meiri hlutinn vill ráða nokkra bót á þessu nú þegar.

Oss er fullkunnugt um, að dýrtíðin er mest hjer í Reykjavík, en nokkru minni í hinum öðrum kaupstöðum; sjerstaklega er það húsaleigan, sem mestri dýrtíð veldur í Reykjavík og á Ísafirði.

Hinsvegar treystum vjer oss ekki til, með þeim mjög takmarkaða tíma, sem vjer höfum frá öðrum þingstörfum, að rannsaka til hlítar hina mismunandi dýrtíð á hinum ýmsu stöðum, en viljum óska þess, að hæstv. ríkisstjórn láti rannsaka þetta atriði fyrir næsta þing.

Þar sem ríkið greiðir dýrtíðarbætur, eru allir væntanlega sammála um, að uppbótin eigi að miðast við það, hversu dýrt er að lifa á hinum ýmsu stöðum.

Tillaga vor mun hafa í för með sjer þessi útgjöld:

fyrir	Reykjavík kr.	88470,00
fyrir aðra	kaupstaði —	23950,00
	Samtals kr.	112420,00

Af ástæðum, sem áður eru fram teknar, treystum vjer oss ekki til að koma nú með tillögur um mismunandi uppbót í hinum ýmsu kaupstöðum öðrum en Reykjavík, en til að ráða til bráðabirgða nokkra bót á því ástandi, sem nú er, leggjum vjer til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

Auk launabóta þeirra, sem taldar eru í 33. gr. laga nr. 71, frá 28. október 1919, og í 13. gr. laga nr. 75, frá sama degi, skulu allir þeir, sem rjett eiga til launabóta samkvæmt nefndum lögum og heimili eiga í kaupstöðum landsins, fá aukauppbót vegna sjerstakrar dýrtíðar á þessum stöðum, er nemi í Reykjavík 15 % og í öðrum kaupstöðum 10 % af launaupphæðinni, þó eigi af hærri upphæð en 4500 krónum.

2. Aftan við 2. gr. bætist:

og gilda til ársloka 1924.

Alþingi, 26. mars 1923.

M. J. Kristjánsson, formaður.

Jón A. Jónsson, fundaskrifari, frsm.

Jakob Möller.

(A. IX, 2).

Ed. **236. Nefndarálit**

um frv. til vatnalaga.

Frá allsherjarnefnd og fl.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er orðrjett það frv., er stjórnin lagði fyrir Alþingi 1921; var það samið eftir og bygt á frv. meiri og minni hluta fossanefndarinnar, er skipuð var 22. okt. 1917, og frv. samvinnunefndar í vatnamálunum á Alþingi 1919. Ennfremur tók stjórnin upp í frv. þetta ákvæði um veiðirjett í ám og vötnum, eins og gert er í vatnalögum sumra þjóða.

Frumvarp þetta er bygt á þeirri grundvallarreglu um umráð yfir vatni, að vatnsrjettindin fylgi landinu eða eignarrjetti á því, nema sjerstaklega sjeu frá skilin, og verði sá hagnýtingarrjettur á vatninu ekki af landeiganda tekinn nema gegn endurgjaldi.

Eins og áður er sagt, lagði stjórnin frv. þetta fyrir Alþingi 1921, en samvinnunefnd beggja deilda, sem um málið fjallaði, klofnaði á grundvallaratriðinu um vatnsrjettindin, og kom hvor hlutinn fram með sitt nefndarálit og tillögur til breytinga. (Alþt. 1921, þskj. 400 og 531).

Um leið og stjórnin lagði frv. þetta enn þá fyrir þetta þing hefir hún einnig í athugasemdum við frv. gert nokkrar tillögur til breytinga (stj.frv. 9).

Nefndin hefir rætt og athugað þetta mál á 20 fundum og leggur til, að frumvarpið verði samþykt með nokkrum breytingum, sem flestar eru smávægilegar. Eru þær sumpart frá nefndinni sjálfri eða teknar úr nefndarálitum meiri og minni hluta samvinnunefndar í vatnamálunum á Alþingi 1921 (þskj. 400 og 531); einnig teknar til greina að nokkru breytingartillögur stjórnarinnar á þskj. 9.

Nefndin hefir fallist á að fylgja rjettargrundvelli þeim, sem frv. þetta er bygt á, og breytingartillögur þær, er nefndin hefir tekið upp frá minni hluta samvinnunefndar frá 1921, og allmargar breytingartillögur frá meiri hluta sömu nefndar, miða allar til þess að gera frv. skýrara og til lagfæringar, án þess að raska grundvellinum. Sama má segja um breytingar nefndarinnar sjálfrar.

Skal nú grein gerð fyrir nokkrum helstu breytingartillögunum.

1. breytingartillagan er við 8. gr. Samkvæmt frv.gr. er ekki ákveðið, hve nær framkvæma skuli verkið, eftir að það er tilkynt, sýnist, ef til vill, mega dragast alt að 20 árum. Breytingartillaga frá minni hl. vill bæta úr þessu, fellir burtu ákvæðið um tilkynninguna, en setur 5 ára frest til að framkvæma verkið. Nefndin telur rjett að hafa hvorttveggja, tilkynning innan 2 ára og þann frest til framkvæmdar verksins, sem brtt. um ræðir.

Breytingartillagan við 10. gr. er tekin frá minni hl., og álítur nefndin, að rjett sje að gera það að skilyrði fyrir vatnstökunni, að vatnið sje notað til almennings þarfa.

Breytingartillagan við 49. gr. er tekin upp hjá meiri og minni hl., og fellst nefndin á hana.

Breytingartillagan við 54. gr. er í samræmi við brtt. við 10. gr.

Með brtt. við 61. gr. er notanda orku gert mögulegt að afla sjer hennar, þótt aðstaða sje ekki eins góð og annara notenda, og virðist það sanngjarnt.

Breytingartillagan við 67. gr. er frá meiri hl. og gengur í þá átt að tryggja rjett landsdrottins gagnvart leiguliða, sem orku hefir fengið úr raforkuveitu.

Breytingartillagan við 6. lið í 100. gr. leiðir af því, að nefndin hefir felt burtu öll ákvæði frv. um vatnamálastjóra, en gerir ráð fyrir, að vegamálastjóri aðstoði stjórnina í þessum málum.

Breytingartillagan við 101. gr. er í samræmi við brtt. við 67. gr.

Breytingartillögurnar við 126. gr. eru teknar frá bæði meiri og minni hl. og miða að því tryggja þeim, sem lönd eiga að veiðivatni, frekari rjett yfir veiðinni en öðrum; enn fremur að þeir, er leggja í kostnað við klak, skuli einnig njóta ávaxtanna.

Breytingartillagan við 137. gr. er tekin frá meiri hl. og gerir ráð fyrir að ráðherra hafi að eins eftirlit með stærri vatnsvirkjun, en ekki með þeim smærri eða smæstu, og virðist nefndinni það rjett vera.

Breytingartillagan við 138. gr., um að greinin falli burtu, er tekin frá meiri hluta.

Breytingartillagan við 143. gr., um að orða greinina þannig, er tekin frá minni hluta, og virðist nefndinni sundurliðun frv.gr. óþörf, og hefir því tekið upp þessa breytingu.

Breytingartillagan frá meiri hluta við 150 gr. virðist sanngjörn.

Breytingartillagan við 152. gr. er í samræmi við það, sem áður er sagt um vatnamálastjóra, og sömuleiðis breytingartillögurnar við 153. og 154. gr.

Aðrar breytingartillögur eru aðeins til skýringar eða lagfæringar, og því ekki frekar fjölyrt um þær.

Nefndin hefir lagt mikla vinnu í frv. þetta og reynt að hraða málinu eftir föngum, með því að hún lítur svo á, að mjög æskilegt væri, að lög þessi gangi fram á þessu þingi.

Nefndin leggur eindregið til við hv. deild að samþykkja frumvarpið með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 8. gr.

Aftan við 2. lið bætist:

Nú er því lýst yfir innan 2 ára, að vinna eigi verkið, sbr. 1. lið, en

verkið þó ekki unnið innan 5 ára frá því breyting varð, og má þá líta svo á sem engin yfirlýsing hafi fram komið.

2. Við 10. gr. b-lið.
Í stað orðanna »til afnota fjelaga eða almennings« komi: til afnota í almenningsþarfir.

3. Við 13. gr.
Fyrir orðin »sem minst« komi: eigi.

4. Við 16. gr. 2. lið.
a. Á eftir orðinu »landareignar« komi: er liggur að vatni eða á.
b. Fyrir »landareignin« komi: sá hluti landareignarinnar, sem eftir verður.

5. Við 25. gr. 2. lið.
a. Orðin »eftir fyrirmælum 22. gr.« falli burt.
b. Í stað orðanna í 3. lið »Ef skaði verður, þá skal hann« komi: Ef spjöll verða, þá skal þau.

6. Við 30. gr.
Í stað orðanna í 1. málslið »til þarfa hennar samkv. 17. gr.« komi: til heimilis- og búsþarfa á eigninni.

7. Við 33. gr.
»1« undan fyrsta málslið falli burt.

8. Við 49. gr.
Í stað orðanna »200 eðlishestöfl« í 2. og 3. lið komi: 500 eðlishestöfl.

9. Við 54. gr.
Orðin »eða handa nytsömum fyrirtækjum« í 1. lið falli burt.

10. Við 57. gr.
Í stað orðanna »láta verin starfa« í 1. lið komi: halda starfrækslunni.

11. Við 61. gr.
Á eftir orðunum »notendur yfirleitt« í 1. lið komi: Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef nauðsyn þykir til vegna staðhátta.

12. Við 63. gr.
Fyrir orðið »raftækjum« komi: raforkutækjum.

13. Við 67. gr.
Aftan við greinina bætist: og sje kostnaður við heimtaugar ekki meiri en yfirleitt fyrir aðra notendur orku frá því veri.

14. Við 79. gr.
Aftan við 1. lið bætist: sbr. 80. gr.

15. Við 80. gr.
»1« framan við greinina falli burt.

16. Við 81. gr.
Á eftir orðunum »veita burt« komi: vatni.

17. Við 100. gr.
a. »1« framan við greinina falli burt.
b. 2. liður gr. falli burt.

18. Við 101. gr.
Aftan við 4. lið bætist: Þó að eins að svo miklu leyti, er metið verði jörðinni til varanlegra bóta.

19. Við 111. gr.
Í 1. lið b. falli burt orðið »undir« í síðustu málsgrein.

20. Við 126. gr.
a. Við 1. lið. Liðurinn orðist þannig:
Veiði í almenningum stöðuvatna eiga sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatni, nema forn venja banni.
b. Á eftir 2. lið komi nýr liður:
3. Nú er fiskiklak starfrækt í vatni, og hverfur þá veiðirjettur í almenningi til þeirra einna, er þátt taka í kostnaði við klakið, svo sem samþykt eða reglugerð, staðfest af ráðherra, ákveður, enda sje í henni öllum heimiluð þátttaka i klakinu, sem annars eiga veiðirjett í þeim almenningi.

21. Við 133. gr.
Á eftir orðunum í 3. lið »á mannvirkjum« komi: leyfishafa að kostnaðarlausu.

22. Við 137. gr.
Í stað orðanna í 1. lið »með vatnsvirkjum og öðrum verkum« komi: með meiri háttar vatnsvirkjum og verkum.

23. Við 138. gr.
Greinin falli burtu.

24. Við 143. gr.
Greinin orðist svo:
Þegar bætur eru goldnar í orku, getur ráðherra sett almennar reglúr um

skifti aðilja innan takmarka ákvæða laga þessara og almennra grundvallarreglna löggjafarinnar.

25. Við 150. gr.
2. töluliður a. út að orðunum »skal yfirmatsnefnd« orðist svo:
Sá, sem beiðist yfirmats eftir 149. gr. 1. lið, greiði kostnað af því, ef matsgerð breytist eigi. Verði henni breytt.

26. Við 152. gr.
Aftan við greinina bætist: Verkfræðilegur ráðunautur hans um þau mál er vegamálastjóri.

27. Við 153. gr.
Greinin falli burt.

28. Við 154. gr.
Greinin falli burt.

29. Við 156. gr.
Orðið »vatnamálastjóri« falli burt.

30. Við 158. gr.
Fyrir »1922« komi: 1924.

31. Allar greinatölur og tilvísanir í greinar og tölulíði frv. breytist samkvæmt niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.
Prentvillur í frv. leiðrjettast samkvæmt greinargerð þar um í nefndaráliti meiri hluta samvinnunefndar vatnamálanna frá 1921, þskj. 531.

Alþingi, 27. mars 1923.

Jón Magnússon, form.
Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari og framsögum.

Hjörtur Snorrason. Sigurður H. Kvaran. Guðm. Ólafsson.

(B. XXV, 4).

Nd. **237. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 1. gr.
   Aftan við síðari málsgrein bætist:
   ef nærstaddir eru, ella með vottorðum tveggja skilríkra manna.
2. Við 5. gr.
   Fyrir »texta 1.—5. greinar« komi: texta 1.—3. greinar.

(B. XXI, 6).

Ed. **238. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 3. nóv. 1915. [*Útflutningur hrossa*].

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er samþykk stefnu frumvarpsins og lítur svo á, að ákvæði núgildandi laga um útflutning hrossa geti, ef þeim er beitt, oft að ástæðulausu valdið hrossaeigendum fjárhagslegu tjóni.

Reynsla síðustu ára hefir sannað þetta, með því að ríkisstjórnin hefir nokkrum sinnum neyðst til að veita undanþágu frá skilyrðum laganna um þetta efni.

Úr þessari misfellu er að mestu leyti bætt með frumvarpinu.

Nefndin leggur því eindregið til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan frumvarpsgreininni komi: 1. gr.
2. Í staðinn fyrir »1. desember« komi: 15. nóvember.
3. Síðari málsliður greinarinnar »Þó má aldrei leyfa« o. s. frv. falli niður.

4. Á eftir greininni komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Alþingi, 27. mars 1923.

Guðm. Ólafsson, form. og framsm. Hjörtur Snorrason. Sigurður Jónsson.

(B. XXV, 5).

Nd. **239. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

Frá allsherjarnefnd.

Aftan við 3. gr. bætist:
ásamt einum atkvæðisbærum manni.

(A. XXVII, 2).

Ed. **240. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lögfylgjur hjónabands.

Frá allsherjarnefnd.

Um tilorðning og tilgang frumvarps þessa nægir að vísa til athugasemda frumvarps þess, er lagt var fyrir þessa háttvirtu deild 1922.

Það má að vísu segja, að ekki vanti mikið á, að konur hafi hjer á landi hinn sama rjett sem karlmenn og sömu skyldur, bæði einstaklingur gegn einstaklingi og einstaklingur gegn almannavaldinu. Það er þó ekki fullur jöfnuður í hjónabandinu milli manns og konu. Að vísu er gift kona sjálfráða og fjárráða eftir sömu reglum, sem bóndi hennar, en þó getur hún eigi ávalt neytt þessa rjettar síns til fulls í sambúð eða viðskiftum sínum við hann, eftir þeim lögum og venjum, sem nú eru í gildi. Talið er að maðurinn eigi rjett á að ráða heimilisfangi beggja hjóna. En það er þó einkum vegna venjulegrar sameignar hjónanna og umráðarjettar mannsins yfir búshluta konunnar í sameigninni, að fjárráða konunnar gætir einatt lítt. Það þykir því eigi ófallið, að ráðin sje nú þót á þeim ójöfnuði, sem enn er eftir. Aðalefni og til-

gangur þessa lagafrumvarps er að gera með öllu jafnan rjett hjónanna í hjúskapnum, að því leyti sem jafnt er á komið með þeim.

Nefndin fellst á meginstefnu frumvarpsins og hefir ekkert að athuga við einstök ákvæði þess. Að eins eru gerðar nokkrar orðabreytingar við frumvarpið, og eru sumar þeirra leiðrjettingar á prentvillum.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Skylt er hjónunum, hvoru eftir getu sinni og svo sem samir hag þeirra, að hjálpast að því að framfæra fjölskylduna, með fjárframlögum, vinnu á heimilinu og á annan hátt. Til framfærslu teljast útgjöld til heimilisþarfa og uppeldis barnanna, og enn útgjöld til sjerþarfa hvors hjóna.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Ef útgjöld til sjerþarfa annars hjóna og til framfærslu þeirrar og fyrirsjár, sem því að öðru leyti eftir venjunni og hag þeirra ber að hafa fyrir fjölskyldunni, nema meiru en því er skylt af hendi að inna samkvæmt 2. gr., þá skal hitt hjónanna gjalda því peningafúlgu, sem með þarf, hæfilega upphæð í hvert skifti. Frá þessu skal þó víkja, ef öðruvísi þarf með að fara, af því að það hjóna, er í hlut á, hefir reynst ófallið til að fara með peninga, eða aðrar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. Við 7. gr. Í stað »sem ákveðna peningaupphæð« komi: í peningum.

4. Við 12. gr.
   a. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
      Ef sá, er samdi við annað hjóna, vissi eða átti að sjá.
   b. Í stað »og er« í sömu málsgr. komi: þá er.

5. Við 15. gr. Í stað »skuldbindandi fyrir« komi: gildir gagnvart.

6. Við 20. gr. Í stað »Hvoru« í upphafi greinarinnar komi: Hvorugu.

7. Við 21. gr. Í stað »tíma« komi: drætti.

8. Við 33. gr. Í stað »komið verð« komi: komið endurgjald.

9. Við 36. gr. Í stað »Að því er tekur til samkomulags« komi: um samkomulag. Orðið »þá« falli burt.

10. Við 43. gr. Á eftir »skiftalaganna« í 2. línu komi: frá 12. apríl 1878.

11. Við 52. gr. Orðin í síðustu línu »þarf til þess og« falli burt.

12. Við 56. gr. Greinin orðist svo:
Nú eru fallnar í gjalddaga bætur, sem dæmdar hafa verið öðru hjóna samkvæmt 74. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, og má þá krefja greiðslu o. s. frv.

13. Við 64. gr. Greinin orðist svo:
Það hjóna, sem situr í óskiftu búi, skal afhenda valdsmanni skýrslu um eignir og skuldir búsins, áður en misseri er liðið frá láti hins. Skýrslu þessa skal gefa að viðlögðum drengskap. Sýna skal hana áður börnunum eða lögráðamanni þeirra.

14. Við 65. gr. Orðin »við líði« falli burt.

15. Við 80. gr. Í stað »Lögfylgjur skrásetningarinnar teljast« komi: Gildi skrásetningar telst.

16. Við 83. gr. Í stað »skrifstofu þeirri« komi: viðkomandi skrifstofu.

17. Í stað »fjárráður, ófjárráður, lögráður, ólögráður« komi: fjárráða, ófjárráða, lögráða, ólögráða o. s. frv.

18. Í stað »Frumvarp til laga um lögfylgjur hjónabands« komi:
Frumvarp til laga um rjettindi og skyldur hjóna.

Alþingi, 28. mars 1923.

Jón Magnússon, form., frsm.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.

Sigurður H. Kvaran.

(B. LXIX, 1).

Nd. **241. Frumvarp**

til laga um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Smjör, í venjulegum skilningi, er feitmeti, sem eingöngu er framleitt úr mjólkurfeiti, þannig að rjóminn er strokkaður litaður eða ólitaður og smjörið hnoðað saltað eða ósaltað.

Smjörlíki er það feitmeti, sem gert er úr ýmiskonar feitiefnum, sem ekki eiga rót sína að rekja til mjólkur. Feitin er strokkuð í mjólk, sem hefir takmarkað feitimagn.

Rjómalíki kallast feitijafningur, sem líkist rjóma, en er ekki eingöngu gerður úr mjólkurefnum.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem að útliti og efnasamsetningu líkist mjólk, en hefir að geyma feiti, sem ekki er mjólkurfeiti.

Ostalíki kallast ostur, sem inniheldur aðra feiti en mjólkurfeiti.

2. gr.

Hver sá, sem framleiða vill smjörlíki, rjómalíki, mjólkurlíki eða ostalíki, skal tilkynna það skriflega hlutaðeigandi lögreglustjóra, sem lætur birta tilkynninguna í Lögbirtingablaðinu á kostnað framleiðanda. Framleiðandi skal hafa framleiðslubók, sem skráð eru í efni þau, sem notuð eru, og skal það gert eftir reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur. Lögreglustjóra skal heimilaður aðgangur að framleiðslubókunum.

3. gr.

Á umbúðum alls innlends smjörlíkis skal standa með greinilegu og óafmáanlegu letri orðið SMJÖRLÍKI ásamt nafni verksmiðjunnar. Um innflutt smjörlíki gilda sömu ákvæði, með þeirri undantekningu, að fyrir orðið SMJÖRLÍKI má standa MARGARINE, en á umbúðum standi ávalt með greinilegu letri ÚTLENT. Þessi ákvæði gilda einnig þegar smjörlíki er selt í lausri vigt í sölubúðum. Sje smjörlíki selt mótað, skal þungi skökunnar vera 1/4, 1/2 eða 1/1 kg., og sje það skráð á umbúðirnar.

4. gr.

Bannað er sem verslunarvara smjör, sem blandað er smjörlíki eða fituefnum, sem notuð eru til smjörlíkisgerðar. Leyft er að smjörlíki innihaldi alt að 5% smjörfeiti.

5. gr.

Bannað er að framleiða smjörlíki þar, sem smjörgerð er höfð um hönd, og eigi má nota sömu tæki til skiftis við framleiðsluna.

6. gr.

Í öllu smjörlíki, hvort heldur það er framleitt hjer eða flutt hingað frá útlöndum, skal að minsta kosti 10% feitinnar vera sesamolía. Sömu ákvæði gilda um rjómalíki og mjólkurlíki. Í ostalíki skal 5% feitinnar vera sesamolía.

7. gr.

Ostalíki má ekki selja hjer nema á umbúðunum standi með greinilegu letri orðið OSTALÍKI. Á umbúðum um rjómalíki og mjólkurlíki, t. d.

niðursoðna mjólk, sem inniheldur aðra feiti en mjólkurfeiti, standi orðin RJÓMALÍKI eða MJÓLKURLÍKI, eftir því sem við á.

8. gr.

Bannað er að versla með smjörliki, sem litað er með anilinlit eða blandað er nokkrum þeim efnum, sem skaðleg geta talist.

9. gr.

Smjörliki má ekki innihalda meira vatn en 16%.

10. gr.

Verksmiðjur þær, sem búa til smjörliki, skulu standa undir opinberu eftirliti. Nánari ákvæði um það setur atvinnumálaráðuneytið.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100—1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

12. gr.

Með brot gegn lögnm þessum skal farið sem almenn lögreglumál, nema um brot sje að ræða gegn hinum almennu hegningarlögum frá 25. júní 1869.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 3 mánuðum eftir að þau hafa verið staðfest.

Greinargerð.

Frumvarp þetta sendi forseti Búnaðarfjelags Íslands landbúnaðarnefnd með þeirri ósk, að nefndin tæki það til flutnings. Gat forsetinn þess, að frv. hefðu samið herra efnafr. Trausti Ólafsson og ungfrú Anna Friðriksdóttir, osta- og smjörgerðarkona.

Nefndin telur rjett, að sett verði lög um þetta efni, og er því fús til að verða við þeim tilmælum að flytja frv. í háttv. Nd. Hins vegar taldi nefndin sig bresta þekkingu til þess að dæma um það, hvort frv. væri sæmilega vel úr garði gert, svo að vænta mætti, að slík lög kæmu að tilætluðu gagni. Leitaði því nefndin umsagnar hr. Gísla Guðmundssonar gerlafræðings, sem er fróður í þessu efni. Gaf hann nefndinni ýmsar góðar upplýsingar um málið, en hafði yfirleitt ekki mikið út á sjálft frv. að setja, enda er það samið að mestu eftir þýðingu Gísla á nýjustu þýskum lögum um þetta efni, sem hann hafði lánað til hliðsjónar við samning frumvarpsins.

Nefndin hefir breytt sumstaðar orðalagi frv., sjerstaklega í fyrstu gr. Efnisbreytingu hefir hún ekki gert nema á 9. gr., um hámark vatnsinnihalds smjörlíkis. Gísli Guðmundsson gaf þær upplýsingar, að 4 ára reynsla hjer í Rvík hefði leitt það í ljós, að vatnsinnihald þess smjörlíkis, sem hjer væri framleitt, væri 13—14%. Í þýsku lögunum er það ákveðið 13—17%. Taldi Gísli því nægilegt, að í þessu frv. væri það sett 16%, í stað 18%, sem var í því frv., sem nefndin fjekk. Fellst nefndin á þetta, þar sem telja má bæði seljanda og kanpanda hag að því, að vatn sje sem minst í smjörlíkinu, vegna geymslu þess o. fl.

Að öðru leyti vísast til umsagnar höfunda frv., sem fylgir hjer á eftir:

Fylgiskjal.

Eftir að byrjað var á smjörlíkisframleiðslu sem sjerstakri iðnaðargrein hafa öll menningarlönd talið brýna þörf á því að setja þegar í stað lög, er ákveða nákvæmt eftirlit með framleiðslu smjörlíkis og verslun með það, annarsvegar til að vernda smjörframleiðsluna og hinsvegar til þess að vernda neytendur gegn svikinni eða skemdri vöru.

Þar sem smjörlíki þegar um langt skeið hefir verið framleitt hjer á landi í stórum mæli, teljum vjer tíma til kominn að setja lög um framleiðslu og verslun með þessa vöru, og þá um leið aðrar vörur, sem líkt er ástatt með, svo sem rjómalíki, mjólkurlíki og ostalíki. Hjer er aðallega fylgt dönskum og þýskum lögum.

1. gr. mun ekki þurfa neinnar skýringar. Hún er að eins til að skilgreina hverja vörutegund fyrir sig.

2. gr. miðar að því að gera almenningi kunnugt, hverjir framleiða smjörlíki, svo vörur þeirra verði ekki keyptar sem smjör. Eftirlitið er ætlast til að fyrirbyggi að framleidd sje skemd eða svikin vara, og heimild lögreglustjóra til að athuga framleiðslubækurnar á að vera trygging fyrir því, að í smjörlíki sjeu ekki notuð skemd eða skaðleg efni.

Ákvæðin í 3. gr. um umbúðir eiga að koma í veg fyrir að smjörlíki sje boðið fram sem smjör. Ástæðulaust virðist að banna erlendum verksmiðjum að nota orðið »margarine«, en hinsvegar sjálfsagt, að útlent smjörlíki sje á einhvern hátt aðgreint frá því innlenda. Vegna þess, hve algengt það er að bjóða smjörlíki í skömmtum eftir enskri vigt, og vjer teljum það mjög villandi fyrir fólk, álítum vjer rjett að ákveða, að selja skuli mótað smjörlíki eftir metrakerfinu.

Ákvæðunum í 4. grein er ætlað að fyrirbyggja, að smjör sje svikið með smjörlíki eða öðrum fituefnum. Vjer teljum best, að smjör og smjörlíki sje sem mest aðgreint, en ákvæðið um, að alt að 5% smjörfeiti megi nota í smjörlíki, á að gefa framleiðanda kost á að bæta smjörlíki, er nemur því, sem það kann að tapa að bragðgæðum við lögboðna notkun sesamolíu.

5. gr. Í öllum löndum, þar sem smjörlíki er framleitt og lög hafa verið sett um framleiðsluna, er tekið þvert fyrir tilbúning smjörs og smjörlíkis í sömu húsakynnum. Er það auðvitað gert með tilliti til þess, hve mikil hætta geti verið á, að smjörið sje þá svikið. Ef um útflutning smjörs hjeðan væri að ræða, gæti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir smjörsöluna, ef útlendingum væri það kunnugt, að smjör og smjörlíki væri tilbúið í einu og sama húsi og jafnvel í sömu ílátum. Virðist því þetta ákvæði óhjákvæmilegt.

6. gr. Ákvæðið um notkun sesamolíu er algengt til að gera hægara fyrir að rannsaka, hvort keypta varan er smjör eða smjörlíki eða hvort smjör hefir verið blandað smjörlíki. 10% sesamolía er alment fyrirskipað.

7. gr. Ákvæði hennar miða að því sama og ákvæðin í 3. gr. um umbúðir um smjörlíki.

8. gr. Algengust litarefni, sem notuð eru í smjör og smjörlíki, eru Kúrkúma og Orleansgult, sem hvorttveggja er unnið úr plöntum. Þau eru að vísu dýrari en anilínlitir (þ. e. litir, sem unnir eru úr koltjöru), en þar eð svo lítið er notað af lit, að það getur ekki haft nein áhrif á verð vörunnar, er ekki ástæða til að leyfa anilínliti, þó þeir að vísu sjeu ekki allir skaðlegir.

Um 9. gr. Takmörk á vatnsinnihaldi smjörs eru venjulega sett 16%, en í smjörlíki getur stundum verið örðugt að takmarka vatnsinnihaldið, og þykir því sanngjarnt að hafa hámarkið ekki minna en 18%, enda mun það vera svo í flestum löndum.

Um 10. gr. Sömu ákvæði um eftirlit með smjörframleiðslu og nefnd eru í 10. gr. eru alstaðar þar, sem smjörliki er framleitt, enda er full nauðsyn á slíku.

Um 13. gr. Nauðsynlegt er, að framleiðendur fái frest frá staðfestingu laganna til þess að afla sjer þeirra efna, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að nota, og til þess yfirleitt að koma framleiðslunni í það horf, að hún að öllu leyti sje í samræmi við ákvæði þessara laga.

(B. LXX, 1).

Ed. **242. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 5, 19. febrúar 1886, um friðun á laxi.

Flutningsmenn: Jónas Jónsson og Guðmundur Guðfinnsson.

1. gr.

Á eftir orðunum »öll laxanet« í 1. gr. bætist: og önnur net.

2. gr.

Niður falli úr 2. gr. síðari málsl. annarar málsgr.: »Eigi einn maður veiði . . . í þeirri kvísl«.

3. gr.

Þriðji málsliður 3. gr. orðast svo:

Heimilt er að veiða lax með stöng, en eigi með sting, krók, laxakistum eða sprengingum.

4. gr.

Síðari málsgrein 5. greinar »Á hverri laxveiðivjel . . . $1^1/_2$ þumlungur« falli niður.

5. gr.

6. gr. orðist svo:

Nú vill meiri hluti veiðieigenda í á, sem lax gengur í eða getur gengið í, koma á laxaklaki í ánni. Geta þeir þá kvatt til fundar alla ábúendur jarða, er liggja að höfuðánni eða laxgengum ám, er í hana renna, og myndað klakfjelag með þeim og gert þar um samþykt, er staðfest sje af ráðherra. Stjórn klakfjelagsins má jafna niður á fjelagsmenn kostnaði við klakið og óhjákvæmilega laxastiga á hverju veiðisvæði, en aldrei má skattur þessi vera meiri en 4 % af »brúttó«-tekjum hverrar jarðar á fjelagssvæðinu af laxveiði næsta ár á undan. Hvert klakfjelag á rjett á að fá jafnmikla upphæð úr landssjóði eins og fjelagsmenn leggja sjálfir fram samkvæmt lögum þessum, ef Búnaðarfjelag Íslands vottar, að framkvæmdir fjelagsins sjeu gerðar með þess ráði og samþykki. En verði ágreiningur um skattskyldu eða skatthæð einhvers fjelagsmanns í klakfjelagi, leggur hlutaðeigandi sýslunefnd fullnaðarúrskurð á málið.

6. gr.

7. gr. falli niður.

7. gr.

Fyrir »100 krónur« í 8. gr. komi: 200 krónur.

8. gr.

Fyrir orðið »amtmaður« í 9. gr. komi: ráðherra.

Greinargerð.

Laxveiðilögin frá 1886 eru nú að nokkru leyti orðin úrelt. Í þeim eru einstaka ákvæði bæði um veiði og veiðiaðferðir, sem eru óheppileg fyrir göngu og hrygningu laxa, og þar af leiðandi standa í vegi fyrir því, að ábúendur

jarða, er liggja að veiðiám, geti haft full not af þessum hlunnindum. Nú er víða vaknaður mikill áhugi um að auka laxveiði með klaki. Er hjer gert ráð fyrir, að slík viðleitni verði studd af almannafje, þar sem hlutaðeigendur sýna í verki, að þeir trúa á gagnsemi klaksins.

Fylgiskjal.

Vjer undirritaðir búendur í Suður-Þingeyjarsýslu, sem rjett höfum til veiða í Laxá og smáám þeim, er í hana renna og lax gengur í, leyfum oss hjer með að skora á hið háa Alþingi að banna með lögum allar fastar vjelar til laxveiða. En þær vjelar köllum vjer fastar, sem ekki eru teknar upp vikulega, þótt opnaðar sjeu lítið eitt.

Ritað á góu 1918.

Jón Sigurðsson, Hjalla. Jakob Sigurjónsson, Hólum. Sigurjón Friðjónsson, Litlu-Laugum. Björn Sigtryggsson, Hallbjarnarstöðum. Kjartan Jónsson, Daðastöðum. Jón Sigurgeirsson, Víðum. Örn Sigtryggsson, Hallbjarnarstöðum. Jón Eyjólfsson, Hömrum. Kristján V. Guðnason, Breiðumýri. Jón Kristjánsson, Glaumbæ. Benedikt Jósefsson, Breiðumýri. Jón Haraldsson, Einarsstöðum. Sigurgeir Tómasson, Stafni. Jón A. Sigfússon, Halldórsstöðum. Jón Davíðsson, Hólkoti. Jón Olgeirsson, Höskuldsstöðum. Hólmg. Þorsteinsson, Vallakoti. Aðalgeir Davíðsson, Laugum. Jakob Jónasson, Narfastöðum. Þórbergur Davíðsson, Litlu-Laugum. Sigurm. Sigurðsson hjeraðslæknir, Breiðumýri. Jóhannes Þorkelsson, Fjalli. Sigurgeir Eyjólfsson, Fjalli. Stefán Guðmundsson, Fótaskinni. Guðmundur Guðnason, Grímshúsum. Kristján Jónatansson, Tumsu. Helgi Jóhannesson, Múla. P. Helgi Hjálmarsson, Grenjaðarstað. Gísli Sigurbjörnsson, Presthvammi. Óskar Jónsson, Klömbrum. Sigurpáll Jónsson, Klömbrum. Sigurður Jónasson, Hrauni. Jakob Björnsson, Austur-Haga. Árni Jónsson, Þverá. Árni Sigurpálsson, Skógum. Páll Sigurðsson, Skógum. Jón Benediktsson, Einarsstöðum. Jón A. Árnason, Skörðum. Sigurður Sigurðsson, s. st. Hólmfríður Jónatansdóttir, Holtakoti. Sigtryggur Hallgrímsson, Stóru-Reykjum. Þorsteinn Jónsson, Reykjum. Benedikt Kristjánsson, Hólmavaði. Indriði Þorkelsson, Fjalli. Jónas Sigurbjarnarson, Ysta-Hvammi. Sigurjón Friðfinnsson, Miðhvammi. Jón Bergvinsson, Bakka. Gunnlaugur Snorrason. Kristín Eyjólfsdóttir, Klambraseli. Jakob Þorgrímsson, Haga. Þorgrímur Pjetursson, Nesi. Baldvin Þorgrímsson, Nesi. Sigtryggur Björnsson, Jarlsstöðum. Hernit Friðlaugsson, Sýrnesi. Sigurður Guðmundsson, Fagranesi. Jón Jónsson, Fagraneskoti. Pjetur Sigfússon, Halldórsstöðum. Stefán Jónsson, Öndólfsstöðum. Helgi Sigtryggsson, Hallbjarnarstöðum. Gunnlaugur Sigurbjörnsson, Máskoti. Sigríður Helgadóttir, Víðum. Páll Jónsson, Stafni. Ásmundur Helgason, Laugaseli.

(A. XXIV, 7).

Ed. **243. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árið 1922, veitast kr. 201578,25 til útgjalda þeirra, sem tilfærð eru hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 10. gr. fjárlaganna (sendiherra, utanríkismál og ríkisráðskostnaður) veitast 12000,00 kr.

Launaviðbót sendiherra í Kaupmannahöfn ... ... kr. 12000,00

3. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 8687,55 kr.

1.	Til viðauka og breytingar við rafveituna á Kleppsspítala	kr. 1854,10
2.	Kostnaður við raflagningu til Vífilsstaða	— 3149,50
3.	Utanfararstyrkur frú Bjarnhjeðinsson	— 1000,00
4.	Kostnaður við augnlækningaferðalag til Austfjarða	— 1382,05
5.	Ýmisl. kostnaður við varnir gegn inflúensu	— 301,90
6.	Læknisvitjanastyrkur til Flateyjarhjeraðs	— 1000,00

Upphæð þessa innheimti stjórnin síðan hjá hlutaðeigandi hjeraðslækni.

Samtals kr. 8687,55

4. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast kr. 122091,42.

1.	Kostnaður við húsbyggingu á prestssetrinu Mælifelli	kr. 1683,34
2.	Viðbótarstyrkur til húsbyggingar á Sandfelli	— 2000,00
3.	Til bæjargerðar í Reykholti	— 509 60
4.	Til uppfyllingar á kirkjugarðinum í Reykjavík	— 5308,15
5.	Til raflagningar í Alþingishúsið (Háskólann)	— 2200,00
6.	Til tilraunaskála Mentaskólans...	— 1192,73
7.	Til raflagningar í Kennaraskólann	— 3000,00
8.	Höfuðviðgerð gagnfræðaskólahússins á Akureyri	— 59000 00
9.	Andvirði fyrir lóð, keypta í þarfir gagnfræðaskólans á Akureyri	4200,00
10.	Rafljósaáhöld til Stýrimannaskólans	— 797,69
11.	Til rafljósastöðvar og rafiagningar á Hvanneyri	— 15500,00
12.	Utanfararstyrkur forstöðukonu Daufdumbraskólans	— 1500.00

Samtals kr. 122091,42

5. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (visindi, bókmentir og listir) veitast kr. 14950,00.

1.	Til ferðar Einars H. Kvaran rithöfundar á alþjóðafund i Lausanne 1921	kr.	1500,00
2.	Til ferðar Lárusar H. Bjarnasonar hæstarjettardómara á fund norrænna lögfræðinga í Kristjaníu	—	1500,00
3.	Til ferðar sendiherra Sveins Björnssonar á sama fund ...	—	850,00
4.	Til ferðar fornmenjavarðar Matthiasar Þórðarsonar á fornfræðingamót	—	1500,00
5.	Til að kaupa forngripi frá amtmannsfrú M. Havsteen ...	—	3500,00
6.	Til próf. Sveinbj. Sveinbjörnsson	—	4000,00
7.	Til frjettastofu Verslunarráðs Íslands	—	2000,00
8.	Til Iðnfræðifjelags Íslands, til verðlauna fyrir ritgerð um iðnfræðileg efni	—	100,00
		Samtals kr.	14950,00

6. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 43849,28 kr.

1.	Til jarðabóta á Mosfelli	kr.	9000,00
2.	Til Skeiðaáveitunnar	—	19000,00
3.	Til brimbrjóts í Bolungarvík	—	8000,00
4.	Til Einars Benediktssonar, fyrir uppdrætti af mómýrum ...	—	5000,00
5.	Kostnaður við skrifstofu húsameistara	—	2549,28
6.	Til Gunnars Egilson	—	300,00
		Samtals kr.	43849,28

(B. IX, 8).

Ed. **244. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á milli orðanna »netakúlum« »og« í 1. gr. 1. tölul. komi: línolíu, alkalí, parafín, sterín (ómótuðu), nýju grænmeti.

2. gr.

1. gr. 3. tölul. orðist svo:

Af allskonar skófatnaði 1 kr. 80 au. af hverjum 10 kg.

Á eftir 6. tölul. 1. gr. komi 2 nýir töluliðir, er verða 7. og 8. tölul., svo hljóðandi:

1. Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en oliufatnaði, tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, 50 au. af hverju kg.
2. a. Af allskonar kjöti og kjötmeti, smjöri, fiski, niðursoðnum og nýjum, eplum, perum, appelsínum, banönum, vinberjum, melónum, niðursoðnum ávöxtum og grænmeti í dósum, syltuðum ávöxtum og grænmeti, fikjum, döðlum, hnetum, ávaxtamauki og lakkrís 5 kr. af hverjum 10 kg.
   b. Af osti og eggjum 2 kr. af hverjum 10 kg.
   c. Af heyi 3 kr. af hverjum 100 kg.
   Úr 7. tölul. 1. gr., sem verður 9. tölul., fellur niður orðið »hey«.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. II, 6).

Ed. **245. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919. [*Ritsíma- og talsímakerfi*].

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Aftan við lagagreinina bætist:

Lína frá Þórshöfn til Skála og ennfremur lína til Gunnólfsvíkur.

(B. III, 5).

Nd. **246. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920.

Frá Magnúsi Jónssyni.

I. Á eftir 10. gr. kemur ný grein, er verður 11. grein, svo hljóðandi:
   Önnur málsgrein 58. greinar sömu laga falli niður.
II. 11. grein verður 12. grein.

(B. XXXVII, 3).

Ed. **247. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum 27. júní 1921, um bifreiðaskatt.

Flutningsm.: Guðm. Guðfinnsson og Jónas Jónsson.

1. gr. orðist svo:

1. Af bifreiðum, sem notaðar eru til vöruflutninga, skal árlega greiða skatt til ríkissjóð, 2 krónur af hverri hestorku.
2. Af mannflutningabifreiðum, sem selja hvert einstakt sæti tíu aura eða minna fyrir hvern km., greiðist 4 krónur fyrir hestorkuna.
3. Af öðrum bifreiðum, svo og reiðhjólum með hreyfivjel, greiðist 8 krónur fyrir hverja hestorku.

(B. XXX, 2).

Ed. **248. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 33, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta, sem háttvirt neðri deild hefir samþykt, var flutt þar í deildinni eftir beiðni fræðslumálastjóra, og er ekki fram á annað farið en það, sem full sanngirni mælir með.

Jafnframt því sem nefndin vísar til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumvarpinu, skal á það bent, að þegar lögin um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra voru sett 1921, var styrktarsjóður barnakennara orðinn um 50 þúsund krónur. Styrktarsjóðurinn rann inn í lífeyrissjóðinn. Því mælir öll sanngirni með, að þeir, sem rjett áttu til styrks úr styrktarsjóðnum, en hafa látið af kenslunni vegna elli eða vanheilsu, njóti einnig góðs af lífeyrissjóðnum.

Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið um tölu þeirra manna, er vænst geta styrks eftir frumvarpi þessu, ef að lögum yrði, skal á það bent, að hjer er aðeins um fáa kennara að ræða. Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 28. mars 1923.

Jón Magnússon,	Sigurður H. Kvaran,	Guðm. Guðfinnsson,
form.	frsm.	fundaskr.

(A. XIX, 4).

Ed. **249. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vitabyggingar.

Frá samgöngumálanefnd.

Mál þetta hefir verið rækilega athugað og undirbúið af vitamálastjórninni. Skipstjórafjelagið Aldan hefir og látið uppi álit sitt um það. Alþingi fjallaði nokkuð um það 1917, og loks hefir hv. Nd. haft það til meðferðar í vetur. Það má því segja, að málið sje þegar grandgæfilega athugað.

Nefndin fellst á þá meginstefnu frumvarpsins að ákveða nú þegar með lögum, hverja vita eigi að byggja og hverjar þokulúðurstöðvar á næstu 10—20 árum, og að það sje falið ríkisstjórninni að setja sjómerki eftir þörfum, að sjálfsögðu með ráði vitamálastjóra, og enn að breyta eldri vitum. Nefndin hefir engar athugasemdir að gera við efni frumvarpsins í þessum atriðum. Leggur hún því til, að frumvarpið verði samþykt að þessu leyti.

Hitt telur nefndin mjög varhugavert að leggja nú út í stórvægilegar og kostnaðarsamar vitabyggingar, vegna örðugs hags ríkissjóðs sem stendur, og treystir sjer því eigi til að mæla með því, að ríkisstjórninni sje veitt heimild til að taka stórlán til þessara framkvæmda, að minsta kosti um 2 miljónir króna, jafnvel þótt gert sje ráð fyrir, að framkvæmdirnar taki ein 12—16 ár og lánið verði tekið smátt og smátt.

Nefndinni er að vísu ljóst, að mál þetta er mikið nauðsynjamál, og vonar því, að ekki þurfi að líða á mjög löngu, þangað til hægt er að framkvæma það alt, er frumvarpið hefir fyrir augum. Nefndin byggir á því, að í fjárlögunum verði árlega veitt svo mikið til vitanna, sem fjárhagurinn leyfir.

Samkvæmt þessu ræður nefndin hv. deild að samþykkja frumvarpið með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 1. málsgr.
   Málsgreinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að láta byggja vita þá, er um ræðir í 2. gr., eftir því sem vinnukraftur sá, sem vitamálastjórnin hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa.

2. Við 1. gr. 2. málsgr.
   Í stað »Þá er og« komi: Enn fremur er.

3. Við 1. gr. 4. málsgr.
   Í stað »framkvæma« komi: gera.

4. Við 2. gr.
Upphaf greinarinnar orðist svo:
Heimildin í 1. gr. 1. málsgr. nær til vita þeirra, er hjer greinir.

5. Við 2. gr. B. 34.
Í stað »Reykjarfjörð« komi: Reyðarfjörð.

6. Við 3. gr.
Greinin falli burt.

7. Við 5. gr.
Greinin orðist svo:
Lög þessi koma til framkvæmda jafnótt sem fje er veitt þar til í fjárlögum eða lánsheimild gefin með lögum.

Alþingi, 28. mars 1923.

Jón Magnússon, form. og framsm. Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.

Hjörtur Snorrason. Sigurður H. Kvaran. Einar Árnason.

(B. XXI, 7).

Ed. **250. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þskj. 238. [*Útflutningur hrossa*].

Frá Jóni Magnússyni.

4. breytingartillagan orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 31. mars 1924.

(B. XI, 6).

Ed. **251. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um það, að hin mesta nauðsyn sje á því, að hinn fyrirhugaði mótorskóli taki til starfa sem allra fyrst, og telur hún víst, að frv.

þetta, verði það að lögum, geti hert á framkvæmd þess máls, án þess þó að gera á nokkurn hátt of örðugt að fá mótorista á skipin, þar til lögin eiga að ná sínu fulla gildi, sbr. 7. gr.

Eftir tillögum skólastjórans við vjelstjóraskólann í Reykjavík leggur nefndin til, að ákvæðin í 2. gr. nái til vjelgæslu á skipum með alt að 12 hestafla vjelum, og að 3. og 6. gr. breytist eftir þessu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað »10« komi: 12.
2. Við 3. gr. Í stað »10« komi: 12.
3. Við 6. gr. Í stað »10« komi: 12.

Alþingi, 31. mars 1923.

Karl Einarsson, form. og framsögum.	Björn Kristjánsson.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.

(B. XXIII, 2).

Ed. **252. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 31. mars 1923.

Karl Einarsson, form. og frsm.	Björn Kristjánsson.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.

(B. XVIII, 2).

Ed. **253. Breytingartillögur**

við frv. til laga um meðferð á því fje, sem landssjóði áskotnast fyrir áfengi.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. Við 1. gr. Orðin »lögmæltir tollar af áfengi« falli burt.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Í lok hvers árs skiftir nefndin fje því, er sjóðnum hefir áskotnast, eins og hjer segir: 20 %, þó aldrei meira en 20 þús. kr., renna í sjerstakan sjóð, er nefnist áfengissjóður, og gilda um hann sjerstök fyrirmæli, 10 %, þó aldrei meira en 10 þús. kr., renna í sjóð Eggerts Ólafssonar til eflingar náttúruvísindum, 10 %, þó aldrei meira en 10 þús. kr., til Þjóðvinafjelagsins, og skal það verja fjenu til að gefa út á íslensku úrvals fræði- og skemtibækur í ódýrum útgáfum, 10 %, þó aldrei meira en 10 þús. kr., til að kaupa landinu til handa listaverk eftir íslenska listamenn. Það, sem þá er eftir af tekjunum, má eingöngu nota til að koma upp nauðsynlegum byggingum fyrir hjeraðsskóla í sveitum, til stúdentagarðs í Reykjavík, landsspítala, sundhallar við Reykjavík og íþróttaskála í einhverju af snjóahjeruðunum norðan- eða austanlands.

(A. I, 2).

Nd. **254. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1924.

Frá fjárveitinganefnd.

A. Tekjur.

1.	Við	2. gr.	2. (Tekju- og eignarskattur):	
			Fyrir »1100000« kemur	1000000
2.	—	2. —	3. (Aukatekjur):	
			Fyrir »260000« kemur	300000
3.	—	2. —	4. (Erfðafjárskattur):	
			Fyrir »55000« kemur	45000
4.	—	2. —	5. (Vitagjald):	
			Fyrir »160000« kemur	170000

5. Við 2. gr. 7. (Útflutningsgjald):
Fyrir »550000« kemur 700000
6. — 2. — 9. (Tóbakstollur):
Fyrir »450000« kemur 400000
7. — 2. — 10. (Kaffi- og sykurtollur):
Fyrir »750000« kemur 800000
8. — 2. — 11. (Vörutollur):
Fyrir »1100000« kemur 1250000
9. — 2. — 12. (Ánnað aðflutningsgjald):
Fyrir »60000« kemur 80000
10. — 2. — 14. (Stimpilgjald):
Fyrir »350000« kemur 300000
11. — 2. — 17. (Símatekjur):
Fyrir »1050000« kemur 1000000
12. — 2. — 18. Nýr liður:
Víneinkasala... 300000
13. — 2. — 19. (Steinolíueinkasala):
Fyrir »100000« kemur 50000
14. — 2. — 20. Nýr liður:
Bifreiðaskattur 22000
15. — 3. — 4. (Tekjur af skipum):
Liðurinn fellur niður.

B. Gjöld.

16. Við 11. gr. A. 3. Nýr liður:
Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:

Laun	21120	
Húsaleiga	3000	
Hiti, ljós og ræsting	2000	
Ýms gjöld	1880	
		28000

17. — 11. — 4. Athugasemdin verður svo:
Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík o. s. frv.
18. — 11. — 5. (Skrifstofukostn. sýslum. og bæjarfóg.):
Fyrir »70000« kemur 42000
19. — 11. — B. 6. (Landhelgisgæsla):
Fyrir »30000« kemur 50000
20. — 12. — 2. (Skrifstofukostn. landlæknis):
Fyrir »1000« kemur 2000

21. Við 12. gr. 3. a. (Styrkur til læknisvitjana.
Aftan við aths. bætist:
Flateyjarhreppi, er fær 200 kr., og Selvogshreppi, er fær 150 kr.

22. — 12. — 4. (Aðstoðarlæknir á Ísaf.):
Fyrir »2000« kemur 2300

23. — 12. — 5. a. Liðurinn verður svo:
Styrkur til augnlæknis í Reykjavík: 1200

24. — 12. — 7. Athugasemdin skal byrja svo:
Styrkurinn til augnlæknis, læknanna Vilh. Bernhöfts o. s. frv.

25. — 12. — 12. 2. B. 1. (Starfsmenn á Vífilsstöðum):
Fyrir »30000« kemur 34000

26. — 12. — 12. 2. B. 8. (Húsbúnaður og áhöld á Vífilsstöðum):
Fyrir »8000« kemur 11000

27. — 12. — 12. Nýr liður:
Til að taka á leigu frakkneska spítalann á Fáskrúðsfirði... 6000

28. — 12. — 13. a. Nýr liður:
Til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að, enda ábyrgist bæjar- og sýslufjelagið, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt (1. veiting) 25000

29. — 12. — 13. f. (Læknaeftirlit með alþýðuskólum):
Fyrir »1500« kemur 3000

30. — 12. — 13. i. (Líkn):
Fyrir »3000« kemur 4000

31. — 12. — 13. i. Nýr liður:
Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_5$ hlutum annarsstaðar að 3000

32. — 12. — 13. k. Nýr liður: Til hjúkrunarnáms:
a. Til Fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna, til styrktar hjúkrunarnemum 1000
b. Til Guðrúnar Gísladóttur Björns 1000
c. Til Guðnýjar Jónsdóttur 1000

33. — 12. — 13. k. Nýir liðir:
a. Til Þorgríms læknis í Keflavík, til að launa aðstoðarlækni um vertíðina 400
b. Til útgáfu fræðslurits um heilbrigðismál, einkum um berklavarnir, gegn jafnmiklu annarsstaðar að 1000
c. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafirði 200
d. Til slysatryggingarsjóðs fjelagsins »Dagsbrúnar« ... 500
e. Til Halls Hallssonar til að ljúka tannlæknanámi og til verkfærakaupa 1000

f. Til Benedikts Björnssonar kennara, til að leita lækninga við sjóndepru... 2500

34. Við 13. gr. A. 1. b. (Póstafgreiðslum. utan Rvíkur):
Fyrir »56000« kemur 66000

35. — 13. — B. II. (Flutningabrautir):
a. (Skagfirðingabraut):
Fyrir »10000« kemur 20000
b. (Biskupstungnabraut):
Fyrir »20000« kemur 25000
c. (Hvammstangabraut):
Fyrir »8000« kemur 10000

36. — 13. — B. III. 3. Nýr liður:
Vaðlaheiðarvegur 20000

37. — 13. — B. III. Nýr rómv. liður:
Til viðhalds slitlagi á akvegum 22000

38. — 13. — B. VI. (Akfærir sýsluvegir):
a. Fyrir »40000« kemur 45000
b. Aftan við aths. bætist: Af þessari upphæð ganga 5000 kr. til Hafnarvegar í Hornafirði.

39. — 13. — B. VII. og VIII. (Dragferjur):
Liðirnir verða að einum rómv. lið þannig:
VII. Til dragferjuhalds:
a. Á Hjeraðsvötnum 300
b. - Lagarfljóti 300
c. - Skjálfandafljóti 300
900

40. — 13. — D. II. Nýr rómv. liður, er verður III:
Til nýrra símalína og loftskeytastöðva:
a. Sími Egilsstaðir—Reyðarfjörður—Fáskrúðsfjörður ... 60000
b. — Sauðárkrókur—Víðimýri 28000
c. — Blönduós—Bólstaðarhlíð 38400
d. — Hraungerði—Húsatóftir 18000
e. — Stykkishólmur—Grundarfjörður... 30000
f. Loftskeytastöðvar í Húsavík, Flatey og Grímsey ... 35000
g. Loftskeytastöð í Öræfum 10000
Verk þessi koma því að eins til framkvæmda, að útlit sje fyrir, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi fyrir gjöldunum.

41. — 13. — D. III. Nýr rómv. liður, er verður IV:
Viðbótarlína frá Reykjarfjarðarlínunni til Kaldrananess 6500

42. — 13. — D. III. 1. (Laun við landssímann):
Fyrir »290000« kemur 305000

43. — 13. — D. III. 18. Liðurinn verður þannig:
Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva. 65000

44. Við 13. gr. D. III. 5. Nýr liður:
Til aukningar bæjarsímans í Reykjavík 50000
45. — 13. — D. IV. (Eyðublöð o. fl.):
Fyrir »40000« kemur: 30000
46. — 13. — D. V. (Viðbót og viðhald):
Fyrir »20000« kemur: 25000
47. — 14. — B. II. (Námsstyrkur ísl. stúd. erl.):
Síðasta setningin í liðnum verður svo:
Styrkurinn skal að jafnaði aðeins veittur stúdentunum fyrstu 4 námsárin.
48. — 14. — B. I. b. Nýr liður:
Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann 1500
49. — 14. — B. I. c. 2. Nýr liður:
Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta 1500
50. — 14. — B. I. d. Nýr liður:
Til umbúðakaupa og annara nauðsynja við ókeypis lækningar 500
51. — 14. — B. VIII. 2. c. 4. (Ýms gjöld á Hvanneyri):
Fyrir »2000« kemur 4500
52. — 14. — B. VIII. 1. c. 4. (Ýms gjöld á Hólum):
Fyrir »2000« kemur 3000
53. — 14. — B. XI. 1. (Forstöðum. yfirsetukvennaskólans):
Fyrir »1200« kemur 1500
54. — 14. — B. XIII. 2. (Farskólar o. fl.):
a. Fyrir »9000« kemur 10000
b. Nýr liður:
Til framhaldskenslu handa kennurum 1000
55. — 14. — B. XIV. 1. (Ungl. og alþýðuskólar):
Fyrir »30000« kemur 35000
56. — 14. — B. XIV. Nýr liður:
Byggingarstyrkur til alþýðuskóla:
Til að reisa alþýðuskólahús í Þingeyjarsýslu, $^2/_5$ kostnaðar, alt að... 35000
57. — 14. — B. XIV. 3. (Lýðskólinn í Bergstaðastr.):
Fyrir »800« kemur 1000
58. — 14. — B. XIX. 3. (Sundkensla o. fl.):
Fyrir »2000« kemur 3000
59. — 14. — B. XIX. 4. Nýr liður:
Til Valdemars Sveinbjörnssonar, til að veita utanbæjarpiltum ókeypis kenslu í leikfimi 600
60. — 15. — 1. c. (Landsbókasafn):
Nýr liður:
Til að semja spjaldskrá 1000

61. Við 15. gr. 3. b. (Aðstoð þjóðmenjav.):
Fyrir »1200« kemur 1800
62. — 15. — 3. e. (Kaup á listaverkum):
Fyrir »4000« kemur 5000
63. — 15. — 3. f. Nýir liðir:
a. Til viðgerða á Þingvöllum 3000
b. Til viðgerða á Hólakirkju 4000
64. — 15. — 4. (Náttúrufræðifjelagið):
Fyrir »1500« kemur: 1700
65. — 15. — 13. (Textaútg. fornbrjefas.):
Aths. við liðinn fellur niður.
66. — 15. — 16. (Dansk-isl. Samf.):
Liðurinn fellur niður.
67. — 15. — 16. Nýr liður:
Til Norræna fjelagsins 1000
68. — 15. — 22. a. (Jóh. L. L. Jóh.):
Fyrir »7000« kemur: 6000
69. — 15. — 25. (Helgi Jónsson):
Fyrir »1200« kemur: 1500
70. — 15. — 26. (Guðm. G. Bárðarson):
Fyrir »1200« kemur: 1500
71. — 15. — 35. (Veðurath.).
Fyrir »40000« kemur: 35000
72. — 15. — 40. Nýr liður:
Til Páls Ísólfssonar organleikara... 3000
73. — 15. — Nýr liður:
Til að kaupa grasasafn Stefáns Stefánssonar skólameistara... 8000
74. — 16. — 5. b. Nýr liður:
Til Guðbjargar Þorleifsdóttur í Múlakoti, til viðurkenningar fyrir trjárækt 500
75. — 16. — 7. b. Nýr liður:
Til Páls G. Jónssonar, Garði í Fnjóskadal, til viðurkenningar fyrir dýralækningar 1000
76. — 16. — 12. (Fiskifjelagið):
Fyrir »45000« kemur... 60000
77. — 16. — 13. Nýr liður:
Til að leitast fyrir um markað fyrir fiskiafurðir erlendis 10000
78. — 16. — 15. Liðurinn verður þannig:
Til sambands ísl. heimilisiðnaðarfjelaga 10000
Af þessum lið ganga 2000 kr. til Halldóru Bjarnadóttur og 600 kr. til handavinnuskóla á Akureyri, verði honum haldið áfram.

79. Við 16. gr. 16. (Dansk Kunstflidsforen.):
Liðurinn fellur niður.

80. — 16. — 18. Liðurinn verður svo:
Vörumerkjaskrásetjari 1600
Þar með talin húsaleiga fyrir skrifstofu.

81. — 16. — 20. (Tvískerjabóndinn):
Fyrir »500« kemur 600

82. — 16. — 33. Nýir liðir:
I. Til bryggjugerða, 1/3 kostnaðar:
a. Til hafskipabryggju á Reyðarfirði (endurveiting), alt að 12000
b. Til Blönduósbryggjunnar, alt að ... 3000
c. Til Skagastrandarbryggju, alt að ... 3000
d. Til Stokkseyrarbryggju, alt að 3000
e. Til Ólafsfjarðarbryggju, alt að 3000
24000
II. Til lendingarbóta í Bás við Vík í Mýrdal 6000
III. Til framhalds hafnargarðs á Sandi, 1/3 kostnaðar, alt að 10000
IV. Til sjóvarnargarðsins á Siglufirði, helmingur kostnaðar, alt að 10000
V. Til Byggingarfjelags Reykjavíkur, gegn 2/3 úr bæjarsjóði 5000
VI. Til Sláturfjelags Suðurlands, til sútunarhúss og vjela, 1/4 kostnaðar, alt að 40000
VII. Til rannsóknar á Andakílsfossunum, helmingur kostnaðar, alt að 3000
VIII. Til stofnenda Sveinatungubúsins, til greiðslu á Ræktunarsjóðsláni 3500
IX. Til Jóhannesar Guðmundssonar á Herjólfsstöðum, vegna skaða af Kötlugosi 1000
X. Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um silungaklak 1000
XI. Til Sæmundar Tr. Sæmundssonar, til viðurkenningar fyrir mannbjörg úr sjávarháska 500

83. — 17. — Orðin: »skyndilána handa embættismönnum og« falla niður.

84. — 18. — II. a. 2. Nýr liður:
Til Sigvalda St. Kaldalóns læknis 640

85. — 18. — II. b. 5. Nýr liður:
Til Sigríðar Fjeldsteð læknisekkju 450

86. — 18. — II. e. 12. Nýr liður:
Til Árna Th. Pjeturssonar þangað til stjórnin veitir honum aftur starf hans eða annað álíka 500

87. Við 18. gr. II. f. Nýr liður:
Til Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri 200

88. — 21. — 4. Nýir liðir:

a. Alt að 20000 kr. til áveitufjelags Þingbúa í Húnavatnssýslu. Lánið veitist til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

b. Alt að 50000 kr. til Helga Jónatanssonar, til að stofna niðursuðuverk á Akureyri. Lánið veitist til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda. Það er vaxtalaust 2 fyrstu árin og fæst því að eins, að sannað sje, að nægilegt stofnfje og rekstrarfje sje fengið.

c. Alt að 40000 kr. til mjólkurfjelagsins »Mjallar« í Borgarfirði. Lánið veitist til 20 ára, með 5½% vöxtum og gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

d. Alt að 15000 kr. til Austur-Húnavatnssýslu, til að kaupa læknisbústað. Lánið veitist til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

e. Alt að 16000 kr. handa Skeiðaáveitufjelaginu. Lánið veitist á yfirstandandi ári til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn tryggingum, er stjórnin tekur gildar. Það stendur vaxtalaust fyrstu 2 árin.

f. Alt að 8000 kr. til Geithellahrepps, til vitabygginga. Lánið veitist til 15 ára, með 5½% vöxtum, gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar.

g. Alt að 20000 kr. til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið veitist til 20 ára, gegn 5½% vöxtum.

h. Alt að 8000 kr. til Sigurðar bónda Lýðssonar á Hvoli í Dalasýslu, til að endurreisa býlið Svínadalssel í Saurbæjarhreppi. Lánið veitist til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

i. Alt að 10000 kr. til Jóns G. Ólafssonar, til að kaupa einkaleyfi á uppfyndingum sínum. Lánið veitist til 10 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

j. Alt að 3000 kr. til Brynjólfs Bjarnasonar, til fullnaðarnáms í lífeðlisfræði. Lánið veitist til 10 ára, með 5½% vöxtum, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

k. Alt að 3000 kr. til matarfjelags Kennaraskólans til 10 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, sem stjórnin tekur gilda.

l. Af hallærisláni Grunnavíkurhrepps skal veita uppgjöf vaxta frá 1920—1925 og greiðslufrest afborgana fyrir sama tíma.

m. Af hallærisláni Árneshrepps skal veita uppgjöf vaxta í 3 ár og greiðslufrest afborgana fyrir sama tíma.

n. Raflýsingarlán Suðurfjarðarhrepps má stjórnin láta standa afborgunarlaust um 5 ár.

89. Á eftir 21. gr. kemur ný grein, er verður 22. grein, svo hljóðandi:
I. Stjórninni er heimilt að ábyrgjast eftirfarandi lán, ef henni þykja þau nægilega trygð.
a. Alt að þrjá fjórðu hluta af því tjóni, sem verða kann á tilraunum Samb. ísl. samvinnufjelaga til að senda kælt eða fryst kjöt á erlendan markað, miðað við saltkjötsverð á sama tíma.
b. Alt að 120000 kr. fyrir Seyðisfjarðarkaupstað til aukningar rafveitunni þar. Sbr. fjárl. 1923, 21. gr. 8. (Endurveiting).
c. Alt að 100000 kr. fyrir Búðahrepp í Fáskrúðsfirði til rafveitu. Sbr. fjárlög 1920—21. (Endurveiting).
d. Alt að 50000 kr. til bræðranna Esphólín til að stofna tunnusmiðju á Siglufirði. Trygging skal fyrir því, að nægilegt stofnfje og rekstrarfje sje fyrir hendi.
e. Alt að 150000 kr. fyrir Sláturfjelag Suðurlands til að stofna til sútunar, að því tilskildu, að fjelagið sjálft leggi fram að minsta kosti 50000 kr. að auki. Trygging skal einnig fyrir því, að nægilegt rekstrarfje sje fyrir hendi.
f. Alt að 100000 kr. til fyrirhugaðs stúdentagarðs í Reykjavík, gegn öðrum veðrjetti í húsinu. Skilyrði fyrir lánsábyrgð þessari eru þau, að ekki hvíli meira en 100000 kr. á 1. veðrjetti, og nær ábyrgðin ekki lengra en til eins þriðja byggingarkostnaðar.
II. Stjórninni er heimilt að láta Bandalagi kvenna í tje ókeypis lóð á norðanverðu Arnarhólstúni undir fyrirhugað kvennaheimili.

(B. LXXI, 1).

Nd. **255. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Siglufjörð.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

1. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina, svo langt sem lögsagnarumdæmi Siglufjarðar nær, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki bæjarstjórnar komi til.

Sá, sem gera vill slík mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum, frá 10—200 kr., og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í samfleytt 5 ár, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burtu án endurgjalds til eiganda.

2. gr.

Nú hefir hafnarnefnd leyft mannvirki við höfnina, sem ekki hafa verið eða eru að fullu framkvæmd innan þriggja ára frá því að leyfi hafnarnefndar var fengið, og getur hafnarnefnd, ef höfninni, að áliti nefndarinnar, stafar hætta af að mannvirkin sjeu ekki að fullu framkvæmd, krafist, að mannvirkin verði framkvæmd að fullu, ella getur hafnarnefnd látið fullgera mannvirkin á kostnað þess, sem hefir beðið um leyfi til mannvirkjanna, en ekki fullgert þau. Svo er hafnarnefnd heimilt, þegar svo stendur á, að heimta, að mannvirkin verði tekin burtu á kostnað byggjanda eða eiganda mannvirkjanna, ef höfninni, að áliti hafnarnefndar, stafar hætta af þeim hluta mannvirkjanna. Nú er þeirri kröfu hafnarnefndar eigi sint, og getur hafnarnefnd þá látið taka burt þau mannvirki á kostnað byggjanda eða eiganda mannvirkjanna. Fyrir kröfum þeim, sem rísa kunna út af þessu, hefir hafnarnefndin lögtaksrjett í hinum ófullgerðu mannvirkjum og lögveð, er gengur á undan öllum veðböndum.

Nú rís mál út af ófullgerðum mannvirkjum við höfnina, sem maður eða fjelag er eigandi að, sem ekki er búsett hjer á landi, og skal þá bæjarfógeti Siglufjarðar útnefna mann fyrir hönd þess manns eða fjelags, til þess að taka á móti stefnubirtingu, og er eigandi og veðhafi mannvirkjanna bundinn við málflutning þess manns uns sett hefir annan í hans stað. Mál út af slíku skulu rekin fyrir gestarjetti Siglufjarðarkaupstaðar. Hafnarnefnd er aðili slíks máls, en ákvörðun hennar um málshöfðun er þó því aðeins gild, að bæjarstjórn Siglufjarðar samþykki. Nú ræðir um mannvirki, sem beðið hefir verið um leyfi til að byggja og byrjað á áður en lög þessi ganga í gildi, og skal þá engri málshöfðun hreyft fyr en liðið er ár frá því lög þessi gengu í gildi, þótt leyfi hafnarnefndar sje 3 ára eða eldra og kröfum hafnarnefndar ekki sint.

3. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

4. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórn kýs á sama hátt og aðrar nefndir samkvæmt bæjarstjórnarlögum kaupstaðarins.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, og sjeu 2 þeirra utan bæjarstjórnarinnar. Formaður bæjarstjórnarinnar er einnig formaður hafnarnefndarinnar. Enginn

getur skorast undan endurkosningu í hafnarnefnd, fyr en hann hefir setið 6 ár samfleytt í nefndinni.

Nefndin sjer um viðhald og umbætur á bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnarinnar.

5. gr.

Bæjarstjórnin skipar starfsmenn hafnarinnar, eftir tillögu hafnarnefndar.

6. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins og bæjarstjórnin hefir ábyrgð á eigum og fje hafnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald mannvirkja hafnarinnar og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Siglufjarðar, eins og takmörk hennar eru eða verða ákveðin með reglugerð, og farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Ljósgjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggju í lögsagnarumdæminu, innan takmarka hafnarinnar.

   Af bryggjum einstakra manna má gjaldið þó aldrei vera hærra en helmingur af gjaldi því, er skip greiða fyrir að liggja við bryggjur hafnarsjóðsins. Þó greiða bryggjueigendur ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum.
5. Festargjald af skipum, er nota festar eða legufæri hafnarinnar.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Siglufjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi og ljósgjaldi.

Öll gjöld til hafnarsjóðsins og tekjur hans má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðsins á komandi ári. Áætlun þessa skal ræða á tveimur fundum, á sama hátt og fjárhagsáætlun bæjarsjóðsins, og skal hún fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar.

11. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu tillögur um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en fjárhagsáætlun hafnarsjóðsins er samin.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndarinnar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið nje stofna til tekjuhallans.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs á hinu liðna ári og efnahagsreikning hans.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni, skal síðan senda stjórnarráðinu.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og hafnarreglugerðum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 2. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt 14. gr. þeirra.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lagaákvæði viðvíkjandi Siglufjarðarhöfn, er fara í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk bæði bæjarstjórnar og hafnarnefndar Siglufjarðarkaupstaðar og er að mestu samhljóða hafnarlögum Ísafjarðar, er samþykt voru á síðasta þingi.

Að þessa er óskað, stafar af því, að allar bryggjur á Siglufirði eru annað tveggja einstakra manna eign eða einstakra fjelaga, og á meðan svo er, þá á bæjarfjelagið altaf á nokkurri hættu um slíkar framkvæmdir og afnot á þeim mannvirkjum, og sömuleiðis einstakir menn.

Það er því fyllsta ástæða til að heimila bæjarstjórn og hafnarnefnd verulega íhlutun um þær breytingar, er einstakir menn eða fjelög hyggjast að gera á hafnartækjum sínum, svo þær komi ekki að neinu leyti í bága við eða verði til tjóns hinum öðrum viðtækari framkvæmdum, er höfnina snerta, í þarfir kaupstaðarins.

(B. XXVI, 2).

Nd. **256. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um bjargráðasjóð Íslands, nr. 45, 10. nóv. 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 2. gr.

a. Fyrir »fóðurbirgðafjelögum eða öðrum« kemur: fóðurbirgðafjelögum, til þess að koma á fordabúrum, svo og öðrum.

b. Aftan við greinina kemur:
Um lánveitingar þessar ganga þau sveitarfjelög fyrir, sem hættast er við samgönguteppu að vetrinum vegna ísa.

(B. LXXII, 1).

Nd. **257. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Ef endurgjald það, er sýslu- eða bæjarfjelag verður að inna af hendi til dvalarhjeraða berklaveikra sjúklinga, samkvæmt lögum nr. 43, 27. júní 1921,

fer fram úr kr. 1,50 á hvern sýslubúa eða kaupstaðar á ári, skal greiða það, er á vantar, úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að einróma áskorun almenns þingmálafundar fyrir Dalasýslu 6. jan. þ. á., og er fundarályktunin á þessa leið:

»Þar sem sýnt þykir, að svo geti farið, að sum sýslufjelög fái vart risið undir þeim meðgjafarkostnaði, sem lög um varnir gegn berklaveiki ákveða þeim, skorar fundurinn á Alþingi að breyta þannig lögum þessum, að gjald þetta fari aldrei fram úr kr. 1.50 á hvern sýslubúa«.

(A. IX, 3).

Ed. **258. Frumvarp**

til vatnalaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 9 (sbr. Alþt. 1921 A., þskj. 19), með breytingunum á þskj. 236.

(C. IX, 1).

Sþ. **259. Tillaga**

til þingsályktunar um verslunarsamning við Rússland.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess að koma á verslunarsamningi milli Íslands og Rússlands.

Greinargerð.

Flestar þjóðir Norðurálfunnar hafa nú gert verslunarsamninga við Rússland. Norðmenn, sem að nokkru hafa svipaðar vörur að selja og við, hafa undanfarið selt allmikið til Rússlands. En til þess að slík verslun geti fram farið, er nauðsynlegt að hafa verslunarsamning við rússneska lýðríkið.

(B. XXI, 8).

Ed. **260. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 47, 3. nóv. 1915 [*Útflutningur hrossa*].

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Lagagreinin orðist svo:

Hross má eigi flytja frá Íslandi til útlanda á tímabilinu frá 15. nóvember til 15. júní, nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi og að fengnu samþykki stjórnarráðsins, og eigi á þilfari á öðrum tímum árs en frá miðjum júní til ágústmánaðarloka. Þó má aldrei leyfa útflutning mánuðina apríl og maí.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 31. mars 1924.

(B. LXXIII, 1).

Nd. **261. Frumvarp**

til laga um veitingu ríkisborgararjettar.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

Ríkisborgararjettur veitist verkstjóra Johan Emil Ingvald Landmark á Siglufirði, sem fæddur er 22. okt. 1887 á Fjöstoft í Harams prestakalli í Noregi.

Greinargerð.

Árið 1915 fluttist Johan Emil Ingvald Landmark frá Noregi til Siglufjarðar og hefir dvalið þar síðan. Það sama ár giftist hann íslenskri konu, Valgerði Eðvaldsdóttur, og hefir eignast með henni 1 barn.

Íslenska er töluð á heimili þeirra hjónanna, og elst því barn þeirra, og barn er þau hafa tekið til fósturs, upp sem Íslendingar.

Í Noregi lærði Johan timbursmíði, og vorið 1915, er hann fluttist til Siglufjarðar, var hann ráðinn til smíða hjá Elias Roald útgerðarmanni, og varð þá um sumarið forstöðumaður síldarstöðvar hans á Siglufirði, enda haldið þeirri stöðu síðan.

Allmörg vottorð fylgja þessari beiðni Johans Landmarks um veitingu íslensks ríkisborgararjettar, er bera með sjer, að hann sje duglegur, skyldurækinn og vandaður maður.

(B. LXXIV, 1).

Nd. 262. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson, Jón Sigurðsson, Stefán Stefánsson og Þorsteinn M. Jónsson.

1. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Nú verða gjöld sýslufjelags eða bæjar eftir þessari grein á einhverju ári meiri en sem svarar 2,25 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu, og endurgreiðist þá mismunurinn úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Greinargerð.

Enn þá er eigi full reynsla fengin um áhrif laganna um varnir gegn berklaveiki frá 1921, þar sem þau aðeins hafa gilt árlangt. Samt er það í ljós komið, að byrðar þær, sem þau leggja á sýktustu hjeruðin, eru orðnar þeim nær óbærilegar, og þó fyrirsjáanlegur mikill byrðarauki. Virðist því óhjákvæmilegt að ákveða hámarksgjald hjeraðanna, svo sem hjer er lagt til.

Nú þegar eru nokkur hjeruð landsins komin upp fyrir hámarksgjald það, sem vjer leggjum til að sett verði, jafnvel eitt í 3,20 kr. fyrir mann hvern í lögsagnarumdæminu, eftir manntalinu 1920, en auk þess er kunnugt um mikla aukningu á þessu ári sumstaðar.

Nefnd lög um berklavarnir eru að öðrum þræði sóttvarnarlög, en sóttvarnir hvíla lögum samkvæmt á ríkissjóði. Er þess vegna eðlilegt, að slíkar ráðstafanir og lögin gera um þessa hluti hvíli á ríkissjóði, að því leyti sem þau eru ofvaxin hjeruðunum, enda þá ákvæði þeirra í meira samræmi við ákvæði 77. og 78. gr. fátækralaganna, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 61, 27. júní 1921.

(A. VIII, 2).

Nd. **263. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkaleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir fallist á að leggja það til, að frv. þetta verði samþykt, en vill leggja áherslu á, að framkvæmd laganna, er til kemur, verði hagað þannig, að ekki hljótist af því aukinn kostnaður fyrir ríkissjóð nje stofnun nýrra sýslana eða embætta.

Í flestum ríkjum er málum þessum nú hagað þannig, að allfjölmenn nefnd sjerfræðinga, sem eru fastir embættismenn, rannsakar allar beiðnir um einkaleyfi. Er þetta ákaflega kostnaðarsamt, sökum þess hve víðtæka sjerþekkingu nefndin þarf að hafa til að bera. Þessi tilhögun er okkur alveg ofvaxin. Í frv. er gert ráð fyrir, að rannsókn á beiðnum um einkaleyfi sje látin fram fara, en engu orði vikið að því, á hvern hátt hún verði framkvæmd. En í athugasemdum við frv. stjórnarinnar, sem lagt var fyrir Alþingi 1922, er helst gert ráð fyrir, að íslensk einkaleyfi verði að jafnaði veitt eftir að beiðandi hefir fengið einkaleyfi í einhverju því ríki, sem framkvæmir rannsókn á beiðnum um einkaleyfi, en segir, að »í þeim sjaldgæfu undantekningartilfellum, sem eingöngu er sótt um einkaleyfi hjer á landi, en ekki í öðrum ríkjum«, hafi ráðuneytið fengið loforð um aðstoð við rannsókn einkaleyfisbeiðna hjá einkaleyfanefndinni í Danmörku, gegn sjerstakri borgun. Nefndin fellst á, að rjett sje að haga þessu þannig, en þykir ekki nægilega trygt, að svo verði í höndum mismunandi stjórna, nema ákvæði hjer að lútandi sjeu tekin upp í lögin sjálf, og ber fram breytingartillögur þar að lútandi. Ekki þykir nefndinni heldur sýnt, að það verði einungis »í sjaldgæfum undantekningartilfellum« sótt um einkaleyfi hjer á landi, en ekki í öðrum ríkjum. Það er kunnugt, að ýmsir menn eru sí og æ að senda umsóknir um einkaleyfi, af því að þeir finna hjá sjer óstöðvandi hvöt til þess, og kveður stundum svo mikið að þessu, að nærri stappar sjúkdómi. Ef framkvæma ætti ókeypis rannsókn á öllum slíkum beiðnum, gæti af því orðið mikill og óþarfur kostnaður, og vill nefndin því setja í lögin sem aðalreglu, að sá, er beiðist einkaleyfis hjer á landi eingöngu, skuli sjálfur greiða kostnaðinn við rannsókn beiðninnar, en heimila undanþágu fyrir efnalitla menn, ef landsstjórnin sjer ástæður til.

Út af ummælum í nefndaráliti Ed. um þetta mál 1922 (Alþt. 1922, A. þskj. 101) vill nefndin láta þess getið, að hún skilur orðið »ráðuneytið« í frv. svo, að það merki ráðherra þann, sem þessi mál falla undir.

Samkvæmt þessu ber nefndin fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 5. gr.
Fyrir »flytja« komi: flytja inn.

2. Við sömu grein:
Fyrir tölulíðamerkin »1« og »2« á seinni staðnum í greininni komi: a. og b.

3. Við 13. gr.
Í stað »framlengingu« í 2. málsgr. komi: framlagningu.

4. A eftir 14. gr. komi ný grein, er verður 15. gr., svo hljóðandi:
Nú hefir beiðandi áður eða jafnframt beiðst einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og verður einkaleyfi þá að jafnaði ekki veitt fyr en beiðandi sýnir skilríki fyrir því, að hann hafi fengið einkaleyfi í einhverju slíku ríki.
Nú hefir ekki verið beiðst einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og lætur ráðuneytið þá framkvæma rannsókn á beiðninni. Kostnað við rannsóknina greiðir beiðandi.

5. Við 24. gr.
Greinin orðist þannig:
Ráðuneytið getur með reglugerð skipað nánar fyrir um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, fyrirkomulag einkaleyfisbrjefa og efni, greiðslu einkaleyfisgjalda og kostnaðar við rannsókn einkaleyfa. Í reglugerðinni má ákveða, að veita megi efnalitlum beiðendum eftirgjöf á kostnaði við rannsókn samkvæmt 15. gr., ef ráðuneytið telur ástæður til.

Greinatalan og tilvísanir breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Alþingi, 4. apríl 1923.

Jón Þorláksson, form. og frsm.
Magnús Jónsson, fundaskr.

Gunnar Sigurðsson. Björn Hallsson. Magnús Guðmundsson.

(A. I, 3).

Nd. **264. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1924.

Frá fjárveitinganefnd.

Hálfa 6. viku hefir fjárveitinganefndin nú starfað að frumvarpi þessu og fjáraukalögunum fyrir 1922. Hefir hún á þeim tíma haldið 41 fund, og er það þremur fundum færra en 1921, en þá skilaði nefndin fjárlagafrumvarpinu til 2. umræðu 3 vikum síðar en hún nú gerir. Óvenjumikið af alls konar skjölum var fengið nefndinni í hendur, sem óhjákvæmilegt var fyrir hana að kynna sjer, hvernig svo sem hún að öðru leyti tók þeim. Unnu nefndarmenn að því bæði innan funda og utan. Nokkrar undirnefndir voru settar til þess að rannsaka sjerstaklega og undirbúa mikilsvarðandi atriði, og störfuðu þær eins og sjálfsagt var á öðrum tíma en hinir reglulegu nefndarfundir voru haldnir. Þá ber að sjálfsögðu að geta þess, að nefndin hafði óvenjumiklar tafir vegna heimsókna ýmsra manna á fundartímunum. Fyrst og fremst átti landsstjórnin oft tal við nefndina öll í einu, eða einstakir ráðherrar, enn fremur ýmsir starfsmenn ríkisins, er nefndin þurfti að leita upplýsinga hjá, og loks einstakir þingmenn, nefndir manna og einstakir menn utan þings, er nefndin ekki gat komist hjá að veita áheyrn um mál, er þá snertir. Má telja svo, að um 20 fundir hafi nær eingöngu farið í samtöl þessi, og nefndin hafi á þeim átt tal við yfir 40 manns.

Fjárveitinganefndin hefir að vanda haft mjög erfitt starf með höndum, þar sem hún hefir af fremsta megni viljað gæta þess að skila fjárlögunum með sem minstum eða helst engum tekjuhalla, en þó haft mjög mikla löngun til að leggja til, að veitt yrði fje til ýmsra verklegra framkvæmda, einkum þar eð framfarir á því sviði hafa verið alt of litlar á fyrirfarandi árum, og stundum jafnvel fullkomin kyrstaða.

Nú gerir frumvarp stjórnarinnar ráð fyrir nærfelt engum tekjuafgangi og jafnframt mjög litlum verklegum framkvæmdum. Nefndinni var því þegar í upphafi ljóst, að hún mundi algerlega verða að leggja árar i bát með tillögur um nokkrar frekari framkvæmdir, ef hún ekki gæti sannfærst um, að hækka mætti tekjuáætlun stjórnarinnar. Í upphafi gerði hún sjer góðar vonir um þetta, en þær vonir brugðust tilfinnanlega, þegar þingið samþykti breytinguna á tekjuskattslögunum.

Nefndin hefir samt sem áður leyft sjer að gera nokkrar breytingartillögur við tekjubálkinn og eigi allfáar við gjöldin, og mun hjer á eftir reynt að gera nokkra grein fyrir þeim helstu.

I. Tekjur.

Flestar breytingartillögur nefndarinnar við tekjuáætlun stjórnarinnar eru bygðar á reynslu undanfarandi ára, og þykist nefndin sannfærð um, að tillögur hennar um einstaka liði sjeu nær sanni en stjórnarinnar, en ágreiningurinn um aðalútkomuna er reyndar næsta lítill. Aðalhækkunartillagan er þó nýr liður, sú er ræðir um tekjur af vínverslun ríkisins. Nefndin taldi sjálfsagt að gera ráð fyrir, að tekjur af henni rynnu beint í ríkissjóð, og eru þær áætlaðar eftir þeim bestu heimildum, sem nefndin gat náð í, og þó varlega farið.

Tekjur af skipum getur nefndin ekki fallist á, að rjett sje að gera ráð fyrir ríkissjóði til handa. Fyrst og fremst má telja vafasamt, hvort af þeim rekstri verður nokkur hagnaður næsta ár, og þótt svo yrði, þá finst henni sjálfsagt að nota hann til þess að færa verð skipanna nær sannvirði en það er nú, heldur en að ríkissjóður noti þær sem eyðslufje.

Nefndin vill enn sem fyr leggja það til, að bifreiðaskatturinn sje tekinn á tekjuáætlunina. Hún getur ekki horfið frá þeirri skoðun, að slíkt fyrirkomulag sje rjettara, enda þótt nota eigi hann í sjerstöku augnamiði.

Í sambandi við þetta vill nefndin láta þess getið, að hún reit stjórninni brjef þess efnis, að hún teldi rjettast að tekjur af allskonar ríkisrekstri, hvort sem er verslun eða annað, væru teknar með í tekjuáætlun fjárlaganna, en hins vegar rekstrarkostnaðurinn áætlaður gjaldamegin, svo sem nú er gert með síma- og póstmál. Lítur nefndin svo á, að þetta fyrirkomulag mundi veita Alþingi betri yfirsýn yfir rekstur fyrirtækjanna, svo sem starfsmannahald og annað. Stjórnin taldi þetta ekki gerlegt með önnur fyrirtæki en þá helst skipaútgerðina, og studdist í því efni við umsögn forstjóra Landsverslunarinnar. Þetta hefir þó ekki getað sannfært nefndina, og vill hún halda því fram, að framvegis beri að haga þessu svo sem áður er lýst.

II. Gjöld.

11. gr.

Nefndinni þykir rjettara að halda því fyrirkomulagi, sem verið hefir á undanförnum árum, að blanda ekki skrifstofukostnaði bæjarfógetans í Reykjavík saman við skrifstofukostnað annara bæjarfógeta og sýslumanna. Þetta hefir að líkindum ekki fjárhagslega þýðingu, en er mun gleggra yfirlits fyrir Alþingi. — Þennan skrifstofukostnað bæjarfógeta í Rvík hefir nefndin áætlað sem næst tillögum bæjarfógetans til stjórnarinnar, en þó 500 kr. miður; en sú lækkun kemur niður á tvelmur síðustu liðunum. Við þessa aðgreiningu kemur það í ljós, að upphæð sú, er eftir verður til skrifstofukostnaðar annara bæjarfógeta og sýslumanna, verður miklum mun lægri en það, sem stjórnin gerir ráð fyrir að greiða þeim fyrir yfirstandandi ár. Telur nefndin þetta vel farið, því að hún er þeirrar skoðunar, að hann sje hjá ýmsum óþarflega hár, ekki síst hjá þeim, sem naumast getur komið til mála að hafi nokkurn kostnað af starfsmannahaldi. Verður

þetta því alvarleg bending til stjórnarinnar að reyna að fara varlega í þessu efni á næsta ári.

Upphæð sú, sem ætluð er til landhelgisgæslu, er áætlunarupphæð, en reynsla síðustu ára hefir sýnt það, að til hennar hefir verið varið mun meira fje en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Nauðsyn þessara framkvæmda mun engu minni nú en áður, og því engin líkindi til, að kostnaðurinn verði mikið lægri. Ætlast nefndin til, að tillaga hennar verði nær sanni en stjórnarinnar.

12. gr.

Skrifstofukostnað landlæknis vill nefndin láta haldast eins og hann áður var. Er ekki líklegt, að komist verði af með minna fje, þar eð kunnugt er, að fastur maður starfar á skrifstofunni.

Selvogshreppur í Árnessýslu á erfitt um læknisvitjanir, og verða sveitarmönnum ferðirnar dýrar. Er því sanngjarnt að styrkja hann, sem aðra hreppa, er líkt stendur á fyrir.

Borgunina til aukalæknisins á Ísafirði er rjett að hækka nokkuð, þar sem hún hefir verið lækkuð hlutfallslega meira en laun annara starfsmanna ríkisins. En þóknun þessi miðast við sem næst 1500 kr. stofnlaun, og dýrtíðaruppbót að auki.

Andrjes heit. Fjeldsted augnlæknir hafði hærri þóknun fyrir kenslu við háskólann en hinir sjerfræðingarnir. Mun það hafa verið persónuleg launaviðbót. Úr því að hann er fallinn frá, þykir ekki ástæða til að hafa þóknunina fyrir þessa sjerfræðigrein hærri en hinar.

Kostnaðinn við Vífilsstaðahælið hefir stjórnin áætlað nokkru lægri en læknirinn gerði ráð fyrir. Nefndin telur engar líkur til, að komist verði af með minna fólkshald, eða að það fáist ódýrara en læknirinn gerir ráð fyrir. — Sama er að segja um suma aðra liði, svo sem húsbúnaðar- og áhalda-liðina, að ekki mun unt að komast af með minna fje til þeirra. Enda vill nefndin ekki vera þess valdandi, að mjög sje sparað fje við þessa nauðsynlegu þjóðnytja stofnun. Hefir hún farið nokkurs konar miðlunarleið milli tillagna stjórnarinnar og læknisins.

Það er alkunna, að nú sem stendur horfir til stórra vandræða hjer á landi um sjúkravist fyrir berklaveika sjúklinga. Fjöldi manna bíður sífelt eftir vist á Vífilsstaðahælinu, og eru þar þó oftast fleiri sjúklingar en það er ætlað fyrir. Fjárhagsástæður ríkisins munu þykja þannig, að ekki verði búist við miklum nýbyggingum til að bæta úr þessari þörf. Fyrir þessar sakir hefir landlæknir leitað fyrir sjer um það, að fá leigt handa ríkinu franska sjúkrahúsið á Fáskrúðsfirði fyrir berklasjúklinga. Árangurinn af þessu hefir orðið sá, að ríkinu býðst spítalinn til leigu, ásamt öllum útbúnaði, gegn 400 kr. leigu á mánuði. Sjúkrahús þetta er ætlað fyrir 24 sjúklinga, og ætti því að vera stór bót fyrir berklasjúklinga af öllu Austurlandi. Er gert ráð fyrir, að þetta hús yrði nokkurs konar biðspítali fyrir þá sjúklinga, sem ekki geta strax komist á Vífilsstaðahælið eða aðra spitala, jafnótt og þörfin krefur. — Það er engum vafa undirorpið, að á þennan hátt er hægt að hjálpa mörgum sjúklingum fyrir margfalt minna fje úr

ríkissjóði en á annan hátt væri hugsanlegt. Nefndin vill því eindregið mæla með því, að sjúkrahús þetta verði tekið á leigu, og það þegar frá 1. júlí þ. á., eins og Frakkar bjóða. Gert er ráð fyrir, að það verði rekið á ríkiskostnað, eins og Vífilsstaðahælið, með sama daggjaldi fyrir sjúklinga. Áætlun sína um gjöld, er af þessu leiða, hefir nefndin miðað við tillögur landlæknis, en jafnframt haft til hliðsjónar rekstrarhalla Vífilsstaðahælisins.

Ísfirðingar hafa nú á síðari árum lagt mikið kapp á að koma upp hjá sjer sjúkrahúsi, og orkar það ekki tvímælis, að þörfin er þar mjög brýn, enda er óhætt að segja, að undanfarandi þing hafa gert ráð fyrir, að það sjúkrahús kæmi næst, þegar fært yrði að leggja nokkurt fje til slíkra bygginga. Húsagerðarmeistari ríkisins áætlaði 1922, að þetta hús mundi kosta 220 þúsundir króna. En eftir því sem venjan er orðin, mundi ríkissjóði bera að leggja fram þriðjung þess kostnaðar. Að vísu sjer nefndin ekki fært að leggja til, að öll sú upphæð yrði veitt á einu ári, en vill hins vegar ekki leggja stein í götu fyrirtækisins. Vill hún því mæla með, að nokkuð af fyrirhuguðum byggingarstyrk komi til útgjalda á næsta ári. Væntir hún þess, að upphæð sú, er hún mælir með, muni nægja til þess, að Ísfirðingar muni sjá sjer fært að byrja verkið, enda mun hvort sem er ekki gerandi ráð fyrir því, að verkinu verði lokið á einu ári.

Kostnaðurinn við heilbrigðiseftirlitið með alþýðuskólum hefir verið alt of lágt áætlaður, eftir því sem hann hefir reynst.

Nefndin vill hækka styrkinn til berkla-hjúkrunarfjelagsins »Líknar«, þar sem það er kunnugt, að starf þessa fjelags er mikilsverð aðstoð í baráttunni gegn berklaveikinni. Enda sýnir skýrsla fjelagsins, að það hefir miklu afkastað, eftir því sem um er að gera, þar sem ekki hefir verið meira fje úr að spila.

Læknafjelag Íslands hefir gengist fyrir því að fá hjeraðslækna til að rannsaka, hversu margir menn mundu hafa geitur hjer á landi. Hefir sú rannsókn leitt i ljós, að þeir muni vera hátt upp undir hundrað. Sjúkdóm þennan er vel hægt að lækna, svo örugt sje, með Röntgentækjum. Ætti því að vera hægt að uppræta hann algerlega úr landinu á fáum árum. Sjúklingar þessir munu flestallir vera svo fátækir, að þeir eru ekki þess megnugir að leita sjer sjálfir lækninganna, en kynoka sjer hins vegar við að leita sveitarstyrks í því skyni, enda óvist hvort fengist. Eina ráðið til að útrýma þessum leiða kvilla mun því vera það, að ríkissjóður hlaupi undir bagga. Vill nefndin því mæla með, að fje verði veitt í þessu skyni, og helst byrjað á þessu ári; enda verður þetta að teljast til sannra þjóðþrifa.

Fjelag íslenskra hjúkrunarkvenna telur nauðsynlegt, að hjúkrunarnemar fái, auk spítalamentunar, tveggja til þriggja mánaða framhaldsmentun, til að læra hjúkrun sjúklinga í heimahúsum, hjálparstöðvarstörf fyrir berklaveika og matreiðslu fyrir sjúklinga. Á spítölunum fá hjúkrunarnemarnir alt frítt, og auk þess nokkra þóknun, en við þetta nám mundu þeir að öllu leyti verða að kosta sig sjálfir. Fjelagið sækir því um styrk til þess að geta veitt þeim ókeypis fæði og húsnæði, og þar sem nefndin litur svo á, að framhaldsmentun þessi sje mjög þörf, þá vill hún verða við ósk fjelagsins.

Enn þá er hjer mikil þörf fyrir fullæfðar hjúkrunarkonur, og vill því nefndin styrkja tvær slíkar konur, aðra til að fullnuma sig, en hina til fram-

haldsnáms. Jafnframt vill nefndin skora á stjórnina að hlutast til um, að styrkþegar hverfi heim að loknu námi, ella sje styrkurinn afturkræfur.

Þorgrímur læknir í Keflavík hefir nú um 40 ár gegnt hjeraðslæknisstörfum. Er hann því, eins og vænta má, farinn að lýjast og getur ekki fullnægt læknisþörf hjeraðsins um vertíðina, er þangað flykkist múgur og margmenni úr ýmsum hjeruðum landsins. Verður hann því að taka sjer aðstoðarmann þann tíma ársins. Hefir hann farið fram á það við nefndina, að hún mæli með nokkrum styrk til að launa þennan aðstoðarmann, og vill nefndin gera honum nokkra úrlausn.

Til þess að berklavarnir geti komið að liði er eitt helsta skilyrðið, að almenningur sje fús til að greiða götu þeirra og hafi fullan skilning á þeim. Í þessu skyni er mjög nauðsynlegt að fræða fólkið um ýmislegt, er að þessu lýtur, og öðrum almennum heilbrigðisráðstöfunum. Nokkrir læknar hafa áhuga á að gera þess háttar tilraun með því að gefa út tímarit, er flytji fræðandi og hvetjandi greinar um þessi efni. Þetta tímarit yrði að selja mjög ódýrt og langt undir útgáfukostnaði. Er ekki unt að koma þessu á fót nema með fjárframlögum einhversstaðar að. Nefndin telur þetta svo þarflegt, að hún vill mæla með styrk í þessu skyni, en setur þó það skilyrði, að jafnmikið fje komi annarsstaðar að, og hefir hún þá í huga heilsuhælisfjelagið gamla, er eiga mun talsvert fje i sjóði og ætti að vera fúst að leggja fram fje á móti styrknum.

Hallur Hallsson, fátækur en efnilegur tannlæknisnemi í Kaupmannahöfn, er að því kominn að ljúka námi við tannlæknaskólann þar. Að því loknu hygst hann að setja sig niður hjer á landi, helst á Austurlandi. En sakir efnaskorts treystir hann sjer ekki til að gera þetta af eigin rammleik, einkum vegna þess hve dýr fullkomin áhöld eru, sem að tannlækningum lúta. Nefndin álítur, að Austfirðingar mundu hafa gott af því að fá þennan mann, og vill því rjetta hjálparhönd, þó í litlu sje.

Benedikt Björnsson skólastjóri á Húsavík er blindur á öðru auga, en þjáist af sjúkdómi í hinu, sem útlit er fyrir, að smám saman eyðileggi sjónina, ef ekki er bót á ráðin. Hann sækir um 5000 kr. utanfararstyrk til að leita sjer lækninga. Styðja þá umsókn fjölda margir Húsvíkingar. Lýsa þeir svo högum hans, að hann mundi að engu leyti fá staðið straum af kostnaði, er af slíkri utanför leiddi, og leggja jafnframt áherslu á, að hjer sje um svo valinn og merkan mann að ræða, að þjóðfjelaginu beri skylda til að reyna að koma í veg fyrir, að hann verði óstarfhæfur. Nefndin bar þetta mál undir Helga Skúlason augnlækni, sem hafði haft Benedikt undir hendi, og telur hann nokkrar líkur til, að varna megi þess að hann verði blindur, ef hann gæti notið umsjár góðs sjerfræðings á sjúkrahúsi erlendis. En hjer á landi mun hinsvegar ekki unt að viðhafa þær aðferðir, er að haldi komi. Að svo vöxnu máli gat nefndin ekki látið þennan mann synjandi frá sjer fara, og leggur til, að honum verði veittur hálfur umbeðinn styrkur. Væntir hún þess, að góðir menn verði honum innan handar með það, er á vantar.

13. gr. A.

Aðalpóstmeistari hefir í tillögum sínum til stjórnarinnar lagt til, að veitt yrði sama upphæð til póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur og í núgildandi fjárlögum, og tekur hann það fram um leið, að ómögulegt sje að komast af með lægri upphæðir. Samt sem áður hefir stjórnin fært þennan lið niður um 10000 kr. Nú eru menn þeir, er hjer um ræðir, allir ráðnir með samningi upp á ákveðna þóknun, sem yfirleitt ætíð hefir verið talin lág, en stöður flestra þeirra hinsvegar oft vandasamar og ábyrgðarmiklar. Verður því að telja mjög misráðið að segja öllum póstafgreiðslumönnum upp til þess að þoka þóknuninni niður með undirboðum, en á annan hátt virðist það ekki hægt. Nefndin getur ekki annað en verið sammála póstmeistara í þessu efni og leggur til, að eftir hans tillögum sje farið.

13. gr. B.

Eins og öllum er kunnugt, hefir á undanförnum árum sorglega lítið verið framkvæmt af nýjum vegagerðum. Fjárveitingarnar hafa orðið að vera af svo skornum skamti, að lítið hefir miðað áfram og mjög raskast allar fyrirætlanir um framtíðina í því efni. Það mun vera álit flestra manna, að við svo búið megi ekki lengur standa, heldur verði að reyna að veita nokkru örara fje til þessara framkvæmda. Sjerstaklega verður nefndin að vera vegamálastjóra sammála um, að æskilegt sje að nokkuð jöfnum upphæðum sje varið til nýrra vegagerða á ári hverju. Hitt hlýtur fremur að vekja glundroða og reiptog, ef ekki er farið eftir nokkuð föstum fyrirætlunum. Stjórnin hefir, sennilega af sparnaðarástæðum, fært niður tillögur vegamálastjóra um flutningabrautir og þjóðvegi um 37 þús. kr. Nefndin vill kippa þessu í lag aftur og fara algerlega eftir tillögum vegamálastjóra; enda átti hún langt tal við hann um þessi mál.

Engin ný flutningabraut er tekin upp, heldur eru allar breytingartillögur við þær hækkanir á liðum þeim, sem fyrir eru. Aftur á móti hefir nefndin viljað bæta inn í einum nýjum þjóðvegarkafla, en það er Vaðlaheiðarvegurinn. Um hann segir vegamálastjóri þetta:

»Vaðlaheiðarvegurinn var lagður 1883—88, en var mjög ófullkominn, að vísu upphleyptur vegur vestan í heiðinni, en lítið malborinn og illa búið um vatnsrásir í gegn um veginn. En rensli er mjög mikið að veginum, og hefir hann því aldrei góður verið. Ógerlegt er að koma við nægu viðhaldi, enda ekki ráðlegt að verja til viðgerðar nema sem minstu, þar sem fyrirsjáanlegt var, að nýjan og betri veg varð að leggja bráðlega. Nú er svo komið, að vegurinn er á köflum gerspiltur, og tel jeg þessvegna mikla þörf að veita nokkurt fje til að byrja lagningu nýs vegar. Með því að hjer er um mikla akvegargerð að ræða, tel jeg ekki heppilegt að veita minni upphæð en 20000 kr. Þar sem brúin á Eyjafjarðará, ásamt akvegi yfir hólmana, væntanlega verður fullgerð á næstu 2 árum, verður og brýnni þörf betri vegar yfir Vaðlaheiði en nú er«.

Hafnarvegur í Hornafirði er um $4^1/_2$ km. á lengd. Hann er nú orðinn yfir 20 ára gamall og er mikil nauðsyn á að laga hann og malbera allan rækilega. Vegamálastjóri gerir ráð fyrir, að viðgerð þessi muni kosta alt að 10000 kr.

Vegur þessi mnn upphaflega hafa verið kostaður að hálfu leyti úr ríkissjóði, og vill því nefndin að hlaupið sje undir bagga um endurbyggingu þessa vegar í sama hlutfalli; enda ætti það ekki að verða eftir talið, þar eð ríkissjóður mun lítið af mörkum hafa látið til samgöngubóta á landi í þessu hjeraði.

13. gr. C.

Samgöngumálanefndin hefir enn ekki afgreitt tillögur sínar um samgöngur á sjó til fjárveitinganefndar, og verða þær því að bíða 3. umræðu.

13. gr. D.

Þegar nefndin tók að ræða um nýjar framkvæmdir í símamálum, bæði lagningu nýrra síma og byggingu loftskeytastöðva, þá var svo málum komið, að gengið var til þurðar fje það, er nefndin þóttist geta ráðið yfir, án þess að verulegur tekjuhalli yrði á fjárlögunum. Hún var því hjer í hinum mestu vandræðum. Togaðist á tvent, ásetningurinn um að skila fjárlögunum með sem minstum tekjuhalla og mjög eindreginn vilji á að láta ekki verða fullkomna kyrstöðu í þessum framkvæmdum. Það er líka ofur eðlilegt, þótt Alþingi eigi erfitt með að una því, að ekki verði lagðar nýjar símalínur á næsta ári, þar sem ríkissjóður hefir ár eftir ár notað tekjuafgang símanna að meira eða minna leyti til alls annars en símalögin fyrirskipa. Og þetta kemur hvergi öllu gleggra í ljós en einmitt í þessu fjárlagafrumvarpi, sem gerir ráð fyrir að nota um 300 þús. kr. tekjuafgang símanna til annara gjalda.

Nefndinni fanst hún á engan hátt geta betur komist út úr áður greindum vanda en að fara þá leið, er hvorki kemur í bága við ásetning hennar nje vilja, sem sje að leggja að visu til um talsvert af nýjum framkvæmdum, en binda þær því skilyrði, að útlit sje fyrir, að tekjurnar reynist nægar til þeirra. Tillögur sínar um nývirki þessi hefir hún gert í samráði við landssímastjóra, og standa þau í þeirri röð, sem ætlast er til að þau verði framkvæmd í. Aðeins skal það tekið fram um loftskeytastöðvarnar í Grímsey, Flatey og Húsavík, að landssímastjóri hafði gert ráð fyrir, að Grímseyjarstöðin hefði samband við samskonar stöð, sem sett yrði á Siglufirði. En þar eð nefndin telur óhjákvæmilegt, að loftskeytastöð verði einnig sett í Flatey á Skjálfanda, þá gerir hún ráð fyrir, að sú stöð að minsta kosti gæti orðið mun ódýrari, ef hún þyrfti ekki að ná lengra en til Húsavíkur.

Næsta breytingartillaga er í raun og veru fjáraukalagaatriði, en í bráðina að minsta kosti hefir nefndin sett hana á þennan stað. Línuspotti sá, er þar um ræðir, gengur út frá Reykjarfjarðarlínunni, sem lögð verður á næsta sumri. Liggur hann niður Bjarnarfjörð að Kaldrananesi, sem er löggilt verslunarhöfn og stórbýli. Með þessum spotta kemst heilt sveitarfjelag í samband við landssímakerfið. En það, sem einkum mælir með að taka þessa fjárveitingu upp *nú*, er það, að langhaganlegast og ódýrast er að leggja spotta þennan samtímis Reykjarfjarðarálmunni. Það skal tekið fram, að gert er ráð fyrir, að sveitarfjelag það, er hlut á að máli, kosti að öllu leyti flutning efnisins á línusvæðið frá Hólmavík, og er það ærið tillag frá einu sveitarfjelagi.

Það skal játað, að nefndin hefir aldrei látið sjer detta í hug að athuga, hvort launaupphæðir í fjárlögunum, sem greiða á samkvæmt launalögum, væru

rjett útreiknaðar, enda hefir hún sjaldnast haft í höndum full skilríki, er þar að lúta, og eðlilegast að gera ráð fyrir því, að stjórnarráðinu sje að fullu trúandi fyrir þessu, þar sem það á að hafa öll gögn í höndum og nægilega reikningsfærum mönnum á að skipa. Þegar nefndin leit á launaupphæðina í þessum kafla, þá þótti henni það undarlegt, að hún skyldi vera áætluð sú sama og í núgildandi fjárlögum, og enn undarlegra þótti henni þegar hún athugaði athugasemdir stjórnarinnar við þennan lið, er bera með sjer, að launaupphæð núgildandi fjarlaga hafði ef til vill verið rangt reiknuð og áætlunarupphæð þessa frumvarps ágiskun. Svo vel vildi til, að nefndin hafði í höndum skrá yfir starfsmenn símans ásamt launum þeirra eins og þau eiga að verða næsta ár. Reyndi hún því að reikna út eftir þeirri skrá og komst að þeirri niðurstöðu, að upphæðin ætti að vera sem næst því, er breytingartillagan ber með sjer.

Nefndin vill leggja til, að veitt verði nokkurt fje til aukningar bæjarsímakerfisins í Reykjavík, þar sem þetta símakerfi er beint gróðafyrirtæki fyrir ríkissjóð, enda tekjurnar áætlaðar 25 þús. kr. hærri einmitt vegna þessarar væntanlegu aukningar.

Aðrar breytingartillögur við gjöldin til símamála eru breytingar á áætlunarupphæðum og gerðar í samráði við landssímastjóra.

14. gr.

Hjeraðslæknirinn í Reykjavík hefir sent stjórninni erindi, þar sem hann óskar þess, að tekin verði aftur upp í fjárlögin þóknun sú, er hann hefir fyrir kenslu við háskólann. Telur hann það gleymsku eina, að þessi þóknun hefir fallið út af fjárlögunum, enda hefir stjórnarráðið viðurkent þann skilning með því að greiða honum þetta eftir sem áður. Samkvæmt eindregnum meðmælum forsætisráðherra telur nefndin óhjákvæmilegt að taka þennan lið aftur í fjárlögin.

Stúdentaráð háskólans hefir gengist fyrir því að komast í samband við aðrar þjóðir um stúdentaskifti. Er því þannig fyrir komið, að erlendum stúdentum eru útvegaðir dvalarstaðir hjer á landi um lengri eða skemri tíma, þeim að kostnaðarlausu, og njóta þá íslenskir stúdentar sömu kjara erlendis. Stúdentarnir kosta þó sjálfir ferðir sínar milli landa. Stúdentaskifti þessi hafa átt sjer stað við Þýskaland og Noreg, og á næsta sumri er einnig gert ráð fyrir, að þau hefjist við England og Danmörku, og ef til vill einnig við Frakkland og Ameríku. Íslenskir stúdentar eiga sökum fátæktar mjög erfitt með að taka þátt í þessum skiftum. Telur því nefndin rjett, að Alþingi veiti þeim nokkra fjárupphæð til ferðakostnaðar, svo að þeir þurfi ekki að fara á mis við þetta ágæta menningarmeðal. Þess má geta, að talið er víst, að norska þingið veiti sínum stúdentum samskonar styrk.

Á undanförnum árum hefir verið ókeypis lækning í sambandi við kenslu læknaefna. Þó hefir þetta fallið niður síðustu árin, bæði vegna húsnæðisvandræða og vegna þess, að á velmaktardögum sínum vildi fólkið ekki nota hana. Nú er gert ráð fyrir, að hægt verði að koma þessu á fót aftur, og þarf þá að veita nokkurt fje til umbúða og annara smáþarfa.

Hið nýja íbúðarhús á Hvanneyri og önnur staðarhús þarf nauðsynlega að mála að utan á næsta ári. Vill nefndin því hækka fjárveitinguna til skólans í

þessu skyni, því að dýrara gæti það orðið ríkissjóði að vanrækja viðhald eigna sinna. Sama er að segja um ýms hús á Hólum. Þar þarf að veita nokkuð meira fje til viðhalds, svo að þau falli ekki í niðurníðslu.

Nefndin getur enga ástæðu fundið til þess, að sanngjarnt sje að lækka þóknunina til forstöðumanns yfirsetukvennaskólans, en vill hafa hana áfram eins og hún er á yfirstandandi ári.

Þá vill nefndin veita litla fjárhæð til framhaldskenslu handa barnakennurum, líkt og gert hefir verið á undanförnum árum, þótt ekkert sje til þess ætlað í núgildandi fjárlögum. Mentamálanefnd deildarinnar hefir einnig hvatt til þessa.

Styrkinn til unglingaskóla og alþýðuskóla utan Reykjavíkur vill nefndin hækka. Fyrst og fremst er hún hlynt þessu fræðslufyrirkomulagi, og svo hafa skólar þeir, sem styrktir hafa verið, getið sjer góðan orðstír. Búast má og við, að þeim fjölgi smátt og smátt.

Um mörg undanfarin ár hefir borið á miklum áhuga hjá Þingeyingum um að setja á stofn hjá sjer alþýðuskóla í sveit. Hafa einkum ungmennafjelögin tekið að sjer forgöngu þessa máls. Fjársöfnunar hefir verið leitað í þessu skyni, og þannig aflast alt að 22 þús. kr. í samskotum og loforðum. Nú er svo komið, að þeir gera sjer vonir um, að geta byrjað á að reisa skólahús, svo framarlega sem þeir fái styrk til þess úr ríkissjóði. Nefndin álítur þetta mikið menningar- og velferðarmál fyrir hjeraðið, og sjer því ekki annað fært en að verða við tilmælum þeirra. En þar sem gera má ráð fyrir, að fleiri slíkir skólar kunni upp að rísa í öðrum landshlutum, þá vill nefndin, að Alþingi marki nú stefnu þá, er það vill upp taka um byggingarstyrk til þeirra. Þess má geta, að síðustu ár hefir líkur skóli starfað að Breiðumýri, en getur það ekki lengur, vegna þess að húsnæðið má heita ónothæft. Væntanlegur skólastjóri mun eiga að verða Arnór Sigurjónsson, sem Alþingi er að góðu kunnur og hefir áður notið ríkisstyrks til undirbúnings undir þess háttar starf.

Lýðskólinn í Bergstaðastræti hefir getið sjer mjög góðan orðstír, og vill nefndin hækka lítilsháttar styrk hans.

Áhugi manna fyrir sundi og sundkenslu hefir talsvert aukist á síðustu árum víðsvegar um landið. Nýjar sundlaugar hafa verið bygðar og kensla upp tekin þar, sem hún ekki hefir áður verið. Verður því að hækka styrkinn til sundkenslunnar, svo að hann geti orðið meira en nafnið eitt.

Valdemar Sveinbjörnsson leikfimiskennari hefir boðist til að veita utanbæjarpiltum ókeypis kenslu í leikfimi, líkt og Ingibjörg Guðbrandsdóttir hefir veitt stúlkum, gegn því að fá svipaðan styrk. Nefndin telur þetta hvorttveggja hlíðstætt, og vill því veita honum þessa litlu fjárupphæð.

15. gr.

Nefndin vill ekki láta algerlega niður falla samningu spjaldskrár við Landsbókasafnið, og vill því veita litla fjárupphæð í þessu skyni.

Konur þær, sem aðstoða við þjóðmenjasafnið, hafa undanfarið haft mjög óverulega þóknun. Bera þær sig mjög upp undan kjörum sínum við nefndina, og styður þjóðmenjavörður eindregið mál þeirra. Nefndin verður að viðurkenna, að

þær hafi talsvert til síns máls, og hefir því hækkað þann lið að nokkru. Konur þessar munu vera að minsta kosti 4, og er þá auðskilið, að lítið kemur í hlut.

Nefndin telur enn sem fyr þá aðferð rjettasta til styrktar fullnuma listamönnum að kaupa verk þeirra, því að þeim peningum á ekki að vera á glæ kastað, ef rjettilega er með farið. Þær eignir ríkisins geta síðar orðið mjög dýrmætar. Af þessum ástæðum vill hún hækka þann lið.

Alþingissögunefndin hefir farið fram á það við stjórnina, að hún legði til við Alþingi, að fje yrði veitt til framhalds aðgerðanna á Þingvöllum, því að ekki mun af veita að halda nú áfram uppteknu verki, ef fyrirætlanirnar um vellina eiga að komast í framkvæmd fyrir 1930. Fjárv.n. verður að vera sögunefndinni sammála um þetta og telur, að minni upphæð en 3000 kr. komi ekki að nægilegu gagni að svo vöxnu máli, enda gerir hún ráð fyrir, að líkum fjárveitingum verði áfram haldið á ári hverju, eftir því sem þurfa þykir, uns verkinu er lokið.

Hin forna dómkirkja á Hólum er einn af merkilegustu menjagripum þjóðarinnar. Hún er nú mjög farin að ytra útliti, öll skjöldótt og skálduð og óhætt að segja, að hún liggi undir skemdum. Alþingi getur ekki látið það viðgangast, að svo mikill dýrgripur drafni niður fyrir hirðuleysi, og vill nefndin því eindregið mæla með, að fje verði veitt til aðgerða. Hyggur hún, að fyrir 4000 kr. megi miklar umbætur gera, þótt óvíst sje, hvort fullnaðarviðgerð fæst fyrir það verð.

Nefndin er sama hugar og á síðasta þingi og vill leggja til, að styrkurinn til Dansk-Islandsk Samfund falli niður, en í stað þess vill hún veita Norræna fjelaginu nokkurn styrk. Tilgangur þess fjelags er — »að vera í verki með skyldum fjelögum á Norðurlöndum í því að efla og viðhalda samúð og samvinnu meðal allra norrænna þjóða inn á við og út á við. — — Fjelagið skal jafnframt kosta kapps um að auka þekkingu Íslendinga á lifnaðarháttum, þjóðfjelagsskipun, andlegri og verklegri menningu annara norrænna þjóða, og sömuleiðis stuðla að því, að þekking þeirra á vorum högum fari vaxandi«.

Fjárveitinguna til Jóh. L. L. Jóhannssonar vill nefndin lækka og miða við lækkun launa annara starfsmanna ríkisins.

Styrkina til dr. Helga Jónssonar og Guðm. G. Bárðarsonar vill nefndin hækka lítilfjörlega, og er það meira í viðurkenningarskyni fyrir nytsöm störf heldur en að þá muni um svo litla hækkun.

Veðurathugunarstofunni er ætluð sama upphæð í frumvarpinu og í núgildandi fjárlögum, en flestar aðrar stofnanir ríkisins er gert ráð fyrir, að verði ódýrari á næsta ári en því yfirstandandi Telur nefndin, að engu síður megi vænta þess sama um þessa stofnun en aðrar, og vill því leiðrjetta þetta ósamræmi. Sigurður Þórólfsson fyrv. skólastjóri hefir óskað þess að fá sjerstaka þóknun til að geta rannsakað forn íslensk veðurmerki og annað því um líkt, ef ske kynni, að hægt væri að finna einhverjar reglur um tíðarfar og árferði hjer á landi. Hefir hann meðmæli forstöðumanns veðurathugunarstofunnar. Nefndin telur þetta heyra undir veðurathugunarstofuna, en álítur Sigurð hinsvegar mjög vel til starfsins fallinn, og vill því benda á, að eðlilegasta lausn málsins væri sú, að hann yrði starfsmaður á veðurathugunarstofunni, án þess þó að fjölga starfsmönnum fyrir þessar sakir.

Pál Ísólfsson vill nefndin styrkja til framhaldsmentunar, og mun nefndin

ekki þurfa að viðhafa nein sjerstök meðmæli með þeim listamanni, því að öðrum alþingismönnum munu engu síður kunnir hans miklu verðleikar en oss nefndarmönnum.

Valtýr Stefánsson býður ríkinu kaup á grasasafni föður sins, Stefáns sál. skólameistara. Metur hann það á 8000 kr., og er það hið sama og brunatrygging sú, er Stefán sjálfur hafði keypt á safnið. Dr. Helgi Jónsson hefir látið uppi álit sitt um safn þetta og telur það, sem vænta mátti, mjög dýrmætt, og sennilega mun meira virði en farið er fram á. Nefndin er því á einu máli um það, að sjálfsagt sje að taka þessu kostaboði.

16. gr.

Fjárveitinganefndin hefir orðið ásátt um að geyma fyrst um sinn að gera breytingartillögur við fjárveitingar til landbúnaðarmála, uns eitthvað verður sjeð um undirtektir þingsins undir frumvarp það til jarðræktarlaga, er nú liggur fyrir.

Guðbjörg Þorleifsdóttir í Múlakoti í Fljótshlíð hefir sótt um styrk til framhalds skóggræðslu og útbreiðslu skógræktar í sýslunni. Kona þessi er víðfræg fyrir áhuga sinn og framtakssemi í blóma- og trjárækt, og vill því nefndin veita henni ofurlitla viðurkenningu fyrir þetta.

Páll G. Jónsson í Garði í Fnjóskadal endurnýjar beiðni sína frá í fyrra um 4000 kr. fjárveitingu í viðurkenningarskyni fyrir dýralækningar. Fylgja umsókn hans ýms vottorð frá merkum mönnum, er sanna, að hann hefir reynst talsvert listfengur, heppinn og mjög hjálpsamur í þessu efni. Einnig sýna þau það, að hann hefir stundað þessar lækningar miklu fremur af áhuga og hjálpfýsi en í hagnaðarskyni. Þar sem maðurinn er fátækur og hefir fengist við þetta í mörg undanfarin ár, vill nefndin veita honum nokkra viðurkenningu í eitt skifti fyrir öll.

Sjávarútvegsnefnd mæltist til þess við fjárveitinganefndina, að hún hækkaði fjárveitinguna til Fiskifjelagsins, og vill fjárveitinganefndin taka þetta til greina, og mun nánari grein gerð fyrir því undir umræðunum.

Fjárveitinganefndin vill mæla með því, að veitt sje framvegis fje til að leitast fyrir um markað erlendis fyrir fiskiafurðir, því að hún telur ekki rjett að láta þær tilraunir falla niður fyrst um sinn, því að engan veginn er vonlaust um, að þær geti gefið mikinn og góðan árangur í framtíðinni. Sjávarútvegsnefndin mælir líka eindregið með, að svo sje fram haldið.

Stjórn Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga óskar þess, að því sje eigi veittur minni styrkur á komanda ári en í núgildandi fjárlögum, og helst 2000 kr. betur. Jafnframt óskar Halldóra Bjarnadóttir eftir sjerstökum styrk til að vinna fyrir auknum heimilisiðnaði. Nefndin vill verða við hvorumtveggja þessara tilmæla og sameina það undir einum lið á þann hátt, sem breytingartillagan ber með sjer. Vill nefndin, að fjárveitingarvaldið sýni það glögglega, að það fullkomlega viðurkenni þá viðleitni og framfarir, sem orðið hafa á þessu sviði nú á síðustu árum, og vilji á engan hátt verða þess valdandi með of naumum fjárveitingum, að í þær komi afturkippur. En hitt getur nefndin ekki fallist á, að rjett sje að styrkja danskt fjelag til að menta íslenskar konur í þessum greinum. Mundi

þá heldur nær sanni að styrkja nemendur til utanfarar í þessu skyni, hvert á land sem þeim þætti best henta.

Vörumerkjaskrásetjari bar sig upp undan því við nefndina, að starf hans væri orðið svo umfangsmikið, að húsrúm hans leyfði ekki lengur að hafa þá skrifstofu í heimahúsum. Þyrfti hann því að leigja fyrir hana úti í bæ, en til þess mundi fara meiri hluti þóknunar sinnar, ef ekki væri við bætt. Nefndin fellst á röksemdir hans og vill gera honum kleift að leigja húsnæði fyrir skrifstofuna, og gerir ráð fyrir, að 50 kr. muni nægja fyrir því á mánuði.

Þá er komið að þeim framkvæmdum í þessari grein, sem einna nauðsynlegastar þykja bæði fyrir sjávarútveg og landbúnað, en það eru bryggjugerðir og lendingarbætur. Þess konar verkum má líkja við vegina á landi, og standa þó öllu framar, þar sem þau gera oft hvorttveggja í senn að minka kostnað við vöruflutninga og stuðla til þess að bjarga lífi manna. Það liggur því í augum uppi, að nefndinni var mjög hugleikið að reyna að láta nokkurt fje af mörkum til þessara framfara. Þessum verkum er líka oft þannig háttað, að ekki er unt að skera við neglur sjer fjárframlag til þeirra, eins og t. d. til vegagerða. Vegina má hætta við í svip, nærri því hvar sem vera skal, og getur þó það, sem þegar er unnið, komið að miklum notum, en bryggjur og lendingarbætur verður oftast að fullgera, til þess að þær komi að nokkrum notum. Fyrir þessar sakir vill nefndin veita fje til þess að fullgera nokkur þess konar mannvirki, svo að ekki standi ávaxtalaust það fje, sem þegar er í þau komið. Hins vegar hefir hún ekki sjeð fært að taka upp nýjar fjárveitingar vegna fjárhagsástæðna, þótt þess háttar erindi hafi legið fyrir henni og hún fullkomlega viðurkenni nytsemi þeirra.

Mörg ár eru síðan fyrst var veitt fje til bryggjugerðar á Reyðarfirði, og hefir það verið endurveitt á hverju þingi, nema því síðasta. Fjeð hefir þó enn ekki verið notað, en nú er þó svo langt komið, að efnið er komið á staðinn og ráðgert að gera bryggjuna næsta sumar. Verður því að endurveita fjeð; en sú endurveiting er í raun og veru fjáraukalagaatriði, en verður að takast hjer að minsta kosti til bráðabirgða.

Til þess að fullgera bryggjuna á Blönduósi, vestan Blöndu, sem áður hefir verið veitt fje til, vantar enn samkvæmt áætlun vegamálastjóra rúmar 10 þús. kr. Vill nefndin því veita til þess verks alt að 3000 kr. með sömu skilyrðum og áður.

Til bryggjugerðar á Skagaströnd hefir að vísu áður ekkert fje verið veitt úr ríkissjóði, en þó hefir þegar verið byrjað á henni og varið til hennar um 7000 kr. En gert er ráð fyrir, að bryggjan fullgerð kosti um 12000 kr.

Mjög líkt er ástatt um bátabryggju á Stokkseyri. Á henni hefir þegar verið byrjað, en enginn styrkur komið úr ríkissjóði.

Til bryggjugerðar við Ólafsfjarðarhorn eru veittar í núgildandi fjárlögum 5000 kr., og hefir þegar verið unnið mikið að verkinu. En allur kostnaður við bryggjugerðina mun verða um 24000 kr. Nefndin vill því mæla með viðbótarstyrk til bryggjunnar samkvæmt tilmælum sjávarútvegsnefndar, og fjárveitinganefnd er því fúsari til að mæla með þessu, sem það mun þegar hafa sýnt sig, að bryggja þessi muni koma að góðum notum og fá staðist hafrótið. Betur að svo væri hægt að segja um öll önnur lík mannvirki.

Flestir munu hafa heyrt þess getið, hversu erfitt er um lendingu í Vík í Mýrdal, ef nokkuð er að veðri, og hversu mjög það spillir fyrir samgöngum þar á sjó og eykur aðflutningsörðugleika. Tekur þetta ekki að eins til Vestur-Skaftafellssýslu, heldur og austurhluta Rangárvallasýslu. Það væri því mikið nauðsynjamál, ef hægt væri að bæta lendinguna þar. Rannsakaði vitamálastjóri þetta mál árið 1914. Sjerstaklega athugaði hann og gerði áætlanir um endurbætur á svo kölluðum Bás, sem er nokkuð frá hinni eiginlegu lendingu. Kunnugir menn segja, að í þessum Bás sje oft fært að skipa vörum út og inn, þótt ófært sje á öðrum stöðum þar í kring. Nú hagar þannig til, að milli þessa lendingarstaðar og kauptúnsins er urð, sem venjulega er ekki fær nema gangandi manni. Þessi lending, sem er talin þrautalending fyrir alla sýsluna, getur því ekki komið að notum nema lagður sje akfær vegur yfir urðina. Auk þess þarf að hafa lyftu til að lyfta vörunum af sandinum upp á veginn. Þessar aðgerðir, sem telja verður hvorttveggja í senn lendingarbót og vegagerð, er gert ráð fyrir að kosti alt að 14000 kr. Þar af er vegurinn um 8000 kr., en aðrar aðgerðir um 6000 kr. — Nefndin vill því veita helming til vegarins, eins og til akfærra sýsluvega, og þriðjung til hins verksins.

Á síðasta þingi voru veittar 5000 kr. til brimbrjóts á Sandi, gegn helmingi hærri upphæð annarsstaðar að. Var unnið að honum síðastliðið sumar og til hans varið rúmum 23000 kr. En í janúar í vetur vildi það óhapp til, að hann skemdist nokkuð í aftaka brimi, einu því mesta, sem þar hefir komið um síðustu áratugi. Var það hlaðinn grjótgarður, en alt, sem steypt var, stóð óhaggað. Bæði vegna óhapps þessa og hins, að brimbrjótinn þarf að lengja meira, þarf enn að verja miklu fje til þess að hann komi að fullum notum. Vill því nefndin leggja því liðsinni, að hreppnum verði veittur styrkur til að fullgera fyrirtækið, enda á þá að vera þarna líflending og örugt lægi fyrir 10—20 vjelbáta.

Mikið fje hefir þegar verið lagt í sjóvarnargarð til að verja Siglufjarðareyri, en sá garður hefir orðið fyrir miklum skemdum. Það virðist því óhjákvæmilegt, að lagt verði nokkurt fje til þessara landvarna, og mun ríkið ekki geta skorast undan að taka þátt í þeim kostnaði, þar sem það er landeigandi. Hinsvegar vill nefndin taka það skýrt fram, að hún álítur ekki annað geta komið til mála en að Siglfirðingar taki að jöfnu þátt í útgjöldunum, þótt undirtektir hjá þeim um það hafi hingað til verið slæmar. Þeim hlýtur engu síður að vera ant um að verja eignir sínar, er á landinu standa, en ríkinu að verja landið sjálft. Enda hefir þessu verið framfylgt annarsstaðar þar, sem eins stendur á, t. d. á Sauðárkróki.

Byggingarfjelagi Reykjavíkur vill nefndin veita styrk á sama hátt og með sömu skilyrðum og áður hefir verið, því að útlit er fyrir, að sá styrkur hafi borið góðan árangur.

Á undanförnum árum hefir mikið verið talað um nauðsyn þess að koma hjer á innlendri skinnasútun, til þess að koma í verð svo ágætri vöru, sem íslensk skinn eru. Hafa ýmsar uppástungur komið fram þar að lútandi, en aldrei orðið úr verulegum framkvæmdum. Nú hefir Sláturfjelag Suðurlands beitt sjer fyrir málið og sent mann til Danmerkur og Þýskalands, til þess að kynna sjer alt, er að slíkum iðnaði lýtur. Niðurstaðan af þessum undirbúningi fjelagsins hefir

orðið sú, að það nú leitar aðstoðar Alþingis til að stofna hjer á landi til skinnasútunar í stórum stíl. Liggja fyrir þinginu áætlanir og uppdrættir um byggingar og tilhögun þessarar iðju. Stofnkostnaður fyrirtækisins er áætlaður um 260 þús. kr. og árlegur rekstrarkostnaður alt að 180 þús. kr. Nú fer fjelagið fram á það, að fjárveitingarvaldið hjálpi til að hrinda fyrirtækinu af stað, á þann hátt að veita sem beinan styrk 1/4 hluta stofnkostnaðarins, eða alt að 60000 kr., og tryggi því að öðru leyti lán, er nemi alt að 3/4 hlutum þessa kostnaðar, eða alt að 200 þús. kr., með haganlegum vaxtakjörum og greiðsluskilmálum. Fjárveitinganefndin vill í alla staði viðurkenna, að þetta fyrirtæki sje mjög mikilsvert og líklegt til þjóðnytja. Vill hún því leggja til, að ríkið hjálpi því áfram allverulega, þó ekki alveg á þann hátt, sem fjelagið fer fram á. Nefndin vill veita beinan styrk til stofnkostnaðarins, en alls ekki fara hærra en 40 þús. kr., og telur jafnframt sjálfsagt, að fjelagið sjálft leggi fram til þess kostnaðar að minsta kosti 50000 kr., án aðstoðar ríkisins. Það mundi vera þýðingarlaust að mæla með stórri lánveitingu úr viðlagasjóði í þessu skyni, því að engin likindi eru til, að fje verði þar fyrir hendi. Mun því verða tryggilegra fyrir fjelagið, að höfð sje sú aðferð, sem nefndin leggur til, að ríkið ábyrgist alt að 150 þús. kr. lán, enda getur það naumast verið fjelaginu óhagkvæmara. Það skilyrði vill nefndin ennfremur að sett sje, að fjelagið setji fullkomnar tryggingar fyrir því, að nægilegt rekstrarfje sje fyrir hendi, svo að víst sje, að fyrirtækið falli ekki um koll strax, áður en vinnan er hafin.

Úr því að Alþingi gekk inn á þá braut að kosta að helmingi rannsókn Andakílsár-fossanna, þá verður víst ekki hjá því komist að greiða þann hluta að fullu, þótt hann fari langt fram úr áætlun.

Menn þeir, er hluthafar voru í osta- og fjárræktarbúi því, sem starfaði í Sveinatungu árin 1919–1921, sækja um það til Alþingis að fá 10000 kr. styrk til að standast rentur og afborganir af áföllnum skuldum búsins, og mundu þeir þá borga upp hin opinberu lán, er eftir standa ógreidd, en þau eru þessi:

1.	Viðlagasjóðslán	7100 kr.
2.	Ógreiddir vextir af sama láni	735 —
3.	Ræktunarsjóðslán	3500 —
4.	Ógreiddir vextir af því	280 —
	Samtals	11615 kr.

Til vara fara þeir fram á að fá að minsta kosti uppgjöf viðlagasjóðslánsins. Þótt nefndin verði að játa, að menn þessir hafi orðið fyrir óhöppum og þungum búsifjum við þarfiegar tilraunir, þá sjer hún ekki fært að taka óskir þeirra að fullu til greina, en vill þó mæla með styrk, er svari til Ræktunarsjóðslánsins.

Jóhannes Guðmundsson, bóndi á Herjólfsstöðum í Skaftafellssýslu, hefir leitað styrks vegna tjóns, er hann beið af Kötlugosinu 1918. Hann bjó áður á jörðinni Söndum, sem eyðilagðist af gosinu, og beið skaða á bústofni sínum, er hann metur alls hátt á 9. þús. króna. Hefir nefndin fyrir satt, að enginn hafi orðið neitt nærri svo illa úti sem þessi maður. Nokkurn styrk hafði hann hlotið af Kötlusjóðnum, en hvergi nærri til móts við skaðann. Vill nefndin því leggja til, að lítilfjörlega sje ljett undir með honum.

Þórður bóndi Flóventsson frá Svartárkoti er kunnur orðinn um land alt fyrir áhuga sinn á silungaklaki. Hefir hann m. a. á síðastl. sumri ferðast um Árnes- og Rangárvallasýslur til að kenna mönnum klak. Hefir hann getið sjer góðan orðstír hjá bændum þar og fengið góð meðmæli frá þeim. Telja þeir leiðbeiningar hans mjög mikils virði. Nú sækir hann um styrk til að ferðast um alt Suðurland, og víðar, í ofannefndum tilgangi. Eftir upplýsingum þeim, er fyrir liggja, þykir nefndinni líklegt, að starf hans muni verða til talsverðra nota í framtíðinni. Vill hún því veita honum nokkurn styrk.

Sóknarpresturinn og bæjarfógetinn á Ísafirði óska þess, að Sæmundi Tr. Sæmundssyni skipstjóra verði veittur viðurkenningarstyrkur fyrir það, að hann hefir tvívegis með miklu snarræði bjargað mönnum úr sjávarháska, samtals 18 mönnum. Hefir hann enga viðurkenningu eða umbun hlotið fyrir þetta. Hann er nú tekinn að eldast og litt efnum búinn. Þykir nefndinni, að þessu yfirveguðu, nokkur ástæða til að veita honum litla fjárupphæð í viðurkenningarskyni í eitt skifti fyrir öll.

18. gr.

Sigvaldi læknir Kaldalóns hefir orðið að láta af embætti sínu í Nauteyrarhjeraði sökum heilsubrests. Alþingi veitti honum styrk til að leita sjer heilsubótar erlendis, og fjekk hann nokkurn bata, en er þó enn ófær til allra starfa, er atvinna geti talist. Eftirlaun hans eru aðeins 560 kr. auk dýrtíðaruppbótar, og fá allir sjeð, að það muni hrökkva skamt fyrir konu og 3 börn í ómegð. Hann leitar því ásjár Alþingis og fer fram á hækkun eftirlauna sinna. Sjer nefndin sjer ekki annað fært en að veita honum nokkrar bætur, og mundi hún einnig láta þær ná til yfirstandandi árs, ef fjáraukalagafrumvarp væri fyrir þinginu.

Andrjes heit. Fjeldsted augnlæknir hafði ekki rjett til eftirlauna, þótt hann væri starfsmaður ríkisins. Ekkja hans fær því ekkert úr ríkissjóði, eins og verið hefði, ef hann hefði haldið áfram hjeraðslæknisembætti sínu, sem hann sat í 8 ár. Ekkja hans, sem engin efni hefir til að lifa af, fer því fram á það við Alþingi að fá nokkur eftirlaun. Læknadeild háskólans og landlæknir mæla eindregið með þessu, og getur nefndin fallist á ástæður þeirra. Upphæð eftirlaunanna miðar hún við, að Andrjes hefði setið kvongaður í Þingeyrarhjeraði eftir að það varð eftirlaunahjerað, en það varð 1908. Er þetta samkvæmt uppástungu landlæknis.

Loks er nú að því komið, að bundinn verði endi á mál Árna Theódórs Pjeturssonar. Nefnd sú, er rannsakaði mál hans samkvæmt ályktun Alþingis, ályktaði, að rjett mundi að veita honum einhver lítil eftirlaun, eða hærri upphæð í eitt skifti fyrir öll. Mentamálanefnd deildarinnar leggur það til, að eftirlaun hans verði ákveðin 500 kr. á ári. Fjárveitinganefndinni finst nauðugur einn kostur að taka tillögur þessara nefnda til greina, og ber því fram breytingartillögu um það efni. En jafnframt vill hún skora á stjórnina að beita sjer fyrir það, að Árni fái sem fyrst aftur kennarastöðu eða svipaða stöðu, svo að hann þurfi ekki að sitja lengi á eftirlaunum.

Guðmundur Jónsson, fyrrum bæjarpóstur á Akureyri, sækir um að fá eftirlaun, líkt og aðrir póstar hafa fengið, er lengi hafa gegnt þeim störfum. Guðm. þessi hefir verið 20 ár bæjarpóstur, og mælir aðalpóstmeistari með því, að hon-

um verði einhver linkind sýnd. Getur nefndin fallist á, að hann sje þessa ekki ómaklegri en ýmsir, er samskonar umbun hafa hlotið.

21. gr.

Áveitufjelag Þingbúa í Húnavatnssýslu hefir á síðasta ári komið á hjá sjer áveitu, sem nær yfir 433,7 hektara af láglendum mýrarengjum. Í fjelaginu eru 10 jarðir. Lítið eitt vantar enn til þess að áveitan sje fullger, og verður það framkvæmt á sumri komanda. En fullger mun áveitan kosta 21215 kr. Kostnað þann, sem áfallinn er, hefir fjelagið greitt með bráðabirgðaláni. En nú fer það fram á 20000 kr. lán úr Viðlagasjóði til fyrirtækisins.

Samkvæmt áliti Valtýs Stefánssonar er þarna alveg sjerstaklega hentugt til áveitu, svo að hvergi mun vera eins annarsstaðar á landinu.

Þar sem hjer er um að ræða sjerstaklega arðvænlegt jarðræktarfyrirtæki, þá finst nefndinni alveg sjálfsagt að verða við tilmælum þessa fjelags. Og er henni því fremur ánægja að veita þannig lagaðan stuðning, sem fjelagið hefir hvorki fengið nje farið fram á nokkurn beinan styrk til fyrirtækisins, þrátt fyrir það, þó öll fordæmi hafi bent þeim í þá átt, og naumast hefði verið hægt að neita um slíkt, eftir alt, sem á undan er gengið í þeim málum.

Helgi Jónatansson í Reykjavík fer fram á það að fá 80000 kr. lán til þess að reisa niðursuðuverksmiðju. Er þetta gert í samráði við Búnaðarfjelagið og Fiskifjelagið. Fylgja meðmæli frá formönnum þessara fjelaga. Markmið verksmiðjunnar á fyrst og fremst að vera það að sjóða niður þær vörutegundir, er nú flytjast inn í landið, en hægt er að framleiða hjer. Skal hún fyrst og fremst fullnægja þörfum landsmanna í þeim efnum, eftir því sem unt er, og ennfremur framleiða þær niðursuðuvörur, sem líklegar eru til sölu erlendis. Gert er ráð fyrir, að verksmiðjan verði undir yfirumsjón og eftirliti ríkisstjórnarinnar og starfi einnig í samráði við áðurnefnd fjelög.

Það liggur í augum uppi, að ef vel til tækist, ætti svona fyrirtæki að geta orðið mjög svo nytsamt og arðvænlegt fyrir þjóðarbúskapinn, og finst nefndinni því ofur eðlilegt, að fjárveitingarvaldið veiti aðstoð sína til að koma því á fót. Hún vill því mæla með, að allhá upphæð, þó ekki eins há og farið er fram á, verði lánuð til að koma fyrirtækinu af stað. En ríka áherslu leggur hún á það, að stjórnin láti ekki fjeð af hendi, nema öruggar tryggingar sjeu fyrir, að nægilegt rekstrarfje komi annarsstaðar frá og það, sem á vantar af stofnkostnaðinum.

Mjólkurfjelagið Mjöll í Borgarfirði hefir 2—3 undanfarin ár haft með höndum niðursuðu rjóma á flöskur. Hefir það bygt sjer hús á Beigalda og sett þar niður vjelar og önnur áhöld til þessarar rjómasuðu fyrir yfir 20 þús. kr. Fyrirtækið hefir gengið sæmilega vel og er vonandi komið úr allri hættu, sem fyrstu tilraunirnar oft hafa í för með sjer. Nú vill fjelagið færa út starfsvið sitt og sjóða niður nýmjólk á dósir, og með því skapa markað fyrir mjólkurframleiðslu bænda í Borgarfirði, og jafnframt framleiða vöru í landinu sjálfu, sem nú er flutt inn í stórum stíl og greidd er með stórfje út úr landinu. Fyrirtæki þetta yrði alldýrt, og mundi ekki nægja minna en um 60 þús. kr. í stofnkostnað, auk þess sem áður hefir verið lagt í fyrirtækið og fyr er getið. — Nefndin álítur þetta fyrirtæki

engu síður lofsvert og mikilsvarðandi en það, sem síðast var getið, og leggur til, að það sje stutt á þann hátt, sem breytingartillagan um getur.

Austur-Húnvetningar hafa keypt læknisbústað á Blönduósi ærnu verði og óska eftir láni til að greiða með nokkurn hluta kostnaðarins. Vill nefndin síst neita sýsluſjelögum um lán til svo þarfra fyrirtækja, og mælir því með þessari beiðni.

Skeiðaáveituſjelagið virðist í svipinn mjög að fram komið vegna þess hve áveitan hefir orðið margfalt dýrari en upphaflega var til ætlast, bæði vegna lækkandi verðs peninga og þess, að langtum erfiðara reyndist um skurðgröft en verkfræðingarnir höfðu gert ráð fyrir, þar sem fara þurfti í gegnum klöpp á nokkru svæði, sem ekkert var um getið í áætluninni. Nefndin vill því veita þeim lán, er ætti að nægja til að standa straum af lánunum í eitt ár.

Ungur og efnilegur bóndi vestur í Dalasýslu sækir um styrk til að endurreisa eyðibýli, er liggur við fjölfarinn fjallveg. Hefir hann ágæt meðmæli merkra manna þar vestra um nauðsyn þessa máls. Nefndin vill styðja áhuga þessa manns og ræktunarviðleitni og verða að nokkru leyti við óskum hans, enda má höfuðatriðið telja nauðsyn þessa býlis fyrir vegfarendur.

Ungur stýrimaður einn, að nafni Jón G. Ólafsson, hefir gert þrjár merkilegar uppfundningar, sem mjög eru rómaðar af sjerfróðum mönnum. En til þess að þær komi honum að notum, þarf hann að kaupa einkaleyfi í nokkrum helstu iðnaðarlöndunum. Þetta kostar allmikið fje, en hann er fátækur og getur ekki af eigin ramleik komið því í framkvæmd. Leitar hann því aðstoðar Alþingis, og vill nefndin mæla með, að honum sje veitt lán í þessu skyni, enda má gera ráð fyrir því, að hann muni brátt geta endurgreitt það, ef rjett er frá skýrt um verðmæti uppfundninganna.

Hallærislán Grunnavíkurhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu og Árneshrepps í Strandasýslu vill nefndin mæla með að verði látin standa vaxta- og afborgunarlaus um nokkur ár. Hreppar þessir eru nú sem stendur mjög illa staðir, og telur nefndin það því að eins ofurlitla tilhliðrunarsemi af hálfu fjárveitingarvaldsins að veita þeim þessar ívilnanir.

Samskonar ástæður eru fyrir tillögu þeirri að láta rafveitulán Suðurfjarðarhrepps standa afborgunarlaust um 5 ár.

Þá vill nefndin heimila stjórninni að ábyrgjast ýmsar fjárupphæðir fyrir þörf fyrirtæki, og mun nánari grein gerð fyrir þeim heimildum í framsögu og eftir því sem umræður falla. Sama er og að segja um aðrar tillögur nefndarinnar, sem eigi er minst á í þessu áliti eða talið verður, að þurfi ítarlegri skýringa við.

Alþingi, 4. apríl 1923.

Þorleifur Jónsson, formaður.	Magnús Pjetursson, skrifari og framsögum.	Þórarinn Jónsson.
Jón Sigurðsson.	Ing. Bjarnarson.	Eiríkur Einarsson.

Bjarni Jónsson frá Vogi,
að áskildum rjetti til að gera minnihlutatill. um nokkur atriði.

(A. XXVII, 3).

Ed. **265. Frumvarp**

til laga um rjettindi og skyldur hjóna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 172 (sbr. Alþt. 1922, A. þskj. 2), með breytingunum á þskj. 240.

(A. XIX, 5).

Ed. **266. Frumvarp**

til laga um vitabyggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta byggja vita þá, er um ræðir í 2. gr., eftir því sem vinnukraftur sá, sem vitamálastjórnin hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að setja upp sjómerki á landi og sjó þar sem þörf gerist og hentugt þykir.

Bygging vitanna framkvæmist eftir þeirri röð, er ríkisstjórninni með ráðum vitamálastjóra þykir rjett.

Einnig er ríkisstjórninni heimilt að gera þær breytingar og endurbætur á vitum þeim, er þegar eru bygðir, sem reynslan sýnir að nauðsynlegar sjeu.

2. gr.

Heimildin í 1. gr. fyrstu málsgr. nær til vita þeirra, er hjer greinir:

A. Stærri vitar (ljósmagn meira en 12 sm.).
1. Þjófaklettsviti við Borgarfjörð.
2. Hjörseyjarviti á Mýrum.
3. Krossnesviti við Grundarfjörð (eða Melrakkaey).
4. Klofningsviti við Flatey á Breiðafirði.
5. Látravíkurviti við Horn.
6. Hrúteyjarviti við Hrútafjörð.
7. Heggstaðanesviti við Húnaflóa.
8. Blönduósviti við Húnaflóa.

9. Hegranesviti við Skagafjörð.
10. Straumnesviti við Skagafjörð.
11. Grímseyjarviti í Grímsey.
12. Tjörnesviti á Tjörnesi.
13. Rauðagnúpsviti á Sljettu.
14. Höfðaviti hjá Raufarhöfn.
15. Grenjanesviti á Langanesi.
16. Svínalækjartangaviti á Langanesi.
17. Digranesviti milli Bakkaflóa og Vopnafjarðar.
18. Kolbeinstangaviti í Vopnafirði.
19. Glettinganesviti milli Borgarfjarðar og Loðmundarfjarðar.
20. Seleyjarviti við Reyðarfjörð.
21. Hálsaviti við Hestgerðislón.
22. Mýrartangaviti á Mýrum í Skaftafellssýslu.
23. Elliðaeyjarviti í Vestmannaeyjum.

B. Minni vitar (ljósmagn minna en 12 sm.).
1. Borgareyjarviti við Borgarfjörð.
2. Rauðanefsviti við Borgarfjörð.
3. Borgarnesviti við Borgarfjörð.
4. Búðaviti sunnanvert á Snæfellsnesi.
5. Stapaviti sunnanvert á Snæfellsnesi.
6. Sandsviti undir Jökli.
7. Ólafsvíkurviti undir Jökli.
8. Vatneyrarviti við Patreksfjörð.
9. Suðureyrarviti við Tálknafjörð.
10. Steinanes- eða Langanesviti við Arnarfjörð.
11. Þingeyrarviti við Dýrafjörð.
12. Flateyrarviti við Önundarfjörð.
13. Suðureyrarviti við Súgandafjörð.
14. Bolungarvíkurviti við Ísafjarðardjúp.
15. Æðeyjarviti við Ísafjarðardjúp.
16. Sljettueyrar- eða Grunnavíkurviti við Ísafjarðardjúp.
17. Hrúteyjarnesviti við Ingólfsfjörð.
18. Ingólfsfjarðarviti við Ingólfsfjörð.
19. Krossanesviti milli Ingólfsfjarðar og Norðurfjarðar.
20. Naustvíkurviti við Reykjarfjörð.
21. Borðeyrarviti við Hrútafjörð.
22. Hvammstangaviti við Miðfjörð.
23. Skagastrandarviti við Húnaflóa.
24. Selnesviti við Skagafjörð.
25. Hofsósviti við Skagafjörð.
26. Haganesviti hjá Haganesvík.
27. Dalatárviti við Siglufjörð.
28. Húsavíkurviti við Skjálfanda.

29. Kópaskersviti við Axarfjörð.
30. Bakkafjarðarviti við Bakkafjörð.
31. Skipahólmsviti við Vopnafjörð.
32. Bakkagerðisviti við Borgarfjörð eystri.
33. Brekkuviti við Mjóafjörð.
34. Grímutangaviti við Reyðarfjörð.
35. Stöðvarfjarðarviti við Stöðvarfjörð.
36. Breiðdalsvíkurviti við Breiðdalsvík.
37. Hvalsnesviti við eystra Horn.
38. Þorlákshafnarviti við Þorlákshöfn.
39. Hópsnesviti við Grindavík.
40. Stafnesviti á Miðnesi.

C. Þokulúðurstöðvar:
1. Seley.
2. Stokksnes.
3. Reykjanes.
4. Grótta.
5. Siglunes.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, með ráði vitamálastjóra, að breyta um legu og ljósmagn vitanna, eftir því sem hentugra kynni að þykja, en þó svo, að þeir komi þeim svæðum að gagni, sem framantöldum vitum er ætlað að ná til.

4. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnótt og fje er veitt þar til í fjárlögum eða lánsheimild gefin með lögum.

(B. XI, 7).

Ed. **267. Frumvarp**

til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 46, með breytingunum á þskj. 117 og 251.

(A, IX, 4).

Ed. **268. Breytingartillögur**

við frumvarp til vatnalaga.

Frá allsherjarnefnd o. fl.

1. Við 22. gr.
   Í stað orðanna í 1. lið: »brunabótavirðingum« og »brunabótavirðingu« komi: fasteignamatsverði.

2. Við 23. gr.
   Í stað orðanna í 1. lið: »er liggur að lóð hans« komi: er lóð hans telst til.

3. Við 65. gr.
   Í stað »200 eðlishestöflum« komi: 500 eðlishestöflum.

4. Við 89. gr.
   Í stað orðanna »notkun þeirra« komi: gerð þeirra og notkun.

(A. XXVII, 4).

Ed. **269. Breytingartillaga**

við frv. til laga um rjettindi og skyldur hjóna.

Frá allsherjarnefnd.

Við 90. gr.
1. málsl. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1924.

(B. XL, 2).

Ed. **270. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skifting Eyjafjarðarsýslukjördæmis í tvö kjördæmi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og sjer hún sjer ekki fært að mæla með því við háttvirta deild, að hún samþykki það.

Nefndin er sammála um, að mál þetta hafi fengið svo lítinn undirbúning, að þegar af þeirri ástæðu sje ekki hægt að mæla með því, að gera frv. að lögum á þessu þingi. Engin vissa er enn fengin fyrir því, að meiri hluti kjósenda í kjördæminu muni æskja eftir breytingu þessari, eða þyki ekki jafnvel rjettur sinn skertur, ef hún kæmist á. Auk þess mun það vera í fyrsta skifti að farið er fram á að skifta hjeraði í tvö kjördæmi, án þess að kjördæminu hafi áður verið skift í sýslufjelög.

Nánari grein verður gerð fyrir skoðun nefndarinnar við framsögu málsins.

Alþingi, 4. apríl 1923.

Jón Magnússon, formaður.

Sigurður H. Kvaran, framsögumaður.

Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.

(A. IX, 5).

Ed. **271. Breytingartillögur**

við frv. til vatnalaga.

Flutningsm.: Einar Árnason.

1. Við 1. gr.
A undan fyrstu málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Almenningur: Sá hluti vatns, sem liggur fyrir utan vatnsbelti landareignanna.

2. Við 7. gr.
C-liður verði þannig:
c) að veita vatni úr landi sínu í annara land,
ef tjón eða hætta er af því búin eign annars manns eða rjettindum, óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta að nokkru ráði fyrir hagsmuni ríkis eða almennings.

(B. LXXV, 1).

Nd. **272. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

Frá minni hluta fjárveitinganefndar.

1. gr.

Til viðbótar við 12. gr. er veitt:

1.	Til geitnalækninga, gegn $^2/_3$ annarsstaðar að	kr.	3000
2.	Til Halls Hallssonar, til að lúka tannlæknisnámi og til verkfærakaupa	—	1000
3.	Til Benedikts Björnssonar, til að leita lækninga við sjóndepru...	—	2500
4.	Til geislastofunnar, til að bæta við sig nýjum áhöldum	—	4800
5.	Til Röntgentækja á Akureyri, sakir straumbreytingar	—	10000
6.	Til sjúkraskýlis á Blönduósi, $^1/_3$ kostnaðar, alt að...	—	6500

2. gr.

Til viðbótar við 13. gr. er veitt:

1.	Viðbótarlína frá Reykjarfjarðarlínunni til Kaldrananess	kr.	6500
2.	Til Breiðafjarðarbátsins »Svans«...	—	18000

3. gr.

Til viðbótar við 14. gr. er veitt:

1.	Til Sigurðar P. Sivertsen, þriðja aldursbót á launum hans, kr. 500 + 300	kr.	800
2.	Ferðastyrkur biskups á norrænan biskupafund	—	2500
3.	Til að bæta íslenskum stúdentum erlendis upp gengismun á fjársendingum heiman að	—	5000

4. gr.

Til viðbótar við 15. gr. er veitt:

1.	Til dr. Jóns Þorkelssonar og próf. Páls E. Ólasonar, til að sækja fund norrænna sagnfræðinga	kr.	5000
2.	Til dr. Helga Jónssonar, til að sækja fund náttúrufræðinga i Gautaborg	—	2500
3.	Til forstjóra veðurathugunarstofunnar, til að sækja fund veðurfræðinga í Utrecht	—	2500
4.	Til Sigurðar Magnússonar læknis, til að sækja fund berklalækna á Norðurlöndum	—	2500
5.	Hljóðfæraskólinn	—	1200

5. gr.

Til viðbótar við 16. gr. er veitt:

1. Til Guðbjargar Þorleifsdóttur í Múlakoti, til viðurkenningar fyrir trjárækt ... ... kr. 500
2. Til Páls G. Jónssonar í Garði í Fnjóskadal, til viðurkenningar fyrir dýralækningar... ... ... — 1000
3. Til framhalds hafnargarðs á Sandi, 1/3 kostnaðar, alt að ... ... — 10000
4. Til sjóvarnargarðsins á Siglufirði, helmingur kostnaðar, alt að... — 10000
5. Til rannsóknar á Andakílsfossunum, helmingur kostnaðar, alt að — 3000
6. Til stofnenda Sveinatungubúsins, til greiðslu á Ræktunarsjóðsláni ... ... — 3500
7. Til Em. Cortes prentara, utanfararstyrkur til að kynna sjer litprentun seðla og frímerkja ... ... — 2500
8. Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna, styrkur... ... ... — 2000

Enda lætur hann af kennaraembætti sínu, en heldur fullum launum.

6. gr.

Til viðbótar við 18. gr. er veitt:

1. Til Árna Th. Pjeturssonar kennara þangað til stjórnin veitir honum starf hans eða annað álika ... ... kr. 500
2. Til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungarvík... ... ... — 12000

7. gr.

Til viðbótar við 21. gr. er stjórninni heimilað að láta eftirfarandi lán:

1. Alt að 16000 kr. handa Skeiðaáveitufjelaginu. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn tryggingum, er stjórnin tekur gildar. Það stendur vaxtalaust 2 fyrstu árin.
2. Alt að 10000 kr. til Jóns G. Ólafssonar, til að kaupa einkaleyfi á uppfundningum sínum. Lánið skal veitt til 10 ára, gegn 5½% vöxtum, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.
3. Alt að 3000 kr. til matarfjelags Kennaraskólans til 10 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.
4. Alt að 8000 kr. til Geithellahrepps, til vitabygginga. Lánið er veitt til 15 ára, með 5½% vöxtum, gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar.
5. Alt að 20000 kr. til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn tryggingum, er stjórnin tekur gildar.

Greinargerð.

Minni hluti fjárveitinganefndar ber fram þessi fjáraukalög af eftirfarandi ástæðum:

Fjárveitinganefnd hefir hvað eftir annað skorað á stjórnina að bera þetta fram, en engin skýr svör fengið. Þykir nú setið meðan sætt var og eigi eftir betra að bíða.

Þær fjárveitingar, sem hjer eru settar, mega eigi vera í fjárlögum 1924 fyrir því, að þær skekkja um of niðurstöðu þeirra og mundu sýna óeðlilega mikinn halla á þeim. En við þá miklu og sjálfsögðu gætni þingmanna mundi það drepa niður ýmsar nauðsynlegar fjárveitingar á árinu 1924.

Höfuðástæða til þess, að þing er nú háð á hverju ári, er sú, að þingið hefir þá fyllra og rjettara yfirlit yfir fjárhaginn og þarfirnar. En allur sá fjárveitingagrautur, er kæmi fram við þá aðferð að veita í fjárlögum 1924 fje, sem á að veita í ár, mundi brjóta algerlega í bág við þetta.

(A. I. 4).

Nd. **273. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1924.

Frá minni hluta fjárveitinganefndar.

1.	Við 10. gr.	B. 6. Nýr liður: Til útgáfu manntalsins frá 1703	kr.	1000
2.	— 12. —	13. k. Nýr liður. Til Kristjáns Jónassonar, til þess að bæta honum að nokkru skaða, er hann beið af sóttvarnarráðstöfunum	—	1500
3.	— 14. —	B. I. a. (Laun háskólakennara). Fyrir »111300« kemur	—	112100
4.	— 14. —	B. I. c. 1. (Námsstyrkur stúdenta). Fyrir »12000« kemur	—	18000
5.	— 14. —	B. I. c. 2. (Húsaleigustyrkur stúdenta) Fyrir »6000« kemur	—	9000
6.	— 14. —	B. XIV. 1. (Ungl. og alþýðuskólar). Fyrir »30000« kemur	—	40000
7.	— 15. —	3. b. (Aðstoð þjóðmenjav.). Fyrir »1200« kemur	—	2400
8.	— 15. —	22. a. (Jóh. L. L. Jóh.). Fyrir »7000« kemur	—	8000
9.	— 15. —	32. Nýr liður: Til Hjálmars Lárussonar skurðlistarmanns..	—	500
10.	— 15. —	41. Nýir liðir: a. Til hljóðfæraskólans í Reykjavík	—	2500

b. Til Jóns Þorsteinssonar frá Hofsstöðum, til íþróttanáms .. .. kr. 1200
c. Til Markúsar Kristjánssonar slaghörpuleikara, til náms .. .. — 1800

11. Við 18. gr. II. c. 3. Nýir liðir:
a. Til Sigurðar prófasts Jenssonar.. ... ... — 570
b. Til Bjarna prófasts Einarssonar ... ... — 580

12. — 21. — Nýir liðir:
a. Til R. Andersson skraddara, til þess að sauma landsforða af karlmannafatnaði úr íslenskum dúkum til gjaldeyrissparnaðar .. .. — 20000
Lánið er veitt til 12 ára, með 5½% í vexti, afborgunarlaust tvö fyrstu árin, gegn trygging, sem stjórnin tekur gilda.
b. Til Lúðvíks Guðmundssonar stúdents, til þess að nema skipulagsfræði..... ... . kr. 10000
Lánið er veitt til 15 ára, með 5½% í vexti, en skal vera vaxtalaust og afborgunarlaust fyrstu fimm árin, gegn tryggingum, er stjórnin metur gildar.
c. Stjórninni er heimilt að verja 20000 krónum til þess að lána efnilegum mönnum til framhaldsnáms erlendis, gegn þeim tryggingum, er hún telur nægja. Lán þessi skal veita til 10 ára, með 5½% í vexti, en afborgunarlaust í 2—4 ár eftir ástæðum.

(B. XLIV, 2).

Nd. **274. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 19. júní 1922, um breyting á lögum um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907.

Frá mentamálanefnd.

Með lögum þessum er sú kvöð lögð á sóknarprestana, að þeir skuli kauplaust vera prófdómarar við hin lögskipuðu barnapróf í prestaköllum þeirra. Með þessu ákvæði eru þeir settir skör lægra en aðrir prófdómarar við þessi próf, sem allir hafa lögákveðna borgun.

Þetta telur meiri hlutinn ósanngjarnt, og það því fremur, sem prestarnir, auk þess að vinna kauplaust að þessu starfi, verða alstaðar að terðast um lengri eða skemmri veg til prófanna, sem sumstaðar eru haldin á 3—4 stöðum í prestakalli, án þess að fá nokkurn ferðakostnað. Getur þessi

kostnaður í sumum prestaköllum, einkum þar sem er yfir sjó að fara, numið fleiri tugum króna í útlögðum peningum.

Meiri hlutinn vill ráða bót á þessari ósanngirni, með því að ákveða prestunum ferðakostnað, svo að þeir, ofan á kauplausa vinnu við prófin í marga daga um mesta annatíma þeirra (fermingarundirbúninginn), ekki þurfi endurgjaldslaust að greiða fje úr sínum vasa í þarfir hins opinbera.

Minni hluti nefndarinnar, formaður, vill helst fella lögin úr gildi, og er því mótfallinn öllum breytingum á þeim.

Meiri hlutinn leggur því til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með svo látandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Síðari málsgrein 3. greinar orðist svo:

Fyrir störf samkvæmt þessari grein ber sóknarprestum engin sjerstök borgun. Þó fá þeir endurgoldinn úr ríkissjóði, eftir reikningi, ferðakostnað við barnapróf.

Alþingi, 26. mars 1923.

Sigurður Stefánsson, frsm. Gunnar Sigurðsson, fundaskr.

Magnús Pjetursson. Einar Þorgilsson.

Þorsteinn Jónsson, form., með fyrirv. samkv. framanskráðu.

(B. LXXVI, 1).

Ed. **275. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. grein VII, 39. og 40. liður orðist svo:

39. a. Reykjavík: Reykjavíkursókn.
b. Mosfell: Lágafells-, Viðeyjar- og Brautarholtssóknir.

40. Reynivellir: Reynivalla- og Saurbæjarsóknir.

Astæður.

Frumvarp þetta er fram borið eftir áskorun fjölmenns safnaðarfundar, sem haldinn var að Lágafelli 12. nóv. 1922, sem samþykti í einu hljóði áskorun til Alþingis um, að Mosfellsprestakall verði látið halda sjer eins og verið hefir. Þessari áskorun fylgja eindregin meðmæli hjeraðsfundar fyrir Kjalarnessprófastsdæmi, dags. 15. janúar 1923, meðmæli prófasts í Kjalarnessprófastsdæmi, dags. s. d., álit safnaðarfundar í Reykjavík, dags. 24. janúar 1923, sem telur »algerlega ófært, að dómkirkjuprestunum sje ætlað að þjóna Lágafells- og Viðeyjarsóknum«, og loksins álit biskups $^{18}/_{2}$ 1923, sem lýsir ítarlega nauðsyninni á þessari lagabreytingu.

(B. XXV, 6).

Nd. **276. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

A eftir 1. málsgr. 4. gr. komi ný málsgr., er hljóði svo:

Nú skýrir kjósandi frá því, að hann, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, sje eigi fær um að kjósa á þann hátt, sem fyrirskipað er í lögum þessum, og skal þá sá, er kjósandi nefnir til og nærstaddur er, veita honum aðstoð til að kjósa. Skal þessa getið í fylgibrjefinu, svo og nafns þess, er aðstoðina veitti. Sá, er aðstoðina veitti, er bundinn þagnarskyldu um það, hvernig atkvæði kjósanda hefir fallið.

Tala gr. breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

(B. LX, 2).

Nd. **277. Nefndarálit**

um frv. til laga um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og ræður hún hv. deild til að samþykkja það með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Í öllum kaupstöðum landsins, og sömuleiðis í hverju því kauptúni, sem hefir 1000 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir fyrir almenning, sem aðganga er seld að.

2. Við 3. gr. a-liður orðist svo:
Ódýrir, fræðandi fyrirlestrar, sem styrktir eru af opinberu fje, svo sem stúdentafjelagsfyrirlestrar.

3. Við 6. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
Ríkið leggur til ókeypis lóð á Arnarhólstúni.

Alþingi, 5. apríl 1923.

Þorsteinn Jónsson, form. og frsm. — Gunnar Sigurðsson, fundaskrifari.

Sigurður Stefánsson. Magnús Pjetursson. Einar Þorgilsson.

(B. XIX, 3).

Ed. **278. Lög**

um berklaveiki í nautpeningi.

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl).

1. gr.

Með lögum þessum er öllum þeim, sem eiga eða hafa undir hendi nautgripi, gert að skyldu að tilkynna dýralækni hið fyrsta að hægt er öll þau sjúkdómstilfelli hjá nautpeningi, sem vekja grun um berklaveiki, samkvæmt leiðarvísi, sem atvinnumálaráðuneytið lætur semja og útbýta, og skal hann þá sjá um, að rannsókn fari fram svo fljótt sem við verður komið.

2. gr.

Kostnað þann, sem af slíkri rannsókn leiðir, hvort sem dýralæknir framkvæmir hana sjálfur eða felur öðrum, skal eftir nánari ákvæðum atvinnumálaráðuneytisins greiða úr ríkissjóði, ef sjúkdómurinn reynist berklaveiki; ella greiðist hann að hálfu af hvorum, eiganda grips og ríkissjóði.

3. gr.

Nú reynist nautgripur berklaveikur, og skal þá dýralæknir strax tilkynna það simleiðis atvinnumálaráðuneytinu. Er ráðuneytinu þá heimilt, með ráðum dýralæknis, að fyrirskipa niðurskurð á hinum sjúku gripum og sótthreinsun eftir þörfum. Niðurskurð skal að jafnaði fyrirskipa, ef um fáa gripi er að ræða, og ávalt, ef gripirnir teljast hættulegir vegna opinna, smitandi berkla. Sjeu sjúku gripirnir aftur á móti svo margir, að ekki þyki gerlegt að skera alt niður, enda ekki nauðsynlegt vegna smithættu, heimilast ráðuneytinu að fyrirskipa einangrun nautgripa á litlu eða stóru svæði, svo sem einum bæ eða fleirum saman, heilum hreppi eða sýslu, og mega nautgripir þá ekki fara burt af svæðinu nema til slátrunar, og þá þannig, að ekki komi þeir saman við aðra nautgripi. Skulu yfirvöld hrepps eða sýslu sjá um, að einangrunarfyrirskipuninni sje rækilega fylgt.

4. gr.

Þegar fyrirskipaður er niðurskurður á nautgrip eftir lögum þessum, skal ríkissjóður greiða eiganda gripsins skaðabætur, sem svarar 1/3 af andvirði kjötkroppsins eins og hann mundi seljast ósjúkur og í heilu lagi í næsta kauptúni. Annars eru eiganda frjáls afnot húðarinnar, svo og kjöts og sláturs, ef og að svo miklu leyti sem dýralæknir telur það hæft til manneldis. -- Sótthreinsunarlyf og umsjá með sótthreinsun annast ríkissjóður á sinn kostnað, en skylt er eiganda að leggja til alla þá hjálp endurgjaldslaust, er með þarf, bæði við rannsókn og niðurskurð gripa, svo og við sótthreinsun.

5. gr.

Setja má með reglugerð ákvæði um útrýming berklaveiki í nautpeningi á einangruðu svæði, svo og um eftirlit með því, að einangruninni sje tryggilega fylgt.

6. gr.

Brot móti lögum þessum og reglugerð, sem ræðir um í 5. gr., varða sektum, frá 50 til 500 kr., er renna í ríkissjóð. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. II, 7).

Nd. **279. Lög**

um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919. [*Ritsíma- og talsímakerfi*].

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl).

Aftan við lagagreinina bætist:

Lína frá Þórshöfn til Skála og ennfremur lína til Gunnólfsvíkur.

(A. II, 5).

Nd. **280. Lög**

um samþyktir um sýsluvegasjóði.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir um stofnun sýsluvegasjóða.

2. gr.

Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufjelögum, greiðist úr sýsluvegasjóði.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum fasteignum innan hverrar sýslu. Skattur þessi greiðist á mauntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kauptúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera það ár, en hann skal vera minst $1^1/_2$ af hverju þúsundi af virðingarverði skattskyldra fasteigna, samkvæmt fasteignamati, og má eigi hærri vera en 6 af þúsundi, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Skal skatturinn miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbættri eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur samkvæmt 8. gr. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherrann samþykt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfjelagið ver til vegagerðar innan-

hrepps á því ári að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefir til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

5. gr.

Heimilt er sýslunefndum að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundraðsgjald, er miðist við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýslunnar. Hámark hundraðsgjalds í einstökum hreppi má ekki vera meira en 30% hærra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýslusjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fje á móti, eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

6. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyjajarðir ásamt húsum og lóðum á þeim, ennfremur að ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati vegna sjávarhlunninda.

Á sama hátt má einnig ívilna þeim kauptúnum, sem eru sjerstakt hreppsfjelag og hafa lítil not af vegakerfi sýslunnar.

7. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþyktar, og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

8. gr.

Nú eru útgjöld sýsluvegasjóðs meiri en sem svarar 2 af þúsundi á skattskyldum fasteignum, og skal þá greiða tillag í sjóðinn úr ríkissjóði, móts við þann hluta vegaskattsins, sem er umfram 2‰, sem hjer segir:

Móts við þann hluta skattsins, sem er frá 2‰ til 4‰, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði.

Móts við þann hluta, sem er frá 4‰ til 6‰, greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði.

Móts við það, sem umfram er 6‰, greiðist þrefalt framlag úr ríkissjóði, enda hafi samþykki ráðherra verið fengið samkv. 3. gr.

Tillag ríkissjóðs má greiða jafnóðum og þörf krefur, eftir meðmælum vegamálastjóra.

9. gr.

Eftirstöðvar af lánum þeim, sem sýslufjelög hafa tekið til vegabóta áður en lög þessi öðlast gildi, má greiða úr sýsluvegasjóði, með skilorði því, er getur í niðurlagi 3. gr.

10. gr.

Nú er samþykt gerð af sýslunefnd, og skal hún þá send atvinnu- og samgöngumálaráðherra til staðfestingar. Virðist honum hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður ráðherra. Að öðrum kosti staðfestir hann samþyktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hve nær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er ráðherra hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

11. gr.

Gjöldum til vega samkvæmt samþyktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

12. gr.

Fyrir brot gegn samþykt má ákveða sektir, alt að 200 kr., er renna í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

13. gr.

Jafnframt og ráðherrann staðfestir samþykt fyrir einhverja sýslu samkvæmt lögum þessum fellur úr gildi í þeirri sýslu ákvæði 20. gr. laga um vegi, 22. nóv. 1907, um gjöld verkfærra manna til sýslusjóðs, og ennfremur ákvæði 6. gr. laga nr. 41 frá 11. júlí 1911, um hve nær verslunarstaðir, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, skuli vera lausir við að greiða sýsluvegagjald.

(B. XXV, 7).

Ed. **281. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 1. gr. laga nr. 47, 30. nóv. 1914, komi ný málsgrein, er verður 2. málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti mega þeir menn greiða atkvæði, sem eru ekki ferðafærir sakir elli eða vanheilsu, og komast því ekki á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir i þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Forföll eru sönnuð með læknisvottorði i kaupstöðum, en annarsstaðar með vottorði læknis eða hreppstjóra.

2. gr.

A eftir 1. málsgr. 4. gr. komi ný málsgr., er hljóði svo:

Nú skýrir kjósandi frá því, að hann, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, sje eigi fær um að kjósa á þann hátt, sem fyrirskipað er i lögum þessum, og skal þá sá, er kjósandi nefnir til og nærstaddur er, veita honum aðstoð til að kjósa. Skal þessa getið í fylgibrjefinu, svo og nafns þess, er aðstoðina veitti. Sá, er aðstoðina veitti, er bundinn þagnarskyldu um það, hvernig atkvæði kjósanda hefir fallið.

3. gr.

Á eftir 3. málsgr. 4. greinar komi ný málsgrein, er verður 4. málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stendur svo á, sem segir i 2. málsgrein 1. gr., og skal þá vottorðið gefið af húsráðanda kjósandans ásamt einum atkvæðisbærum manni.

4. gr.

Á eftir 4. málsgrein 4. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú vill húsráðandi sjálfur greiða atkvæði, er svo stendur á, sem segir i 2. málsgrein 1. greinar, og skal þá vottorðið gefið af húsráðanda í nágrenni við hann ásamt einum atkvæðisbærum manni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

6. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.—5. greinar þeirra í meginmál laga nr. 47, 30. nóv. 1914, og getur konungur gefið þau lög út með fyrirsögninni: Lög um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

(A. IX, 6).

Nd. **282. Frumvarp**

til vatnalaga.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

Samhljóða þskj. 9 (sbr. Alþt. 1921 A., þskj. 19), með breytingunum á þskj. 236, 268 og 271.

(B. XX, 2).

Nd. **283. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um að leggja jarðirnar Árbæ og Ártún í Mosfellshreppi og Breiðholt, Bústaði og Eiði í Seltjarnarneshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Um efni frv. þessa hafa staðið yfir samningar milli hreppsnefndanna í Seltjarnarneshreppi og Mosfellshreppi annars vegar og bæjarstjórnar Reykjavíkur hins vegar, og hefir nefndin átt nokkurn þátt í þeim samningum. Samkomulag hefir nú náðst um málið á þeim grundvelli, sem breytingartillögur nefndarinnar bera með sjer.

Um ástæðurnar að því er hverja jörð sjerstaklega snertir, visum vjer til greinargerðar þeirrar, er fylgdi samhljóða frv., sem lagt var fyrir Alþingi 1922, sjá Alþt. 1922, A. þskj. 55.

Nefndin hefir ekki getað sjeð, að sjerstaka nauðsyn bæri til að leggja sjálfar bújarðirnar Ártún og Árbæ undir Reykjavík, heldur einungis sneið vestan af landi þessara jarða, sem er Elliðaárnar með því landi, sem þarf til hagnýtingar á þeim, og lóð rafmagnsstöðvarinnar, sem Reykjavík hefir reist á árbakkanum í Ártúnslandi, og á þessum grundvelli liggur fyrir tilboð það um fjárgreiðslu frá Reykjavíkurbæ til Mosfellshrepps, sem greinir í 2. brtt. nefndarinnar. Hefir þetta tilboð að vísu ekki verið formlega samþykt af bæjarstjórn Reykjavíkur, en borgarstjóri hefir tjáð nefndinni, að gengið mundi verða að því, ef það verður tekið upp í lögin.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Jarðirnar Breiðholt, Bústaðir og Eiði í Seltjarnarneshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur frá fardögum 1923 að telja. Frá sama tíma skal og rafmagnsstöðin við Elliðaár ásamt íbúðarhúsi og lóð, svo og Elliðaárnar með árhólmanum, árfarvegunum og landi á austurbökkum ánna, er þarf til byggingar þeirra mannvirkja, er þurfa þykir framvegis til hagnýtingar vatnsorkunnar að fullu og vegna laxveiðinnar og starfrækslu hennar, úr landi jarðanna Ártúns og Árbæjar í Mosfellshreppi, lögð undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef

lög þessi væru ekki sett, í Seltjarnarneshreppi, vegna fæðingar eða dvalar á einhverjum af jörðunum Breiðholti, Bústöðum eða Eiði.

Á sama tíma skal Reykjavíkurkaupstaður greiða Seltjarnarneshreppi, í eitt skifti fyrir öll, tólf þúsund krónur og Mosfellshreppi þrjátíu og sjö þúsund krónur. Þessi síðarnefnda upphæð greiðist með skuldabrjefi, er ber 4% ársvexti og afborgast með eitt þúsund krónum á ári.

3. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Alþingi, 6. apríl 1923.

Jón Þorláksson,	Magnús Jónsson,
form. og frsm.	fundaskrifari.

Björn Hallsson. Gunnar Sigurðsson. Magnús Guðmundsson.

(B. LXXVII, 1).

Nd. **284. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, frá 19. febrúar 1886.

Flutningsmenn: Þorleifur Guðmundsson og Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

Ölfusá, ásamt ám þeim, sem í hana renna, skal undanþegin þeim ákvæðum í 1. gr. laga um friðun á laxi, frá 19. febrúar 1886, sem tilfærð eru hjer á eftir innan tilvitnunarmerkja og hljóða þannig: »A þessum veiðitima skal þó lax friðaður 36 stundir í viku hverri, eða frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum, og skulu þá öll laxanet tekin upp og allar veiðivjelar standa opnar, svo lax hafi frjálsa göngu«.

2. gr.

Það er bein afleiðing af undanþágu þeirri, er um ræðir í 1. gr., að með lögleiðing hennar (undanþágunnar) eru jafnframt úr lögum numin, svo langt sem undanþágan nær, tilsvarandi ákvæði nefndra laxfriðunarlaga frá 19. febrúar 1886, um sektir og aðra ábyrgð á hendur laxveiðieigendum eða laxveiðendum.

3. gr.

Að öllu öðru leyti skulu laxfriðunarlögin frá 19. febrúar 1886 óröskuð og í fullu gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 15. júní 1923.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið vegna áskorana frá nokkrum helstu laxveiðieigendum eystra, aðallega við Ölfusá.

Astæðurnar fyrir nefndum áskorunum eru samkvæmt hlutarins eðli hinar sömu, sem á verður vikið í greinargerð þessari.

Það er alment álit þeirra manna, sem best þekkja til laxgöngu og veiðiskapar í Ölfusá og ám þeim, sem í hana falla, að tiltölulega mjög lítill hluti af laxi þeim, sem í ár þessar gengur, veiðist í lagnetin.

Um aðrar veiðivjelar en net er þar ekki að ræða.

Orsökin til þess, að svo lítið veiðist í lagnetin, er sú, sjerstaklega að því er Ölfusá snertir, þar sem lagnetin eru aðallega notuð, að vatnsmegin árinnar er svo afarmikið, að enginn vegur er til þess, með þeim útbúnaði, sem þar þekkist og hingað til hefir tíðkast, að veiða nema örlítið brot af þeim laxi, sem í ána gengur. Enda má heita, að laxveiðin í Ölfusá sje yfirleitt sárlítil og svari varla kostnaði, nema þar sem best veiðist, og jafnvel þar öllu til skila haldið, að laxveiðin borgi sig, sje veiðin í löku meðallagi eða minni.

Það er því mjög einróma álit þar eystra meðal þeirra manna, sem best þekkja til í þessum efnum, að því fari mjög fjarri, að lagnetin eða lagnetaveiðin stöðvi svo teljandi sje eða hafi nokkur veruleg áhrif á laxgöngurnar, nema það örlitla sem veitt er; það fer auðvitað ekki lengra. Öll meginá in, eða meginrás árinnar, er opin og öndverð, svo að laxinn hefir að heita má frjálsa göngu, þótt öll net liggi.

Það má því telja það sönnu nær, að það sje tilviljun, ef eitthvað slæðist í netin, heldur en halda því fram, ef nokkur skyldi láta sjer detta það í hug, að laxgöngunni sje nokkur verulegur tálmi að lagnetunum eða nokkur verulegur hluti af laxgöngunni veiðist í þau.

En það ræður þó að líkindum, að helst er einhver veiðivon, þegar laxinn er í göngu, og venjulega að sjálfsögðu því meiri veiði því meiri sem laxgengdin er.

Nú getur, eins og gefur að skilja, oft borið svo undir, að svokölluð laxganga hitti einmitt á 36 stunda vikufriðunina, og að hún (gangan) komist framhjá, án þess að neitt veiðist af henni, á einni eða fleiri veiðijörðum. Komi það nú oft fyrir á sama veiðitimanum, sem vel getur átt sjer stað, að laxganga fari þannig algerlega framhjá á 36 stunda friðunartímabilinu, án þes

að neitt af henni veiðist, þá getur veiðin þar af leiðandi orðið svo rýr yfir veiðitímann, að hún svari ekki kostnaði, og það jafnvel, þótt allmikil laxgengd hafi verið í ánni á veiðitímanum, hvað þá þegar laxgengdin er lítil.

Samantalinn allur sá lax, sem veiddur er árlega í Ölfusá allri, skiftir vart þúsundum, jafnvel í bestu veiðiárum.

Væri nú, segjum, eitt eða á annað þúsund laxar nokkur verulegur hluti af öllum þeim laxi, sem í Ölfusá gengur árlega á öllum veiðitimanum, þá væri hún, af slíkri stórá að vera, furðulega laxsnauð.

Þó að því sje með rjettu haldið fram, að laxveiðina í Ölfusá muni mega telja mjög litla, í hlutfalli við laxgengdina í ánni, þá er engan veginn þar með sagt, að laxmengdin eða laxgengdin í henni geti mikil talist. Þvert á móti má víst telja hana tiltölulega fremur litla, þar sem um slíka stórá er að ræða og jafngóða veiðiá eins og hún sennilega er, í raun og veru, ef vel væri á haldið.

En aðalorsakirnar til laxtæðarinnar liggja áreiðanlega alt annarsstaðar en í lagnetaveiðinni. Ein aðalorsökin til þess, hve fátt er um laxinn í Ölfusá og ám þeim, sem í hana falla, er tvímælalaust selurinn, sem hefst við í stórhjörðum í Ölfusá neðanverðri, sjerstaklega í námunda við ósana. Fyrir honum er laxinn ekki eina stund friðaður.

Aðra höfuðorsök til laxfæðarinnar má hiklaust telja síðsumars- og haust-ádráttarveiði á hrygningarstöðvum laxins í sumum af ám þeim, sem í Ölfusá renna. Af þeirri veiði stafar afskaplega mikið tjón, en tiltölulega mjög lítið gagn — enda þótt veiði kunni stundum að vera töluverð. — Annarsvegar er gagnið lítið vegna þess, að venjulega er orðið svo áliðið þegar laxinn er veiddur, að hann er þá oftast orðinn mjög magur, og hinsvegar af því, að svo langt er að flytja hann á markað, að það er nærri ókleift að koma honum í verð, þótt markaðshæfur væri.

Það er óhætt að fullyrða það, að umrædd 36 stunda laxfriðun á viku í Ölfusá bakar þeim, sem helst ættu að geta haft nokkur hlunnindi eða atvinnu af laxveiði, svo mikið tjón, að með öllum þeim kostnaði, sem veiðin nú hefir í för með sjer, getur það borið mjög til beggja vona, hvort veiðin yfirleitt svari kostnaði eða ekki.

Aftur á hinn bóginn, eins og áður er á vikið, kemur 36 stunda friðunin á viku, rjett á litið, eiginlega engum manni að neinu gagni. Þá komum við loks að þeirri ástæðu, sem við teljum hvað mestu varða í þá átt að rjettlæta lagabreytingu þá, sem hjer er farið fram á, en hún er sú, að gera má óhikað ráð fyrir því, að slíkri friðun, sem hjer er um að ræða, hafi yfirleitt ekki verið og verði yfirleitt aldrei framfylgt í verki, nema á örfáum veiðijörðum, sem svo er í sveit komið, að þær liggja í eða mjög nálægt þjóðbraut.

Ætti eftirlit með framkvæmd friðunarinnar að vera í nokkru lagi eða bera nokkurn árangur, þyrfti að hafa svo marga eftirlitsmenn eða verði, að kosta mundi margfalt meiri fjárupphæð en öll laxveiðin nemur í allri Ölfusá og öllum ám þeim til samans, sem í hana falla.

(C. X, 1).

Nd. **285. Tillaga**

til þingsályktunar um landmælingar og landsuppdrætti.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að hefja sem fyrst samninga við landmælingadeild herforingjaráðsins danska, eða, ef hentugra reynist, við aðra, sem færir eru til þess, um framhald á mælingu og uppdráttum landsins.
2. Að tryggja með þeim samningum og öðru, að þessu verki verði haldið áfram óslitið, ef ekki banna óvæntir atburðir, enda verði verkið hafið eigi síðar en sumarið 1924 og lokið eigi síðar en 1935.
3. Að láta gera jafnóðum, er mælingum er lokið á hverjum stað, uppdrætti í mælikvarða 1 : 100000, með sama hætti og uppdráttur herforingjaráðsins af Húnavatnssýslu.
4. Að láta nú þegar fara að gera uppdrætti í mælikvarða 1 : 100000 og með þeim hætti, er um getur í 3. tölulið, af þeim hlutum landsins, sem þegar hafa verið dregnir upp í mælikvarða 1 : 50000.
5. Að sjá um, að uppdrættir þeir, eldri og nýrri, sem byggjast á þessum mælingum, sjeu jafnan á boðstólum hjer á landi við svo vægu verði, sem frekast er unt.

Greinargerð.

Landmælingar þær, sem framkvæmdar hafa verið hjer á landi af landmælingadeild herforingjaráðsins danska frá því um aldamót, hafa verið með því merkasta og nauðsynlegasta, sem unnið hefir verið hjer á landi á síðari árum. Eru slíkar mælingar, og uppdrættir þeir, sem á þeim byggjast, jafnnauðsynlegir fyrir þekkingu vora á landinu eins og skýrslur eru um hag þjóðarinnar, atvinnuvegi, afkomu og annað slíkt. Hafa þeir leitt í ljós, að auk þess, hve þekkingin á landinu var ófullkomin, vegna þess að uppdrættir þeir, sem áður voru til, voru svo smáir, þá var hún að ýmsu leyti röng, og situr enn við það í þeim hlutum landsins, sem ekki hafa verið mældir nú. Má þetta ekki vansalaust heita frá menningarsjónarmiði. En auk þess er það mjög bagalegt og gerir erfitt fyrir um áætlanir allar og ráðagerðir um verklegar framkvæmdir, svo sem vegagerðir og annað slíkt. Nákvæmir landsuppdrættir eru einnig nauðsynlegir fyrir ferðamenn, og yfirleitt er óþarft að telja alt það hagræði, fróðleik og skemtun, sem er að því að hafa þá, því að það er alþekt og viðurkent.

Mælingunum er nú svo langt komið, að uppdrættir liggja fyrir af öllu landinu frá Hornafirði, vestur og norður um land, nálega að mótum Húna-

vatnssýslu og Skagafjarðar, en auk þess hafa verið framkvæmdar mælingar í Skagafirði. Er talið svo, að verkið sje nú vel hálfnað, ef ætlast er til, að hálendið verði mælt með nokkru minni nákvæmni en bygðirnar. En á hinn bóginn fer ekki eins mikill tími eða vinna í það, sem eftir er, ef mælikvarði uppdráttanna er minkaður eins og tillagan gerir ráð fyrir. Uppdrættirnir koma á hinn bóginn nálega alveg að sömu notum, vegna þess hve strjálbygt landið er. Má gera ráð fyrir, að með líku áframhaldi og var 1902—1914 fari um 8 ár til þessa verks.

Eftir því sem jeg hefi næst komist, hafa farið um 380000 kr. til þessara mælinga og uppdrátta, og þar af tæpar 80 þúsundir af íslensku fje, eða liðlega 1/5 hluti. Er auðsætt, hve brýn nauðsyn er á því að láta svo stórfelt fyrirtæki ekki vera hálfgert. Stjórnin hefir og sjeð nauðsyn þessa og tekið upp í fjárlagafrv. fyrir 1924 35000 kr. í þessu skyni. En upphæð jafnstór er og í fjárlögum þessa árs til þessa sama, og fjárveitingar til þess hafa oftast eða ávalt verið í fjárlögum, án þess að þær væru notaðar. Þessi tillaga á því að miða að því að koma skriði á málið og leggja aðallínurnar að framkvæmd þess.

(C. XI, 1).

Ed. **286. Tillaga**

til þingsályktunar um bygging landsspítala.

Frá Ingibjörgu H. Bjarnason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta byggja landsspítala svo fljótt sem verða má og sitja fyrir öllum öðrum meiri háttar framkvæmdum ríkisins.

(A. XXVII, 5).

Nd. **287. Frumvarp**

til laga um rjettindi og skyldur hjóna.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 172 (sbr. Alþt. 1922, A. þskj. 2), með breytingunum á þskj. 240 og 269.

(B. XXIII, 3).

Ed. **288. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til, þegar þess er krafist og full ástæða þykir til, að takmarka eða banna notkun allskonar dragnóta, þar á meðal kolanóta — Snurrevaad — í landhelgi við strendur landsins, hvarvetna þar, sem veiðar eru stundaðar að jafnaði með handfærum, lóðum eða lagnetum, og ná þá takmörkunar- eða bannákvæðin til allskonar skipa, er slík veiðarfæri nota.

2. gr.

Heimilt skal þó jarðeigendum eða þeim, er afnotarjett hafa þeirra jarða, sem að sjó liggja á bannsvæðinu, að draga ádráttar- eða fyrirdráttarnætur á land.

3. gr.

Þegar krafa um takmörkun eða bann hefir komið til stjórnarráðsins, skal það áður en ákvörðun er tekin í málinu leita álits hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Fiskifjelags Íslands.

4. gr.

Akvarðanir þær, er stjórnarráðið setur í þessum málum, hafa lagagildi, og skulu þær birtar almenningi hið bráðasta, og jafnframt greind takmörk á svæði því, er þær ná til. Skulu lögreglustjórar og skip þau, er hafa landhelgisgæslu á hendi, sjá um, að ákvæðunum sje hlýtt.

5. gr.

Með lögum þessum er takmarkaður rjettur sá, er sýslunefndum er veittur með lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþyktir og lendingasjóði, til þess að gera samþyktir, að því leyti sem um er að ræða bann gegn veiðarfæranotkun.

6. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, er landsstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður hún á þann hátt, sem henni þykir við eiga um leið og hver ráðstöfun er gerð.

(B. XXX, 3).

Ed. **289. Lög**

um viðauka við lög nr. 33, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl).

1. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins er heimilt með samþykki fjármálaráðherra að veita barnakennurum, sem áttu rjett til styrks úr styrktarsjóði barnakennara eftir lögum 9. júlí 1909, árlegan styrk úr sjóðnum, alt að 600 kr. á ári, eftir þörfum þeirra. Styrk þennan má þó því aðeins veita, að kennarinn hafi verið leystur frá starfi sínu sökum elli eða vanheilsu, enda fari styrkurinn, að viðbættum lífeyri hans samkvæmt lögum nr. 33, 27. júní 1921, eigi fram úr 800 krónum.

Með sömu skilyrðum má og veita ekkjum barnakennara lífeyri úr sjóðnum, alt að 300 kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. XXIV, 8).

Ed. **290. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

Frá fjárveitinganefnd.

Við athugun þessa frv. hafði nefndin ekkert sjer til stuðnings annað en greinargerð þá, sem fylgir frv. frá stjórninni, og þar sem sú greinargerð er harla ófullkomin, þá verður nefndin að telja það mjög bagalegt, að engin skjöl bárust henni í hendur til skýringar hinum einstöku liðum frv.

Nefndin hefir því átt erfitt með að gera sjer grein fyrir því, hver nauðsyn hafi borið til ýmsra þeirra fjárveitinga, er í frv. standa, og því síður, að hún hafi getað fullkomlega sjeð, hvort haganlega hafi verið á fjenu haldið.

Af þessum ástæðum ætlar nefndin ekki að fjölyrða um frv. í heild sinni, þar sem líka svo er komið, að allar fjárhæðirnar í frv. eru þegar greiddar, að einni undanskilinni. Hjer verður því litlu, eða engu, um þokað.

Örfá atriði getur nefndin þó ekki leitt hjá sjer að drepa á.

Að sjálfsögðu hefir ekki verið hægt að komast hjá því að kosta nokkru til byggingar á prestssetrinu Mælifelli, eftir brunann þar, en að til þess skuli hafa gengið 30 þúsundir króna, sýnist nefndinni ekki bera vott um, að ýtrasta sparnaðar hafi verið gætt.

Nefndin er sammála hv. fjárveitinganefnd Nd. um það, að nauðsyn beri til að takmarka framvegis fjárframlög ríkissjóðs til kirkjugarðsins í Reykjavík. Telur nefndin, að löggjafarvaldinu sje innan handar að haga þessu svo, að legkaupin beri upp kostnaðinn við uppfyllingu kirkjugarðsins.

Þá hefir stjórnin veitt Verslunarráðinu 2000 kr. til að koma á fót frjettastofu. — Jafnvel þótt þessi fjárveiting orki tvímælis, vill nefndin þó, í þetta sinn, láta það ósátalið, þar sem um byrjunarfyrirtæki var að ræða. Hinsvegar vill nefndin taka það fram, að hún er algerlega ósammála þeim ummælum í nefndaráliti fjárveitinganefndar Nd., er lúta að því að hvetja stjórnina til að setja upp utanríkismálaskrifstofu, til að líta eftir verslunar- og markaðshorfum í útlöndum. Og þó að nefndin vilji enganveginn draga úr því, að stjórnin sje á verði um þessi mál, þá væntir hún þess, að ekki verði, að svo komnu, farið að gera neinar sjerstakar ráðstafanir í þessa átt, hvorki með fjárframlögum nje embættaskipunum, án þess að íhlutun Alþingis komi til.

Í framsögu verður gerð grein fyrir breytingartillögu nefndarinnar.

Alþingi, 6. apríl 1923.

Jóh. Jóhannesson, formaður.	Einar Árnason, fundaskrifari og frsm.

Ingibjörg H. Bjarnason. Hjörtur Snorrason. Jónas Jónsson.

(A. XXIV, 9).

Ed. **291. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 3. gr. 6.

Fyrir »1000« komi: 600.

Athugasemdin falli niður.

(A. I, 5).

Nd. **292. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1924 og breytingar- og viðaukatillögur við breytingartillögur á þskj. 254.

I. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 12. gr. 12. 1. (Varnir gegn berklaveiki).
Fyrir »75000« kemur 120000

II. Frá *Birni Hallssyni.*
Við 13. gr. B. III. 2. (Hróarstunguvegur).
Fyrir »10000« kemur 15000

III. Frá *Stefáni Stefánssyni.*
Við brtt. 254. 40. f. (Loftskeytastöðvar).
Fyrir »í Húsavik« kemur: á Siglufirði.

IV. Frá *atvinnumálaráðherra.*
Við 13. gr. E. III. Nýr liður:
Til að kaupa hús ásamt lóðarrjettindum, túni og girðingu við Garðskagavita 4000

V. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 13. gr. E. IV. (Sjómerki).
Fyrir »8000« kemur 13500
Aftan við liðinn komi:
Af upphæð þessari greiðist 5481,55 kr. eftirstöðvar af byggingarkostnaði smávitanna þriggja við Berufjörð frá 1922.

VI. Frá *atvinnumálaráðherra.*
Við brtt. 254, 52. (Yms gjöld á Hólum).
Fyrir »3000« kemur 5300

VII. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 3. Nýr liður:
Til viðbótarbyggingar alþýðu- og barnaskóla á Nesi í Norðfirði 6000

VIII. Frá *sama.*
Við 15. gr. 17. (Fræðafjelagið).
Liðurinn orðist svo:
Til Fræðafjelagsins:
a) Til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1000
b) Til að gefa út alþýðlega stjörnufræði eftir próf. Þorvald Thoroddsen 1500

IX. Frá *Pjetri Ottesen*
Við 15. gr. 33. Nýr liður:
Til Sigurðar Guðmundssonar, til náms í húsgerðarlist, að því tilskildu, að hann sanni fyrir stjórnarráðinu, að hann stundi nám með góðum árangri 1500

X. Frá *atvinnumálaráðherra.*
Við brtt. 254, 77. (Markaður fyrir fiskafurðir).
Fyrir »10000« kemur 20000

XI. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 16. gr. 23. Nýr liður:
Styrkur til ábúandans í Grísartungu, til húsabóta, til þess að geta hýst ferðamenn, er fara um Langavatnsdal, í eitt skifti fyrir öll 500

XII. Frá *Pjetri Ottesen.*
Við 16. gr. 31. Nýr liður:
Til að gera Eyrarfoss í Laxá í Svínadal laxgengan, þó ekki yfir þriðjung kostnaðar, alt að 800

XIII. Frá *Stefáni Stefánssyni.*
Við brtt. 254, 82. e. Nýr liður:
Til Siglufjarðarbryggju, þriðjungur kostnaðar, alt að ... 18000

XIV. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við brtt. 254, 82, II. (Lendingarbætur í Bás).
Fyrir »6000« kemur 9000

XV. Frá *Stefáni Stefánssyni.*
Við brtt. 254, 82. IV. (Sjóvarnarg. á Sigluf.).
Fyrir »helmingur kostnaðar, alt að 10000« kemur:
alt að 100000
gegn endurgjaldi að 1/3 annarsstaðar að.

XVI. Frá *Þorleifi Guðmundssyni.*
Við brtt. 254. 82. IV. Nýr liður:
Til þess að dýpka siglingaleiðir inn til Stokkseyrar, þriðjungur kostnaðar (Endurveiting) 8000

XVII Frá *Eiriki Einarssyni* og *Þorleifi Guðmundssyni.*
Við 18. gr. II. i. 11 (Ýmsir starfsmenn). Nýr liður:
Til Þórdísar ljósmóður Símonardóttur 700

XVIII. Frá *Magnúsi Kristjánssyni* og *Jóni Baldvinssyni.*

Við 21. gr. 3. Liðinn skal orða svo:

Alt að 20000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.

XIX. Frá *Lárusi Helgasyni.*

Við brtt. 254, 88. d. Nýr liður:

Alt að 5000 kr. til þess að kaupa læknisbústað í Síðuhjeraði.

Lánið veitist til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð Vestur-Skaftafellssýslu.

XX. Frá *Sigurði Stefánssyni.*

Við brtt. 254, 88. m. Nýr liður:

Af brimbrjótsláni Hólshrepps veitist uppgjöf vaxta frá 1922—1925, að báðum þeim árum meðtöldum, og greiðslufrestur fyrir sama tíma.

XXI. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*

Við brtt. 254, 88. n. (Suðurfjarðarhreppur).

a. Fyrir »má« kemur: skal.

b. — »5 ár« kemur: 10 ár.

XXII. Frá *Sveini Ólafssyni.*

Við 21. gr. 4. Nýir liðir:

a. Til stofnunar klæðaverksmiðju á Reyðarfirði, alt að 200000 kr., þó eigi yfir ⅓ stofnkostnaðar, og gegn tryggingum þeim og skilyrðum, er stjórnin ákveður. Af láninu greiðast 5½% vextir og endurborgist á 25 árum.

b. Alt að 45000 kr. til búnaðarsambands, til þess að kaupa jarðvöðul (Fräsemascbine). Lánið veitist eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, 5½% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum.

c. Til viðbótarbyggingar alþýðu- og barnaskóla á Nesi í Norðfirði alt að 25000 kr., þó eigi yfir helming byggingarkostnaðar. Lánið ávaxtast með 5½% og endurgreiðist á 16 árum. Tryggingar ákveður stjórnin, og skal byggingu hagað eftir uppdrætti, sem hún samþykkir.

(B. LXXVIII, 1).

Nd. **293. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921. [*Tolllög*].

Frá fjárveitinganefnd.

1. gr.

2. liður 1. gr. orðist þannig:

Af sherry, portvini, malaga, madeira og öðrum vínum með svipuðum styrkleika kr. 3.00 af hverjum lítra.

3. liður, fyrri málsgrein, orðist þannig:

Af kognaki og vínanda með 8° styrkleika eða minna kr. 4.00 af hverjum lítra, yfir 8° og alt að 12° styrkleika kr. 5.00 af hverjum lítra, yfir 12° og alt að 16° styrkleika kr. 6.00 af hverjum lítra.

4. liður orðist þannig:

Af rauðvíni, hvítvinum, Rínarvínum og öðrum vínum með svipuðum styrkleika, svo og ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum slíkum áfengum eða óáfengum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 2.00 af hverjum lítra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Fjárveitinganefnd hefir lagt það til, að allmiklu fje verði varið til verklegra framkvæmda á árinu 1924, og fara því gjöldin allmikið fram úr tekjuáætlun. Til þess að jafna þann halla að nokkru, hefir nefndin orðið ásátt um að bera fram þetta frumvarp, sem mundi auka ríkistekjurnar um alt að 180 þús. kr.

(C. XII, 1).

Sþ. **294. Tillaga**

til þingsályktunar um hjeraðsskóla á Suðurlandsundirlendinu.

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson, Guðm. Guðfinnsson, Þorleifur Guðmundsson, Gunnar Sigurðsson og Lárus Helgason.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa alþýðuskólamál Sunnlendinga í samráði við undirbúningsnefndir hjeraðanna, svo sem um ákvörð-

un staðar til skólaseturs, gerð og skipulag skólans o. s. frv. Skal þessi undirbúningur gerður fyrir næsta reglul. Alþingi, í trausti þess, að þá verði hægt að hrinda málinu í framkvæmd með framlagi úr ríkissjóði til móts við þann fjárhluta, er áskilinn verður úr hlutaðeigandi hjeruðum.

(C. XIII, 1).

Ed. **295. Tillaga**

til þingsályktunar um stofnun húsmæðraskóla á Staðarfelli.

Flutningsm.: Jónas Jónsson og Sigurður Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að gera nú þegar á þessu ári, í samráði við forseta Búnaðarfjelags Íslands, ráðstafanir til, að stofnaður verði sem allra fyrst húsmæðraskóli fyrir Vesturland að Staðarfelli.

Greinargerð.

Með tveim gjöfum til húsmæðraskóla á Vesturlandi, Herdísarsjóðnum og jörðinni Staðarfelli, hefir landinu verið gert kleift að koma upp hinum fyrsta húsmæðraskóla og reka hann, án þess að landssjóður þurfi nokkuð verulegt af mörkum að leggja, nema eitthvert litilræði við rannsókn málsins.

(B. XXVII, 4).

Nd. **296. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög.

Frá Pjetri Þórðarsyni og Pjetri Ottesen.

1. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:
   Kaupfjelag Borgfirðinga telst samvinnufjelag, þótt það hafi sameiginlega ábyrgð að eins innan deilda, og gilda um það að öðru leyti ákvæði laga nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög.

2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
   Frumvarp til laga um takmörkun á ábyrgð Kaupfjelags Borgfirðinga.

(A. VIII, 3).

Nd. **297. Frumvarp**

til laga um einkaleyfi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 8, með breytingunum á þskj. 263.

(C. XIV, 1).

Nd. **298. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að athuga fjárhagsaðstöðu Íslandsbanka gagnvart ríkinu í sambandi við enska lánið.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson, M. J. Kristjánsson, Gunnar Sigurðsson, Þorleifur Jónsson, Lárus Helgason, Þorl. Guðmundsson, Ingólfur Bjarnarson, Þorsteinn Jónsson og Eirikur Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar, til að kynna sjer, svo sem unt er, fjárhagsaðstöðu Íslandsbanka gagnvart ríkinu, og þá sjerstaklega tryggingar þær, er hann hefir sett ríkissjóði fyrir þeim hluta enska lánsins, sem bankinn hefir fengið. Nefnd þessi leggi álit sitt fyrir einkafund sameinaðs Alþingis nú fyrir þinglok, og sje hún bundin þagnarskyldu um hag bankans meðan hún er að störfum.

(C. XV, 1).

Ed. **299. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að athuga fjárhagsaðstöðu Íslandsbanka gagnvart rikinu i sambandi við enska lánið.

Flutningsm.: Einar Árnason, Guðm. Guðfinnsson, Guðm. Ólafsson, Jónas Jónsson og Sigurður Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa 3 manna nefnd samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar, til að kynna sjer, svo sem unt er, fjárhagsaðstöðu Íslands-

banka gagnvart ríkinu, og þá sjerstaklega tryggingar þær, er hann hefir sett ríkissjóði fyrir þeim hluta enska lánsins, sem bankinn hefir fengið. Nefnd þessi leggi álit sitt fyrir einkafund sameinaðs Alþingis nú fyrir þinglok, og sje hún bundin þagnarskyldu um hag bankans meðan hún er að störfum.

(C. XVI, 1).

Sþ. **300. Tillaga**

til þingsályktunar um setningu og veitingu læknisembætta.

Flutningsm.: Hákon Kristófersson og Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi lýsir því yfir, að það álítur rjett, að stjórnin fari að því er snertir setning og veiting læknisembætta eftir því, sem hlutaðeigandi hjeraðsbúar óska, þar sem meiri hluti alþingiskjósenda í einhverju læknishjeraði lýsir yfir skriflega ákveðnu fylgi við ákveðinn umsækjanda.

(A. XXIV, 10).

Ed. **301 Viðaukatillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

Frá atvinnumálaráðherra.

Aftan við 6. gr. komi ný grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi.

Landsstjórninni er heimilt að ganga í ábyrgð fyrir láni Reykjavíkurkaupstaðar, að upphæð 500000 kr., er hann fær í Bikuben, til vatnsleiðslu inn í bæinn.

(A. XV, 3).

Nd. **302. Nefndarálit**

um frv. til laga um afnám biskupsembættisins.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg legg til, að frv. verði samþykt. Meginástæðan fyrir mjer er sú, að samþykt þess flýtti fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju, sem virðist sjálfsagður í landi, sem að minsta kosti í orði viðurkennir fult trúarbragðafrelsi, enda ætti los það hið mikla, sem nú er hjer í öllum trúmálaskoðunum, einnig að styðja

að þessu. Mörgum verður að spyrja, hvaða stefnu og trúmálaskoðun hin svokallaða evangelisk-lútherska kirkja fylgi yfir höfuð á landi hjer. En þar sem aðskilnaður ríkis og kirkju snertir þetta mál að eins óbeint, þá skal ekki langt út í þá sálma farið; að eins skal það tekið fram, að þau ein rök, sem meiri hluti allsherjarnefndar færir móti þessu máli, eru: »Að ríki og kirkja hafi nú fylgst að hjer á landi svo að segja alla æfi þjóðarinnar«. Vitanlega er slíkt engin rök. Það mætti með sama rjetti segja um allar úreltar stofnanir og ráðstafanir.

Nefndarálit meiri hlutans má, að mínum skilningi, yfirleitt telja nauðasnautt að raunhæfum röksemdum fyrir því, að ekki sje fært að leggja biskupsembættið niður. Það virðist frekar bygt á hugsanagraut og mærð, sem oft einkennir presta. Grunnfærar eru allar bollaleggingarnar um störf biskups, sem flest eru þannig vaxin, að hver sæmilegur skrifstofumaður gæti gegnt þeim.

Grundvöllur sá, sem meiri hluti nefndarinnar leggur fyrir sínu nál., er næsta einkennilegur. Meirihlutamönnum hugkvæmist sem sje það snjallræði að skjóta máli sínu til biskups. Ekki lagði biskup til, sem vonlegt var, að embætti hans yrði afnumið. En erindisleysu fóru þeir ekki nefndarmennirnir. Mælir troðinn, skekinn og fleytifullur var þeim mældur. 27 síður í stóru broti var skýrsla biskups. Jafnvel meirihlutamönnum þótti þó viðurhlutamikið að láta prenta alla skýrsluna, svo löng var hún og staglsöm, en lætur að eins prenta þá kafla úr henni, sem þeim þykja mergjaðastir. Í skýrslu biskups, og þar af leiðandi í nefndarálitinu, er aðaláherslan lögð á andlegu hlið embættisins. Jeg mun síðar sýna fram á, að ef um andlegan veg eða vald væri að ræða að því er þetta embætti snertir, þá mundi það til lítilla þrifa.

Hið veraldlega vald biskups er nú að kalla má horfið; leifar þess má nú finna í skýrslusöfnun og umsjónarstarfsemi. Það mætti æra óstöðugan að elta hvert atriði, að því er þetta snertir, í skýrslu biskups og nefndarálitinu. Jeg bið að eins þingmenn að kynna sjer þetta, og munu þeir þá sannfærast um, að rökin fyrir því, að nauðsyn sje á því, að þetta sje í höndum biskups, eru næsta veigalítil.

Um skýrslusöfnunina er það ljóst, að hver starfhæfur skrifstofumaður getur tekið að sjer það starf, enda bendir skýrslan á það, að þetta sje að nokkru leyti runnið til hagstofunnar, og er þá auðsætt, að prófastar gætu safnað hinum hlutanum og sent stjórnarráðinu. Jeg mundi ekki harma það, þótt slík störf bættust við prófasta, og þá ef til vill presta líka; ljett er af þeim miklum störfum með hinni nýju barnafræðsluskipun.

Annars er það önnur hlið málsins, hvern árangur þessi skýrslusöfnun hefir. T. d. má nefna það, að árið 1919 höfðu eftir skýrslunum orðið um 3000 messuföll á landinu. Þetta hefir mjer vitanlega ekki einu sinni verið birt opinberlega.

Vísitasíuferðir eru til lítils gagns. Í skýrslu biskups er það meðal annars tekið fram um hina veraldlegu hlið þessara eftirlitsferða, að hún sje innifalin í því »að skoða prestssetrin í krók og kring«. Þetta virðist hagkvæmara að fela prófröstum. Þeir eru kunnugri prestum og prestssetrum, hver í sínu prófastsdæmi. Til hvers eru prófastarnir, ef þeir geta ekki haft slíkt eftirlit?

Synodus virðist hentugra að hafa bæði norðanlands og sunnan. Norðlenskir prestar sækja nú lítt suður. Nær er það gamalli venju að hafa biskupa bæði norðan og sunnan, þótt jeg óski ekki eftir því, að þeir hafi völd eða laun, nema þá ferðakostnað.

Jeg læt hæstv. landsstjórn um það að svara fyrir sig um sparnaðinn við afnám embættisins; mjer líst beggja álit hlutdrægt. Annars væri mestur sparnaður að því að afnema embættið strax, og hefi jeg síst á móti því.

Þá skal jeg minnast á hina andlegu hlið biskupsembættisins, sem er þrásinnis endurtekið í skýrslu biskups og nefndarálitinu, að sje aðalhlið þess.

Á dögum frumkristninnar, þegar forvígismenn hennar börðust aðallega fyrir rjetti og menningu kúgaðra manna og undirokaðra og reyndu að hræra menn til mannkærleika og meðaumkunar, má telja, að kristindómurinn hafi verið til góðs í andlegum skilningi. En kirkjan hefir fyr og síðar verið frekar til niðurdreps en uppbyggingar í hærra andlegum skilningi.

Notaði kirkjan og prelátar hennar vald sitt, meðan um vald var að ræða, til að leita sannleikans? Alls ekki. Mörgum þeirra, er fluttu dýpstu og merkustu sannindin, hefir verið fórnað á altari kirkjunnar. Nú er lítlu valdi fyrir að fara hjá kirkjunni, en þó sjest misbrúkunin til dæmis í því, að hún var í heimsstyrjöldinni notuð af ríkjunum til að æsa þjóðirnar hverja gegn annari.

Nú kveður svo ramt að, að helstu menn kirkjunnar víðsvegar um heim eru sjálfir farnir að sjá hvert stefnir. T. d. hefir erkibiskupinn í York, merkasti biskup í því vanafasta landi, Englandi, meðal annars sagt nýlega, að eins og trúarbrögðin dragi menn að sjer, eins hrindi kirkjan mönnum frá sjer.

Það er tómt mál að tala um vald kirkjunnar hjer á landi í andlegum skilningi. Það er alkunnugt, að þótt kirkjunni sje haldið hjer uppi, þá snúa þeir, sem áhuga hafa á trúarbrögðum, sjer eitthvað annað. Þeir hneigjast að guðspeki, spiritisma o. s. frv.

Það mun flestum Íslendingum þvert um geð að lækna kirkjuna með dönskum áhrifum, sem þá mundu vera að meira eða minna leyti blönduð heimatrúboðsstefnunni. Þetta virðist vera biskupi áhugamál.

Kirkjan, eins og hún er nú á landi hjer, hefir, eins og bent hefir verið á, næsta lítið vald, og það sem það er, þá er það til einskis góðs í hærra andlegum skilningi.

Þess skal getið, að það, sem að framan er tekið fram um kirkjuna, ber ekki að skilja sem andúð til trúarbragða yfirleitt, og því síður til Krists. Hann barðist fyrir hugsjónum í óeigingjörnum tilgangi. Aldrei hefi jeg heyrt þess getið, að hann hafi komist á laun, biðlaun eða eftirlaun, en mörgum af svonefndum postulum hans hefir fyr og síðar skilist að gera sjer æfistarf hans að fjeþúfu, en andlega starfið hefir einatt staðið í öfugu hlutfalli við eldið.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 8. apríl 1923.

Gunnar Sigurðsson.

(A. XVIII, 9).

Ed. **303. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá allsherjarnefnd.

Við 10. gr.

Niðurlag 1. málsgr., frá »og er sjúklingnum skylt« til enda málsgreinarinnar, falli burt.

(C. XVII, 1).

Sþ. **304. Tillaga**

til þingsályktunar um strandvarnar- og björgunarskip.

Flutningsm.: Jónas Jónsson og Sveinn Ólafsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta þing kostnaðaráætlun um byggingu strandvarnarskips og útgerðarkostnað árlangt, þar sem bygt væri á þessari undirstöðu:

a. Að skipið hafi alt að 15 milna hraða.
b. Að gerð þess og útbúnaði verði þann veg háttað, að það geti jöfnum höndum verið strandvarnarskip og starfað að björgun skipa eins og »Geir« gerir nú.
c. Að skipið verði jafnframt skólaskip fyrir stýrimannaefni landsins, og að hver nemandi stýrimannaskólans vinni þar eitt ár, endurgjaldslaust.

Greinargerð.

Strandvarnir landsins komast aldrei í sæmilegt horf, nema þjóðin eigi sjálf strandvarnarskip, eitt eða fleiri. Landhelgissjóðurinn mun nú orðinn um 620 þús. kr. Má vænta, að ekki þurfi mjög miklu fje við að bæta til að fá eitt hentugt skip til landhelgisgæslu. Hingað til hafa menn óttast mest árlegan rekstrarhalla á slíkri útgerð. En hjer er gert ráð fyrir nýrri og áður óþektri leið til að gera landinu kleift að halda slíku skipi út án tilfinnanlegs árlegs kostnaðar úr landssjóði. Skipið á jafnframt að geta annast björgun, eins og »Geir« gerir nú og hefir af svo miklar tekjur, að eigendunum þykir hagnaður að því að láta skipið vera langvistum hjer við land. Kostnaður við mannahald á slíku skipi er jafnan

talsverður liður í útgerðarkostnaðinum. Skipstjóraefni landsins vantar skólaskip til óhjákvæmilegra æfinga. Alt þetta má sameina báðum til hagsmuna, sjómannastjettinni og landinu, ef skipstjóraefni landsins vinna þar einskonar þegnskylduvinnu og nema verklega sjómensku um leið.

(A. XXVIII, 1).

305. Frumvarp

til laga um tilbúning og verslun með ópíum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Framleiðsla ópíums er bönnuð; auk þess innflutningur, útflutningur og verslun á unnu ópíum.

Undir bann þetta falla og ópíumsleifar allar og hvers kyns afgangur, einnig það, sem eftir verður þegar ópíum er reykt.

2. gr.

Framleiðsla og úrvinsla, innflutningur og útflutningur, ennfremur verslun og afhending á ósunnu ópíum og því ópíum, er notað er til læknislyfja, morfín, kókaín og heróín, svo og á hverskonar efnisblöndun, sem í er meira en $^1/_5$% af morfín eða meira en $^1/_{10}$% af heróín og kókaín, er aðeins leyfð lyfsölum og þeim mönnum eða firmum, sem dómsmálaráðuneytið hefir veitt sjerstakt leyfi til þess. Meðan lög nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi, eru í gildi, geta þó ekki aðrir en ríkisstjórnin flutt inn og út nefnd efni, en inn- og útflutninginn annast forstjóri áfengisverslunar ríkisins, sem skipaður er af stjórnarráðinu.

Dómsmálaráðuneytið setur nánari ákvæði um framleiðslu og úrvinslu, inn- og útflutning, svo og verslun og afhendingu á nefndum efnum, og setur reglur um eftirlit með slíkri iðju og verslun.

3. gr.

Unnið og ósunnið ópíum, ópíum til læknislyfja, morfín, kókaín og heróín, ber að skilja í lögum þessum samkvæmt skilgreiningum alþjóðaópíumfundar 23. janúar 1912.

4. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur úrskurðað, að ákvæði laga þessara gildi um öll ný efni, sem afleidd eru af morfín, kókaín eða söltum þeirra, eða

hvert annað ópíumsalkaloid, enda hafi það sannast við vísindalega rannsókn, að misbrúka megi þau á líkan hátt eða að þau hafi lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, er nefnd eru í 2. gr.

5. gr.

Brot á lögum þessum, eða reglum þeim, sem gefnar eru út samkvæmt þeim, varða sektum, alt að 10000 kr., eða fangelsi. Með málin skal farið sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

23. jan. 1912 var gerður í Haag af allmörgum ríkjum alþjóðasamningur með þeim tilgangi að berjast gegn misbrúkun ópíums, morfíns og kókains.

Fyrirspurn um þetta efni svaraði stjórnarráð Íslands árið 1912 á þá leið, að það óskaði að ganga inn í samning þennan fyrir Íslands hönd. Nú átti samningurinn ekki að öðlast gildi fyr en eftir nánara samkomulagi milli ríkja þeirra, er þátt tóku í honum, en sakir heimsstyrjaldarinnar frestaðist það til ársins 1921, var þá og afráðið, að það starf sem stjórn Hollands hafði tekist á hendur, að því er kom til framkvæmda á samningnum, skyldi falið skrifstofu þjóðbandalagsins.

21. okt. 1921 fjelst Ísland á yfirlýsingu um það, að samningurinn skyldi ganga í gildi; er því samningurinn eftir þann tíma gildandi fyrir Ísland.

Samningur þessi, sem hjer um bil allar þjóðir hafa nú gengið inn í, leggur ríkjum þeim, sem eru samningsaðiljar, ýmsar skyldur á herðar til þess að aftra misbrúkun á ópíum, morfíni og kókaíni, meðal annars þær, að hafa eftirlit bæði á inn- og útflutningi og á verslun með efni þessi, meðal annars svo ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem hafa fengið leyfi hins opinbera til þess, megi annast inn- og útflutninginn. Nánari reglur um þetta á eftir eðli sínu að setja af umboðsstjórninni. Það lagafrumvarp, sem hjer liggur fyrir, fer að eins í þá átt, að veita lögheimild til þessa, og er þannig nauðsynlegt til þess að framkvæma þær skyldur, sem Ísland hefir tekist á hendur er það gekk inn í samninginn.

Samkvæmt ópíums-samningnum ber stjórninni að vísu skylda til að hafa eftirlit með öllum inn- og útflutningi á og verslun með ópíum, morfín o. s. frv., en stjórnin er ekki skyldug til að annast innflutninginn sjálf. Þar sem nú lög nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi, kveða á um það, að stjórnin skuli annast allan innflutning áfengis og hafa mann með lyfsalamentun, sem sjái um það, virðist eðlilegt og enda mjög í samræmi við markmið ópíums-samningsins, að stjórnarstofnun þeirri, sem stofnuð var samkvæmt nefndum lögum, verði veitt einkaheimild til innflutnings og útflutnings á þeim efnum, sem lög þessi fjalla um, sem einungis má nota til lækninga, svo sem hið bannaða áfengi.

Annars gefa hin einstöku ákvæði frumvarpsins ekki ástæðu til sjerstakra athugasemda.

Stjórnin mun leggja fyrir þingið skjöl máli þessu viðvíkjandi, að Alþingi geti átt kost á að kynnast því sem best; skal þar nefna ópíums-samninginn, skrá yfir þau ríki, sem gengið hafa að samningnum, og yfirlit yfir stjórnarráðstafanir annara ríkja til framkvæmda á efni samningsins.

(A. XIX, 6).

Nd. **306. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um vitabyggingar.

Frá samgöngumálanefnd.

Háttv. efri deild hefir breytt frv. þessu allmikið að búningi og efni, jafnvel gengið svo langt að raska aðaltilgangi þess, að stefnumarka framkvæmdir vitabygginga, láta vitamálastjórn sem óháðasta um byggingar vita og niðurröðun þeirra, sem og að afstýra óþörfu og tafsömu reiptogi á Alþingi um byggingar einstakra vita, — eða að koma líkri skipun á um vitabyggingar sem brúabyggingar.

Samgöngumálanefnd lítur svo á, að með því að binda framkvæmd vitabygginga hvert sinn við fjárlagaákvæði, svo sem háttv. efri deild leggur til, sje í raun og veru engin breyting ger á núverandi skipulagi með lögfestingu frumvarpsins, og lögfestingin þá allsendis óþörf. Hins vegar álitur hún sem fyr, að þegar bygging vitanna er bundin við tiltölulega langt árabil, þá sjeu eðlilegar og nauðsynlegar hömlur settar því, að ráðist verði í stærri framkvæmdir en efni leyfa.

Nefndin er þó eigi að öllu sammála um meðferð frumvarpsins. Telja sumir rjettast, að frumvarpið falli niður, en meiri hlutinn að því verði breytt. Samkomulag er þó um að bera fram að eins eitt nefndarálit.

Meiri hlutinn vill færa frumvarpið aftur að mestu leyti í þann búning, er það hafði áður frá háttv. neðri deild, og ræður henni því til að samþykkja það með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Aftan við 2. gr. komi svo hljóðandi 3. grein:

Til byggingar vita þeirra og þokulúðurstöðva, sem talin eru í 2. gr., til sjómerkja og endurbóta eldri vitum, samkvæmt 1. gr., og til annara mannvirkja, er að því lúta, heimilast ríkisstjórninni að taka nauðsynleg lán á ábyrgð ríkissjóðs, er endurgreiðist á 20—30 árum, og miðist framkvæmdir við það, að byggingu vita þeirra og þokulúðurstöðva, sem talin eru í 2. gr., verði lokið á 12—16 árum. Vitalánum þessum skal haldið utan við önnur lán ríkissjóðs, en vexti og afborganir af þeim skal telja í hvers árs fjárlögum.

2. 3. gr. verði 4. gr.

3. Ný 5. gr. verði þannig:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1924.

Alþingi, 7. apríl 1923.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm.
Sigurður Stefánsson, með fyrirvara.

Hákon Kristófersson, Lárus Helgason, með fyrirvara. Pjetur Þórðarson,

Þorsteinn Jónsson, ritari.
Magnús Jónsson.

(A. I, 6).

Nd. **307. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 273. [*Fjárlög*].

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Við 12. c.
Fyrir »framhaldsnáms« kemur: lokanáms.

(C. X, 2).

Nd. **308. Viðaukatillaga**

við þingsályktunartillögu á þskj. 285. [*Landmælingar*].

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Aftan við tillöguna kemur nýr liður:
6. Að sjá um, að rjett nöfn sjeu sett á uppdrættina.

(A. XXIV, 11).

Ed. **309. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

Samhljóða þskj. 243, með breytingunni á þskj. 291.

(A. I, 7).

Nd. **310. Viðaukatillaga**

við brtt. á þskj. 254 (*Fjárlög*).

Frá fjárveitinganefnd.

Við brtt. 89, II. Nýr rómverskur liður:

Stjórninni er heimilt að greiða alt að $^{3}/_{4}$ hlutum af því tjóni, sem verða kann á tilraunum Sambands íslenskra samvinnufjelaga til að senda kælt kjöt eða fryst á erlendan markað, miðað við saltkjötsverð á sama tíma.

Brtt. 254, 89. a. er jafnframt tekin aftur.

(B. LXXIX, 1).

Ed. **311. Frumvarp**

til laga um læknisskoðun aðkomuskipa.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Nú vill aðkomuskip hleypa mönnum eða farangri á land í höfn, og skal þá fram fara læknisrannsókn um heilbrigði á skipinu, áður en það hafi samgöngur við land. Áður en heilbrigðisrannsókn þessi hefir farið fram, má enginn maður fara úr skipinu, ekki heldur hafnsögumaður, og enginn út í

skipið úr landi eða frá öðrum skipum, að undanteknum lækni og aðstoðarmanni hans. Engan farangur má setja fyr í land en læknisrannsókn hefir fram farið.

Heilbrigðisstjórninni er heimilt að veita með reglugerð undanþágu frá framangreindum ákvæðum fyrir aðkomuskip, sem koma kunna á hafnir, þar er læknir á ekki heima, og fyrir aðkomuskip, þar er embættislæknir á að visu heima, en er fjarstaddur, þegar skipið hafnar sig. Í reglugerð þessa skal setja ákvæði, er tryggi það svo sem verða má, að sóttir berist ekki í land, þótt læknisrannsókn sje slept.

2. gr.

Fyrir skoðunargerð samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 34, 6. nóv. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, ber lækni 8 kr. borgun af skipum, sem eigi ná 60 smálestum, 12 kr. af skipum, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum, og 20 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir. Auk þess á læknir heimting á ókeypis flutningi og dagpeningum. Heldur læknir dagpeningum, ef þörf gerist, að hann sje sóttkvíaður vegna rannsóknarinnar, þangað til sóttkvíun er lokið.

3. gr.

Ákvæði eldri laga, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi fallin.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum hafa aðkomuskip enga skyldu til þess að bíða með að hafa samgöngur við land þangað til læknir hefir rannsakað þau, nema undir alveg sjerstökum kringumstæðum, og því síður ber þeim lagaskylda til að bera kostnað þann, sem af slíkri rannsókn leiðir. Þetta fyrirkomulag hefir á síðari árum þótt viðsjárvert og ekki áhættulaust fyrir landslýð. Munu því flestallir þeir staðir, sem mestar beinar samgöngur hafa við útlönd, hafa tekið upp þann sið nú á síðari árum að láta lækni rannsaka hvert aðkomuskip, áður en því eru leyfðar samgöngur við land. Skipin hafa enn sem komið er þegjandi viðurkent þetta fyrirkomulag og borið kostnaðinn við það.

Þetta fyrirkomulag virðist samt sem áður sjálfsagt að lögfesta, enda miklu meiri trygging í því heldur en í hinu, og mundu menn yfirleitt verða forviða, ef því væri ekki fram haldið.

Sú borgun, sem læknum var ákveðin fyrir þessar rannsóknir 1902, var þá mjög sómasamleg, borin saman við þágildandi verðlag peninga og borgun til lækna fyrir önnur störf. Nú orðið nær hún því ekki nokkurri átt, enda má telja það nokkurn veginn víst, að því ákvæði sje hvergi fylgt sem stendur, nema í Reykjavík.

(C. X, 3).

Nd. **312. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um landmælingar og landsuppdrætti.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Í stað »Neðri deild Alþingis« í upphafi tillögunnar komi: Alþingi.

(C. XVIII, 1).

Nd. **313. Tillaga**

til þingsályktunar um endurskoðun löggjafarinnar um málefni kaupstaðanna.

Frá allsherjarnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að endurskoða löggjöfina um málefni kaupstaðanna og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um þau.

Greinargerð.

Eins og nú er háttað hefir hver kaupstaður á landinu sín sjerstöku lög, og þótt þau vitaskuld sjeu lík í ýmsum atriðum, er þó töluverður munur á þeim, án þess að sjeð verði, að næg ástæða sje til þess eftir hlutarins eðli. Á hverju þingi koma fram frv. um breytingar á þessari löggjöf, fleiri eða færri, og einmitt vegna þess, að sín lögin eru fyrir hvern kaupstaðinn, hefir þetta valdið því, að ýmislegt ósamræmi er þegar komið í löggjöf kaupstaðanna, og má búast við, að það vaxi en ekki minki. Fyrir þessu þingi liggja 4 slík frv., og hefir þeim öllum verið vísað til allsherjarnefndar.

Nefndinni þykir þessi aðferð varhugaverð og telur þá leið miklu rjettari að setja ein lög fyrir kaupstaðina, og endurskoða þá um leið alla löggjöf þeirra. Þetta er í samræmi við það, sem gert hefir verið um sveitarstjórnarlöggjöfina. Þessi aðferð ljettir mikið yfirlitið yfir löggjöf kaupstaðanna og er mikil trygging fyrir samræmi í henni. Vera má, að í sumum atriðum eigi kaupstaðirnir ekki samleið um löggjöfina, sjerstaklega Reykjavík, og verður þá að fylla út með sjerstökum lögum.

Nefndin vill benda á það, að nauðsynlegt virðist, að með lögum sje ákveðið um, að áfrýja megi útsvarsmálum þeirra manna, sem búsettir eru utan

þess lögsagnarumdæmis, þar sem útsvarið er lagt á, til óhlutdrægs stjórnarvalds, er gefi úrslitaúrskurð, og er það ósk nefndarinnar, að það sje athugað í sambandi við þá löggjöf, sem að framan er rætt um.

Ef till. þessi verður samþ., mun nefndin eigi nema að litlu leyti afgreiða frá sjer þau frv. um málefni kaupstaðanna, sem nú liggja fyrir henni.

(B. XI, 8).

Nd. **314. Lög**

um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl).

1. gr.

Þeim einum er heimilt að stunda vjelgæslu á íslenskum mótorskipum, er fullnægja ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með minni vjel en 12 hestafla, er sýnt getur skrásetningarstjóra vottorð frá tveim vjelgæslumönnum, er skírteini hafa frá mótorskólanum í Reykjavík, sem stofnaður var með lögum nr. 13, 18. nóv. 1920, eða námsskeiði Fiskifjelags Íslands, um að hann sje fær um að gegna starfinu.

3. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 12 til 50 hestafla vjel, er sannað getur, að hann hafi staðist próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifjelags Íslands.

4. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 50—150 hestafla vjel, er staðist hefir fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík, og auk þess verið að minsta kosti 6 mánuði vjelgæslumaður samkvæmt 3. grein. Sbr. þó 7. gr. þessara laga.

5. gr.

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir fullnaðarpróf frá Vjelstjóraskóla Íslands eða skír-

teini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga frá 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og auk þess verið að minsta kosti þrjá mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

6. gr.

Á mótorskipum með 12 til 50 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir skilyrðum 3. gr., og einn aðstoðarmaður, sem fullnægir 2. gr. Þó skulu dráttarbátar og aðrir þeir bátar, sem notaðir eru við hafnir eða til stuttra ferða, eigi skyldir að hafa þennan aðstoðarmann.

Á mótorskipum með 50 til 150 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir kröfum 4. gr., og einn, sem fullnægir kröfum 3. gr.

Á mótorskipum með vjel yfir 150 hestöfl skal vera vjelalið samkvæmt ákvæðunum í 1. málsgr. 12. gr. nefndra laga 3. nóv. 1915.

7. gr.

Eftir að mótorskólinn í Reykjavík hefir starfað í 5 ár, getur enginn orðið yfirvjelstjóri á mótorskipum með stærri vjel en 50 hestafla, nema hann sanni, að hann hafi staðist fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík. Þó heldur yfirvjelstjóri, er staðist hefir námsskeiðspróf Fiskifjelags Íslands eða fullnægir ákvæðum 5. gr., rjettindum sínum, ef ekkert það er fram komið, er sanni, að hann sje óhæfur til að gegna starfinu.

Þeir yfirvjelstjórar og vjelstjórar á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi lengur en 1 ár áður en lög þessi öðlast gildi, eiga rjett til að halda stöðu sinni á samskonar skipi og þeir hafa áður á verið.

8. gr.

Mótorvjelgæslu-skírteini skal gefið út af lögreglustjóra, og skal það samið eftir reglum, er stjórnarráð Íslands setur. Fyrir hvert skírteini greiðist 10 krónur, er renna í ríkissjóð.

9. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins, en við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum. Sje brotið ítrekað, getur sektin hækkað upp í 1000 krónur. Brot þessi sæta opinberri rannsókn, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

(A. I, 8).

Nd. **315. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 273. [*Fjárlög*].

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við brtt. 9. við 15. gr. (Hjálmar Lárusson).
Í stað »500« kemur: 1000

(B. LXXX, 1).

Ed. **316. Frumvarp**

til laga um byggingarnefnd landsins.

Flutningsm.: Jónas Jónsson og Einar Árnason.

1. gr.

Þrír menn skulu skipa byggingarnefnd landsins: Húsameistari landsins, kennari í heilsufræði við háskólann og forstöðumaður Brunabótafjelags Íslands.

2. gr.

Byggingarnefnd landsins hefir æðsta úrskurðarvald yfir byggingarnefndum einstakra kaupstaða um alt það, er lýtur að byggingum, er landið kostar að nokkru eða öllu leyti.

3. gr.

Byggingarnefnd landsins starfar endurgjaldslaust.

4. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi eldri lög og fyrirmæli, er koma í bága við þessi lög.

5. gr.

Lögin öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram sökum þess, að landið hefir beðið mjög mikið tjón þetta ár, við hina ástæðulausu synjun byggingarnefndarinnar í Rvík að leyfa landsstjórninni að breyta vörugeymsluhúsinu Nýborg síðastliðið sumar, eins og þörf landsins krafðist. Með því að slíkur reipdráttur frá hálfu einstakra byggingarnefnda í kaupstöðum getur stundum bakað landinu verulegt tjón, viðvíkjandi opinberum byggingum, þykir nauðsynlegt að fá einskonar hæstarjett á þessu sviði.

(B. LIV, 3).

Nd. **317. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 57, frá 22. nóv. 1907, um vegi.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir haft frv. þetta (þskj. 165) ásamt breytingartillögu á þskj. 195 til athugunar og gerir hjer með grein fyrir þeirri niðurstöðu, er hún hefir komist að um mál þetta.

Frv. á þskj. 165, sem er flutt af þingmönnum Árnesinga, lýtur að því að ljetta viðhaldskostnaði flutningsbrautar frá Ingólfsfjalli austur að Þjórsárbrú af sýslufjelaginu, svo og viðhaldskostnaði Ölfusár- og Þjórsárbrúa, hinnar síðarnefndu af sýslufjelagi Rangárvalla, og láta ríkið taka þann kostnað á sínar herðar.

Brtt. á þskj. 195, frá þingm. Mýramanna og Borgfirðinga, bætir við brautinni frá Borgarnesi að vegamótum hjá Haugum, er ríkið taki að sjer á sama hátt.

Nefndinni var það þegar ljóst, að með frv. var farið fram á rjettmæta og sanngjarna lagabreytingu, og aðhyllist því óskift frv. með þeirri greinargerð, sem fylgdi frá flutningsmönnum. Vegamálastjóri, sem nefndin kvaddi sjer til ráðuneytis um frv., hefir eindregið tjáð sig samþykkan frv. og brtt. Hefir hann skrifað ítarlegt álitsskjal um frv., og telur nefndin það bestu greinargerðina við frv., þar sem hún er því að öllu leyti samþykk. Hljóðar skjal vegamálastjóra á þessa leið:

»Út af framkomnu frumvarpi á þskj. 165 og breytingartillögu á þskj. 195, um viðhald Flóavegar og Borgarfjarðarbrautar, þykir mjer ástæða til þess að gera ráðuneytinu grein fyrir afstöðu minni til þeirra breytinga, sem tjeðar tillögur fara fram á.

Tillögur þessar fara fram á:

1. Að ljetta viðhaldi Flóavegar af sýslusjóði og leggja það á ríkissjóð.
2. Að ljetta viðhaldi Borgarfjarðarbrautar frá Borgarnesi að vegamótum hjá Haugum af sýslusjóðum Mýra- og Borgarfjarðarsýslna og leggja það á ríkissjóð.

Jeg hefi þegar verið hjá samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis og skýrt nefndinni frá, að jeg sje báðum tillögunum meðmæltur og ástæðum minum fyrir þeirri skoðun.

Skal jeg fyrst víkja að viðhaldi Flóavegar.

Umferð um Flóaveg hefir vaxið mjög á síðastliðnum árum, að miklu leyti fyrir sífeldan straum bifreiða alt sumarið með utansýsluferðafólk.

Umferð um Hellisheiði hefir verið talin nú í nærfelt ár, og kemur í ljós, að ársumferðin hefir tvöfaldast á síðastliðnum 10 árum. Hafa farið þar 4 sumarmánuðina á mánuði um og yfir 1000 bifreiðar, en kerruumferðin er að meðaltali 700 kerrur á mánuði alt árið. Umferð um Flóaveg hefir að vísu ekki verið talin, en mun vart vera minni en um Hellisheiði, að neinu muni.

Er augljóst, að slík umferð veldur afarmiklu sliti á vegunum, enda eru þeir æðiviðhaldsfrekir. Flóavegurinn var 1919 ordinn svo gerspiltur, að Alþingi samþykti eftir tillögum minum að endurbyggja hann á næstu árum og kosta það að $^2/_3$ úr ríkissjóði móti sýslusjóði Árnessýslu. Hefir undanfarin 3 ár verið varið um 90 þús. kr. úr ríkissjóði til endurbyggingarinnar, en í ár er engin fjárveiting, og væntanlega heldur ekki næsta ár. En endurbyggingunni er þó ekki lokið, og má naumast verða hlje á framkvæmdum lengur en til 1925. Vegurinn er nú kominn í viðunandi ástand og þeir kaflar, sem endurbygðir hafa verið, þurfa fyrstu árin lítið sem ekkert viðhald, en aðrir kaflar brautarinnar talsvert, þannig að ætla má í ár og næstu ár alt að 5 þús. kr. til viðhalds. Að fullgera endurbygginguna kostar ekki minna en 50 þús. kr. Þá er henni er lokið, má búast við, að árlegt viðhald kosti 4—5 þús. kr.

Aðstaðan um viðhald Flóavegar er svo, að möl og grjót verður að flytja um langan veg, svo langt, að flutningur verður alt of dýr með hestkerrum, en verður að nota bifreiðar þær, sem vegamálastjórnin hefir. Þá mun og stundum þurfa valtara og jafnvel mulningsvjel.

Leiðir af þessu, að framkvæmd viðhaldsins verður í höndum vegamálastjóra. Eigi nú sýslunefnd að veita fjeð, er það venjulega svo við nögl skorið, að ekki nægir til góðs viðhalds. Þannig fór jeg í vetur fram á alt að 5 þús. kr. til viðhaldsins í ár, en sýslunefndin veitti 3 þús. kr., sem er öldungis ónógt, því jafnfjölfarinn vegur sem þessi þarf að fá stöðugt viðhald mestan hluta ársins, enda borgar sig betur í bráð og lengd. Að vísu heimila vegalögin að láta framkvæma fullnægjandi viðhald á kostnað sýslusjóðs, en verði gripið til þess, þá fæst það fje ekki endurgreitt, því sýslusjóður hefir ekkert að greiða með.

Þá er að líta á það atriði, hversu Árnessýslu er íþyngt með vegabótakostnaði. Meðlagt sendi jeg skýrslu um viðhaldskostnað Flóavegar og Eyrarbakkabrautar m. m. undanfarin ár. Ber yfirlitið með sjer, að síðari árin fram til 1920 hefir um 45% af gjöldum sýslusjóðs verið varið til vegabóta, en síð-

ustu árin þrjú um 30 þús. kr. árlega, sem er að heita má jafnmikil upphæð og öll gjöld sýslusjóðsins. Úr sýslusjóði er að vísu ekki greidd svo há upphæð þessi 3 ár, því stofnað hefir verið til skuldar við ríkissjóð, að upphæð rúmar 40 þús. kr. Er ljóst, að slík gjöld til vegabóta að eins eru sýslufjelaginu ofviða, en lakast er þó, að allir peningarnir, að heita má, fara til viðhalds eldri vegum, og er þó brýn þörf nýrra akfærra vega í ýmsum hreppum sýslunnar, en þeir verða auðvitað að sitja á hakanum fyrir viðhaldinu.

Af eldri vegum er Skeiðavegurinn og Eyrarbakkabrautin sjerstaklega frek til viðhaldsins. Veldur þar um bæði mikil umferð og erfið aðstaða um efni til viðhalds. Var nú síðastliðið ár byrjað á endurbygging Eyrarbakkabrautar og til þeirra framkvæmda greitt úr sýslusjóði tæpar 13 þús. kr.

Fyrir 3 árum var fullgerð Grímsnesbraut að Brúará, um 35 km. að lengd, og fullnægir því skilyrðum vegalaganna um afhendingu til sýslufjelagsins, enda meginkaflinn þegar fullnægt þeim kröfum í mörg ár. En jeg hef, svo sem ráðuneytinu er kunnugt, ekki sjeð mjer fært að gera tillögu um, að afhending fari fram, með því að jeg hefi sjeð fram á, að viðhaldið mundi verða ónógt, og brautin því ganga úr sjer. Hefir því jafnan árlega verið varið nokkru fje, jafnvel eitt árið alt að 10 þús. kr., af fjárveitingunni til Grímsnesbrautar að eins til viðhalds eldri köflum.

Lög þau, sem nú eru afgreidd frá Alþingi um sýsluvegasjóði, breyta að vísu til muna aðstöðu sýslufjelagsins, þar sem þau gera sýslunni kost á að fá riflegan styrk úr ríkissjóði til vegabóta, jafnvel um 12 þús. kr. á ári, samkvæmt áætlun minni, gegn 20 þús. kr. úr sýsluvegasjóði. Mætti því halda, að því síður væri ástæða til þess að ljetta af sýslunni viðhaldi Flóavegarins, en þá ber þess að geta, að með sýsluvegasjóðslögunum er í rauninni þegar ljett af viðhaldinu að $^2/_3$ hlutum, og hefir því hjer umrædd lagabreyting ekki nema eins þriðjungs kostnaðarauka í för með sjer af því, sem í fljótu bragði virðist. Jafnframt þykja mjer aðrar ástæður vega svo þungt í þessu máli, að rjettmætt sje, að tjeð breyting nái fram. Sjerstaklega á jeg við slit vegarins fyrir almenna ferðamannaumferð, örðuga aðstöðu um viðhaldið og þá, að Árnessýsla hefir auk Flóavegarins svo miklar vegaþarfir, að fullerfitt mun reynast að leggja og halda við nauðsynlegustu innansveitarvegum, þó þessi verði undanskilinn

Þá skal jeg víkja að breytingunni um viðhald Borgarfjarðarbrautar.

Kaflinn frá Borgarnesi að vegamótum hjá Haugum er 20,8 km. að lengd og var gerður á árunum 1902—1908. Frá Haugum liggur þjóðvegurinn norður, inn Norðurárdal og Holtavörðuheiði. En 3 km. frá Borgarnesi eru vegamót Stykkishólmsvegar og 11,8 km. frá Borgarnesi vegamót Hvítárbrautar, sem nú er verið að leggja um Ferjukot og Hvítárvelli á þjóðveginn norðan við Hestháls. Um þennan kafla fer því að heita má öll umferð að Borgarnesi, sem mjög hefir aukist hin síðari ár.

Viðhald Borgarfjarðarbrautar er kostað að $^2/_9$ af Borgarfjarðarsýslu, en að $^7/_9$ af Mýrasýslu. Samkvæmt greinargerð, er fylgdi lagafrumvarpinu um sýsluvegasjóði, er gert ráð fyrir, að vegagjöld Mýrasýslu verði svo mikil, að fasteignaskatturinn nemi $5^1/_2$%, sem er langhæst allra sýslna. Í Borgarfjarðar-

sýslu er skatturinn áætlaður $3^1/_2$%. Með þeim lögum er því $^2/_3$ hlutum af viðhaldskostnaði Borgarfjarðarbrautar ljett af sýslusjóði Mýrasýslu, og koma þá til greina að nokkru leyti sömu ástæður og fyr taldar um Flóaveg, sjerstaklega þungar byrðar Mýrasýslu vegna annara vegabóta og viðhalds og svo alltilfinnanlegt slit vegna umferðar langferðamanna i bifreiðum.

Virðingarfylst.

Geir G. Zoëga.

Til
atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins«.

Þótt nefndin áliti ástæðurnar til að ljetta vegaviðhaldinu af sýslufjelaginu allra brýnasta að því er Flóaveginn snertir, getur hún vel fallist á, að af svipuðum ástæðum sje einnig rjett að samþykkja brtt. á þskj. 195, að því sem Borgarnesbrautina snertir.

Vegamálastjóri lætur ekki sjerstaklega i ljósi álit sitt um viðhald stórbrúnna, er frv. ræðir um, en nefndin álitur ekki síður nauðsynlegt, að ríkið taki að sjer viðhald þeirra. Til þess eru hinar sömu ástæður, sem færðar eru fyrir vegaviðhaldinu, að því viðbættu, að nákvæmt eftirlit frá ríkinu er allra nauðsynlegast að því er brýrnar snertir; svo vandfarið er með þá dýrgripi, að viðhald þeirra má ekki vanrækja vegna getuleysis sýslufjelaganna.

Samkvæmt framanskráðu leggur nefndin til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með framkominni breytingartillögu.

Alþingi, 9. apríl 1923.

Sveinn Ólafsson, form.	Þorsteinn Jónsson, ritari.	Lárus Helgason, framsögumaður.

Pjetur Þórðarson. Sigurður Stefánsson. Magnús Jónsson. H. J. Kristófersson.

(C. XVII, 2).

Sþ. **318. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um strandvarnar- og björgunarskip.

Flutningsmenn: H. Steinsson, Pjetur Ottesen og Einar Þorgilsson.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að kaupa eða láta byggja nú á þessu ári hentugt skip til landhelgisgæslu.

(A. I, 9).

Nd. **319. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 273 (*Fjárlög*).

Frá Jakob Möller.

Við 2 (Kristján Jónasson).

Fyrir »1500« kemur ... ... 1000.

(B. XLIX, 2).

Nd. **320. Nefndarálit**

um frv. til laga um mentaskóla Norður- og Austurlands á Akureyri.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir ekki orðið á eitt sátt um mál þetta. Vill meiri hlutinn (Sig. St., M. P. og E. Þ.) leggja það til, að frv. verði felt, en minni hlutinn (Þorst. J. og G. S.) ræður hv. deild til að samþykkja frv. óbreytt, og fellst á þær röksemdir, sem eru í greinargerðinni fyrir frv. og í framsöguræðu flutningsmanns.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 10. apríl 1923.

Þorsteinn Jónsson, form. og frsm. minni hl.	Sigurður Stefánsson, frsm. meiri hl.	Gunnar Sigurðsson, ritari.

Magnús Pjetursson. Einar Þorgilsson.

(A. I, 10).

Nd. **321. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 254. [*Fjárlög*].

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við brtt. 40. f. við 13. gr. Liðurinn orðist svo:

Loftskeytasamband milli Grímseyjar, Flateyjar og lands 35000

(B. XV, 2).

Nd. **322. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919. [*Bæjarstjórn á Siglufirði*].

Frá allsherjarnefnd.

Um leið og nefndin vísar til þingsályktunartillögu á þskj. 313 hefir hún orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykt með svo látandi

BREYTINGUM.

I. 1. gr. orðist svo:
Fyrir »átta vikur« í niðurlagi 2. málsgr. 19. gr. komi: fjórar vikur.
II. 2.—6. gr. falli burt.
III. 7. gr., sem verður 2. gr., orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Alþingi, 10. apríl 1923.

Jón Þorláksson, form.	Magnús Jónsson, ritari.	Gunnar Sigurðsson, frsm.

Björn Hallsson. Magnús Guðmundsson.

(B. I, 2).

Ed. **323. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breytingar á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll (þskj. 28).

Frá fjárhagsnefnd.

I. Frumvarpsgreinin, sem verður fyrsta grein, orðist svo:
Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða gjald í ríkissjóð eftir þyngd vörunnar með umbúðum, eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:
1. Af kornvörum, jarðeplum, nýju grænmeti, sementi, kalki, tjöru, blakkfernis, asfalti, krít, leir, eldföstum leir, hverfisteinum, kvarnarsteinum, gólf-

og veggjaplötum, steyptum eða brendum eða úr marmara, hefilspónum, sagi, karbid, bensíni, þakhellum, netakúlum, tómum umbúðum, úr hvaða efni sem eru, öðrum en tómum tunnum, efni í strigaumbúðir (Hessian), tunnustöfum, tunnubotnum, tunnusvigum og járngirði, glergljáa (Vandglas), línolíu, glycerini, lútarsöltum, (ætskali, ætsnatron, pottösku og sóda, öðrum en þvottasóda), litarefnum, parafíni og steríni (ómótuðu), brennisteinssöltum (Natrium sulfit), álúni, krómsöltum, sútunarberki, sútunarseyði (Extrakt), gummi arabicum, kókósfeiti (cocosnutoil), baðmullarfræolíu (cottonseedoil), jarðhnetuolíu (groundnutoil) og feitarsýrum (fatacit) 40 aura af hverjum 50 kg.

2. Af gluggagleri, tómum tunnum, girðingavír, girðingastólpum úr járni, þakjárni, blikki, smiðajárni, stáli, blýi, tini, sinki, oliufóðurkökum, melasse, melassemjöli, kjötfóðurmjöli, fiskfóðurmjöli, hjólklöfum (blökkum), saum, brýnum, sláttuvjelum og öðrum heyvinslutækjum, bifreiðum, vögnum, kerrum, hjólum, skilvindum og öðrum smjör- og ostagerðartækjum, plógum, herfum, skóflum, kvíslum, spöðum og öðrum jarðyrkjuáhöldum, bifvjelum (mótor- og gufuvjelum), heilum og í hlutum, lóðarvindum, akkerisvindum, korki, seglgarni, netagarni, tilbúnum seglum, allskonar köðlum, vírköðlum, virtrossum, færum, vjelaáburði, olíum í tunnum og dunkum, öðrum en steinolíu, línolíu og bensíni, segldúk, striga (öðrum en Hessian), tvistúrgangi, strigaábreiðum (Presenninger), járnbrautarteinum, húsapappa allskonar, akkerum, akkerisfestum (hlekkjafestum), kókolít, járnbitum, eldavjelum, hitunartækjum, járnpípum, olíufatnaði, gólfdúkum (linoleum), gólfbræðingi (linotol), þvottasóda, önglum, botnvörpuvöltum, tóvinnuvjelum, vjelum til trje- og málmsmíða, vjelum til byggingar mannvirkja, sútunarvjelum og sápugerðarvjelum kr. 1,30 af hverjum 50 kg.
3. Af allskonar vefnaðarvöru og fatnaði, öðrum en olíufatnaði, kr. 3,50 af hverjum 10 kg.
4. Af allskonar skófatnaði, tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, handsápum, skeggsápum og kertum kr. 2,00 af hverjum 10 kg.
5. Af allskonar kjöti og kjötmeti, allskonar fiski og fiskmeti, perum, appelsínum, banönum, vínberjum, melónum, niðursoðnum ávöxtum og grænmeti í dósum, syltuðum ávöxtum og grænmeti, fíkjum, döðlum, hnetum, ilmefnum, fegurðarsmyrslum, skósvertu, fitusvertu, fægismyrslum og ofnsvertu kr. 3,00 af hverjum 10 kg.
6. Af salti, kolum, hverskonar sem eru og hvort sem varan er flutt á land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi, eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip, þeim til notkunar:
   a. af salti kr. 1,50 af hverri smálest,
   b. af kolum kr. 3,00 af hverri smálest.
7. Af allskonar trjávið, hurðum, gluggum, þakspæni, trjespæni (Finer) og húsalistum 9 aura af hverju teningsfeti.
8. Af allskonar leikföngum, allskonar munum, sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts, úr hvaða efni sem þeir eru, plettvarningi og munum, sem að

meiri hluta efnis að verði til eru úr gulli, silfri, platínu eða gimsteinum, kr. 1,50 af hverju kg.

9. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 80 aura af hverjum 10 kg.

Nú eru vörur tveggja eða fleiri flokka fluttar að í einum og sömu umbúðum, og greiðist þá vörutollur af þeim öllum eins og af þeirri vörutegund í umbúðunum, sem hæstur vörutollur hvilir á.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, ósmíðað gull og silfur, skip, bátar, tígulsteinar, eldfastir steinar, baðlyf, óhreinsað járn í klumpum, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna, pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld, steinlímspípur, leirpípur, sandur og endursendar fiskumbúðir. Auk þess eru undanþegnar allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum, sem þær voru sendar í burtu, enda sje gjaldheimtumanni ríkissjóðs, þar sem heimsend vara er sett á land, afhent vottorð frá tollgæslustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sje íslensk vara. Notaðir munir, er sendir hafa verið til aðgerðar, eru og undanskildir vörutolli.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept.

II. A eftir frumvarpsgreininni komi tvær nýjar greinar, sem verða 2. og 3. gr., svo hljóðandi:

a. 2. gr.

3. grein vörutollslaganna fellur úr gildi.

b. 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XXV, 8).

Ed. **324. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin aðhyllist þá meginstefnu frv. að gera þeim mönnum ljettara fyrir að neyta kosningarrjettar síns, sem vegna elli eða vanheilsu eru ekki færir um að komast á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Þó telur nefndin sjálfsagt, að forföllin sjeu sönnuð með

læknisvottorði eins oft og verða má, og ber því fram brtt., er herðir nokkuð á krófunni um læknisvottorðið. — Þá þykir nefndinni rjett, að atkvæðagreiðsla þeirra manna, er svo stendur á um, sem segir í fyrstu grein frumv., fari svo seint fram eða nærri kosningardegi, sem nægja þykir til þess, að kjósandinn fái notið kosningarrjettarins. Ber hún því einnig fram brtt. í þessa átt.

Í 33. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, er mælt svo fyrir, að einhver kjörstjóranna skuli aðstoða kjósanda, ef hann er ekki fær um að kjósa sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar. Nú er gert ráð fyrir því í annari grein frumv. þess, er hjer er til meðferðar, að kjósandinn geti sjálfur valið sjer þann, er hann vill, er um atkvæðagreiðslu fjarstaddra manna er að ræða. Á meðan almenn kosningalög mæla svo fyrir, sem þau gera um þetta efni, þykir samræmisins vegna rjettara, að sá, er vottorðið gefur, tilnefni kjósandann til aðstoðar þeim, sem kjósa vill, enda má ætla, að þar verði í flestum tilfellum farið eftir ósk þess, er kjósa skal. Brtt. í þessa átt ber því nefndin líka fram.

Hinsvegar mælir nefndin á móti því, að lengra sje gengið í breytingum á fyrirmælum laganna um kosningar fjarstaddra manna, og vill því fella niður 3. og 4. gr. frumv. þessa.

Samkvæmt því, sem hjer er skráð að ofan, leggur nefndin til, að deildin samþykki frv. með þessum

BREYTINGUM.

1. 2. málsliður 2. málsgr. 1. gr. orðist svo:
   Forföll eru sönnuð með læknisvottorði í kaupstöðum og hreppi, sem læknir býr í, en annarsstaðar með vottorði læknis eða hreppstjóra.
2. Á eftir 2. málslið 2. málsgr. 1. gr. komi nýr málsliður, er hljóðar svo:
   Atkvæðagreiðsla þeirra manna, er um ræðir í þessari málsgrein, má eigi fram fara fyr en daginn fyrir kjördag, ef kjósandi á heima á kjörstað, og ekki fyr en tveim dögum fyrir kjördag, ef hann á heima utan kjörstaðar.
3. Við 2. gr.
   Í stað orðanna »kjósandi nefnir til og nærstaddur er« komi: vottorðið gefur, tilnefna nærstaddan kjósanda til að.
4. 3. gr. fellur niður.
5. 4. gr. fellur niður.
6. 5. gr. verður 3. gr.
7. Í 6. gr., sem verður 4. gr., standi í 1. línu í stað »1.—5.«: 1.—2.

Alþingi, 10. apríl 1923.

Jón Magnússon,	S. H. Kvaran,	Guðm. Guðfinnsson,
form.	frsm.	fundaskrifari.

(B. VIII, 3).

Ed. **325. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um takmörkun á húsaleigu í kaupstöðum landsins.

Frá allsherjarnefnd.

Það er kunnugt orðið, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefir eigi enn tekist að fá samþykta húsnæðisreglugerð þá, sem um ræðir í áliti nefndarinnar um frv. þetta, dags. 20. f. m. Þannig hefir í öðru sinni mistekist fyrir bæjarstjórninni að færa sjer nyt í framkvæmd heimild þá, sem henni, eftir beiðni hennar sjálfrar, var veitt með lögum nr. 50, 27. júní 1921, um húsnæði í Reykjavík. Nefndinni þykir mál til komið, að bæjarstjórnin geri annað tveggja að nota heimildina eða ekki, og sýnist tveggja ára tími eiga að nægja fyrir hana til að átta sig á því. Því ber nefndin fram frv. um að fella heimildina úr gildi, ef hún er enn ónotuð í lok júní þ. á. Hin eldri húsaleigulög telur nefndin ekki eiga lengur við að öllu, og leggur því til að þau verði úr gildi feld, en þó eigi fyr en 30. júní 1924, svo að nokkur frestur veitist til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir sakir þess að höft þau falli burtu, er lögð hafa verið á húseignir vegna ófriðarins og afleiðinga hans. Verði umgetin reglugerð sett innan 30. júní þ. á., þá falla burtu jafnframt hin eldri húsaleigulög.

Þegar af þeirri ástæðu, að nefndin telur bæjarstjórnina eiga að skipa húsnæðismálinu, ef höft þarf að setja, hefir hún ekki getað fallist á hið upphaflega frv. Auk þess telur hún hundraðstölu þá, sem frv. setur hámarki húsaleigu, í mörgum tilfellum alt of lága. Verður hún að telja, að mat sje það eina, sem tiltækilegt sje að fyrirskipa til þess að hafa hemil á húsaleigu, og að með þeim einum hætti sje unt að taka til greina öll atvik, sem þarf til þess að halla á hvorugan, húseiganda eða leigjanda. Nefndin verður því að ráða háttv. deild frá að samþykkja hið upphaflega frumvarp.

Dagskrártillaga nefndarinnar á ekki lengur við.

Alþingi, 11. apríl 1923.

Jón Magnússon, form. og frsm.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.	S. H. Kvaran.

(B. LXXXI, 1).

Ed. **326. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 50, 27. júní 1921, um húsnæði í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ef reglugerð sú, er lög nr. 50, 27. júní 1921, um húsnæði í Reykjavík, heimila bæjarstjórninni að setja um húsnæði, húsaleigu m. m., er eigi komin í gildi innan 30. júní 1923, þá skulu lög þessi úr gildi fallin síðarnefndan dag. Þá skulu og lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík, og lög nr. 45, 28. nóv. 1919, um viðauka við tjeð lög, úr gildi feld hinn 30. júní 1924.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð

fyrir frumvarpi þessu er í framhaldsnefndaráliti um frumvarp til laga um takmörkun á húsaleigu í kaupstöðum landsins.

(A. XXIV, 12).

Ed. **327. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

Flutningsmaður: Karl Einarsson.

Við 3. gr. 6.

Fyrir »600« komi: 900.

(B. I, 3).

Ed. **328. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll (þskj. 28).

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir nú ihugað frumvarp þetta, sem vísað var til hennar snemma á þinginu.

Skömmu eftir að nefndin hafði tekið á móti frumvarpinu var annað frumvarp um breyting á vörutollslögunum borið fram í háttv. Nd., og taldi nefndin þá rjettast að bíða eftir því frumvarpi, eða þangað til sjeð væri, hvernig yrði farið með það frv. í þeirri deild. Þegar það var sjeð, tók nefndin til starfa að þessu máli, og af því frumvarpið á þskj. 28 var miklu víðtækara og miðaði að eflingu innlends iðnaðar og framleiðslu, þá lagði nefndin einkum það frv. til grundvallar, þó með hliðsjón af hinu frv., eftir því, sem frekast þótti fært. Skal svo farið fáeinum orðum um vöruflokkunina.

Aðalreglan er sú, að halda röðinni í vöruupptalningunni sem næst því, er gert er i núgildandi lögum, til glöggara yfirlits fyrir innheimtumenn tollsins; þó er skotið inn á stöku stað nýjum vörutegundum, t. d. i 1. lið skotið inn nýju grænmeti eftir tillögum Nd., krít og marmaraplötum, skýrara ákvæði sett um umbúðir, bætt við tunnustöfum, botnum og girði. Þá er nýjum vörutegundum bætt við 1. flokk, sem ýmist hafa verið í 2. eða hinum gamla 7. flokki, og sem sjerstaklega eru notaðar til iðnaðar, svo sem sápu-, kerta-, skósvertu-, blek- og smjörlíkisgerðar. Ennfremur eru þar hin nauðsynlegustu efni talin til sútunar skinna, sem má búast við að þörf verði fyrir. Feld er burtu steinolía, sem á nú ekki lengur heima i vörutollslögunum.

Við annan flokk eru breytingarnar minni; gömlu vöruupptalningunni nálega haldið, nema felt burtu úr röðinni tunnuhlutar og efni til smjörlíkisgerðar. Hins vegar er bætt við þennan flokk bifreiðum, sem nú eru tollaðar eftir sömu reglu og 2. flokkur, sinki og þeim vörum, sem taldar eru upp á eftir orðinu »(Linotol)«. Allar tilfærslurnar í 1. og 2. flokki eru gerðar með hliðsjón af því að styðja nýjan innlendan iðnað og framleiðslu. En þó breytingarnar sjeu nokkuð margar, þá hafa þær þó mjög lítil áhrif i þá átt að lækka vörutollinn yfirleitt, þar sem tiltölulega lítið flyst inn af þessum vörum. Þannig flytjast iðnvjelar mjög sjaldan inn i landið; gerir því lítið til, þó vörutollurinn sje ekki hár á þeim. Hins vegar greiðir það fyrir þeim, sem slíkar vjelar kaupa, oft af litlum efnum, að þeim sje ekki iþyngt með háum tollum.

Neðri deildar nefndin hafði lagt til, að vörutollur af vefnaðarvöru yrði hækkaður úr 18 aurum af hverju kg. upp i 50 aura, en svo gífurlega hækkun gat nefndin ekki fallist á, þar sem sá tollur mundi hvíla þyngst á ódýrum baðmullarvörum, sem eru þungar í sjer og sem hinn fátækari hluti manna, einkum

í kaupstöðum og sjávarþorpum, verður að nota til klæðnaðar. Nefndin telur því vörutollinn á þessum lið fullhátt settan 35 aura á hvert kg.

Neðri deild hafði lagt til, að skófatnaður yrði ekki hækkaður úr því sem nú er, 18 aur. á hverju kg., og gat nefndin vel fallist á það, en hún leggur þó til, að vörutollinum á þessari vörugrein sje þokað upp í 20 aura af hverju kg., en leggur til að sami tollur verði greiddur af tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, sápum og kertum. Nefndin álítur, að tvinna og garn, þar á meðal vefjargarn, beri ekki að tolla mjög hátt, þar sem þessar vörugreinar oftast megi telja efni, sem notað er til innlends iðnaðar, svo sem vefnaðar, prjónamensku o. s. frv.

Þá hefir háttv. neðri deild lagt til, að lagður yrði mjög hár tollur, 5 kr. á hver 10 kg., á allskonar kjöt, kjötmeti, fisk og fiskmeti og allskonar ávexti.

Þó nefndin geti fallist á, vegna fjárhagsástæðna ríkissjóðsins, að nokkuð megi hækka aðflutningstollinn á þessum vörum, sjerstaklega kjöt- og fiskmeti, þá getur hún ekki fallist á svo mikla hækkun, sem háttv. Nd. ætlast til. Og eins telur hún, að sumt af ávöxtum sje beint nauðsynjavara, sem sjúklingar, jafnt fátækir sem ríkir, þurfa að geta veitt sjer, svo sem epli og ávaxtamauk.

Nefndin leggur því til, að eplum og ávaxtamauki verði slept, og vörutollurinn af þessum lið sje ákveðinn 3 kr. af hverjum 10 kg.

Eins hefir nefndin ekki getað fallist á að hækka vörutollinn af smjöri, osti nje eggjum umfram það, sem sá liður, sem þær vörur hafa talist til, verður hækkaður, ef tillögur nefndarinnar fá fram að ganga.

Og loksins vill nefndin ekki fallast á að tolla aðflutt hey, enda hafa fyrirfarandi þing ekki álitið það hagkvæmt.

Þá leggur nefndin til, að vörutollstaxtarnir við 1., 2., 8. og 9. lið verði einnig dálítið hækkaðir.

Eigi verður með neinni vissu sagt um, hversu miklu vörutollshækkunin muni nema, því sú upphæð hlýtur að verða mjög svo háð því, hvort hægt verður að reka verslunina á komandi árum hindrunarlaust eða ekki. Yfirfærsluörðugleikarnir og verðfall seðla vorra geta eðlilega takmarkað innflutning útlendrar vöru.

En til glöggvunar er hjer sett skýrsla um vörutollinn, samkvæmt gildandi lögum, af 1—3. flokki og 5. og 7. flokki, fyrir árin 1919—1921, og er hún þannig:

			1919	1920	1921
			kr.	kr.	kr.
1. flokkur	a.	(kornvörur og jarðepli)	48899	92400	69034
1. »	b.	(steinolía, sement o. fl.)	52255	72528	66150
2. »		(járnvörur o. fl.)	38519	56386	53288
3. »		(vefnaðarvörur)	102564	124839	87646
5. »		(trjáviður)	34255	68161	26641
7. »		(aðrar gjaldsk. vörur)	249336	317139	275755

Meðaltalið verður þá þessi 3 ár:

1. flokkur	allur	... ...	kr. 133755
2.	»	... ...	— 49394
3.	»	... ...	— 105016
5.	»	... ...	— 43019 og
7.	»	... ...	— 280749.

En hjer við er að athuga, að vörutollurinn af steinolíu fellur niður eftir að ríkið hefir tekið einkasölu á henni, en af því leiðir, að tollurinn af steinolíu hækkar úr um 26½ þúsund krónur upp í um 131700 kr., miðað við innflutninginn á steinolíu árið 1919. Sá tollur eykur því tekjurnar um rúmar 100 þús. krónur.

6. flokkur gildandi vörutollslaga má heita nýr, og því lítil reynsla fengin fyrir því, hversu miklar tekjur verða af honum. En eftir skýrslu, sem nefndin hefir fengið frá hagstofunni og lögreglustjóraskrifstofunni fyrir alt árið 1922, fluttust inn af þessum vörum á því ári 9875 kg. Það virðist því ekki mikilla tekna að vænta á þessum lið. Eigi að síður hefir nefndin orðið ásátt um að hækka tollinn á þessum lið upp í kr. 1.50 af hverju kg.

Þá hefir nefndin leiðrjett ranga tilvitnun í 7. lið núgildandi vörutollslaga, sem ekki gat þar staðið, og loksins leggur nefndin til, að 3. grein vörutollslaganna falli burt. Þykir reynslan sýna, jafnvel þó ákvæði þessarar greinar ættu að vera til bóta, að þau komi ekki að haldi, nema ef til vill í einstökum tilfellum, og geti því skapað misrjetti.

Nefndin leggur svo til, að frumvarp þetta verði samþykt með breytingum þeim, sem tilfærðar eru á þingskjali 323.

Alþingi, 11. apríl 1923.

Guðm. Ólafsson, form. — Karl Einarsson, fundaskrifari.

Björn Kristjánsson, framsögum. — Sigurður H. Kvaran. — Sigurður Jónsson.

(A. XXIX, 1).

Nd.

329. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1923, veitast kr. 52000,00 til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast kr. 52000,00.

1.	Til framhalds hafnargarði á Sandi alt að	kr. 10000,00
2.	Til viðgerða á brimbrjótnum í Bolungarvík	— 12000,00
3.	Til sjóvarnargarðs á Siglufirði, gegn 1/3 frá kaupstaðnum og gegn því að kaupstaðurinn skuldbindi sig til að halda við mannvirkinu...	— 30000,00
	Samtals:	kr. 52000,00

Athugasemdir.

Mannvirki þau, sem um ræðir í 2. gr. 1—2, hafa af óviðráðanlegum orsökum skemst svo í sjóróti, að þau verða eigi að notum, og er því nauðsynlegt að endurbæta þau, til þess eigi sje á glæ kastað því fje, sem þegar hefir verið varið til þeirra, enda þau bráðnauðsynleg til þess að tryggja líf og eignir manna, er stunda sjávarútveg frá Bolungarvík og Sandi, og gera fært að stunda sjósókn þaðan.

Sjóvarnargarðurinn á Siglufirði er skemdur og verður eftir upplýsingum, sem ráðuneytið hefir getað aflað sjer, eigi komist hjá því að gera við garðinn sem allra fyrst. Vitamálastjórinn telur mega komast af með 45000 kr. til hinnar nauðsynlegustu aðgerðar.

(A. I, 11).

Nd. **330. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1924.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 16. gr. 14. Nýr liður:

Til hluttöku af ríkisins hálfu í ullarverksmiðjufyrirtæki, alt að ... 180000

Fjárhæðin kemur því að eins til útborgunar, að ráðuneytið hafi samþykt fjárhagsfyrirkomulag fyrirtækisins og einnig hvar verksmiðjan skuli reist.

(C. XIX, 1).

Nd. **331. Tillaga**

til þingsályktunar um slysatryggingar.

Flm.: Stefán Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til laga um slysatryggingar, einkum að því er snertir slysatryggingu verkamanna við verksmiðjuvinnu, útskipun og uppskipun.

Greinargerð.

Það virðist bera mikla nauðsyn til þess, að sem fyrst fáist lagaákvæði, er tryggi þeim mönnum, sem verða fyrir stórum meiðslum eða örkumla vegna slysa, að nokkru eða öllu leyti lífsframfæri. Er furða hvað lengi hefir verið gengið fram hjá því að afla mönnum slíkra trygginga. Einkum er vöntun á lagafyrirmælum í þessu efni tilfinnanleg að því er kemur til ýmiskonar verksmiðju- og skipavinnu, sem svo þráfaldlega hefir slys í för með sjer, er verða valdandi þess, að menn verða um lengri eða skemri tíma, jafnvel alla ævi upp frá því, vanmegnugir þess að ala önn fyrir sjer eða sínum.

(A. I, 12).

Nd. **332. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 273 *(Fjárlög)*.

Frá Lárusi Helgasyni.

Við brtt. 11. b. (Bjarni Einarsson).

Fyrir »580« koma . . . . . 1000.

(B. LXXXII, 1).

Nd. **333. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um skoðun á síld, frá 28. nóv. 1919.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

1. gr.

Fyrsta málsgrein 5. gr. laganna orðist svo:

Yfirmatsmenn skulu vera þrír, skipaðir af ráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Lónsheiðar. Annar hefir heimili á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir yfirsókn á svæðinu milli Hornbjargs og Lónsheiðar. Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1924.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fer fram á að fækka yfirsíldarmatsmönnum úr fjórum niður í þrjá. Svo sem kunnugt er hafa nú um margra ára skeið verið sáralitlar síldveiðar á Austurlandi, eða á því svæði, sem yfirsíldarmatsmaður Austfjarða er skipaður til að hafa á hendi yfirmatsstörf við skoðun á síld. Kostnaður sá, er ríkissjóður hefir því haft af þessari tilhögun, að þarna er skipaður sjerstakur yfirmatsmaður, mun árlega hafa numið nú síðari ár ca. 3000—3800 kr. Þegar nú litið er til þess, hve starfið er ónauðsynlegt, þá virðist fylsta ástæða til að losa ríkissjóð við þessi fjárútlát og fela yfirsíldarmatsmanni, sem væntanlega er búsettur á Akureyri, að hafa yfirumsjón með mati á síld einnig fyrir þennan landshluta.

(A. XIX, 7).

Ed. **334. Frumvarp**

til laga um vitabyggingar.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta byggja vita þá, er um ræðir í 2. gr., eftir því sem vinnukraftur sá, sem vitamálastjórnin hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að setja upp sjómerki á landi og sjó þar sem þörf gerist og hentugt þykir.

Bygging vitanna framkvæmist eftir þeirri röð, er ríkisstjórninni með ráðum vitamálastjóra þykir rjett.

Einnig er ríkisstjórninni heimilt að gera þær breytingar og endurbætur á vitum þeim, er þegar eru bygðir, sem reynslan sýnir að nauðsynlegar sjeu.

2. gr.

Heimildin í 1. gr. fyrstu málsgr. nær til vita þeirra, er hjer greinir:

A. Stærri vitar (ljósmagn meira en 12 sm.).

1. Þjófaklettsviti við Borgarfjörð.
2. Hjörseyjarviti á Mýrum.
3. Krossnesviti við Grundarfjörð (eða Melrakkaey).
4. Klofningsviti við Flatey á Breiðafirði.
5. Látravíkurviti við Horn.
6. Hrúteyjarviti við Hrútafjörð.
7. Heggstaðanesviti við Húnaflóa.
8. Blönduósviti við Húnaflóa.
9. Hegranesviti við Skagafjörð.
10. Straumnesviti við Skagafjörð.
11. Grímseyjarviti í Grímsey.
12. Tjörnesviti á Tjörnesi.
13. Rauðagnúpsviti á Sljettu.
14. Höfðaviti hjá Raufarhöfn.
15. Grenjanesviti á Langanesi.
16. Svínalækjartangaviti á Langanesi.
17. Digranesviti milli Bakkaflóa og Vopnafjarðar.
18. Kolbeinstangaviti í Vopnafirði.
19. Glettinganesviti milli Borgarfjarðar og Loðmundarfjarðar.
20. Seleyjarviti við Reyðarfjörð.
21. Hálsaviti við Hestgerðislón.
22. Mýrartangaviti á Mýrum í Skaftafellssýslu.
23. Elliðaeyjarviti í Vestmannaeyjum.

B. Minni vitar (ljósmagn minna en 12 sm.).

1. Borgareyjarviti við Borgarfjörð.
2. Rauðanefsviti við Borgarfjörð.
3. Borgarnesviti við Borgarfjörð.
4. Búðaviti sunnanvert á Snæfellsnesi.
5. Stapaviti sunnanvert á Snæfellsnesi.
6. Sandsviti undir Jökli.
7. Ólafsvíkurviti undir Jökli.
8. Vatneyrarviti við Patreksfjörð.
9. Suðureyrarviti við Tálknafjörð.

10. Steinanes- eða Langanesviti við Arnarfjörð.
11. Þingeyrarviti við Dýrafjörð.
12. Flateyrarviti við Önundarfjörð.
13. Suðureyrarviti við Súgandafjörð.
14. Bolungarvíkurviti við Ísafjarðardjúp.
15. Æðeyjarviti við Ísafjarðardjúp.
16. Sljettueyrar- eða Grunnavíkurviti við Ísafjarðardjúp.
17. Hrúteyjarnesviti við Ingólfsfjörð.
18. Ingólfsfjarðarviti við Ingólfsfjörð.
19. Krossanesviti milli Ingólfsfjarðar og Norðurfjarðar.
20. Naustvíkurviti við Reykjarfjörð.
21. Borðeyrarviti við Hrútafjörð.
22. Hvammstangaviti við Miðfjörð.
23. Skagastrandarviti við Húnaflóa.
24. Selnesviti við Skagafjörð.
25. Hofsósviti við Skagafjörð.
26. Haganesviti hjá Haganesvík.
27. Dalatárviti við Siglufjörð.
28. Húsavíkurviti við Skjálfanda.
29. Kópaskersviti við Axarfjörð.
30. Bakkafjarðarviti við Bakkafjörð.
31. Skipahólmsviti við Vopnafjörð.
32. Bakkagerðisviti við Borgarfjörð eystri.
33. Brekkuviti við Mjóafjörð.
34. Grímutangaviti við Reyðarfjörð.
35. Stöðvarfjarðarviti við Stöðvarfjörð.
36. Breiðdalsvíkurviti við Breiðdalsvík.
37. Hvalsnesviti við eystra Horn.
38. Þorlákshafnarviti við Þorlákshöfn.
39. Hópsnesviti við Grindavík.
40. Stafnesviti á Miðnesi.

C. Þokulúðurstöðvar:
1. Seley.
2. Stokksnes.
3. Reykjanes.
4. Grótta.
5. Siglunes.

3. gr.

Til byggingar vita þeirra og þokulúðurstöðva, sem talin eru í 2. gr., til sjómerkja og endurbóta eldri vitum, samkvæmt 1. gr., og til annara mannvirkja, er að því lúta, heimilast ríkisstjórninni að taka nauðsynleg lán á ábyrgð ríkissjóðs, er endurgreiðist á 20—30 árum, og miðist framkvæmdir við það, að byggingar vita þeirra og þokulúðurstöðva, sem talin eru í 2. gr., verði

lokið á 12—16 árum. Vitalánum þessum skal haldið utan við önnur lán ríkissjóðs, en vexti og atborganir af þeim skal telja í hvers árs fjárlögum.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, með ráði vitamálastjóra, að breyta um legu og ljósmagn vitanna, eftir því sem hentugra kynni að þykja, en þó svo, að þeir komi þeim svæðum að gagni, sem framantöldum vitum er ætlað að ná til.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1924.

(B. XXXII, 2).

Nd. **335. Breytingartillögur**

við frv. til laga um gerðardóm í kaupgjaldsþrætum (þskj. 108).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Niðurlag 5. gr. »Tregðist — hlýðir« fellur niður.
2. Aftan við frv. koma þessar greinar:

a. 6. gr.

Hraða skal samningaumleitunum, og varðar 200 kr. til 2000 kr. sektum að tefja þær með ráðnum hug. Gerðardómi skal og hraða sem mest má verða, og má aldrei líða lengri tími en hálfur mánuður frá því, er málið fer til 1. dómstigs, þar til er endanlegur dómur fellur.

b. 7. gr.

Tregðist vinnusalar við að hlíta dóminum, skal hver einstakur maður, er það gerir, gjalda 5 króna dagsektir þar til, er hann hlýðir. En tregðist vinnuþegar við að hlíta dóminum, skal hver þeirra gjalda í dagsektir 5 krónur á hvern mann, þann er fer á mis við atvinnu sakir tregðu hans.

c. 8. gr.

Alla þá stund, sem samningar og dómar í kaupþrætumálum standa yfir, skal unnið fyrir sama kaup, sem unnið var fyrir, þá er deilan hófst.

(A. XI, 7).

Nd. **336. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frv. þetta er stjórnarfrv. og var lagt fyrir hv. Ed. snemma á þessu þingi. Tók það þar allmiklum breytingum í meðferð deildarinnar, og var það einkum lengd sveitfestistímans, sem olli þar ágreiningi. Hefir nefndin rætt frv. allrækilega, en ekki getað orðið allskostar sammála.

Í frv. stjórnarinnar var lagt til, að sveitfestistíminn færðist úr 10 árum niður í 5 ár og að menn byrjuðu að vinna sjer sveit 21 árs gamlir. Efri deild breytti þessu þannig, að sveitfestistíminn var færður ofan í 3 ár og aldurstakmarkið í 16 ár, og er meiri hl. sammála hv. Ed. um hið síðara.

En meiri hl. þykir fulllangt stigið að færa sveitfestistímann niður í 3 ár, en minni hl. fellst á það, og á því atriði klofnaði nefndin. Telur meiri hl. vissara að reyna þessa breytingu áður en lengra er farið.

Hinsvegar fellst meiri hl. fullkomlega á það, að nauðsynlegt sje að stytta sveitfestistímann, til þess að draga úr hættu fæðingarhrepps, og liggja til þess ýms rök.

Fyrst og fremst er að geta þess, að síðan vistarbandið var leyst hefir verið miklu meira los á heimilisfangi manna en áður.

Er nú fjöldi manna laus og fer á milli hreppa og landshluta til þess að leita sjer atvinnu.

Fækkar þeim því, sem vinna í sveitum landsins sem árshjú eða með föstu heimilisfangi, og þá um leið færri og færri, sem vinna sjer sveit eftir núgildandi fátækralögum. Verður því oft sú niðurstaðan, að fæðingarhreppurinn verður að taka við mönnum, þegar að þrengir, jafnvel þótt þeir sjeu þá komnir á gamals aldur. Er það ekki sanngjarnt, þar sem oft er svo, að hlutaðeigendur hafa ekki dvalið í fæðingarhreppnum frá því þeir fæddust þar.

En ef sveitfestistíminn yrði nú færður niður í 3 ár, telur meiri hl. að ekki mundi verða hjá því komist, að sett yrði í frv. ákvæði um það, að heimilt væri bæjar- og sveitarstjórnum að takmarka innflutning, og myndi það mest koma niður á fátækum mönnum.

Meiri hl. kannast við það, að undanfarið hafi of mikill fólksstraumur legið úr sveitum til bæja og fiskiþorpa, og að gott muni vera, að afturkippur komi í þann straum að nokkru. En þar sem nú er fremur dauft yfir aðalatvinnuvegi sveitanna — landbúnaði —, telur hann vafasamt, að sveitirnar geti tekið við öllu því fólki í bili, sem bolað yrði úr kaupstöðum og þorpum, ef sveitfestin yrði færð nú í 3 ár. Af því myndi leiða mikill hrakningur fyrir fátækt fólk, og að því vill meiri hl. ekki stuðla frekar en nauðsyn krefur.

En mikil bót verður að teljast fyrir sveitarfjelögin, ef sveitfestin yrði nú stytt um helming, og mætti það vel verða til þess, að ýmsir þeirra manna, sem nú vinna sjer hvergi sveit, ynnu sjer sveitfesti, svo ekki komi eins oft til kasta fæðingarhreppsins eins og nú er.

Hið annað, sem hv. Ed. feldi úr stjórnarfrv., svo sem undantekningar um það, hvað skuli teljast sveitarstyrkur, fellst meiri hl. á. Telur hann því ofaukið orðunum í síðustu línu 1. gr. »eða styrk eftir þessum lögum«, vegna þess að búið er að fella úr frv. stjórnarinnar þau ákvæði, sem þessi orð eiga við. Brtt. á þskj. 164 getum við ekki fallist á.

Leggur því meiri hl. til, að frv. verði samþykt með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr.

a. Fyrir »3 ár« komi: 5 ár.

b. Úr síðustu línu falli burt orðin »eða styrk eftir þessum lögum«.

Alþingi, 11. apríl 1923.

Jón Þorláksson, form.	Magnús Jónsson, ritari.	Björn Hallsson, frsm. meiri hl.

Magnús Guðmundsson.

(A. XXIV, 13).

Nd. **337. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1922.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árið 1922, veitast kr. 201478,25 til útgjalda þeirra, sem tilfærð eru hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 10. gr. fjárlaganna (sendiherra, utanríkismál og ríkisráðskostnaður) veitast 12000,00 kr.

Launaviðbót sendiherra í Kaupmannahöfn ... ... kr. 12000,00

3. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 8687,55 kr.

1.	Til viðauka og breytingar við rafveituna á Kleppsspítala	kr.	1854,10
2.	Kostnaður við raflagningu til Vífilsstaða	—	3149,50
3.	Utanfararstyrkur frú Bjarnhjeðinsson	—	1000,00
4.	Kostnaður við augnlækningaferðalag til Austfjarða	—	1382,05
5.	Ýmisl. kostnaður við varnir gegn inflúensu	—	301,90
6.	Læknisvitjanastyrkur til Flateyjarhjeraðs	—	900,00
	Samtals	kr.	8587,55

4. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast kr. 122091,42.

1.	Kostnaður við húsbyggingu á prestssetrinu Mælifelli	kr.	26883,34
2.	Viðbótarstyrkur til húsbyggingar á Sandfelli	—	2000,00
3.	Til bæjargerðar í Reykholti	—	599,60
4.	Til uppfyllingar á kirkjugarðinum í Reykjavík	—	5308,15
5.	Til raflagningar í Alþingishúsið (Háskólann)	—	2200,00
6.	Til tilraunaskála Mentaskólans...	—	1192,73
7.	Til raflagningar i Kennaraskólann	—	3000,00
8.	Höfuðviðgerð gagnfræðaskólahússins á Akureyri	—	59000,00
9.	Andvirði fyrir lóð, keypta í þarfir gagnfræðaskólans á Akureyri	...	4200,00
10.	Rafljósaáhöld til Stýrimannaskólans	—	707,60
11.	Til rafljósastöðvar og raflagningar á Hvanneyri	—	15500,00
12.	Utanfararstyrkur forstöðukonu Daufdumbraskólans	—	1500,00
	Samtals	kr.	122091,42

5. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast kr. 14950,00.

1.	Til ferðar Einars H. Kvaran rithöfundar á alþjóðafund í Lausanne 1921	kr.	1500,00
2.	Til ferðar Lárusar H. Bjarnasonar hæstarjettardómara á fund norrænna lögfræðinga í Kristjaniu	—	1500,00
3.	Til ferðar sendiherra Sveins Björnssonar á sama fund ...	—	850,00
4.	Til ferðar fornmenjavarðar Matthiasar Þórðarsonar á fornfræðingamót	—	1500,00
5.	Til að kaupa forngripi frá amtmannsfrú M. Havsteen ...	—	3500,00
6.	Til próf. Sveinbj. Sveinbjörnsson	—	4000,00
7.	Til frjettastofu Verslunarráðs Íslands	—	2000,00
8.	Til Iðnfræðifjelags Íslands, til verðlauna fyrir ritgerð um iðnfræðileg efni	—	100,00
	Samtals	kr.	14950,00

6. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 43849,28 kr.

1.	Til jarðabóta á Mosfelli	kr. 9000,00
2.	Til Skeiðaáveitunnar	— 19000,00
3.	Til brimbrjóts í Bolungarvík	— 8000,00
4.	Til Einars Benediktssonar, fyrir uppdrætti af mómýrum ...	— 5000,00
5.	Kostnaður við skrifstofu húsameistara	— 2549,28
6.	Til Gunnars Egilson	— 300,00
	Samtals	kr. 43849,28

7. gr.

Landsstjórninni er heimilt að ganga í ábyrgð fyrir láni Reykjavíkurkaupstaðar, að upphæð 500000 kr., er hann fær í Bikuben, til vatnsleiðslu inn í bæinn.

(B. LXXVI, 2).

Ed. **338. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá allsherjarnefnd.

Eins og tekið er fram í greinargerðinni við frv., er það borið fram eftir beiðni sóknarmanna í Lágafellssókn. Með málinu mæla safnaðarfundur í Reykjavík, hjeraðsfundur Kjalarnesprófastsdæmis, prófastur og biskup. Í brjefi sínu 13. febrúar þ. á. fer biskup meðal annars þessum orðum um málið:

»Þegar þessi sameining meginhluta Mosfellsprestakalls, sem sje Lágafells- og Viðeyjarsókna, við Reykjavíkurprestakall var ákveðin með lögunum frá 1907, voru í dómkirkjusöfnuðinum rúm 6 þúsund manns, sem njóta skyldu prestlegrar þjónustu dómkirkjuprestsins og væntanlegs annars prests, sem eftir sömu lögum skyldi bætast við dómkirkjuna. En síðan hefir ibúum Reykjavíkur, eins og kunnugt er, fjölgað svo, að nú eru í dómkirkjusöfnuðinum á 12. þúsund manns að minsta kosti. Verksvið dómkirkjuprestanna hefir þannig aukist um alt að því helming síðan er lögin voru sett, enda tel jeg alls engar likur til þess, að þessi ákvæði laganna hefðu náð samþykki Alþingis, hefði nokkurn mann þá órað fyrir jafnhraðfara vexti safnaðarins. Svo vafasamt sem það þótti þá, að nokkur leið væri til þess að bæta Lágafells- og Viðeyjarsóknum á dómkirkjuprestana, jafn-óhugsandi er það nú, eins og verkahringur þeirra hefir vaxið.

Svo að mönnum skiljist, hve önnum hlaðnir dómkirkjuprestarnir eru, vil jeg nefna nokkrar tölur frá síðasta ári. Auk 120 messugerða, sem í dómkirkjunni hafa verið fluttar á árinu, hafa þeir framkvæmt 370 barnaskirnir, búið til fermingar 160 börn, gefið saman 126 hjón, greftrað 157 dána, að ótöldum öllum þeim fjölda annara starfa, sem á þeim hvíla í jafnfjölmennum söfnuði.

Það er ekki ofsagt, að störfin eru þegar orðin svo mikil, að ekki er til jafnmikils ætlast af nokkrum prestum á landinu og af dómkirkjuprestunum. Þeir eru svo störfum hlaðnir sýknt og heilagt, að með sanni má segja um þá, að þeir geti aldrei um frjálst höfuð strokið. Hver ógerningur það er að ætla þeim nú að bæta á sig ærið fjölmennum söfnuðum, og öðrum þeirra enda jafnviðáttumiklum og Lágafellssöfnuði, liggur í augum uppi. Jeg fæ ekki sjeð, að slík samsteypa sje möguleg, nema með því að bæta þriðja prestinum við dómkirkjuna, ef ekki á beinlínis að svifta Mosfellssveitina allri prestsþjónustu, því að sú yrði óhjákvæmilega niðurstaðan, ef tveir dómkirkjuprestarnir ættu að hafa þjónustuna á hendi ásamt þeirri þjónustu, sem fyrir er. Þeir væru svo önnum kafnir heima fyrir, að hinir söfnuðirnir hlytu að verða útundan, og eiga þeir þó ekki síður heimtingu á prestlegri þjónustu en Reykjavíkursöfnuðurinn«.

Í hinu gamla Mosfellsprestakalli eru þrjár sóknir: Brautarholtssókn, Viðeyjar og Lágafells. Eftir lögunum frá 1907 á að leggja Brautarholtssókn til Reynivallaprestakalls, en hinar sóknirnar hverfa til Reykjavíkurprestakalls. Nefndin telur ekki frágangssök að bæta Brautarholtssókn við Reynivallaprestakall. Að vísu mun núverandi Reynivallaprestur ófáanlegur til að taka að sjer þjónustu þessarar sóknar, og er eigi heldur skyldur til þess. Þá telur nefndin ekki ókleift fyrir dómkirkjuprestana að þjóna Viðeyjarsókn. Öðru máli er að gegna um Lágafellssókn. Um það verður nefndin að vera biskupi samdóma, að það sje ógerningur að heimta það af dómkirkjuprestunum, að þeir bæti þeirri sókn við sig. Embættisstörf þeirra eru svo mikil og erfið, að með engu móti verður viðbætt sem nemur. Enginn hinna annara nágrannaprestanna getur tekið að sjer þjónustu Lágafellssóknar til frambúðar, hvorki Reynivallaprestur, Þingvallaprestur nje Garðaprestur. Þótt það sje ekki með öllu ógerningur að þjóna Lágafellssókn frá Görðum vegalengdar vegna, þá getur það ekki komið til mála að bæta þeirri sókn við Garðaprestakall síðan er Kálfatjarnarprestakall bættist við það.

Þótt nefndinni sje það mjög óljúft að leggja það til, að bætt sje við prestakallí, þá telur hún sjer ekki annað fært en að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 12. apríl 1923.

Jón Magnússon, form. og frsm.	Sigurður H. Kvaran.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.

(A. I, 13).

Nd. **339. Breytingartillaga**

við brtt. fjvn. á þskj. 254.

Frá Þorsteini Jónssyni.

Við 86. lið, 18. gr. II. e. 12. (Árni Theódór).

Liðurinn verður svo:

Til Árna Theódórs Pjeturssonar 500

(C. XIV, 2).

Nd. **340. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar á þskj. 298. [*Íslandsbankanefnd*].

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta fjárhagsnefnd deildarinnar í tje fullkomna og nákvæma skýrslu um tryggingar þær, er Íslandsbanki hefir sett fyrir enska láninu.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um tryggingar fyrir enska láninu.

(B. LXVI, 2).

Ed. **341. Nefndarálit**

um frv. til laga um sameiningu ritsímastjóra- og póstmeistarastarfanna á Akureyri.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir rætt mál þetta við aðalpóstmeistara og sömuleiðis borið það undir ritsímastjóra, og hefir það orðið að samkomulagi, að nefndin bæri fram nýtt frumvarp, í stað þessa frumvarps, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að

sameina póstmeistara- og stöðvarstjóraembættin bæði á Akureyri og á Ísafirði, þar sem þetta er talið tiltækilegt af báðum yfirforstjórum þessara embætta.

Ef gert er ráð fyrir, að væntanlegur póstmeistari og stöðvarstjóri á Akureyri fái nú þegar hæstu laun þessa embættis, með dýrtíðaruppbót þeirri, sem nú er, þá ættu að sparast þar á fyrsta ári 2240 kr. og lítið eitt minna árlega, er tímar liða fram, og væntanlega yrði þetta eitthvað svipað, eða þó öllu meira, á Ísafirði, þegar þar yrði af sameiningunni.

Hins vegar er auðsætt, að til þess að sameining þessi geti komist á og haldist við þarf í hvert skifti samkomulag póstmeistara og símastjóra, og því er hentugast að hafa um þetta heimildarlög.

Nefndin vill taka það fram, að hún telur mjög æskilegt, að samsteypa á póstafgreiðslumanna og stöðvarstjórastarfinu í kauptúnum landsins kæmist á smátt og smátt, en til þess þarf ekki neina lagasetningu.

Eins og ætlast er til í frumvarpinu, byggir nefndin á því, að núverandi stöðvarstjóri á Akureyri taki við póstmeistaraembættinu, ef það embætti losnar, sem sagt er að muni verða bráðlega.

Nefndin ætlast því til, að frumvarp það, sem borið er fram á þskj. 342, komi í stað þessa frumvarps, þar sem það fer í sömu átt, en er að eins víðtækara.

Alþingi, 13. apríl 1923.

Jón Magnússon, formaður.	Sigurður H. Kvaran, framsögum.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.

(B. LXXXIII, 1).

Ed. **342. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að sameina póstmeistara- og stöðvarstjóraembættið á Akureyri og Ísafirði.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að sameina póstmeistara- og stöðvarstjóraembættið á Akureyri og Ísafirði.

2. gr.

Eftir sameininguna skulu forstjórar embætta þessara hafa sömu laun og póstmeistararnir á Akureyri og Ísafirði nú hafa samkvæmt launalögum,

auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, en jafnframt má skipa þeim til aðstoðar, á Akureyri póstafgreiðslumann með 2200 kr. byrjunarlaunum, sem hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 2800, en á Ísafirði póstaðstoðarmann með sömu launum og póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa eftir launalögum.

3. gr.

Nú eru embætti þau, sem um ræðir í lögum þessum, sameinuð, og skal þá telja þjónustuár viðtakanda í hinu nýja embætti frá þeim tíma, er hann var skipaður í það embætti, er hann áður gegndi.

Greinargerð.

Um greinargerð vísast til nefndarálits á þingskjali 341.

(A. XIV, 2).

Ed. **343. Nefndarálit**

um frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi.

Frá allsherjarnefnd o. fl.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir til athugunar, er orði til orðs samhljóða frv. því, sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi 1921. Er það sniðið eftir frv. því, sem samvinnunefnd vatnamálanna á Alþingi 1919 samdi upp úr frv., sem einstakir þingmenn höfðu borið fram þá á þinginu og voru sömu frv., sem meiri og minni hluti milliþinganefndarinnar höfðu samið. Nefndin hafði þó ekki verið sammála, og komu fram 2 nefndarálit, þskj. 792 og 821, en sjálft frv. nefndarinnar er á þskj. 793. Þessu frv. samvinnunefndarinnar var við aðra umræðu á þinginu 1919 vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari undirbúnings með rökstuddri dagskrá í neðri deild. Fyrir aukaþingið 1920 lagði ríkisstjórnin frv. minni hlutans, en þinginu vanst ekki tími til að vinna neitt að málinu.

Eins og áður er sagt, lagði svo stjórnin frv. samvinnunefndar til grundvallar fyrir frv. því, sem hún lagði fyrir Alþingi 1921. Aðalbreytingarnar voru í þessum atriðum:

a. Fært niður hámark þeirrar hestaflatölu, er leyft væri að virkja án sjerleyfis, úr 1000 hestöflum niður í 500 hestöfl, eins og gert var ráð fyrir í frv. minni hlutans.
b. Fært upp það takmark á hestaflatölu, er ríkisstjórnin getur leyft án samþykkis Alþingis, úr 10000 hestöflum upp í 25000.
c. Felt niður ákvæðið um 2 þinga samþykki með kosningum milli þinga fyrir virkjun yfir 50 þús. hestöfl.

d. Samningsbinda í sjerleyfi — en ekki í lögunum sjálfum — ákvæði um kostnað við eftirlit með virkjunum.
e. Sjerleyfistíminn lengdur samkv. minni hluta frv. upp í 65 ár úr 55 árum.
f. Móti því látið koma innlausnarrjettur ríkisins eftir 40 ár og það, að orkuverið falli endurgjaldslaust til ríkisins í lok sjerleyfistímans.
g. Skýrara ákvæði um hlutafje, sbr. aths. við 36. gr.

Ennfremur hefir stjórnin forðast að taka afstöðu til eignarrjettarspursmálsins og hefir talið það engu máli skifta í þessu sambandi.

Nefndin hefir nú fallist á frv. eins og það liggur fyrir og með þessum efnisbreytingum, sem stjórnin hefir á því gert, og álítur þær ganga í rjetta átt.

Þó hefir hún gert nokkrar breytingar á því, bæði að efni og formi, og skal nú getið þeirra helstu, er máli skifta.

Samkvæmt ákvæðum vatnalagafrumvarpsins er óheimilt að virkja hluta úr fallvatni, er hefir alls meira en 500 eðlishestorkur, nema leyfi stjórnarinnar komi til, hvort sem meira eða minna er tekið til virkjunar af fallvatninu. Þetta þótti nefndinni ekki koma nægilega skýrt fram í 2. gr. þessa frv., fyrstu málsgrein, og gengur brtt. nefndarinnar við 1. málsgrein í þá átt að lagfæra þetta.

2. málsgr. þessarar greinar virðist nefndinni óþörf. Brtt. við sömu grein, 3. málslið, gengur í sömu átt.

Nefndin hefir litið svo á, að öll »leyfi«, sem ríkisstjórnin veitir til virkjunar samkvæmt sjerleyfislögum, sjeu háð þeim skilyrðum, sem nefnd eru í 4. gr. sjerleyfislaganna, með öðrum orðum sjerleyfi. Nefndinni þykir því sanngjarnt að lina á skilyrðum fyrir þessu leyfi, ef um er að ræða virkjun á minna en 500 hestöflum. Þetta kæmi þó einkum til álita, er um smávirkjun úr stóru vatnsfalli (yfir 500 hestöfi) er að tala, sýnist nefndinni sjálfsagt, og í þá átt gengur brtt. nefndarinnar við 4. gr.

Nefndin hefir nokkuð rýmkað skilyrðin um sjerleyfi, t. d. hefir hún lengt sjerleyfistímann um 10 ár, eða upp í 75 ár, og þann tíma, er líða skal þangað til breyta má sjerleyfisárgjöldum, úr 25 árum upp í 35 ár. Nefndin telur mjög ólíklegt, að nokkurt fjelag vilji sætta sig við þann tíma, sem ráð er fyrir gert í frv., og þó að nú sjeu ekki horfur á því, að handa verði hafist í virkjun fossa í stærri stíl, álítur nefndin ekki rjett að gera lögin alt of óaðgengileg, ef til framkvæmda kæmi. (Brtt. við 11.—12. gr.).

Nefndinni virtist ekki heldur sanngjarnt, að sjerleyfisgjald væri greitt fyrir smærri virkjanir, og hefir sett markið 200 hestöfl, er gjald megi ekki taka fyrir. Fyrir 200—500 hestöfl vildi nefndin ekki ákveða að fella gjaldið alveg niður, heldur heimila stjórninni að ívilna nokkuð í þessu gjaldi eða fella það niður, og myndi þá stjórnin meta slíkt eftir markmiði og starfsviði virkjunarinnar, er sjerleyfi er fengið fyrir; að þessu lýtur brtt. nefndarinnar við 12. gr.

Aðrar brtt. nefndarinnar eru smáar, t. d. leggur nefndin til, að í stað orðsins »landsstjórn« komi ríkisstjórn, og nokkrar brtt. lúta að því, að samkvæmt vatnalagafrv. er ekki gert ráð fyrir vatnamálastjóra, heldur sker ríkisstjórnin með aðstoð vegamálastjóra úr öllum málum þessu viðvíkjandi.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að háttv. deild samþykki frv. með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
   a. Eigi er heimilt, án leyfis ríkisstjórnarinnar, að virkja til orkunýtingar fallvatn (foss eða hávaða) eða hluta úr þeim, ef fallvatnið hefir meira en 500 eðlishestöfl.
   b. Önnur málsgr. falli burt.
   c. Þriðja málsgrein orðist svo:
      Ríkisstjórnin getur þó veitt samþykki til þess að hjeraðsstjórnir og aðrir virki fallvötn án sjerleyfis, þótt um meira en 500 eðlishestöfl sje að ræða, ef að eins er ætlað til þess að fullnægja raforkuþörf almennings.

2. Við 4. gr. Nýr liður, er verður 18. liður, bætist við greinina:
   Ríkisstjórninni er heimilt að veita umsækjanda undanþágu undan þeim ákvæðum þessarar greinar, sem myndu baka honum tiltölulega of mikinn kostnað eða fyrirhöfn, ef hestaflatala sú, er leyft er að virkja, fer eigi fram úr 500 hestöflum.

3. Við 9. gr.
   Í stað »sem sjerleyfishafi« til enda greinarinnar komi: sem sjerleyfishafi telur sig þurfa til fyrirtækisins.

4. Við 10. gr.
   Orðin »eftir tillögum vatnamálastjóra« i 4. og 5. lið gr. falli burt.

5. Við 11. gr.
   Í stað orðanna »sextíu og fimm« komi: sjötíu og fimm.

6. Við 12. gr.
   a. Í stað »25« á tveim stöðum í 4. lið komi: 35.
   b. Aftan við greinina bætist nýr liður, er verður 4. liður:
      Nemi hestaflatala sú, er heimilað er að hagnýta, eigi meiru en 200 eðlishestöflum, skal ekkert árgjald greiða; nemi hestaflatalan meiru, en ekki yfir 500 eðlishestöflum, má ríkisstjórnin setja árgjaldið lægra en 50 aura af hestaflinu og jafnvel láta það falla niður með öllu.

7. Við 14. gr. 4. lið.
   a. Í stað »vatnamálastjóri« komi: hún.
   b. Orðin »og mælir með því« falli burt.

8. Við 15. gr. 3. lið.
   a. Í stað »kunnáttumanns« komi: ríkisstjórnarinnar.
   b. Fyrir »landsstjórnin« komi: hún.

9. Við 16. gr. 2. lið.
   Orðin »sem best má verða« í niðurlagi liðsins falli burt.

10. Við 19. gr. 2. lið.
    Í stað »landsstjórnin« komi: hún þá.

11. Við 21. gr. 1. lið.
    Í stað orðanna »við þá samþyktu fullnaðardrætti» komi: við þá fullnaðardrætti, er samþyktir hafa verið.

12. Við 27. gr. 3. lið.
    Fyrir »landsstjórnin« komi: hún.

13. Við 28. gr. 2. lið.
    Upphaf málsgr. orðist svo:
    Nú hefir lánardrottinn tekið fjárnámi eignir fyrirtækis, sem stofnað er til eftir sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, og er honum þá o. s. frv.

14. Við 30. gr.
    Orðið »eitthvert« falli niður.

15. Við 35. gr.
    Í stað »hans umsókn« komi: umsókn hans.

16. Í stað »landsstjórn«, þar sem það orð kemur fyrir í frv., komi: ríkisstjórn.

Alþingi, 13. apríl 1923.

Jón Magnússon, form.	Sigurður H. Kvaran.	Guðm. Guðfinnsson. fundaskr. og frsm.

Hjörtur Snorrason. Guðm. Ólafsson.

(B. LXI, 2).

Ed. **344. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Frá allsherjarnefnd.

Í neðri deild Alþingis kom í fyrra fram frumvarp um breyting á hæstarjettarlögunum og fór í þá átt, að hæstarjettardómendur skyldu hafa á hendi lagakensluna við háskólann og koma að öllu í stað prófessora lagadeildarinnar. Frumvarp þetta var felt, en í sameinuðu þingi var samþykt tillaga s. á. um að skora á stjórnina:

1. Að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um að fækka dómendum í hæstarjetti um tvo.
2. Að málaflutningur við hæstarjett verði skriflegur og hæstarjettarritaraembættið lagt niður.
3. Að veita ekki þau dómaraembætti í hæstarjetti, er losna kunna, meðan þessar breytingar eru á döfinni.

Ríkisstjórnin hefir ekki orðið við áskorun þessari um að leggja þannig lagað frumvarp fyrir þingið, en það frumvarp, er ræðir um í þessu nefndaráliti, hefir tekið upp innihald áskorunarinnar um fækkun dómenda og afnám ritaraembættisins.

Dómsmálaráðuneytið hefir leitað álits hæstarjettardómendanna um málið, og hefir dómstjóri svarað í brjefi, dagsettu 28. nóv. f. á., sem hjer er prentað (fylgiskjalið). Svara fjórir af dómendunum því, »að þeir telji þessar breytingar allsendis óráðlegar, með því að enn er eigi fengin nægilega ábyggileg reynsla fyrir því, hvernig breytingin, sem gerð var á skipun æðsta dómsvaldsins með lögum 6. okt. 1919, muni reynast til frambúðar«. Einn dómendanna, Lárus H. Bjarnason, vísar um álit sitt í málinu til ritgerðar hans um dómaskipun í Andvara f. á. Sjá að öðru leyti fylgiskjalið.

Hæstarjettardómari Lárus H. Bjarnason hefir ritað um frumvarp þetta grein, sem ekki er enn útkomin, en hann hefir góðfúslega lofað nefndinni að sjá í próförk. Í grein þessari tekur hann það fram, meðal annars, að gera verði þá aðalkröfu til hverrar almannastofnunar, að skipulag hennar svari sem best til ætlunarverksins, og beri þá sennilega ekki síst að gera þessa kröfu til dómsvaldsins, »er ósjaldan er nauðleitarhöfn einstaklinga í mestu vandræðum þeirra«.

Í greininni segir ennfremur:

»Jeg gat þess í ritgerðarkorni, sem birtist í Andvara í fyrra, að sennilega hefði að sumu leyti mátt búa enn betur um dómaskipunina en gert er, og lagði sjerstaklega til, að dómstigunum yrði fjölgað sem fyrst. Sje þess kostur nú, ætti að gera það. Mætti þá vafalaust fækka dómurum í hæstarjetti og jafnframt orða fleiri breytingar á hæstarjettarlögunum.

En hitt finst mjer ekki gerandi, að breyta lögunum svo sem farið er fram á í frumvarpinu. Það er fyrst og fremst ógerningur að afnema ritaraembættið, meðan mál eru flutt munnlega í rjettinum. Sami maðurinn getur ekki samtímis tekið eftir öllu, sem fram fer í rjettinum, og haldið þingbókina.

Enn munu þeir — ekki síst útlendingar —, sem trúa því, að betur sjái augu en auga, eiga bágt með að skilja það, að dómar rjettarins mundu yfirleitt batna, ef dómaraaugunum væri fækkað úr 10 niður í 6. Ekki þarf heldur breyting á lögunum til þess að girða fyrir það, að skipað yrði sæti, er kynni að losna, og með því móti gert erfiðara um fækkun síðar, ef löggjafanum sýndist svo. Til þess að setja undir þann leka þyrfti ekki annað en þingsályktun eða rökstudda dagskrá«.

Telur hann að ýms rök megi færa fyrir því að setja aldursmark fyrir embættismenn, en þá eigi ekki að gera það fyrir dómara eina, og eigi slíkt ákvæði heima í launalögum, en ekki sje það til sparnaðar, meðan eftirlaun haldast. Loks telur hann það eigi rjett, sem frumvarpið gerir, að láta aðilja ráða jafnundirstöðukendu atriði og því, hvort mál skuli rekið munnlega eða skriflega. Annars telur hann skriflegan málflutning munu eiga fult eins vel við, meðan dómstigin eru ekki nema tvö.

Það er bert, að tillögur þær, er fram hafa komið á þingi um breyting á hæstarjettarlögunum, eru gerðar til þess að spara, og nefndin viðurkennir að sjálfsögðu þörfina á að spara eða draga úr kostnaði ríkissjóðs til embætta svo sem má. En þegar um æðsta dómstól ríkisins er að ræða, verður á fleira að líta. Eins og tekið er fram af öllum hæstarjettardómendunum, er hæstirjettur ungur dómur, ekki nema rúmra 3 ára, og er því fullfljótt að fara að breyta skipun hans. Samt er nefndin þeirrar skoðunar, að vel geti komið til mála að fækka hæstarjettardómendum um tvo, en þá verður að athuga það grandgæfilega, hvort ekki verði þá nauðsynlegt að fjölga jafnframt dómstigunum, eins og hæstarjettardómari Lárus H. Bjarnason hefir lagt til.

Eins og sjest á framansögðu, eru hugir manna býsna sundurleitir í þessu máli, svo að sennilega er ekki vert að hrapa að því að breyta. En aðalatriðið er, að málið hefir eigi verið svo athugað og rannsakað, sem krefjast verður, þegar um eins afarþýðingarmikið atriði er að ræða fyrir land og þjóð sem breyting á skipun hins æðsta dómstóls og jafnframt, ef til vill, á dómaskipun landsins að öðru leyti.

Nefndin telur sjer því, að öllu athuguðu, ekki fært að gera neinar ákveðnar tillögur um málið, en byggir á því, að ríkisstjórnin taki það til athugunar. Þá telur nefndin sjálfgefið, að ríkisstjórnin taki til greina 3. tölulið framannefndrar þingsályktunartillögu, og ræður háttv. deild til að afgreiða málið með svo feldri

DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin taki dómaskipun landsins til athugunar, og sjerstaklega að hún taki til greina 3. tölulið þingsályktunar þeirrar, sem Alþingi

1922 samþykti, um að veita ekki dómaraembætti í hæstarjetti, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. apríl 1923.

Jón Magnússon, form. og frsm.	Sigurður H. Kvaran.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskr.

Fylgiskjal.

HÆSTIRJETTUR
28. nóvbr. 1922.

Með virðulegu brjefi, dags. 21. þ. m., hefir stjórnarráðið beiðst álits og umsagnar hæstarjettar um ályktun síðasta Alþingis 21. apríl 1922 um breyting á hæstarjettarlögunum á þann veg, *að* dómendum sje fækkað um tvo, *að* málflutningur verði skriflegur, og *að* hæstarjettarritara embættið verði lagt niður. Málefni þetta hefir verið lagt fyrir dómendur rjettarins, og höfum vjer rætt það á fundi, og hafa fjórir okkar orðið sammála um að svara því, að þeir telji þessar breytingar allsendis óráðlegar, með því að enn er eigi fengin nægilega ábyggileg reynsla fyrir því, hvernig breytingin, er gerð var á skipun æðsta dómsvaldsins með lögum 6. okt. 1919, muni reynast til frambúðar, en þá er vissulega óvit að fara að breyta aftur eftir svo skamman tíma í þá átt að færa fyrirkomulagið í eldra horfið, einkum með tilliti til þess, að reynsla sú, sem fengin er síðan áðurnefnd lög gengu í gildi í ársbyrjun 1920, bendir að voru áliti ótvírætt í þá átt, að hið nýja fyrirkomulag muni reynast mjög sæmilega og verða almenningi geðþekt, þegar hann fer að venjast því.

Þess skal ennfremur getið, að 3. mars s. l. skrifuðum vjer Alþingi (sparnaðarnefndinni) brjef upp á fyrirspurn þess um þetta efni. Leyfi jeg mjer að vísa til þessa brjefs, sem fylgir hjer með í eftirriti.

Einn dómendanna, L. H. Bjarnason, vísar um álit sitt á málinu til ritgerðar hans um dómaskipun í Andvara þ. á.

Fylgiskjalið endursendist.

Kristján Jónsson.

Björn Þórðarson.

Til
dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

(B. XXV, 9).

Ed. **345. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 1. gr. laga nr. 47, 30. nóv. 1914, komi ný málsgrein, er verður 2. málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti mega þeir menn greiða atkvæði, sem eru ekki ferðafærir sakir elli eða vanheilsu, og komast því ekki á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Forföll eru sönnuð með læknisvottorði í kaupstöðum og hreppi, sem læknir býr í, en annarsstaðar með vottorði læknis eða hreppstjóra. Atkvæðagreiðsla þeirra manna, er um ræðir í þessari málsgrein, má eigi fram fara fyr en daginn fyrir kjördag, ef kjósandi á heima á kjörstað, og ekki fyr en tveim dögum fyrir kjördag, ef hann á heima utan kjörstaðar.

2. gr.

A eftir 1. málsgr. 4. gr. komi ný málsgr., er hljóði svo:

Nú skýrir kjósandi frá því, að hann, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, sje eigi fær um að kjósa á þann hátt, sem fyrirskipað er í lögum þessum, og skal þá sá, er vottorðið gefur, tilnefna nærstaddan kjósanda til að veita honum aðstoð til að kjósa. Skal þessa getið í fylgibrjefinu, svo og nafns þess, er aðstoðina veitti. Sá, er aðstoðina veitti, er bundinn þagnarskyldu um það, hvernig atkvæði kjósanda hefir fallið.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.—2. greinar þeirra í meginmál laga nr. 47, 30. nóv. 1914, og getur konungur gefið þau lög út með fyrirsögninni: Lög um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

(B. LX, 3).

Nd. **346. Frumvarp**

til laga um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í öllum kaupstöðum landsins, og sömuleiðis í hverju því kauptúni, sem hefir 1000 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir fyrir almenning, sem aðganga er seld að.

2. gr.

Þessar skemtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur.

a. Hljómleikar og söngskemtanir.
b. Sjónleikar, er njóta opinbers styrks.
c. Fyrirlestrar og upplestrar.
d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
e. Tombólur, í hverju skyni sem haldnar eru.

Af skemtunum, er til þessa flokks teljast, greiðist 10% skattur af andvirði seldra aðgöngumiða. Af tombólum greiðist sami skattur einnig af andvirði seldra happdrátta.

2. flokkur.

a. Dansleikar.
b. Danssýningar.
c. Loddarasýningar.
d. Fjölleikasýningar og sjónleikar, er ekki teljast til 1. flokks.
e. Aðrar almennar skemtanir, sem aðganga er seld að og ekki eru taldar sjerstaklega.

Af skemtunum þeim, er til þessa flokks teljast, greiðist 20% skemtanaskattur.

3. gr.

Undanþegnar öllum skemtanaskatti eru þessar opinberar skemtanir:

a. Ódýrir fræðandi fyrirlestrar, sem styrktir eru af opinberu fje, svo sem stúdentafjelagsfyrirlestrar.

b. Skemtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar málefna, er miða að almenningsheill.
c. Af innanfjelags-skemtunum, sem að eins eru fyrir fjelaga og gesti þeirra, greiðist enginn skattur, en sannist það, að utanfjelagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemtun eftir 2. gr. 2. flokki.

4. gr.

Til að halda skemtun, sem aðgangur er seldur að, skal fá leyfi lögreglustjóra, og skal tilkynna honum, hvar og hve nær hún skuli haldin.

5. gr.

Lögreglustjóri innheimtir skemtanaskattinn og fær 2% í innheimtulaun. Um innheimtuna fer eftir reglugerð, er stjórnarráðið semur.

6. gr.

Skemtanaskatturinn rennur í sjerstakan sjóð, »þjóðleikhússjóð«. Honum skal varið til þess að koma upp »þjóðleikhúsi« í Reykjavík og til að styðja sjónleika, sem sýndir verða að staðaldri í því húsi. Stjórn þessa sjóðs hafa á hendi þrír menn, valdir af kirkju- og kenslumálaráðherra, úr hóp þeirra manna, er vænta má, að kunnugastir sjeu leikment. Nefnd þessi starfar ókeypis. Auk þess að ávaxta þjóðleikhússjóðinn skal nefndin hafa með höndum allan undirbúning undir byggingu leikhússins. Kirkju- og kenslumálaráðherrann hefir eftirlit með störfum nefndarinnar.

Ríkið leggur til ókeypis lóð á Arnarhólstúni.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—500 kr., og skal farið með öll þau mál, sem út af þeim rísa, sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1923, og með þeim eru úr lögum numin lög nr. 34, 22. nóv. 1918, og allar þær reglugerðir og ákvæði, sem bygð eru á lögum nr. 34, 22. nóv. 1918.

(A. I, 14).

Nd. **347. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1924.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1924 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	215000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1000000	
			1215000
3.	Aukatekjur	300000	
4.	Erfðafjárskattur	45000	
5.	Vitagjald	170000	
6.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
			525000
7.	Útflutningsgjald		700000
8.	Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade)	350000	
9.	Tóbakstollur	400000	
10.	Kaffi- og sykurtollur	800000	
11.	Vörutollur	1250000	
12.	Annað aðflutningsgjald	80000	
			2880000
13.	Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð		20000
14.	Stimpilgjald		300000
	Flyt ...	... ...	5640000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	5640000
15.	Lestagjald af skipum		40000
16.	Pósttekjur	350000	
17.	Símatekjur	1000000	
			1350000
18.	Víneinkasala		300000
19.	Tóbakseinkasala		200000
20.	Steinoliueinkasala		50000
21.	Skólagjöld		3000
22.	Bifreiðaskattur		22000
	Samtals ...	... ...	7605000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		35000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		10000
	Samtals ...	... ...	45100

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. eru áætlaðar:

		kr.	kr.
1.	Tekjur af bönkum		150000
2.	Tekjur af Ræktunarsjóði		25000
	Flyt ...	... ...	175000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	175000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	35000	
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	15000	
		50000
5. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands		5000
6. Vextir af innstæðum í bönkum		10000
7. Greiðsla frá Landsverslun		100000
Samtals ...	... ...	340000

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		20000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna		30(
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur		200(
Samtals ...	... ...	2230(

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1924 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	225446,00	
2. Erlend lán: £ 8803 - 1 - 9 og danskar kr. 361351,26	658100,24	
		883546,24
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	257400,00	
2. Erlend lán: £ 4491 - 7 - 5 og danskar kr. 573524,29	802759,11	
		1060159,11
III. Framlag til Landsbankans, 11. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	2043705,35

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	180000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4800	
		184800
Samtals ...	... ...	184800

10. gr.

Til ráðuneytisins, hagstofunnar, sendiherra, utanríkismála og ríkisráðskostnaðar er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun 30000		
	b. Til risnu 4000		
		34000	
2.	Til ntanferða ráðherra	6000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	82700	
4.	Annar kostnaður	20000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	17080	
6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	3000	
			162780
	B.		
	Hagstofan.		
1.	Laun hagstofustjóra	8700	
2.	Laun aðstoðarmanns	5600	
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	9000	
4.	Prentun eyðublaða	2500	
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	3500	
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	13000	
			42300
	C.		
	Sendiherra, utanríkismál og ríkisráðskostnaður.		
1.	Til sendiherra i Kaupmannnahöfn:		
	a. Laun 20000		
	b. Til húsaleigu 3000		
	c. — risnu 5000		
	d. — skrifstofuhalds 14000		
		42000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	1500	
			59500
	Samtals ...	... ...	264580

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun dómara 52500		
	b. Laun ritara 6080		
	c. Annar kostnaður 2000		
		60580	
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	152540	
3.	Laun hreppstjóra	28000	
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun 21120		
	b. Húsaleiga... 3000		
	c. Hiti, ljós og ræsting 2000		
	d. Ýms gjöld 1880		
		28000	
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns 23200		
	b. Laun 3 tollvarða 14200		
	c. Húsaleiga 6500		
	d. Hiti og ljós 1300		
	e. Ýms gjöld 9000		
		54200	
	Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavik njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	42000	
7.	Til hegningarhússins í Reykjavik og viðhaldskostnaðar fangelsa	12000	
8.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...	12000	
9.	Borgun til sjódómsmanna	1000	
10.	Borgun til setu- og varadómara	3000	
			393320
	B.		
	Ýmisleg gjöld.		
1.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... 900		
	Flyt ... 900	... ...	393320

	kr.	kr.
Flutt ... 900	... ...	393320
b. Til pappírs og prentunar 10000		
c. Til kostnaðar við sendingar með póstum 1200		
	12100	
2. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef 20000		
b. Fyrir embættisskeyti 50000		
	70000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar	8000	
4. Til embættiseftirlitsferða	5000	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	500	
6. Til landhelgisgæslu	50000	
7. Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar ...	20000	
		165600
Samtals ...	... ...	558920

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		293180
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. a. Styrkur til læknisvitjana handa hreppum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn, alt að	6000	
Styrkur þessi greiðist hreppsnefndum og er því skilyrði bundinn, að þær sendi með umsókn sinni skilagrein um hvernig verja á styrknum. Stjórnarráðið úthlutar honum aðeins til þeirra hreppa, sem um ræðir í 12. gr. 3.—16. fjárl. 1922, að viðbættri Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu, er fær 200 kr., Flateyjarhreppi, er fær 200 kr., og Selvogshreppi, er fær 150 kr.		
Flyt ...	6000	295180

		kr.	kr.
	Flutt ...	6000	295180
b. Viðbótarstyrkur til Jökuldals-, Hlíðar-, Tungu-, Hjaltastaðar- og Eiðahreppa, ef þessir hreppar ráða sjer sjerstakan lækni		1500	7500
4. Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði, enda nýtur hann eigi annara launa úr ríkissjóði			2300
5. Til augnlækninga:			
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...		1200	
b. Styrkur til augnlæknis, til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að		700	
			1900
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...			1200
7. Styrkur til báls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík			1200
Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
8. Til geislalækningastofu ríkisins			11000
9. Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar			2500
10. Holdsveikraspitalinn			82355
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7700	
B. Annar kostnaður:			
1. Laun starfsmanna	13000		
2. Viðurværi 59 manna (ca. 150 a. á dag)	31755		
3. Klæðnaður	2800		
4. Meðul og sáraumbúðir	1800		
5. Eldsneyti	11000		
6. Ljósmeti	2000		
7. Húsbúnaður og áhöld	2000		
8. Viðhald á húsum	3000		
Flyt ...	67355	7700	405135

		kr.	kr.
Flutt ...	67355	7700	405135
9. Þvottur og ræsting	2000		
10. Greftrunarkostnaður	500		
11. Skemtanir	800		
12. Skattar o. fl.	2500		
13. Ymisleg gjöld	1500		
		74655	
		82355	
11. Geðveikrahælið á Kleppi			48865
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	10000		
2. Viðurværi 90 manna (ca. 150 a. á dag) ..	49725		
3. Klæðnaður 64 sjúklinga á 90 kr. handa hverjum	5760		
4. Meðul og umbúðir	550		
5. Ljós og hiti	9000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	1800		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	900		
10. Óviss gjöld	1400		
		89385	
		97585	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 64 sjúklingum, 200 a. á dag	46720		
Tekjur af búinu	2000		
		48720	
Mismunur ..		48865	
12. Til berklalækninga:			
1. Styrkur samkvæmt lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki		75000	
2. Heilsuhælið á Vífilsstöðum		10060	
			85060
Flyt ...		... ...	539060

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	539060
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	34000		
2. Viðurværi	135000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	8000		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	5500		
6. Viðhald húsa	5000		
7. Viðhald vjela	5000		
8. Húsbúnaður og áhöld	11000		
9. Flutningskostnaður	5000		
10. Óviss gjöld	3000		
		236500	
		244200	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		234140	
	Mismunur ...	10060	
13. Til að taka á leigu frakkneska spítalann á Fáskrúðsfirði			6000
14. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 70 aurar fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		20000	
b. Til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að, enda ábyrgist bæjar- og sýslufjelagið, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt (1. veiting)		25000	
c. Bólusetningarkostnaður		1500	
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		4000	
	Flyt ...	50500	545060

	kr.	kr.
Flutt ...	50500	545060
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1000	
f. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breytingu á fátækralögunum, 77. og 78. gr.	50000	
g. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	3000	
h. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar	3000	
Þennan styrk veitir stjórnarráðið, eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
i. Styrkur til sjúkrasamlaga	6500	
Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.		
j. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
k. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að	3000	
l. Utanfararkostnaður ungra yfirsetukvenna, til framhaldsnáms í Kristjaníu eða Kaupmannahöfn	800	
m. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grimsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar frá	300	
n. Til Fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna, til styrktar hjúkrunarnemum	1000	
o. Til útgáfu fræðslurits um heilbrigðismál, einkum um berklavarnir, gegn jafnmiklu annarsstaðar að	1000	
p. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafirði	200	
q. Til slysatryggingasjóðs fjelagsins »Dagsbrúnar« ...	500	
r. Til Kristjáns Jónassonar, til þess að bæta honum að nokkru skaða, er hann beið af sóttvarnarráðstöfunum...	1000	
		125800
15. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		23000
Samtals ...	... ...	693860

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
A.			
Póstmál.			
1. Laun:			
a. Eftir launalögum	77000		
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur ...	66000		
c. Brjefhirðingamenn	16000		
		159000	
2. Póstflutningur		150000	
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	7500		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	17000		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	10000		
d. Önnur gjöld	38000		
		72500	
			381500
B.			
Vegamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun vegamálastjóra	8700		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	6240		
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3000		
4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að ..	6500		
5. Skrifstofukostnaður	6000		
		30440	
II. Flutningabrautir:			
1. Skagfirðingabraut	20000		
2. Biskupstungnabraut	25000		
3. Hvammstangabraut	10000		
4. Viðhald flutningabrauta	44000		
Flyt ...	99000	30440	381500

		kr.	kr.
Flutt ...	99000	30440	381500
5. Til aðgerðar og endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram þriðjung kostnaðar	20000		
		119000	
III. Þjóðvegir:			
1. Norðurárdalsvegur	15000		
2. Hróarstunguvegur	10000		
3. Vallavegur	8000		
4. Vaðlaheiðarvegur	20000		
5. Stykkishólms-, Langadals-, Þelamerkur-, Miðfjarðar- og Kjalarnesvegur, 5000 kr. hver	25000		
6. Aðrar vegabætur og viðhald	40000		
		118000	
IV. Til viðhalds slitlagi á akvegum		22000	
V. Fjallvegir		10000	
VI. 1. Til áhalda	20000		
2. Til bókasafns verkamanna	300		
		20300	
VII. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916. Af þessari upphæð ganga 5000 kr. til Hafnarvegar í Hornafirði.		45000	
VIII. Til dragferjuhalds:			
1. Á Hjeraðsvötnum	300		
2. - Lagarfljóti	300		
3. - Skjálfandafljóti	300		
		900	
			365640
C. Samgöngur á sjó.			
1. Til strandferða		125000	
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum, alt að ...		75000	
			200000
Flyt ...		... ...	947140

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	947140
	D.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)	35000	
II.	Til viðauka simakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...	20000	
III.	Til nýrra símalína og loftskeytastöðva:		
	1. Sími Egilsstaðir — Reyðarfjörður — Fáskrúðsfjörður	60000	
	2. — Sauðárkrókur — Víðimýri	28000	
	3. — Blönduós — Bóistaðarhlíð	38400	
	4. — Hraungerði — Húsatóftir	18000	
	5. — Stykkishólmur — Grundarfjörður	30000	
	6. Loftskeytasamband milli Grímseyjar, Flateyjar og lands	35000	
	7. Loftskeytastöð í Öræfum	10000	
			219400
	Verk þessi koma því að eins til framkvæmda, að útlit sje fyrir, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi fyrir gjöldunum.		
IV.	Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	305000	
	2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna	9000	
	3. Ritsímastöðin í Reykjavik	24000	
	4. Þráðlausa stöðin i Reykjavík	10000	
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík	60000	
	6. Til aukningar sama síma	50000	
	7. Áhaldahúsið	2500	
	8. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	7300	
	9. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	10000	
	10. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	5800	
	11. Símastöðin á Borðeyri	2500	
	12. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að	4600	
	13. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að	5000	
	14. Símastöðin á Siglufirði	5500	
	15. Til aukaritsímaþjónustu	2000	
	Flyt ...	503200	274400	947140

		kr.	kr.
Flutt ...	503200	274400	947140
16. Til loftskeytastöðvar í Flatey	2000		
17. Til loftskeytastöðvar á Hesteyri	3000		
18. Til loftskeytastöðvar á Síðu	2500		
19. Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva	65000		
		575700	
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		30000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna		25000	
VII. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		5000	
VIII. Viðhald landssímanna		90000	
IX. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1000	
			1001100
E.			
Vitamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:			
1. Laun vitamálastjóra	8700		
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.			
2. Til verkfróðra aðstoðar	5920		
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	3500		
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000		
		20120	
II. Laun vitavarða..		20700	
Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.			
III. Rekstrarkostnaður vitanna		55000	
IV. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		8000	
V. Ýmislegt		8000	
			11182
Samtals ...		... ...	206006

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Andlega stjettin.		
a.	**Biskupsembættið:**		
	1. Laun biskups	9200	
	2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi	1000	
			10200
b.	**Önnur gjöld:**		
	1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr.	406,28	
	2. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
	3. Framlag til prestlaunasjóðs...	250000	
	4. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
	5. Til húsabóta á prestssetrum	15000	
	Skilyrði: Húsin verða jarðarhús; þeim er við ábúendaskifti skilað sem nýjum með fullu álagi; eftirgjald jarðanna hækkar um 4% af styrkupphæðinni, enda er styrkurinn ekki greiddur fyr en verkinu er lokið og sannað, að það sje vel af hendi leyst og hafi kostað að minsta kosti eins mikið og styrknum nemur.		273806,28
	B.		
	Kenslumál.		
I.	**Háskólinn:**		
	a. Laun	111300	
	b. Til kennara í sögu og málfræði íslenskrar tungu að fornu og nýju	5600	
	c. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
	d. Styrktarfje:		
	1. Námsstyrkur 12000		
	2. Húsaleigustyrkur 9000		
	3. Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta 1500		
		22500	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum, efnalitlum stúdentum, 175		
	Flyt ...	140900	284006,28

			kr.	kr.
		Flutt ...	140900	284006,28
	kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.			
e.	Til kensluáhalda læknadeildar		500	
f.	Til umbúðakaupa og annara nauðsynja við ókeypis lækningar		500	
g.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði, 1000 kr. til hvors		2000	
h.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla		4500	
i.	Önnur gjöld:			
	1. Til ritara:			
	a. Laun 1000			
	b. Dýrtíðaruppbót 700			
		1700		
	2. Til dyravarðar:			
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600			
	b. Dýrtíðaruppbót 1000			
		2600		
	3. Yms gjöld	3000		
			7300	
				155700
II.	Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum skólum			8000
	1200 kr. handa hverjum. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Styrkurinn skal að jafnaði aðeins veittur stúdentunum fyrstu 4 námsárin.				
III.	Mentaskólinn almenni:			
a.	Laun		83580	
b.	Önnur gjöld:			
	1. Til bókasafns skólans	400		
	2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar ...	4000		
	3. — skólahússins utan og innan ..	2000		
	Flyt ...	6400	83580	447706,28

		kr.	kr.
Flutt ...	6400	83580	447706,28
4. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	15000		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3200		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	600		
9. Ýmisleg gjöld	2500		
10. Til þess að gefa út kenslubækur handa Mentaskólanum	800		
11. Til áhalda við fimleikakenslu ...	100		
12. Til verðlaunabóka	100		
		30700	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			114280
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		21600	
b. Önnur gjöld:			
1. Til þriggja aukakennara	9200		
2. Tímakensla	3500		
3. Til bóka og kensluáhalda	1000		
4. Til eldiviðar og ljósa	3500		
5. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1000		
8. Til ýmislegra gjalda	1000		
		20800	
			42400
Flyt ...		... ...	604386,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	604386,28
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		22720	
b. Önnur gjöld:			
1. Tímakensla	2500		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til viðhalds	1000		
6. Ymisleg gjöld	2500		
		12000	
			34720
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		14080	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	4000		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Ýmisleg gjöld	3000		
4. Til Sveinbjarnar Egilssonar til fyrirlestra	300		
		9300	
			23380
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		13440	
b. Önnur gjöld:			
1. Húsnæði m. m.	1800		
2. Ljós og hiti	1000		
3. Ýmiss kostnaður	1000		
4. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra...	2800		
		6600	
			20040
Við skólana undir liðunum III.—VII., að undanskilinni lærdómsdeild mentaskólans, skal setja skólagjöld, að minsta kosti 100 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir			
	Flyt ...	... ...	682526,2

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	682526,28
tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.			
VIII. Bændakensla:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	9920		
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu	1600		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda 500			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 2500			
4. Ýmisleg gjöld 5300			
	9300		
		20820	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	9880		
b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300		
c. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að 1000			
2. Til kensluáhalda 500			
3. Til eldiviðar og ljósa ... 2000			
4. Ýmisleg gjöld 4500			
	8000		
		19180	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
3. Til skólahalds á Eiðum:			
a. Laun	11200		
b. Til aðstoðarkenslu...	600		
Flyt...	11800	40000	682526,28

		kr.	kr.
Flutt ...	11800	40000	682526,28
c. Önnur gjöld:			
1. Til búnaðarnáms	600		
2. Til kensluáhalda	500		
3. Til eldiviðar og ljósa ...	2500		
4. Ýmisleg útgjöld...	2000		
	5600		
		17400	
			57400
IX. Iðnfræðsla:			
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		6000	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds		1000	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds		1000	
Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ rekstrarkostnaðar.			
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.			
			8000
X. Verslunarskólar:			
a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavik, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar		6000	
b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir $^3/_4$ kostnaðar ...		6000	
			12000
XI. Yfirsetukvennaskólinn:			
1. Laun forstöðumanns		1200	
2. Til verklegrar kenslu:			
a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík	900		
b. Annar kostnaður, alt að	400		
		1300	
3. Styrkur til námskvenna		7000	
4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting		600	
			10100
Flyt ...		... ...	770026,28

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	770026,28
XII. Kvennaskólar:		
1. Til Kvennaskólans í Reykjavík:		
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 19000		
b. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
c. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 800		
	23800	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 15000		
b. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
	17000	
		40800
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
XIII. Almenn barnafræðsla:		
1. Laun kennara og dýrtíðaruppbót	267000	
2. Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	10000	
3. Til framhaldskenslu handa kennurum	1000	
4. Til prófdómara við barnapróf	2500	
5. Umsjón fræðslumála:		
a. Laun fræðslumálastjóra 7700		
b. Skrifstofukostnaður hans 900		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
	9600	
		290100
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:		
1. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	35000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins.		
Flyt ...	35000	1100926,28

	kr.	kr.
Flutt ...	35000	1100926,28
Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
2. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg ...	15000	
3. Til lýðskólans i Bergstaðastræti	1000	
4. Byggingarstyrkur til alþýðuskóla:		
Til að reisa alþýðuskólahús í Þingeyjarsýslu, $^2/_5$ kostnaðar, alt að	35000	
5. Til viðbótarbyggingar alþýðu- og barnaskóla á Nesi í Norðfirði	6000	
		92000
XV. Húsmæðrafræðsla:		
Til kvenfjelagsins Óskar i Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að ...		1000
XVI. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur		1200
XVII. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		12000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVIII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá ...		1000
XIX. Sundkensla og leikfimi:		
1. Til sundkenslu í Reykjavik...	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans, Kennaraskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar	3000	
Flyt ...	4800	1208126,28

	kr.	kr.
Flutt ...	4800	1208126,28
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4. Til Ingibjargar Guðbrandsdóttur, fyrir að veita utanbæjarstúlkum ókeypis kenslu í leikfimi ...	600	
5. Til Valdemars Sveinbjörnssonar, til að veita utanbæjarpiltum ókeypis kenslu í leikfimi ...	600	
		6000
XX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík		1500
Samtals ...	... ...	1215626,28

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	21160	
b. Til aðstoðarmanns við safnið, og sje hann fastur ársmaður, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3200	
c. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ...	10000	
d. Til þess að semja spjaldskrá	1000	
e. Til þess að semja og gefa út handritaskrá safnsins	2500	
f. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
g. Húsaleiga	500	
h. Ýmisleg gjöld	800	
		39520
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	13800	
b. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu ...	2000	
Flyt ...	15800	39520

	kr.	kr.
Flutt ...	15800	39520
c. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	
d. Til að ljósmynda og afrita skjöl og heimildir, er varða Ísland, i erlendum söfnum	1000	
		17050
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	8200	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að...	1800	
c. Til að útvega forngripi, alt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	4000	
f. Ferðakostnaður til rannsókna og undirbúnings á skrásetningu fornmenja, alt að	1000	
g. Til viðgerða á Þingvöllum	3000	
h. Til viðgerða á Hólakirkju...	4000	
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		24100
4. Náttúrufræðifjelagið		1700
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári.		
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	8000	
b. Til viðhalds og áhalda	1500	
		9500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		3000
7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði		1500
8. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
9. Til Hins íslenska bókmentafjelags		2000
10. Til Þjóðvinafjelagsins		1000
11. Til Fornleifafjelagsins..		800
Styrkurinn greiðist því að eins að Árbók komi út.		
12. Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að		1000
Flyt ...	... ...	101370

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	101370
13.	Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni		1600
14.	Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og að vinna að útgáfu þeirra		1000
15.	Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873 ...		800
16.	Til Dansk-islandsk Samfund		1000
17.	Til Norræna fjelagsins		1000
18.	Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns..		1000
19.	Til leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
20.	Til Listvinafjelagsins		1000
21.	Til sama, styrkur til húsbyggingar		4000
22.	a. Styrkur til skálda og listamanna	15000	
	b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust	1200	
	c. Til próf. Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, til að vinna að útbreiðslu sönglistar	4000	
			20200
23.	a. Til síra Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins	7000	
	b. Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli	1500	
			8500
24.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign landsins að honum látnum		2000
25.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna		1200
26.	Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins		1500
27.	Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1500
28.	Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna		4000
29.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
30.	Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málshættasafni sínu		500
31.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		500
	Flyt ...	... ...	157470

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	157470
32.	Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana ...		500
33.	Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará, til þjóðsagnasöfnunar		500
34.	Til Hjálmars Lárussonar skurðlistarmanns		1000
35.	Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
36.	Til landsskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		500
37.	Til veðurathugana og veðurskeyta		35000
38.	Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavik og á Akureyri ... ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 400 kr., til fyrirlestra i Norðlendingafjórðungi.		1500
39.	Til Íþróttasambands Íslands		1500
40.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
41.	Til Einars Jónssonar myndhöggvara ... ... enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns.		4500
42.	Til Þórarins Guðmundssonar fiðluleikara ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að hann kenni alt að 6 mönnum á ári, sem heima eiga utan Reykjavíkur, ókeypis að leika á fiðlu.		1200
43.	Til Páls Ísólfssonar organleikara		3000
44.	Til Goodtemplarafjelagsins, til bindindisstarfsemi ...		3000
45.	Til að kaupa grasasafn Stefáns Stefánssonar skólameistara		8000
	Samtals ...	... ...	222470

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		155000
2. Til sandgræðslu		15000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		20000
Styrknum skal varið þannig, að veitt skal úr ríkissjóði 1,50 kr. sem verðlaun fyrir hvert dagsverk, sem unnið er að jarðabótum á Íslandi.		
Skilyrði fyrir styrkveitingunni sjeu:		
a. Styrkurinn veitist aðeins til búnaðarfjelaga. Í hverju búnaðarfjelagi skulu vera minst 10 fjelagar. Enginn getur talist fjelagi í búnaðarfjelagi, sem eigi vinnur minst 20 dagsverk að jarðabótum árlega.		
b. Til þess að verða styrktar aðnjótandi, þurfa jarðabæturnar að vera vel af hendi leystar. Þær skulu lagðar í dagsverk eftir reglum, sem Búnaðarfjelag Íslands setur og eru samþyktar af stjórnarráðinu. Til hliðsjónar við reglur þessar skulu hafðar samskonar reglur og nú gilda. Með í þessar reglur má þó taka súrheysgryfjur.		
c. Af styrk þeim, sem veittur er búnaðarfjelögum, skal minst helmingnum varið til að halda uppi vinnuflokki í fjelaginu. Hinum helmingnum má skifta milli fjelaga, hlutfallslega við dagverkatölu þá, er þeir hafa unnið. Þó má enginn fjelagi njóta hærri styrks en 120 kr. á ári.		
d. Jarðabæturnar skulu árlega mældar. Búnaðarfjelag Íslands tilnefnir menn til mælinga. Fyrir mælingar þeirra greiðir Búnaðarfjelagið 2 kr. fyrir hvern fjelaga. Mælingamenn senda skýrslur til Búnaðarfjelags Íslands fyrir lok nóv. ár hvert. Búnaðarfjelagið lætur athuga skýrslurnar og reikna út, hve hár styrkur hverju búnaðarfjelagi beri. Með skýrslunum skal fylgja afrit af lögum og reglum fjelagsins, svo og reikningum hans.		
4. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		5000
Flyt ...	... ...	195000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	195000
5. Til skógræktar:		
a. Laun	10560	
b. Til skóggræðslu	12000	
c. Til Guðbjargar Þorleifsdóttur í Múlakoti, til viðurkenningar fyrir trjárækt	500	
		23060
6. Til framhalds landmælinga		35000
7. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	20600	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	
c. Til Páls G. Jónssonar, Garði í Fnjóskadal, til viðurkenningar fyrir dýralækningar	1000	
d. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.	1200	
		23300
8. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		600
9. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr. með dýrtíðaruppbót ...	5600	
b. Húsaleiga	1000	
c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1400	
		8000
10. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis		4000
11. Til Fiskveiðasjóðs Íslands		6000
12. Til Fiskifjelagsins ... ... Þar af 500 kr. til kenslu á Ísafirði fyrir skipstjóraefni á smáskipum.		60000
13. Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a. 5 fiskiyfirmatsmanna	19200	
b. 4 sildarmatsmanna	10240	
c. 4 ullarmatsmanna	2880	
d. 5 kjötmatsmanna	6000	
e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
		46320
14. Til að leitast fyrir um markað fyrir fiskiafurðir erlendis		20000
Flyt ...	... ...	421280

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	421280
15. Til gerlarannsókna		2000
16. Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga ... ... Af þessum lið ganga 2000 kr. til Halldóru Bjarnadóttur og 600 kr. til handavinnuskóla á Akureyri, verði honum haldið áfram.		10000
17. Til sambands norðlenskra kvenna		500
18. Til vörumerkjaskrásetjara ... ... Þar með talin húsaleiga fyrir skrifstofu.		1600
19. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. .. Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um hvernig fjenu er varið.		1800
20. Styrkur til ábúandans á Tviskerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		600
21. Styrkur til ábúandans í Fornahvammi, til að halda þar uppi bygð og gisting		700
22. Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar við bygð og veita ferðamönnum gisting og beina		200
23. Styrkur til ábúandans í Bakkaseli, til að halda þar uppi bygð og gisting		700
24. Styrkur til ábúandans í Grísartungu, til húsabóta, til þess að geta hýst ferðamenn, er fara um Langavatnsdal, í eitt skifti fyrir öll		500
25. Laun námuverkfræðings og til forstöðu silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli, 3500 kr. með dýrtíðaruppbót		5600
26. Til Bjargráðasjóðs		23000
27. Til landhelgissjóðs		20000
28. Til slysatryggingar sjómanna		20000
29. Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:		
a. Laun forstöðumanns	5440	
b. Ferðakostnaður hans	500	
		5940
30. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
31. Laun húsagerðarmeistara		7700
32. Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
a. Laun leiðbeinanda, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót,	5600	
Flyt ...	5600	523120

		kr.	kr.
	Flutt ...	5600	523120
	enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult dagkaup fyrir, er rennur í landssjóð.		
	b. Ferðakostnaður, alt að	600	
			6200
33.	Til að gera Eyrarfoss í Laxá í Svínadal laxgengan, þó ekki yfir þriðjung kostnaðar, alt að		800
34.	Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		20000
35.	Lifeyrir hjónanna á Staðarfelli, að frádregnu eftirgjaldi af Staðarfelli, 1800 kr.		1200
36.	Til Sláturfjelags Suðurlands, til sútunarhúss og vjela, 1/4 kostnaðar, alt að		40000
37.	Til stofnenda Sveinatungubúsins, til greiðslu á Ræktunarsjóðsláni		3500
38.	Til Jóhannesar Guðmundssonar á Herjólfsstöðum, vegna skaða af Kötlugosi		1000
39.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um silungaklak		1000
40.	Til Sæmundar Tr. Sæmundssonar, til viðurkenningar fyrir mannbjörg úr sjávarháska		500
	Samtals ...	... ...	597320

17. gr.

Til lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I.	Samkvæmt eftirlaunalögum:		
	a. Embættismenn	28847,28	
	b. Embættismannaekkjur og börn	13278,02	
	Flyt ...	42125,30	... ...

		kr.	kr.
	Flutt ...	42125,30	
c. Uppgjafaprestar		1113,01	
d. Prestsekkjur		5689,47	
			48927,78
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Ásgeirs Blöndals læknis	250		
2. — Þorvalds Pálssonar læknis	300		
3. — Sigvalda Stefánssonar Kaldalóns læknis	640		
4. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra	1500		
		2690	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Elisabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju	150		
2. — Magneu Ásgeirsson	200		
3. — Ólivu Guðmundsson	175		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6. — Sigríðar Fjeldsteð læknisekkju ...	450		
		1775	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325		
2. — Bjarnar Jónssonar	475		
3. — Guðlaugs Guðmundssonar	500		
4. — Sigurðar prófasts Jenssonar ...	570		
5. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	580		
		2450	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130		
2. — Auðar Gísladóttur	300		
3. — Bjargar Einarsdóttur	500		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur	300		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur	300		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur...	300		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300		
Flyt ...	2530	6915	48927,78

		kr.	kr.
	Flutt ...	2530	6915	48927,78
10.	Til Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700		
11.	— Ingibjargar Sigurðardóttur	400		
12.	— Jóhönnu S. Jónsdóttur	300		
13.	— Kirstínar Pjetursdóttur	300		
14.	— Kristínar Sveinbjarnardóttur... ...	300		
15.	— Sigrúnar Kjartansdóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	300		
16.	— Steinunnar Pjetursdóttur	300		
			5130	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur	300		
2.	— 3 barna hennar	300		
3.	— Bjargar Jónsdóttur	300		
4.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur	360		
5.	— Hjartar Snorrasonar	500		
6.	— Jónasar Eiríkssonar	500		
7.	— Magnúsar Einarssonar	500		
8.	— Elínar Briem Jónsson	300		
9.	— Gyðríðar Þorvaldsdóttur	300		
10.	— 1 barns hennar	100		
11.	— Steinunnar Frímannsdóttur	450		
12.	— Þórunnar Stefánsdóttur...	400		
13.	— Árna Theódórs Pjeturssonar, þangað til stjórnin veitir honum aftur starf hans eða annað álíka	500		
			4810	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1.	Til Árna Gíslasonar	300		
2.	— Guðm. Kristjánssonar	300		
3.	— Böðvars Jónssonar...	200		
4.	— Hallgríms Kráksonar	200		
5.	— Jóhanns Jónssonar	200		
6.	— Þóru Matthíasdóttur	300		
7.	— Daníels Jónssonar	200		
8.	— Jens Þórðarsonar	100		
9.	— Friðriks Möllers	1200		
	Flyt ...	3000	16855	48927,78

		kr.	kr.
	Flutt 3000	16855	48927,78
10. Til Kristínar Jóelsdóttur	200		
11. — Eliesers Eiríkssonar	200		
12. — Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13. — Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14. — Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri	200		
		4200	
g. Ritliöfundar:			
1. Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2. — Valdimars Briems	1200		
3. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300		
4. — Önnu Thorlacius	300		
		5300	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300		
2. — Jakobínu Pjetursdóttur	200		
3. — Guðrúnar Jónsdóttur 300 kr. og til sonar Þorsteins Eriingssonar 300 kr.	600		
4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr., og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð ...	700		
5. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300		
6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300		
7. — 3 barna hennar	300		
8. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300		
9. Til Guðrúnar Runólfsdóttur, ekkju Matthíasar Jochumssonar	1200		
		4200	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2. — Sigurðar Eiríkssonar fyrv. regluboða	500		
3. — Petreu Jónsdóttur, 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
4. — Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300		
Flyt ..	1700	30555	48927,78

		kr.	kr.
	Flutt 1700	30555	48927,78
5.	Til Páls Erlingssonar	800	
6.	— Erlends Zakaríassonar	300	
7.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300	
8.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300	
9.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400	
10.	— Gests Guðmundssonar, fyrverandi vitavarðar	400	
11.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	400	
		4600	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j.	Til Ingeborg Sigurjónsson		1800
k.	— Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara		1200
			38155
III.	Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...		50449,67
IV.	Tillag til ellistyrktarsjóða		40000,00
	Samtals ...	... ...	177532,45

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögregluefirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögregluefirlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

Sömuleiðis skal af þessari upphæð greiða gengismun á útborgunum erlendis samkvæmt þessum lögum, öðrum en lángreiðslum.

20. gr.

Til gjalda árið 1924 er veitt:

Samkvæmt 7. gr.	kr.	2043705,35
—— 8. —	—	60000,00
—— 9. —	—	184800,00
Flyt ...	kr.	2288505,35

	Flutt ...	kr. 2288505,35	
Samkvæmt 10. gr.	—	264580,00	
—— 11. —	—	558920,00	
—— 12. —	—	693860,00	
—— 13. —	—	2060060,00	
—— 14. —	—	1215626,28	
—— 15. —	—	222470,00	
—— 16. —	—	597320,00	
—— 17. —	—	4000,00	
—— 18. —	—	177532,45	
—— 19. —	—	100000,00	
			kr. 8182874,08
En tekjur eru áætlaðar:			
Samkvæmt 2. gr.	kr.	7605000,00	
—— 3. —	—	45100,00	
—— 4. —	—	340000,00	
—— 5. —	—	22300,00	
			— 8012400,00
		Tekjuhalli	kr. 170474,08

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingarefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
2. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 20000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landssímalagningar, gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
5. Alt að 20000 kr. til áveitufjelags Þingbúa í Húnavatnssýslu. Lánið veitist til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

6. Alt að 40000 kr. til mjólkurfjelagsins »Mjallar« í Borgarfirði. Lánið veitist til 20 ára, með $5^1/_2\%$ vöxtum og gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.
7. Alt að 15000 kr. til Austur-Húnavatnssýslu, til að kaupa læknisbústað. Lánið veitist til 20 ára, með $5^1/_2\%$ vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.
8. Alt að 5000 kr. til þess að kaupa læknisbústað í Siðuhjeraði. Lánið veitist til 20 ára, með $5^1/_2\%$ vöxtum, gegn ábyrgð Vestur-Skaftafellssýslu.
9. Alt að 8000 kr. til Geithellahrepps, til vitabygginga. Lánið veitist til 15 ára, með $5^1/_2\%$ vöxtum, gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar.
10. Alt að 20000 kr. til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið veitist til 20 ára, gegn $5^1/_2\%$ vöxtum.
11. Alt að 10000 kr. til Jón G. Ólafssonar, til að kaupa einkaleyfi á uppfyndingum sínum. Lánið veitist til 10 ára, með $5^1/_2\%$ vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.
12. Alt að 3000 kr. til matarfjelags Kennaraskólans, til 10 ára með $5^1/_2\%$ vöxtum, gegn ábyrgð, sem stjórnin tekur gilda.
13. Til R. Andersson skraddara, til þess að sauma landsforða af karlmannafatnaði úr íslenskum dúkum til gjaldeyrissparnaðar, 20000 kr. Lánið er veitt til 12 ára, með $5^1/_2\%$ í vexti, afborgunarlaust tvö fyrstu árin, gegn trygging, sem stjórnin tekur gilda.
14. 20000 kr. handa efnilegum mönnum til lokanáms erlendis, gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur nægja. Lán þessi skal veita til 10 ára, með $5^1/_2\%$ í vexti, en afborgunarlaust í 2—4 ár eftir ástæðum.

Af hallærisláni Grunnavíkurhrepps skal veita uppgjöf vaxta frá 1920—1925 og greiðslufrest afborgana fyrir sama tíma.

Af hallærisláni Árneshrepps skal veita uppgjöf vaxta í 3 ár og greiðslufrest afborgana fyrir sama tíma.

Af brimbrjótsláni Hólshrepps veitist uppgjöf vaxta frá 1922—1925, að báðum þeim árum meðtöldum, og greiðslufrestur fyrir sama tíma.

Raflýsingarlán Suðurfjarðahrepps skal stjórnin láta standa afborgunarlaust um 10 ár.

22. gr.

I. Stjórninni er heimilt að ábyrgjast eftirfarandi lán, ef henni þykja þau nægilega trygð.
   1. Alt að 120000 kr. fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, til aukningar rafveitunni þar. Sbr. fjárlög 1923, 21. gr. 8. (Endurveiting).
   2. Alt að 100000 kr. fyrir Búðahrepp í Fáskrúðsfirði, til rafveitu. Sbr. fjárlög 1920—21. (Endurveiting).
   3. Alt að 50000 kr. til bræðranna Esphólín, til að stofna tunnusmiðju á Siglufirði. Trygging skal fyrir því, að nægilegt stofnfje og rekstrarfje sje fyrir hendi.
   4. Alt að 150000 kr. fyrir Sláturfjelag Suðurlands, til að stofna til sútunar, að því tilskildu, að fjelagið sjálft leggi fram að minsta kosti 50000 kr. að auki. Trygging skal einnig fyrir því, að nægilegt rekstrarfje sje fyrir hendi.
   5. Alt að 100000 kr. til fyrirhugaðs stúdentagarðs í Reykjavík, gegn öðrum

veðrjetti í húsinu. Skilyrði fyrir lánsábyrgð þessari eru þau, að ekki hvíli meira en 100000 kr. á 1. veðrjetti, og nær ábyrgðin ekki lengra en til eins þriðja byggingarkostnaðar.

II. Stjórninni er heimilt að láta Bandalagi kvenna í tje ókeypis lóð á norðanverðu Arnarhólstúni undir fyrirhugað kvennaheimili.

III. Stjórninni er heimilt að greiða alt að $^3/_4$ hlutum af því tjóni, sem verða kann á tilraunum Sambands íslenskra samvinnufjelaga til að senda kælt kjöt eða fryst á erlendan markað, miðað við saltkjötsverð á sama tíma.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1924, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1923 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(C. XV, 2).

Ed. **348. Breytingartillaga**

við till. til þingsályktunar á þskj. 299 [*Íslandsbankanefnd*].

Flutningsm.: Ingibjörg H. Bjarnason.

Úr falli í texta tillögunnar:

1. Orðin »Fjárhagsaðstöðu Íslandsbanka gagnvart ríkinu, og þá sjerstaklega«.
2. Orðið »hann«, og í þess stað komi: Íslandsbanki.
3. Orðin »meðan hún er að störfum«.

(C. XV, 3).

Ed. **349. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að athuga fjárhagsaðstöðu Íslandsbanka gagnvart ríkinu í sambandi við enska lánið.

Flutningsm.: Sigurður H. Kvaran.

1. Tillögugreinin orðist svo.
   Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fjárhagsnefnd deildarinnar í tje fullkomna og nákvæma skýrslu um tryggingar þær, er Íslandsbanki hefir sett fyrir enska láninu.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um tryggingar Íslandsbanka fyrir enska láninu.

(B. LXXIX, 1).

Ed. **350. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um læknisskoðun aðkomuskipa.

Frá Karli Einarssyni.

Við 2. gr. Fyrir: »8 kr. borgun . . . . . 100 smálestir« komi:
20 kr. borgun af hverju skipi yfir 30 smálestir, en 10 kr. af minni skipum.

(A. XXIII, 2).

Nd. **351. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir nú athugað frv. þetta allrækilega og komist að þeirri niðurstöðu, að óhjákvæmilegt sje að gera á því allverulegar breytingar.

Það væri að sjálfsögðu einfaldasta aðferðin við samning fjáraukalaga að taka lið fyrir lið eða grein fyrir grein mismuninn á áætlun fjárlaga og landsreiknings. Þetta virðist líka vera í fylsta samræmi við ákvæði stjórnarskrár-

innar um, að ekkert gjald megi greiða úr ríkissjóði, nema heimild sje til þess í *fjárlögum eða fjáraukalögum*. En þetta hefir aldrei verið gert. Í fjárlögum hefir yfirleitt ekki verið gerð áætlun um gjöld samkvæmt sjerstökum lögum eða þingsályktunum, og það hefir ekki heldur verið leitað fjárveitinga fyrir slíkum útgjöldum eftir á í fjáraukalögum. Og merkilegt er það, að það hefir heldur ekki tíðkast að leita aukafjárveitinga fyrir umframgreiðslum eftir fjáraukalögum, sem þó virðist ekkert síður nauðsynlegt en þegar um umframgreiðslur í aðal-fjárlögum er að ræða. Að sjálfsögðu hefir það verið talið óþarft að leita aukafjárveitingar, þó að lögákveðin laun embættis- og starfsmanna landsins hafi farið fram úr áætlun fjárlaga, því að til slíkra leiðrjettinga á rangri fjárlagaáætlun þarf vitanlega ekki sjerstaks samþykkis þingsins. — Breytingar þær, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á frv. því, sem hjer liggur fyrir, lúta að því yfirleitt að koma frv. í samræmi við þær reglur, sem fylgt hefir verið að undanförnu við samning fjáraukalaga, bæði í þeim efnum, sem hjer hefir verið vikið að, og öðrum, eftir því sem frekast er unt. Í frv. virðist engri annari reglu fylgt en þeirri, að fara blint eftir athugasemdum yfirskoðunarmanna. En þetta stafar auðvitað af því, að sá, sem frv. samdi, hefir ekki þekt þær reglur, sem fylgt hefir verið. Hinsvegar hefir yfirskoðunarmönnum ýmist skotist yfir að gera athugasemdir um umframgreiðslur, sem svo eru vaxnar, að ekki verður hjá því komist að leita aukafjárveitingar fyrir þeim, eða þeir hafa gert athugasemdir um greiðslur, sem full heimild var til, ýmist í gildandi fjárlögum eða öðrum lögum, en stjórnin ekkert um það athugað. Fullkomnar eða nákvæmar leiðrjettingar er ekki unt að gera á þessu nú í öllum greinum, vegna þess að lögákveðin og ólögákveðin gjöld eru oft og einatt ósundurliðuð í einni upphæð, bæði í fjárlögum og landsreikningi. Að nokkru leyti stafar þetta af því, að ekki hefir verið tekið tillit til breytinganna, sem gerðar voru á launalögunum 1919, og laun ýmsra starfsmanna, sem þá voru lögákveðin, áætluð í fjárlögunum eins og áður, ásamt öðrum starfrækslukostnaði stofnananna, sem þeir vinna við. Á þetta einkanlega við um símann.

Samkvæmt reikningslagafrumvarpinu fyrir árin 1920—21, sem fyrir þinginu liggur, hafa gjöld ríkissjóðs á fjárhagstímabilinu orðið kr. 28273572,27, en voru áætluð í fjárlögunum kr. 9846844,02, og hafa þannig farið fram úr áætlun um 18426728,25. Af þeirri upphæð er um $4^1/_4$ milj. varið til afborgana af lánum ríkissjóðs; c. 5 milj. eru greiðslur samkv. lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum; en um $1^1/_2$ milj. er greitt upp í tap á kolum og salti. Eiginlegar umframgreiðslur umfram fjárhagsáætlun verða þá um 7600 þús. kr. Í fjáraukalagafrumvarpinu er leitað aukafjárveitingar á 5382100 kr. af þessari upphæð, en fjárhagsnefnd telst svo til, að þar sje oftalið um freklega eina miljón króna (oftalið um c. 1170 þús. en vantalið um c. 139 þús.). Ef athugaðir eru einstakir útgjaldaliðir á landsreikn. fyrir þessi tvö ár, þá kemur það betur í ljós, að það eru ekki síður hin lögákveðnu útgjöld, sem farið hafa fram úr áætlun. T. d. eru lögákveðin laun dómara og sýslumanna árið 1921 áætluð 76200 kr., en verða 246506,55; laun lækna áætluð 81500 kr., en verða 412190,12; laun aðalpóstmeistara áætluð 4000, en verða 13500; laun póstmanna í Reykjavík áætluð 12100, en verða 74996,28; laun póstmeistara á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði verða 24509,02,

en fyrir þeim er ekkert áætlað í fjárlögum. Yfirleitt var ekkert farið eftir launalögunum frá 1919 í þessum áætlunum, en mestu veldur þó það, að ekkert var gert fyrir dýrtíðaruppbótinni, sem varð miklu meiri en nokkurn mann grunaði. Og á sama hátt verkaði auðvitað hin sívaxandi dýrtíð á önnur gjöld ríkissjóðs á þessum árum. En afsakanlegt var það, þó að þingið 1919 sæi það ekki fyrir, hve mjög alt verðlag hækkaði á árinu 1920, og vitanlega verður fjármálastjórnin ekki sökuð um það, þó að áætlunin stæðist ekki.

Nefndin sjer ekki ástæðu til þess að gera einstakar umframgreiðslur að umræðuefni í nefndaráliti, en til þess gefst tækifæri undir umræðum fyrir nefndarmenn og aðra, sem upplýsinga kynnu að óska í þeim efnum.

Breytingartillögur nefndarinnar við frv. koma væntanlega fram á sjerstöku þingskjali, og verður nákvæm grein gerð fyrir þeim í framsögu.

Alþingi, 10. apríl 1923.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Jakob Möller, framsögum.

Þorl. Guðmundsson.

(A. XXIII, 3).

Nd. **352. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr. A. 2. Í stað »6497,29« komi: 6109,59.
2. — 2. — Á. 4. Liðurinn fellur burt.
3. — 2. — A. 5. Í stað »14197,88« komi: 6497,88 — 8366,23.
4. — 3. — A. 2. a. Í stað »18768,00« komi: 3960,00 — 6408,00.
5. — 3. — A. 3. a. Í stað »15984,32« komi: 5664,34 — 9420.66.

6. Við 3. gr. A. 3. b. Í stað »13623,35 — 20406,99« komi: 3063,35 — 8321,99.
7. — 3. — A. 4. Í stað »20381,97 — 24870,78« komi: 14221,97 — 18225,54.
8. — 3. — B. 2. a. Síðara árið komi: 11983,98.
9. — 3. — B. 2. b. — — — 25578,69.
10. — 3. — B. 3. — — — 9350,27.
11. — 3. — B. 8. Í stað »6355,65« komi: 1355,65.
12. — 4. — Framan við greinina bætist:
Við 2. Skrifstofukostnaður landlæknis 2900,00 — 2525,00.
13. — 4. — 4., 10., 11., 13., 15. Liðirnir falli niður.
14. — 4. — 23. Í stað »128313,44 — 56094,17« komi: 118813,44 — 46594,17.
15. — 4. — 24. Í stað »115566,14 — 83687,48« komi: 106066,14 — 74187,48.
16. — 4. — 25. Í stað »230845,90 — 107670,00« komi: 221345,90 — 98170,00.
17. — 4. — 29. c., d., e. Liðirnir falli burt.
18. — 4. — 29. g. og j. Liðirnir falli burt.
19. — 5. — A. 1., b. 1. (Laun póstmanna í Rvík). Liðirnir falli burt.
20. — 5. — A. 1. c. Við bætist fyrra árið kr. 489,00.
21. — 5. — A. 2. Við bætist fyrra árið kr. 50079,64.
22. — 5. — A. 3. a. b. Í stað »640,77« komi: 434,61.
23. — 5. — A. 3. e. Í stað »183621,44 — 33426,00« komi: 83621,44 — 33426,00.
24. — 5. — B. 2. Í stað »11090,97 — 4087,16« komi: 6890,97 (fyrra árið).
25. — 5. — B. II. 1. Í stað »18069,15« komi: 13082,07.
26. — 5. — B. II. 3. Í stað »17466,83« komi: 12713,68.
27. — 5. — B. II. 4. Liðurinn falli burt.
28. — 5. — B. II. 6. Liðurinn falli burt.
29. — 5. — B. III. 2. Í stað »33921,28« komi: 20346,46.
30. — 5. — B. III. 6. Liðurinn falli burt.
31. — 5. — B. III. 7. Í stað »10082,15« komi: 4082,15.
32. — 5. — B. IV. Liðurinn falli burt.
33. — 5. — B. VI. Í stað »14960,76« komi: 14945,58.

34. Við 5. gr. C. I. 1. Liðurinn falli burt.
35. — 5. — D. IV. 4. Liðurinn falli burt.
36. — 5. — D. IV. 6. Í stað »5527,08« (síðara árið) komi: 1231,62 — 2356,50.
37. — 5. — D. IV. 11. Í stað »8401,72 — 8061,78« komi: 8401,72 — 8461,78.
38. — 5. — D. VII. Liðurinn falli burt.
39. — 5. — D. Bæjarsími Reykjavíkur. Í stað »161123,32« (síðara árið) komi: 46135,94.
40. — 5. — E. I. 2. Liðurinn falli burt.
41. — 5. — E. IV. 3. Í stað »23930,38« (síðara árið) komi: 57595,21.
42. — 6. — B. III. c. 12. Í stað »57,59« (fyrra árið) komi: 57,95.
43. — 6. — B. III. c. 13. Í stað »33,88« (fyrra árið) komi: 33,80.
44. — 6. — B. IV. b. 4. Í stað »11488,95« (fyrra árið) komi: 10628,95.
45. — 6. — B. IV. b. 7. Liðurinn falli burt.
46. — 6. — B. V. b. 1. Komi 19,49 fyrra árið (tímakensla).
47. — 6. — B. V. b. 3. Komi 6,45 síðara árið (bókakaup).
48. — 6. — B. VI. b. 1. Liðurinn falli burt.
49. — 6. — B. VI. b. 3. Í stað »2538,51« (fyrra árið) komi: 2063,49.
50. — 6. — B. VII. b. 2. Komi 635,00 fyrra árið (húsnæði).
51. — 6. — B. VII. b. 4. Í stað »452,21« (síðara árið) komi: 282,36.
52. — 6. — B. VIII. 1. c. Komi 800,00 fyrra árið.
53. — 6. — B. VIII. 3. c, 2. Í stað »1679,35« komi: 1168,75.
54. — 6. — B. XIII. 6. Liðurinn falli burt.
55. — 6. — B. XVI. Í stað »14933,33 — 16231,89« komi: 11213,33 — 11700,00.
56. — 7. — 23. a. Liðurinn falli burt.
57. — 7. — 25. Í stað »5000,00« (síðara árið) komi: 2500,00.
58. — 7. — 42. Í stað »19236,90« (veðurath.) komi: 10807,19.
59. — 8. — 9. Í stað «40750,00« (fyrra árið) komi: 11030,43.
60. — 8. — 12. Liðurinn falli burt.

(A. XXIX, 2).

Nd. **353. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

Frá fjárveitinganefnd.

I. Á undan 2. grein koma svo hljóðandi greinar:

a. Til viðbótar við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) er veitt:

1. Til breytingar á Röntgentækjunum á Akureyri, helmingur kostnaðar, alt að ... ... kr. 5000
2. Til Benedikts Björnssonar, til að leita sjer lækninga við sjóndepru ... ... — 2500

b. Til viðbótar við 13. gr. fjárl. (samgöngumál) er veitt:

1. Styrkur til bifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir Bifreiðafjelag, er vill njóta styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir, með endastöðvum i Garðsauka og á Húsatóftum. — 2000
2. Viðbótarlína frá Reykjarfjarðarsíma að Kaldrananesi ... — 6500

c. Til viðbótar við 15. gr. fjárl. (vísindi og listir) er veitt:
Til að gera eirsteypu af minnismerki Einars Jónssonar um Hallgrím Pjetursson ... ... — 4000

II. Við 2. gr. kemur þessi breyting og viðaukar:

a. Við 3. lið. (Sjóvarnargarður á Siglufirði):
Fyrir orðin »gegn 1/3 frá kaupstaðnum« kemur:
gegn helmingi frá kaupstaðnum.

b. Nýr liður:
Til bryggjugerða, þriðjungur kostnaðar:

1. Til hafskipabryggju á Reyðarfirði (endurveiting) alt að ... ... kr. 12000
2. Til Blönduósbryggju, alt af ... ... — 3000
3. Til Skagastrandarbryggju, alt að ... ... — 3000
4. Til Stokkseyrarbryggju, alt að ... ... — 3000
5. Til Ólafsfjarðarbryggju, alt að ... ... — 3000

— 24000

c. Nýr liður:
Til rannsóknar Andakílsfossanna, helmingur kostnaðar, alt að — 3000

d. Nýr liður:
Til að dýpka siglingaleið að Stokkseyri, þriðjungur kostnaðar (endurveiting), alt að ... ... — 8000

III. Á eftir 2. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Til viðbótar við 21. gr. fjárl. er stjórninni heimilt að veita eftirfarandi lán úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi:

Alt að 16000 kr. til Skeiðaáveitufjelagsins til 20 ára, með $5^1/_2{}^0/_0$ vöxtum, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið er vaxtalaust fyrstu tvö árin.

(B. I, 4).

Ed. **354. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða gjald í ríkissjóð eftir þyngd vörunnar með umbúðum, eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af kornvörum, jarðeplum, nýju grænmeti, sementi, kalki, tjöru, blakkfernis, asfalti, krít, leir, eldföstum leir, hverfisteinum, kvarnarsteinum, gólf- og veggjaplötum, steyptum eða brendum eða úr marmara, hefilspónum, sagi, karbíd, bensíni, þakhellum, netakúlum, tómum umbúðum, úr hvaða efni sem eru, öðrum en tómum tunnum, efni í strigaumbúðir (Hessian), tunnustöfum, tunnubotnum, tunnusvigum og járngirði, glergljáa (Vandglas), línolíu, glycerini, lútarsöltum, (ætskali, ætsnatron, pottösku og sóda, öðrum en þvottasóda), litarefnum, parafíni og steríni (ómótuðu), brennisteinssöltum (Natrium sulfit), álúni, krómsöltum, sútunarberki, sútunarseyði (Extrakt), gummi arabicum, kókósfeiti (cocosnutoil), baðmullarfræolíu (cottonseedoil), jarðhnetuolíu (groundnutoil) og feitarsýrum (fatacit) 40 aura af hverjum 50 kg.
2. Af gluggagleri, tómum tunnum, girðingavír, girðingastólpum úr járni, þakjárni, blikki, smíðajárni, stáli, blýi, tini, sinki, olíufóðurkökum, melasse, melassemjöli, kjötfóðurmjöli, fiskfóðurmjöli, hjólklöfum (blökkum), saum, brýnum, sláttuvjelum og öðrum heyvinslutækjum, bifreiðum, vögnum, kerrum, hjólum, skilvindum og öðrum smjör- og ostagerðartækjum, plógum, herfum, skóflum, kvíslum, spöðum og öðrum jarðyrkjuáhöldum, bifvjelum (mótor- og gufuvjelum), heilum og í hlutum, lóðarvindum, akkerisvindum, korki, seglgarni, netagarni, tilbúnum seglum, allskonar köðlum, vírköðlum, vírtrossum, færum, vjelaáburði, olíum í tunnum og dunkum, öðrum en steinolíu, línolíu og bensíni, segldúk, striga (öðrum en

Hessian), tvistúrgangi, strigaábreiðum (Presenninger), járnbrautarteinum, húsapappa allskonar, akkerum, akkerisfestum (hlekkjafestum), kókolít, járnbitum, eldavjelum, hitunartækjum, járnpípum, olíufatnaði, gólfdúkum (linoleum), gólfbræðingi (linotol), þvottasóda, önglum, botnvörpuvöltum, tóvinnuvjelum, vjelum til trje- og málmsmíða, vjelum til byggingar mannvirkja, sútunarvjelum og sápugerðarvjelum kr. 1,30 af hverjum 50 kg.

3. Af allskonar vefnaðarvöru og fatnaði, öðrum en olíufatnaði, kr. 3,50 af hverjum 10 kg.
4. Af allskonar skófatnaði, tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, handsápum, skeggsápum og kertum kr. 2,00 af hverjum 10 kg.
5. Af allskonar kjöti og kjötmeti, allskonar fiski og fiskmeti, perum, appelsínum, banönum, vínberjum, melónum, niðursoðnum ávöxtum og grænmeti í dósum, syltuðum ávöxtum og grænmeti, fíkjum, döðlum, hnetum, ilmefnum, fegurðarsmyrslum, skósvertu, fitusvertu, fægismyrslum og ofnsvertu kr. 3,00 af hverjum 10 kg.
6. Af salti, kolum, hverskonar sem eru og hvort sem varan er flutt á land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi, eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip, þeim til notkunar:
   a. af salti kr. 1,50 af hverri smálest,
   b. af kolum kr. 3,00 af hverri smálest.
7. Af allskonar trjávið, hurðum, gluggum, þakspæni, trjespæni (Finer) og húsalistum 9 aura af hverju teningsfeti.
8. Af allskonar leikföngum, allskonar munum, sem eingöngu eru ætlaðir til skrauts, úr hvaða efni sem þeir eru, plettvarningi og munum, sem að meiri hluta efnis að verði til eru úr gulli, silfri, platínu eða gimsteinum, kr. 1,50 af hverju kg.
9. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 80 aura af hverjum 10 kg.

Nú eru vörur tveggja eða fleiri flokka fluttar að í einum og sömu umbúðum, og greiðist þá vörutollur af þeim öllum eins og af þeirri vörutegund í umbúðunum, sem hæstur vörutollur hvílir á.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, ósmíðað gull og silfur, skip, bátar, tígulsteinar, eldfastir steinar, baðlyf, óhreinsað járn í klumpum, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna, pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld, steinlímspípur, leirpípur, sandur og endursendar fiskumbúðir. Auk þess eru undanþegnar allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum, sem þær voru sendar í burtu, enda sje gjaldheimtumanni ríkissjóðs, þar sem heimsend vara er sett á land, afhent vottorð frá tollgæslustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sje íslensk vara. Notaðir munir, er sendir hafa verið til aðgerðar, eru og undanskildir vörutolli.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept.

2. gr.

3. grein vörutollslaganna fellur úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. XVIII, 10).

Nd. **355. Frumvarp**

til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 234, með breytingunni á þskj. 303.

(C. XX, 1).

Nd. **356. Tillaga**

il þingsályktunar um húsmæðraskóla á Staðarfelli.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að gera nú þegar undirbúning undir stofnun húsmæðraskóla á Staðarfelli, og í því skyni

að láta rannsaka, hvort auka þyrfti húsakynni, og ef svo væri talið, að láta þá gera teikningar og áætlanir um húsauka, er gera þyrfti (á að geta 8 álna viðbót við enda hússins),

að gera áætlanir og tillögur um stofnun skólabús þar á staðnum.

að leita fyrir sjer um forstöðukonu skólans, er sje um leið ráðskona á skólabúinu, og

að leita fyrir sjer um duglegan ráðsmann og enn

að íhuga, hvort vextir af Herdísarsjóðinum og arður af skólabúi og hlunnindum Staðarfells mundi eigi nægja í rekstrarkostnað skólans.

(B. XXV, 10).

Ed. **357. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914 *(Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar)*.

Flutningsm.: Guðm. Ólafsson.

Við 2. gr.

Fyrir orðin »og skal þá sá« — — »aðstoð til að kjósa« komi: og skal hann þá tilnefna einn mann úr kjörstjórninni til að veita sjer aðstoð til að kjósa.

(C. XXI, 1).

Ed. **358. Tillaga**

til þingsályktunar um póstflutning í Skaftafellssýslum.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta nú í ár gera ítarlegar tilraunir til að koma pósti í vatnsheldu hylki milli lands og skips á heppilegasta stað í Mýrdal, og í öðru lagi nálægt Hornafirði. Nauðsynlegt fje heimilast.

Greinargerð.

Með því að skipaferðir aukast mjög meðfram suðurströndinni væri æskilegt, að hægt væri að koma pósti í land og úr landi í skip sem allra oftast á einum stað í hvorri Skaftafellssýslu. Myndi það bæta úr hinni löngu einangran hjeraðsbúa, sjerstaklega að vetrinum til. Sumir kunnugir menn álíta, að mjög ódýrt geti verið að koma pósti þannig gegnum brimið í egglaga, vatnsheldu hylki, dregnu á streng milli skips og lands.

(B. IV, 2).

Nd. **359. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild til gjaldeyrislántöku.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þessu hefir verið vísað til nefndarinnar og hefir hún athugað það grandgæfilega og leitað álits bankanna og landsstjórnarinnar um málið. Álit bankastjórnanna og landsstjórnar gengur í þá átt, að æskilegt sje, að stjórnin hafi heimild til að taka lán erlendis til þess að geta haldið jafnvægi á gengi íslenskrar krónu á þeim tímum árs, sem lítið er flutt út. Hinsvegar hefir stjórnin getið þess, að eins líklegt sje, að heimildin verði alls ekki notuð, og hefir jafnvel látið í ljósi, að það eitt, að heimild væri fyrir hendi, gæti eftir atvikum verið nægilegt til að fyrirbyggja gróðabrallstilraunir erlendra manna út af lággengi hinnar íslensku krónu.

Nefndin lítur svo á, að lög nr. 76, 27. júní 1921, um heimild um lántöku fyrir ríkissjóð, sjeu í gildi, og því sje eigi þörf á lántökuheimild í nýjum lögum, hvernig sem á er litið að öðru leyti. Sú heimild, sem er í þeim lögum, er ekki einskorðuð, og má því nota hana til gjaldeyrislántöku. Hinsvegar er nefndin þeirrar skoðunar, að mjög varlega eigi að fara í lántökur í erlendri mynt, og vill ekki að stjórnin noti nefnda lántökuheimild nema brýn nauðsyn sje til, til þess að koma í veg fyrir sveiflur á genginu, og eins að hærra lán verði ekki tekið en minst verður komist af með í þessum tilgangi, og alls eigi yfir 3--4 milj. kr., enda sje þess gætt, að ekkert af því verði að eyðslufje ríkissjóðs.

Af hinu framangreinda sjest það, að nefndin leggur sjerstaka áherslu á, að sem minstar sveiflur verði á gengi krónunnar, og telur það eina af höfuðskyldum stjórnarinnar og bankanna að stuðla að því og eins því, að gengið nálgist sem fyrst með hæfilegum skrefum það sem áður var, uns því er náð, sem var fyrir stríðið.

Að þannig vöxnu máli sjer nefndin ekki ástæðu til að ráða hv. deild til að samþykkja frv. Og hið framangreinda ber með sjer, hvernig nefndin lítur á till. til þingsályktunar um verðgildi íslenskrar krónu, sem til hennar hefir verið vísað, og þykir því eigi ástæða til að láta koma sjerstakt nefndarálit um þá till. nje heldur að hún komi til atkvæða að svo stöddu.

Nefndin ræður því hv. deild til að afgreiða frv. með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Með því að lántökuheimild er í gildandi lögum og stjórninni er innan handar að nota hana, ef nauðsyn ber til, til stöðvunar og hækkunar á gengi

íslenskrar krónu, telur deildin ekki ástæðu til að samþykkja nýja heimild, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. apríl 1923.

M. J. Kristjánsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Magnús Guðmundsson, framsögum.
Þorl. Guðmundsson.		Jakob Möller, með fyrirvara.

(C. XXII, 1).

Sþ. **360. Tillaga**

til þingsályktunar um að landsstjórnin afhendi skrifstofustjóra Alþingis nokkur skjöl til afnota fyrir þingmenn.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að afhenda skrifstofustjóra Alþingis þegar í stað eftirfarandi skjöl og skilríki, svo að þingmenn geti þar átt greiðan aðgang að kynnast efni þeirra:

1. Skjöl og heimildir um rannsókn, er stjórnarráðið ljet framkvæma viðvíkjandi kostnaði við að byggja hinn svo nefnda stjórnarráðskvist.
2. Yfirlitsskýrslu Gunnars Egilssonar, er vera skyldi ræðismaður í Genúa, um framkomu þáverandi landsstjórnar viðvíkjandi suðurgöngu hans.
3. Skýrslu Jóns Dúasonar til landsstjórnarinnar um launmakk íslenskra borgara við erlend stjórnarvöld. Enn fremur hið erlenda fylgiskjal með þýðingu á skrifaða textanum og dulmálinu. Svo og skýrslu þeirra þriggja alþingismanna, sem falið var að rannsaka málið.
4. Staðfestan frumtexta af samningunum um enska lánið, svo og skýrslu um hve mikið fje var greitt í þóknun til þeirra manna, er voru milliliðir við lántökuna, og hve mikið fje hver þeirra fjekk. Enn fremur brjef þeirra milliliða við nefnda lántöku, sem telja að þeir hafi verið vanhaldnir í greiðslum fyrir ómak sitt.
5. Skýrslu Vífilsstaðanefndarinnar, dagbók hennar og frumheimildir allar viðvíkjandi framburði eldri og yngri sjúklinga, svo og svör læknis og hjúkrunarfólks.
6. Skýrslu hinnar síðustu landsbókasafnsnefndar um ástand safnsins eins og það var þá, með öllum tilheyrandi fylgiskjölum.

Greinargerð.

Sökum annríkis landsstjórnarinnar vinst henni bersýnilega ekki timi til að svara spurningum, er þingið beinir til hennar viðvíkjandi merkilegum viðburðum, er snerta stjórn landsins. Stjórninni til hægðarauka er því gert ráð fyrir, að hún feli skrifstofustjóra þingsins til umsjár og útlána skjöl viðvíkjandi nokkrum málum, sem þing og þjóð eiga rjett til að fá fulla vitneskju um, hvað sem líður annríki stjórnarinnar. Sum atriðin eru þannig vaxin, að vel getur orðið óhjákvæmilegt fyrir þingið að heimta frekari rannsókn, og er því nauðsynlegt, að þingmenn geti kynt sjer frumheimildirnar sem fyrst, áður en ákvörðun þarf að taka. Um fyrsta liðinn er ástæða til að halda, að landið gæti fengið einhverja uppbót á hinum mikla byggingarkostnaði, ef málinu yrði lengur haldið áfram. Sá orðrómur gengur, að hr. Gunnar Egilson hafi mjög merkilega sögu að segja af suðurgöngu sinni. Ferðin var því sem nær eða alveg árangurslaus, en kostaði landið tugi þúsunda og olli vafningum við sambandsþjóðina. Þar sem ferðin á að vera gerð fyrir íslensku þjóðina og áreiðanlega er framkvæmd á hennar kostnað, er sanngjarnt, að almenningur fái að vita alla málavöxtu. Guðbrandur Jónsson, sem mest var hafður fyrir sökum í hinni margumtöluðu skýrslu Jóns Dúasonar, hefir fastlega leitað á fyrverandi landsstjórn að láta rannsaka málið, en það hefir ekki verið gert. Engin þjóð, sem hefir nokkra sómatilfinningu, skilur við slík mál lítt eða ekki rannsökuð, svo að orkað geti tvímælis um niðurstöðu. Verður þingið þess vegna að hafa aðgang að skjölunum, þannig að hinn erlendi texti sje þýddur, vegna þeirra, sem þess þurfa, og dulrúnirnar leystar upp. Samningurinn um enska lánið er eitt hið þýðingarmesta skjal viðkomandi sögu landsins, þar sem það fjallar um hið stærsta lán, sem landið hefir tekið og með hinum erfiðustu kjörum. Þar að auki orkar tvímælis, hvort tolltekjurnar sjeu veðsettar eða eigi. Þar sem mjög miklar upphæðir virðast hafa farið til millilíða, er hjálpuðu til við lántökuna, er ástæða til að vita um launakjör þeirra hvers um sig, og ennfremur það, hvort einn þeirra, hr. Páll Torfason, hefir talið sig vanhaldinn af skiftum þessum, svo að um samningsrof sje að ræða.

Í fimta lagi verður þing og þjóð að vita berlega um niðurstöðu Vífilsstaðarannsóknarinnar, og verður þar að fylgjast að skýrsla nefndarinnar og öll þau plögg, sem hún byggir á ályktanir sínar. Þar sem Vífilsstaðahælið er ein hin dýrasta stofnun hjer á landi, sæmir ekki að synja fulltrúum þjóðarinnar um öll gögn, er snerta ástand hælisins, þar sem svo mjög hefir verið að fundið af sumum þeim, er á hælinu hafa dvalið.

Sjötti liðurinn, Landsbókasafnið, er nú, að almannadómi, ekki fyllilega í því ástandi, sem æskilegt væri og ætlast má til. Fyrir nokkrum árum sagði bókasafnsnefndin af sjer og gaf rækilega skýrslu til stjórnarinnar um safnið. Í nefndinni munu hafa átt sæti þrír mjög nafnkendir menn af þáverandi kennaraliði háskólans, þeir Lárus H. Bjarnason, Haraldur Níelsson og Guðm. Hannesson. Þáverandi landsstjórn mun hafa skelt skolleyrunum við öllum

bendingum nefndarinnar, er sagði því af sjer litlu síðar. Síðan hefir engin nefnd verið skipuð og allmjög látið reka á reiðanum með safnið. En þar sem Landsbókasafnið er ein hin dýrmætasta eign þjóðarinnar, má gera ráð fyrir því, að þingið verði fyr eða síðar að taka í taumana. En fyrsta plaggið, sem þar er hægt á að byggja, er einmitt skýrsla hinnar burtviknu nefndar.

(C. XVI, 2).

Sþ. **361. Viðaukatillaga**

við till. til þingsályktunar um setningu og veitingu læknishjeraða.

Frá Hákoni Kristóferssyni og Jónasi Jónssyni.

Aftan við tillöguna bætist:

Sama gildir, ef um einn umsækjanda er að ræða og viðkomandi hjeraðsbúar vilja heldur vera læknislausir og nota lækni í öðru hjeraði.

(B. LII, 3).

Ed. **362. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 56, 10. nóv. 1923 (*Herpinótaveiði*).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin vill, eftir atvikum, mæla með því, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 16. apríl 1923.

Karl Einarsson, form. og frsm.	Jónas Jónsson, fundaskrifari,	Björn Kristjánsson.

(B. LVIII, 2).

Ed. **363. Nefndarálit**

um frv. til laga um vaxtakjör landbúnaðarins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir athugað nokkuð frv. þetta, og vill meiri hlutinn mæla með því, að frv. verði samþykt, og getur vísað í greinargerð frv. Úr fyrirsögn frv. vill nefndin, eða meiri hluti hennar, fella burt orðið: landbúnaðarins. Minni hlutinn getur ekki fallist á, að frv. verði samþykt, þar sem hann sjerstaklega álítur, að það komi ekki að tilætluðum notum.

BREYTINGARTILLAGA.

Við fyrirsögn frumvarpsins.
Orðið »landbúnaðarins« falli burt.

Alþingi, 16. apríl 1923.

Sigurður Jónsson.	Guðm. Ólafsson, form.	Karl Einarsson, fundaskrif. og frsm.

(B. LVIII, 3).

Ed. **364. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vaxtakjör landbúnaðarins.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn hefir ekki sjeð sjer fært að fallast á frumvarp þetta.

Samkvæmt ástæðunum fyrir frumvarpinu og orðalagi þess sjálfs ætlast það til, að báðir bankarnir, Landsbankinn og Íslandsbanki, láni landbúnaðinum fje til atvinnufyrirtækja landbúnaðarins með $^1/_6$ lægri vöxtum en öðrum atvinnuvegum er veitt, án tillits til þess, hvaða trygging landbúnaðurinn setur fyrir slíkum lánum. En þetta verður að teljast mjög óaðgengilegt. Vaxtakjör verða ávalt að miðast við hversu vel lánin eru trygð, enda fara allir bankar, sem hafa nægt rekstrarfje, eftir því með vaxtakjör sín.

Þá er það mjög óhentugt fyrir banka að eiga að miða hin lægri vaxtakjör sín við ákveðinn hluta af hærri vöxtunum, t. d. $^1/_6$ eins og frumvarpið

ætlast til, í staðinn fyrir að ákveða, að slíkir vextir skuli vera t. d. 1/2 % eða 1% undir almennum útlánsvöxtum.

Útlánsvextir Landsbankans t. d. munu nú vera 6 1/2 %. Og ef bankinn ætti að lána landbúnaðinum með 1/4 lægri vöxtum, þá mundu ársvextirnir verða kr. 5,41 og 2/3 aurar af 100 krónum. Slíkur vaxtareikningur er afaróhentugur og dýr fyrir banka.

Þó landið hafi að lögum vald til að skipa meiri hluta í yfirstjórn Íslandsbanka (bankaráð) og vald til að skipa meiri hluta framkvæmdarstjórnar bankans, þá hefir þingið þó ekki heimild til að skipa fyrir um vexti þess banka, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Það mundi ríða í bága við rjett þann, sem hluthöfum Íslandsbanka hefir verið veittur með lögum og reglugerð þess banka.

Frumvarpið getur því með engu móti náð til þess banka, og er þar með meginstoð kipt undan tilgangi frumvarpsins.

Þá virðist það og vera mjög örðugt, ef ekki alveg ómögulegt oft og tíðum, að vita um til hvers lántakandi ver láni, sem hann tekur. Þess munu t. d. vera nokkur dæmi, að bóndi tekur lán í því skyni að kaupa fyrir hlut í botnvörpuskipi eða öðrum fyrirtækjum, sem hann alls ekki skýrir bankastjórninni frá. Það felst því engin trygging fyrir því, að lán, sem tekið er í stofnun, sem veitir lán til allskonar fyrirtækja, gangi til atvinnurekstrar landbúnaðarins, þó bóndi taki það. Þess vegna getur sá mælikvarði, sem frumvarpið miðar við sem skilyrði fyrir láni með lægri vöxtum, tæplega talist nothæfur.

Þá virðist frumvarpið eigi veita neina tryggingu fyrir því, að vaxtakjörin verði í raun og veru tiltölulega lægri en þau eru nú, enda virðist alveg ótiltækilegt að setja Landsbankanum, sem rekur almenna bankastarfsemi, eða nokkrum öðrum slíkum banka, fyrirskipanir um það *með lögum*, hvaða reglum um vexti hann eigi að fylgja.

Þess ber líka að gæta, að Landsbankanum verða ekki settar reglur um hve *mikið* hann eigi að lána árlega, samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, og sýnist þá nokkuð hæpið að gera ráð fyrir, að frumvarpið yrði landbúnaðinum að nokkru verulegu gagni.

Af því Landsbankann vantaði svo tilfinnanlega rekstrarfje fyrir aldamótin, og gat því ekki verulega sint fasteignalánum, þá var veðdeildin stofnuð árið 1900. Tók veðdeildin þá við öllum fasteignalánveitingum og hafa vextir með kostnaði jafnan verið 5%.

En af því markaðurinn fyrir veðdeildarbrjefin var takmarkaður og brjef hennar reyndust óseljanleg í útlöndum, nema lítill hluti af fyrsta flokki, tók Landsbankinn það ráð að kaupa veðdeildarbrjefin af lántakendum með litlu verðfalli, sem nam fram á árið 1918 hæst 6%. Og bankinn gerði þetta án verulegs tillits til forvaxta hjer og erlendis.

Þetta gerði hann til þess að styðja fasteignaeigendur til að geta fengið hagkvæm lán til langs tíma.

Bankinn áleit að hann gæti varið nokkru af hinu sívaxandi sparisjóðsfje til þessara lána, án þess að græða verulega á þeim hluta sparisjóðsfjárins, sem til þess gekk.

Bankinn seldi brjefin svo aftur smátt og smátt til innlendra sjóða og einstaklinga, eða setti þau að veði fyrir útlendum lánum, og sumpart drógust þau inn. En vitaskuld hefði bankinn getað grætt meira á því að lána fjeð, sem í veðdeildarbrjefunum stóð, fyrir hærri vexti, en um leið með veikari tryggingu.

En þetta fyrirkomulag breyttist, er bankastjórn tók við, sem sneið bankareksturinn meir eftir útlendri tísku og fór að meta verðmæti veðdeildarbrjefanna eftir forvaxtahæðinni.

En þetta leiddi til þess, að fasteignaeigendum hafa orðið lánskjörin óbærileg og að farið var að stofna svonefndan Ríkisveðbanka, sem hlaut að verða tilgangslítið, eins og reynslan hefir sýnt, þar sem hvergi var hægt að benda á rekstrarfje.

Nú eru vextir farnir að lækka aftur og sparisjóðsfjeð hefir stórum aukist árlega. Veðdeildin ætti því að geta tekið aftur til starfa, ef bankastjórn Landsbankans getur fallist á að taka upp hina eldri aðferð, og það er bankanum í lófa lagið, þar sem hann hefir nú svo mikinn sjóð, sem hann sumpart liggur með rentulausan, en sumpart lánar hinum bankanum með 3% ársvöxtum.

Það má gera ráð fyrir, að Landsbankinn hafi nú í sjóði, með inneign sinni í Íslandsbanka, rúmar 4 miljónir króna, og er það miklu meira en nóg til þess að halda veðdeildinni starfandi á sama hátt, sem áður var gert.

Vöxt sparisjóðs Landsbankans og veðdeildarbrjefaeign hans árin 1914—1921 má sjá af eftirfarandi töflu.

	Sparisjóðseign:	Veðdeildarbrjefaeign:
1914	kr. 3782435	kr. 1142691
1915	— 5191790	— 1091106
1916	— 6954610	— 1062187
1917	— 8618194	— 1281342
1918	— 10774755	— 1348954
1919	— 13572650	— 1246391
1920	— 15544621	— 1168262
1921	— 17480777	— 1173333

Af þessu má sjá, hversu mikið sparsjóðsfjeð hefir aukist í heimabankanum síðan 1914, en að veðdeildarbrjefaeignin hefir nálega staðið í stað.

Ef nú Landsbankinn rjettir veðdeildinni hjálparhönd, eins og hann gerði áður, þá mundi veðdeildin geta veitt landbúnaðinum hagkvæm lán út á jarðarveð, en aðra bankahæfa tryggingu mun hann nú tæplega geta sett.

Auk þess mundi opnast leið fyrir menn í kaupstöðum og kauptúnum landsins til þess að geta bygt hús eftir þörfum eins og áður, en um leið

mundi húsaleiga lækka og komast í viðunanlegra horf. Og loksins mundi Landsbankinn fá meiri arð af fje sinu en hann hefir nú.

Samkvæmt þessu er það tillaga minni hlutans, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin beiti áhrifum sínum til þess, að Landsbankinn kaupi brjef veðdeildarinnar eftirleiðis, er gefin verða út fyrir nýjum lánum, með eigi hærri afföllum en 6%, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. apríl 1923.

Sigurður H. Kvaran. Björn Kristjánsson, frsm. minni hlutans.

(B. XXXVIII, 2).

Nd. 365. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta fer fram á nokkrar smábreytingar á lögunum frá 1914, sem fyrirsögnin greinir, þar á meðal að tilkynningarskylda um eigendaskifti að lóðum, er samkv. núgildandi lögum kemst á þegar mælingu og skrásetningu er lokið, skuli nú þegar komast í gildi, til þess að skrásetningin geti orðið sem rjettust frá upphafi. Hefir nefndin ekkert að athuga við efni frv. og leggur til, að það verði samþykt með nokkrum orðabreytingum, sem greindar eru hjer á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 3. gr.
   Fyrir »atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu« komi: ráðherra.

2. Við 4. gr.
   Fyrir orðin »bæjarstjórnin semur« o. s. frv., til enda greinarinnar, komi: Ráðherra setur reglugerð eftir tillögum bæjarstjórnar um skyldur og störf lóðaskrárritara.

3. Við 6. gr.
Fyrir orðin »er bæjarstjórnin semur«, til enda greinarinnar, komi: er ráðherra setur eftir tillögum bæjarstjórnar.

Alþingi, 16. apríl 1923.

Jón Þorláksson, form. og frsm. Magnús Jónsson, ritari.

Magnús Guðmundsson. Björn Hallsson. Gunnar Sigurðsson.

(B. XXV, 11).

Ed. **365. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914 (*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*).

Frá allsherjarnefnd.

Við 2. gr.

Á eftir orðunum »til að kjósa« komi: og fara að jafnaði við tilnefninguna að vilja hins sjúka.

(C. XII, 2).

Sþ. **367. Þingsályktun**

um hjeraðsskóla á Suðurlandsundirlendinu.

(Afgreidd frá Sþ. 16. apríl).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa alþýðuskólamál Sunnlendinga í samráði við undirbúningsnefndir hjeraðanna, svo sem um ákvörðun staðar til skólaseturs, gerð og skipulag skólans o. s. frv. Skal þessi undirbúningur gerður fyrir næsta reglul. Alþingi, í trausti þess, að þá verði hægt að hrinda málinu í framkvæmd með framlagi úr ríkissjóði til móts við þann fjárhluta, er áskilinn verður úr hlutaðeigandi hjeruðum.

Sþ. **368. Skýrslur**

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A.

Skýrsla um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 1. janúar 1921 til 31 desember 1922.

Tekjur:

			Kr. a.
1. Eign í árslok 1920:			
a. Bankavaxtabrjef	kr.	11800 00	
b. Veðskuldabrjef	—	5100 00	
c. Í Landsbankanum	—	3992 01	20892 01
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	852 75	
b. — veðskuldabrjefum	—	525 28	
c. — fje í Landsbankanum	—	580 61	1958 64
		Kr.	22850 65

Gjöld:

			Kr. a.
1. Verðlaun greidd:			
a. Sögufjelaginu	kr.	900 00	
b. Klemens Jónssyni	—	250 00	
c. Bókmentafjelaginu	—	500 00	1650 00
2. Auglýsingakostnaður			98 00
3. Eign í árslok 1922:			
a. Bankavaxtabrjef	kr.	8700 00	
b. Veðskuldabrjef	—	4100 00	
c. Í Landsbankanum	—	8302 65	21102 65
		Kr.	22850 65

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. jan. 1923.

F. h. r.
G. Sveinbjörnsson.

B.

Skýrsla frá verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Undirrituð nefnd, er kosin var á Alþingi 1921 til þess að meta rit til verðlauna af Gjöf Jóns Sigurðssonar, gaf 9. febrúar 1922 út auglýsingu þess efnis, að þeir, sem hugsuðu til þess að vinna til verðlauna af sjóði þessum, skyldu hafa sent nefndinni ritgerðir sínar fyrir árslok 1922.

Nefndinni bárust á þessum fresti þrjár ritgerðir:

1. »*Hinn konunglegi Landsyfirrjettur 1800—1919*«. Einkunnarorð: »Ljet hann liggja bók fyrir sjer, at þeir sæi þat, er til hlýddu, at hann tók sínar kenningar af helgum bókum, en eigi af einu saman brjóstviti«. Jóns saga h. h.

2. »*Íslensk tanga í fornöld*«. Einkunnarorð: »Hverju orði fylgir minni ok vit ok skilning«.

3. »*Torskilin bæjanöfn í Húnavatnsþingi*«. Einkunn: »Eftir grúskara«.

Samþykt var svofeld ályktun um ritgerðir þessar:

1. Ritgerð þessi er skipuleg og efnismikil, og þótt smámisfellur sjeu á málfæri hjer og hvar, telur nefndin hana hiklaust verðlaunaverða og ákveður verðlaunin 500 — fimm hundruð — krónur.

2. Ritgerð þessi er auðsjáanlega ekki nema brot úr stærra verki og auk þess ekki fullgengið frá henni. Þó er þar svo miklu efni saman safnað, að nefndin telur rjett að veita henni verðlaun, og ákveður upphæðina 300 — þrjú hundruð — krónur.

3. Ritgerðin sýnir að vísu áhuga á fræðimensku og hefir ýmsar góðar athuganir inni að halda, en er á hinn bóginn svo gölluð og umfangslítil, að nefndin sjer sjer ekki fært að veita henni verðlaun.

Þá voru fylgibrjef tveggja fyrstu ritgerðanna opnuð, og reyndist höfundur 1. ritg. vera Björn Þórðarson, hæstarjettarritari, en höfundur 2. ritgerðarinnar Alexander Jóhannesson, dr. phil.

Samþykt var að veita Hinu islenska Bókmentafjelagi 1000 — eitt þúsund — krónur af vöxtum sjóðsins 1921 og 1922, til útgáfu Íslenskra annála og Íslensks kvæðasafns.

Stjórnarráði og hlutaðeigendum samstundis tilkyntar samþyktir nefndarinnar.

Frá þessu njótum vjer hjer með þess sóma að skýra hinu háa Alþingi.

Reykjavík, 14. apríl 1923.

Hannes Þorsteinsson. Jón Þorkelsson. Sigurður Nordal.

Til Alþingis.

(A. I, 15).

Nd. **369. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1924.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 2. gr. 18. (Víneinkasala).
Fyrir »300000« kemur 450000

2. Við 12. gr. 3. Liðurinn verður þannig:
Styrkur til læknisvitjana handa eftirfarandi sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn.
1. Til Ólafsfjarðarbúa 600. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 4. Til Öræfinga 400 kr. — 5. Til Kjósarhrepps 300 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grimseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. a. Til Jökuldals-, Hlíðar-, Tungu-, Hjaltastaða- og Eiðahreppa 1500 kr. — 15. b. Viðbótarstyrkur til þessara sömu hreppa, ef þeir ráða sjer sjerstakan lækni 1500 kr.
——— 7450

3. Við 12. gr. 11. (Kleppshælið).
a. Fyrir »48865« kemur 60545
b. Tekjuliðurinn orðast svo:
Þar frá dragast þessar tekjur:
Meðgjöf með 64 sjúklingum kr. 1,50 á dag ... 35040
Tekjur af búinu 2000
——— 37040

Mismunur 60545

II. Frá *Birni Hallssyni.*
Við 13. gr. B. III. 2. (Hróarstunguvegur).
Fyrir »10000« kemur: 14000

III. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 13. gr. B. VIII. Nýr rómv. liður:
Til þess að endurbyggja og útbúa gistihús við Geysi... 20000

IV. Frá *Þorleifi Guðmundssyni.*
Við 13. gr. D. III. 4. Nýr liður:
Sími Þorlákshöfn — Nes í Selvogi 15000

V. Frá *Jakob Möller.*
Við 13. gr. D. IV. 19. Nýr liður:
Til uppbótar á launum starfsmanna landssimans og talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, samkv. tillögum landssímastjóra 17700

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 13. gr. D. IX. Nýr rómv. liður:
Uppbót til A L. Petersens fyrrum stöðvarstjóra í Vestmannaeyjum 10000
2. Við 14. gr. A. a. 2. (Skrifstofukostnaður biskups).
Fyrir »1000« kemur 1500
3. Við 14. gr. B. VIII. 1. c. (Hólaskólinn).
Til rafveitu 20000

VII. Frá *Þorsteini M. Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. 5. Nýir liðir:
a. Utanfararstyrkur til barnakennara 2500
b. Til byggingar barnaskólahúss á Eyrum í Seyðisfjarðarhreppi, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar 2000

VIII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 4. (Alþýðuskóli í Þingeyjarsýslu).
Fyrir »35000«« kemur: 28000

IX. Frá *Jakob Möller.*
Við 14. gr. B. XIV. 5. Liðinn skal orða svo:
a. Til byggingar alþýðu- og barnaskóla í Reykjavík 100000
b. Til viðbótarbyggingar alþýðu- og barnaskóla á Nesi í Norðfirði 6000
Til vara:
Liðurinn falli niður.

X. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 5. Nýr liður:
Til viðbótarbyggingar alþýðu- og barnaskóla í Vík í Mýrdal 4000

XI. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 5. Nýr liður:
Til viðbótarbyggingar barna- og unglingaskóla á Ísafirði 15000

XII. Frá *mentamálanefnd.*
Við 15. gr. 10. (Þjóðvinafjelagið).
Fyrir »1000« kemur 6000
5000 kr. af upphæð þessari sje varið til útgáfu alþýðlegra fræðirita.

XIII. Frá *Gunnari Sigurðssyni.*
Við 15. gr. 16. (Dansk-islandsk Samfund).
Fyrir »1000« kemur 300

XIV. Frá *meiri hluta sjávarútvegsnefndar.*
Við 15. gr. 25. Liðinn skal orða svo:
Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna:
a. Föst laun, auk dýrtíðaruppbótar 5000
b. Ferðastyrkur 1200

XV. Frá *Sigurði Stefánssyni.*
Við 15. gr. 31. (Sighvatur Borgfirðingur).
Fyrir »500« kemur 600

XVI. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 43. Liðurinn verður þannig:
a. Til Páls Ísólfssonar organleikara, til framhaldsnáms 5000
Til vara 4000
b. Til hljóðfæraskólans í Reykjavík 1500

XVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 15. gr. 43. Liðurinn verður þannig:
Til Páls Ísólfssonar organleikara, til framhaldsnáms ... 3000

XVIII. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 44. (Goodtemplarafjelagið).
Fyrir »3000« kemur 15000
Til vara:
Fyrir »3000« kemur 10000

XIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 3. (Búnaðarfjelög).
Athugasemdin verður svo:
Styrknum skal skift milli búnaðarfjelaganna eftir dagsverkatölu og varið til verkfærakaupa og styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelaganna. Enda gefa þau skýrslu um það, hvernig styrknum er varið.

XX. Frá *Eiríki Einarssyni.*
Við 16. gr. 7. c. Nýr liður:
Til Haralds Guðmundssonar frá Háeyri, til dýralækninganáms 1000

XXI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 16. Nýr liður:
Til Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda, til hannyrðakenslu 500

XXII. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 16. gr. 22. (Ábúandinn í Hrauntanga).
Fyrir »200« kemur 600

XXIII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 16. gr. 31. (Húsameistari).
Við liðinn komi svofeld athugasemd:
Enda renni í ríkissjóð hálfar tekjur, er greiðast fyrir vinnu hans hjá einstökum mönnum eða fjelögum.

XXIV. Frá *Þorleifi Guðmundssyni.*
Við 16. gr. 37. Nýr liður:
Styrkur til Skeiðaáveitufjelagsins 16000

XXV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 40. Nýir liðir:
1. Til hafskipabryggju á Siglufirði, þriðjungur kostnaðar, alt að 18000
enda sje bryggjan heimil til almenningsnota.
2. Til lendingarbóta í »Bás« við Vík í Mýrdal, helmingur kostnaðar, alt að 7500
3. Til Byggingarfjelags Reykjavikur, gegn helmingi meira úr bæjarsjóði Reykjavíkur 5000

XXVI. Frá *Gunnari Sigurðssyni.*
Við 16. gr. 40. Nýr liður:
Til Dýraverndunarfjelags Íslands 1000

XXVII. Frá *Lárusi Helgasyni* og *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 18. gr. II. c. 5. (Bjarni Einarsson).
Fyrir »580« kemur 780

XXVIII. Frá *Jakob Möller.*
Við 18. gr. II. d. 16. Nýr liður:
Til Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum ... 300

XXIX. Frá *Einari Þorgilssyni.*

Við 18. gr. II. d. 16. Nýr liður:

Til Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson 300

XXX. Frá *Þorleifi Guðmundssyni og Eiriki Einarssyni.*

Við 18. gr. II. i. 4. Nýr liður:

Til Þórdísar Símonardóttur ljósmóður 500

XXXI. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*

Við 18. gr. II. i. 11. Nýr liður:

Til Sigríðar Gísladóttur, ekkju Erlendar hreppstjóra Jafetssonar 200

XXXII. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 18. gr. II. a. 4. Nýr liður:

Til Einars Þorkelssonar fyrrum skrifstofustjóra ... 2150

2. Við 21. gr. 14. Nýir liðir:

a. Alt að 7000 kr. til Sigurðar bónda Lýðssonar á Hvoli í Dalasýslu, til að endurreisa býlið Svínadalssel í Saurbæjarhreppi. Lánið veitist til 20 ára, með $5^1/_2$ % vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

b. Alt að 30000 kr. til kembivjela á Húsavík. Lánið er veitt til 20 ára, með $5^1/_2$ % vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.

XXXIII. Frá *Sveini Ólafssyni.*

Við 21. gr. 14. Nýr liður:

Til stofnunar klæðaverksmiðju á Reyðarfirði alt að 160000 kr., þó eigi yfir $^1/_3$ stofnkostnaðar og gegn þeim skilyrðum og tryggingum, er stjórnin metur gildar. Lánið veitist gegn $5^1/_2$ % vöxtum og endurgreiðist á 20 árum.

XXXIV. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við 22. gr. I. 1.—2.

Fyrir »rafveitunni, rafveitu« komi: rafmagnsveitunni, rafmagnsveitu.

XXXV. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 22. gr. I. Nýr rómv. liður:

Stjórninni er heimilt að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

XXXVI. Frá *Lárusi Helgasyni.*

Við 23. gr. Greinina skal orða svo:

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1924, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun, án uppbótar.

(A. VIII. 4).

Ed. **370. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkaleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið sje samþykt með eftirgreindum breytingum, sem eru aðallega orðabreytingar og lagfæringar.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir »framleiðslu« í annari línu komi: tilbúning.
   b. Orðið »að« í tölulið 1. falli burtu.
   c. Málsgreinin: »Einkaleyfi — — slíkra hluta« verði í sömu málsgrein sem töluliður 3.
   d. Fyrir »Uppgötvun telst ekki ný« komi:
      4. uppgötvunum, sem ekki teljast nýjar, en uppgötvun telst ekki ný. Liðurinn til enda greinarinnar verði ein málsgrein.
2. Við 14. gr. Orðið »nú« falli burt.
3. Við 20. gr. Í stað »3. lið« komi: 4. lið.
4. Við 24. gr. a. Í stað »fundningarmaður« komi: uppgötvari.
   b. Fyrir »3. lið« á tveim stöðum komi: 4. lið.

Alþingi, 17. apríl 1923.

Jón Magnússon, form. og frsm.	Sigurður H. Kvaran.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskr.

(B. LXXXIII, 2).

Ed. **371. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að sameina póstmeistara- og stöðvarstjóraembættið á Akureyri og Ísafirði.

Frá allsherjarnefnd.

Við 2. gr.

Á eftir »2800« komi: og símafulltrúa með sömu launum, sem ákveðin eru varðstjóra við ritsímann.

(A. XXVIII, 2).

Ed. **372. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um tilbúning og verslun með ópíum o. fl.

Frá allsherjarnefnd

Nefndin leggur til þá eina efnisbreytingu á frumvarpinu, að ekki sje gert ráð fyrir því, að forstjóri áfengisverslunar ríkisins hafi einn á hendi inn- og útflutning á efnum þeim, er frumvarpið ræðir um, heldur sje lyfsölum þetta einnig heimilt, og er það í samræmi við lög nr. 62, 27. júní 1921.

Aðrar breytingar eru orðabreytingar.

Samkvæmt því leggur nefndin til, að deildin samþykki frumvarpið með þessum

BREYTINGUM.

1. 1. málsgr. 1. gr. orðist svo:
   Bannaður er tilbúningur á ópíum, innflutningur og útflutningur á unnu ópíum og verslun með það.
2. 1. málsgr. 2. gr. orðist svo:
   Lyfsölum er heimilt að búa til og vinna úr ópíum, flytja það inn og út, versla með óunnið ópíum og ópíum til lækninga, morfín, kókaín og heróín, svo og hverskonar efnisblöndun, sem í er meira en $^1/_5$ % af morfín, eða meira en $^1/_{10}$ % af heróín og kókaín. Dómsmálaráðuneytið semur nánari

reglur um afhendingu lækna á umgetnum lyfjum. Áfengisverslun ríkisins er heimilt að útvega læknum lyf þessi frá útlöndum, svo sem önnur lyf.

3. Í 2. málsgr. 2. gr. komi í stað orðsins »framleiðslu« orðið: tilbúning.

Alþingi, 17. apríl 1923.

Jón Magnússon, formaður.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.	Sigurður H. Kvaran, framsögum.

(C. XXIII, 1).

Ed. **373. Tillaga**

til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina að gera sjerstakar ráðstafanir viðvíkjandi prestsþjónustu í Mosfellsprestakalli.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Alþingi heimilar landsstjórninni að verja alt að 1000 krónum árlega til að launa prestvígðum manni í Reykjavík, sem vildi annast guðsþjónustugerð og önnur venjuleg prestsstörf fyrir Kleppsspítala, Viðey, Lágafell og Brautarholt, þar til hin lögmælta brauðasamsteypa í Kjós og Mosfellssveit nær fram að ganga.

Greinargerð.

Með því að nú liggur fyrir þinginu frv. um að stofna nýtt embætti fyrir Mosfellssveit og Kjalarnes, og auka landssjóði þar með óþarfa kostnað á erfiðum tímum, er hjer bent á leið, sem yrði landinu ódýrust, og gæti þó fullnægt kröfum hjeraðsbúa, þar til fram nær að ganga hin lögmælta brauðasamsteypa við Reynivallaprestakall. Hjer í Reykjavík eru nú þegar búsettir margir rosknir prestar á lágum eftirlaunum, sem myndu eiga auðvelt með að annast þetta ljetta starf sem gæfi þar að auki nokkrar aukatekjur. Nú sem stendur eru nokkur hundruð krónur greiddar árlega fyrir messur á Kleppi. Mætti spara töluvert, ef sami prestur annaðist það starf líka.

(A. I, 16).

Nd. **374. Nefndarálit**

um strandferða- og flóabátastyrk.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir orðið ásátt um að gera engar breytingartillögur við 13. gr. C. fjárlagafrumvarpsins. Samt þykir nefndinni líklegt, að meiri halli verði á strandferðunum en þar er áætlaður. En þar sem engin reynsla er fengin fyrir því, hvernig hið nýja strandferðaskip muni bera sig í rekstri, þá sjer nefndin sjer ekki fært að gera neina áætlun um rekstrarhalla þess. Vitanlega verður ríkissjóður að borga allan rekstrarhallann, hvort sem hann verður meiri eða minni, og getur því sú upphæð, sem áætluð er til strandferða, aldrei orðið annað en óviss áætlun.

Viðvíkjandi styrknum til flóabáta vill nefndin taka það fram, að næsta þing getur farið nær um það en þetta þing, hve miklu þurfi að verja til flóabáta. Verði verðlækkun að mun á næsta ári, þá lítur nefndin svo á, að sá styrkur muni nægja til flóabáta, sem ákveðinn er í fjárlagafrv., en verði lítil eða engin verðlækkun, þá mun styrkurinn verða of lítill. Reynist það, þá getur næsta þing bætt við hann í fjáraukalögum.

Alþingi, 15. apríl 1923.

Sveinn Ólafsson, form.	Þorsteinn Jónsson, ritari og frsm.

Sigurður Stefánsson. Pjetur Þórðarson. Lárus Helgason.

Magnús Jónsson. Hákon Kristófersson.

(B. XXV, 12).

Nd. **375. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 1. gr. laga nr. 47, 30. nóv. 1914, komi ný málsgrein, er verður **2. málsgrein, svo hljóðandi:**

Með sama hætti mega þeir menn greiða atkvæði, sem eru ekki ferðafærir sakir elli eða vanheilsu, og komast því ekki á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Forföll eru sönnuð með læknisvottorði í kaupstöðum og hreppi, sem læknir býr í, en annarsstaðar með vottorði læknis eða hreppstjóra. Atkvæðagreiðsla þeirra manna, er um ræðir í þessari málsgrein, má eigi fram fara fyr en daginn fyrir kjördag, ef kjósandi á heima á kjörstað, og ekki fyr en tveim dögum fyrir kjördag, ef hann á heima utan kjörstaðar.

2. gr.

Á eftir 1. málsgr. 4. gr. komi ný málsgr., er hljóði svo:

Nú skýrir kjósandi frá því, að hann, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, sje eigi fær um að kjósa á þann hátt, sem fyrirskipað er í lögum þessum, og skal þá sá, er vottorðið gefur, tilnefna nærstaddan kjósanda til að veita honum aðstoð til að kjósa og fara að jafnaði við tilnefninguna að vilja hins sjúka. Skal þessa getið í fylgibrjefinu, svo og nafns þess, er aðstoðina veitti. Sá, er aðstoðina veitti, er bundinn þagnarskyldu um það, hvernig atkvæði kjósanda hefir fallið.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.—2. greinar þeirra í meginmál laga nr. 47, 30. nóv. 1914, og getur konungur gefið þau lög út með fyrirsögninni: Lög um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

(B. LIV, 4).

Nd. **376. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 41, 11. júlí 1911, um breyting á lögum nr. 57, frá 22. nóv. 1907, um vegi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Viðhaldskostnaður flutningabrautanna frá Reykjavík að Þjórsárbrú og frá Borgarnesi að vegamótunum hjá Haugum greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði.

Kostnaður við viðhald Ölfusárbrúar og Þjórsárbrúar greiðist einnig úr ríkissjóði.

(B. X, 9).

Nd. **377. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Frá Pjetri Ottesen.

1. Aftan við frv.greinina koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. Þessi breyting á legu þjóðvegarins er bundin því skilyrði, að sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu taki í sýsluvegatölu vegarkaflann frá Breiðamýri að Reykjahlíð og sýslunefnd Norður-Múlasýslu vegarkaflann frá Fossvöllum að Gilsárbrú á Jökuldal.
   b. Vegurinn frá Reykjahlíð um Mývatnsöræfi um Grímsstaði og Möðrudal yfir Gilsárbrú í Jökuldal skal vera fjallvegur.
2. Frumvarpsgreinin verði 1. gr.

(B. X, 10).

Nd. **378. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Í stað »Reykjaheiði« komi: Tunguheiði.

(A. I, 17).

Nd. **379. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1924.

Frá Þorsteini Jónssyni og Birni Hallssyni.

1. Við 13. gr. D. III. 5. Nýir liðir:

a.	Sími Seyðisfjörður — Loðmundarfjörður	16000
b.	— Egilsstaðir — Brekka	37000

2. Við 16. gr. 40. Nýr liður:
Til Víglundar Helgasonar á Hauksstöðum, vegna meiðsla, er hann hefir orðið fyrir við símaviðgerð 500
Til vara 300

3. Við 18. gr. II. f. 14. Nýr liður:
Til Guðmundar Kristjánssonar 200

(B. LX, 4).

Nd. **380. Breytingartillaga**

við frv. til laga um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Flutningsm.: Þjetur Ottesen.

1. gr. orðist svo:
Í öllum kaupstöðum landsins, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir fyrir almenning, sem aðganga er seld að.
Til vara:
Í staðinn fyrir »1000« í fyrstu grein komi: 1500.

(D. XII, 1).

Nd. **381. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um skólamál.

Flutningsm.: Magnús Kristjánsson.

Hvað hefir stjórnin gert til þess, að fullnægt verði ákvæðum eftirgreindra laga:
1. Laga nr. 37, 26. október 1917, um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi?
2. Laga nr. 13, 18. maí 1920, um kenslu í mótorvjelfræði?

(B. LXIX, 2).

Nd. **382. Breytingartillögur**

við frv. til laga um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrsta málsgrein orðist þannig:
      Smjör þýðir í lögum þessum feitmeti, sem eingöngu er framleitt úr mjólk, þannig, að strokkaður er litaður eða ólitaður rjómi eða mjólk og afurðin hnoðuð söltuð eða ósöltuð.
   b. Önnur málsgrein orðist þannig:
      Smjörlíki telst alt það feitmeti, sem líkist smjöri, er búið til á líkan hátt og það og í er einhver feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur.
   c. Fyrir orðin »inniheldur aðra« í síðustu málsgr. komi: í er önnur.
2. Við 4. gr.
   Síðari málsgrein orðist þannig:
   Leyft er að i smjörlíki sje alt að 5% smjörfeiti.
3. 7. gr. orðist þannig:
   Ostalíki, rjómalíki og mjólkurlíki má ekki selja hjer á landi nema á umbúðunum standi með greinilegu letri orðin: *Ostalíki, Rjómalíki* eða *Mjólkurlíki*, eftir því sem við á, ásamt nafni verksmiðjunnar.
4. Við 9. gr.
   Greinin orðist þannig:
   Í smjörliki má ekki vera meira vatn en 16 %.

(B. III, 6).

Nd. **383. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Síðasti málsl. 9. gr. stjórnarskrár, nr. 9, 18. maí 1920, orðist svo:
Ráðherra hefir aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

11. gr. sömu laga orðist svo:

Konungur skipar ráðherra og veitir honum lausn. Með lögum má fjölga ráðherrum.

3. gr.

12. gr. sömu laga orðist svo:

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi í ríkisráði. Ráðherra skipar ríkisráð, og á ríkisarfi sæti í því þegar hann er lögráða. Konungur er forseti ríkisráðsins. Ríkisráðsfundi má halda utan Íslands.

4. gr.

13. og 14. gr. sömu laga falla burtu.

5. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 18. gr. sömu laga komi:
annaðhvert ár.

Með lögum má ákveða, að Alþingi skuli háð árlega.

6. gr.

Í stað orðanna »á ári« í endi 19. gr. sömu laga komi:
fundum sama þings.

7. gr.

1. málsgr. 26. gr. sömu laga orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 42 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Í stað »26« í 2. málsgr. sömu gr. komi: 28, og í stað »34« í 3. málsgr. sömu gr. komi: 36.

8. gr.

27. gr. sömu laga orðist svo:

Þingmenn, kosnir í sjerstökum kjördæmum, skulu kosnir til 6 ára, en þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land alt, til 12 ára, og fer helmingur þeirra frá sjötta hvert ár. Þingrof nær ekki til þingmanna þeirra, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum um land alt.

9. gr.

28. gr. sömu laga skal orða þannig:

Nú deyr þingmaður eða fer frá á kjörtíma, og var hann kosinn óhlutbundinni kosningu; skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtíma. Ef sæti þingmanns, sem kosinn var hlutbundinni kosning, verður autt með sama hætti, tekur sæti hans varamaður sá, sem í hlut á; en vara-

menn skulu vera jafnmargir og þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum, enda kosnir á sama hátt og samtímis.

10. gr.

29. gr. skal hljóða svo:

Kosningarrjett til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, hafa ríkisborgararjett hjer á landi og hafa verið búsettir hjer á landi síðustu 5 árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sje fjár síns ráðandi.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna.

11. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 31. gr. sömu laga komi:
annaðhvert ár.

12. gr.

Í stað orðsins »fjárhagsár« í 38. gr. sömu laga komi:
fjárhagstímabil.

13. gr.

Stjórnarskipunarlagabreyting þessi öðlast gildi 1. maí 1924.

ÁKVÆÐI UM STUNDARSAKIR.

Umboð þeirra landskjörinna þingmanna, sem ekki eiga að fara frá 1926, falla niður 1934.

(B. XXVI, 3).

Nd. **384. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um bjargráðasjóð Íslands, nr. 45, 10. nóv. 1913.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir haft mál þetta alllengi til meðferðar og hefir hún leitað álits stjórnar bjargráðasjóðs Íslands um málið. Var svar bjargráðasjóðsstjórnarinnar á þá leið, að hún ræður frá stórvægilegum breytingum á lögunum að svo stöddu, en felst hinsvegar á, að sett sjeu ákvæði inn í lögin, sem heimili

bjargráðasjóðsstjórninni að lána úr sjóðnum til fóðurbirgðafjelaga eða annara slíkra stofnana, er hafa það markmið að bæta fóðrun og tryggja búfje fyrir fóðurskorti eða koma í veg fyrir hallæri.

Eins og öll tilhögun og skipulag bjargráðasjóðsins nú er, þá er ekki hægt eða heimilt að gripa til sjóðsins fyr en óáran eða hallæri er á dunið og alt komið í voða, en slík hjálp, þegar svo er komið, getur í fjölda mörgum tilfellum alls ekki náð tilgangi sínum.

Hitt er áreiðanlega miklu raunhæfara, að snúa sjer að þeirri hlið bjargráðastarfseminnar að gera ráðstafanir til þess að fyrirbyggja hallæri, t. d. með því að lána fje úr sjóðnum til að koma á fót fóðurbirgðafjelögum, forðabúrum eða öðrum fjelögum eða stofnunum, er hafa það að markmiði að koma í veg fyrir hallæri. Breyting sú, sem farið er fram á í þessu frv. að gerð sje á bjargráðasjóðslögunum, stefnir einmitt í þessa átt.

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins eru ákvæði um að tryggja hverju bæjar- og sýslufjelagi yfirráða og notarjett þess fjár, er bæjar- eða sýslufjelagið leggur árlega í sjóðinn, ásamt jafnhárri upphæð af landssjóðstillaginu. Þessum ákvæðum frumvarpsins hefir stjórn bjargráðasjóðsins, eins og áður er sagt, heldur lagst á móti, og varð það að samkomulagi í nefndinni að leggja það til að fella þessi ákvæði niður og láta sitja við þá almennu lánsheimild úr sjóðnum, sem um getur í 2. gr.

Háttv. þm. Dalam. hefir flutt brtt. við frumvarp þetta, og hefir nefndin tekið þær til greina í tillögum sínum um breytingar á frv.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 11. gr. komi ný grein, er verður 12. gr., svo hljóðandi:

Meðan sýslunefndir eða bæjarstjórnir hafa ekki gert samþyktir þær, sem um ræðir í 11. gr., heimilast bjargráðasjóðsstjórninni að veita lán af árlegum tekjum sjóðsins, að vöxtum undanskildum, fóðurbirgðafjelögum, forðabúrum, svo og öðrum löggiltum fjelögum eða stofnunum, er hafa það eitt að markmiði að koma í veg fyrir hallæri.

Um lánveitingar þessar ganga þau sveitarfjelög fyrir, sem hættast er við samgönguteppu að vetrinum vegna ísa eða snjóþyngsla.

2. Við 3. og 4. gr. Greinarnar falli niður.

Alþingi, 16. apríl 1923.

Stefán Stefánsson, form. Pjetur Ottesen, skrifari og frsm.

Pjetur Þórðarson. Þórarinn Jónsson. Björn Hallsson.

(A. I, 18).

Nd. **385. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1924 og breytingar- og viðaukatillögur við brtt. á þskj. 369.

I. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við brtt. 369, I. 2. 14. (Læknisvitjanastyrkur). Nýr liður:
Til Reykhólahjeraðs, svo framarlega sem læknir er ekki í hjeraðinu 350

II. Frá *Eiriki Einarssyni.*
Við brtt. 369, III. Nýr töluliður:
Til þess að byggja og útbúa gistihús í Gnúpverjahreppi á haganlegum stað fyrir ferðamenn á Þingvalla — Hekluleið 20000

III. Frá *Þorleifi Jónssyni.*
Við 13. gr. D. III. 5. Nýr liður:
Sími Hornafjörður — Kálfafellsstaður 30000

IV. Frá *Jóni Sigurðssyni* og *Þórarni Jónssyni.*
Við brtt. 369, VI. 1. (A. L. Petersen).
Fyrir »10000« kemur: 5000

V. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar.*
1. Við 15. gr. 3 e. (Listaverkakaup).
Fyrir »4000« kemur: 6000
2. Við 15. gr. 9. (Bókmentafjelagið).
Liðurinn verður þannig:
Til Hins íslenska bókmentafjelags.
a. Tillag 2000
b. Til útgáfu á Lýsingu Íslands eftir Þorvald Thoroddsen ... 1500
3. Við 15. gr. 12. (Sögufjelagið).
Fyrir »1000« kemur: 1500
4. Við 15. gr. 15. Nýr liður:
Til að gefa út Lög Íslands, 100 krónur á örk 1500
5. Við 15. gr. 22. c. (Sveinbjörn Sveinbjörnsson).
Fyrir »4000« kemur: 5000
6. Við 15. gr. 41. (Einar Jónsson).
Fyrir »4500« kemur: 5000

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við brtt. 369. XXIV, 3. Liðinn skal orða svo:

Til Byggingarfjelags Reykjavíkur, 5% byggingarkostnaðar, gegn hálfu meira, 10%, úr bæjarsjóði Reykjavíkur, þó ekki yfir 5000

VII. Frá *Hákoni Kristóferssyni* og *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*

Við 18. gr. II. a. 4. Nýr liður:

Til Sigurðar Magnússonar læknis 600

VIII. Frá *Jakob Möller.*

Við 23. gr. Aftan við greinina bætist:

Ennfremur er stjórn bankans heimilt að greiða Árna Jóhannssyni, fyrrum útbússtjóra, 600 kr. í eftirlaun.

(B. XLIV, 3).

Nd. **386. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 36, 19. júní 1922, um breyting á lögum um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Síðari málsgrein 3. greinar orðist svo:

Fyrir störf samkvæmt þessari grein ber sóknarprestum engin sjerstök borgun. Þó fá þeir endurgoldinn úr ríkissjóði, eftir reikningi, ferðakostnað við barnapróf.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(A. XIX, 8).

Ed. **387. Breytingartillaga**

við frv. til laga um vitabyggingar.

Frá Karli Einarssyni.

Við 3. gr.

Á eftir »12—16 árum« í niðurl. 1. málsl. komi:

þó svo, að ekki verði varið að jafnaði meiru en 100000 kr. á ári til þessara bygginga, nema sjerstaklega standi á.

(B. LXXIII, 2).

Nd. **388. Nefndarálit**

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararjettar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og ræður deildinni til að samþykkja það.

Fyrir nefndina kom samskonar umsókn frá öðrum Norðmanni, Chr. E. Björnæs, símaverkstjóra, Reykjavík. Athugaði nefndin umsókn hans í sambandi við frumvarpið og fann ekkert athugavert við að veita honum einnig íslenskan ríkisborgararjett.

Samkvæmt framanskráðu leggur nefndin því til, að frv. verði samþykt og gerir eftirfarandi

VIÐBÓTARTILLÖGU.

A eftir frumvarpsgreininni kemur í áframhaldi við málsgreinina: og Christian Eriksen Björnæs, símaverkstjóra í Reykjavík, sem fæddur er 11. febr. 1861 í Erisfjord í Nessets prestakalli í Noregi.

Alþingi, 18. apríl 1923.

Jón Þorláksson, form. Magnús Jónsson, ritari og frsm.

Björn Hallsson. Magnús Guðmundsson. Gunnar Sigurðsson.

(A. XXIV, 14).

Nd. **389. Fjáraukalög**

fyrir árið 1922.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árið 1922, veitast kr. 201478,25 til útgjalda þeirra, sem tilfærð eru hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 10. gr. fjárlaganna (sendiherra, utanrikismál og ríkisráðskostnaður) veitast 12000,00 kr.

Launaviðbót sendiherra í Kaupmannahöfn ... ... kr. 12000,00

3. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 8687,55 kr.

1.	Til viðauka og breytingar við rafveituna á Kleppsspítala	kr.	1854,10
2.	Kostnaður við raflagningu til Vífilsstaða	—	3149,50
3.	Utanfararstyrkur frú Bjarnhjeðinsson	—	1000,00
4.	Kostnaður við augnlækningaferðalag til Austfjarða	—	1382,05
5.	Ýmisl. kostnaður við varnir gegn influensu	—	301,90
6.	Læknisvitjanastyrkur til Flateyjarhjeraðs	—	900,00
	Samtals	kr.	8587,55

4. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast kr. 122091,42.

1.	Kostnaður við húsbyggingu á prestssetrinu Mælifelli	kr.	26883,34
2.	Viðbótarstyrkur til húsbyggingar á Sandfelli	—	2000,00
3.	Til bæjargerðar í Reykholti	—	599,60
4.	Til uppfyllingar á kirkjugarðinum í Reykjavík	—	5308,15
5.	Til raflagningar í Alþingishúsið (Háskólann)	—	2200,00
6.	Til tilraunaskála Mentaskólans...	—	1192,73
7.	Til raflagningar í Kennaraskólann	—	3000,00
8.	Höfuðviðgerð gagnfræðaskólahússins á Akureyri	—	59000,00
9.	Andvirði fyrir lóð, keypta í þarfir gagnfræðaskólans á Akureyri		4200,00
10.	Rafljósaáhöld til Stýrimannaskólans	—	707,60
11.	Til rafljósastöðvar og raflagningar á Hvanneyri	—	15500,00
12.	Utanfararstyrkur forstöðukonu Daufdumbraskólans	—	1500,00
	Samtals	kr.	122091,42

5. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast kr. 14950,00.

1.	Til ferðar Einars H. Kvaran rithöfundar á alþjóðafund í Lausanne 1921	kr.	1500,00
2.	Til ferðar Lárusar H. Bjarnasonar hæstarjettardómara á fund norrænna lögfræðinga í Kristjaníu	—	1500,00
3.	Til ferðar sendiherra Sveins Björnssonar á sama fund ...	—	850,00
4.	Til ferðar fornmenjavarðar Matthíasar Þórðarsonar á fornfræðingamót	—	1500,00
	Flyt:		**5350,00**

		Flutt:	5350,00
5.	Til að kaupa forngripi frá amtmannsfrú M. Havsteen ...	—	3500,00
6.	Til próf. Sveinbj. Sveinbjörnsson	—	4000,00
7.	Til frjettastofu Verslunarráðs Íslands	—	2000,00
8.	Til Iðnfræðifjelags Íslands, til verðlauna fyrir ritgerð um iðnfræðileg efni	—	100,00
		Samtals kr.	14950,00

6. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 43849,28 kr.

1.	Til jarðabóta á Mosfelli	kr.	9000,00
2.	Til Skeiðaáveitunnar	—	19000,00
3.	Til brimbrjóts í Bolungarvik	—	8000,00
4.	Til Einars Benediktssonar, fyrir uppdrætti af mómýrum ...	—	5000,00
5.	Kostnaður við skrifstofu húsameistara	—	2549,28
6.	Til Gunnars Egilson	—	300,00
		Samtals kr.	43849,28

7. gr.

Landsstjórninni er heimilt að ganga í ábyrgð fyrir láni Reykjavíkurkaupstaðar, að upphæð 500000 kr., er hann fær í Bikuben, til vatnsleiðslu inn í bæinn.

(B. LXXXIII, 3).

Ed. **390. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að sameina póstmeistara- og stöðvarstjóraembættið á Akureyri og Ísafirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að sameina póstmeistara- og stöðvarstjóraembættið á Akureyri og Ísafirði.

2. gr.

Eftir sameininguna skulu forstjórar embætta þessara hafa sömu laun og póstmeistararnir á Akureyri og Ísafirði nú hafa samkvæmt launalögum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, en jafnframt má skipa þeim til aðstoðar, á Akureyri póstafgreiðslumann með 2200 kr. byrjunarlaunum, sem hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 2800, og símafulltrúa með sömu launum, sem

ákveðin eru varðstjóra við ritsímann, en á Ísafirði póstaðstoðarmann með sömu launum og póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa eftir launalögum.

3. gr.

Nú eru embætti þau, sem um ræðir í lögum þessum, sameinuð, og skal þá telja þjónustuár viðtakanda í hinu nýja embætti frá þeim tíma, er hann var skipaður í það embætti, er hann áður gegndi.

(A. XIV, 3).

Ed. **391. Frumvarp**

til laga um vatnsorkusjerleyfi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 14, með breytingunum á þskj. 343.

(B. X, 11).

Nd. **392. Breytingartillaga**

við brtt. við frv. til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57, á þskj. 377.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við tölulið 1. Stafliðir a. og b. orðist svo:

a. Þessi breyting á legu þjóðvegarins er því skilyrði bundin, að sýslunefnd Norður-Múlasýslu taki í sýsluvegatölu vegarkaflann frá Fossvöllum að Gilsárbrú í Jökuldal.
b. Leiðin frá Breiðamýri til Reykjahlíðar fellur úr tölu þjóðvega. Leiðin frá Reykjahlíð um Mývatnsöræfi um Grímsstaði og Möðrudal yfir Gilsárbrú í Jökuldal skal vera fjallvegur.

(B. LXXXIV, 1).

Ed. **393. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Frá fjárveitinganefnd.

1. gr.

3. gr. í lögum nr. 38 frá 3. nóv. 1915 skal hljóða þannig:

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 5 kr. fyrir börn yngri en 2 ára, en 10 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, skal greiða 20 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður helga sjer grafreit um ótakmarkaðan tíma, eða múrar upp gröf, og skal þá greiða 40 kr. fyrir hvern legstað. Nú er múrað grafhýsi reist yfir líki, og skal þá greiða 100 kr. í legkaup fyrir það. Legkaupið rennur í ríkissjóð.

2. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lögtaksrjettur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem land er mjög dýrt í Reykjavík og með því enn fremur, að þar hagar svo til, að kosta þarf miklu fje til undirbúnings áður en nothæfur grafreitur sje fenginn, þá þykir ekki verða hjá því komist að hækka legkaup rúmlega um helming frá því, sem verið hefir síðan 1915, og verður að telja rjett, að legkaup renni í ríkissjóð, er orðið hefir að leggja til land undir kirkjugarð og verður að verja ærnu fje til þess að gera kirkjugarðinn nothæfan.

(A. I, 19).

Ed. **394. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1924.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1924 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	215000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	1000000	
		1215000
3. Aukatekjur	300000	
4. Erfðafjárskattur	45000	
5. Vitagjald	170000	
6. Leyfisbrjefagjöld	10000	
		525000
7. Útflutningsgjald		700000
8. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade)	350000	
9. Tóbakstollur	400000	
10. Kaffi- og sykurtollur	800000	
11. Vörutollur	1250000	
12. Annað aðflutningsgjald	80000	
		2880000
13. Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð		20000
14. Stimpilgjald		300000
Flyt ...	... ...	5640000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	5640000
15. Lestagjald af skipum			40000
16. Pósttekjur		350000	
17. Símatekjur		1000000	
			1350000
18. Víneinkasala			450000
19. Tóbakseinkasala			200000
20. Steinolíueinkasala			50000
21. Skólagjöld			3000
22. Bifreiðaskattur			22000
	Samtals ...	... ...	7755000

3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs			35000
2. Tekjur af kirkjum			100
3. Tekjur af silfurbergi			10000
	Samtals ...	... ...	45100

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. eru áætlaðar:

		kr.	kr.
1. Tekjur af bönkum			150000
2. Tekjur af Ræktunarsjóði			25000
	Flyt ...	... ...	175000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	175000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	35000	
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	15000	
		50000
5. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands		5000
6. Vextir af innstæðum í bönkum		10000
7. Greiðsla frá Landsverslun		100000
Samtals ...	... ...	340000

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		20000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna		300
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur		2000
Samtals ...	... ...	22300

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1924 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	225446,00	
2. Erlend lán: £ 8803 - 1 - 9 og danskar kr. 361351,26	658100,24	
		883546,24
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	257400,00	
2. Erlend lán: £ 4491 - 7 - 5 og danskar kr. 573524,29	802759,11	
		1060159,11
III. Framlag til Landsbankans, 11. greiðsla		100000
Samtals ...		2043705,35

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	180000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4800	
		184800
Samtals ...	... ...	184800

10. gr.

Til ráðuneytisins, hagstofunnar, sendiherra, utanríkismála og ríkisráðskostnaðar er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun 30000		
	b. Til risnu 4000		
		34000	
2.	Til utanferða ráðherra	6000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	82700	
4.	Annar kostnaður	20000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	17080	
6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	3000	
			162780
	B.		
	Hagstofan.		
1.	Laun hagstofustjóra	8700	
2.	Laun aðstoðarmanns	5600	
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	9000	
4.	Prentun eyðublaða	2500	
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	3500	
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	13000	
			42300
	C.		
	Sendiherra, utanríkismál og ríkisráðskostnaður.		
1.	Til sendiherra í Kaupmannnahöfn:		
	a. Laun 20000		
	b. Til húsaleigu 3000		
	c. — risnu 5000		
	d. — skrifstofuhalds 14000		
		42000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	1500	
			59500
	Samtals ...	... ...	264580

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun dómara 52500		
	b. Laun ritara 6080		
	c. Annar kostnaður 2000		
		60580	
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	152540	
3.	Laun hreppstjóra	28000	
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun 21120		
	b. Húsaleiga... 3000		
	c. Hiti, ljós og ræsting 2000		
	d. Ýms gjöld 1880		
		28000	
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns 23200		
	b. Laun 3 tollvarða 14200		
	c. Húsaleiga 6500		
	d. Hiti og ljós 1300		
	e. Ýms gjöld 9000		
		54200	
	Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	42000	
7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa	12000	
8.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...	12000	
9.	Borgun til sjódómsmanna	1000	
10.	Borgun til setu- og varadómara	3000	
			393320
	B.		
	Ymisleg gjöld.		
1.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... 900		
	Flyt ... 900	... ...	393320

		kr.	kr.
	Flutt ... 900	... ...	393320
	b. Til pappírs og prentunar 10000		
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum 1200		
		12100	
2.	Burðareyrir og embættisskeyti:		
	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef 20000		
	b. Fyrir embættisskeyti 50000		
		70000	
3.	Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar	8000	
4.	Til embættiseftirlitsferða	5000	
5.	Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	500	
6.	Til landhelgisgæslu	50000	
7.	Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar ...	20000	
			165600
	Samtals ...	... ...	558920

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

		kr.	kr.
1.	Laun		293180
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3.	Styrkur til læknisvitjana handa eftirfarandi sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn. 1. Til Ólafsfjarðarbúa 600. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 4. Til Öræfinga 400 kr. — 5. Til Kjósarhrepps 300 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til		
	Flyt ...	... ...	295180

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	295180
	Breiðdalshrepps 300 kr. -- 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Reykhólahjeraðs, svo framarlega sem læknir er ekki í hjeraðinu, 350 kr. — 16. a. Til Jökulsdals-, Hlíðar-, Tungu-, Hjaltastaða- og Eiðahreppa 1500 kr. — 16. b. Viðbótarstyrkur til þessara sömu hreppa, ef þeir ráða sjer sjerstakan lækni, 1500 kr.		7800
4.	Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði, enda nýtur hann eigi annara launa úr ríkissjóði		2300
5.	Til augnlækninga:		
	a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1200	
	b. Styrkur til augnlæknis, til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að	700	
			1900
6.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1200
7.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1200
	Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8.	Til geislalækningastofu ríkisins		11000
9.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
10.	Holdsveikraspítalinn		82355
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7700	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna 13000		
	2. Viðurværi 59 manna (ca. 150 a. á dag) 31755		
	3. Klæðnaður 2800		
	4. Meðul og sáraumbúðir 1800		
	Flyt ... 49355	7700	405435

		kr.	kr.
	Flutt ...	49355	7700	405435
5. Eldsneyti		11000		
6. Ljósmeti		2000		
7. Húsbúnaður og áhöld		2000		
8. Viðhald á húsum		3000		
9. Þvottur og ræsting...		2000		
10. Greftrunarkostnaður		500		
11. Skemtanir...		800		
12. Skattar o. fl.		2500		
13. Ymisleg gjöld		1500	74655	
			82355	
11. Geðveikrahælið á Kleppi				60545
Sá kostnaður sundurliðast þannig:				
A. Laun læknis			7700	
B. Önnur gjöld:				
1. Kaup starfsmanna		10000		
2. Viðurværi 90 manna (ca. 150 a. á dag) ..		49725		
3. Klæðnaður 64 sjúklinga á 90 kr. handa hverjum		5760		
4. Meðul og umbúðir		550		
5. Ljós og hiti		9000		
6. Viðhald og áhöld		10000		
7. Þvottur og ræsting		1800		
8. Skemtanir		750		
9. Skattar m. m.		900		
10. Óviss gjöld		1400		
			89385	
Þar frá dragast þessar tekjur:			97585	
Meðgjöf með 64 sjúklingum, kr. 1,50 á dag		35040		
Tekjur af búinu		2000		
			37040	
	Mismunur ..		60545	
12. Til berklalækninga:				
1. Styrkur samkvæmt lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki			75000	
2. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			10060	
				85060
	Flyt ...		... ...	551040

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	551040
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	34000		
2. Viðurværi	135000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	8000		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	5500		
6. Viðhald húsa	5000		
7. Viðhald vjela	5000		
8. Húsbúnaður og áhöld	11000		
9. Flutningskostnaður	5000		
10. Óviss gjöld	3000		
		236500	
		244200	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		234140	
	Mismunur ...	10060	
13. Til að taka á leigu frakkneska spítalann á Fáskrúðsfirði			6000
14. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 70 aurar fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		20000	
b. Til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að, enda ábyrgist bæjar- og sýslufjelagið, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt (1. veiting)		25000	
c. Bólusetningarkostnaður		1500	
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		4000	
	Flyt ...	50500	**557040**

	kr.	kr.
Flutt ...	50500	557040
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1000	
f. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breytingu á fátækralögunum, 77. og 78. gr.	50000	
g. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	3000	
h. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar ... ... Þennan styrk veitir stjórnarráðið, eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.	3000	
i. Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.	6500	
j. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
k. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti $^2/_5$ hlutum annarsstaðar að	3000	
l. Utanfararkostnaður ungra yfirsetukvenna, til framhaldsnáms í Kristjaníu eða Kaupmannahöfn	800	
m. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grimsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar frá	300	
n. Til Fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna, til styrktar hjúkrunarnemum	1000	
o. Til útgáfu fræðslurits um heilbrigðismál, einkum um berklavarnir, gegn jafnmiklu annarsstaðar að	1000	
p. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafirði	200	
q. Til slysatryggingasjóðs fjelagsins »Dagsbrúnar« ...	500	
r. Til Kristjáns Jónassonar, til þess að bæta honum að nokkru skaða, er hann beið af sóttvarnarráðstöfunum...	1000	
		125800
15. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		23000
Samtals ...	... ...	705840

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
A.			
Póstmál.			
1. Laun:			
a. Eftir launalögum	77000		
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur ...	66000		
c. Brjefhirðingamenn	16000		
		159000	
2. Póstflutningur		150000	
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	7500		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	17000		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	10000		
d. Önnur gjöld	38000		
		72500	
			381500
B.			
Vegamál.			
Nú er endurgjald ákveðið þannig, að greiða skuli tiltekna fjárhæð eitt skifti fyrir öll, og skal inna hana af hendi áður en farið er að nota uppgötvunina.

Sje afgjald ákveðið, skulu matsmennirnir, ef einkaleyfishafi fer þess á leit, einnig tiltaka gjalddaga á því og ákveða, hverja tryggingu setja skuli fyrir skilvíslegri greiðslu þess.

Afgjald það, er ákveðið er með mati eða úrskurði ráðuneytisins, má innheimta með lögtaki.

10. gr.

Ráðuneytið úrskurðar um einkaleyfisumsóknir.

Sá, sem vill beiðast einkaleyfis fyrir uppgötvun, á að senda ráðuneytinu:

1. beiðni um einkaleyfi, er stíluð sje til ráðuneytisins og tvírituð;
2. lýsing á uppgötvuninni, tvíritaða;
3. ennfremur uppdrátt, ef með þarf til þess að lýsingin skiljist, og eiga sömuleiðis að vera tvö eintök af honum; eftir atvikum ber einnig að senda fyrirmynd, sýnishorn o. fl.
4. yfirlýsing um það, hvort beiðst hefir verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni.

Áður en leyfi sje veitt getur ráðuneytið heimtað, að lögð sje fyrir það skýrsla um árangur af umsókn um einkaleyfið í öðrum ríkjum.

11. gr.

Í beiðninni skal greina nafn beiðanda, stöðu og heimili, svo og tákna uppgötvunina, eins og ætlast er til að hún eigi að verða nefnd í leyfinu. Beiðandi skal og segja til, hver uppgötvari er; ef það er annar en sjálfur hann, ber honum að leiða fullnægjandi rök að því, að hann sje löglega að rjetti hins kominn.

Lýsingin á að vera svo glögg og fullkomin, að þeir, sem þekkingu hafa til að bera, þurfi ekki frekari leiðbeiningar við til að framleiða og nota uppgötvunina. Þar á að vera ljós skilgreining á því, sem beiðandi telur vera uppgötvun og vill því fá verndað með einkaleyfi. Uppdrættir skulu vera greinilegir og haldgóðir og þannig, að allir heildarpartar, sem drepið er á í lýsingunni, komi fram í þeim, enda eiga þeir í lýsingu og uppdrætti að vera táknaðir með sömu bókstöfum eða tölum.

Nú vill maður beiðast einkaleyfis fyrir fleiri uppgötvunum en einni, og er hver annari óháð, og skal hann þá bera upp sína beiðnina fyrir hverja uppgötvun.

12. gr.

Einkaleyfisbeiðni skal fylgja yfirlýsing beiðanda um, að hann játist undir íslensk lög í öllum málum, er varða hið íslenska einkaleyfi, og lofi að svara til sakar í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Nú er beiðandi ekki heimilisfastur hjer á landi, eða lætur af heimilisfangi hjer, enda hafi hann ekki sagt

ráðuneytinu til einhvers, er hjer sje heimilisfastur og hafi umboð fyrir hann, eða umboð fellur úr gildi, og er þá rjett að senda tilkynningar allar, er snerta einkaleyfið, svo og stefnur til rjettarhalda hjer á landi, í ábyrgðarbrjefi, er sent sje ráðuneytinu til framskila og beri utanáskrift beiðanda eða umboðsmanns hans erlendis, samkvæmt því, sem sagt hefir verið til í beiðninni eða síðar tilkynt ráðuneytinu. Bæjarfógetinn í Reykjavík tiltekur stefnufrestinn, þá er stefnt er á þennan hátt.

13. gr.

Ef beiðni um einkaleyfi er ekki með þeim frágangi, sem fyrirskipað er í 10.—12. gr., setur ráðuneytið beiðanda hæfilegan frest til að ráða bót á því, sem áfátt er.

Þegar beiðnin er í rjettu lagi, lætur ráðuneytið birta stuttorða auglýsingu um, að hún sje komin því í hendur, og skal þar getið nafns beiðanda, stöðu hans og heimilis og uppgötvunin nefnd á nafn. Jafnframt skal beiðnin með fylgiskjölum lögð fram almenningi til sýnis á þeim stað, er ráðuneytið tiltekur. Beiðandi á heimtingu á, að auglýsingu og framlagningu sje frestað í 6 mánuði, frá því er beiðnin var afhent.

14. gr.

Í 12 vikur frá birtingu auglýsingar er sjerhverjum frjálst að gefa sig fram við ráðuneytið og hreyfa mótmælum gegn því, að einkaleyfi verði veitt, hvort sem mótmælin eru bygð á því, að til þess bresti almenn skilyrði, eða því er haldið fram, að leyfisveiting mundi koma í bága við einkarjett mótmælanda. Mótmæli skulu vera skrifleg og rökstudd, og á að gefa leyfisbeiðanda kost á að segja álit sitt um þau.

15. gr.

Nú hefir beiðandi áður eða jafnframt beiðst einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og verður einkaleyfi þá að jafnaði ekki veitt fyr en beiðandi sýnir skilríki fyrir því, að hann hafi fengið einkaleyfi í einhverju slíku ríki.

Nú hefir ekki verið beiðst einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og lætur ráðuneytið þá framkvæma rannsókn á beiðninni. Kostnað við rannsóknina greiðir beiðandi.

16. gr.

Nú synjar ráðuneytið beiðanda um einkaleyfið, en hann telur synjunina ekki vera á rökum bygða, og á hann þá heimting á, að málið verði tekið upp aftur og rannsakað á ný, ef hann fer þess á leit við ráðuneytið innan 12 vikna frá því, er hann fjekk frá því tilkynning um úrslitin, og gerir grein fyrir málaleitun sinni.

17. gr.

Nú hefir ráðuneytið úrskurðað, að veita megi einkaleyfi, og skal það

tilkynt beiðanda og honum jafnframt tjáð, að honum beri að útleysa einkaleyfið innan 3 vikna frá því, er honum barst tilkynningin. Ráðuneytið auglýsir, að leyfið sje útleyst, þegar það er gert.

18. gr.

Ráðuneytið heldur skrá yfir öll einkaleyfi, sem út eru gefin, og skal þar geta um aðalefni hvers einkaleyfis og dagsetning, en frá henni telst gildi þess, svo og nafn, stöðu og heimili einkaleyfishafa og umboðsmanns hans, ef nokkur er.

Þegar einkaleyfistíminn er á enda, eða einkaleyfi fellur niður eða er metið ógilt að öllu eða nokkru leyti, skal þess getið í einkaleyfaskránni.

Sömuleiðis skal geta þess í skránni, er ráðuneytinu berst tilkynning um skilriki fyrir, að einkaleyfi hafi verið framselt öðrum eða höfð hafi verið umboðsmannaskifti. Meðan ekki er komin tilkynning um slíkt, má höfða mál út af einkaleyfinu á hendur hinum fyrri einkaleyfishafa eða umboðsmanni.

Hverjum manni er heimilt að kynna sjer bæði einkaleyfaskrána og umsóknir þær, lýsingar og annað, er snertir útgefin einkaleyfi.

19. gr.

Auglýsingar frá ráðuneytinu um einkaleyfi skulu birtar í blaði því, sem flytur opinberar auglýsingar.

20. gr.

Nú telur einhver, að einkaleyfi komi í bága við rjett sinn, eða við 1. gr. 4. lið í lögum þessum, og að því hefði ekki átt að veita það, eða veita það innan þrengri takmarka en gert hefir verið, og getur hann þá höfðað mál til ógildingar einkaleyfinu á heimilisþingi eða umsömdu varnarþingi einkaleyfishafa eða umboðsmanns hans í ríki hjer, sbr. 12. gr.

Í hvert skifti sem dæmt er, að einkaleyfi sje niður fallið eða ógilt, ber dómstólnum að senda ráðuneytinu afrit af dómnum.

21. gr.

Hver sá, er gengur á rjettindi þau, er einkaleyfi veitir (5. gr.), er skyldur að bæta þeim, er fyrir ágangi verður, alt það tjón, er hann af því biður, samkvæmt almennum skaðabótareglum; munir þeir, er ólöglega hafa verið aðfluttir, tilbúnir eða boðnir til kaups, skulu látnir af hendi við hann, ef hann krefst þess, gegn því að hann greiði andvirði þeirra, eða að það sje látið koma upp í skaðabætur þær, er honum bera. Sá, sem af ásettu ráði gengur á einkaleyfisrjett, skal auk þess sæta sektum, alt að 2000 kr. fyrir fyrsta brot, og ef brotið er ítrekað, alt að 4000 kr. eða fangelsi. Sektirnar renna í ríkissjóð.

22. gr.

Mál, sem höfðuð eru í því skyni að koma fram hegningu eftir 21. gr. skulu rekin sem einkalögreglumál.

Nú er því haldið fram í málinu, að einkaleyfið sje niður fallið eða ógilt, og ber að leggja dóm á það atriði, svo framarlega sem sekt eða sýkna hins kærða er undir því komin.

Bæði hegning og skaðabætur falla niður, ef ágangur er ekki kærður innan árs frá því, er einkaleyfishafa varð kunnugt um hann, eða innan 3 ára frá því, er hann átti sjer stað.

23. gr.

Lög þessi ná eigi til einkaleyfa, er veitt hafa verið eftir reglum þeim, er gilt hafa hingað til.

Með einkaleyfisumsóknir, sem bornar hafa verið upp, en ekki afgreiddar, áður en lög þessi ganga í gildi, ber að fara eftir reglum þeim, er gilt hafa til þessa, og ber að veita einkaleyfi, ef til kemur, eftir sömu reglum.

24. gr.

Nú hefir uppgötvun verið sýnd á íslenskri sýningu, eða alþjóðasýningu hjer á landi, og á þá uppgötvari heimting á að fá einkaleyfi fyrir henni, ef hann ber upp beiðni um það innan 6 mánaða frá því, er uppgötvunin var látin á sýninguna, og kemur þá eigi til greina, þó að uppgötvuninni hafi á því tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 4. lið 1. greinar. Með konunglegri tilskipun má ákveða, að hið sama skuli gilda um uppgötvanir, sem sýndar eru á alþjóðasýningum í öðru ríki.

Enn fremur má ákveða með konunglegri tilskipun:

1. að hver sá, er sótt hefir um einkaleyfi fyrir uppgötvun í öðrum ríkjum, er tilgreind sjeu, einu eða fleirum, skuli eiga heimting á að öðlast einkaleyfi fyrir hinni sömu uppgötvun hjer á landi, ef hann beiðist þess innan 12 mánaða frá því er fyrsta beiðnin var borin upp, og það þótt uppgötvuninni hafi á nefndu tímabili verið lýst, eða hún notuð, svo sem segir í 4. lið 1. greinar; og
2. að beiðni, sem þannig hefir verið borin upp hjer á landi, skuli standa svo að vígi gagnvart öðrum beiðnum, sem hafi hún verið borin upp jafnsnemma og sú, er fyrst var borin upp í öðru ríki.

25. gr.

Ráðuneytið getur með reglugerð skipað nánar fyrir um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, fyrirkomulag einkaleyfisbrjefa og efni, greiðslu einkaleyfisgjalda og kostnaðar við rannsókn einkaleyfa. Í reglugerðinni má ákveða, að veita megi efnalitlum beiðendum eftirgjöf á kostnaði við rannsókn samkvæmt 15. gr., ef ráðuneytið telur ástæður til.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1924.

(B. XXXII, 3).

Nd. **402. Nefndarálit**

um frv. til laga um gerðardóm i kaupgjaldsþrætum.

Frá allsherjarnefnd.

Þrátt fyrir skiftar skoðanir nefndarmanna á hvern hátt heppilegast sje að miðla málum og skera úr kaupgjaldsþrætum af hálfu löggjafar- og stjórnvalda, þá hefir þó nefndin orðið sammála um það, að mál þetta sje í sjálfu sjer svo mikilvægt, að ekki sje tilhlýðilegt að svæfa það í nefnd.

Hins vegar er nefndinni ljóst, að málið þarf ítarlegrar athugunar og undirbúnings við, og að frumvarp það, sem fyrir liggur, þarf svo mikilla breytinga við, að naumast mun vinnast tími til að koma því fram á þessu þingi.

Nefndin leggur því einróma til, að frumvarpinu, ásamt brtt. á þskj. 335, verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 20. apríl 1923.

Jón Þorláksson, form.	Magnús Jónsson, ritari.	Gunnar Sigurðsson, framsm.

Björn Hallsson. Magnús Guðmundsson.

(B. III, 7).

Nd. **403. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920 (þskj. 383).

Frá Magnúsi Pjeturssyni.

1. Við 7. gr. Greinin hljóði þannig:

26. gr. sömu laga orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir menn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 24 þingmenn, en 12 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Þingmenn skulu kosnir óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjördæmum. Þó má með lögum ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaup-

staðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur, sem við óhlutbundnar kosningar.

2. Við 8. gr. Greinin verði þannig:
27. gr. sömu laga orðist svo:
Þingmenn skulu kosnir til 6 ára.

3. Við 10. gr. Á eftir henni komi ný grein:
30. gr. sömu laga orðist svo:
Kjörgengur til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrjett á. Þó má kjósa þann mann, sem heima á utan kjördæmis eða hefir átt heima þar skemur en eitt ár.
Þó eru ekki kjörgengir dómendur þeir, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi.

4. Við ákvæði um stundarsakir. Þau skulu orðuð þannig:
Umboð landskjörinna þingmanna fellur niður þá er lög þessi öðlast gildi.

(B. LVIII, 4).

Ed. **404. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um vaxtakjör landbúnaðarins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »veita lán« bætist inn í: gegn veði í fasteign.
2. — 1. — Í staðinn fyrir »$^1/_6$« komi: 1%.

(A. XXIX, 3).

Nd. **405. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923 og breytingar- og viðaukatillögur við brtt. á þskj. 353.

I. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
Við brtt. 353, I. a. Nýr liður á undan 1.:
Styrkur til læknisvitjana handa Reykhólahjeraði fyrir árið 1922 250

II. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við brtt. 353, I. a. Nýir liðir á undan 1.:
a. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Blönduósi, þriðjungur kostnaðar, alt að 17000
b. Til geislalækningastofu ríkisins, til nýrra tækja 4800
c. Til geitnalækninga, $^{3}/_{5}$ kostnaðar 3000

III. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við brtt. 353, I. a. 2. Nýr liður:
Styrkur til að koma upp sjúkraskýli í Síðuhjeraði, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar 4000
Skilyrði fyrir styrk þessum skulu vera hin sömu sem fyrir 27. lið b. i 12. gr. fjárlaga 1922.

IV. Frá *Magnúsi Pjeturssyni.*
Við brtt. 353, I. a. 2. Nýr liður.
Til Sigvalda læknis Stefánssonar Kaldalóns, sjúkrastyrkur 1500

V. Frá *Jakob Möller.*
Við brtt. 353, I. a. 2. Nýir liðir:
a. Til Páls Vigfússonar, til að leita sjer lækninga við berklaveiki 1600
b. Til Elínar Sigurðardóttur, i sama skyni... 1000

VI. Frá *atvinnumálaráðherra.*
Við brtt. 353, I. b. 1. Nýr liður:
Aukastyrkur til Breiðafjarðarbátsins Svans 10000

VII. Frá *Jakob Möller.*
Við brtt. 353, I. b. 2. Nýr liður:
Til uppbótar á launum starfsmanna landssímans og talsimakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, samkvæmt tillögum landssimastjóra 17700

VIII. Frá *atvinnumálaráðherra.*
Við brtt. 353, I. b. 2. Nýir liðir:
a. Til að kaupa hús ásamt lóðarrjettindum, túni og girðingum við Garðskaga 4000
b. Til vitabygginga 1921 og 1922 (gengismunur) 75000
c. Styrkur til byggingar innsiglingarvitanna við Berufjörð ... 4000
d. Til endurbyggingar sjómannaskýlis í Kálfafellsmelum, endurreisnar stauraraða og til sjómerkja 29000

IX. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við brtt. 353, 1. b. Ný grein á eftir:
Til viðbótar við 14. grein fjárlaganna (skólamál) er veitt:
Til að bæta íslenskum námsmönnum erlendis upp gengismun á fjársendingum heiman að 5000

X. Frá *meiri hluta sjávarútvegsnefndar.*
Við brtt. 353, I. c. Nýr liður:
Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna, föst laun fyrir þrjá síðustu mánuði ársins, auk dýrtíðaruppbótar 1250

XI. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við brtt. 353, I. c. Nýir liðir:
a. Til að senda fulltrúa á fundi erlendis 7500
b. Til orðabókar Sigfúsar Blöndals (lokaveiting) 15000
c. Til Sigurðar Guðmundssonar húsagerðarnema, til lokanáms 1500

XII. Frá *Jakob Möller.*
Við brtt. 353, I. c. Nýr liður:
Til Ásgeirs Þorsteinssonar stud. polyt., til lokanáms ... 3000

XIII. Frá *sama.*
Við brtt. 353, I. c. Nýr liður:
Til Páls Ísólfssonar organleikara 2000

XIV. Frá *Hákoni Kristóferssyni, Þorleifi Guðmundssyni* og *Eiriki Einarssyni.*
Við brtt. 353, I. c. Nýr liður:
Til dr. Helga Pjeturss 1600

XV. Frá *minni hluta fjárveitinganefndar.*
Við brtt. 353, I. c. Nýr liður:
Til Hljóðfæraskólans í Reykjavík 1000

XVI. Frá *Sigurði Stefánssyni.*
Við 2. gr. 2. Fyrir »12000« kemur 24000
Til vara 20000

XVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við brtt. 353, II. a. (Sjóvarnargarður á Siglufirði).
Tillagan hljóðar svo:
Fyrir orðin »gegn $^1/_3$ frá kaupstaðnum« kemur: gegn jafnmiklu frá kaupstaðnum.

XVIII. Frá *Stefáni Stefánssyni.*

Við 2. gr. 3.

Á eftir »mannvirkjum« kemur: eftir sömu hlutföllum.

XIX. Frá *meiri hluta sjávarútvegsnefndar.*

Við brtt. 353, II. d. Nýir liðir:

a. Til Jóns Magnússonar yfirfiskimatsmanns í Reykjavík, launauppbót 1000

b. Til Árna Gíslasonar yfirfiskimatsmanns á Ísafirði, launauppbót 600

XX. Frá *atvinnumálaráðherra.*

Við brtt. 353, II. d. Nýr liður:

Til Þorvalds stúdents Árnasonar, til lokanáms við ullarverksmiðju í Englandi 8000

XXI. Frá *Sveini Ólafssyni.*

Við brtt. 353, II. d. Nýr liður:

Til Guttorms Pálssonar á Hallormsstað, eftirstöðvar af byggingarkostnaði 1921 2000

XXII. Frá *Jakob Möller.*

Við brtt. 353, II. Ný grein á eftir:

Til viðbótar við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) er veitt:

Til Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum 300

XXIII. Frá *Stefáni Stefánssyni.*

Við brtt. 353, III. Nýr liður:

Alt að 15000 kr. til endurbyggingar sjóvarnargarðinum á Siglufjarðareyri. Lánið veitist til 15 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð bæjarfjelagsins.

XXIV. Frá *Pjetri Ottesen.*

Við brtt. 353, III. Ný grein á eftir:

Ríkisstjórninni er falið að innheimta hjá Magnúsi Jónssyni fjármálaráðherra fjárhæð þá, er ávísað hefir verið að hans tilhlutun úr ríkissjóði fyrir húsaleigu í Hótel Ísland.

(B. X, 12).

Nd. **406. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Frá Ingólfi Bjarnarsyni.

Frumvarpsgreinin orðist svo:

Aftan við 3. gr. 10 (um tölu þjóðvega) komi:

Frá Einarsstöðum um Húsavík, Tunguheiði, Kelduhverfi, Öxarfjörð, Öxarfjarðarheiði, Þistilfjörð, Brekknaheiði, Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð að Fossvöllum.

(B. LXVII, 3).

Nd. **407. Breytingartillögur**

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá Magnúsi Jónssyni.

I. Við 2. gr. Við greinina bætist:
Meðan Búnaðarfjelag Íslands fer með mál þau, sem því eru falin í lögum þessum, útnefnir atvinnumálaráðherra meiri hluta í stjórn þess.

II. Við 7. gr. Orðin í niðurlagi greinarinnar »Ef ágreiningur ... hæfilegur kostnaður« falli burt.

III. Við 10. gr. Orðin í niðurlagi greinarinnar: »þó fá fátækir ... 10 hjá öðrum« falli burt.

IV. Við 12. gr. A eftir orðunum »trúnaðarmenn þess« kemur: og eigi nema fyrirtækið sje, að áliti þess, skynsamlegt.

V. Við 13. gr. Við greinina bætist:
Ágreining um kostnað við fyrirtæki þau, sem styrk fá úr ríkissjóði samkv. 7.—12. gr., úrskurður ráðherra.

VI. Við 15. gr. Greinin fellur niður og greinatalan breytist því samkvæmt.

VII. Við 16. gr. Fyrsta setning greinarinnar, sem verður 15. gr., orðast svo:
Búnaðarfjelag Íslands sjer um starfrækslu jarðræktarvjela þeirra, svo sem þúfnabana, skurðgrafna og annara stærri nýtiskuvjela, sem til eru eða keyptar verða fyrir ríkisfje, og ákveður, að fengnu samþykki atvinnumálaráðuneytisins, hvar unnið skuli með þeim á ári hverju.

(C. XIV, 3).

Nd. **408. Þingsályktun**

um tryggingar fyrir enska láninu.

(Afgreidd frá Nd. 20. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta fjárhagsnefnd deildarinnar í tje fullkomna og nákvæma skýrslu um tryggingar þær, er Íslandsbanki hefir sett fyrir enska láninu.

(B. LXXXVI, 1).

Ed. **409. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

2. málsgr. 1. greinar laga nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, orðast þannig:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, 2 krónum fyrir hvern mann gjaldskyldan.

2. gr.

3. gr. sömu laga orðist svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 4 kr. á ári, en kvenmaður 2 krónur.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Greinargerð.

Fyrir allsherjarnefnd hafa legið á þessu þingi 2 frumv. um tryggingar.

Annað þeirra var frá fyrv. fjármálaráðherra Magnúsi Jónssyni og hljoðaði um almennar tryggingar fyrir allan landslýð gegn slysum, veikindum, ennfr. öryrkja og ellitrygging; skyldu iðgjöld greiðast frá fæðingu og innast af hendi af framfæring, ríkissjóði og sveitarsjóði, að þriðjungi hvert. Nefndin treysti sjer ekki að bera frv. þetta fram, þar sem hana vantaði alla útreikninga til þess að geta ákveðið iðgjöldin, og vitanlega ekki unt að fá þá, nema með mikilli og nákvæmri rannsókn.

Hitt frumv. var frá Guðm. Guðfinnssyni, 2. þm. Rangæinga, og hljóðaði einungis um ellitryggingar; var þar öllum körlum gert að skyldu að tryggja sjer ellistyrk frá 65 ára aldri, 600 kr. á ári, en konum 400 kr., og voru iðgjöldin ákveðin 24 kr. og 16 kr. frá 18 ára aldri; það var bygt á útreikningum dr. Ól. Dan. Daníelssonar. Nefndin áleit frv. ganga i rjetta átt, en virtist það myndi leggja nokkuð há gjöld á landslýð fyrir svo takmarkaða tryggingu, og margskonar vandkvæði myndu verða á innheimtu svo hárra gjalda. Hinsvegar er til nokkur vísir til ellitrygginga, þar sem eru ellistyrktarsjóðir handa þurfandi gamalmennum; varð það þá að ráði í nefndinni að auka þennan vísi og bera fram frv. til breytinga á lögunum um alm. ellistyrk frá 9. júli 1909 og lögum nr. 33, 26. okt. 1917, i þá átt að hækka bæði ríkissjóðstillag og iðgjöld um helming.

Nefndin átti tal um þetta mál við prófessor Eirik Briem, og ljet hann nefndinni í tje skýrslu um vöxt ellistyrktarsjóðanna, ef iðgjöld væru tvöfölduð og ríkissjóðstillagið hækkað úr 1 kr. upp í 1,50 kr. fyrir hvern gjaldanda.

Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að eftir 40 ár verði upphæð sú, sem kemur til úthlutunar árlega, rúmlega þreföld, og mætti þá að talsverðu gagni koma.

Nefndin gerir nú ráð fyrir að tvöfalda einnig ríkissjóðstillagið, og mun það nema um 40 þúsund kr. útgjaldaauka; miðað við þá tölu gjaldenda, sem nú er, myndi það auka sjóðinn enn þá fyr og meir en prof. gerir ráð fyrir. Þetta er að vísu talsverð útgjöld fyrir ríkissjóð, en þar sem þetta miðar að dómi nefndarinnar til þess að gera ellina ljettbærari, og hinsvegar talsvert gagn fyrir ríkið að fjársafni slíku í ríkinu, þá virðist nefndinni ekki í það horfandi. Nefndin hefir heldur ekki hikað við að hækka iðgjöldin, þar sem ellistyrktarlögin eru mjög vinsæl orðin og áhugi manna fyrir tryggingum mjög almennur og vakandi. Vonar hún því, að tillögur hennar í þessu máli mælist vel fyrir, en hefir hinsvegar ekki treyst sjer að leggja fram frv. um fleiri tryggingar, þar sem það mál má heita lítt undirbúið.

Fylgiskjal.

ÁÆTLUN

um hvað ellistyrktarsjóðirnir mundu geta veitt mikinn ellistyrk að 40 árum liðnum, ef gjöldin til sjóðanna væru hækkuð upp í 4 kr. af karlmanni og 2

kr. af kvenmanni og tillag ríkissjóðs væri hækkað upp í kr. 1,50 fyrir hvern gjaldanda.

Næstliðin ár munu gjaldendur til ellistyrktarsjóðanna hafa verið um 40000, og úthlutun úr þeim mun því hafa numið hjer um bil þessu:

1.	Af tillagi ríkissjóðs helmingur	20000 kr.
2.	Af gjöldum gjaldenda $^2/_3$ hlutir...	38000 —
	(Konur fleiri en karlar. Innheimtugjald o. fl. gengur frá).	
3.	Vextir í Söfnunarsjóði helmingur	15000 —
	Samtals	73000 kr.

Áætlunina um upphæð sjóðanna að 40 árum liðnum, byggi jeg á því, að gjaldendur sjeu nú 40000[1]), að þeim fjölgi um 1 af hundraði á ári, að sjóðirnir sjeu nú 650000 kr. og að vextir verði til uppjafnaðar næstu 40 ár 4,92 af hundraði, þ. e. einum af hundraði minni en þeir eru nú af innstæðu í Söfnunarsjóðnum, nefnil. 5,92. Vextir geta verið svo háir fyrst um sinn, en ekki til lengdar.

Eftir þessu telst mjer svo til, að upphæð sjóðanna verði eftir 40 ár **7228000** kr. Vextir er ekki byggjandi upp á að þá yrðu meira en fjórir og hálfur af hundraði um árið, en gjaldendur má búast við að yrðu orðnir alt að 60000.

Eftir því gæti úthlutaður styrkur þá numið:

1.	Af tillagi ríkissjóðs	45000 kr.
2.	Af gjöldum gjaldenda	114000 —
3.	Af vöxtum í Söfnunarsjóði...	163000 —
	Samtals ...	322000 kr.

Þetta er hjer um bil $4^1/_2$ sinnum meira en nú er úthlutað, en reyndar ekki nema þrisvar sinnum meira, þegar þess er gætt, að gamalmennin verða þá orðin svo mikið fleiri, og þar sem er talið, að styrkurinn, sem úthlutaður er nú, fordi ýmsum frá að lenda á sveit, þá mundi hann miklu fremur gera það, þegar hann væri orðinn þrisvar sinnum meiri, og þótt hann ekki gæti þá veitt hverju þurfandi gamalmenni nægilegan styrk til framfæris, þá mundi sá tími nálgast hröðum fetum, að hann gæti það, úr því sjóðirnir væru orðnir svo stórir.

18. apríl 1923.

Eiríkur Briem.

---

1) Ef gjaldendatalan er nú nokkuð meiri eða minni en 40000, þá munar það samt litlu á hlutfallinu milli þess, sem úthlutað er nú, og þess, sem úthlutað verður að 40 árum liðnum. Hvorttveggja verður hjer um bil *tiltölulega* meira eða minna.

(B. LV, 2).

Ed. **410. Nefndarálit**

um frv. til laga um friðun Þingvalla.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir kynt sjer mál þetta eftir föngum, sömuleiðis staðhætti eftir því, sem hægt var að sjá á kortum herforingjaráðsins; nefndin var sammála um friðun staðarins, en gat ekki orðið sammála að öðru leyti, einkum í því, að meiri hluti vildi gera sem minst í bráðina, en minni hl. áleit, að enginn skaði eða jafnvel nauðsyn væri á því, að byrja á undirbúningi til friðunar strax og ná inn með aðgangseyri nokkru af þeim kostnaði, sem óhjákvæmilegur væri til þess að undirbúa þennan stað til væntanlegs hátíðahalds 1930; einnig hafði fornmenjavörður, Matthías Þórðarson, lagt fyrir stjórnarráðið ákveðnar tillögur um ýmsar ráðstafanir, sem nauðsynlegar væru til þess, að hægt væri að koma í framkvæmd verndun staðarins, og lagði hann fram frv. til laga fyrir nefndina í þessu skyni. Er aðalefni þess að sameina Brúsastaða- og Þingvallaland og taka undan þeirri jörð landræmu þá, sem liggur austan Almannagjár og henni tilheyrir, banna ábúanda Þingvalla afnot af mestum hluta Þingvallalands, eða landsins milli landamerkja Brúsastaða og Hrafnagjár, Þingvallavatns og línu milli Ármannsfells og Hrafnabjarga, og gera það að friðlýstum almenningi; enn fremur banna Þingvallapresti að vera á Þingvöllum; annars sjest álit og tillögur fornmenjavarðar best í brjefi, er hann hefir ritað stjórnarráðinu 18. mars síðastl. og nefndin hefir haft til athugunar.

Einn kafli úr því skal tilfærður hjer:

»Fyrir því vil jeg leyfa mjer að mæla eindregið með því, að við næstu veitingu Þingvallabrauðs verði sú breyting gerð á, að tekin verði undan öllum afnotarjetti prestsins framvegis það svæði af Þingvallalandi, sem liggur milli Almannagjár og Hrafnagjár, Þingvallavatns og nánar ákveðinnar línu milli Ármannsfells og Hrafnabjarga, og enn fremur skal prestinum því óheimilt eftirleiðis að leigja eða leyfa nokkra ábúð á hjáleigunum Hrauntúni og Svartagili, eða mannavist í þeim bæjum; og skal hið sama gilda allar hinar aðrar hjáleigur staðarins, þegar þær losna úr þeirri ábúð, sem þær eru í nú«.

Þessar tillögur hefir minni hl. nefndarinnar viljað taka til greina, með því að hann fellst á þær, og það eru þær einu ákveðnu tillögur, sem minni hl. er kunnugt um, að komið hafi skjallega fram í málinu. Brtt. þær, sem minni hl. því flytur við frv., eru sniðnar eftir frv. því, sem áður er nefnt, og tillögum þeim, sem koma fram í nefndu brjefi og ekki eru reglugerðaratriði, en að öðru leyti er frv. þannig breytt, að landsstjórnin, í samráði við Þingvallanefndina, hefir frjálsar hendur að skipa fyrir um alt annað nauðsynlegt til verndar hins fornhelga staðar og til þess að prýða hann og laga, og þar að auki nokkurt fje til umráða, án þess að leita til Alþingis með fjárveitingu.

Minni hl. hefir ekki getað sjeð, að það væri neitt athugavert að selja aðgang að Þingvöllum, enda ekki gert ráð fyrir að gjaldið yrði svo hátt ákveðið, að nokkurn einstakan mann munaði um það eða það út af fyrir sig bægði fólki frá staðnum.

Að öðru leyti mun verða gerð grein fyrir öðrum breytingartillögum í framsögu, að því leyti sem þær eru ekki skýrðar áður.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna »að Meyjarsæti« komi: að nánar ákveðinni línu milli Ármannsfells og Hrafnabjarga.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna »forseti Búnaðarfjelags« komi: búnaðarmálastjóri.
3. Við 3. gr. Eftir orðinu »Alþingis« komi: og hefir hún landsdrottins vald yfir hinu friðlýsta svæði.
4. Við 4. og 5. gr. Í stað þessara greina komi ný grein, svo hljóðandi:
   Nefndin ræður umsjónarmann og setur honum erindisbrjef. Jafnframt heimilast nefndinni að selja aðgang að hinu friðlýsta svæði, sbr. 3. gr., og skal verja tekjunum til þess að vernda staðinn.
5. Ný grein, sem verður 5. gr.
   Þingvallapresti skal óheimilt að hafa búsnytjar af hinu friðlýsta svæði, nema Þingvallatúni, en fær í þess stað Brúsastaði til afnota. Enn fremur má presturinn ekki eftirleiðis leigja hjáleiguna Svartagil, nema með leyfi nefndarinnar.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Nefndin semur reglugerð um verndun Þingvalla, sem ríkisstjórnin samþykkir og bygð er á lögum þessum. Skal í henni setja nánari ákvæði um aðgangseyri, umferð, umgengni aðkomumanna o. fl.

Alþingi, 17. apríl 1923.

Guðm. Guðfinnsson.

(B. LV, 3).

Ed. **411. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um friðun Þingvalla.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Undirritaðir, meiri hluti nefndarinnar, (J. M. og S. H. K.) hafa eigi getað orðið hinum þriðja nefndarmanni (G. G.), meðflutningsmanni frumvarps

þessa, samdóma um það. Við erum ekki búnir til þess að ráða háttv. deild til að leggja gjald á gesti þá, er heimsækja vilja Þingvöll. Við höfum eigi heldur getað fallist á tillöguna um að skipa sjerstaka Þingvallanefnd; teljum nægilegt að þjóðmenjavörður hafi umsjónina með aðstoð skógræktarstjóra, undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar. Um sjerstakar ráðstafanir til þess að undirbúa þingstaðinn vegna minningarhátíðar þúsund ára afmælis Alþingis 1930 þykir oss sjálfsagt, að ríkisstjórnin hafi ráð þess manns, er skipaður er ritstjóri Alþingissögunnar, og þeirra manna, er honum eru settir til ráðuneytis í því efni. Nú vill svo til, að þjóðmenjavörður er skipaður til þessa, svo að frekari nefndarskipunar ætti ekki að þurfa.

Við erum þeirrar skoðunar, að friða eigi Þingvallaskóg, sjerstaklega fyrir of miklu skógarhöggi eða rifi, en um nauðsyn girðinga eru skoðanir skiftar. Svo er og sjálfsagt að halda áfram með það, sem nú er upp tekið og veitt fje til í fjárlögum, að laga þingstaðinn.

Með því að við erum þess fullvissir, að ríkisstjórnin láti sjer ant um mál þetta og komi með ráði þjóðmenjavarðar fram með tillögur til Alþingis um að gera það, sem þarf í þessu efni, þá ráðum við háttv. deild til þess, að máli þessu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 21. apríl 1923.

Jón Magnússon, form., frsm. Sigurður H. Kvaran.

(B. LXIX, 3).

Nd. **412. Breytingartillaga**

við frv. til laga um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Eftirleiðis er bannað að stofna til smjörlíkisgerðar þar sem smjörgerð er höfð um hönd, og skal þá jafnframt óheimilt að nota sömu tæki til skiftis við framleiðsluna.

(C. X, 4).

Nd. **413. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um landmælingar og landsuppdrætti.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við tillöguna bætist nýr liður:

6. Að sjá um, að drög öll til uppdráttanna verði framvegis geymd hjer heima, þegar búið er að vinna úr þeim og leita samninga við herforingjaráðið um að fá hingað einnig drög þeirra uppdrátta, sem þegar hafa verið gerðir.

(B. LXXXII, 2).

Nd. **414. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um skoðun á síld, frá 28. nóv. 1919.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, og er meiri hluti hennar (4) því fylgjandi, að frv. verði að lögum.

Einn nefndarmanna (Jón Baldvinss.) hefði talið það rjettast, að málinu væri vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 21. apríl 1923.

Stefán Stefánsson, form. og framsm.	Pjetur Ottesen, skrifari.	Jakob Möller.
Jón Baldvinsson.	Einar Þorgilsson.	

(B. LX, 5).

Nd. **415. Breytingartillaga**

við frv. til laga um skemtanaskatt og þjóðleikhús (þskj. 346).

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

8. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1923, og með þeim eru úr lögum numin ákvæði laga nr. 34, 22. nóv. 1918, og reglugerða, sem á þeim lögum eru bygðar, að því leyti, sem þau fyrirmæli snerta kaupstaði, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri.

(B. LXIX, 4).

Nd. **416. Frumvarp**

til laga um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Smjör þýðir í lögum þessum feitmeti, sem eingöngu er framleitt úr mjólk, þannig, að strokkaður er litaður eða ólitaður rjómi eða mjólk og afurðin hnoðuð söltuð eða ósöltuð.

Smjörlíki telst alt það feitmeti, sem líkist smjöri, er búið til á líkan hátt og það og í er einhver feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur.

Rjómalíki kallast feitijafningur, sem líkist rjóma, en er ekki eingöngu gerður úr mjólkurefnum.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem að útliti og efnasamsetningu líkist mjólk, en hefir að geyma feiti, sem ekki er mjólkurfeiti.

Ostalíki kallast ostur, sem í er önnur feiti en mjólkurfeiti.

2. gr.

Hver sá, sem framleiða vill smjörlíki, rjómalíki, mjólkurlíki eða ostalíki, skal tilkynna það skriflega hlutaðeigandi lögreglustjóra, sem lætur birta tilkynninguna í Lögbirtingablaðinu á kostnað framleiðanda. Framleiðandi skal hafa framleiðslubók, sem skráð eru í efni þau, sem notuð eru, og skal það gert eftir reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur. Lögreglustjóra skal heimilaður aðgangur að framleiðslubókunum.

3. gr.

Á umbúðum alls innlends smjörlíkis skal standa með greinilegu og óafmáanlegu letri orðið SMJÖRLÍKI ásamt nafni verksmiðjunnar. Um innflutt smjörlíki gilda sömu ákvæði, með þeirri undantekningu, að fyrir orðið SMJÖRLÍKI má standa MARGARINE, en á umbúðum standi ávalt með greinilegu letri ÚTLENT. Þessi ákvæði gilda einnig þegar smjörlíki er selt í lausri vigt í sölubúðum. Sje smjörlíki selt mótað, skal þungi skökunnar vera $^1/_4$, $^1/_2$ eða $^1/_1$ kg., og sje það skráð á umbúðirnar.

4. gr.

Bannað er sem verslunarvara smjör, sem blandað er smjörlíki eða fituefnum, sem notuð eru til smjörlíkisgerðar. Leyft er, að í smjörlíki sje alt að 5% smjörfeiti.

5. gr.

Bannað er að framleiða smjörlíki þar, sem smjörgerð er höfð um hönd, og eigi má nota sömu tæki til skiftis við framleiðsluna.

6. gr.

Í öllu smjörlíki, hvort heldur það er framleitt hjer eða flutt hingað frá útlöndum, skal að minsta kosti 10% feitinnar vera sesamolía. Sömu ákvæði gilda um rjómalíki og mjólkurlíki. Í ostalíki skal 5% feitinnar vera sesamolía.

7. gr.

Ostalíki, rjómalíki og mjólkurlíki má ekki selja hjer á landi nema á umbúðunum standi með greinilegu letri orðin: OSTALÍKI, RJÓMALÍKI eða MJÓLKURLÍKI, eftir því sem við á, ásamt nafni verksmiðjunnar.

8. gr.

Bannað er að versla með smjörlíki, sem litað er með anilínlit eða blandað er nokkrum þeim efnum, sem skaðleg geta talist.

9. gr.

Í smjörlíki má ekki vera meira vatn en 16%.

10. gr.

Verksmiðjur þær, sem búa til smjörlíki, skulu standa undir opinberu eftirliti. Nánari ákvæði um það setur atvinnumálaráðuneytið.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100—1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

12. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, nema um brot sje að ræða gegn hinum almennu hegningarlögum frá 25. júní 1869.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 3 mánuðum eftir að þau hafa verið staðfest.

(B. III, 8).

Nd. **417. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920 (þskj. 383).

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Með lögum skal ákveða hversu fer um stjórn landsins, ef ráðherra deyr eða forfallast eða fer utan.
2. Við 5. gr. Milli 1. og 2. málsgr. kemur ný málsgr., svo hljóðandi:
   Aftan við sömu gr. bætist:
3. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist:
   Sama er og, ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaþing, eða það sem eftir er af því þingi.
4. Við 10. gr. Upphaf 2. málsgreinar orðist svo:
   Kosningarrjett til Alþingis í sjerstökum kjördæmum hafa allir o. s. frv.
5. Við 10. gr. Í stað síðustu málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma i stað aðalmanna.

(B. LXVII, 4).

Nd. **418. Breytingartillögur**

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 34. gr. Greinin orðist þannig:
   Ekki getur eigandi eða umráðamaður bannað, að ræktað land sje tekið til ræktunar eftir kafla þessum, nema svo sje ástatt sem hjer segir:
   a Að hann hafi sjálfur gert viðbúnað til að rækta landið á einhvern veg eða færi sönnur á, að landið sje honum nauðsynlegt vegna annara afnota.

b. Að landið sje sannanlega öðrum ljeð til ræktunar.
c. Að á því landi sjeu einhverjar minjar eða sjerstök náttúruprýði, sem hann vill eða ætlar að friða.

2. Við 38. gr. Aftan við greinina bætist:
Jafnan skal gripheld girðing um þann hluta landsins, sem ræktaður er.

(B. LX, 6).

Nd. 419. Breytingartillaga

við frv. til laga um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 3. gr. a Liðurinn orðist svo:
Ódýrir, fræðandi fyrirlestrar fyrir almenning, svo sem Stúdentafjelagsfyrirlestrar.

(B. LXVII, 5).

Nd. 420. Breytingartillögur

við frumvarp til jarðræktarlaga.

Frá Jóni Sigurðssyni.

1. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
Úr ríkissjóði má árlega veita fje til að starfrækja og gera tilraunir með jarðræktarvjelar, svo sem þúfnabana, skurðgröfur og aðrar stærri nýtískuvjelar, sem eru við hæfi hjer á landi. Árlegt tillag úr ríkissjóði má þó ekki nema meiru en svo, að tekjur Vjelasjóðs og tillag ríkissjóðs verði samtals 50000 kr.
2. Við 16. gr. Fyrir »Búnaðarfjelag — samkvæmt 15. gr.« í upphafi greinarinnar komi:
Búnaðarfjelag Íslands sjer um starfrækslu jarðræktarvjela þeirra, sem þegar eru keyptar eða verða keyptar fyrir ríkisfje.

Fyrir »að helmingi — úr Ræktunarsjóði« í niðurlagi sömu greinar komi: alt að helmingi, gegn ekki lakari tryggingu og með sömu vöxtum og afborgunarskilmálum sem nú gilda um jarðræktarlán úr Ræktunarsjóði.

3. Við 17. gr. Fyrir »Markmið — landbúnaðarvjelar« komi:
Markmið þessa sjóðs er að útvega og gera tilraunir með landbúnaðarvjelar og starfrækja þær, ef þörf krefur.

(A. XVIII, 11).

Nd. **421. Breytingartillaga**

við frv. til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá allsherjarnefnd.

Við 10. gr. A eftir »hvernig hann hafi smitast« komi:
og er sjúklingnum skylt að láta lækninum í tje alla vitneskju sína í því efni.

(A. VIII, 6).

Ed. **422. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um einkaleyfi.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. a. Orðið »nýjum« í 1. málsgr. falli burt.
b. 4. tölul. orðist svo:
Uppgötvunum, sem lýst hefir verið í riti, er almenningur hefir átt kost á að kynna sjer, eða þær hafa verið hafðar opinberlega um hönd hjer á landi, sýndar á sýningu (sbr. þó 24. gr.) eða á annan hátt hafðar til sýnis almenningi, og eru þær uppgötvanir svo kunnar orðnar með þessum hætti, að þeir menn, sem vit hafa á, geta fært sjer þær í nyt. Til rita o. s. frv.

(B. LXVII, 6).

Nd. **423. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þskj. 407. (Jarðræktarlög).

Frá landbúnaðarnefnd.

Við I. við 2. gr. Aftan við liðinn bætist:
eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis.

(A. XXIX, 4).

Nd. **424. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur á þskj. 405. (Fjáraukalög 1923).

Frá Magnúsi Pjeturssyni.

Við XXII. Nýr liður:
Til Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... ... 375.

(C. VII, 2).

Ed. **425. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um innlenda baðlyfjagerð og útrýmingu fjárkláða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir rætt um tillöguna og leggur til, að hún sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 23. apríl 1923.

Hjörtur Snorrason, fundaskr.	Guðm. Ólafsson, form. og framsm.	Sigurður Jónsson.

(A. XXIX, 5).

Nd. **426. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þskj. 353 (Fjáraukalög 1923).

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við I. c. Nýir liðir:

a. Til Magnúsar Konráðssonar stud. polyt., til að lúka verkfræðinámi ... ... kr. 2400,00
Til vara: Til Magnúsar Konráðssonar stud. polyt., til verkfræðináms ... ... — 1500,00
b. Til dr. Helga Pjeturss, til visindaiðkana ... ... — 2000,00
c. Til þess að kaupa handrit þau um sögu Íslands, er dr. Jón J. Aðils ljet eftir sig, enda verði þau eign Landsbókasafnsins, alt að .. .. — 10000,00
Til vara: Fyrsta afborgun af andvirði fyrir handrit dr. Jóns J. Aðils um sögu Íslands ... ... — 2500,00

(B. LXXIV, 2).

Nd. **427. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir rætt frv. þetta og ástæður þær, er færðar eru fyrir þessari breytingu í berklaveikislögunum, og felst á, að þær sjeu rjettmætar. Leggur nefndin því til, að frv. á þskj. 262 verði samþykt óbreytt.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 23. apríl 1923.

Jón Þorláksson, formaður.	Magnús Jónsson, ritari.	Björn Hallsson, framsögum.

Gunnar Sigurðsson. Magnús Guðmundsson.

(B. LII, 4).

Ed. **428. Lög**

um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913. [*Herpinótaveiði*].

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl).

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. orðist svo:

Sömuleiðis er sýslunefnd Skagafjarðarsýslu heimilt að gera samþykt um síldveiði með herpinót á Skagafirði innan línu milli syðri enda Þórðarhöfða, norðurenda Drangeyjar og þaðan sömu stefnu á Skaga.

2. gr.

Í stað »500 kr.« í 6. gr. komi: 3000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. XI. 8).

Nd. **429. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1915.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 4. gr. Eftir »10. nóv. 1905« komi: svo og lög nr. 33, 20. okt. 1913, um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905.

(A. XXIX, 6).

Nd. **430. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 405 (*Fjáraukalög 1923*).

I. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*

Við IX. Næst eftir orðinu »veitt« kemur: Til síðustu launahækkunar Sigurðar P. Sivertsens háskólakennara ... 500

II. Frá *Jakob Möller.*

Við XIX. b. Nýr liður:

Til Kvennrjettindafjelags Íslands..	2000
Til vara	1500

(B. X, 13).

Ed. **431. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. 10 (um tölu þjóðvega) komi:

Frá Húsavík um Tunguheiði, Kelduhverfi, Öxarfjörð, Öxarfjarðarheiði, Þistilfjörð, Brekknaheiði, Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð að Fossvöllum.

2. gr.

Þessi breyting á legu þjóðvegarins er því skilyrði bundin, að sýslunefnd Norður-Múlasýslu taki í sýsluvegatölu vegarkaflann frá Fossvöllum að Gilsárbrú í Jökuldal.

3. gr.

Leiðin frá Breiðamýri til Reykjahlíðar fellur úr tölu þjóðvega. Leiðin frá Reykjahlíð um Mývatnsöræfi um Grímsstaði og Möðrudal yfir Gilsárbrú í Jökuldal skal vera fjallvegur.

(B. LX, 7).

Ed. **432. Frumvarp**

til laga um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í öllum kaupstöðum landsins, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir fyrir almenning, sem aðganga er seld að.

2. gr.

Þessar skemtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur.

a. Hljómleikar og söngskemtanir.
b. Sjónleikar, er njóta opinbers styrks.
c. Fyrirlestrar og upplestrar.
d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
e. Tombólur, í hverju skyni sem haldnar eru.

Af skemtunum, er til þessa flokks teljast, greiðist 10% skattur af andvirði seldra aðgöngumiða. Af tombólum greiðist sami skattur einnig af andvirði seldra happdrátta.

2. flokkur.

a. Dansleikar.
b. Danssýningar.
c. Loddarasýningar.
d. Fjölleikasýningar og sjónleikar, er ekki teljast til 1. flokks.
e. Aðrar almennar skemtanir, sem aðganga er seld að og ekki eru taldar sjerstaklega.

Af skemtunum þeim, er til þessa flokks teljast, greiðist 20% skemtanaskattur.

3. gr.

Undanþegnar öllum skemtanaskatti eru þessar opinberar skemtanir:

a. Ódýrir fræðandi fyrirlestrar, sem styrktir eru af opinberu fje, svo sem stúdentafjelagsfyrirlestrar.
b. Skemtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar málefna, er miða að almenningsheill.
c. Af innanfjelags-skemtunum, sem að eins eru fyrir fjelaga og gesti þeirra, greiðist enginn skattur, en sannist það, að utanfjelagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemtun eftir 2. gr. 2. flokki.

4. gr.

Til að halda skemtun, sem aðgangur er seldur að, skal fá leyfi lögreglustjóra, og skal tilkynna honum, hvar og hve nær hún skuli haldin.

5. gr.

Lögreglustjóri innheimtir skemtanaskattinn og fær 2% í innheimtulaun. Um innheimtuna fer eftir reglugerð, er stjórnarráðið semur.

6. gr.

Skemtanaskatturinn rennur í sjerstakan sjóð, »þjóðleikhússjóð«. Honum skal varið til þess að koma upp »þjóðleikhúsi« í Reykjavík og til að styðja sjónleika, sem sýndir verða að staðaldri í því húsi. Stjórn þessa sjóðs hafa á hendi þrír menn, valdir af kirkju- og kenslumálaráðherra, úr hóp þeirra manna, er vænta má, að kunnugastir sjeu leikment. Nefnd þessi starfar ókeypis. Auk þess að ávaxta þjóðleikhússjóðinn skal nefndin hafa með höndum allan undirbúning undir byggingu leikhússins. Kirkju- og kenslumálaráðherrann hefir eftirlit með störfum nefndarinnar.

Ríkið leggur til ókeypis lóð á Arnarhólstúni.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—500 kr., og skal farið með öll þau mál, sem út af þeim risa, sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1923, og með þeim eru úr lögum numin ákvæði laga nr. 34, 22. nóv. 1918, og reglugerða, sem á þeim lögum eru bygðar, að því leyti, sem þau fyrirmæli snerta kaupstaði, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri.

(B. LXVIII, 2).

Nd. **433. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 6, 31. maí 1921. (Seðlaútgáfa Íslandsbanka).

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarp þetta verði samþykt vegna þess, að hjer er um óhjákvæmilega breytingu að ræða, þar sem ríkisstjórnin hefir eigi enn komið fram með tillögur um fullnaðarskipulag þessa máls.

Alþingi, 23. apríl 1923.

M. J. Kristjánsson, form. og frsm. Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Þorleifur Guðmundsson.

Jakob Möller. Magnús Guðmundsson.

(B. XLIII, 2).

Nd. **434. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin fellst á það, að nauðsynlegt sje að bæta launakjör þeirra starfsmanna Landsbankans, sem frumvarpið ræðir um. Um ástæður fyrir því getur nefndin látið nægja að visa til greinargerðar þeirrar, sem frumvarpinu fylgir. Leggur nefndin sjerstaka áherslu á það, að lítt sæmandi er að launa þessa starfsmenn Landsbankans miklu ver en sömu starfsmenn hins bankans eru launaðir. Enda gæti það orðið til þess, að bankinn misti af bestu starfskröftum sínum, ef betri kjör væru í boði annarsstaðar við samskonar störf. Nefndin vill ekki gera svo mikinn mun á launum gjaldkera og aðstoðargjaldkera, sem gert er í frv., og flytur breytingartillögur til lagfæringar á því. Þá þykir nefndinni og rjett að hækka mistalningarfje gjaldkeranna um 1000 krónur.

Í sambandi við þetta mál athugaði nefndin, að styrktarsjóður starfsmanna bankans, sem stofna ber samkvæmt lögunum frá 1919, hefir ekki enn verið stofnaður, og væntir nefndin þess, að það komist í framkvæmd hið bráðasta.

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 1. gr.

1. Fyrir »4000« í 4. málsgrein (byrjunarlaun aðstoðarfjehirðis) komi: 4500.
2. Fyrir »5500« í sömu málsgrein (hámarkslaun sama) komi: 6000.
3. Fyrir »4000« (mistalningarfje) komi: 5000.

Alþingi, 23. apríl 1923.

M. J. Kristjánsson, formaður. Þorl. Guðmundsson, Jakob Möller, framsögum.

Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Magnús Guðmundsson, með fyrirvara.

(B. LXXIII, 3).

Nd. **435 Frumvarp**

til laga um veitingu ríkisborgararjettar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Ríkisborgararjettur veitist verkstjóra Johan Emil Ingvald Landmark á Siglufirði, sem fæddur er 22. okt. 1887 á Fjöstoft í Harams prestakalli í Noregi, og Christian Eriksen Björnæs, símaverkstjóra í Reykjavík, sem fæddur er 11. febr. 1861 í Erisfjord í Nessets prestakalli í Noregi.

(A. IX, 7).

Nd. **436. Nefndarálit**

um frv. til vatnalaga.

Frá meiri hluta vatnamálanefndar.

Frumvarp þetta var afgreitt frá háttv. efri deild 5. þ. m. Höfum vjer undirritaðir nefndarmenn vatnamálanefndar neðri deildar síðan margsinnis beðið formann nefndarinnar að halda fund um málið, en árangurslaust að þessu. Er nú svo áliðið þingtíma, að eigi má lengur draga málið, og teljum vjer oss því knúða til að bera fram álit vort nú þegar, þótt ekki höfum vjer átt kost á að halda formlegan fund um málið.

Frumvarpið er að þessu sinni borið fram af landsstjórninni í sama formi og það lá fyrir Alþingi 1921, en með nokkrum breytingartillögum. Hefir háttv. Ed. nú afgreitt það með nokkrum þessara breytinga, en einnig með nokkrum breytingum frá nefnd þeirri, er að málinu vann á þingi 1921, og ýmsum nýjum breytingum, er fram hafa komið í deildinni.

Frumvarpið er að allri undirstöðu bygt á stefnu minni hluta vatnamálanefndar frá 1919, og að því leyti í samræmi við eldri lög og landsrjett um þessi efni. Hinsvegar er fjöldi nýmæla tekinn upp í frumvarpið og miklu víðtækari og fleiri takmarkanir settar umráðarjetti einstaklinga yfir vatnsrjettindum en áður hafa verið í íslenskri löggjöf. Verður reynslan að skera úr um það, hvernig þau nýmæli reynast.

Vatnamálið liggur nú í 5. sinn fyrir Alþingi, og hefir það jafnan reynst mjög tímafrekt og þungt í vöfum, enda búið að eyða til þess meiri fyrirhöfn, fje og tíma en til nokkurs annars máls, er samtímis hefir legið fyrir.

Vjer álítum að vísu, að ýms ákvæði frumvarpsins mætti á annan veg betur fara, en ósýnt mundi um samkomulag, ef nýjar breytingar skyldi upp

taka, enda teljum vjer frágang háttv. Ed. á málinu vel við unandi og búningsbót þess mikla þar í deildinni.

Allra hluta vegna teljum vjer æskilegast, að þetta mál geti fengið fullnaðarafgreiðslu frá þinginu að þessu sinni og fulla nauðsyn á samstæðri vatnsrjettindalöggjöf í landinu, ekki síst vegna þess, að sjerleyfislöggjöf eftir landsháttum vorum og þörfum verður eigi komið á fyr en vatnsrjettindalöggjöf er ákveðin, en sjerleyfislög álítum vjer sjálfsagt að setja áður leiðir opnast af nýju til stórfeldra framkvæmda með notkun vatnsorku.

Út af framansögðu leyfum vjer oss því að ráða neðri deild til að samþykkja frumvarpið frá 1921 með þeim breytingum einum, sem efri deild hefir á því gert og taldar eru á þingskjölum 236, 268 og 271.

Alþingi, 23. apríl 1923.

Sveinn Ólafsson, skrif. og frsm. Hákon Kristófersson. Lárus Helgason.

(A. XI, 9).

Nd. 437. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Enda þótt jeg telji það miður, að efri deild hefir felt niður það spor, sem með frv. var stigið í þá átt að svifta menn ekki mannrjettindum fyrir atvik, sem þeim eru ósjálfráð, þá hefi jeg þó ekki viljað taka þetta atriði upp, af ótta við að fleyga málið.

Jeg tel stytting sveitfestistímans svo mikilvægt atriði, að nauðsyn beri til að koma því fram á þessu þingi.

Sú saga hefir einatt endurtekið sig, einkum í sveitahjeruðum, að menn hafa flutt sig á brott á unga aldri, slitið kröftum sínum í öðru hjeraði og komið síðan með ómegð á fæðingarsveit sína. Slíkt er ranglátt og ósanngjarnt.

Jeg legg eindregið til, að sveitfestistíminn verði færður niður í 3 ár, og gæti enda gengið inn á meiri niðurfærslu, og byggi þá skoðun mína einkum á því, að það sje affarasælla fyrir þjóðfjelagið að hlynna að mönnum, þar sem þeir verða hjálparþurfa, heldur en að stjaka við þeim.

Að öðru leyti tel jeg rjettara að rökstyðja skoðun mína i framsögu en nefndaráliti.

Jeg legg því til, að frv. verði samþykt með þessari einni

BREYTINGU:

Við 1. gr.

Orðin »eða styrk eftir þessum lögum« falli burt.

Alþingi, 24. apríl 1923.

Gunnar Sigurðsson.

(B. LXII, 2).

Ed **438. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bankaráð Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir nú rætt og athugað frumvarpið. Hún litur svo á, að hjer sje um mikilsvert mál að ræða, þar sem er yfirumsjón með bönkum og sparisjóðum landsins.

En nefndina greinir nokkuð á um það, hvort heppilegra sje að koma skipun á nauðsynlegt eftirlit með þessum stofnunum með bankaráði, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, eða með því, að skipaður sje til þess sjerstakur yfirumsjónarmaður.

Þá eru sumir nefndarmenn þeirrar skoðunar, að þetta aukna eftirlit mundi ekki þurfa að ná til hinna minni sparisjóða eða þeirra, sem standa undir beinu eftirliti sýslunefnda.

Með því að mál þetta þarfnast rækilegri athugunar og betri undirbúnings en önnum kafin þingnefnd getur veitt, leggur hún til, að því sje vísað til stjórnarinnar með svo hljóðandi

ROKSTUDDRÍ DAGSKRÁ.

Deildin lítur svo á, að mál þetta verði ekki rannsakað nægilega nú á þinginu, en felur stjórninni að undirbúa málið og leggja tillögur sínar um það fyrir næsta þing, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. apríl 1923.

Guðm. Ólafsson, form. og frsm.	Karl Einarsson, fundaskrifari.	Sigurður Jónsson.

(A. VIII, 7).

Nd. **439. Frumvarp**

til laga um einkaleyfi.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 401, með breytingunum á þskj. 422.

(A. XXIX, 7).

Nd. **440. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 405. [Fjáraukalög 1923].

Frá dómsmálaráðherra.

Við XXII. Ný grein á eftir:

Til viðbótar við 19. gr. fjárlaganna (óviss gjöld) er veitt:

Til Gísla sýslumanns Sveinssonar, sjúkrastyrkur 1921... ...	3000

(C. XV, 4).

Ed. **441. Þingsályktun**

um tryggingar Íslandsbanka fyrir enska láninu.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fjárhagsnefnd deildarinnar í tje fullkomna og nákvæma skýrslu um tryggingar þær, er Íslandsbanki hefir sett fyrir enska láninu.

(B. LXXIV, 3).

Nd. **442. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 1. gr.

Fyrir »2,25 kr.« kemur: 1,50 kr.
Til vara: 2,00 kr.

(B. LVIII, 5).

Ed. **443. Frumvarp**

til laga um vaxtakjör.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Þá er lánsstofnanir þær, er landið ræður yfir beint eða óbeint, aðrar en veðdeild eða Ríkisveðbanki, veita lán gegn veði í fasteign til atvinnurekstrar í sveitum, skulu útlánsvextir vera 1% lægri en til samskonar fyrirtækja í kaupstöðum og kauptúnum, nema fjenu eigi þar að verja til jarðræktar.

2. gr.

Lögin öðlast gildi þegar í stað.

(B. LXXXIV, 2).

Ed. **444. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 1. gr. Síðustu 2 málsliðina skal orða svo:

Nú er múrað grafhýsi reist, og skal þá greiða 100 kr. fyrir það og þar að auki 40 króna legkaup fyrir hvert lík, sem í það er lagt. Legkaupin renna í ríkissjóð.

(C. X, 5).

Nd. **445. Tillaga**

til þingsályktunar um landmælingar og landsuppdrætti.

(Eftir fyrri umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að hefja sem fyrst samninga við landmælingadeild herforingjaráðsins danska, eða, ef hentugra reynist, við aðra, sem færir eru til þess, um framhald á mælingu og uppdráttum landsins.
2. Að tryggja með þeim samningum og öðru, að þessu verki verði haldið áfram óslitið, ef ekki banna óvæntir atburðir, enda verði verkið hafið eigi síðar en sumarið 1924 og lokið eigi síðar en 1935.
3. Að láta gera jafnóðum, er mælingum er lokið á hverjum stað, uppdrætti í mælikvarða 1 : 100000, með sama hætti og uppdráttur herforingjaráðsins af Húnavatnssýslu.
4. Að láta nú þegar fara að gera uppdrætti í mælikvarða 1 : 100000 og með þeim hætti, er um getur í 3. tölulið, af þeim hlutum landsins, sem þegar hafa verið dregnir upp í mælikvarða 1 : 50000.
5. Að sjá um, að uppdrættir þeir, eldri og nýrri, sem byggjast á þessum mælingum, sjeu jafnan á boðstólum hjer á landi við svo vægu verði, sem frekast er unt.

6. Að sjá um, að rjett nöfn sjeu sett á uppdrættina.
7. Að sjá um, að drög öll til uppdráttanna verði framvegis geymd hjer heima, þegar búið er að vinna úr þeim og leita samninga við herforingjaráðið um að fá hingað einnig drög þeirra uppdrátta, sem þegar hafa verið gerðir.

(C. X, 6).

Nd. **446. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um landmælingar og landsuppdrætti.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Tillagan orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita sem fyrst samninga við landmælingadeild herforingjaráðsins danska, eða, ef hentugra reynist, við aðra, sem færir eru til þess, um framhald á mælingu og uppdráttum landsins, og leggja fyrir næsta Alþingi sem nákvæmastar áætlanir um tilhögun verksins og kostnað við það.

(B. XLIII, 3).

Nd **447. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka.

Frá Hákoni Kristóferssyni.

1. Framan við frv. komi ný grein, svo hljóðandi, er verði 1. gr., og breytist greinatalan eftir því:

   Tvær fyrstu málsgreinar 4. gr. í lögum 28. nóv. 1919 orðist svo:

   Stjórnarráðið skipar bókara, aðalfjehirði og fjehirði bankans og vikur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Um verkaskifting milli aðalfjehirðis og fjehirðis fer eftir ákvörðun stjórnarráðsins, að fengnum tillögum bankastjórnar.

2. Við 1. gr., er verður 2. gr.
   4. málsgr. orðist svo:
   Bókari og aðalfjehirðir hafa að byrjunarlaunum 5000 kr. hvor, en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 300 kr. upp í 6500 krónur. Fjehirðir hefir að byrjunarlaunum 4500 kr., en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 300 kr. upp í 6000 krónur. Auk þess hafa hinir síðarnefndu 5000 kr. í mistalningarfje, og ákveður stjórnarráðið, að fengnum tillögum bankastjórnar, hvernig mistalningarfjenu skuli skift milli aðalfjehirðis og fjehirðis.

3. 2. gr. verður 3. gr.

(B. LIII, 2).

Nd. **448. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta á nokkrum fundum.

Aðalástæðan til þess að meiri hluti nefndarinnar vill afgreiða þessi heimildarlög, er sú, að hann álítur, að með stofnun slíks banka, sem hjer er gert ráð fyrir, myndi aukast að mun erlendur gjaldeyrir í landinu, fyrst með því erlenda hlutafje, sem fengist með bankastofnuninni, og þó sjerstaklega með því lánsfje, sem gera verður ráð fyrir, að bankinn fái erlendis, því ætla má, að aðalstarfsfje bankans, auk hlutafjárins, verði erlent lánsfje.

Innlent innlánsfje mun bankinn tæplega fá að neinu ráði fyr en hann er búinn að starfa nokkur ár og vinna traust landsmanna.

Vjer álítum ekki, að hin fyrirhugaða bankastofnun komi að neinu leyti í bága við hagsmuni þeirra banka, sem fyrir eru.

Nefndin hefir ekki getað fallist á að veita bankanum sömu hlunnindi og sparisjóðum eru veitt með lögum nr. 44, 3. nóv. 1915.

Hinsvegar vill meiri hlutinn veita bankanum skattfrelsi á meðan lög nr. 11, 7. júní 1902, eru í gildi, en að bankinn aftur á móti greiði vissan hluta af ársarðinum í ríkissjóð.

Nefndin vill beina því til ríkisstjórnarinnar, að hún noti ekki þessi heimildarlög, nema vissa sje fyrir þátttöku þektra erlendra banka eða fjármálamanna til stofnunar bankans og til viðskifta handa honum erlendis.

Að öðru leyti skírskotast til greinargerðar fyrir frumvarpinu, svo og að nokkru til álits samvinnunefndar fjárhagsnefnda 1920 (þskj. 155).

Samkvæmt framanrituðu ræður meiri hluti nefndarinnar háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. stafliður *a* hljóði svo:
   Ef viðurkenning fyrir innláni glatast, getur bankinn kallað handhafa hennar með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í blaði því, er flytur stjórnvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fyrirvara að gefa sig fram við bankann, og ef enginn hefir gefið sig fram áður en tjeður frestur er liðinn, þá má bankinn greiða upphæðina þeim, sem viðurkenninguna hefir fengið frá bankanum, án þess nokkur annar, sem viðurkenningin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur bankanum.

2. 2. málsgr. *d*-liðs sömu greinar hljóði svo:
   Frá ársarðinum dragist fyrst hæfileg fjárhæð til afskriftar af væntanlegu bankahúsi og innanstokksmunum, þar næst beint áfallið tap bankans og síðast 10% af ársarðinum til varasjóðs og 5% af hlutafjárupphæðinni til hluthafaarðs.
   Af því, sem fram yfir er, greiðist ríkissjóði:
   5% af fyrstu 100 þús. kr.
   10% af næstu 100 þús. kr.
   25% af afganginum.

3. Við 3. gr. staflið *d*.
   Liðurinn hljóði svo:
   Bankinn skal jafnan hafa í auðseldum innlendum verðbrjefum, er ráðherra tekur gild, sem svarar minst 10% af innlánsfje því, er hann hefir hverju sinni, til tryggingar því.

Alþingi, 24. apríl 1923.

Þorl. Guðmundsson. — Jón A. Jónsson, fundaskrifari.

Magnús Guðmundsson. — Jakob Möller, framsögum.

(A. XXIX, 8).

Nd. **449. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 405. [Fjáraukalög 1923].

Frá Hákoni Kristóferssyni.

Við I. Liðurinn orðist svo:

Styrkur til læknisvitjana handa Reykhólahjeraði

a. fyrir árið 1922 250
b. fyrir árið 1923 250

(B. LXII, 3).

Ed. **450. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bankaráð Íslands.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn er meiri hlutanum samþykkur í því, að mál þetta eigi ekki fram að ganga, en leiðirnar skiftast um það, hvort vísa eigi málinu til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá þess efnis, að stjórnin íhugi málið og undirbúi það og leggi tillögur sínar fyrir næsta þing, að því er virðist, á grundvelli þessa frumvarps.

Þetta telur minni hlutinn alveg óaðgengilegt, og ber margt til þess, eins og nú skal vikið að:

1. Það mun hvergi tíðkast, að bankaráð sje skipað, sem ráða eigi yfir fleirum en einum banka í senn.
2. Eigi verður heldur sjeð, að Alþingi hafi nokkurn rjett til að skipa nýtt bankaráð yfir Íslandsbanka, ofan á það löglega kjörna bankaráð, sem fyrir er.
3. Þá sjer minni hlutinn ekki, að næg trygging fyrir yfirstjórn banka geti falist í bankaráði svo skipuðu, sem frumvarpið ætlast til, og skilur heldur ekki í því, hvernig á því stendur, að annar aðalatvinnuvegur landsins, sjávarútvegurinn, er algert útilokaður frá því eftir frumvarpinu að taka þátt í vali slíks bankaráðs; sá atvinnuvegur leggur þó bönkunum til aðalviðskiftin.
4. Þá virðist svo, að það geti ekki komið til mála, að bankaráð, sem á að halda »einn fund á viku og oftar, ef þörf þykir«, geti starfað launalaust, eða að bægt sje að ætlast til, að nokkurt öryggi geti falist í starfsemi slíks bankaráðs, sem á að starfa endurgjaldslaust.

5. Landsstjórnin virðist betur fallin til þess að velja menn til að endurskoða sparisjóðina en bankaráð, sem er þannig valið, og það mun ríkisstjórnin framkvæma, ef fje er veitt til þess.
6. Þá er rjett að benda á, að samkvæmt reglugerð Landsbankans ákveður ríkisstjórnin nú vexti af sparisjóðsfje Landsbankans, eftir tillögum bankastjórnar, og virðist vel fara á því, að svo sje farið að einnig framvegis.

   Og banki, sem hefir 3 bankastjóra, eins og stórbankar í útlöndum, ætti að vera einfær um að ákveða útlánsvexti og að gæta þess, að þeim sje stilt í hóf, enda stendur bankinn undir eftirliti ríkisstjórnarinnar og öll bankastjórnin valin af ríkisstjórninni.
7. Þá ætlast frumvarp þetta til, að svona skipað bankaráð ákveði »hversu veltufje bankanna skuli skiftast milli atvinnugreina landsins«.

Það virðist vera mjög undir atvikum komið, hvernig fje skiftist milli atvinnugreinanna, og því örðugt að setja neina ákveðna reglu um það á hinum ýmsu tímum. Atvinnuvegir vorir grípa líka svo mjög hver inn í annan hjer á landi, þar sem mikill fjöldi bænda t. d. lifir bæði til sjós og sveita, enda virðist sú sundurgreining geta komið alveg af sjálfu sjer, þegar Ríkisveðbankinn tekur til starfa með nægu rekstrarfje, eða veðdeild Landsbankans tekur aftur til starfa á sama hátt og hún var rekin hjer áður, eins og bent hefir verið á í öðru sambandi.

Báðar þessar stofnanir og Ræktunarsjóðurinn hafa verið stofnaðar ekki síst til þess, að landbúnaðurinn hefði þar athvarf. Og ekki stendur á öðru en því, að þinginu hepnist að láta landbúnaðinn hafa not af þessum stofnunum, einkum veðdeildinni.

Eins og ástatt er í þessu landi er mjög örðugt að finna eftirlitsfyrirkomulag með bönkum og sparisjóðum, sem veiti nægilegt öryggi og sem gæti yfirleitt orðið til heilla fyrir þjóðina. Bankaráðsfyrirkomulag, hvernig sem um það væri búið, getur tæplega veitt slíkt nauðsynlegt öryggi.

Sennilega mundi vera hollara að stofna lífstíðarembætti fyrir 1—2 »kritiska« endurskoðendur, *sem lærðu sjerstaklega að rannsaka rekstur banka og sparisjóða* og sem hefðu ekki önnur störf á hendi. Gætu slíkir endurskoðendur þá alið upp og valið menn til að endurskoða sparisjóði landsins, sem eigi mundu þurfa að vera fastlaunaðir menn.

Aðalendurskoðendurnir yrðu að vera alveg óháðir hinum pólitisku flokkum, og þess vegna yrði staða þeirra að vera konungleg embætti.

Með þessum bendingum leyfir minni hlutinn sjer að leggja til, að máli þessu sje vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 25. apríl 1923.

Sigurður H. Kvaran. Björn Kristjánsson, framsögumaður.

(B. LXXIX, 3).

Ed. **451. Lög**

um læknisskoðun aðkomuskipa.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl).

1. gr.

Nú vill aðkomuskip hleypa mönnum eða farangri á land í höfn, og skal þá fram fara læknisrannsókn um heilbrigði á skipinu, áður en það hafi samgöngur við land. Áður en heilbrigðisrannsókn þessi hefir farið fram, má enginn maður fara úr skipinu, ekki heldur hafnsögumaður, og enginn út í skipið úr landi eða frá öðrum skipum, að undanteknum lækni og aðstoðarmanni hans. Engan farangur má setja fyr í land en læknisrannsókn hefir fram farið.

Heilbrigðisstjórninni er heimilt að veita með reglugerð undanþágu frá framangreindum ákvæðum fyrir aðkomuskip, sem koma kunna á hafnir, þar er læknir á ekki heima, og fyrir aðkomuskip, þar er embættislæknir á að vísu heima, en er fjarstaddur, þegar skipið hafnar sig. Í reglugerð þessa skal setja ákvæði, er tryggi það svo sem verða má, að sóttir berist ekki í land, þótt læknisrannsókn sje slept.

2. gr.

Fyrir skoðunargerð samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 34, 6. nóv. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, ber lækni 8 kr. borgun af skipum, sem eigi ná 60 smálestum, 12 kr. af skipum, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum, og 20 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir. Auk þess á læknir heimting á ókeypis flutningi og dagpeningum. Heldur læknir dagpeningum, ef þörf gerist, að hann sje sóttkvíaður vegna rannsóknarinnar, þangað til sóttkvíun er lokið.

3. gr.

Ákvæði eldri laga, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi fallin.

(B. LXXXIV, 3).

Ed. **452. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

3. gr. í lögum nr. 38 frá 3. nóv. 1915 skal hljóða þannig:

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 5 kr. fyrir börn yngri en 2 ára, en 10 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, skal greiða 20 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður helga sjer grafreit um ótakmarkaðan tíma, eða múrar upp gröf, og skal þá greiða 40 kr. fyrir hvern legstað. Nú er múrað grafhýsi reist, og skal þá greiða 100 kr. fyrir það og þar að auki 40 króna legkaup fyrir hvert lík, sem í það er lagt. Legkaupin renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lögtaksrjettur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XXXIX, 2).

Nd. **453. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík [þskj. 128].

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 2. gr. 1. málsgrein orðist svo:
   Fasteignagjald það, sem um ræðir í 1. gr., skal miða við virðingarverð eftir fasteignamatslögunum, en bæjarstjórnin ákveður hámark hundraðsgjaldsins.

2. Við 2. gr. a. Í stað »skal greiða 0,8%« komi: skal greiða alt að 0,8%.

3. Við 2. gr. b. Í stað »skal greiða 2%« komi: skal greiða alt að 2%.

4. Við 2. gr. c. Í stað »skal greiða ½%« komi: skal greiða alt að ½%.

5. Við 7. gr. 4. málsgr. Í stað »atvinnan sje stunduð skemur en 4 vikur« komi: þótt atvinnan sje ekki stunduð nema 4 vikur.

(B. XLIII, 4).

Nd. **454. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 55, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Tvær fyrstu málsgreinar 4. gr. í lögum 28. nóv. 1919 orðist svo:

Stjórnarráðið skipar bókara, aðalfjehirði og fjehirði bankans og vikur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Um verkaskifting milli aðalfjehirðis og fjehirðis fer eftir ákvörðun stjórnarráðsins, að fengnum tillögum bankastjórnar.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Bankastjórar hafa að árslaunum 15000 krónur hver og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni. Þó mega laun og dýrtíðaruppbót samtals aldrei nema meira en 24000 kr. handa hverjum þeirra.

Dýrtíðaruppbótin reiknast eftir ákvæðum laga nr. 71, 28. nóv. 1919, 33. gr. 1. málsgrein.

Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi, reka sjálfir aðra atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnu- eða verslunarfyrirtækja.

Bókari og fjehirðir hafa að byrjunarlaunum 5000 krónur hvor, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 300 krónur upp í 6500 kr. Aðstoðarfjehirðir hefir að byrjunarlaunum 4500 krónur, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 300 kr. upp í 6000 krónur. Auk þess hafa hinir síðarnefndu 5000 krónur í mistalningarfje á ári, og ákveður bankastjórnin, hvernig mistalningarfjeð skiftist milli aðalfjehirðis og aðstoðarfjehirðis. Fjehirðarnir skulu setja hæfilegt veð, er ráðuneytið tiltekur.

Dýrtíðaruppbót þessara starfsmanna ákveður ráðuneytið, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda frá 1. jan. 1923.

(A. XXIX, 9).

Nd. **455. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1923, eru veittar 277725 kr. til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) eru veittar 36900 kr.

1.	Styrkur til læknisvitjana handa Reykhólahjeraði:			
	a. fyrir árið 1922	kr. 250,00		
	b. fyrir árið 1923	— 250,00	kr.	500,00
2.	Til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Blönduósi, þriðjungur kostnaðar, alt að		—	17000,00
3.	Til geislalækningastofu ríkisins, til nýrra tækja..		—	4800,00
4.	Til geitnalækninga, $^3/_5$ kostnaðar...		—	3000,00
5.	Til breytingar á Röntgentækjunum á Akureyri, helmingur kostnaðar, alt að		—	5000,00
6.	Til Sigvalda læknis Stefánssonar Kaldalóns, sjúkrastyrkur ...		—	1500,00
7.	Til Benedikts Björnssonar, til að leita sjer lækninga við sjóndepru		—	2500,00
8.	Til Páls Vigfússonar, til að leita sjer lækninga við berklaveiki		—	1600,00
9.	Til Elínar Sigurðardóttur, í sama skyni		—	1000,00
		Samtals	kr.	36900,00

3. gr.

Til viðbótar við 13. gr. fjárlaganna (samgöngumál) eru veittar 115200 kr.

1.	Styrkur til bifreiðaferða frá Reykjavik austur um sveitir ... Bifreiðafjelag, er vill njóta styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir, með endastöðvum í Garðsauka og á Húsatóftum.		kr.	2000,00
2.	Aukastyrkur til Breiðafjarðarbátsins Svans		—	10000,00
3.	Viðbótarlína frá Reykjarfjarðarsíma að Kaldrananesi		—	6500,00
		Flyt	kr.	18500,00

	Flutt	kr.	18500,00
4.	Til uppbótar á launum starfsmanna landssímans og talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, samkvæmt tillögum landssímastjóra	—	17700,00
5.	Til vitabygginga 1921 og 1922 (gengismunur)	—	75000,00
6.	Styrkur til byggingar innsiglingarvitanna við Berufjörð	—	4000,00
	Samtals	kr.	115200,00

4. gr.

Til viðbótar við 15. gr. fjárlaganna (vísindi og listir) eru veittar 25350 kr

1.	Til að gera eirsteypu af minnismerki Einars Jónssonar um Hallgrím Pjetursson	kr.	4000,00
2.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna, föst laun fyrir þrjá síðustu mánuði ársins, auk dýrtíðaruppbótar	—	1250,00
3.	Til orðabókar Sigfúsar Blöndals (lokaveiting)	—	15000,00
4.	Til dr. Helga Pjeturss	—	1600,00
5.	Til Hljóðfæraskólans í Reykjavík	—	1000,00
6.	Fyrsta afborgun af andvirði fyrir handrit dr. Jóns J. Aðils um sögu Íslands	—	2500,00
	Samtals	kr.	25350,00

5. gr.

Til viðbótar við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) eru veittar 96600 kr.

1.	Til framhalds hafnargarði á Sandi alt að	kr.	10000,00
2.	Til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungarvík	—	20000,00
3.	Til sjóvarnargarðs á Siglufirði, gegn jafnmiklu frá kaupstaðnum og gegn því að kaupstaðurinn skuldbindi sig til að halda við mannvirkinu	—	30000,00
4.	Til bryggjugerða, þriðjungur kostnaðar:		
	a. Til hafskipabryggju á Reyðarfirði (endurveiting) alt að	kr.	12000,00
	b. Til Blönduósbryggju alt að	—	3000,00
	c. Til Skagastrandarbryggju alt að	—	3000,00
	d. Til Stokkseyrarbryggju alt að	—	3000,00
	e. Til Ólafsfjarðarbryggju alt að	—	3000,00
		—	24000,00
5.	Til rannsóknar Andakilsfossanna, helmingur kostnaðar, alt að	—	3000,00
6.	Til að dýpka siglingaleið að Stokkseyri, þriðjungur kostnaðar (endurveiting), alt að	—	8000,00
7.	Til Jóns Magnússonar yfirfiskimatsmanns í Reykjavík, launauppbót	—	1000,00
8.	Til Árna Gíslasonar yfirfiskimatsmanns á Ísafirði, launauppbót	—	600,00
	Samtals	kr.	96600,00

6. gr.

Til viðbótar við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) eru veittar 675 kr.

1.	Til Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum...	kr.	300,00
2.	Til Sigríðar Fjeldsted læknisekkju	—	375,00
		Samtals kr.	675,00

7. gr.

Til viðbótar við 19. gr. fjáriaganna (óviss gjöld) eru veittar 3000 kr.

Til Gísla sýslumanns Sveinssonar, sjúkrastyrkur 1921 ... ... kr. 3000,00

8. gr.

Til viðbótar við 21. gr. fjárlaganna er stjórninni heimilt að veita eftirfarandi lán úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi:

Alt að 16000 kr. til Skeiðaáveitufjelagsins til 20 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið er vaxtalaust fyrstu tvö árin.

(A. XXVIII, 3).

Ed. **456. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 372, um frv. til laga um tilbúning og verslun með ópíum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. málsgr. 1. gr.:
   Orðin »á ópíum« falli burt.

2. Við 1. málsgr. 2. gr.:
   Orðin »ópíum« og »það« í 1. línu falli burtu, en á eftir orðinu »út« komi: og.

(A. XI, 10).

Nd. **457. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Á undan 1. gr. frv. komi 2 nýjar gr., svo hljóðandi:

a. Nú hendir mann eða konu, sem fyrir ómegð hefir að sjá, slys eða van-

heilindi, svo styrks þarf af þessum sökum að leita af sveitarfje, og skal sá styrkur, sem heimilið þarf til framfæris, lyfja og læknishjálpar, ekki talinn sveitarstyrkur, ef styrkþurfi sannar með vottorði hlutaðeigandi hjeraðslæknis, að slysið eða vanheilsan, sem styrkþurfi átti ekki sjálfur sök á, hafi gert hann óhæfan til vinnu minst um mánaðar skeið, enda þurfi heimilið ekki uppheldisstyrk lengri tíma en sem svarar þeim, er styrkþurfi var frá vinnu vegna vanheilsunnar.

b. Styrkur, sem veittur er af sveitarfje manni eða konu, sem er fullra 60 ára að aldri, skal ekki talinn sveitarstyrkur.

(A. I. 20).

Ed.

458. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1924 (þskj. 394).

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 10. gr. B. 6. (Aðst. og skrifst.kostn. hagstofunnar):
   Fyrir »13000« kemur 10700
2. — 11. — A. 5. c. (Húsaleiga lögreglustj. í Rvík):
   Fyrir »6500« kemur 5000
3. — 11. — B. 2. b. Liðurinn verður þannig:
   Fyrir embættisskeyti. Þar af alt að 5000 kr. til að útvega skeyti um vöruverð og markaðshorfur erlendis ... 50000
4. — 12. — 4. (Aðstoðarlæknir á Ísafirði):
   Liðurinn fellur niður.
5. — 12. — 14. h. Nýr liður:
   Til Skúla V. Guðjónssonar læknis, styrkur til að nema heilbrigðisfræði erlendis 2000
6. — 12. — 14. n. Nýr liður:
   Til Guðrúnar Gísladóttur Björns, til hjúkrunarnáms 1200
7. — 12. — 14. r. (Kristján Jónasson):
   Liðurinn fellur niður.
8. — 13. — D. III. 2. (Sími Sauðárkr.—Víðimýri):
   Liðurinn fellur niður.
9. — 13. — D. III. 3. (Sími Blönduós—Bólstaðarhlíð):
   Liðurinn fellur niður.
10. — 13. — D. III. 4. (Sími Hraungerði—Húsatóftir):
    Liðurinn fellur niður.
11. — 13. — D. 5. (Sími Þorlákshöfn—Nes):
    Liðurinn fellur niður.

12. Við 13. gr. D. 6. (Sími Stykkish.—Grundarfjörður):
Liðurinn fellur niður.

13. — 13. — D. III. 7. (Loftskeytastöð í Grímsey og Flatey):
Liðurinn fellur niður.

14. — 13. — D. III. 8. (Loftskeytastöð í Öræfum):
Liðurinn fellur niður.

15. — 13. — D. III. Athugasemdin fellur niður og orðin »og loftskeytastöðva« í fyrirsögn liðsins.

16. — 13. — D. IV. 20. Liðurinn verður þannig:
Til uppbótar á launum talsímakvenna í Reykjavík, þannig að engin þeirra hafi minni laun með dýrtíðaruppbót en 1800 kr., og 600 kr. persónuleg launabót handa Gróu Dalhoff talsímavarðstjóra 5600

17. — 13. — D. X. Liðurinn orðast þannig:
Fullnaðaruppbót til A. L. Petersens, fyrrum stöðvarstjóra í Vestmannaeyjum 5000

18. — 13. — E. I. 3. (Skrifstofa vitamálastjóra):
Fyrir »3500« kemur 3000

19. — 14. — A. a. 2 (Skrifstofukostnaður biskups).
Fyrir »1000« kemur 2000

20. — 14. — B. 1. d. (Styrktarfje háskólans).
Orðin í athugasemdinni:
»175 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk« falla niður.

21. — 14. — B. II. (Námsstyrkur stúdenta erlendis).
Fyrir »skólum« kemur: háskólum.

22. — 14. — B. III. b. 10. (Kenslubókastyrkur mentaskólans).
Fyrir »800« kemur... 2400

23. — 14. — B. V. b. 6. Nýr liður:
Til girðingar um lóð skólans 5500

24. — 14. — B. VI. a. (Laun stýrimannaskólans).
Fyrir »14080« kemur 15260

25. — 14. — B. VII. Athugasemdin aftan við liðinn verður þannig:
Við skólana undir liðunum III.—VII., að undanskilinni lærdómsdeild mentaskólans, skal vera skólagjald, að minsta kosti 100 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda, sem hefir verið aðeins eitt ár í skólanum eða kemur nýr. Stjórnarráðið má þó o. s. frv.

26. — 14. — B. VIII. 1. d. (Rafmagnsveita á Hólum).
Liðurinn fellur niður.

27. — 14. — B. XI. 1. (Forstöðulaun yfirsetukvennaskólans).
Fyrir »1200« kemur 1500

28. — 14. — B. XI. 3. Liðurinn verður þannig:
Styrkur til alt að 12 námskvenna, 500 kr. til hverrar ... 6000

29. Við 14. gr. B. XI. 4. (Húsaleiga yfirsetukvennaskól.).
Fyrir »600« kemur: 1200
30. — 14. — B. XII. 1. c. (Námsstyrkur kvennask. í Rvík):
Fyrir »800« kemur: 1000
31. — 14. — B. XIII. 5. b. (Skrifstofukostn. fræðslumálastj.):
Fyrir »900« kemur: 1200
32. — 14. — B. XIII. 5. b. Nýir liðir:
a. Utanfararstyrkur kennara 2000
b. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, þriðjungur kostnaðar, enda samþykkir landsstjórnin uppdrætti af húsunum, alt að 15000
33. — 14. B. XIII. Liðunum skai raða svo:
5. liður verður 1.
1. — — 2.
2. — — 3.
4. — — 4.
3. — — 5.
34. — 14. B. XIV. 2. (Flensborgarskólinn):
Við liðinn kemur svo hljóðandi athugasemd:
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII.
35. — 14. — B. XX. (Stefán Eiríksson):
Fyrir »1500« kemur 2400
36. — 15. — 1. c. (Handritaskrá Landsbókasafnsins):
Fyrir »2500« kemur 3000
37. — 15. — 3. b. (Aðstoðarkonur Þjóðmenjasafnsins):
Fyrir »1800« kemur 2400
38. — 15. — 6. (Kaupstaðabókasöfn):
Fyrir »3000« kemur 4000
39. — 15. — 9. b. Nýr liður:
Til útgáfu á Ísl. fornbrjefasafni 1000
Við hvert bindi af safninu skal gefa út jafnótt samskonar registur og fylgdi fyrsta bindi.
40. — 15. — 16. (Lög Íslands):
Liðurinn fellur niður.
41. — 15. — 17. (Dansk-isl. Samfund):
Fyrir »300« kemur 1000
42. — 15. — 23. a. (Skáld og listamenn):
Fyrir »15000« kemur 12000
43. — 15. — 26. b. (Ferðastyrkur Bjarna Sæm.):
Fyrir »1200« kemur 1500
44. — 15. — 28. (Guðm. Bárðarson):
Fyrir »1500« kemur 2000

45. Við 15. gr. 40. Nýr liður:
Til Jóns Þorsteinssonar frá Hofstöðum, til fullnaðarnáms í íþróttum erlendis 1500
46. — 15. — 44. Nýr liður:
Til Markúsar Kristjánssonar pianóleikara, til framhaldsnáms erlendis 1500
47. — 15. — 46. Liðurinn verður þannig:
Til að kaupa grasasafn Stefáns Stefánssonar skólameistara, fyrri helmingur kaupverðs 4000
48. — 16. — 14. Liðurinn verður þannig:
Til að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis 20000
49. — 16. — 16. (Samband ísl. heimilisiðnaðarfjelaga):
Athugasemdin við liðinn fellur niður.
50. — 16. — 16. Nýr liður:
Til Halldóru Bjarnadóttur, til að útbreiða þekkingu á heimilisiðnaði 1000
51. — 16. — 21. (Ábúandinn í Fornahvammi):
Fyrir »700« kemur... 1000
52. — 16. — 24. (Ábúandinn í Grísartungu):
Liðurinn fellur niður.
53. — 16. — 31. (Húsagerðarmeistari):
Athugasemdin fellur niður.
54. — 16. — 33. (Eyrarfoss):
Liðurinn fellur niður.
55. — 16. — 36. (Sútunarhús Sláturfjelagsins):
Liðurinn fellur niður.
56. — 16. — 40. (Sæm. Tr. Sæmundsson):
Fyrir »500« kemur... 1000
57. — 16. — 41. (Siglufjarðarbryggja):
Liðurinn fellur niður.
58. — 16. — 42. (Lendingarbót í »Bás«):
Fyrir »helmingur kostnaðar« kemur: þriðjungur kostnaðar.
59. — 18. gr. II. a. 3. Nýr liður:
Til Sigurðar Magnússonar læknis frá Patreksfirði ... 500
60. — 18. — II. g. 4. Liðurinn verður þannig:
Til Einars H. Kvaran 3000
61. — 18. — II. h. 3. Liðurinn verður þannig:
Til Guðrúnar Jónsdóttur 300 kr. og til Erlings sonar hennar 300 kr.... 600
62. — 21. — 5. (Áveitufjelag Þingbúa):
Liðurinn fellur niður.
63. — 21. — 6. (Mjólkurfjel. Mjöll):
Liðurinn fellur niður.

64. Við 21. gr. 11. (Jón G. Ólafsson):
Liðurinn fellur niður.
65. — 21. — 13. (Reinh. Andersson):
Liðurinn fellur niður.
66. — 21. — 15. (Sigurður Lýðsson):
Liðurinn fellur niður.
67. — 21. — 16. (Kembivjelar á Húsavík):
Liðurinn fellur niður.
68. — 22. — I. 3. (Tunnusmiðja bræðr. Esphólín):
Liðurinn fellur niður.
69. — 22. — I. 4. (Sútunarhús Sláturfjelagsins):
Liðurinn fellur niður.
70. — 22. — IV. (Kjötsölutilraunir S. Í. S.):
Aftan við liðinn kemur:
Tilraunirnar skulu gerðar með eftirliti landsstjórnarinnar.

(B. XXXVIII, 4).

Ed

459. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir ekkert við frv. þetta að athuga, og leggur því til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 27. apríl 1923.

Jón Magnússon, form.	S. H. Kvaran.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskr. og frsm.

(B. LXV, 2).

Nd. **460. Nefndarálit**

um frv. til laga um sandgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutun forseta Búnaðarfjelags Íslands. Það hefir verið til athugunar í búnaðarþinginu nú fyrir skemstu og fengið eindregin meðmæli þess.

Frumvarpið er búið að vera nokkuð lengi til athugunar hjá nefndinni, og þótt það sje að miklu leyti samhljóða gildandi lögum um sandgræðslu, þá felast í því tvær breytingar, er snerta aðallega fjárframlög úr ríkissjóði, og þótti nefndinni nægar ástæður til að athuga þær nákvæmlega og afla sjer viðtækra upplýsinga um málið í heild sinni áður en hún tæki endanlega ákvörðun um frv., og það því að heldur, sem vanda- og nauðsynjamálin eru æðimörg, en fjárhagur ríkissjóðs og þjóðarinnar óneitanlega takmarkaður nú og í nánustu framtíð.

Önnur helsta breytingin á lögunum er sú, að ríkissjóður greiði helming alls kostnaðar við sandgræðsluna, í stað $^3/_4$ hluta af þeim kostnaði, sem er umfram það, sem einstakir menn leggja fram. Þetta verður þó í framkvæmdinni engin breyting, vegna þess, að í raun og veru hefir þeirri reglu, sem nú er upp tekin í frv., ætíð verið fylgt við skiftingu kostnaðargreiðslunnar að undanförnu. Ákvæði frv. um þetta eru því heldur til bóta.

Hin aðalbreytingin er sú, að landsstjórninni er heimilað að taka eignarnámi land, sem uppblástur eða sandfok er á eða hætta stafar af, þegar aðrir, sem hlut eiga að máli, vilja ekki leggja í kostnað við sandgræðsluna, og þegar slíkt kæmi til framkvæmda, er ætlast til, að jafnskjótt sje byrjað á sandgræðslu á landinu.

Nefndin viðurkennir, að nauðsynlegt geti verið að taka til slíkra ráða, þegar einstakir menn, sem eignarráð hafa á landi, geta þess vegna alveg hindrað óhjákvæmilegar framkvæmdir við sandgræðsluna, annaðhvort fyrir skort á vilja eða getu til þess að eiga sinn þátt í henni. Og þótt litlar líkur sjeu til að ráðist verði í meiriháttar framkvæmdir í nánustu framtíð eftir þessari heimild og eingöngu á kostnað ríkisins, þá virðist ekkert verulegt mæla á móti því, að hún sje nú þegar tekin upp í lögin.

Nefndin leggur til, að gerðar verði eftirfarandi breytingar á orðaskipun frumvarpsins, og að þeim samþyktum leggur hún til, að frumvarpið nái fram að ganga.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. 4. gr. orðist svo:
   Kostnaður við girðingu, græðslu og viðhald foksvæðis eða sandgræðslusvæðis skal greiddur að 1/2 úr ríkissjóði, en að 1/2 af landeiganda. Ábyrgð hlutaðeigandi hrepps eða sýslu skal fengin fyrir því, að landeigandi greiði sinn hluta af kostnaðinum jafnótt og þörf krefur, og veitist aldrei lán úr ríkissjóði til þess hluta kostnaðarins. Allur arður af girtu sandgræðslusvæði skal ganga óskiftur til viðhalds og græðslu þess, þar til fram er farin afhending sú, er getur um í 10. grein.
2. Við 6. gr.
   Niðurlag greinarinnar: »Afsali hann sjer« o. s. frv. orðist svo:
   Afsali hann sjer forkaupsrjetti, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 4, 28. nóv. 1919, um forkaupsrjett á jörðum.
3. Við 11. gr.
   Fyrir »er landeigandi greiðir« komi: er landeiganda bar að greiða.
5. Við 12. gr.
   Fyrir »9« komi: 10.
5. Við 13. gr.
   Niðurlag greinarinnar: »Skylt er« o. s. frv. orðist svo:
   Skylt er Búnaðarfjelaginu að gefa landsstjórninni árlega skýrslu um allar framkvæmdir við sandgræðsluna, viðhald hennar og árangur, svo og reikning yfir tekjur og gjöld við starfræksluna.

Alþingi, 27. apríl 1923.

Stefán Stefánsson, form.	Pjetur Ottesen, skrifari.	Pjetur Þórðarson, frsm.

Björn Hallsson. Þórarinn Jónsson.

(B. LIII, 3).

Nd. **461. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið háttvirtum meðnefndarmönnum mínum samferða í þessu máli, og verð því með fám orðum að láta uppi álit mitt.

Aðalástæða nefndarinnar (meiri hlutans) virðist vera sú, að með stofnun slíks banka verði bætt úr tilfinnanlegri vöntun á útlendum gjaldeyri, er hún telur að átt hafi sjer stað. Þessar vonir eru á mjög veikum grundvelli bygðar, vegna þess að fyrirsjáanlegt er, að þetta fyrirhugaða útlenda hlutafje mun lenda hjá útlendingum þeim, sem atvinnu reka hjer á landi, og verður þannig fremur til ógagns en hitt, eins og síðar mun sýnt verða.

Nefndin telur sjálfsagt, að bankinn hafi heimild til að taka við innlánsfje, sem er í rauninni sama sem að veita honum sparisjóðsrjettindi. Hinsvegar gerir hún ráð fyrir, að innlánsfje muni bankinn tæplega fá, sem nokkru nemi, fyr en hann sje búinn að starfa nokkur ár og ávinna sjer traust almennings. Þessi ummæli nefndarinnar munu vera fram komin til þess að draga úr þeim óhug, sem að sjálfsögðu vaknar hjá mörgum við þá tilhugsun, að útlendum banka verði falið eða leyft að fara með þá fjármálastarfsemi, sem þjóðbankinn einn, ásamt sparisjóðunum, ætti að hafa með höndum.

Þá lætur nefndin ótvírætt í ljós þá skoðun sína, að aðrir bankar í landinu geti ekki beðið nokkurn halla við það, þótt þessum fyrirhugaða banka verði veitt umbeðin rjettindi. Þessari skoðun er jeg algerlega ósamþykkur, vegna þess að jeg álít, að það sjeu takmörk fyrir því, hve margar slíkar stofnanir geti þrifist hjer í þessu fámenna landi. Þess má geta í þessu sambandi, að stofnun Ríkisveðbankans getur ekki og má ekki dragast úr þessu. Ennfremur er mjer kunnugt um, að nokkur undirbúningur er í aðsigi um stofnun samvinnubanka, sem þá gæti tekið að sjer nokkurn hluta af bankastarfseminni. Að þessu athuguðu verður það ljóst, að hjer er að verða fulláskipað hvað snertir bankastofnanir, og virðist stefna í sama horf eins og um verslanafjöldann, sem öllum mun koma saman um, að sjeu orðnar óhæfilega margar og farnar að haga sjer svipað eins og kýrnar forðum á Egiftalandi.

Að mínu áliti getur það varla skoðast öðruvísi en sem nokkurskonar fásinna að álíta, að margir stórbankar geti þrifist hjer á landi, með útbúum víðsvegar um landið, auk hinna mörgu sparisjóða, sem þegar eru stofnaðir, og sem líklegt er, að sitji fyrir sparisjóðsfje manna heima fyrir, þar sem þeir eru reknir.

Afleiðingin af þessum bankafjölda mundi verða hin sama sem af verslanafjöldanum, að enginn þeirra gæti verulega þrifist, og þeir kæmu sjer þá saman um, til þess að halda sjer sem lengst á floti, þau viðskiftakjör, sem almenningur fengi varla undir risið.

Nefndin vill veita bankanum skattfrelsi meðan lög nr. 11, 17. júní 1902, eru í gildi, en að bankinn greiði ákveðinn hluta af arðinum í ríkissjóð. Þessi stefna er, að mínu áliti, athugaverð, þar sem ekki er auðvelt að gera sjer grein fyrir, hvar lendir, ef lengra er inn á þá braut gengið en þegar er orðið með Íslandsbanka, sem þó var ætlað að standa undir nákvæmu eftirliti þings og stjórnar.

Samkvæmt frumvarpinu ætti bankinn að vera undanþeginn fasteignasköttum bæði til ríkis og sveitar, sem enginn annar getur undan komist; enn fremur útsvörum, þar sem starfræksla fer fram, er numið gæti tugum þúsunda króna árlega, auk tekjuskattsins til ríkissjóðs.

Gjald það, sem bankanum, í stað tekjuskatts, er ætlað að greiða, er hætt við að yrði nokkuð óvissar tekjur, þegar sá frádráttur hefir átt sjer stað, sem ráðgerður er í frumvarpinu og tillögum nefndarinnar.

Nefndin beinir því til ríkisstjórnarinnar, að nota ekki heimildina, þótt samþykt yrði, nema vissa sje fengin fyrir þátttöku þektra erlendra banka eða fjármálamanna til stofnunar bankans og til viðskifta við hann. Þessi öryggisráðstöfun virðist mjer ekki mikils virði, þar sem mjög getur orkað tvímælis hvernig slíkt beri að meta, svo að fulltrygt megi teljast.

Verði frumvarp þetta samþykt, verður að leggja áherslu á það, að ríkisstjórninni sje ekki heimilt að veita leyfi til stofnunar bankans fyr en hlutafjeð er að fullu greitt. Ennfremur að gæta þess, að erlendum bönkum eða fjármálamönnum verði engin sjerrjettindi veitt, sem gæti orðið til óhagræðis fyrir bankann eða ríkissjóð.

Vikið var að því hjer að framan, að þetta fyrirhugaða útlenda hlutafje, sem sumir vilja leggja svo mikið upp úr, gæti jafnvel orðið til tjóns fyrir bankana, sem fyrir eru, og viðskifti landsmanna yfirleitt. Ástæðan til þess er sú, að þessi banki mundi að miklu leyti taka undir sig viðskifti útlendinga, sjerstaklega Norðmanna. Þessi viðskifti hafa reynst mjög hagkvæm bönkunum hjer, þar sem þeir hafa látið innlendan gjaldeyri fyrir erlendan, og þannig orðið færari um að verða við óskum manna um gjaldeyris-skifti og flutning peninga til útlanda. Það gæti því orðið mörgum bagalegt, ef starfsfje þessa nýja banka lenti hjá örfáum mönnum, sem honum væru nákomnastir.

Reynsla sú, sem fengin er af starfsemi Íslandsbanka, getur ekki talist uppörvandi til stofnunar banka með útlendu hlutafje. Í upphafi, meðan nægilegt fje væri fyrir hendi, gæti alt gengið sæmilega, en ef svo fjárkreppu eða aðra örðugleika bæri að höndum og bankinn kæmist í fjárþröng, verður eigi nema um tvent að gera, annaðhvort algerða kyrstöðu og eignahrun, eða þá að ríkið verði að taka á sig fjárhagslega áhættu, og má gera ráð fyrir, að hún verði því meiri sem bankarnir eru fleiri, sem stofnaðir eru hjer á landi á þennan hátt.

Ef eigi hefði verið um slíkar hlunnindaveitingar að ræða, sem frumvarpið og tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir, mundi jeg ekki hafa fundið ástæðu til að reyna að leggja stein í götu þessa fyrirtækis, því þá hefði mátt líta svo á, að forgöngumennirnir teldu sig færa um að standa straum af því án aðstoðar hins opinbera.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, er jeg því mótfallinn, að mál þetta nái fram að ganga, og leyfi mjer því að ráða háttvirtri deild til að samþykkja það ekki að þessu sinni.

Alþingi, 27. apríl 1923.

M. J. Kristjánsson.

(A. XXIII, 4).

Nd. **462. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1920 og 1921, veitast kr. 4340298,38 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.--9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 10. gr. veitast kr. 101649,27.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
A. Ráðuneytið o. fl.			
Við 2. Utanferðir ráðherra	6109,59		
— 5. Ríkisfjehirðisstörf	6497,88	8366,23	
— 6. Umbætur og viðhald húsa	10159,54	14077,21	
	22767,01	22443,44	45210,45
B. Hagstofa Íslands.			
Við 3. Pappír, prentun o. fl.	2741,14	3184,32	
— 4. Prentun eyðublaða...	4025,03	3133,92	
— 5. Húsaleiga m. m.	3749,51	3180,41	
— 6. Aðstoð og skrifstofukostnaður	4794,64	8914,76	
	15310,32	18413,41	33723,73
C. Gjöld í Kaupmannahöfn.			
Við 1. d. Skrifstofuhald sendiherra..	5846,00	16869,09	22715,09
		Samtals	101649,27

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. veitast kr. 259778,40.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
A. Dómgæsla og lögreglustjórn.			
Við 2. Skrifstofa bæjarfógeta í Reykjavik:			
— — a. Laun	3960,00	6408,00	
— — b. Húsaleiga		1800,00	
— — c. Hiti, ljós og ræsting...	660,00	1700,00	
— — d. Ýms útgjöld	680,00	1432,00	
Flyt	5300,00	11340,00	

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
Flutt	5300,00	11340,00	
Við 3. Skrifstofa lögreglustjóra í Reykjavík:			
— — a. Laun fulltrúa o. fl.	5664,34	9420,66	
— — b. Laun tollvarða	3063,35	8321,99	
— — c. Húsaleiga	2262,50	4100,00	
— — d. Hiti og ljós	1394,14	1631,87	
— — e. Ýms útgjöld	16150,16	16327,68	
— 4. Hegningarhús og viðhald fangelsa ...	14221,97	18225,54	
— 5. Sakamálakostnaður m. m.	7601,00	7095,44	
— 6. Borgun til sjódómsmanna	478,00	558,00	
— 7. Borgun til setudómara	2685,40	278,78	
	58820,86	77299,96	136120,82

B. Ýmisleg útgjöld.

Við 1. b. Pappír og prentun	10858,70	32785,20	
— 2. a. Endurgjald burðareyris	8670,78	11983,98	
— — b. Embættisskeyti	8362,33	25578,69	
— 3. Brunaábyrgðargjald o. fl.	3114,96	9350,27	
— 4. Embættiseftirlitsferðir	5418,22	3439,80	
— 7. Yfirskattanefndir m. m.	1848,00	891,00	
— 8. Útgáfa fasteignabókar		1355,65	
	38272,99	85384,59	123657,58
		Samtals	259778,40

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. veitast kr. 690794,54.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
Við 2. Skrifstofukostnaður landlæknis ...	2900,00	2525,00	
— 20. Starfræksla Röntgenáhalda	6274,66	10822,25	
— 23. Holdsveikraspítalinn	118813,44	46594,17	
— 24. Geðveikrahælið á Kleppi	106066,14	74187,48	
— 25. Heilsuhælið á Vífilsstöðum...	221345,90	98170,00	
— 29. f. Heilbrigðiseftirlit með skólum ...	1152,90	1942,60	
	456553,04	234241,50	
		Samtals	690794,54

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast kr. 1885290,57.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
A. Póstmál.			
Við 1. c. Laun brjefhirðingamanna	489,00	1290,67	
— 2. Póstflutningur	50079,64	62148,00	
— 3. a. b. Skrifstofukostnaður póstmeistara		434,61	
— — c. Skrifstofukostnaður utan Rvíkur....	1519,56	4466,57	
— — d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum	456,67	1090,00	
— — e. Önnur útgjöld	83621,44	33426,00	
	136166,31	102855,85	239022,16
B. Vegabætur.			
Við I. 1. b. Ferðakostnaður og fæðispeningar	1801,15	1502,60	
— — 2. Aðstoð og mælingar	6890,97		
— — 3. Skrifstofukostnaður	3633,46	5342,68	
— II. 1. Húnvetningabraut	13082,07		
— — 3. Grímsnesbraut	12713,68		
— — 5. Viðhald flutningabrauta	122880,88	57111,67	
— III. 2. Norðurárdalsvegur...	20346,46		
— — 7. Dalasýslu-þjóðvegur.		4082,15	
— — 10. Suðursveitarvegur	339,10		
— — 11. Aðrar vegabætur og viðhald. ...	33229,96	21088,43	
— V. 1. Til áhalda	93494,71	9877,39	
— — 2. Áhöld við Flóabraut	4652,71		
— VI. Akfærir sýsluvegir	14945,58		
	328010,73	99004,92	427015,65
D. Hraðskeyta- og talsímasamband.			
Við II. Viðauki símakerfa o. fl.... ...	18861,54	4387,20	
— III. a.—e. Lagning nýrra lina. ...	80138,46	40612,80	
— IV. 3. Aðstoð og annar kostnaður ...	18238,94	25720,08	
— — 5. Þráðlaus stöð í Reykjavik ...	14466,29	18725,67	
— — 6. Áhalda- og efnisvörður	1231,62	2356,50	
— — 7. Ritsímastöð á Akureyri	27195,57	30396,80	
— — 8. Ritsímastöð á Seyðisfirði	26510,11	28345,82	
— — 9. Ritsímastöð á Ísafirði	18273,48	22588,16	
— — 10. Símastöð á Borðeyri	14879,64	16638,04	
— — 11. Símastöð í Hafnarfirði	8401,72	8461,78	
Flyt	228197,37	198232,85	666037,81

		1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
	Flutt	228197,37	198232,85	666037,81
Við IV.	12. Símastöð í Vestmannaeyjum ...	24605,53	17928,78	
— —	13. Símastöð í Flatey	2589,58	2643,83	
— —	14. Símastöð á Siglufirði.	462,67	16143,38	
— —	17. Eftirlitsstöð o. fl.	39846,61	54388,59	
— V.	Eyðublöð m. m..	37828,34	21014,18	
— VI.	Viðbót og viðhald stöðva. ...	16446,02	18535,39	
— VIII.	Viðhald landssímanna	99842,17	69693,79	
— IX.	Alþjóðaskrifstofan í Bern.. ...	460,70	1185,24	
	Símritunarskóli í Reykjavík ...	1909,81		
	Bæjarsími Reykjavíkur		46135,94	
		452188,80	445901,97	898090,77

E. Vitamál.

Við I.	3. Skrifstofuhald	2223,55	2320,06	
— —	4. Ferðakostnaður og fæðispeningar	2613,50	94,95	
— III.	Rekstrarkostnaður...	42162,93	46405,47	
— IV.	1. Svalvogaviti	8523,58		
— —	2. Galtarviti...	32854,53		
— —	3. Gjögurviti		57595,21	
— —	4. Hríseyjarviti	10296,36		
— V.	5. Sjómerki...	858,28	847.83	
— VI.	Ýmislegt	39305,42	5060,32	
	Til útgjalda ennfremur..	70000,00		
		208838,15	112323,84	321161,99
			Samtals	1885290,57

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin i 14. gr. veitast kr. 230211,01

		1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
	A. Andlega stjettin.			
Við a.	2. Skrifstofukostnaður biskups	2839,00	3200,00	6039,00
	B. Kenslumál.			
	I. Háskólinn.			
Við h.	Hiti, ljós o. fl.	11619,86	7926,50	
— e.	4. Ýms gjöld...	7138,71	7114,55	
		18758,57	15041,05	33799,62
			Flyt	39838,62

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
		Flutt	39838,62
III. Mentaskólinn.			
Við c. 3. Eldiviður, ljós o. fl.	6539,42	1320,20	
— — 4. Skólahúsið utan og innan	3148,59	7512,12	
— — 9. Vísindaleg áhöld	2620,34	63,05	
— — 10. Ýmisleg útgjöld	458,26	863.63	
— — 12. Áhöld við fimleika...	57,95		
— — 13. Verðlaunabækur	33,80		
	12858,36	9759,00	22617,36
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.			
Við b. 2. Tímakensla	1801,00	2436,00	
— — 3. Bækur og kensluáhöld	1138,75	1207,95	
— — 4. Eldiviður og ljós	10628,95		
— — 5. Námsstyrkur		400,00	
— — 8. Ýmisleg útgjöld...	3049,71	5508,38	
	16618,41	9552,33	26170,74
V. Kennaraskólinn.			
Við b. 1. Tímakensla	19,49	4638,00	
— — 2. Eldiviður og ljós	2219,25	1356,44	
— — 3. Bókakaup og áhöld...	290,51	6,45	
— — 5. Til viðhalds	1438,95	169,50	
— — 6. Ýmisleg útgjöld...	807,59	1398,73	
	4775,79	7569,12	12344,91
VI. Stýrimannaskólinn.			
Við b. 3. Eldiviður og ljós	2063,49		
— — 4. Ýmisleg útgjöld	746,02	1279,06	
	2809,51	1279,06	4088,57
VII. Vjelstjóraskólinn.			
Við b. 2. Húsnæði m. m.	635,00	600,00	
— — 3. Ljós og hiti	1361,00	825,00	
— — 4. Ýmislegur kostnaður		282,36	
	1996,00	1707,36	3703,36
VIII. 1. Bændaskólinn á Hólum.			
Við c. Smíða- og dráttlistarkensla	800,00	1000,00	
— d. 3. Eldiviður og ljós	9921,02	5955.17	
— — 4. Ýmisleg útgjöld	4019,60		
	14740,62	6955,17	21695,79
		Flyt	130459,35

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
		Flutt	130459,35
VIII. 2. Bændaskólinn á Hvanneyri.			
Við c. Smíða- og leikfimiskensla		800,00	
— d. 2. Kenslnáhöld	480,80	114,09	
— — 3. Eldiviður og ljós		6692,23	
— — 4. Ýmisleg útgjöld...	188,20	2140,40	
	669,00	9746,72	10415,72
VIII. 3. Skólinn á Eiðum.			
Við c. 2. Kensluáhöld o. fl.	1168,75		
— — 5. Ýmisleg útgjöld...	1831,25		
— — Önnur gjöld		8792,00	
	3000,00	8792,00	11792,00
XI. Yfirsetukvennaskólinn.			
Við 2. b. Annar kostnaður	718,55	3618,81	
— 3. Styrkur til námskvenna	10270,00	8835,00	
— 4. Húsaleiga o. fl.	690,00	660,00	
	11678,55	13113,81	24792,36
XII. Til kvennaskóla.			
Við 1. a. Kvennaskólinn í Reykjavík	11500,00	11500,00	23000,00
XIII. Barnafræðsla.			
Við 5. Prófdómarar	2844,50	3993,75	
	2844,50	3993,75	6838,25
XVI. Kensla heyrnar- og málleysingja.			
Kenslukostnaður	11213,33	11700,00	22913,33
		Samtals	230211,01

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin i 15. gr. veitast kr. 80488,32.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
1. Landsbókasafnið.			
Við f. Bókakaup o. fl.	1500,00		
— j. Ýmisleg útgjöld		4500,00	
	1500,00	4500,00	6000,00
		Flyt	6000,00

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
		Flutt	6000,00
5. Landsbókasafnshúsið.			
Við a. Eldiviður, ljós o. fl.	27412,67	7265,30	
— b. Áhöld og viðhald	5178,46	14536,61	
	32591,13	21801,91	54393,04
16. Útgáfa dómasafns.			
Útgáfukostnaður	5199,34	388,75	5588,09
25. Útgáfa íslensk-enskrar orðabókar.			
Geir T. Zoëga rektor		2500,00	2500,00
42. Veðurathuganir.			
Kostnaður		10807,19	10807,16
55. Efnafræðinám.			
Trausti Ólafsson	1200,00		1200,00
		Samtals	80488,32

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. veitast kr. 21217,22.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
Við 9. Framhald landmælinga...	11030,43		
— 13. d. Efnarannsóknarstofa, ljós o. fl. ...		500,00	
— 13. e. Málmbræðsluofn	1706,54		
— 20. b. Ferðakostnaður fiskimatsmanna...	260.00	2230,60	
— 21. b. Ferðakostnaður sildarmatsmanna.	1048,30	651,15	
— 22. b. Ferðakostnaður ullarmatsmanna ..	1668,05	2122,15	
Samtals	15713,32	5503,90	21217,22

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. og 24. gr. veitast kr. 1070869,05

	1920 kr.	1921 kr.	Alls. kr.
a. Óviss útgjöld	344722,31	290816,34	
b. Væntanleg fjáraukalög...	30496,59	143594,86	
c. Þingsályktanir	233213,83	28025,12	
Samtals	608432,73	462436,32	1070869,05

(B. LVIII, 6).

Ed. **463. Breytingartillaga**

við frv. til laga um vaxtakjör.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Við 1. gr.

a. Á undan »1%« komi: alt að.

b. Við greinina bætist nýr málsliður:
Sömu kjara skulu og sveitar- og bæjarfjelög njóta.

(B. XXIV, 2).

Nd. **464. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 28, 3. nóv. 1915.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við, sem ritum hjer undir, lítum svo á, að frumvarpið feli í sjer þarfa breytingu á kosningalögunum. Það er augljóst, að fólk í sveitum hlýtur að eiga erfitt með, og er það oft og einatt ómögulegt, að fara alt að heiman á einum og sama degi, og er með þessu skertur sá rjettur, sem mönnum er gefinn til þess að velja sjer fulltrúa á Alþing. Á hinn bóginn þykir okkur óþarft að ganga jafnlangt i þessu eins og gert er í frv., því að það er vitanlegt, að ef sjá ætti um að allir gætu komist á kjörfund, hversu óheppilega sem til hagaði, þá yrði annaðhvort kjörfundur að standa miklu lengur eða þá kosning að fara fram á hverju heimili. Við gerum því breytingu á frv. i þá átt, að til sveita sje mönnum gefinn kostur á að kjósa í tvo daga.

Um geymslu atkvæðakassa og annars sýnist vera tryggilega búið eins og við höfum komið því fyrir, en annars stendur það til bóta, ef mönnum sýnist veila í því vera.

Aukakostnaður við þetta verður hverfandi, þegar litið er á það, hversu miklu er kostað af fje og fyrirhöfn upp á það að gefa mönnum kost á að neyta kosningarrjettarins yfirleitt, og ekki horfandi í þessa aukagetu til tryggingar því, að öll þessi fyrirhöfn og alt þetta fje komi að fullum notum.

Fyrir breytingartill. I, a. verða færðar ástæður í framsögu.

Við ráðum því háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. Á undan 1. gr. koma tvær nýjar greinar sem hjer segir:

a. Á eftir 7. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, kemur ný grein, svo hljóðandi:

Yfirkjörstjórn er heimilt, þegar ástæður eru fyrir hendi, svo sem mikill kjósendafjöldi, torfærur á leið til kjörstaðar og þvílíkt, að skifta hreppi niður í kjördeildir. Fyrir þær kjördeildir, er við bætast, skal yfirkjörstjórn skipa 3 menn í undirkjörstjórn og velja til þess kjósendur, sem búsettir eru á kjördeildarsvæðinu, hreppstjóra og hreppsnefndarmenn, ef til eru, annars aðra kjósendur. Ef skifta á hreppi í kjördeildir og um landskjör er að ræða, þá skal yfirkjörstjórn tilkynna það landskjörstjórninni í Reykjavík svo tímanlega, að landskjörstjórnin geti tekið nauðsynlegt tillit til þess.

b. Í fyrri málsgrein 22. gr. laganna orðist síðari málsliður svo:

Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 8 umslög og skal á neðra framhorni vera prentað á 4 þeirra: »ógildir seðlar« og á 4: »afgangsseðlar«.

II. Við 1. gr., sem verður 3. gr.

a. Í stað »laga nr. 28, 3. nóv. 1915« kemur: laganna.

b. Síðasta setningin: »Skulu þær — — — í sveitum« falli burt.

III. 3. gr., sem verður 5. gr., orðist svo:

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram án þess hlje verði á. Þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða ½ klukkustund. Nú gefur kjósandi sig fram áður þeim tíma er lokið, og skal þá enn bíða ½ klukkustund með sama hætti, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyr en 3 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá standa, hafi neytt atkvæðisrjettar.

Í sveitum skal halda kjörfund með sama hætti aftur næsta dag, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá standa, hafi neytt atkvæðisrjettar fyrri daginn.

Nú þarf að hafa kjörfund næsta dag aftur, og skal þá að öllu fylgt fyrirmælum 40., 41. og 42. greinar laga þessara um umbúning atkvæðakassa, kjörseðla og annars, er þar hermir, að því viðbættu, að lykil að atkvæðakassanum skal láta í umslag sjer og kjörstjórn ásamt þingmannaefnum, eða umboðsmönnum þeirra, setja innsigli sín fyrir á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess að innsiglin raskist. Varðveitir oddviti kjörstjórnar alt þetta til næsta dags.

Næsta dag hefst kosningaathöfnin með því, að oddviti kjörstjórnar leggur fram atkvæðakassann og umslögin með seðlunum og lyklinum, og skulu þeir, sem viðstaddir eru, athuga, hvort nokkru hefir verið haggað. Því næst opnar oddviti pokann og umslögin og athugar, hvort tala seðlanna er rjett.

Þá er allir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn þeirra atkvæði, á sama hátt sem aðrir

kjósendur, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin. Geta þeir valið hvorn daginn þeir neyta atkvæðisrjettar síns hver um sig. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í fyrri málsgr. 37. gr., og þeim fengnir nýir seðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlar endast. Í sveitum má þó láta þessa kjósendur greiða fyr atkvæði en hjer var sagt, ef nauðsyn krefur, að þeir geti farið ferða sinna, og aldrei síðar en áður atkvæðagreiðslu er slitið sama dag, er þeir komu til kjörstaðar.

Alþingi, 27. apríl 1923.

Magnús Jónsson, ritari og framsögum. Gunnar Sigurðsson.

(C. X, 7).

Nd. **465. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsál. um landmælingar o. s. frv.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Í stað: »við landmælingadeild herforingjaráðsins danska« í 1. tölulið kemur: við dönsku stjórnina.

2. Orðin: »við herforingjaráðið« í 7. tölulið falla niður.

(A. XXVIII, 4).

Nd. **466. Frumvarp**

til laga um tilbúning og verslun með ópíum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Bannaður er tilbúningur, innflutningur og útflutningur á unnu ópíum og verslun með það.

Undir bann þetta falla og ópíumsleifar allar og hvers kyns afgangur, einnig það, sem eftir verður þegar ópíum er reykt.

2. gr.

Lyfsölum er heimilt að búa til og vinna úr, flytja inn og út og versla með óunnið ópíum og ópíum til lækninga, morfín, kókaín og heróín, svo og hverskonar efnisblöndun, sem í er meira en $^1/_5$% af morfín eða meira en $^1/_{10}$% af heróín og kókaín. Dómsmálaráðuneytið semur nánari reglur um afhendingu lækna á umgetnum lyfjum. Áfengisverslun ríkisins er heimilt að útvega læknum lyf þessi frá útlöndum, svo sem önnur lyf.

Dómsmálaráðuneytið setur nánari ákvæði um tilbúning og úrvinslu, inn- og útflutning, svo og verslun og afhendingu á nefndum efnum, og setur reglur um eftirlit með slíkri iðju og verslun.

3. gr.

Unnið og óunnið ópíum, ópíum til læknislyfja, morfín, kókaín og heróín, ber að skilja í lögum þessum samkvæmt skilgreiningum alþjóða-ópíumfundar 23. janúar 1912.

4. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur úrskurðað, að ákvæði laga þessara gildi um öll ný efni, sem afleidd eru af morfín, kókaín eða söltum þeirra, eða hvert annað ópíumsalkaloid, enda hafi það sannast við vísindalega rannsókn, að misbrúka megi þau á líkan hátt eða að þau hafi lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, er nefnd eru í 2. gr.

5. gr.

Brot á lögum þessum, eða reglum þeim, sem gefnar eru út samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 10000 kr., eða fangelsi. Með málin skal farið sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XLIV, 3).

Ed. **467. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 19. júní 1922, um breyting á lögum um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin vill, eins og nú er ástatt, fallast á að frv. verði samþ. óbreytt, enda þótt sumir nefndarmennirnir sjeu ekki ánægðir með fyrirkomulagið eins og það nú er samkvæmt fræðslulögunum, en telur hins vegar mjög sanngjarnt,

að prestarnir fái ferðakostnað sinn borgaðan, er þeir þurfa að fara frá heimilum sínum til að vera prófdómendur við barnapróf.

En þetta er sú eina breyting, sem gerð er á gildandi fræðslulögum með frv. þessu.

Alþingi, 27. apríl 1923.

Ingibjörg H. Bjarnason, formaður.	Jónas Jónsson, ritari.	Karl Einarsson, frsm.

(C. XXI, 2).

Ed. **468. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um póstflutning í Skaftafellssýslum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir leitað álits aðalpóstmeistara um þetta mál og tekur hann þetta fram: »Jeg tel það mjög æskilegt, ef hægt væri að koma á póstsambandi milli skipa og lands í nefndum sýslum, án mjög mikils kostnaðar, en hvernig það getur orðið, er jeg eigi fær um að dæma að svo stöddu«.

Nefndin er því meðmælt, að tilraun verði gerð með póstflutning þann, er tillagan ræðir um, og mælir því með því, að þingsályktunartillagan verði samþykt.

Alþingi, 27. apríl 1923.

Jón Magnússon, form.	Sigurður H. Kvaran, framsögum.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskr.

(B. XLI, 2).

Nd. **469. Nefndarálit**

um frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir klofnað; viljum vjer, sem erum í meiri hlutanum, að frv. nái fram að ganga.

Frv. er að efni til að mestu leyti samhljóða frv. því, sem stjórnin lagði fyrir Alþingi árið 1921, með þeim breytingum, sem meiri hluti mentamálanefndarinnar það ár vildi á því hafa. En frumvarp stjórnarinnar var því

nær samhljóða frumvarpi þeirra Guðm. Finnbogasonar og S. P. Sivertsens, sem stjórnin hafði falið að athuga skipulag mentaskólans í Reykjavík.

Með frumvarpi þessu er horfið frá því fyrirkomulagi á mentaskólanum, sem nú er; fer það fram á að taka lærða skólann upp aftur, með líku fyrirkomulagi sem var á honum fyrir 1905. Þá var það eingöngu markmið skólans að búa nemendurna undir vísinda- og embættisnám í æðri skólum og vísindastofnunum. Hann var þá óskiftur 6 ára skóli fyrir þá, sem ætluðu að ganga út á embættis- eða vísindabrautina í lífinu. Þessu var breytt með skifting mentaskólans í tvær deildir, gagnfræða- og lærdómsdeild. Reynslan hefir þegar sýnt, að þessi tviskifting í þriggja ára gagnfræðadeild og þriggja ára lærdómsdeild í 6 ára skóla er töluverðum vankvæðum bundin.

Markmið gagnfræðadeildarinnar er að veita nemendunum hæfilegan undirbúning undir lífið, án þess að stunda vísindi eða gerast embættismenn. Námsgreinir og fyrirkomulag kenslunnar hljóta að verða með öðrum hætti í gagnfræðadeildinni en í lærdómsdeildinni. Þetta veldur töluverðri endurtekning á náminu í sumum greinum fyrir þá nemnedur, sem halda áfram til þess að ná stúdentsprófi í lærdómsdeildinni, og verður til töluverðs tíverknaðar og tímatafar, og námið því ekki eins notadrjúgt og verða mætti, ef skólinn væri óskiftur frá upphafi til enda.

Gagnfræðanámið í hinum tvískifta skóla getur hæglega freistað nemendanna til að halda áfram í mentastiganum, og þannig skapað meiri stúdentafjölda en þjóðin hefir þörf fyrir. Þetta hefir reynslan þegar leitt í ljós, og telur meiri hlutinn það engan kost á þessu fyrirkomulagi.

Síðan tvískiftingin komst á hefir aðsóknin að skólanum aukist stórkostlega ár frá ári. Í byrjun skólaársins 1920—21 voru nemendur 162, 1921—22 195 og í byrjun yfirstandandi skólaárs voru þeir 226. Reykjavík veldur mestu um þessa sívaxandi aðsókn. Meira en helmingur nemendanna mun nú vera Reykvíkingar eða til heimilis í Reykjavík.

Skólahúsið er þegar orðið altof lítið; hefir þegar verið útbúin kenslustofa í útbyggingum skólans. Aukist aðsóknin, sem varla er efamál, verður að stækka skólahúsið að miklum mun. Hefir það afarmikinn kostnað í för með sjer. Á næsta hausti er viðbúið, að leigja verði kenslustofur utan skólahússins. Þann kost mætti að vísu taka, að neita viðtöku í skólann sökum þrengsla, en það telur meiri hlutinn neyðarúrræði.

Allur þorri nýsveinanna og nýmeyjanna úr Reykjavík eru börn undir og um fermingaraldur.

Það er auðvitað mikið hagræði fyrir Reykjavík, að geta notað þessa ríkisstofnun fyrir börn sín, sjer að kostnaðarlausu, þegar barnaskólanum sleppir; er þeim síst láandi, þótt þeir noti sjer þetta. Hitt orkar meir tvímælis, hvort það er sanngjarnt gagnvart öðrum landsmönnum, að ríkið beri allan þann kostnað, sem þessi sívaxandi aðsókn Reykvíkinga hefir í för með sjer. Margir líta svo á, og þar á meðal ekki allfáir Reykvíkingar, að ríkinu beri ekki að kosta að öllu leyti unglingamentun Reykjavíkur fremur en aðra unglingamentun í landinu.

Væri skólinn gerður að einum óskiftum lærðum skóla, myndi við það eitt sparast offjár fyrir ríkið. Auk þess má vel gera ráð fyrir, að þá mætti aftur taka upp heimavistir í skólahúsinu fyrir mikinn hluta hinna fátækari nemenda utan af landsbygðinni, og drægi það ekki lítið úr skólavistarkostnaði þeirra.

Að því er kemur til hins andlega þroska og þekkingar stúdenta frá mentaskólanum síðan tvískiftingin var upp tekin, mun síður en svo vera um miklar framfarir að ræða frá gamla fyrirkomulaginu. Því til stuðnings má benda á svör háskólakennaranna við þar að lútandi spurningum frá þeim Guðmundi Finnbogasyni og S. P. Sívertsen í nefndaráliti þeirra um mentaskólann.

Háskólakennararnir telja andlegan þroska og kunnáttu stúdenta síst meiri, heldur minni í sumum greinum en áður var hjá stúdentum lærða skólans, og það í þeirri námsgrein, móðurmálinu, sem hverjum mentuðum manni er síst ætlandi að kunna ekki til nokkurrar hlítar; má óhætt fullyrða, að þessu valdi að meira eða minna leyti tvískifting kenslunnar.

Yfirleitt telja háskólakennararnir stúdentana miður þroskaða og lakar búna undir háskólanámið en stúdentar lærða skólans alment voru, og ber þar að sama brunni, kenslufyrirkomulaginu, sem leiðir af tvískifting skólans, og þar af leiðandi of skömmum tíma til lærðu mentunarinnar.

Samkvæmt stjórnarfrumvarpinu 1921 á latnesk tunga að vera ein af námsgreinum skólans, en ekki er þar eður í frumvarpi þeirra G. F. og S. P. S. gert ráð fyrir latínukunnáttu sem skilyrði fyrir viðtöku í skólann. Þetta er gert í frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir. Meiri hluti mentamálanefndarinnar 1921 telur latínunámið eiga að vera eitt aðaluppeldis- og þroskameðal skólans. Meiri hlutinn er þessu alveg samdóma. Með inntökuprófi í latínu verður latínunámið nemendunum ljúfara og auðveldara, og þar af leiðandi til meiri andlegs þroska, en það telur meiri hlutinn aðalkostinn við þetta nám.

Annars er meiri hlutinn á því, að ekki beri að gera inntökuprófið svo auðvelt, að það veiti sárlitla trygging fyrir nokkrum verulegum andlegum þroska og þekkingu nýsveinanna. Þeim verður námið því auðveldara og notadrýgra sem þeir koma þroskaðri og betur undirbúnir. Auk þess getur hæfilega strangt inntökupróf dregið úr of mikilli aðsókn að skólanum og komið í veg fyrir inntöku miður líklegra unglinga til náms. Skólanum er að öðru jöfnu meiri fengur í einum nemanda vel þroskuðum eftir aldri og vel undirbúnum en tveim eða jafnvel fleirum með litlum þroska til lífs og sálar, þótt þeir kunni að geta kóklast inn í skólann.

Meiri hlutinn vill meðfram af þessum ástæðum hækka aldurstakmarkið til inntökuprófs upp í 13 ár.

Meiri hlutinn telur enga þörf á miklu fleiri stúdentum en þarf til þess að fullnægja þörf þjóðarinnar á háskólamentuðum mönnum.

Verði frumvarp þetta að lögum, sparast ríkissjóði tugir eða jafnvel hundruð þúsundir króna; auk þess er með því fengin meiri trygging fyrir nothæfri kenslu í skólanum og því betri undirbúningi stúdentanna undir háskólanámið. Gagnfræðamentunin myndi heldur engu tapa við þessa breytingu.

Enginn efi er á því, að Reykjavík myndi mjög bráðlega koma sjer upp myndarlegum unglinga- og gagnfræðaskóla, jafnvel betur sniðnum eftir þörfum nemendanna en gagnfræðadeildin nú er. Meiri hlutinn telur sjálfsagt, að ríkið styrki þann skóla, en þó honum væri veittur allríflegur styrkur af ríkisfje, myndi um stórkostlegan fjársparnað að ræða.

Að öllu þessu athuguðu telur meiri hlutinn sjálfsagt að afgreiða þetta mál á þessu þingi.

Nokkrar breytingar vill meiri hlutinn gera á frumvarpinu; eru þær flestallar aðeins orðabreytingar; ræður hann háttv. deild að samþykkja frv. með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.
   Eftir »sagnfræði« komi: bókmentafræði, landafræði.
2. Við 4. gr.
   a. Upphaf greinarinnar verður þannig:
      Viðtöku í fyrsta bekk skólans fá engir, sem eru yngri en 13 ára o. s. frv.
   b. Aftan við 1. málsgrein bætist:
      Ákvæði samkvæm þessu gilda um viðtöku í aðra bekki.
   c. Fyrir »kunnátturaun« í annari málsgrein kemur: próf, og fyrir »sömu reynd« í síðustu málsgrein kemur: sama próf.
3. Við 5. gr.
   Fyrir »tvær kunnáttureyndir« kemur: tvenskonar próf, fyrir »ársreynd« kemur: árspróf, orðið »fullnemareynd« fellur niður, og fyrir »allar lögskipaðar kunnáttureyndir« kemur: öll lögskipuð próf.
4. Við 6. gr.
   Fyrir »ársreynd« og »fullreynd« kemur: árspróf og stúdentspróf.
5. Við 10. gr.
   Fyrir »kunnátturaun« kemur: próf.
6. Við 11. gr.
   Aftan við greinina bætist:
      Skólalækni skal borga eftir samningi.
7. Við 12. gr.
   Greinin fellur niður.
8. Við 14. gr.
   Fyrir »kunnátturaun« kemur: próf, og fyrir »viðtökuraun« kemur: inntökupróf.

Alþingi, 27. apríl 1923.

Sigurður Stefánsson, frsm. meiri hlutans. Magnús Pjetursson. Einar Þorgilsson.

(B. LXVII, 7).

Nd. **470. Frumvarp**

til jarðræktarlaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. kafli.
Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfjelag Íslands hefir á hendi framkvæmd eða umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til úr ríkissjóði, eða öðrum sjóði eða stofnun, sem er eign ríkisins, nema lög mæli öðruvísi fyrir sjerstaklega. Meðan Búnaðarfjelag Íslands fer með mál þau, sem því eru falin í lögum þessum, útnefnir atvinnumálaráðherra meiri hluta í stjórn þess, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal jafnan leita álits Búnaðarfjelags Íslands um ræktunarmálefni, áður en þau eru fullráðin, og eigi má veita lán eða styrk úr sjóðum þeim og stofnunum, sem í 2. gr. getur, ef fjelagið leggur á móti því.

4. gr.

Búnaðarfjelag Íslands hefir á hendi umsjón með viðhaldi þeirra ræktunarfyrirtækja, sem styrkur eða lán hefir verið veitt til úr sjóðum þeim eða stofnunum, sem um getur í 2. og 3. gr. Ennfremur hefir það eftirlit með því, að verk þessi sjeu unnin á þann hátt, sem í skilyrðum var haft, er lán eða styrkur var veitt, að svo miklu leyti sem verkið er óframkvæmt eða eftirlit þetta eigi falið öðrum sjerstaklega.

5. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfjelagi Íslands eru ætluð í lögum þessum, framkvæmir ýmist stjórn þess, framkvæmdarstjóri eða ráðunautar, alt eftir því, sem lög fjelagsins og reglur mæla fyrir.

6. gr.

Búnaðarfjelag Íslands hefir heimild til, er því þykir þörf á, að velja sjer 1 trúnaðarmann í hreppi hverjum, til þess að hafa fyrir fjelagsins hönd

umsjón og eftirlit með ræktunarfyrirtækjum þeim, sem undir það falla í þeim hreppi. Fjelagið fær mönnum þessum ítarlegt erindisbrjef, en borgun fyrir starf sitt fá þeir hjá hreppabúnaðarfjelögunum, en þar sem þau eru ekki til, hjá þeim mönnum, er þeir vinna fyrir, eftir reglum, sem settar verða í erindisbrjefinu. Ef ágreiningur verður um borgun þessa, sker Búnaðarfjelag Íslands úr.

II. kafli.
Um túnrækt og garðyrkju.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið gefur út reglur, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, um hversu áburðarhús og safnþrær skuli gerð. Nú hefir sá, er gera lætur áburðarhús eða safnþró, fylgt reglum þessum í öllu, og Búnaðarfjelag Íslands telur hann hafa þörf fyrir húsið eða þróna, og má þá veita þeim, er verkið ljet framkvæma, styrk úr ríkissjóði, er nemi alt að einum þriðja kostnaðar við verkið.

8. gr.

Nú sljettar maður tún sitt eða eykur eða ræsir fram land til túngræðslu, og má þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemi alt að 1/4 kostnaðar, ef sannað er fyrir Búnaðarfjelagi Íslands, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er segir í 9. og 11. gr.

9. gr.

Styrkur greiðist ekki fyr en verkinu er lokið að fullu og landsvæðið komið í sæmilega rækt. Þegar land er ræst fram til túngræðslu er þó nægilegt, að hið framræsta land, með sæmilegri vinslu og áburði, geti orðið að túni.

Um sönnun fyrir að skilyrðum þessarar greinar sje fullnægt fer e tir reglugerð, sem sett er eins og segir í 7. gr.

10. gr.

Enginn fær styrk þann, sem segir í 8. gr., á fyrstu 10 dagsverkin, sem hann vinnur á ári hverju, fyrir hvern verkfæran mann, er hann hefir á heimili sínu til vinnu vistarár hvert. Nú lætur maður, sem hefir jörð eða jarðarpart eða landsvæði til afnota, niður falla eitt ár eða fleiri, talið frá 14. maí 1923, túnræktariðju þá, sem ræðir um í 8. gr., eða hann vinnur minna að þessum störfum en segir í fyrsta málslið þessarar greinar, og fær hann þá eigi neinn styrk, nema fyrir það, sem umfram er 10 dagsverk á ári, fyrir hvern verkfæran mann, margfaldað með áratölu þeirri, sem ekkert var unnið að þessu starfi eða minna en hjer segir. Þó fá fátækir einyrkjar styrk fyrir það, er þeir vinna umfram 5 dagsverk, er jafngilda 10 hjá öðrum.

11. gr.

Enginn styrkur greiðist til túnræktar á landi, sem ætla má að tekið verði til lóða undir hús, fiskreita eða annara hluta, sem óviðkomandi eru jarðrækt, á næstu 20 árum eftir að verkið var unnið.

12. gr.

Þeir, sem gera nýja matjurtagarða, geta vænst styrks úr ríkissjóði, er nemi alt að 1/5 þess, er gerð þeirra kostar, og þar með talinn girðingarkostnaður, en eigi áburður. Styrkurinn verður þó eigi greiddur fyr en garðurinn hefir gefið sæmilega uppskeru, að áliti Búnaðarfjelags Íslands (enda sje garðstæðið valið eða samþykt af trúnaðarmanni þess). Styrkur verður eigi veittur til minni garða en 400 fermetra.

13. gr.

Mat og mæling jarðræktarframkvæmda þeirra, er um ræðir í 7.—12. gr., gera venjulega trúnaðarmenn þeir, sem í 6. gr. getur, en ella ráðunautar Búnaðarfjelags Íslands eða aðrir, sem það velur til þess. Mat þetta og mæling fer fram eftir reglum, sem settar eru á þann hátt, er segir í 7. gr. Ágreining um kostnað við fyrirtæki þau, sem styrk fá úr ríkissjóði samkv. 7.—12. gr., úrskurðar ráðherra.

14. gr.

Ríkisstjórnin greiðir styrk samkvæmt þessum kafla, þegar undirbúningur sá hefir farið fram, sem lög þessi og reglugerð eða reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim, segja fyrir um.

III. kafli.
Um vjelayrkju o. fl.

15. gr.

Úr ríkissjóði má veita alt að 50000 kr. á ári til að kaupa og starfrækja jarðræktarvjelar, svo sem þúfnabana, skurðgröfur og aðrar stærri nýtiskuvjelar, sem eru við hæfi hjer á landi. Atvinnumálaráðuneytið sker úr því árlega, að fengnum tillögum Búnaðarfjelags Íslands, hvort og hverjar vjelar skuli keyptar.

16. gr.

Búnaðarfjelag Íslands sjer um starfrækslu vjela þeirra, sem keyptar eru samkvæmt 15. gr., og ákveður, að fengnu samþykki atvinnumálaráðuneytisins, hvar unnið skuli með þeim á ári hverju. Kostnaðinn af starfrækslunni greiða þeir, sem unnið er fyrir; en heimilt er þó, ef vinnukaupandi óskar þess, og að áliti Búnaðarfjelags Íslands þarf þess með, að lána honum vinnukostnaðinn að helmingi, gegn fullnægjandi tryggingu, og endurgreiðast lán þessi og ávaxtast eftir þeim reglum, sem nú gilda um jarðræktarlán úr Ræktunarsjóði.

17. gr.

Ríkisveðbankinn hefir á hendi innheimtu lána þeirra, er í 16. gr. getur, og skulu vextir og afborganir renna í sjerstakan sjóð, er nefnist »Vjelasjóður«. Markmið þessa sjóðs er að kaupa og starfrækja landbúnaðarvjelar.

Ef Ríkisveðbankinn verður eigi tekinn til starfa áður en innheimta þarf vexti eða afborganir af lánum þessum, hefir Búnaðarfjelag Íslands innheimtuna á hendi, þar til bankinn tekur til starfa.

18. gr.

Með reglugerð, sem sett er eins og segir í 7. gr., skal kveða á um tryggingar fyrir lánum þeim, sem í 16. gr. getur, og annað, er þau snertir. Enn fremur skal á sama hátt setja reglur um Vjelasjóðinn.

19. gr.

Andvirði og áfallinn rekstrarkostnaður þeirra tveggja þúfnabana, sem þegar hafa verið keyptir af Búnaðarfjelagi Íslands, greiðist úr Ræktunarsjóði, en það, sem útistandandi er fyrir vinnu þeirra, rennur í Vjelasjóð, og er fyrsti vísir hans.

IV. kafli.

Um jarðræktarlán.

20. gr.

Ríkisveðbankinn má eigi lána fje Ræktunarsjóðsins eða Kirkjujarðasjóðsins til annars en landbúnaðar, og má eigi lána minna en $^2/_3$ til jarðræktar úr þeim, enda sje reikningum sjóða þessara jafnan haldið út af fyrir sig.

21. gr.

Vextir af lánum til jarðræktar, sem veitt eru samkvæmt 20. gr., mega ekki hærri vera en 4 af hundraði á ári og lánstíminn eigi skemri en 20 ár, og lánin afborgunarlaus 4 fyrstu árin.

22. gr.

Ríkisveðbankanum er heimilt að veita lán til allskonar jarðabóta, en jafnan skal það skilyrði sett, að lántakandi leggi fram til hinna umræddu jarðabóta sem svarar $^1/_3$ kostnaðar við þær, auk styrks, sem kann að fást til þeirra. Alt að helmingi slíkra lána má greiða strax, en afganginn ekki fyr en verkinu er lokið. Ef um stærri fyrirtæki er að ræða, má þó greiða lánið í fleiri hlutum, jafnóðum og verkinu miðar áfram, eftir því sem Búnaðarfjelag Íslands telur hæfilegt.

23. gr.

Ríkisveðbankinn má eigi veita nein lán til jarðræktar, nema Búnaðar-

fjelag Íslands leggi með því og hafi samþykt kostnaðaráætlun, sem jafnan skal fylgja slíkum lánbeiðnum, ásamt nákvæmri lýsingu á hinu fyrirhugaða verki.

24. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur nánari reglur um jarðræktarlán Ríkisveðbankans, að fengnum tillögum Búnaðarfjelags Íslands og stjórnar bankans.

V. kafli.
Sjerákvæði um jarðeignir ríkissjóðs.

25. gr.

Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð losnar úr ábúð, sem álíst sjerstaklega vel fallin til skiftingar í nýbýli að dómi umráðamanns jarðarinnar, skal leitað álits Búnaðarfjelags Íslands um það áður en jörðin er bygð.

26. gr.

Nú telur Búnaðarfjelag Íslands þjóðjörð eða kirkjujörð vel fallna til skiftingar í nýbýli, og má þá eigi festa hana í ábúð þannig, að til fyrirstöðu sje slíkri skiftingu.

27. gr.

Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð er bygð, skal jafnan þar, sem við getur átt, ákveðið í byggingarbrjefinu, að leiguliði megi vinna af sjer landsskuld og leigur með jarðabótum á leigujörð sinni. Jarðabætur, sem leiguliði greiðir með landsskuld, og leigur skulu metnar til slíkrar greiðslu þriðjungi minna en ella, þannig, að sá, sem greiðir landsskuld og leigur með jarðabótum, lætur þriðjungi hærri fjárhæð en afgjaldsupphæðinni nemur.

Sama rjett hafa landsetar ríkissjóðs, sem nú eru, þar með taldir prestar, hvort sem þeir hafa fengið prestssetrið fyrir eða eftir að lög þessi öðlast gildi.

28. gr.

Jarðabætur, sem ganga til landsskuldargreiðslu og leigna, njóta einskis styrks af opinberu fje. Um jarðabótastyrk leiguliða á þjóðjörðum og kirkjujörðum fer að öðru leyti eftir fyrirmælum 8.—11. gr.

29. gr.

Nú vill leiguliði á þjóðjörð eða kirkjujörð vinna af sjer landsskuld og leigur, eins og segir í 27. gr., að nokkru eða öllu leyti, og skal hann þá skýra umráðamanni jarðarinnar frá, hverjar jarðabætur hann ætli sjer að vinna, en umráðamaðurinn leitar síðan álits Búnaðarfjelags Íslands um fyrirætlanir þessar. Ef Búnaðarfjelag Íslands telur ekkert við það að athuga, skýrir það leiguliða og umráðamanni jarðarinnar frá því, en ella að eins leiguliða, og tilgrein-

ir ástæður. Engin jarðabót er gild borgun upp í landsskuld og leigur, nema fullgerð sje og vel af hendi leyst, að áliti Búnaðarfjelags Íslands, í gjalddaga þeirrar landsskuldar eða leigna, er greiða á með henni.

30. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur umráðamönnum þjóðjarða og kirkjujarða nánari reglur um þau atriði, sem um er rætt í 25.—29. gr.

VI. kafli.
Um erfðafestulönd.

31. gr.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum landsins, að Reykjavík undanskilinni, og hreppsnefndir í kauptúnum skulu, áður en eitt ár er liðið frá því lög þessi öðlast gildi, senda Búnaðarfjelagi Íslands skýrslu um land það, sem að áliti þeirra liggur best við til ræktunar innan takmarka kaupstaðarins eða kauptúnsins, en þó eigi, ef líkur eru til, að á því þurfi að halda til húsalóða í fyrirsjáanlegri framtíð. Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð liggur að landi kaupstaðar eða kauptúns, ná þessi ákvæði einnig til hennar. Skýrslu þessari skulu fylgja þær upplýsingar, sem Búnaðarfjelag Íslands tiltekur.

32. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, er getur um í 31. gr., gerir Búnaðarfjelag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og skiftir því í skákir, eigi minni en 2 og eigi stærri en 5 ha. Hver skák skal ætluð einum manni til ræktunar, og skal þeim skift þannig, að sem kostnaðarminst verði vegalagning um svæðið, lagning vatnsæða, rafmagnstauga og gerð annara mannvirkja, sem vinna þarf. Afrit af uppdrættinum sendir Búnaðarfjelag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

33. gr.

Nú óskar maður að fá skák til ræktunar, og skal hann þá snúa sjer til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar með beiðni um meðmæli hennar. Að fengnum meðmælum þessum getur hann snúið sjer til sýslumanns eða bæjarfógeta og fengið hjá honum útnefnda tvo hæfa og óvilhalla menn til að meta skákina til peningaverðs, ef hann nær eigi samkomulagi við eiganda um árgjald af henni.

34. gr.

Ekki getur eigandi eða umráðamaður bannað, að óræktað land sje tekið til ræktunar eftir kafla þessum, nema svo sje ástatt sem hjer segir:

a. Að hann hafi sjálfur gert viðbúnað til að rækta landið á einhvern veg eða færi sönnur á, að landið sje honum nauðsynlegt vegna annara afnota.

b. Að landið sje sannanlega öðrum ljeð til ræktunar.
c. Að á því landi sjeu einhverjar minjar eða sjerstök náttúruprýði, sem hann vill eða ætlar að friða.

35. gr.

Landskákir þessar skulu jafnan, þegar ríkissjóður, hreppsfjelag eða bæjarfjelag er eigandi, leigðar í erfðafestu til 75 ára, og skal árgjaldið vera 5 af hundraði af matsverði eða því verði, sem eiganda og leigutaka hefir komið saman um. Ef einstakir menn eru eigendur landskákanna, ráða þeir, hvort þær eru seldar matsverði eða leigðar eins og fyr er sagt.

36. gr.

Að leigutímanum liðnum fellur landið aftur til eiganda, án endurgjalds, nema leigutaki vilji endurnýja leiguna til 10 ára í senn, gegn því að greiða 4 af hundraði á ári af þáverandi matsverði landsins.

37. gr.

Um erfðafestulönd þessi skal jafnan gera skriflegan samning, er leigutaki skal láta þinglesa á sinn kostnað. Leigutaki getur selt rjett sinn og veðsett.

38. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, enda sje minst tíundi h'uti ræktaður á ári hverju. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð greiðist fyrir það, sem unnið kann að vera að ræktun þess. Jafnan skal gripheld girðing um þann hluta landsins, sem ræktaður er.

39. gr.

Erfðafestulönd þessi má einungis nota til jarðræktar, að undanskildu svæði, sem þarf til íbúðarhúss, útihúsa og peningshúsa leigutaka.

40. gr.

Nánari reglur um erfðafestulönd þessi má setja á þann hátt, sem segir í 7. gr.

VII. kafli.

Um tilrauna-nýbýli.

41. gr.

Úr ríkissjóði má greiða kostnað af að reisa og rækta 2 nýbýli í svonefndum Víðir í landi Mosfells í Mosfellssveit, með 10 hektörum ræktaðs lands hvort, og hefir Búnaðarfjelag Íslands á hendi framkvæmd þess og umsjón, undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins.

42. gr.

Nýbýli þau, er ræðir um í 41. gr., má leigja gegn 4% ársvöxtum af því fje, sem til þeirra hefir farið, eða selja fyrir kostnaðarverð, með sömu kjörum og þjóðjarðir eru nú seldar.

VIII. kafli.

Um endurskoðun laga þessara o. fl.

43. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1923, og skulu þau endurskoðuð áður en 5 ár eru liðin frá þeim tíma.

(B. LXXIV, 4).

Nd. **471. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Nú verða gjöld sýslufjelags eða bæjar eftir þessari grein á einhverju ári meiri en sem svarar 2,00 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu, og endurgreiðist þá mismunurinn úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

(C. X, 8).

Ed. **472. Tillaga**

til þingsályktunar um landmælingar og landsuppdrætti.

(Eftir síðari umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita sem fyrst samninga við dönsku stjórnina, eða, ef hentugra reynist, við aðra, sem færir eru til þess, um framhald á mælingu og uppdráttum landsins, og leggja fyrir næsta Alþingi sem nákvæmastar áætlanir um tilhögun verksins og kostnað við það.

(B. LXX, 2).

Ed.

473. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir á fundum sínum athugað frumvarp þetta og borið það saman við gildandi lög í þessu efni, sem að vísu eru orðin nokkuð gömul, eins og tekið er fram í greinargerð frumv., en til þeirra hefir verið vel vandað í fyrstu og menn hafa alment unað þeim þangað til nú, að nokkrir þingmenn í báðum deildum þingsins hefjast handa með tillögur til breytinga, en á nokkuð misjöfnum sviðum í deildunum.

Nefndin lítur svo á, að vel geti verið ástæður til að breyta í einhverjum atriðum áminstum laxveiðalögum frá 1886, og þá einkum í því, að skeyta við þau — í ítarlegri útfærslu — innihaldi því, sem felst í 5. gr. frumv., ef þá þætti betur hlýða að tengja það efni við laxveiðalögin sjálf heldur en að setja þar um sjerstök heimildarlög.

En til þeirra breytinga, sem frumv. fer fram á, — og ef til vill fleiri —, hyggur nefndin, að þurfi allverulega rannsókn og einnig eftirgrenslan um skoðanir laxveiðaeigenda og hjeraðsstjórna víðsvegar um land, snertandi þetta mál, sem ómögulegt er að fá á þeim stutta tíma, sem nú, væntanlega, mun eftir þingsetu að þessu sinni.

Af ofangreindum ástæðum leggur því nefndin til, að þessi háttv. deild afgreiði frumvarpið með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Í trausti þess, að stjórnin leiti álits og umsagnar sýslunefnda landsins um breytingar á laxveiðalögunum frá 1886, og í því sambandi um heimildarlög um laxaklak, og leggi svo mál þetta fyrir Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. apríl 1923.

Guðm. Ólafsson, form.	Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.	Sigurður Jónsson, framsögum.

(A, I, 21).

Ed. **474. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1924.

Frá fjárveitinganefnd.

Þingið hefir nú setið alllengi að störfum, enda er það ákveðinn vilji þingmanna, að því geti orðið lokið svo fljótt sem unt er. En þar sem þingslit venjulega miðast við endanlega afgreiðslu fjárlaganna, þá er nauðsynlegt að hraða meðferð þeirra svo sem föng eru á.

Nefndin hefir viljað gera sitt til þess að lengja ekki þingið að óþörfu. Hún hefir því lagt á sig mikla vinnu undanfarna daga og vakað fram á nætur, til þess að geta afgreitt fjárlagafrumvarpið sem fyrst til háttv. deildar.

Við tekjuhlið frumvarpsins sá nefndin ekki verulega ástæðu til að gera neinar breytingartillögur, vegna þess, að við samanburð á því, hversu tekjurnar reyndust árið 1922, virðist þar ekki ógætilega farið. Vitanlega verður þó aldrei neitt um þetta fullyrt svo löngu fyrirfram.

Nú er þess að gæta, að flestir útgjaldaliðir frv. eru svo fastákveðnir í lögum, að undan þeim verður ekki flúið. Nefndinni var það því ljóst, að þegar ekki var hægt að gera sjer vonir um hærri tekjur, þá væri óhugsandi að skila fjárlögunum tekjuhallalausum, nema með því að fella niður fjárveitingar til ýmsra verklegra framkvæmda.

Eins og við horfir með fjárhag ríkissjóðs, þá er það skoðun nefndarinnar, að óverjandi sje af þinginu að samþykkja fjárlög með tekjuhalla. Miklu fremur ætti að ganga svo frá þeim, að verulegur tekjuafgangur væri, til að mæta þeim óvæntu útgjöldum, sem hljóta að verða á árinu. Nefndin hefir viljað reyna að ná þessu marki, og hefir því farið þá leið að fella niður ýmsar framkvæmdir, sem í sjálfu sjer eru margar þarfar, en verða þó að dómi nefndarinnar að bíða vegna örðugs fjárhags.

Nefndin hefir haft til athugunar óvenjumikið af erindum og styrkbeiðnum frá einstökum mönnum, fjelögum og fyrirtækjum, sem hún hefir ekki treyst sjer til að sinna, jafnvel þótt eitthvað af þeim kunni að eiga eins mikinn rjett á sjer eins og sumt af því, sem komið er inn í frumvarpið.

Skal nú gerð nokkur grein fyrir helstu breytingartillögum nefndarinnar.

11. gr.

Verslunarráðið sótti um styrk til kaupþings, sem hjer hefir verið sett á stofn og meðal annars á að útvega frjettir um markaðshorfur í útlöndum. Erlendis mun það venja, að ríkisstjórnir útvegi sjálfar fregnir um slíkt, og vill nefndin leggja til, að stjórnin verji í þessu skyni alt að 5000 kr. af fje því, sem ætlað er til embættisskeyta, enda eigi allir jafnan aðgang að skeytunum, kaupsýslumenn og kaupfjelög.

12. gr.

Nefndin telur enga þörf á því, að ríkissjóður launi sjerstakan aðstoðarlækni á Ísafirði, fremur en í öðrum fjölmennum kaupstöðum landsins, og það því síður, sem nú er kominn fastur læknir í Bolungarvík. Hún leggur því til, að þetta starf sje lagt niður.

Skúli V. Guðjónsson læknir sækir um styrk til að nema heilbrigðisfræði erlendis. Nefndin hefir fengið vitneskju um, að maðurinn sje lítt efnum búinn, en duglegur og áhugasamur, enda hefir hann ágæt meðmæli frá háskólanum, sem og telur brýna þörf á manni, sem vel sje fær í þessari grein.

Þá vill nefndin og leggja til, að Guðrúnu Gísladóttur Björns verði veittur 1200 kr. styrkur til hjúkrunarnáms, í því trausti, að hún hverfi heim að loknu námi. Reynslan sýnir, að jafnan er hjer skortur á vel æfðum hjúkrunarkonum.

Samkvæmt umsögn landlæknis á Kristján Jónasson »enga heimtingu á skaðabótum fyrir þann baga, sem hann kann að hafa beðið af fyllilega löglegum sóttvarnarráðstöfunum«. Nefndin felst á þetta og leggur til, að skaðabætur þær, er háttv. neðri deild samþykti handa honum, verði feldar niður.

13. gr.

Væntanlega mun þykja í mikið ráðist af nefndinni að fella úr frumvarpinu fjárveitingar til nýrra loftskeytastöðva og símalína, að einni undanskilinni. Nefndin neitar því ekki, að nokkur þægindi gætu verið að því, að þessi fyrirtæki gætu komist upp, og hefði hún kosið, að fjárhagurinn leyfði það. En þar eð ekki er fyrirsjáanlegt, að neitt fje verði fyrir hendi til þessara framkvæmda, og hins vegar nauðsyn að gæta alls sparnaðar, þá telur nefndin ekki rjett að gylla vonir manna um þessar framkvæmdir að sinni.

Nefndin telur rjett að bæta að nokkru laun talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, þeirra, er lægst eru launaðar. Vill nefndin haga svo til, að engin þeirra hafi minna en svo, að samanlögð laun og dýrtíðaruppbót verði 1800 kr. Eiga 5000 kr. að nægja til að ná þessu takmarki. Hins vegar getur hún ekki fallist á fjárveitingu þá, er í frumvarpinu stendur.

14. gr.

Skrifstofukostnað biskups telur nefndin rjett að gera að minsta kosti jafnan landlæknis og lítur svo á, að við minna sje ekki hægt að una.

Viðvíkjandi styrk af liðnum B. II. vill nefndin benda á, að hún telur rjett, að þeir Jón Helgason stud. mag., Brynjólfur Bjarnason stud. mag. og Árni Guðnason stud. mag., sem allir hafa sótt um styrk til þingsins, verði látnir fá hann, enda er nú komin heimild til að veita efnilegum nemendum slíkan námsstyrk lengur en 4 ár, þegar sjerstakar ástæður mæla með.

Kenslubókastyrk Mentaskólans vill nefndin hækka með það fyrir augum, að þeir Þorleifur H. Bjarnason yfirkennari og Árni Pálsson bókavörður geti notið ríflegri styrks til að rita á íslensku sögu miðaldanna og hins nýja tíma en kenslubókastyrkurinn nú hrekkur til.

Á öndverðu þingi var vísað til nefndarinnar frv. um launahækkun handa Einari Jónssyni kennara við Stýrimannaskólann. En þar sem frumv. fór fram á breytingu á launalögunum, sá hún ekki fært að sinna því. En með því að nefndin telur alla sanngirni mæla með því, að kjör þessa manns sjeu bætt, þá leggur hún til, að launaliður Stýrimannaskólans sje hækkaður í fjárlögum sem þessari launabót nemur, eða um 1180 kr.

Rafmagnsveitan á Hólum leggur nefndin til, að verði látin bíða af sparnaðarástæðum.

Nefndin vill taka upp aftur lítinn fjárstyrk til utanfara kennara, sem áður hefir staðið í fjárlögum. Er það skoðun hennar, að þessir styrkir hafi komið að góðu gagni, og megi því ekki missast.

Allmargar beiðnir hafa komið til nefndarinnar um styrk til barnaskólabygginga. Nefndin hefir ekki sjeð fært að sinna þessum beiðnum hverri fyrir sig, en leggur til, að nokkur fjárhæð sje tekin upp í þessu skyni, með líkum skilyrðum og áður hafa verið.

Stefán Eiríksson trjeskeri er veikur um þessar mundir og fjárhagur hans þröngur, sem vænta má. Væntir nefndin þess, að Alþingi vilji rjetta honum hjálparhönd, og það því fremur sem hann hefir lengi verið í þjónustu landsins við lítil laun.

15. gr.

Alþingi hefir borist umsókn frá Bókasafni Austurlands, ásamt skýrslu um fjárhag þess. Er lögð sjerstök áhersla á að koma þessu safni í viðunanlegt horf. Hefir nefndin hækkað styrkinn til kaupstaðabókasafna í því skyni, að þetta bókasafn fái þá hækkun, auk tiltölulegs hluta af upphæð þeirri, er í stjórnarfrumvarpinu stóð.

Jón Þorsteinsson íþróttanemi hefir sótt um styrk til að fullkomna sig í sinni ment. Hefir hann hin bestu meðmæli um dugnað og áhuga, og telur nefndin rjett að veita honum nokkra hjálp.

Markús Kristjánsson, ungur efnalítill pianóleikari, hefir sótt um styrk til framhaldsnáms. Þykir hann óvenju efnilegur, hefir ágæt meðmæli og er þektur að reglusemi og ástundun. Vill nefndin veita honum 1500 kr.

16. gr.

Nefndin getur ekki fallist á, að rjett sje að binda styrkinn til að leitast fyrir um markað erlendis við eina vörutegund, og breytir því orðalagi liðsins á þá lund, að undir hann komi íslenskar afurðir yfirleitt. Er vafalaust mikið ónunnið á því sviði, svo að full þörf er að halda því máli sem best vakandi.

Starfsemi heimilisiðnaðarfjelaganna telur nefndin mjög þarflega og vill að henni hlynna. Í þá átt miðar breytingartillaga nefndarinnar. En jafnframt er svo til ætlast, að af styrknum fái handavinnuskólinn á Akureyri 600 kr.

Nefndin viðurkennir einnig starfsemi ungfrú Halldóru Bjarnadóttur í þarfir heimilisiðnaðarins og vill veita henni nokkurn styrk til að vinna að útbreiðslu á þekkingu í þeirri grein.

Athugasemdina við laun húsagerðarmeistara vill nefndin fella niður, og er það gert í samráði við landsstjórnina. Væntir nefndin þess, samkvæmt þeim yfirlýsingum, sem stjórnin hefir gefið henni, að ríkissjóður fái borgun fyrir þær teikningar, er húsagerðarmeistari gerir fyrir einstaka menn eða stofnanir á starfstíma sínum.

Nefndin treystir sjer ekki, vegna örðugs fjárhags, til að láta styrkinn til sútunarhúss Sláturfjelagsins standa. Sömuleiðis vill meiri hluti nefndarinnar fella niður styrkinn til Siglufjarðarbryggjunnar af sömu ástæðu.

18. gr.

Einar H. Kvaran rithöfundur er nú hniginn á efra aldur. Þar eð hann hefir hlotið almenna viðurkenningu sem eitt fremsta sagnaskáld vort, mun öllum þykja maklegt, að laun hans verði trygð með því að setja þau í 18. grein.

21. gr.

Stjórnin hefir látið það uppi við nefndina, að óhugsandi sje að fullnægja nema að litlu leyti þeim lánsheimildum, sem standa í frumvarpinu. Telur nefndin rjett, að nokkuð af þeim falli niður.

Frekari greinargerð fyrir breyt.till. nefndarinnar verður að bíða framsögu.

Alþingi, 27. apríl 1923.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Einar Árnason, skrifari og framsögum. Ingibjörg H. Bjarnason.

Hjörtur Snorrason. Jónas Jónsson.

(B. XLIII, 5).

Nd. 475. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 28. nóv. 1919 [Stofnun landsbanka].

Frá Stefáni Stefánssyni.

Við 2. gr.

a. Í stað »15000« komi: 12000.
b. Í stað »24000« komi: 20000.

(B. LXXVII, 2).

Nd. **476. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, frá 19. febr. 1886.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir rannsakað frv. ítarlega og aflað sjer upplýsinga um aðstöðu alla að því er efni þess snertir, og hefir hún orðið sammála um að ráða frá að samþykkja undanþágu þá, er frv. fer fram á, nema um Ölfusá eina, en svo heitir, eins og kunnugt er, neðsti hluti Hvítár frá útfalli inn að Sogsmynni, sem er spölkorn fyrir ofan Ölfusárbrú. Alt frá útfalli upp að aðalveiðistöðvunum rennur áin í ótölulegum smákvíslum og sandgrynningum og liggur svo dreifð, að hún er líkari firði eða stóru stöðuvatni yfir að líta, enda er veiði engin á þessum slóðum sem teljandi er. Ofar, þar sem aðalveiðin er, liggur megin árinnar ýmist í hávöðum eða hyldjúpum kaststrengjum, svo ómögulegt er að hemja net eða önnur veiðarfæri, nema við bakkana að strengbrúninni, svo ómögulegt er, að lagnetin, en það eru einu veiðitækin, sem hægt er að nota, geti bindrað laxgönguna. Á þeim stutta spöl, sem er milli Ölfusárbrúar og Sogsmynnis, liggur áin dreifð mjög og í kvíslum, enda veiði þar svo að segja engin.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar frv. að því er það ræðir um Ölfusá.

Einn nefndarmanna, Magnús Guðmundsson, var ekki á fundi vegna lasleika, en hann hefir látið þess getið, að hann mundi ekki kljúfa nefndina.

2. og 3. grein frv. telur nefndin að fella megi burtu.

Nefndin leggur því til að samþykkja frv. með þessum

BREYTINGUM:

I. Við 1. gr. Orðin »ásamt ám þeim, sem í hana renna« falli burt.
II. 2. og 3. gr. falli burt.
III. 4. gr. verður 2. gr.

Alþingi, 28. apríl 1923.

Jón Þorláksson, form.	Gunnar Sigurðsson, frsm.	Magnús Jónsson, ritari.

Björn Hallsson.

(B. XXIV, 3).

Nd.

477. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 28, 3. nóv. 1915.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Vjer undirritaðir höfum ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum vorum um þetta mál, með því að vjer teljum eigi fært að gera kosningalög svo úr garði, að nokkur trygging sje fyrir, að allir geti kosið, sem vilja og kosningarrjett hafa. Oss er ekki kunnugt um, að óánægja hafi verið yfir því fyrirkomulagi, sem nú er, og vitum eigi til, að neitt hafi að því kveðið, að kjósendur hafi eigi getað neytt kosningarrjettar vegna þess, hversu skamman tíma kosningarathöfnin stendur yfir. Og víst er um það, að hvort sem frv. verður samþykt með eða án þeirra breytinga, sem minni hluti nefndarinnar flytur, er samt eigi trygt, að allir geti greitt atkvæði, sem vilja. Slíkt verður að eins trygt með heimakosningum, en ekki vitum vjer til, að þær sjeu neinstaðar lögleiddar, og þar sem vjer þekkjum til er kosið á einum og sama degi.

Kosning, sem stendur tvo daga eða fleiri, mundi naumast fara eins tryggilega fram og nú er og hún mundi verða töluvert dýrari; hún mundi auka kjörstjórnum mikla fyrirhöfn, og síðast en ekki síst valda tortrygni gegn kjörstjórnum, sem yrðu að hafa atkvæðakassana undir hendi milli kosningadaganna. Hún mundi enn fremur leiða til eða geta leitt til atkvæðasmölunar, sem ekki er eftirsóknarverð. Ef illa vill til um veður, er heimild í gildandi kosningalögum til að boða til kosninga af nýju, og virðist vel mega við það una. Þessi heimild mundi síður notuð, ef kosningaathöfnin stæði fleiri daga en einn, og gæti þetta jafnvel orðið verra fyrir þá, sem hafa ætlað sjer að kjósa á seinni eða síðasta deginum, ef svo hittist á, að þá er ófært veður.

Vjer ráðum því háttv. deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 26. apríl 1923.

Jón Þorláksson, form.	Magnús Guðmundsson, frsm.	Björn Hallsson.

(B. LVIII, 7).

Nd. **478. Frumvarp**

til laga um vaxtakjör.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Þá er lánsstofnanir þær, er landið ræður yfir beint eða óbeint, aðrar en veðdeild eða Ríkisveðbanki, veita lán gegn veði í fasteign til atvinnurekstrar í sveitum, skulu útlánsvextir vera alt að 1% lægri en til samskonar fyrirtækja í kaupstöðum og kauptúnum, nema fjenu eigi þar að verja til jarðræktar. Sömu kjara skulu og sveitar- og bæjarfjelög njóta.

2. gr.

Lögin öðlast gildi þegar í stað.

(C. VII, 3).

Ed. **479. Þingsályktun**

um innlenda baðlyfjagerð og útrýmingu fjárkláða.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að halda áfram rannsóknum á innlendri baðlyfjagerð og, að henni lokinni, að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um framkvæmd á henni og útrýmingarböðun á fjárkláða.

(A. VIII, 8).

Nd. **480. Lög**

um einkaleyfi.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl).

1. gr.

Einkaleyfi er rjett að veita fyrir uppgötvunum, er hagnýttar verða í iðnaði, eða er tilbúning þeirra má reka sem iðn.

Enginn má þó öðlast einkaleyfi fyrir:

1. uppgötvunum, er eigi verða taldar hafa neitt verulegt gildi;
2. uppgötvunum, er notkun þeirra kemur í bága við lög, siðgæði eða allsherjarreglu;
3. nýfundnum læknislyfjum, neysluefnum eða nautnar. Einkaleyfi má þó veita fyrir sjerstakri aðferð við tilreiðslu slíkra hluta;
4. uppgötvunum, sem lýst hefir verið í riti, er almenningur hefir átt á kost á að kynna sjer, eða þær hafa verið hafðar opinberlega um hönd hjer á landi, sýndar á sýningu (sbr. þó 24. gr.), eða á annan hátt hafðar til sýnis almenningi, og eru þær uppgötvanir svo kunnar orðnar með þessum hætti, að þeir menn, sem vit hafa á, geta fært sjer þær í nyt. Til rita, er almenningi er heimilt að kynna sjer, teljast ekki í skilningi laga þessara lýsingar á uppgötvunum, er lagðar eru fram til sýnis almenningi í ríki þessu, samkvæmt 13. gr. laganna, eða í erlendu ríki samkvæmt samskonar lagaákvæði. Að áskildu gagnkvæmi getur konungur ákveðið, að uppgötvanalýsingar, er gefnar eru út embættislega í erlendu ríki, skuli ekki fyr en að tilteknum tíma liðnum teljast til rita, er almenningi er heimilt að kynna sjer, í skilningi laga þessara.

2. gr.

Rjett er að veita einkaleyfi fyrir breytingum á uppgötvunum, sem áður er fengið einkaleyfi fyrir, ef svo mikið kveður að breytingum þessum, að þær megi í sjálfu sjer teljast uppgötvanir.

Slíkt einkaleyfi nefnist aukaleyfi, og skal í því berum orðum vísað til frumleyfisins, að því viðbættu, að aukaleyfið veiti ekki leyfishafa rjett til að hagnýta sjer aðaluppgötvunina.

3. gr.

Uppgötvari hefir einn rjett til að öðlast einkaleyfi, eða sá, er löglega hefir eignast rjett hans. Skuldheimtumenn mega eigi leita fullnægingar í rjetti til að öðlast einkaleyfi; en í rjetti þeim, er einkaleyfi veitir, má fullnægingar leita.

Nú beiðast fleiri en einn einkaleyfis fyrir einni og sömu, eða nálega sömu, uppgötvun, og gengur sá fyrir hinum til að öðlast leyfið, sem fyr eða fyrst hefir borið upp beiðni um það.

4. gr.

Einkaleyfi skal veita fyrir 15 ár, að telja frá dagsetningu leyfisbrjefsins.

Nú er gerð breyting á uppgötvun, sem einkaleyfi er fengið fyrir, og getur leyfishafi þá öðlast viðbótarleyfi fyrir breytingunni, og rennur það út jafnsnemma og frumleyfið.

5. gr.

Án samþykkis einkaleyfishafa má enginn gera sjer atvinnu eða gróða af því:

1. að tilbúa, flytja inn eða hafa til sölu hlut þann, er einkaleyfður er, eða tilreiddur með einkaleyfðri aðferð, eða
2. að nota hina einkaleyfðu aðferð.

Þó má án tillits til einkaleyfis:

a. nota hluti, er fylgja samgöngutækjum úr öðrum löndum, í sambandi við tækin sjálf, þá er þau eru um stundarsakir hjer á landi, og
b. nota til langframa hluti, er fylgt hafa hingað og heyrt til samgöngutækjum, sem keypt hafa verið í útlöndum fyrir íslenskt fje eða handa íslensku skipi, sem bilað hefir á sjó og gert hefir verið að í útlöndum.

6. gr.

Einkaleyfi verður ekki beitt gegn þeim, er farinn var að nota uppgötvunina hjer á landi áður en beiðni um einkaleyfi var borin upp, eða búið hafði sig undir það til hlítar.

2. Nú hefir ráðherra framkvæmt lögnám samkvæmt 1. lið, og skal þá fult endurgjald koma til handa þeim, er tjón biða af vatnstöku eða orkuver eða orkuveitu áttu. Svo skal og öllum þeim, er fengið hafa orku frá veri því

eða veitu, sem lögnámi var tekin, ger kostur á eigi minni orku en þeir hafa áður fengið frá verinu eða veitunni og ekki með lakari kjörum en samningar standa til. Ef menn greinir á um efni þau, er í þessum lið segir, skal skera úr með mati.

3. Rjett sinn samkvæmt þessari grein getur ráðherra, eftir því sem á stendur, notað, hvort sem er með því að framkvæma virkjunina sjálfur eða leyfa öðrum það samkvæmt sjerleyfislögum, et því er að skifta.

4. Þegar fallvatn er tekið samkvæmt þessari grein, skal þess gætt, að hjeruðum í grend við fallvatnið sje ekki gert örðugt um að afla sjer nauðsynlegrar orku.

55. gr.

Þegar ráðherra hefir ákveðið að gera eða leyft að gera orkuver eða orkuveitu samkvæmt 54. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sinum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki.

56. gr.

1. Þá er ráðherra hefir ákveðið að koma upp eða leyft að koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu, er honum, eða eftir atvikum leyfishafa samkvæmt 54. gr. 3. lið, áskilinn einkarjettur til að veita raforku um svæði það, sem orkutaugarnar eiga að ná yfir, og til þess að selja raforku á því svæði. Um orkuver og orkuveitur, sem fyrir eru í því takmarki, fer þá eftir ákvæðum 57. gr.

2. Ráðherra skal auglýsa þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um stofnsetning orkuvers eða orkuveitu og um takmörk veitunnar.

57. gr.

1. Nú eiga einstakir menn, fjelög eða hjeruð orkuver eða orkuveitur í því takmarki, sem auglýsing samkvæmt 56. gr. 2. lið er gefin út fyrir, og skulu þá eigendur þeirra skýra ráðherra frá því innan 3 mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óska að halda starfrækslunni áfram, og ákveður hann þá staðartakmörk þess fyrirtækis um leið og hann veitir því leyfi til að starfa áfram. Þetta leyfi veitir engan frekari rjett en þeir höfðu áður, og er því ekki til fyrirstöðu, að ráðherra stofnsetji og starfræki orkuver eða orkuveitur innan takmarka fyrirtækisins.

2. Orkuver, er gerð hafa verið samkvæmt lögum nr. 28, 20. okt. 1913, og lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, eru undanþegin niðurlagsákvæði 1. liðs þessarar greinar.

58. gr.

Nú vill hjeraðsstjórn koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu til þess

að fullnægja þörf almennings í hjeraðinu á raforku, og skal hún þá beiðast samþykkis ráðherra til þess og jafnframt senda honum, áður en byrjað er á verkinu, frumdrætti að binum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim. Samþykki ráðherra má binda skilyrðum um vatnstökuna, gerð og tilhögun mannvirkjanna, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til að tryggja jafnrjetti notenda og almenningshagsmuni, þar á meðal sjerstaklega það, að unt sje seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í landshluta þeim, sem hjeraðið er í.

59. gr.

Þegar hjeraðsstjórn hefir ákveðið að koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu og fengið til þess samþykki ráðherra, er henni rjett að taka lögnámi fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til afnota í því skyni, enda sje gætt fyrirmæla 49. gr. 1. liðs, um vatn það, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Fyrirmælum 55. gr. má og beita hjer. Um bætur og annað fer eftir 54. gr. 2. lið.

60. gr.

Þegar hjeraðsstjórn hefir komið upp orkuveitu samkvæmt 58. gr., getur ráðherra veitt henni einkarjett samkvæmt 56. gr. um tiltekið árabil; þó aldrei lengur en orkuveitan fullnægir allri eftirspurn eftir orku í takmarki sínu. Um orkuver, sem þar kunna að vera fyrir, fer eftir ákvæðum 57. gr.

61. gr.

1. Hjeraðsstjórn leggur orkutaugar svo, að sjerhver, sem óskar að fá til sín orku í takmarki orkuveitunnar, nái til þeirra á jafnhentugum stað sem aðrir notendur yfirleitt. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef nauðsyn þykir til vegna staðhátta. Frá orkutaugum þessum leggur húseigandi heimtaug til sín á sinn kostnað, nema hjeraðsstjórn hafi ákveðið, að orkuveita skuli kosta þær að einhverju leyti eða öllu.

2. Nú vill einhver, sem býr utan takmarks orkuveitu, hvort sem er innan hjeraðs eða utan, fá orkutaug til sín, og er honum það rjett, ef orkuveitan er aflögufær, enda beri hann sjálfur allan aukakostnað, er veitan heim til hans hefir í för með sjer. Ef ágreiningur verður, sker ráðherra úr.

3. Heimilt er hjeraðsstjórn að gera þeim mönnum betri kjör um heimtaugar, er gerast notendur orku innan tiltekins tíma frá því er starfræksla orkuveitu hefst, en þeim, er síðar koma til.

62. gr.

1. Gjald fyrir raforku skal ákveða í gjaldskrá, er hjeraðsstjórn semur og ráðherra staðfestir. Gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki. Gjaldskrá skal endurskoða ekki sjaldnar en 5. hvert ár.

2. Ef árskostnaður af orkuveitu verður meiri en það, sem inn kemur fyrir notkun hennar yfir árið samkvæmt gjaldskrá, má greiða það, sem til vantar, úr hjeraðssjóði. Pegar þannig stendur á, er heimilt að krefja auka-

gjalds af notendum utanhjeraðs, er nemi jafnmiklum hluta af gjaldi þeirra yfir árið samkvæmt gjaldskránni, sem tillag hjeraðssjóðs nemur miklum hluta af árstekjum orkuveitunnar samkvæmt gjaldskrá, þeim er fengnar hafa verið innanhjeraðs.

3. Ef árstekjur af orkuveitu verða meiri en árskostnaður af henni, að meðtalinni hæfilegri fyrningu, er heimilt að láta afganginn renna í sjóð hjeraðsins. Nú nemur tekjuafgangur sá, sem þannig er ráðstafað, meira en 10% af tekjuupphæð þeirri allri, sem komið hefir inn samkvæmt gjaldskrá fyrir notkun orkuveitunnar yfir árið, og eiga notendur utanhjeraðs þá rjett til endurgreiðslu á því, sem umfram verður, að sínum hluta.

63. gr.

Hjeraðsstjórn getur sett reglur, með samþykki ráðherra, um notkun raforkunnar, meðferð á raforkutækjum og önnur atriði, er orkuveitu varða.

64. gr.

1. Nú vill löggilt kauptún, sem eigi er hreppur út af fyrir sig, eða hverfi koma sjer upp orkuveri eða orkuveitu til að fullnægja þörfum sínum á raforku, og geta þá eigendur landareigna þeirra, sem nota ætla orkuveituna, gert með sjer fjelag, er nefnist orkuveitufjelag, en lög fjelagsins nefnast orkuveitusamþykt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti sem ekki er sjerstaklega um mælt í þessum kafla.

2. Samþykki ráðherra sliku fjelagi til handa má, auk þess, sem segir í 58. gr., binda þeim skilyrðum, sem ákveðin kunna að verða í sjerleyfislögum.

3. Að öðru leyti gilda reglurnar í 58.—63. gr., þannig að í stað hjeraðsstjórnar kemur stjórn orkuveitufjelags og í stað hjeraðs kemur orkuveitufjelag.

65. gr.

1. Nú vill einstakur maður afla sjer raforku og þarf að taka í því skyni til notkunar fallvatn, sem annar hefir umráð yfir, og getur þá ráðherra leyft það, ef hann á ekki kost nægilegrar raforku úr neinni veitu, sem fyrir er, og hefir ekki umráð yfir öðru fallvatni, eða honum yrði mun kostnaðarsamara að virkja það, enda verði hagur hans af vatnstökunni talinn mun meiri en tjón hins af missi þess. Þó skal gæta fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn til notkunar samkvæmt III. og IV. kafla.

2. Ráðherra getur veitt leyfi til lögnáms samkv. 55. gr.

3. Ef taka á til notkunar fallvatn, sem nemur meira en 500 eðlishestöflum, eða hluta úr því, getur ráðherra enn fremur sett þau skilyrði, er í 49. gr. 2. og 3. lið segir.

4. Um bætur fer samkvæmt 54. gr. 2. lið.

66. gr.

Nú er fallvatn tekið lögnámi samkvæmt 54., 59., 64. eða 65. gr., og er þá eiganda þeirrar landareignar, sem það er í, rjett að krefjast þess, enda hafi

rjetturinn til orkunýtingar ekki verið áður skilinn frá eigninni, að honum verði látin í tje raforka til þarfa sinna, í stað endurgjalds í peningum, frá orkuverinu. Samsvarandi gildir, ef svo er ástatt sem í 53. gr. segir, þó svo, að heimta má endurgjald í orku, þótt orkunýtingarrjettur hafi verið skilinn við landareign.

67. gr.

Nú vill landsdrottinn ekki kosta raforkuveitu, og getur leiguliði þá gert veituna á sinn kostnað, en landsdrotni skal þá skylt að kaupa veitutækin eltir mati, þegar leiguliði fer frá jörðinni, enda sje orka þá vís framvegis, eigi skemur en næstu 5 ár og seld frá orkuveri eftir staðfestri gjaldskrá, og sje kostnaður við heimtaugar ekki meiri en yfirleitt fyrir aðra notendur orku frá því veri.

VI. kafli.

Um vatnsmiðlun.

68. gr.

1. Ráðherra er heimilt að gera mannvirki og aðrar ráðstafanir til miðlunar á vatnsmagni í vatnsfalli til orkunýtingar eða í öðrum tilgangi.

2. Þegar ákveðið hefir verið að framkvæma miðlun samkvæmt 1. lið, hefir ráðherra heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr.

3. Nú hefir ráðherra komið á stofn miðlun samkvæmt framanskráðu, og getur hann þá ákveðið, að eigendur orkuvera og annara atvinnufyrirtækja, sem hafa not af miðluninni, skuli greiða árgjald í ríkissjóð, er ákveðið sje þannig, að allir þeir, sem hafa not af miðluninni, greiði að tiltölu rjettri við hagnað sinn, og þó ekki meira en hagnaðinum nemur, og ekki heldur meira allir til samans en það, sem þarf til að ávaxta stofnkostnað fyrirtækisins með 6% árlega, kosta viðhald þess og starfrækslu og fyrna stofnkostnaðinn á 40—60 árum. Ef ágreiningur verður um niðurjöfnun stofnkostnaður, skal skera úr með mati.

4. Ráðherra getur sett þær ákvarðanir um afnot vatnsfalla þeirra, er miðlunin tekur til, sem honum þykja nauðsynlegar til að afstýra eða ráða bót á tjóni eða óhagræði fyrir almenning eða einstaka menn.

69. gr.

1. Ráðherra getur veitt öðrum heimild til að framkvæma vatnsmiðlun með þeim skilmálum, er þurfa þykir til þess að gætt sje hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna.

2. Umráðamenn vatnsrjettinda skulu að öðru jöfnu ganga fyrir öðrum um leyfi til vatnsmiðlunar, ef þeir vilja virkja vatn, sem þeir hafa umráð yfir eða gera með sjer fjelag í því skyni.

70. gr.

1. Nú vill hjerað, orkuveitufjelag eða einstakir menn eða fjelög framkvæma vatnsmiðlun til afnota handa orkuveri, sem þeim er heimilað eða leyft að koma upp samkvæmt V. kafla, og skal þá líta svo á, sem miðlunarfyrirtækið sje einn liður í orkuverinu, þannig að öll ákvæðin í V. kafla 58.—65. gr. ná til miðlunarfyrirtækisins að því leyti sem þau geta átt við. Þó skal ávalt þurfa sjerstakt leyfi til miðlunar:

a) Þegar fyrirtækið getur haft í för með sjer skaðleg áhrif á umferð um vatnsfall eða veiði eða notkun vatnsins til áveitu eða annars, svo að verulega muni um.
b) Þegar það veldur því, að land eða landsnytjar komast svo undir vatn eða spillast svo, að telja megi verulegt tjón að.
c) Þegar það getur að öðru leyti valdið öðrum tjóni eða skaðlegri breytingu á landsháttum, svo að verulegt megi teljast.
d) Þegar forræðis eða afnota þarf af landi annara eða rjettindum, enda verði ekki allir rjetthafar sáttir á framkvæmd verksins.

2. Framangreind ákvæði taka og til breytinga á eldri miðlunarvirkjum.

3. Það, sem mælt er í lögum þessum um vatnsmiðlun, tekur og til mannvirkja og fyrirtækja til aukningar á vatnsmagni með veitu úr öðru vatni.

4. Bætur fyrir tjón af miðlunarvirkjum skal greiða eftir mati, ef ekki verður samkomulag. Ennfremur má binda miðlunarleyfi þeim skilyrðum, að leyfishafi greiði fyrir fram bætur að öllu leyti eða einhverju eða setji tryggingu fyrir þeim.

71. gr.

Nú þykir efasamt, hvort svo er ástatt sem í 70. gr. 1. lið a—d segir, og getur þá sá, er miðlun vill framkvæma, svo og hver sá, er telur hana varða hag sinn, krafist matsgerðar um það mál. Skulu matsmenn bjóða ráðherra með 4 vikna fyrirvara að vera við matið, og auglýsa stað og stund með þeim hætti, er þeir telja fullnægjandi, þeim, er ætla má, að eigi hagsmuna að gæta, ef miðlunin kemur til framkvæmda.

72. gr.

Leyfi til vatnsmiðlunar, sem veldur almenningi eða einstökum mönnum baga eða tjóni, má venjulega ekki veita, nema telja megi tjónið eða bagann lítils virði, borið saman við þann hagnað, sem fyrirtækið hefir í för með sjer, enda sje einnig tekinn til greina í þessu efni áætlaður kostnaður af framkvæmd þess.

73. gr.

Af hendi landsstjórnarinnar skal hafa sjerstakt eftirlit með öryggi mannvirkja þeirra, sem gerð eru til söfnunar vatni í miðlunarskyni, og er eigendum mannvirkjanna jafnan skylt að framkvæma tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar verða til öryggis, svo og að haga framkvæmdum öllum eftir þeim

fyrirskipunum, sem gerðar verða vegna hagsmuna ríkis, almennings eða einstakra manna.

74. gr.

1. Mannvirki þau, sem leyft er að koma upp samkvæmt 69. eða 70. gr., má eigi niður leggja, nema ráðherra leyfi.

2. Þegar mannvirki er lagt niður, þá er eiganda skylt að gera þær ráðstafanir, sem ráðherra heimtar, til að afstýra hættu eða tjóni þar í grend eða á eignum, sem neðar liggja við vatnsfallið.

3. Greiða skal bætur fyrir tjón eða óhagræði, sem niðurlagningin veldur, eftir mati, ef ekki semur. Bótaskyldan hvílir á eiganda miðlunarvirkja.

VII. kafli.

Um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna.

75. gr.

1. Rjett er ríkinu, hjeruðum, vatnafjelögum og einstökum mönnum að hleypa niður vatnsfarvegi, víkka hann eða rjetta, gera nýjan farveg, flóðgarða og fyrirhleðslur eða önnur mannvirki í vatni eða við það í því skyni að verja land eða landsnytjar við spjöllum af landbroti eða árensli vatns.

2. Nú þarf sá, er vill framkvæma mannvirki slík sem í 1. lið segir, til þess afnot af landi annara manna, og getur þá ráðherra veitt heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr.

3. Nú þykir tjón eða hætta búin eign annars manns eða rjettindum af mannvirkjum slíkum sem í 1. lið segir, eða að af þeim mundu stafa óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta hagsmunum almennings, og má þá því að eins framkvæma verkið, að leyfi ráðherra komi til. Leyfi má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja vegna hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna.

3. Bæta skal tjón og spjöll á eignum annara, sem leiðir af framkvæmdum samkvæmt þessari grein. Bætur skal ákveða með mati, ef eigi semur.

76. gr.

1. Nú framkvæmir ríkið fyrirtæki þau, er í 75. gr. segir, og getur ráðherra þá ákveðið, að þeir, sem hafa hag á landi sínu eða landsnytjum af þeim, skuli taka þátt í kostnaði öllum eða í þeim hluta kostnaðar, sem ráðherra ákveður, svo og í viðhaldi eftirleiðis að tiltölu við það, hvers virði hagurinn verður hverjum þeirra talinn eftir mati.

2. Samskonar ákvörðun má og taka, ef slík fyrirtæki þykja nauðsynleg, þegar einhver þeirra, sem hlut á að máli, hrindir þeim í framkvæmd, og allir þeir landeigendur eða rjettinda, sem hag hafa af fyrirtækinu á landi sínu eða landsnytjum, geta ekki komið sjer saman um að vinna verkið í fjelagi.

3. Tillagsskyldu slíka sem áður greinir má og með sama hætti leggja á til að standa straum af tiltölulegum hluta kostnaðar af mannvirkjum eða öðrum framkvæmdum, er í senn miða til varnar við spjöllum af vatnavöxtum eða flóði, til þurkunar lands, fyrirgreiðslu umferðar eða notkunar vatnsorku.

77. gr.

Tillög samkvæmt 76. gr. má taka lögtaki. Nú hefir aðili, sem hag hefir af framkvæmdinni, eigi berum orðum samþykt fyrirtækið, og skal honum þá heimilt að greiða þann hluta, er á eign hans kemur, með árlegum greiðslum, er samsvari 15. hluta upphæðarinnar, að viðbættum vöxtum af því, er eftir stendur hverju sinni. Ef lán hefir verið tekið til fyrirtækisins, þá skulu vextir vera hinir sömu sem greiddir eru af lánsfjenu, en ella 5% árlega.

VIII. kafli.

Um þurkun lands.

78. gr.

1. Veita má maður bagalegu vatni af landi sínu í rásir og farvegi, þó að mein verði að á landi því, er við tekur, enda megi hann ekki við það losna með öðrum hentugum hætti. Með sama skilorði má maður og veita vatni í skurði í landi annara eða grafa þar skurði í því skyni, en jafnan skal þá skurðum svo langt fram haldið, að eigi verði verulegt tjón á landi annara manna. Bæta skal tjón, er hlýst af veitunni, en taka skal þó til greina gagn þeirra af skurðum, er bóta krefja.

2. Ekki má veita vatni úr skurðum eða vatnsrásum, sem alstaðar eða sumstaðar eru opnir, í lokræsi á landareign annara manna, nema matsnefnd telji bagalaust.

79. gr.

1. Ef skurðir um landareign annars manns eru honum einnig til gagns, þá er honum skylt að taka þátt í kostnaði að skurðgrefti og viðhaldi skurðanna, sbr. 80. gr.

2. Nú vill maður veita bagalegu vatni frá sjer yfir landareign annars manns samkvæmt 78. gr., og má þá setja honum það skilyrði, að hann greiði hinum fyrnefnda upp í skurðkostnaðinn sem svarar því gagni, er hann hefir af skurðinum, og jafnan skal hann kosta viðhald skurðsins að sínum hluta.

80. gr.

Ef einhver vill veita bagalegu vatni frá sjer samkvæmt 78. gr. yfir landareign annars manns, og þeim semur ekki, þá skal matsnefnd skera úr því, hvort þá fráveitu verði að telja hagkvæma og hvort hagurinn megi teljast meiri en óhagræði hins. Ef hagurinn verður talinn mun meiri, þá skal ákveða

stefnu skurðsins, lengd hans, dýpt og breidd, hve nær hann skuli gerður, hvort hann skuli vera opinn eða lokaður og hvað gera skuli við uppmoksturinn. Þá skal og meta bætur og skera úr því, hvort landeigandi skuli taka þátt í kostnaði og viðhaldi, og að hve miklu leyti.

81. gr.

Ráðherra getur heimilað lögnám á mannvirkjum, landi og rjettindum, ef skilyrði 72. gr. eru fyrir hendi, í því skyni að þurka vatn, tjarnir eða mýrlendi eða til þess að vikka eða rjetta farveg eða til að veita burt vatni með öðrum hætti til að auka land eða bæta það.

82. gr.

1. Akvæði 48. gr. taka og til landþurkunar.

2. Rjett er mönnum að gera með sjer fjelag til þess að þurka land. Slík fjelög nefnast landþurkunarfjelög og lög þeirra landþurkunarsamþyktir. Um fjelög þessi fer eftir 42.—44., 46. og 47. gr., svo sem við á, og XI. kafla laga þessara.

IX. kafli.

Um óhreinkun vatna.

83. gr.

1. Bannað er að láta í vötn frá iðjuverum, eða sleppa um vötn í skurði eða aðrar veitur, nokkra þá hluti, fasta, fljótandi eða loftkenda, sem spilla mundu botni vatns eða bakka eða vatninu sjálfu, svo að hættulegt sje mönnum eða búpeningi eða spilli veiði í vatninu. Bannað er og að láta slík efni á ís eða svo nærri vatni, að hætt sje við að þau berist í það.

2. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu banni með þeim skilyrðum, er hjer segir:

a. Ef neysluvatni er spilt, skal leyfið bundið því skilyrði, að iðjuhöldur leggi til annað jafngott vatnsból eða greiði kostnað af því að koma upp öðru vatnsbóli jafngóðu.
b. Ef veiði er spilt, skal skylda iðjuhöld til að láta viðeldi í vatnið, sem nægi til þess, að veiði haldist eigi minni en var, ella bæta veiðispjöllin fullum bótum.
c. Iðjuhöldur skal að öðru leyti bæta það tjón, sem hljótast kann af frárennslu óhreinindanna frá iðjuveri hans.

3. Bætur skal greiða eftir mati, nema um semji.

4. Leyfi samkvæmt 2. lið má taka aftur bótalaust hve nær sem er eða breyta skilyrðum, ef nauðsyn þykir til vera vegna hagsmuna almennings eða einstakra manna.

5. Nýtt leyfi þarf til hverrar þeirrar breytingar, sem frekari spjöll geta af hlotist, þótt áður hafi verið veitt leyfi samkvæmt 2. lið.

84. gr.

Bannað er annars að láta sleppa í vötn um skurði eða með öðrum hætti eða að henda í þau, á ís eða svo nærri þeim, að hætt er við að í þau berist, þeim efnum, sem í 83. gr. segir, ef hætt er við að þau spilli vatni, botni þess eða bakka, flóðhæð eða framrás.

85. gr.

Ráðherra eða sá, er hann veitir heimild til þess, getur sett reglur til verndar gegn skaðlegri óhreinkun vatns, þó eigi verði af völdum iðjuvera, þegar vatn er óhreinkað í annari sveit en þeirri, sem hætta stendur af því, enda geti sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, ekki orðið ásáttar, hvað gera skuli. Áður en slíku máli er til lykta ráðið, skal leita álits þeirra heilbrigðisnefnda eða hreppsnefnda, sem málið varðar.

X. kafli.

Um holræsi.

86. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að leggja holræsi til þess að taka við skólpi og afrensli í kaupstaðnum.

87. gr.

1. Bæjarstjórn er rjett að leggja gjald á hús og lóðir í kaupstaðnum til þess að standa straum af holræsakostnaði. Gjald má miða við virðingarverð fasteigna eða við stærð lóða eða við hvorttveggja.

2. Sjerstaka ívilnun má veita, ef lóð er svo háttað, að erfiðara er að koma skólpi eða afrensli frá henni í holræsi en frá öðrum lóðum yfirleitt, og sjerstakt aukagjald má á leggja, ef skólp frá einhverri lóð er svo á sig komið, að telja má meiri útgjöld stafa eða munu stafa af því en öðru skólpi.

3. Eigandi lóðar ábyrgist holræsagjald, en heimilt er honum að hækka leigu eftir lóð eða mannvirki á henni sem gjaldi eða gjaldauka svarar, þótt leiga hafi áður verið ákveðin.

4. Holræsagjald skal ákveða í reglugerð. Gjald má taka lögtaki, þegar ráðherra hefir staðfest hana. Í reglugerð má ákveða, að gjaldið skuli trygt með lögveðrjetti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurjetti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

88. gr.

1. Bæjarstjórn leggur holræsi svo, að lóðareigandi hver nái til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til, enda verður maður eigi krafinn um holræsagjald fyrr en svo er.

2. Skylt er lóðareigendum og húseigendum að gera samkvæmt reglugerð á sinn kostnað holræsi, er flytji frá húsum og lóðum skólp alt út í aðalræsi. Ef maður vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarstjórn tiltekur, skal hún láta vinna verkið á hans kostnað.

3. Nú stendur svo á, að sjerstaklega kostnaðarsamt er að leggja holræsi frá aðalræsi yfir lóð manns, og getur hann þá krafið sig undanþeginn holræsagjaldi, ef hann getur komið skólpi frá sjer með öðrum hætti, er heilbrigðisnefnd telur fullkomlega fullnægjandi, enda verði ekki metið, að það baki nágrönnum óþægindi eða tjón. Að öðrum kosti skal leggja holræsi um lóð hans, enda skal bæjarsjóður þá taka þátt í kostnaði þar af eftir mati, nema samkomulag verði.

89. gr.

Í reglugerð má kveða á um gerð og lagningu bæði aðalræsa og lóðarræsa, að regnvatni skuli í þau veita, um umsjón þeirra, um skyldu manna til að leggja holræsi innan húss, um gerð þeirra og notkun, um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð mála út af þeim, svo og annað, er að meðferð holræsa lýtur.

90. gr.

Reglugerðir allar um holræsi og holræsagjald, sem bæjarstjórn semur, skal senda ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefir hlotið staðfestingu ráðherra, er hún lögmæt holræsareglugerð.

91. gr.

1. Heimilt er hreppsnefnd að leggja holræsi um hrepp eða hluta úr hreppi á kostnað hreppssjóðs. Áður en fyrirtækið er afráðið skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu, og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að því og áætlun um stofnkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar, ef fyrirtækið kemst í framkvæmd, en greiðist ella úr hreppssjóði.

2. Þá er hreppsnefnd hefir samþykt að leggja holræsi samkvæmt 1. lið, skal senda samþyktina ásamt þeim gögnum, sem í sama lið greinir, til oddvita sýslunefndar, og skal hann síðan senda gögnin, ásamt umsögn sýslunefndar, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþyktina, getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.

3. Hreppsnefnd semur samþyktir allar um holræsi, þar á meðal um holræsagjald.

4. Um holræsi þessi fer að öðru leyti eftir ákvæðum 87.—90. gr.

92. gr.

1. Nú vill löggilt kauptún, sem ekki er sjerstakur hreppur, eða hverfi leggja holræsi um kauptúnið eða hverfið, og geta þá eigendur fasteigna þeirra, er nota ætla ræsin, gert með sjer fjelag, er nefnist holræsafjelag, en lög fje-

lagsins nefnast holræsasamþykt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti, sem ákvæði þessa kafla taka ekki til þess.

2. Stjórn fjelagsins semur samþyktir þess, þar á meðal ákvæði um holræsagjald.

3. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 87.—90. gr., að því leyti, sem við á.

93. gr.

1. Nú eiga menn landareign í fjelagi, og vilja sumir leggja holræsi til að veita skólpi og afrensli frá henni, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta landareignar eiga, ákveðið að framkvæma fyrirtækið, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulega þátt í kostnaði öllum af því, ef metið verður nauðsynlegt sakir heilbrigði eða þrifnaðar að leggja ræsin.

2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiftingu kostnaðar, þá skal skera úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverjir skuli hafa á hendi framkvæmd eða umsjón verksins, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Stofnkostnaði, ásamt vöxtum, skal skift í jafnar árgreiðslur, ef aðili óskar þess, þannig, að lokið sje á 15 árum. Beiðast má maður staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má þá taka tillög lögtaki, ef matsgerð verður staðfest. Akvæðum 2. liðs 87. gr. skal beita eftir því sem við á, er skifta skal viðhaldskostnaði.

94. gr.

1. Rjett er þeim, er eigi hefir tekið í öndverðu þátt í lagningu holræsa, að veita í þau um holræsi skólpi og afrensli frá sjer, en greiða skal hann fyrir það tiltölulegan hluta stofnkostnaðar, að frádreginni fyrningu á ræsi, sem orðin er, þegar hann byrjar íveitu sína, svo og greiða tiltölulegan hluta rekstrarkostnaðar og viðhalds.

2. Nú þarf að breyta ræsi vegna íveitu í það samkvæmt 1. lið, og skal þá sá, er íveitunnar æskir, greiða allan kostnað af breytingunni. Eigandi ræsis má velja um að vinna verkið sjálfur eða láta hinn um það.

3. Rjett er þeim, er þykir það máli skifta, að krefjast þess, að holræsi sje svo úr garði gert í öndverðu, að það megi taka við skólpi frá eign hans, enda greiði hann allan kostnaðarauka, er af því stafar.

4. Sá, er neytir rjettar síns samkvæmt 2. og 3. lið þessarar greinar, skal setja nægilega tryggingu fyrir því, er honum ber að greiða, ef þess er krafist.

5. Ef einhver aðilja þeirra, er í 86., 91., 92. eða 93. gr. segir, hafa veitt læk eða annari vatnsrás, er um bygð rennur og ber fram skólp, í holræsi eða undirgöng, er rjett að láta endurgjaldslaust í lækinn eftir sem áður skólp frá landareignum, sem ofar liggja við hann, þótt þær hafi ekki tekið þátt í ræsisgerðinni. Ef breytingar verða á skólpi frá slíkum landareignum, er geri viðhald ræsivirkisins kostnaðarsamara eða rekstur dýrari, getur eigandi virkisins þó krafist endurgjalds.

6. Ef ágreiningur verður um einhver þeirra atriða, er í grein þessari segir, skal skera úr honum með mati.

95. gr.

1. Skyldu manns til að inna af hendi þær greiðslur, er í 93. og 94. gr. segir, hefur frá þeim degi, er ræsivirki var svo úr garði gert, að hann mátti nota það, ef hann vildi, nema matsnefnd þyki annað sannara.

2. Ákvæði matsnefndar um tillög til eftirlits og viðhalds ræsivirkja samkvæmt 93. og 94. gr. skulu gilda um næstu 5 ára skeið, nema öðruvísi semji. Að þeim tíma liðnum má hver aðilja sem vill krefjast breytinga, ef nokkuð það, sem áður var bygt á, hefir breyst að mun. Ef ekki takast samningar, skal matsnefnd skera úr, og er sá úrskurður hennar gildur um annað 5 ára skeið.

96. gr.

1. Ef halda þarf á landi annars manns vegna ræsivirkja, þá er honum skylt að láta af hendi til þess, enda sjeu skilyrði 72. gr. fyrir hendi, land, mannvirki og landsafnot og að þola nauðsynlegar eignarkvaðir, eftir því sem matsnefnd telur með þurfa, enda komi fullar bætur fyrir, eftir mati, ef ágreiningur verður.

2. Holræsi, sem lögð eru um land annars manns samkvæmt 1. lið, skulu vera vatnsheld, ef hann krefst þess, nema metið verði, að honum sje skaðlaust og bagalaust, þótt þau sjeu ekki svo úr garði gerð.

97. gr.

1. Nú hefir holræsi verið lagt um land annars manns samkvæmt 96. gr. og verður honum til mikilla óþæginda eða tjóns, og getur hann þá krafist þess, að það verði flutt á annan stað í landareign hans. Landeigandi kostar flutninginn, nema hann hafi eigi fengið bætur fyrir tjón það eða óþægindi, sem hjer segir, þegar bætur voru goldnar samkvæmt 1. lið 96. gr. Skal ræsiseiganda þá rjett að velja um að greiða bætur fyrir slíkt tjón eða kosta sjálfur flutninginn. Ef ágreiningur verður um það atriði, er í þessum lið segir, sker matsnefnd úr.

2. Ef svo stendur á sem í 1. lið segir, en ræsið verður ekki flutt á annan stað í landi manns, þá getur hann heimtað það flutt á land þriðja manns, ef metið verður, að þar muni verða mun minna tjón að því. Um kostnað af flutningnum fer eftir 1. lið.

98. gr.

1. Lög þessi taka ekki til holræsa, sem gerð hafa verið með heimild í gildandi rjetti áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu 89., 90. og 94. gr. 1. og 2. liður, sbr. 4. lið, og 97. gr. einnig taka til eldri holræsa.

2. Akvæði laga þessara um holræsi eru því ekki til fyrirstöðu, að sett verði í byggingarsamþyktum og heilbrigðissamþyktum fyrirmæli um holræsi og fráræslu samkvæmt lögum um heimild til að gera slíkar samþyktir.

XI. kafli.

Um vatnafjelög.

99. gr.

1. Rjett er mönnum að gera með sjer fjelag um:
a. Vatnsveitu (III. kafli, 29. gr.).
b. Áveitu (IV. kafli, 42. gr.).
c. Orkuver eða orkuveitu (V. kafli, 64. gr.).
d. Vatnsmiðlun (VI. kafli, 70. gr.).
e. Varnir við ágangi vatns (VII. kafli, 75. gr.).
f. Landþurkun (VIII. kafli, 82. gr.).
g. Holræsi (X. kafli, 92. gr.).

2. Fara skal um slík fjelög svo sem í þessum kafla segir, enda sje ekki öðruvísi um mælt í lögum þessum.

100. gr.

Sá eða þeir, er stofna vilja fjelag í einhverjum þeim tilgangi, er í 99. gr. 1. lið segir, skulu kveðja til fundar eigendur þeirra landareigna, sem ætla má, að fái tekið þátt í fyrirtækinu. Skal ræða þar málið og bóka fundargerð. Þeir, er mæla með stofnun fjelagsins, geta síðan leitað álits kunnáttumanna og aflað sjer frumdrátta að fyrirhuguðum mannvirkjum og annara gagna, á sinn kostnað, en telja má þann kostnað til stofnkostnaðar, ef fjelagið verður stofnað.

101. gr.

1. Nú hafa frumkvöðlar fjelagsstofnunar samkvæmt 99. gr. 1. lið aflað sjer þeirra gagna, sem í 100. gr. segir, og skulu þeir þá semja frumvarp til samþyktar handa fjelagi því, sem í ráði er að stofna, og skrá yfir þær landareignir, sem þeir ætlast til, að verði í fjelaginu. Skal frumvarpið, landeignaskráin, frumdrættir, uppdrættir, kostnaðaráætlanir og önnur gögn, er fjelagið varða, lagt fram á hentugum stað til sýnis þeim, er ætlast er til að taki þátt í fjelagsskapnum. Skal framlagning skjalanna auglýst með þeim hætti, sem þar er vani að birta auglýsingar, sem almenning varða, eða brjeflega tilkynt hverjum þeim, er málið varðar. Skulu skjölin liggja til sýnis að minsta kosti 2 vikna tíma.

2. Nú er frestur samkvæmt 1. lið liðinn, og er þá frumkvöðlum fjelagsskaparins rjett að boða þá menn alla, er ætlast er til að verði í fjelaginu, á fund. Skal fundarboð birta með þeim hætti, sem í 1. lið segir. Á fundi þessum skal enn ræða málið og afráða um fjelagsstofnun, nema enn þyki þörf rækilegri undirbúnings. Ef $^{2}/_{3}$ eigenda *landareigna* þeirra, sem ætlast er til að taki þátt í fjelagsskapnum, og *sje eitt* atkvæði fyrir hverja *landareign*, samþykkja stofnun fjelagsins, þá er hinum skylt að gerast fjelagar.

3. Akvæði 2. liðs um fjelagsskyldu taka ekki til fjelaga samkvæmt 99.

gr. 1. lið c. og d. Ef vatnsmiðlun er að eins liður i einhverju fyrirtæki, sem 99. gr. 1. liður tekur til, öðru en orkuveri eða orkuveitu, er fjelagsskapur um miðlun þó sömu lögum háður sem fjelagsskapur um það fyrirtæki.

4. Nú er jörð i byggingu, og er leiguliða þá rjett að gerast fjelagi, ef landsdrottinn vill ekki og er óskylt að taka þátt i fjelagsskapnum, en skylt er landsdrotni, þegar leiguliði fer frá jörð, að kaupa eftir mati þau mannvirki og tæki, sem leiguliði hefir gert eða sett á jörðina eða i samband við hana eða mannvirki á henni. Þó að eins að svo miklu leyti, er metið verði jörðinni til varanlegra bóta.

102. gr.

1. Þegar ákveðið hefir verið að stofna fjelag, skal samþykt þess sett svo fljótt sem unt er.

2. Í samþykt skulu vera ákvæði um:

a. Nafn fjelags, heimisfang þess og varnarþing.
b. Verkefni fjelags.
c. Um skipun fjelagsstjórnar, hversu fjölmenn hún skuli vera, hvernig skuli kjósa hana, hvert vald hennar skuli vera og starfssvið, ef stjórn er skipuð fleiri mönnum en einum, hve langan tíma kjör skuli gilda.
d. Hvaða landareignir taki þátt í fjelaginu, svo að eigi verði um það vilst, og um atkvæðisrjett á fjelagsfundum.
e. Reikninga og bókhald fjelagsins og endurskoðun.
f. Hvernig boða skuli til fjelagsfunda, hvenær þeir skuli lögmætir, hvaða mál þeir skuli úrskurða og hvert vald þeir hafi að öðru leyti.
g. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, sem fjelagsskapurinn hefir í för með sjer.
h. Hvaða kvaðir eða eignarhöft leggist á landareignir þær, sem þátt taka i fjelagsskapnum.
i. Sektir fyrir brot fjelaga á ákvæðum samþykta.
j. Hvaða reglum skuli eftir farið, ef breyta á samþyktum fjelagsins.
k. Hvernig fara skuli um fjelagsslit, hvert atkvæðamagn þurfi til þeirra og hvernig ráðstafa skuli eignum fjelagsins.

103. gr.

Í samþykt má setja ákvæði um skipun gerðardóms til að skera úr ágreiningi um fjelagsmálefni milli einstakra fjelaga eða milli fjelagsstjórnar og einstaks eða einstakra fjelaga, ef báðir aðiljar óska gerðardóms.

104. gr.

1. Samþykt, ásamt gögnum þeim, er í 101. gr. segir, skal fjelagsstjórnin síðan senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykt eða annað, sem fjelagið varðar, þykir ekki svo úr garði gert, að samþykt megi staðfesta, sendir ráðherra hana aftur til fjelagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykt, svo og þegar lagað hefir verið það, er

athugavert þótti. Aldrei má samþykt brjóta bág við rjettarákvæði, almennar grundvallarreglur laga nje rjettindi einstakra manna.

2. Ef gjaldskrá er send til staðfestingar, skal fara um það eftir 1. lið.

3. Halda skal allsherjarskrá yfir öll vatnafjelög samkvæmt reglum, er ráðherra setur. Staðfestar samþyktir og gjaldskrár skulu birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.

4. Birta skal í Lögbirtingablaðinu auglýsingu, á fjelagsins kostnað, um stofnun þess, og skal verkefnis þess geta, heimilisfangs og varnarþings, svo og hver eða hverjir sjeu í stjórn þess og ef breyting verður á stjórninni.

105. gr.

Nú vilja menn breyta staðfestri samþykt eða gjaldskrá, og er breytingin lögmæt, ef svo er með farið sem í 104. gr. segir.

106. gr.

1. Arstillög fjelagsmanna skulu ákveðin svo, að þau nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar og viðhalds. Enn fremur skal, ef fjelagsstjórn samþykkir eða ráðherra þykir það nauðsynlegt, leggja hæfilegt fyrningargjald í varasjóð, og skal það einnig innifalið í árstillögunum.

2. Gjöld, sem ákveðin eru eða jafnað er niður samkvæmt staðfestri samþykt eða gjaldskrá, má taka lögtaki.

3. Gjöld samkvæmt 1. lið skulu eiga sama forgöngurjett í gjaldþrotabúi skuldunauts sem skattar eða gjöld til ríkisins.

4. Eignir fjelags standa fyrir skuldum þess. Enginn fjelaga ber framar ábyrgð á þeim en að þeim hluta, er honum er gert að greiða samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu fjelagsákvæði.

107. gr.

1. Brot gegn fjelagssamþyktum má láta varða alt að 500 kr. sektum, og skulu þær renna í fjelagssjóð.

2. Sektir má taka fjárnámi.

3. Með mál út af brotum á samþyktum skal fara að hætti almennra lögreglumála. Mál skal því að eins höfða, að fjelagsstjórnin, sá, er sjerstaklega er röngu beittur, eða ráðherra krefjist þess.

108. gr.

1. A fjelagsfundum ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sje um mælt í lögum þessum. Í stjórn eru þeir rjettkjörnir, sem flest fá atkvæði. Ef tveir eða fleiri fá jafnmörg, skal hlutkesti ráða.

2. Ef sjerstök ástæða þykir til vera, má ákveða í samþykt, að aukinn meiri hluta skuli þurfa til ákvörðunar um einstök fjelagsmálefni, önnur en þau, sem sjerstaklega er um mælt í lögum þessum.

109. gr.

Ráðherra eða sá, er hann felur það, lítur eftir því, að fjelagsstjórn fari

eftir samþyktum fjelagsins og öðrum ákvæðum um fjelagsskapinn. Er eftirlitsmanni heimilt að kynna sjer starfsemi fjelagsins í því skyni, þar á meðal reikninga þess og fjárhag, en leyna skal hann óviðkomandi menn því, er hann kemst að um þau efni.

110. gr.

1. Rjett er að taka nýja menn í fjelag, ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, og sje slíks máls getið í fundarboði, enda sje það ekki skylt samkvæmt sjerákvæðum laga þessara um einstök vatnafjelög.

2. Ef veruleg breyting verður á skyldum fjelaga vegna töku nýrra fjelagsmanna, eða verkefni fjelaga breytist verulega fyrir þá sök, skal fara með málið sem breytingar á samþyktum fjelagsins. Ráðherra sker úr ágreiningi um þessi efni.

3. Nú bætist nýr maður í fjelag, og skal hann þá greiða að sínum hluta þar frá þau gjöld, sem á fjelögum hvíla, og með sama hætti sem aðrir fjelagar, nema öðruvísi semji. Kosta skal hann sjálfur þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru sjerstaklega hans vegna, til þess að geta notað mannvirki fjelagsins.

111. gr.

1. Segja má maður sig úr fjelagi, ef

a. $^2/_3$ hlutar fjelagsmanna samþykkja á lögmætum fjelagsfundi,

b. svo reynist, að landareign hans verður að mun meiri kostnaður af fjelagsskapnum en öðrum landareignum, samanborið við hagnaðinn eða hagræðið. Úr ágreiningi skal skera með mati, en skjóta má því til fullnaðarúrskurðar ráðherra.

2. Ef maður segist úr fjelagi, þá ábyrgist hann þau gjöld, er á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum fjelagsins til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu. Ef ágreiningur verður, má skjóta honum til ráðherra, og getur hann ákveðið, að meira skuli gjalda en nú var sagt.

112. gr.

1. Fjelagi skal slíta:

a. Ef fjelagar samþykkja það samkvæmt fyrirmælum samþyktar sinnar.

b. Ef fjelagar eru að eins tveir og annar krefst þess.

c. Ef það kemur síðar í ljós, að ekki er unt að ná takmarki því, er fjelagið setti sjer, eða það er svo miklum örðugleikum bundið, að ókleift eða illkleift þykir að halda fjelagsskapnum áfram.

2. Ágreiningi um það, hvort skilyrði fjelagsslita samkvæmt 1. lið c. sjeu fyrir hendi, skal til lykta ráðið með matsgerð. Skjóta má því mati undir ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

113. gr.

1. Ef helmingur fjelaga eða meira krefst þess, er skylt að kjósa skifta-

nefnd til að standa fyrir skilum fjelagsbúsins og skiftum, og fer um vald hennar sem skiftaforstjóra án dómsvalds.

2. Ef eignir fjelagsins hrökkva ekki fyrir skuldum, skal því, er á vantar, skifta á fjelaga að rjettri tiltölu við fjelagsgjöld hvers um sig, eins og þau hafa verið ákveðin samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu fjelagsákvæði. Fjelagi hver ábyrgist einungis sinn hluta.

3. Um skiftin fer annars samkvæmt ákvæðum skiftalaganna.

4. Að loknum skiftum skal skjölum fjelaga og bókum skilað í Þjóðskjalasafnið.

5. Jafnskjótt sem fjelag er tekið til skifta, skal fjelagastjórn, ef hún fer með skifti, en ella skiftanefnd eða skiftaráðandi, tilkynna til fjelagaskrár, að fjelag sje tekið til skifta. Þegar skiftum er lokið, skal og tilkynna það með sama hætti. Skal gera athugasemdir um þessi atriði í fjelagaskrá og birta tilkynningar eða ágrip þeirra í Lögbirtingablaðinu á kostnað fjelags.

114. gr.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki taka til fjelaga, sem stofnuð eru og samþyktir þeirra staðfestar áður en lög þessi koma til framkvæmdar. Þó skulu slík fjelög fullnægja ákvæðum laga þessara, þeim er hjer segir:

a. Tilkynningu skulu þau senda mánuði eftir að lög þessi ganga í gildi um þau atriði, er í 104. gr. 4. lið segir, og skal þegar birta hana í Lögbirtingablaðinu og á fjelagsins kostnað og skrá hana í fjelagaskrá.
b. Ef breyta á samþyktum eða gjaldskrá eldri fjelaga, skal fara eftir 105. gr. laga þessara, eftir því sem við á.
c. Akvæðum 109.—113. gr. laga þessara skal beita um eldri fjelög, nema þau brjóti bág við staðfestar samþyktir þeirra.

XII. kafli.

Um almenna umferð um vötn.

115. gr.

Öllum er rjett að fara á bátum og skipum um öll skipgeng vötn. Sama er um vötn, sem hjer eftir verða skurðuð eða gerð umferðarhæf með öðrum hætti. Þó getur ráðherra bannað almenningi umferð um skurð eða vatn, ef nauðsynlegt þykir vegna mannvirkja í eða við vatn.

116. gr.

1. Rjett er ríkinu og hjeruðum þeim, er vegamál hafa með höndum, að gera hverskonar mannvirki í vatni og við vatn í því skyni að gera vatn skipgengt eða til að gera færa ísaleið um vötn.

2. Ráðherra getur veitt fjelögum og einstaklingum leyfi til að gera mannvirki með þeim hætti og í þeim tilgangi, sem í 1. lið greinir.

3. Þeir, sem framkvæma fyrirtæki samkvæmt 1. og 2. lið, hafa sama rjett til eignarnáms á landi og mannvirkjum og afnota af landi í þarfir fyrirtækjanna sem ákveðinn er í lögum um vegagerðir ríkis og hjeraða.

117. gr.

Eigendur og notendur landareigna eiga rjett til bóta, eftir mati, nema um semji, fyrir tjón, sem umferð á vatni veldur beinlínis á landi við vatnið eða á löglega gerðum og vel viðhöldnum mannvirkjum í vatni eða við það, svo og á löglega settum veiðitækjum, enda þótt tjónið sje hvorki að kenna ásetningi nje ógætni. Bætur greiðast ekki fyrir tjón af því, þótt mannvirki þau, er fyrir skemdum hafa orðið, verði eigi notuð, nema tjón beri að bæta samkvæmt almennum skaðabótareglum.

118. gr.

1. Ákvæði 115.—117. gr. taka og til viðarfleytingar, sem framkvæmd er að ráðstöfun stjórnarvalda og undir eftirliti þeirra.

2. Ráðherra getur veitt leyfi til að ákvæði 115.—117. gr. megi einnig taka til annarar viðarfleytingar en slíkrar sem í 1. lið segir.

119. gr.

1. Öllum, sem nota vötn til umferðar eða fleytingar, er skylt að gæta þess að gera sem minstar skemdir á landi, mannvirkjum eða veiðitækjum í vatni eða við það.

2. Þeir, sem vötn nota til umferðar eða fleytingar samkvæmt löglegri heimild, hafa rjett til þeirrar umferðar um vatnsbakkana og þeirra afnota af þeim, sem nauðsynleg er vegna umferðarinnar um vatnið eða fleytingarinnar, en gera skulu þeir svo lítið tjón á landi og mannvirkjum sem unt er og bæta skemdir að fullu, eftir mati, nema samkomulag verði.

120. gr.

Nú er vatn gert skipgengt eða aðrar ráðstafanir gerðar til fyrirgreiðslu umferðar um vatn, og getur þá ráðherra ákveðið, að gjald verði lagt á báta þá eða skip, er fara um vatnið, til þess að standa straum af kostnaði af þeim ráðstöfunum.

XIII. kafli.

Almenn ákvæði um veiði í vötnum.

121. gr.

1. Landeiganda og þeim, sem hann veitir heimild til, er einum heimil veiði í vatni á landi sínu.

2. Eigi má skilja veiðirjett að nokkru leyti eða öllu við landareign, nema um tiltekið árabil, eigi lengra en 10 ár í senn, nema leyfi ráðherra komi

til eða önnur hlunnindi komi á móti, er þeirri landareign sje ekki metin minna verð en veiðirjetturinn.

122. gr.

1. Nú er landareign eða veiðirjettur í óskiftri sameign, og er þá sameigendum veiði jafnheimil. Rjett er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skifta á veiði, annaðhvort svo, að hvor hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skal skifti lengur standa en eitt ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskifti.

2. Nú er landareign í sameign, en er skift eftir merkjum afnotaskiftum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skift hafi verið veiði samkvæmt 1. lið eða önnur lögmæt skipun hafi verið á ger.

123. gr.

1. Hjeraðsmönnum öllum er veiði jafnheimil í vötnum í afrjettum og almenningum, sem hjeruð eiga eða nota með löglegri heimild og ekki eru einstaks manns eign.

2. Öllum er veiði heimil í vötnum í afrjettum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað einstaklingsrjettar heimild til þeirra.

124. gr.

Nú skilur vatn landareignir, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Rjett er hvorum þeirra að hafa ádráttarveiði og draga vað að hvoru landi sem vill. En bæta skal hinum landspell, eftir mati, ef ekki semur. Skifta má veiði samkvæmt 122. gr. 1. lið.

125. gr.

Nú legst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sjer nýtt leg, og hverfur þá veiðirjettur til þess, sem land á undir.

126. gr.

1. Veiði í almenningum stöðuvatna eiga sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatni, nema forn venja banni.

2. Rjett er að skifta veiði samkvæmt þessari grein eftir 122. gr. 1. lið.

3. Nú er fiskiklak starfrækt í vatni, og hverfur þá veiðirjettur í almenningi til þeirra einna, er þátt taka í kostnaði við klakið, svo sem samþykt eða reglugerð, staðfest af ráðherra, ákveður, enda sje í henni öllum heimiluð þátttaka í klakinu, sem annars eiga veiðirjett í þeim almenningi.

127. gr.

Bannað er að setja stíflur eða föst veiðitæki lengra en í mitt vatn, sem fiskför er í, enda sje hinn helmingur vatns eigi grynnri, svo og að hefta fiskför um ósa í vatni eða sjó úti, nema sjerstök heimild sje til eða sá, er girðir, eigi einn veiði fyrir ofan bæði í því vatni og í þeim ám eða lækjum, sem í

það falla eða úr því. Nú fellur vatn í kvíslum, og má þá enga þeirra þvergirða, nema þar sje fiskför minni, enda eigi sá, er þvergirðir, þar einn alla veiði.

128. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði í vatni i sameignarlandi eða fjelagsvatni (122. gr. 1. liður) nje í afrjetti eða almenning (123. gr. 1. liður), nema veiði sje skift honum til handa. Má hann þá veita sinn hlut.

129. gr.

1. Nú setur maður að óheimilu garða, stíflur, net eða aðrar veiðivjelar í vatn (127. gr), og eru þá garðar og stíflur óhelgar við broti, enda er rjett að taka net og aðrar veiðivjelar upp.

2. Ef maður veiðir ólofað í veiðistöð annars manns eða þvergirðir vatn ólöglega, varðar það sektum, alt að 1000 kr., í sveitarsjóð, þar sem brot er framið. Sá, er misgert var við, skal fá alt veiðifang eða andvirði þess, auk bóta fyrir annað tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir. Brot er fullframið jafnskjótt og veiðitækin eru komin í vatn.

3. Nú hittist maður með veiðarfæri við annars manns veiðivatn fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sje, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.

130. gr.

1. Mál út af brotum á ákvæðum þessa kafla fara að hætti einkalögreglumála, enda sje brotið ekki svo vaxið, að höfða beri opinbert mál. Mál má höfða á varnarþingi þar sem brot var framið.

2. Sókn sakar á eigandi veiðirjettar. Nú er hann annar en landeigandi og höfðar ekki mál innan 3 mánaða frá því er brot var framið, og er þá landeigandi rjettur sóknaraðili sakar til refsingar fyrir brot.

3. Sök til refsingar fyrnist á ári eftir að sóknaraðili fjekk vitneskju um brot, og ávalt á 2 árum frá því er brot var framið.

XIV. kafli.

Almenn ákvæði um vatnsvirki.

131. gr.

1. Mannvirki öll, sem í vatn eru sett, við það eða yfir því, eða gerð eru til að geyma vatn eða veita því, skulu að gerð, undirstöðum, efni og verki fullnægja þeim kröfum, er verða með sanngirni settar til þess að afstýra hættu fyrir líf manna, hagsmuni ríkis eða almennings, tjóni á eignum eða rjettindum einstakra manna eða óhagræði fyrir þá.

2. Önnur verk í vatni skal og vinna svo, að sæmileg trygging sje gegn slíkri hættu, tjóni og óhagræði.

132. gr.

1. Eigandi mannvirkja þeirra, er í 131. gr. segir, skal halda þeim óaðfinnanlega við, ef spjöll á þeim geta valdið tjóni, hættu eða óhagræði.

2. Heimta má, að brýr, stíflur og önnur vatnsvirki verði endurbygð eða þeim breytt, ef það þykir nauðsynlegt vegna umferðar, fleytingar eða fiskgöngu, enda sje því eigi samfara stórkostlegt óhagræði eða notagildi mannvirkis rýrni að mun, en bæta skal virkiseiganda allan kostnað. Matsnefnd úrskurðar ágreining.

133. gr.

1. Áður byrjað sje að gera ráðstafanir þær, er nú skal greina, skal tilkynna ráðherra það og fá leyfi hans, enda sje ekki leyfis eða samþykkis krafist samkvæmt öðrum fyrirmælum laga þessara:

a. Ef gera á mannvirki eða vinna önnur verk, er breytingu valda á vatnsborð, straumstefnu eða straummagn, svo sem stíflur, dýpkun eða grynkun farvegar eða rjetting, nema sýnt sje, að ekki hljótist af hætta, tjón eða óhagræði samkvæmt 131. gr.
b. Ef gera á mannvirki, er tálma mundu umferð um vatn, enda hafi ráðherra auglýst áður í Lögbirtingablaðinu þrisvar sinnum bann við mannvirkjagerð í því vatni, við það eða yfir því, með þeim hætti, að hún yrði umferð eða fleytingu til trafala.
c. Ef setja á mannvirki í vatn, sem tálma myndi fiskför í því, nema heimilt sje samkvæmt veiðilögum eða samþyktum, settum með heimild í þeim.
d. Ef þurka á vatn, enda nemi þurkunin 50000 fermetrum.
e. Ef rífa á eða taka burtu mannvirki, breyta þeim eða endurbyggja þau, og svo er ástatt sem í stafl. a—d segir.

2. Leyfi má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja til verndar hagsmunum ríkis, almennings eða einstakra manna og að fyrirtækið komi að almenningsnotum, ef því er að skifta, svo og að bætur fyrir tjón af fyrirtæki sjeu fyrirfram greiddar eða trygging sett. Ef talið er, að fyrirtæki muni valda hættu, óhagræði eða tjóni, má ekki leyfa það, nema ætla megi, að hagur af því verði mun meiri en sem hættu, tjóni eða óhagræði nemi. Leyfishafi ábyrgist ekki óhagræði, sem almenningur eða ríkið kann að verða fyrir af leyfðu fyrirtæki, nema það sje tilskilið í leyfi.

3. Leyfi er því ekki til fyrirstöðu, að síðar megi krefjast nauðsynlegra breytinga á mannvirkjum leyfishafa að kostnaðarlausu, ef sýnt verður, að þeirra sje þörf.

4. Ef leyfi er veitt til að hækka eða lækka vatnsborð, skal venjulega taka það fram, hversu mikið það megi vera, og ef hækkun er leyfð, þá skal setja vatnshæðarmerki á kostnað leyfisbeiðanda.

5. Ráðherra getur ákveðið, að vatnsvirki skuli tilkynna, enda þótt eigi þurfi leyfi til þeirra.

134. gr.

1. Rjett er hverjum þeim, er telur hættu, tjón eða óhagræði munu verða af fyrirhuguðu mannvirki, slíku sem í 131. gr. segir, að láta fara fram matsgerð um það, hvort og hvernig verkið verði unnið án þess.

2. Nú verður metið, að hvorki verði tjón, hætta nje óhagræði af verkinu, og má þá þegar vinna það, en bæta skal þá tjón það, er síðar kemur í ljós, enda sje bóta krafist innan 5 ára frá lokum þess almanaksárs, er verkið var fullgert.

135. gr.

Nú byrjar maður verk, sem leyfis eða samþykkis þarf til lögum þessum samkvæmt, vinnur verk verr en lög, leyfi eða samþykki tilskilja, heldur mannvirkjum ver við en skyldi, rífur þau eða tekur þau ólöglega á brott, og er ráðherra þá rjett að banna framhald verksins, fyrirskipa endurbætur eða láta vinna þær, eða rífa mannvirki, alt á kostnað eiganda og eftir því sem við þykir eiga hverju sinni, enda verði það nauðsynlegt talið vegna hagsmuna ríkis, almennings eða einstakra manna.

136. gr.

1. Sá, er framkvæmir eða lætur framkvæma verk án leyfis eða samþykkis, sem áskilið er í lögum þessum, ábyrgist alt tjón, sem af verkinu hlýst, enda þótt eigi sje um að kenna göllum eða misfellum á verkinu eða gáleysi hans eða manna hans.

2. Eigandi mannvirkis og sá, er annars lætur vinna verk í vatni, ábyrgist tjón af því, enda þótt eigi verði gáleysi um kent:

a. Ef mannvirkið er ekki svo úr garði gert sem í 131. gr. segir eða áskilið er í leyfi eða samþykki.
b. Ef brestur verður á viðhaldi þess.
c. Ef maður vinnur annars eða lætur vinna verk í vatni án þess að fara svo með sem tilskilið er í 131. gr. 2. lið eða til er tekið í leyfi eða samþykki.

3. Ábyrgð samkvæmt 1. og 2. lið tekur einnig til síðari eigenda.

4. Nú er mannvirki löglega rifið eða tekið burt eða hætt að halda því við, og skal þá eigandi bæta eftir mati, ef ekki semur, tjón það, er af þeirri ráðstöfun hlýst. Eigi skal þó bæta tjón eða óhagræði, sem annar maður verður fyrir vegna missis þess hagnaðar, er hann hafði af mannvirkinu, nema hann hafi beinlínis eða óbeinlínis goldið fyrir þann hagnað.

5. Ríkið ábyrgist ekki tjón af mannvirkjum eða verkum, er leyft er að vinna.

137. gr.

1. Ráðherra eða umboðsmaður hans hefir eftirlit með meiri háttar vatnsvirkjum og verkum. Er umráðamönnum skylt að veita eftirlitsmanni allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlitsins og aðgang að mannvirkjum og verkum til að rannsaka þau.

2. Ef mannhætta eða eignatjón að ráði getur stafað af vatnsvirki eða vatnsverki, getur ráðherra skipað sjerstakan eftirlitsmann eða forstöðumann fyrir verkinu á kostnað eiganda, og skal eftirlitsmaður eða forstöðumaður gæta þess, að verkið sje unnið samkvæmt því, er samþykt hefir verið í leyfi eða samþykki eða mælt í lögum.

3. Ef fyrirmælum eftirlitsmanns er ekki hlýtt, getur hann bannað framhald verksins þar til úrskurður ráðherra er fenginn.

138. gr.

1. Eiganda lands og notanda er skylt að þola það, að hallamælingar og önnur undirbúningsstörf og rannsóknir, sem nauðsynleg eru til framkvæmda fyrirhugaðra vatnsvirkja, fari fram á landi hans, enda sje honum bætt tjón, sem af því hlýst, eftir mati, ef ekki semur.

2. Nú láta aðrir en ríkið, hjeruð eða vatnafjelög með staðfestri samþykt slík undirbúningsstörf fara fram, og er þá skylda landeiganda og notanda því skilyrði bundin, að áður sje fengin heimild lögreglustjóra og trygging sett fyrir tjóni, ef honum þykir þess þörf. Vottorð lögreglustjóra um þessi atriði skal sýna, ef krafist er.

XV. kafli.

Um skaðabætur.

139. gr.

1. Um bætur fyrir lögnám skal svo fara sem hjer greinir, nema öðruvísi sje mælt í einstökum fyrirmælum laga þessara:

a) Ef eign manns eða rjettindi eru af honum tekin eða rýrð svo, að matsmenn telji honum rjett að heimta, að hún eða þau verði bætt að fullu, skal hann fá bætur í peningum eitt skifti fyrir öll, nema aðiljar verði á annað sáttir.

b) Ef kvaðir eru á eign manns lagðar eða rjettindi skert án þess að ákvæðin í a) komi til greina, þá má ákveða bætur til árgjalds, ef sá krefst þess, sem við bótum tekur, svo og ef það þykir sanngjarnt eða hentugt vegna þess, hvernig á stendur, enda sje þá sett trygging fyrir greiðslu árgjalda.

2. Bætur, þar undir fyrsta árgjald samkvæmt 1. lið b), skulu kræfar jafnskjótt sem úrslitamat hefir fram farið, enda er lögnema þá heimilt að neyta rjettar síns samkvæmt lögnámsgerð, gegn greiðslu bóta eða lögmætu framboði á þeim eða gegn tryggingu samkvæmt 1. lið b) í þessari grein eða 141. gr.

3. Rjett er, að fógeti veiti lögnema aðstoð sína, ef með þarf, til að neyta þess rjettar, sem hann hefir fengið fyrir lögnámið.

140. gr.

1. Þegar meta skal bætur fyrir lögnám á eignarhluta eða álagningu

kvaða eða skerðingu rjettinda, þá skal láta koma til frádráttar sjerhag þann, er eigninni verður að fyrirtæki því, sem fyrirhugað er að koma upp, enda komi ekki tillagsskylda á eignina eða endurgjald annað til fyrirtækisins samkvæmt lögum þessum.

2. Bætur fyrir lögnumið land eða rjettindi yfir landi skal aldrei hærri meta en þær bætur, sem metnar yrðu fyrir önnur lönd þar í grend, jöfnum kostum búin, eða samskonar jafnverðmæt rjettindi yfir slíkum löndum, enda skal að engu hækka mat, þótt land kunni að hækka í verði eða rjettindi að verða verðmeiri sakir þess fyrirtækis eða þeirra fyrirtækja, sem lögnám á því landi eða þeim rjettindum er framkvæmt fyrir, eða vegna hagnaðar af því fyrirtæki eða fyrirtækjum.

141. gr.

1. Nú telur matsnefnd sjer ófært að meta það þegar, hvert tjón muni hljótast af fyrirtæki, og er henni þá rjett að fresta mati um það eða þau atriði, er eigi verður afráðið um, enda er þeim, er tjón bíður, þá rjett að æskja mats, þegar atvik hafa breyst svo, að telja má fært að meta. Ef matsnefnd telur sennilegt, að tjón hljótist af fyrirtæki, er bæta beri, en ákveður þó að fresta mati, þá getur eigandi þeirrar eignar eða rjettinda, sem skaðinn kemur niður á, krafist tryggingar af lögnámsbeiðanda, ef hann vill neyta lögnámsrjettar síns áður en tjónið er metið, og skulu matsmenn ákveða hana, ef ekki semur.

2. Nú verður tjón af fyrirtæki, sem ekki hafa verið metnar bætur fyrir, þegar lögnám fór fram eða bætur voru metnar samkvæmt 1. lið þessarar greinar, og er þeim, er tjónið bíður, þá rjett að krefjast bóta fyrir það samkvæmt 140. gr. innan 5 ára frá því er mannvirki eru fullgerð og tekin til notkunar.

3. Krafa um bætur samkvæmt 1. og 2. lið fellur niður, ef ekki er krafist matsgerðar áður ár sje liðið frá því er tjónið kom í ljós.

142. gr.

Þegar bætur eru goldnar í orku, getur ráðherra sett almennar reglur um skifti aðilja innan takmarka ákvæða laga þessara og almennra grundvallarreglna löggjafarinnar.

XVI. kafli.

Um meðferð vatnamála.

143. gr.

1. Umsóknir um leyfi, samþykki, staðfestingar eða aðrar ákvarðanir, sem í lögum þessum greinir, skulu vera skriflegar, enda fylgi þeim nauðsynlegar skýrslur og upplýsingar um þau efni, sem við er átt. Ráðherra setur reglur um þessi efni, að því leyti sem ekki er sjerstaklega kveðið á í lögum þessum eða sjerleyfislögum.

2. Ef mál er svo vaxið, að þörf þykir rækilegri greinargerðar með umsókn en ákveðið kann að verða í reglum þeim, er í 1. lið getur, þá er ráðherra eða öðrum, sem umsókn á að senda, rjett að krefjast slíkrar greinargerðar.

144. gr.

1. Nú hefir stjórnvaldi borist umsókn um einhver þau atriði, sem í 143. gr. segir, og ekki þykir sýnt, að synja beri þegar í stað, og skal þá með fara sem hjer segir:

a) Leyfi til lögnáms samkvæmt 32. gr. 2. lið, 50. gr. 3. lið, 52., 60., 65. gr. 1. og 2. lið, 75. gr. 2. lið og 81. gr. má venjulega ekki veita fyrr en sá hefir átt kost á að láta uppi athugasemdir sínar, er taka á eignir hans eða rjettindi.

b) Ákvörðun um verð á orku samkvæmt 49. gr. 3. lið, sbr. 65. gr. 3. lið, má ekki gera fyrr en orkusali annarsvegar og hjeraðsstjórn eða orkukaupandi hinsvegar hafa fengið færi á að láta uppi álit sitt.

c) Áður en ákvörðun er tekin um málefni þau, er í 68. gr. 4. lið, 69., 70., 72., 74., 75. gr. 1.—3. lið, 81., 83. gr. 2.—3. lið og 133. gr. 1. lið segir, skal leita álits þeirra manna, er ákvörðun kann að varða hag þeirra. Ef ætla má, að hjeraðsstjórn muni varða ráðstöfun sú, sem í ráði er að gera, skal ráðherra senda henni sjerstaka tilkynningu, svo og þeim mönnum öllum, er ætla má að ráðstöfun skifti máli. Ef ekki verður vitað, hversu marga ráðstöfun muni varða, þá má þess í stað birta auglýsingu þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, og skal fyrirtæki eða ráðstöfun glögt greind og skorað á þá, er kynnu að telja sig málið skifta, að koma fram með athugasemdir sínar áður tiltekinn, hæfilegur tími sje liðinn. Jafnframt skal leggja skjölin fram á tilteknum stað, og skal þeim, er hagsmuna eiga að gæta, heimilt að kynna sjer þau þar, enda skal framlagningar skjalanna geta í auglýsingu. Opinbera auglýsingu þarf ekki að birta, þegar ráðstöfun eða mannvirki er lítils um vert að dómi ráðherra.

2. Kostnað allan af ráðstöfunum samkvæmt 1. lið ber sá, er æskir ákvörðunar um þær.

145. gr.

Ef nauðsyn þykir á vera, er ráðherra rjett að láta fara fram skoðun á staðháttum, þar sem gera á eða leggja niður mannvirki eða vinna verk í vatni, og skal sá, er heimildar beiðist, greiða kostnað af slíkri skoðun.

146. gr.

1. Hvarvetna þess, er lögnám er heimilað samkvæmt lögum þessum og menn skilur á um það, hvaða eignir eða rjettindi þurfi að taka, hvaða eignarkvaðir, óhagræði o. s. frv. þurfi á að leggja, þá skal skera úr með mati.

2. Nú er leyfi veitt til lögnáms samkvæmt 144. gr. 1. lið, stafl. a), eða matsnefnd hefir heimilað lögnám samkvæmt 39., 41., 96. eða 97. gr. 2. lið, og skal þá leyfishafi hafa gert ráðstafanir til að framkvæma lögnám áður en ár

er liðið frá því að leyfi var veitt eða matsgerð var lokið. Annars kostar þarf nýja heimild.

147. gr.

1. Matsgerðir lögum þessum samkvæmt skulu framkvæma:

a) Úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram samkvæmt 6., 9. gr. 3. lið, 10., 12. gr. 3. lið, 18. gr. 2. lið, 25. gr. 4. lið, 31., 37., 38., 39. gr. 2. lið, 40., 41. gr. 2. lið, 43., 44., 45., 48. gr. 2. lið, sbr. 82. gr. 1. lið, 78., 80., 81., 111 gr. 1. lið b., 112., 121. gr. 1. lið og 122., sbr. 124. og 126. gr. 2. lið.

b) Dómkvaddir menn alstaðar annarsstaðar, nema öðruvísi sje sjerstaklega ummælt í lögum þessum.

2. Úttektarmenn meta þó ekki, ef:

a) Matsbeiðandi krefst þess, að dómkvaddir menn meti, eða matsþolandi, ef hann skuldbindur sig til að greiða aukakostnað þann af matinu, sem af kröfu hans stafar.

b) Úttektarmenn treysta sjer ekki til að meta vegna þekkingarskorts á matsatriðum.

c) Ekki eru lögskipaðir úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram.

d) Svo er matsatriðum farið, að ekki verður talið, að mat fari fram í neinni ákveðinni þinghá.

3. Mat samkvæmt 146. gr. 1. lið skulu úttektarmenn framkvæma, enda sje eigi svo ástatt sem í 2. lið greinar þessarar segir, ef þeir hafa heimilað lögnámið, en dómkvaddir menn ella.

4. Hjeraðsdómari, þar sem mannvirki, land eða rjettindi eru, þau er krafa um mat er af risin, dómkveður tvo matsmenn, en rjett er honum að kveðja menn, þótt heimilisfastir sjeu utan lögsagnarumdæmis hans. Nú skal mat fara fram um sama atriði í fleirum þinghám en einni, eða svo er farið sem í 2. lið stafl. d. segir, og ákveður þá ráðherra, hvar matsmenn skuli dómkvaddir.

5. Rjett er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sjer til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

148. gr.

1. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá lokum matsgerðar.

2. Yfirmat til þess að skera úr því, hvort lögnám skuli heimila, hvað lögnema skuli, um heimild manna eða skyldu til að vinna verk, eða til að taka ákvörðun um annað en upphæð bóta eða endurgjalds, skulu framkvæma 3 menn, dómkvaddir samkvæmt 147. gr. 4. lið. Ef matsnefnd hefir neitað beiðni eða kröfu matsbeiðanda, en yfirmatsmenn telja, að taka beri hana til greina, þá skulu þeir einnig framkvæma þær matsgerðir, er matsmönnum hefði annars borið. Ef bóta er jafnframt krafist, má þó skjóta mati á þeim eftir þessum lið til sjerstaks yfirmats samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

3. Þegar ákveða skal einungis endurgjald eða bætur, skal yfirmatsnefnd skipuð, sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms. Ef hjeraðsdóm-

ari nefnir matsmenn, er honum þó rjett að nefna menn heimilisfasta utan lögsagnarumdæmis síns.

4. Ákvæði 147. gr. 5. liðs tekur og til yfirmats.

149. gr.

1. Sá, sem þarf að fá ráðstöfun gerða, og mat er nauðsynlegt skilyrði til þess lögum þessum samkvæmt, eða sá, sem lögskylt er að greiða bætur eða endurgjald fyrir lögnám eða notkun á eign annars manns, skal greiða kostnað allan af mati. Ef bætur hafa verið boðnar svo ríflegar sem metnar verða, getur matsnefnd þó skift kostnaði milli aðilja.

2. Um kostnað af yfirmati skal svo fara:

a) Sá, sem beiðist yfirmats eftir 148. gr. 1. lið, greiði kostnað af því, ef matsgerð breytist eigi. Verði henni breytt, skal yfirmatsnefnd skifta kostnaði eftir því, sem henni þykir sanngjarnt, hvort sem bætur eru metnar eða ekki.

b) Um kostnað af yfirmati samkvæmt 148. gr. 3. lið fer samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

3. Til matskostnaðar má telja útgjöld aðilja til lögfræðilegra og verkfræðilegra aðstoðarmanna. Ef 2 aðiljar eða fleiri standa sama megin og hagsmunir þeirra mega saman fara, og nota þeir ekki báðir eða allir sama aðstoðarmann, skal þó venjulega ekki bæta þeim til samans meiri kostnað fyrir þessar sakir en telja má þá mundu hafa haft, ef þeir hefðu notað sama aðstoðarmanninn.

150. gr.

Að því leyti sem eigi er hjer kveðið á um matsgerðir, fer um þær eftir lögum um framkvæmd eignarnáms og öðrum gildandi rjettarákvæðum.

XVII. kafli.

Um stjórn vatnamála.

151. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn vatnamála á hendi. Verkfræðilegur ráðunautur hans um þau mál er vegamálastjóri.

152. gr.

1. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda löggiltar vatnabækur, og skal í þær rita:

a) Skrár yfir ár og vötn í umdæminu.

b) Samninga um þau, er sendir verða til innritunar eða þinglýsingar.

c) Skýrslur um vatnsvirki og önnur vatnsverk, sem leyfis eða samþykkis

þarf til lögum samkvæmt, og matsgerðir, sem heimila lögnám eða háðar eru samkvæmt 71. og 134. gr.

2. Ráðherra getur ákveðið, að fleira skuli rita i bækur þessar, svo og sett reglur um bókhald, svo sem þurfa þykir.

3. Láta skal í tje eftirrit af vatnabókum, gegn lögmæltum ritlaunum.

XVIII. kafli.

Ákvæði um refsingar.

153. gr.

1. Fyrir brot á lögum þessum skal refsa sem hjer segir, nema brot sje svo vaxið, að þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, eða refsing við því sje sjerstaklega ákveðin annarsstaðar í lögum þessum:

a) Hver, sem byrjar á fyrirtæki, sem leyfi eða samþykki þarf til samkvæmt lögum þessum, eða ef matsgerð þarf til þess, svo og ef maður vinnur verk verr en í skilyrðum í leyfi, samþykki eða matsgerð felst, eða bregður að öðru leyti út af fyrirmælum slíkra heimilda, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi.

b) Sá, er brýtur boð eða bann, reglugerð eða önnur fyrirmæli, er hjeraðsstjórn eða ráðherra setur samkvæmt lögum þessum, enda heyri brotið ekki undir stafl. a), skal sæta sektum eða alt að 4 mánaða einföldu fangelsi.

2. Sektir samkvæmt 1. lið má taka fjárnámi.

154. gr.

1. Mál út af brotum samkvæmt 153. gr. skulu fara að hætti almennra lögreglumála.

2. Mál skal ekki höfða, nema sá, sem misgert er við, eða viðkomandi stjórnvald krefjist þess.

3. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, nema öðruvísi sje í þeim mælt.

XIX. kafli.

Niðurlagsákvæði.

155. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1924.

Frá sama tíma eru úr gildi feld eftirfarandi lög:

Jónsbók Landsleigub. 22., 24. og 56. kap., að því leyti sem þar greinir um meðferð vatns og veiði í vötnum.

Lög nr. 9, 9. febr. 1900, um brot á veiðirjetti í ám og vötnum.

Lög nr. 57, 10. nóv. 1905, um skyldu eigenda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrjett og önnur rjettindi yfir Glerá og landi meðfram henni.

Lög nr. 55, 22. nóv. 1907, um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum o. fl., 2. kafli.

Námulög nr. 50, 30. júlí 1909, 20. gr., að því leyti sem þar segir um meðferð vatns, og 21. gr.

Lög nr. 26, 22. okt. 1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum, með viðaukalögum nr. 57, 3. nóv. 1915.

Lög nr. 65, 22. nóv. 1913, um vatnsveitingar.

Lög nr. 51, 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur.

Lög nr. 56, 3. nóv. 1915, um vatnssölu í kaupstöðum, og

Lög nr. 18, 18. maí 1920, um gjöld til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri, að því leyti sem þau varða holræsi.

Auk þess eru úr gildi numin öll önnur ákvæði í lögum, er brjóta bág við fyrirmæli laga þessara. Þó skulu:

Lög nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi, að því leyti sem þau varða laxveiði og selveiði,

Lög nr. 12, 13. apríl 1894, um verndun Safamýrar,

Lög nr. 84, 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík,

Lög nr. 26, 9. júlí 1909, um viðauka við lög 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 7. og 8. gr.,

Lög nr. 55, 30. júlí 1909, um samþyktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum,

Lög nr. 42, 11. júlí 1911, um gjöld til holræsa og gangstjetta í Reykjavík,

Lög nr. 24, 22. okt. 1912, um samþyktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám,

Lög nr. 66, 14. nóv. 1917, um gjald til holræsa og gangstjetta á Akureyri,

Lög nr. 68, s. d., um áveitu á Flóann, og

Lög nr. 69, s. d., um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót, halda gildi sínu.

(A. IX, 9).

Nd. **486. Nefndarálit**

um frv. til vatnalaga.

Frá minni hluta vatnamálanefndar.

Frv. þetta er að miklu leyti samhljóða frv. því um sama efni, sem stjórnin lagði fyrir Alþingi 1921 og síðan fyrir Alþingi 1922. Á þinginu 1921 var frv.

rætt og athugað nákvæmlega í samvinnunefnd vatnamála. Klofnaði nefndin og komu fram 2 nefndarálit og breytingartillögur við frv., á þskj. 400 og 531 í Alþt. 1921. Ágreiningurinn milli nefndarhlutanna var nær eingöngu um rjettargrundvöll frumvarpsins. Málið komst ekki lengra en það, að byrjað var á 2. umr. í Nd., og dagaði svo uppi.

Á þinginu 1922 var málið lagt fyrir Nd. og vísað til nefndar. Í nefndinni kom enn fram sami ágreiningurinn um rjettargrundvöllinn, en nú var gerð tilraun til samkomulags af hálfu þess nefndarhlutans, sem fylgdi meiri hluta milliþinganefndarinnar og meiri hluta samvinnunefndarinnar frá 1921. Er um þetta bókað svo í gerðabók vatnamálanefndar Nd. 1922 (fundargerð 7. mars):

»Var rætt um grundvöll vatnalaganna og borin upp svofeld fyrirspurn frá Jóni Þorlákssyni:

Hverjir af nefndarmönnum mundu vilja taka þátt í tilraun til að orða 2. gr. frv. þannig, að í henni sje svo ákveðið, að umráða- og hagnýtingarrjettur landeiganda til vatns á landi hans skuli vera hinn sami sem nú er og verið hefir, og að orða efnisákvæði frumvarpsins í samræmi við þennan grundvöll?

Við atkvæðagreiðsluna tjáðu þeir formaður (Jak. Möller), Bjarni Jónsson og Jón Þorláksson sig fúsa til að gera þessa tilraun. Sveinn Ólafsson og Gunnar Sigurðsson synjuðu fyrir að taka þátt í þessari tilraun, en Þorl. Guðmundsson greiddi ekki atkvæði. Pjetur Þórðarson var ekki á fundi«.

Á næsta fundi, 9. mars, er þetta bókað:

»Var enn rætt um samkomulagstilraun þá, sem orðuð er í fundargerð 7. fundar. Að fundarlokum lýstu þessir nefndarmenn yfir því, að þeir sæju sjer ekki fært að halda áfram samvinnu, og mundu því ekki koma á sameiginlega nefndarfundi til að ræða um frv. til vatnalaga:

Sveinn Ólafsson, Gunnar Sigurðsson, Pjetur Þórðarson«.

Hvorugur nefndarhlutinn skilaði áliti, og var frv. ekki sint frekar á því þingi.

Þegar frv. nú enn þá er til meðferðar, þykir okkur, sem nú erum minni hluti í vatnamálanefndinni, rjett að gera enn eina tilraun til þess að bjarga þeim mikilvægu þjóðarhagsmunum, sem eru í veði, ef frv. þetta verður samþykt óbreytt ásamt frv. því til sjerleyfislaga, sem stjórnin samtímis hefir lagt fyrir þingið. Í fám orðum má lýsa aðaldráttum þessarar lagasamstæðu þannig:

1. Alerlendum og hálferlendum mönnum og fjelögum, sem hafa keypt vatnsrjettindin til nær allra stærstu fallvatna landsins, er gefinn miklu ríkari og víðtækari rjettur yfir þessum feng sínum en þeir jarðeigendur höfðu, sem seldu þeim hann.
2. Alls engar hömlur eru lagðar á verslun með vatnsrjettindi (fossaprang), en uppörfun mikil gefin þessari »atvinnugrein«, þar sem verðmæti verslunarvörunnar er stórkostlega aukið samkvæmt framansögðu.

3. Þar sem þessi fyrirhugaða löggjöf setur engar hömlur fyrir verslun með fallvötn, eru hinsvegar settar mjög miklar kvaðir og hindranir gegn virkjun fallvatna, annara en hinna allra smæstu.

Ef þessi lagasamstæða (vatnalög og sjerleyfislög) verður samþykt í þeirri mynd, sem hún hefir nú, hlýtur fyrsta afleiðingin að verða sú, að fossaprangið beinist að *smærri fallvötnunum*, sem von er um að leyft verði að virkja án óbærilegra kvaða. Fullkominn eignarrjettur á vatninu og fult frelsi til verslunar með þau náttúrugæði hefir það í för með sjer, að þar sem tvö fallvötn eru fyrir hendi til virkjunar í einhverju tilteknu augnamiði, og virkjunarkostnaður er misjafn, t. d. 600 kr. á hestorku í öðru, en 400 kr. í hinu, þá kemur fram *verðismunur* á fallvötnunum, er sem næst samsvarar mismuninum á virkjunarkostnaðinum. Lagasamstæðan tryggir það, að allur eða nærfelt allur hagnaðurinn af aðstöðu hagkvæms fallvatns lendir í vösum einstakra eigenda, fleiri eða færri, eftir því hve oft fallvatnið skiftir um eiganda frá því er menn fyrst koma auga á vonina um verðmæti þess í framtíðinni og þangað til það seinast er selt þeim, er virkjar það. Jafnframt er það þá vitanlega trygt, að almenningur sá, sem orkuna kaupir og borgar á sínum tíma, hann nýtur engrar ívilnunar eða hagræðis af því, þótt hagkvæmt fallvatn sje valið til orkuframleiðslunnar; hann verður að borga jafnmikið fyrir orkuna eins og hún væri unnin úr óhagstæðu fallvatni. Almenningur verður að borga hið útlagða fje fossabraskaranna með vöxtum og vaxtavöxtum.

Eftir því sem nú er högum háttað, má ganga að því vísu, að fyrst um sinn verði hjer á landi fremur að ræða um virkjun smárra fallvatna en stórra. Það kemur sjer því einkarvel fyrir alla fossabraskara í svipinn að fá framgengt löggjöf, sem gerir verslun með smáu fallvötnin arðvænlega. Og ef verðlag og notkunarskilyrði kynnu að breytast svo með tímanum, að virkjun einhverra hinna stóru fallvatna þætti tiltökumál, þá er ekki síður hagkvæmt fyrir braskarana að hafa lagasamstæðuna sjer til verndar til þess að ná þeim stóra feng, sem þá verður í boði. Svo sem dæmi upp á það, hvaða vinning er að sækja úr vösum almennings í því tafli, má nefna, að það þarf ekki sjerlega mikinn mismun á aðstöðu allri um virkjun tveggja fallvatna til þess að virkjunarkostnaður verði 100 kr. minni á hestorku þar sem aðstaðan er betri. Sje gert ráð fyrir 50 þús. hestorkum, verður mismunurinn 5 milj. kr. Alt að þessari upphæð geta braskararnir þá náð í sinn vasa, en notendur orkunnar og afurðanna, sem framleiddar eru með henni, verða að inna það gjald af hendi.

Verði þessi lagasamstæða sett, þá er hún eins dæmi í löggjöf Norðurálfunnar. Það á sjer stað í fáeinum löndum, þar á meðal í Noregi, að eignarrjettur að hinu rennandi vatni er viðurkendur í löggjöfinni. En öll þau lönd hafa bygt *sjerleyfislöggjöf* sína á þeirri meginreglu, að *sjerleyfi* verður hver sá að fá, sem vill *eignast* fallvatn, og með sjerleyfinu er þá jafnframt lögð á hann *skylda til að virkja fallvatnið*. Þessi sjerleyfislöggjöf beinist *á móti* fossapranginu, en *styður að* fossavirkjun, alveg gagnstætt því sem lagasamstæða sú gerir, er hjer liggur fyrir. Þó hefir ekki tekist betur en svo að spyrna á móti verðhækkun hagkvæmu fallvatnanna, þar sem þessi leiðin er farin, að t. d. í Svíþjóð, sem byggir á þessum

grundvelli, en gengur þó skemra en Noregur í viðurkenningu á vatnseignarrjetti einstaklinganna, var meðaltal af vatnsorkukostnaði 65 orkuvera með samtals um 470 þús. hestorkum, sem bygð voru fyrir 1918, 73 kr. á hverja hestorku, en meðaltal virkjunarkostnaðar 200 kr. á hestorku. Orkukostnaðurinn var orðinn meira en $^1/_3$ af virkjunarkostnaðinum og fór síhækkandi.

Flest önnur lönd, bæði í Norðurálfunni og utan hennar, byggja löggjöf sína í þessum efnum á þeim grundvelli, að hið rennandi vatn sje ekki undirorpið eignarrjetti einstaklinganna, meðan það er ónotað og fellur í eðlilegum farvegi. Þar fellur öll ákvörðun um töku vatns úr eðlilegum farvegi og notkun þess til orkuvinslu í stórum stíl undir hið opinbera, og í þessum löndum verða menn að fá sjerleyfi *til virkjunar*. Þar ræðir ekki um kaup á fossum (vatnsrjettindum), af því að fossarnir eru einskis manns eign, heldur einungis landið undir vatninu og meðfram því. Þess vegna ræðir ekki heldur um sjerleyfi til að *eignast* fossa eða fallvötn í þessum löndum. Meiri hluti milliþinganefndarinnar í fossamálum bygði vatnalagafrv. sitt á þeirri meginstefnu, að ónotað vatn í eðlilegum farvegi væri ekki eignarrjetti undirorpið, og bein afleiðing af þessu var sú, að sjerleyfi varð að veita til þess að *virkja* fallvötn, en ekki til að *eignast* þau, eins og Norðmenn gera. En síðan hefir hver stjórnin eftir aðra lagt fyrir Alþingi þessa einkennilegu lagasamstæðu, þar sem vatnalögin eru bygð á meginreglunni um eignarrjett einstaklinganna að vatninu, en sjerleyfislögin bygð á hinni meginreglunni, sem afneitar eignarrjettinum, og úr þessu verður meiri vernd fyrir fossaprang og meiri hindrun gegn fossavirkjun en dæmi eru til um löggjöf annara þjóða. Við látum ósagt, hvort þetta er gert af skilningsskorti á eðli málsins eða af vilja til að styðja fossaprangið.

Um rjettargrundvöll vatnalagafrv. hafa báðir hlutar milliþinganefndarinnar haldið því fram, að sinn grundvöllur væri sá sami, sem nú er og verið hefir í löggjöfinni. Þá ættu allir að geta fallist á að orða 2. gr. vatnalaganna þannig, að beinlínis standi í henni, að rjettur landeiganda til vatnsins skuli vera hinn sami sem nú er og verið hefir. Við berum fram sem aðaltillögu, að greinina skuli orða á sama hátt og farið var fram á í br.till. meiri hluta nefndarinnar 1921, og er með henni gengið mjög langt til samkomulags við þá, sem aðhyllast hina grundvallarstefnuna, en sem varatillögu berum við fram uppástungu um, að greinin beinlínis ákveði, að vatnsrjetturinn skuli vera sá sami, sem nú er og verið hefir, og á það ættu allir þeir að geta fallist, sem segja það satt, að þeir vilji halda þeim rjettargrundvelli, sem nú er og verið hefir frá fornu.

Fyrir öðrum br.till. okkar verður grein gerð í framsögunni.

Alþingi, 30. apríl 1923.

Bjarni Jónsson frá Vogi,
formaður.

Jón Þorláksson,
framsm.

(A. IX, 10).

Nd. **487. Breytingartillögur**

við frv. til vatnalaga.

Frá minni hluta vatnamálanefndar.

(Bjarna Jónssyni og Jóni Þorlákssyni).

1. Við 1. gr. Önnur málsgrein (Almenningur o. s. frv.) falli burtu.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

   Landareign hverri fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.

   Til vara: Greinin orðist svo:

   Landareign hverri fylgir sá rjettur, sem nú er og verið hefir, til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem er á henni.

3. Við 7. gr. c-lið.

   Fyrir »vatni« komi: jarðvatni.

4. Við 8. gr. Orðin í 2. lið: »Nú er því lýst yfir« o. s. frv. til enda, falli burt.

5. Við 16. gr. 1. liður falli burt, og iiðatalan breytist samkv. því.

6. Við 16. gr. Fyrir orðin í 2. lið »er liggur að vatni eða á« komi: er að vatni liggur eða vatn er á.

7. Við 39. gr. 2. lið. Fyrir orðin »skaði að vatnstökunni að öðru leyti« komi: skaði að missi vatnsins til áveitu á þá landareign sjálfa, sem vatnið er tekið i.

8. Við 49. gr. 1. lið. Orðin: »svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið«, falli burt.

9. Við 49. gr. 1. lið. Á eftir orðunum »vinna úr því orku« komi: er samsvari alt að 500 eðlishestöflum.

10. Við 49. gr. 3. lið.

    Liðurinn falli burt.

11. Við 51. gr. 2. lið. Á eftir orðunum »báðum landareignum« komi: til orkunýtingar samkv. 49. gr.

12. Við 52. gr. 1. lið. Á eftir orðunum »í vatni til orkunýtingar« komi: samkvæmt 49. gr.

13. Við 52. gr. 2. lið. Liðurinn orðist svo:
Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í stíflugerð, og fer þá sem segir í 50. gr. 3. lið, sbr. 55. gr.

14. Við 53. gr. Greinin falli burt.
Greinatalan breytist samkvæmt því.

15. Við 54. gr.
a. 1. liður orðist svo:
Ráðherra er rjett að taka sjerhvert fallvatn til þess að vinna úr því orku til almenningsþarfa, eða handa nytsömum fyrirtækjum, og að veita orku eftir taugum ofanjarðar eða neðan til neyslustaðanna, enda sje gætt fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla.
b. 2. liður orðist svo:
Ef nota þarf í þessu skyni fallvatn, sem áskilið er landareign til orkunýtingar samkvæmt 49. gr., skal greiða endurgjald eftir mati, ef samkomulag næst eigi, fyrir þá hestaflatölu, sem landareigninni er áskilin.

c. 3. liður orðist svo:
Nú þykir ráðherra nauðsynlegt að taka í því skyni, sem í 1. tölulið segir, til afnota virkjað fallvatn, eða fallvatn, sem byrjað er að virkja, eða að taka lögnámi orkuver eða orkuveitu, til þess að fá hagfelda skipun á orkuveitu um eitthvert svæði, og er það þá heimilt, enda komi fult endurgjald fyrir til handa þeim, er tjón biða af vatnstökunni eða orkuver eða orkuveitu áttu. Svo skal og öllum þeim, er fengið hafa orku frá veri því eða veitu, sem lögnámi var tekin, ger kostur á eigi minni orku en þeir hafa áður fengið frá verinu eða veitunni, og eigi með lakari kjörum en samningar standa til. Ef menn greinir á um þau efni, er í þessum tölulið segir, skal mat ráða.
d. Við 3. lið gr., sem verði 4. liður:
Í stað »sjálfur« komi: fyrir ríkið.
e. 4. liður verði 5. liður.

16. 59. gr. orðist svo:
Þegar hjeraðsstjórn hefir með samþykki ráðherra ákveðið að koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu, hefir hún rjett til að taka óvirkjað fallvatn til afnota í því skyni, enda sje gætt fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Þurfi hjeraðs-

stjórn að nota í þessu skyni fallvatn, sem áskilið er landareign til orkunýtingar samkvæmt 49. gr., skal það og heimilt, að því leyti sem fallvatnið er óvirkjað, gegn endurgjaldi eftir mati, ef samkomulag næst eigi, fyrir þá hestaflatölu, sem landareigninni er áskilin. Ákvæði 55. gr. koma þá og til framkvæmdar.

17. 60. gr. orðist svo:

Þegar hjeraðsstjórn hefir komið upp orkuveitu samkvæmt 58. gr., getur ráðherra selt henni í hendur einkarjett samkvæmt 56. gr. á svæði því, sem orkuveita hennar nær yfir, um tiltekið árabil, þó aldrei lengur en orkuveitan fullnægir allri eftirspurn eftir orku i takmarki sínu. Einnig getur ráðherra þá fengið hjeraðsstjórn í hendur rjett til þess að taka lögnámi orkuver eða orkuveitur, sem fyrir eru í takmarkinu, en að öðru leyti fer um slík ver og veitur eftir ákvæðum 57. gr.

18. Við 65. gr.

Greinin orðist svo:

1. Nú vill einstakur maður afla sjer raforku, er samsvari 500 eðlishestöflum eða minna, og þarf að taka i því skyni til notkunar fallvatn á landi annars manns, og er honum það heimilt, ef hann á eigi kost raforku úr neinni veitu, sem fyrir er, og hefir ekki fallvatn til notkunar í því skyni á sínu landi, eða honum yrði mun kostnaðarsamara að nota það. Þó skal gæta fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Eigi verður heldur tekið i þessu skyni fallvatn, sem áskilið er landareign til orkunýtingar samkvæmt 49. gr., nema samkomulag verði eða til komi leyfi ráðherra og endurgjald eftir mati.
2. Ef lögnáms þarf samkvæmt 55. gr., getur ráðherra veitt leyfi til þess Fer þá um mat og endurgjald sem í þeirri grein segir.
3. Ef taka þarf til notkunar hluta af fallvatni, sem hefir meira en 500 eðlishestöfl, þarf leyfi ráðherra, er getur sett skilyrði samkvæmt því, er segir í 49. gr. 2. lið og 58. gr.
4. Í leyfi samkvæmt 3. lið skal kveða svo á, að ráðherra skuli úrskurða ágreining um verð á orku, ef orka verður seld almenningi frá verinu, og að báðum aðiljum skuli skylt að hlíta úrskurði ráðherra þar um.

19. Á eftir 65. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

1. Nú vill maður afla sjer raforku, er samsvari meira en 500 eðlishestöflum, og koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu i því skyni, og skal hann þá beiðast leyfis ráðherra áður byrjað sje á framkvæmd verksins, og jafnframt senda frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum.
2. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um vatnstökuna, gerð mannvirkjanna, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmuni, þar á meðal sjerstaklega til að tryggja það, að unt verði seinna meir að koma hentugu skipulagi á

orkuveitu til almenningsþarfa í hjeraði því eða landshluta, sem orkuverið eða veitan eru í. Enn fremur má setja skilyrði um það, að almenningi í nágrenni við veituna sje gefinn kostur á orku úr henni, með þeim hætti, er í 65. gr. 4. lið segir. Loks má og binda leyfið þeim skilyrðum, sem ákvæðin kunna að verða eða heimiluð í sjerleyfislögum.

3. Þegar leyfi ráðherra samkvæmt 2. lið er fengið, er heimilt að taka til notkunar óvirkjað fallvatn, þótt á annars manns landi sje, enda sje gætt fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Þurfi að taka fallvatn eða þann hluta þess, sem áskilinn er landareign til orkunýtingar samkvæmt 49. gr., skal það og heimilt, að því leyti, sem fallvatnið er óvirkjað, gegn endurgjaldi eftir mati, af samkomulag næst eigi, fyrir þá hestaflatölu, sem landareigninni er áskilin. Ákvæði 55. koma þá og til framkvæmdar.

20. 66. gr. orðist svo:

Nú er fallvatn, sem áskilið er landareign til orkunýtingar, tekið til notkunar samkvæmt 53., 57., 64. eða 65. gr., enda hafi rjetturinn til orkunýtingar ekki verið skilinn frá landareigninni, og er þá eiganda hennar rjett að krefjast þess, að í stað endurgjalds í peningum verði honum látin í tje raforka frá orkuverinu til heimilis og búþarfa. Hann getur krafist þess, að þessi raforka verði látin sjer í tje með nothæfri spennu á einum stað í landareigninni, sem hann sjálfur tiltekur. Fyrir raforkuna skal hann greiða árlegt gjald, nema öðruvísi um semji, er samsvari beinum tilkostnaði orkuverseiganda til vinslu á þeim hluta orkunnar og til veitunnar frá orkuverinu að neyslustað, eftir nánari reglum, sem ráðherra setur. Verði ágreiningur um upphæð árgjaldsins, sker ráðherra úr.

21. Við 79. gr. 2. liður orðist svo:

Nú vill maður veita bagalegu vatni í skurð annars manns, samkvæmt 78. gr., og má þá setja honum það skilyrði, að hann greiði skurðeiganda upp í skurðkostnaðinn sem svarar því gagni, er hann hefir af skurðinum. Og jafnframt skal honum skylt að kosta viðhald skurðsins að sínum hluta.

22. Við 83. gr.

4. liður falli burt.

23. Við 133. gr.

Í stað orðanna í 1. lið »eða samþykkis krafist« komi: krafist eða verkið heimilt án ráðherraleyfis.

24. Við 144. gr., 1. lið b.

Fyrir orðin »49. gr. 3. lið, sbr. 65. gr. 3. lið« komi: 64. gr. 4. lið og 66. gr.

25. Allar tilvísanir í greinar og tölulíði frv. breytist samkvæmt niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

(B. XLV, 2).

Nd. **488. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi (þskj. 149).

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta fer fram á það, að forstaða áfengisverslunar ríkisins verði falin forstjóra landsverslunarinnar, en honum heimilað að ráða mann með lyfsalaprófi til eftirlits með lyfjabúðum og áfengiskaupum þeirra, og til annara þeirra starfa, sem forstöðumaður áfengisverslunarinnar á að hafa á hendi samkvæmt núgildandi lögum og til þarf þekkingu í lyfjafræði.

Tilgangur frv. er talinn sá að spara fje við verslunarreksturinn, með því að sameina forstöðuna fyrir allri einkasöluverslun ríkisins á einni hendi. Nefndin hefir ekki getað fallist á, að sameining þessi mundi hafa neinn teljandi sparnað í för með sjer í framkvæmdinni, eftir því sem þessum málum er nú komið, og auk þess virðist hún ýmsum verulegum annmörkum bundin.

Áætlað er, að vínverslunin gefi í ríkissjóð verslunarhagnað árið 1924 að upphæð 450 þús. kr., og auk þess áfengistoll nálægt 350 þús. kr., eða alls um 800 þús. kr. tekjur í ríkissjóð. Það segir sig sjálft, að slíkt fyrirtæki er svo stórt og svo mikilla hagsmuna að gæta fyrir ríkissjóð um rekstur þess, að fullkomlega er rjettmætt að launa óskiftum manni til forstöðu þess.

Núverandi forstjóri áfengisverslunarinnar er fastráðinn til þriggja ára, og verður ekki breytt til sparnaðar um forstöðuna á því tímabili. Til forstöðunnar útheimtist mjög mikil sjerþekking, og það má telja víst, að ef núverandi forstjóri reynist vel í stöðu sinni þann tíma, sem hann er fastráðinn, þá verði beinn hagnaður að því að njóta þekkingar hans og reynslu þeirrar, er hann þá hefir fengið, áfram, móts við það að fela starfið nýjum, nokkru lægra launuðum lyfjafræðingi, undir yfirstjórn ósjerfróðs manns, eins og frv. fer fram á.

Hins vegar er á það að líta, að forstjóri landsverslunarinnar hefir nú næstu árin til umsjónar alla tóbaksverslun og steinolíuverslun landsins. Áætlað er, að hin fyrnefnda gefi landssjóði í verslunar- og tolltekjur samtals um 650 þús. kr., og hin síðarnefnda er ein hin stærsta verslunargrein landsins, bæði að því er snertir vörumagn, viðskiftaveltu og fjölda viðskiftamanna. Það má því fullyrða, að forstjórn þessara tveggja verslunargreina sje nóg verk einum manni, og tvísýnt að forsvaranlegt sje að bæta þar við. Miklu fremur gæti komið til mála að sameina einungis tóbakseinkasöluna og vínseinkasöluna undir einni stjórn, eins og ýmsir höfðu hugsað sjer frá öndverðu, m. a. af því að sú verslun öll væri þá rekin með það eitt aðalmarkmið fyrir augum að afla ríkissjóði tekna.

Í sambandi við þetta mál hefir nefndin tekið til athugunar, hvort ekki sje unt að færa niður starfrækslukostnað áfengisverslunarinnar án þess að breyta til um forstöðuna, og þykir henni sýnt, að talsvert fje mætti spara með því að útvega versluninni hentugra húsnæði. Vill nefndin að það sje gert, og það jafnvel þótt einhverja fjárhæð þyrfti að festa í því skyni, t. d. til húskaupa. Þá vill nefndin og, að afgreiðslan til einstakra manna sje gerð fyrirhafnarminni en nú er, og ber fram þau tilmæli til stjórnarinnar, að breytt sje reglugerðinni frá 18. júlí 1922 um sölu og veitingar vína á þá leið, að burtu falli ákvæðin um yfirlýsingu kaupanda og um sjerstaka vínsölubók.

Tveir nefndarmenn (B. H. og G. S.) láta þess getið, að þeir vilji að stjórnin athugi til næsta þings, hvort eigi muni tiltækilegt að sameina forstöðuna, þegar ráðningartími núverandi vínverslunarforstjóra er á enda.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að málið verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti til þess, að landsstjórnin geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess að draga úr rekstrarkostnaði áfengisverslunarinnar, einkum með því að útvega versluninni hagkvæmara húsnæði og með því að gera afgreiðsluna til viðskiftamanna óbrotnari, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. apríl 1923.

Jón Þorláksson, form. og frsm.	Magnús Jónsson, skrif.

Björn Hallsson. Gunnar Sigurðsson.

Var ekki á fundi er mál þetta var afgreitt í nefndinni, og mun því gera grein fyrir skoðun minni á því í umræðunum.

Magnús Guðmundsson.

(B. LXVIII, 3).

Nd. **489. Lög**

um breyting á lögum nr. 6, 31. mai 1921. [*Seðlaútgáfa Íslandsbanka*].

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl).

1. gr.

Í stað »1922« í 3. málsgrein 2. gr. laga nr. 6, 31. mai 1921, um seðlaútgáfurjett Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl., komi: 1924.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(C. XXIV, 1).

Nd. **490. Tillaga**

til þingsályktunar um sjúkravistarstyrk handa geðveikum mönnum.

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson, Einar Þorgilsson og Lárus Helgason.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr ríkissjóði, þangað til ráðin er bót á sjúkrahúsþrengslunum á Kleppi, nokkurn hluta dvalarkostnaðar geðveiks fólks á svo kölluðum Litla-Kleppi í Reykjavík, svo að hinum framfærsluskyldu verði ekki meir íþyngt vegna þessara sjúklinga en annara, er hafa fengið dvalarstað á aðalsjúkrahælinu, Kleppi.

(A. XXIX, 11).

Nd. **491. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923 og breytingar- og viðaukatillögur við breytingartillögur á þskj. 484.

I. Frá *Magnúsi Pjeturssyni.*
Við 2. gr. 1. Nýr liður:
Til gufueldhúss og þvottavjela á Vífilsstöðum ... ... kr. 30000,00

II. Frá *Eiríki Einarssyni.*
Við brtt. 484, I. Nýr liður:
Til sjúkraskýlis og læknisbústaðar á læknissetri í Grimsneshjeraði, þriðjungur kostnaðar, alt að... ... ... — 3000,00

III. Frá *Jakob Möller.*
Við brtt. 484, VIII. b. Nýr liður:
Til Blaðamannafjelags Íslands, til að senda fulltrúa á fund blaðamanna í Svíþjóð ... ... — 1500,00

IV. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 4. gr. 2. Nýr liður:
Til biskupsins, til þess að sækja norrænan biskupafund í Noregi í sumar ... ... kr. 1800,00

V. Frá *atvinnumálaráðherra.*
Við 5. gr. 8. Nýr liður:
Til Þorvalds stúdents Árnasonar, til lokanáms við ullarverksmiðju á Englandi ... ... — 3000,00

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við brtt. 484, XIX.
Fyrir »ungmennaskólanum á Núpi« kemur: hjeraðssambandi U. M. F. Vestfjarða.

(B. LXVII, 8).

Nd. **492. Breytingartillaga**

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Síðasti málsliður 10. greinar orðast svo:
Þó fá einyrkjar styrk fyrir það, er þeir vinna umfram 5 dagsverk, og jafngilda þau 10 hjá öðrum, að því er snertir ákvæði þessarar greinar.

(B. LIII, 4).

Nd. **493. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ráðuneytinu heimilast að veita fyrirhuguðu hlutafjelagi, sem þeir Eggert bóndi Benediktsson í Laugardælum, Gunnar konsúll Ólafsson í Vestmannaeyjum, Morten kaupmaður Ottesen í Reykjavík, Sigurður hæstarjettarmála-

flutningsmaður Sigurðsson í Reykjavík og Þórður kaupmaður Sveinsson í Reykjavik eru nú í framkvæmdarnefnd fyrir, hlunnindi handa banka, er fjelagið ætlar að stofna í Reykjavík, þau er hjer segir:

a. Ef viðurkenning fyrir innláni glatast, getur bankinn kallað handhafa hennar með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í blaði því, er flytur stjórnvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fyrirvara að gefa sig fram við bankann, og ef enginn hefir gefið sig fram áður en tjeður frestur er liðinn, þá má bankinn greiða upphæðina þeim, sem viðurkenninguna hefir fengið frá bankanum, án þess nokkur annar, sem viðurkenningin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur bankanum.

b. Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanskilið kyrrsetningu og löghaldi.

c. Bankinn hefir sem handveðshafi rjett til þess að selja sjálfur veðið við opinbert uppboð, en að öðru leyti samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum um veð, 4. nóv. 1887, 1. gr.

d. Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða annara stofnana. Í þess stað skal bankinn gjalda í ríkissjóð hluta af hreinum ársarði sínum, sem ákveðst þannig:

Frá ársarðinum dragist fyrst hæfileg fjárhæð til afskriftar af væntanlegu bankahúsi og innanstokksmunum, þar næst beint áfallið tap bankans og síðast 10% af ársarðinum til varasjóðs og 5% af hlutafjárupphæðinni til hluthafaarðs.

Af því, sem fram yfir er, greiðist ríkissjóði:

5% af fyrstu 100 þús. kr.

10% af næstu 100 þús. kr.

25% af afganginum.

Hlunnindin samkvæmt lögum þessum haldast fyrst um sinn þann tíma, sem nú er eftir af hlunnindatíma Íslandsbanka, samkvæmt lögum nr. 11, 7. júní 1902, og auglýsingu nr. 48, 25. nóv. 1903.

e. Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem útgefast af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar, hlutabrjef bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

2. gr.

Hlunnindi þau, sem ræðir um í 1. gr., ná einnig til útibúa þeirra, sem bankinn kann að setja á stofn.

3. gr.

Hlunnindi þau, sem í 1. gr., sbr. 2. gr., segir, eru þessum skilyrðum bundin:

a. Hlutafje bankans má eigi vera minna en 2 miljónir og eigi meira en 6 miljónir króna, og skulu að minsta kosti 55% hlutafjárins boðin út inn-

anlands í hálft ár eftir að lögin öðlast gildi. Meiri hluti bankastjórnar (bankaráðs) sje Íslendingar, búsettir á Íslandi.

b. Bankinn skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.
c. Ráðuneytið skipar einn af þrem endurskoðendum bankans.
d. Bankinn skal jafnan hafa í auðseldum innlendum verðbrjefum, er ráðherra tekur gild, sem svarar minst 10% af innlánsfje því, er hann hefir hverju sinni, til tryggingar því.
e. Reikninga bankans skal birta opinberlega á þann hátt, sem leyfisbrjef segir til.
f. Bankinn má ekki lána fje gegn trygging í hlutabrjefum sjálfs sín.
g. Bankinn skal taka til starfa fyrir árslok 1924.
h. Ráðuneytið getur sett bankanum frekari skilyrði í leyfisbrjefinu, ef þörf þykir, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. LXVII, 9).

Ed. **494. Frumvarp**

til jarðræktarlaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 470 með þessum breytingum:

15. gr. hljóðar svo:

Úr ríkissjóði má árlega veita fje til að starfrækja og gera tilraunir með jarðræktarvjelar, svo sem þúfnabana, skurðgröfur og aðrar stærri nýtiskuvjelar, sem eru við hæfi hjer á landi. Árlegt tillag úr ríkissjóði má þó ekki nema meiru en svo, að tekjur Vjelasjóðs og tillag ríkissjóðs verði samtals 50000 kr.

17. gr. hljóðar svo:

Ríkisveðbankinn hefir á hendi innheimtu lána þeirra, er í 16. gr. getur, og skulu vextir og afborganir renna í sjerstakan sjóð, er nefnist »Vjelasjóður«. Markmið þessa sjóðs er að útvega og gera tilraunir með landbúnaðarvjelar og starfrækja þær, ef þörf krefur.

Ef Ríkisveðbankinn verður eigi tekinn til starfa áður en innheimta þarf vexti eða afborganir af lánum þessum, hefir Búnaðarfjelag Íslands innheimtuna á hendi, þar til bankinn tekur til starfa.

(B. LXXIII, 4).

Ed. **495. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað mál þetta og umsóknir þeirra manna, er frv. vill veita ríkisborgararjett, og telur ekkert því til hindrunar, að beiðni þeirra fái ábeyrn.

Það skal þó tekið fram, að öllum umsóknum erlendra manna um ríkisborgararjett hjer á landi ætti að beina jafnan til stjórnarinnar, eins og tíðkast mun annarsstaðar. Nefndin vill því endurtaka tilmæli allsherjarnefndar Nd. 1921 í samskonar máli, um að »ríkisstjórnin gefi út auglýsingu, þar sem ákveðið sje, fyrir hvaða tíma á árinu skuli sótt til ráðuneytisins um veitingu ríkisborgararjettar«. Ætti þá sennilega að búa til eyðublöð undir slíkar umsóknir, svo að umsækjendur viti fyrirfram, hverjar skýrslur gefa þarf. En umsóknir þær, er til greina eru teknar, eru svo lagðar fyrir Alþingi í stjórnarfrumvarpi.

Með þessum athugasemdum leggur nefndin til, að frv. verði samþykt.

Alþingi, 30. apríl 1923.

Jón Magnússon, form., frsm.	Sigurður H. Kvaran.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskr.

(B. LXXVII, 3).

Nd. **496. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, frá 19. febrúar 1886.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ölfusá skal undanþegin þeim ákvæðum i 1. gr. laga um friðun á laxi, frá 19. febrúar 1886, sem tilfærð eru hjer á eftir innan tilvitnunarmerkja og hljóða þannig: »A þessum veiðitima skal þó lax friðaður 36 stundir i viku hverri, eða frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum, og skulu

þá öll laxanet tekin upp og allar veiðivjelar standa opnar, svo lax hafi frjálsa göngu«.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 15. júní 1923.

(B. LXV, 3).

Nd. **497. Frumvarp**

til laga um sandgræðslu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Landsstjórnin hefir yfirstjórn sandgræðslumála í landinu. En öll forstjórn opinberra ráðstafana til sandgræðslu og varnar gegn uppblæstri og sandfoki á landi skal falin Búnaðarfjelagi Íslands, en það skal hafa í sinni þjónustu sandgræðslumann, skipaðan af landsstjórninni, með sjerþekkingu á sandgræðslu.

2. gr.

Heimilt er landsstjórninni að láta girða svæði, sem uppblásturshætta getur stafað af, í þeim tilgangi, að þar verði unnið að sandgræðslu, bæði til þess að koma í veg fyrir uppblástur, svo og til þess að græða foksvæðin að fullu. Allan þann tíma, sem að sandgræðslunni er unnið, hefir landsstjórnin full umráð yfir því svæði, sem sandgræðslan fer fram á, og verður landeigandi að hlíta þeim reglum, sem að sandgræðslunni lúta.

3. gr.

Landsstjórnin ákveður, í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefndir og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, hver svæði skuli tekin til girðingar og sandgræðslu.

Sá, er óskar að fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, sendi Búnaðarfjelagi Íslands beiðni um það, og lætur fylgja ítarlega skýrslu um ástæður allar.

Þau svæði skulu að öðru jöfnu vera látin ganga fyrir, þar sem eigendur, hlutaðeigandi hreppur eða sýsla bjóða mest fje fram til verksins.

4. gr.

Kostnaður við girðingu, græðslu og viðhald foksvæðis eða sandgræðslusvæðis skal greiddur að 1/2 úr ríkissjóði, en að 1/2 af landeiganda. Abyrgð hlutaðeigandi hrepps eða sýslu skal fengin fyrir því, að landeigandi greiði sinn hluta af kostnaðinum jafnótt og þörf krefur, og veitist aldrei lán úr ríkissjóði til þess hluta kostnaðarins. Allur arður af girtu sandgræðslusvæði skal ganga óskiftur til viðhalds og græðslu þess, þar til fram er farin afhending sú, er getur um í 10. grein.

5. gr.

Land, sem uppblástur eða sandfok er á og hætta stafar af, en eigendur þess, hlutaðeigandi hreppur eða sýsla vilja ekki kosta græðslu á, getur landsstjórnin tekið eignarnámi.

Eignarnámið skal fram fara eftir fyrirmælum laga nr. 61, 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms. Nú hefir foksvæði verið tekið eignarnámi, og er þá landsstjórninni skylt að láta byrja á sandgræðslu þar svo fljótt sem unt er.

6. gr.

Nú selur landsstjórnin landssvæði það, sem tekið hefir verið eignarnámi, og skal þá eigandi jarðar þeirrar, sem landið hefir áður fylgt, eiga forkaupsrjett að því. Afsali hann sjer forkaupsrjetti, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 4, 28. nóv. 1919, um forkaupsrjett á jörðum.

7. gr.

Á þeirri jörð, sem unnið er að sandgræðslu á, er þeim, sem umsjón hefir með verkinu fyrir hönd ríkisins, heimilt að taka endurgjaldslaust það efni, sem nota má við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, grassvörð, hús, viðikvisti, slægjur, þara, þang, leir, fræ og annað, er nota þarf við sandgræðsluna. Einnig er honum heimil hagaganga fyrir hesta, sem nota þarf til vinnu. Sje hinsvegar um landspjöll eða skerðing á venjulegum jarðarafnotum að ræða, getur landeigandi eða ábúandi krafist bóta eftir mati.

8. gr.

Ef einstakir menn setja girðingar fast við sandgræðslugirðingar eða áfastar við þær, án leyfis, skulu hlið vera á þeim, eigi fjær en 50 m., svo að hægt sje að vinna tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunum og fara í kringum þær til eftirlits.

9. gr.

Ekki má óupphleyptur vegur liggja um girt sandgræðslusvæði nje svo nærri girðingunni, utanvert við hana, að umferðin þar geti valdið uppblæstri. Nú þarf af þessum ástæðum að gera girðingar eða vegi, og skulu þá girðingarnar kostaðar á sama hátt og sandgræðslan, en vegirnir af hreppum eða sýslum, og eru þeir sandgræðslunni óviðkomandi.

10. gr.

   2. Alt að 100000 kr. fyrir Búðahrepp í Fáskrúðsfirði, til rafmagnsveitu. Sbr. fjárlög 1920—21. (Endurveiting).
   3. Alt að 100000 kr. til fyrirhugaðs stúdentagarðs í Reykjavik, gegn öðrum veðrjetti i húsinu. Skilyrði fyrir lánsábyrgð þessari eru þau, að ekki hvíli meira en 100000 kr. á 1. veðrjetti, og nær ábyrgðin ekki lengra en til eins þriðja byggingarkostnaðar.

II. Stjórninni er heimilt að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

III. Stjórninni er heimilt að láta Bandalagi kvenna í tje ókeypis lóð á norðanverðu Arnarhólstúni undir fyrirhugað kvennaheimili.

IV. Stjórninni er heimilt að greiða alt að $^3/_4$ hlutum af því tjóni, sem verða kann á tilraunum Sambands íslenskra samvinnufjelaga til að senda kælt kjöt eða fryst á erlendan markað, miðað við saltkjötsverð á sama tíma. Tilraunirnar skulu gerðar með eftirliti landsstjórnarinnar.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1924, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1923 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar i lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(A. XXIX, 13).

Nd. **500. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

Frá Sveini Ólafssyni og Birni Hallssyni.

Við 5. gr. Nýr liður:

Til Guttorms Pálssonar, eftirstöðvar af byggingarkostnaði árið 1921 ... ... kr. 1900,00

(B. XXXI, 2).

Nd. **501. Nefndarálit**

um frv. til laga um nöfn.

Frá mentamálanefnd.

Aðaltilgangur þessa frv. er að koma i veg fyrir það ættarnafnafargan, sem nú upp á síðkastið hefir færst mjög í vöxt, gagnstætt gömlum og góðum sið um mannanöfn og íslenskri tungu til engrar prýði. Nefndin telur rjett

að taka upp sið feðra vorra um mannanöfn meðan íslensk tunga var ósnortin af erlendum áhrifum og andhælisskap. Sumt er þó í frv., sem nefndin fellir sig ekki við, og vill því fella niður, auk þess sem hún vill draga efni þess saman í styttra mál, án þess að raska meginákvæðum þess.

Heimild manna til viðurnefna að fornum sið vill nefndin sleppa; getur sú heimild orðið til miður smekklegra viðurnefna, eða jafnvel ónefna. Auk þess eru nafnfestisákvæðin óákveðin og eftirlit með þeim næsta örðugt, þótt ákveðnari væru.

Sömuleiðis hefir nefndin orðið ásátt um þá efnisbreytingu á frv. að sleppa 9. og 10. gr. Þykir henni, að því er kemur til 9. gr., ekki þörf á frekari lagaákvæðum um bæjanöfn en nú eru í lögum nr. 31, 20. nóv. 1913, um bæjanöfn.

Ákvæði 10. gr. telur nefndin fara fulllangt í lotningu fyrir hinum heiðnu goðum og enga goðgá að kenna við þau götur í íslenskum bæjum, heldur fremur til virðingar við þau og til engra skemda íslenskri tungu.

Nánara í framsögu um breytingarnar.

Nefndin ræður því hv. deild til að samþykkja frv. með eftirfylgjandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Hver maður skal heita einu íslensku nafni og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla æfi.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Þeir íslenskir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, mega halda þeim alla æfi. Sama er og um þá erlenda menn, sem til landsins flytjast.

3. Við 4. gr. Greinin falli niður.

4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rjett eru að lögum íslenskrar tungu. Prestar skulu hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum sje fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild háskólans úr.

5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórnarráðið gefur út skrá, eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum. Skrá þessi skal send öllum prestum landsins. Skráin skal gefin út á hverjum 10 ára fresti, að lokinni útgáfu hins almenna manntals.

6. Við 9. og 10. gr. Greinarnar falli burtu.

7. Við 11. gr.
Fyrir »200 til 2000« komi: 100 til 500.

8. Við sömu grein. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi.
Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. Við fyrirsögn frumvarpsins.
Fyrir »nöfn« komi: mannanöfn.

Alþingi, 1. maí 1923.

Þorsteinn Jónsson, form.	Sigurður Stefánsson, frsm.	Gunnar Sigurðsson, ritari.

Einar Þorgilsson. Magnús Pjetursson.

(B. XXV, 13).

Nd. **502. Lög**

um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914. [*Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar*].

(Afgreidd frá Nd. 1. maí).

1. gr.

Á eftir 1. gr. laga nr. 47, 30. nóv. 1914, komi ný málsgrein, er verður 2. málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti mega þeir menn greiða atkvæði, sem eru ekki ferðafærir sakir elli eða vanheilsu, og komast því ekki á kjörstað, þótt þeir sjeu staddir í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá. Forföll eru sönnuð með læknisvottorði í kaupstöðum og hreppi, sem læknir býr í, en annarsstaðar með vottorði læknis eða hreppstjóra. Atkvæðagreiðsla þeirra manna, er um ræðir í þessari málsgrein, má eigi fram fara fyr en daginn fyrir kjördag, ef kjósandi á heima á kjörstað, og ekki fyr en tveim dögum fyrir kjördag, ef hann á heima utan kjörstaðar.

2. gr.

A eftir 1. málsgr. 4. gr. komi ný málsgr., er hljóði svo:

Nú skýrir kjósandi frá því, að hann, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, sje eigi fær um að kjósa á þann hátt, sem fyrirskipað er í lögum

þessum, og skal þá sá, er vottorðið gefur, tilnefna nærstaddan kjósanda til að veita honum aðstoð til að kjósa og fara að jafnaði við tilnefninguna að vilja hins sjúka. Skal þessa getið í fylgibrjefinu, svo og nafns þess, er aðstoðina veitti. Sá, er aðstoðina veitti, er bundinn þagnarskyldu um það, hvernig atkvæði kjósanda hefir fallið.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella texta 1.—2. greinar þeirra í meginmál laga nr. 47, 30. nóv. 1914, og getur konungur gefið þau lög út með fyrirsögninni: Lög um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

(B. LXXVII, 4).

Nd. **503. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, frá 19. febr. 1886.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 1. gr.

Upphaf greinarinnar orðist þannig:

Ölfusá, Hvítá og aðrar laxveiðiár í Árnessýslu skulu undanþegnar þeim ákvæðum o. s. frv.

(B. LV, 4).

Ed. **504. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um friðun Þingvalla.

Frá Guðmundi Guðfinnssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Almannagjá og sá hluti Brúsastaða- og Þingvallakirkjulands, sem er austan hennar, en sunnan Ármannsfells og beinnar stefnu milli Stóragils og Hlíðargjár, skulu tekin undan jörðunum að öllu leyti og vera friðlýst.

2. Við 2. gr. Fyrir orðin »Fram að — landsstjórnarinnar« komi:
Til aðstoðar landsstjórninni ræður nefnd manna yfir hinu friðlýsta svæði.
Í stað orðanna »sagnfræðingur — Íslands« komi:
og þeir menn aðrir, er landsstjórnin skipar.

3. Við 3.—6. gr. Í stað þeirra komi ein grein, 3. gr., og orðist svo:
Nefnd þessi kallast Þingvallanefnd. Verkefni hennar er að gera ráðstafanir til að verja hið friðlýsta svæði hvers konar skemdum. Samkvæmt tillögum hennar ákveður landsstjórnin með sjerstakri reglugerð um notkun þess og friðun, ræður umsjónarmann með því og setur honum erindisbrjef. Landsstjórnin getur heimilað nefndinni að láta taka gjald af þeim mönnum, er óska að dvelja á hinu friðlýsta svæði, og má nefndin þá verja því fje til friðunarinnar.

4. Við fyrirsögnina bætist orðin: og Þingvallaskógar.

(A. XI, 11).

Nd. **505. Frumvarp**

til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar er hann hefir dvalist í 5 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk á þeim árum.

2. gr.

Hjer heimilisfastir danskir ríkisborgarar vinna sjer sveit eftir þeim reglum, er segir í 1. gr.

Aðrir utanríkismenn vinna sveit hjer á landi, þá er þeir fá íslenskan ríkisborgararjett, og eiga þá framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili er þeir öðlast ríkisborgararjettinn, þangað til þeir hafa unnið sjer sveit, eftir reglum 1. greinar, annarsstaðar.

3. gr.

Þeirri sveitfesti, er menn hafa unnið sjer áður en lög þessi ganga í gildi, halda þeir þangað til þeir þar eftir hafa unnið sjer sveitfesti annarsstaðar samkvæmt lögum þessum. Að öðru leyti fer um sveitfesti manna frá

þeim degi að telja, er þau öðlast gildi, svo sem segir fyrir um í lögum þessum. Þó skulu þeir menn, er dvalið hafa síðustu 5 árin áður en lögin komu í gildi sveitfestisdvöl í einhverri sveit, vinna sjer þar framfærslusveit, ef þeir halda áfram dvöl sinni þar á eftir í hinni sömu sveit enn 2 ár, og að öðru leyti uppfylla skilyrði laga þessara. Ef mann skortir minna en 2 ár til þess að hafa unnið sjer sveit með 10 ára dvöl þá er lög þessi öðlast gildi, þá þarf hann þó ekki að halda áfram dvöl sinni í sömu sveit nema þann tíma, sem á vantar til þess að 10 árin verði full, enda uppfylli hann að öðru leyti lögmælt skilyrði fyrir sveitfesti.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 32., 36. og 37. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 og önnur ákvæði, sem koma kunna í bága við þessi lög.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1924.

(A. XI, 12).

Nd. 506. Viðauka- og breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá Magnúsi Pjeturssyni.

1. Við 3. gr.

Á eftir greininni komi 2 nýjar greinar, svo látandi:

a. Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á geðveikrahæli eða sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala, þá greiðir framfærslusveit hans $^3/_5$ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 krónur á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en ekki gildir ákvæði þetta nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Þessi lagafyrirmæli gilda einnig um þá sjúklinga, sem komið er fyrir utan heimilis síns, þótt ekki sjeu þeir á þeim stöðum, sem að ofan eru greindir, ef læknir telur slíkt nauðsynlegt.

Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög fara í bága við þessa grein.

Engan þann styrk, sem veittur er samkv. þessari grein, en undir meðlagskostnað telst lyf og læknishjálp, má skoða sem sveitarstyrk.

b. Nú er manni, sem á framfærslurjett hjer á landi, veittur sveitarstyrkur erlendis, og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann

styrk, alt að 400 kr. um árið. Það, sem þar er fram yfir, greiðist úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess þurfamanns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til framfærsluhreppsins, ef til slíks flutnings kemur.

Styrkur samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan er ekki afturkræfur.

2. Við 4. gr.

Greinina skal orða svo:

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 32., 36., 37., 77. og 78. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905. Sömuleiðis lög nr. 61, frá 27. júní 1921, um breytingu á þeim lögum, og önnur ákvæði, sem koma kunna í bága við lög þessi.

(C. XVII, 2).

Ed. **507. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um stofnun húsmæðraskóla á Staðarfelli.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með, að tillagan verði samþykt með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að gera sem allra fyrst ráðstafanir til, að stofnaður verði húsmæðraskóli fyrir Vesturland að Staðarfelli.

Alþingi, 1. maí 1923.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. Jónas Jónsson, frsm. Karl Einarsson.

(D. XIII, 1).

Nd. **508. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um meðferð utanríkismála.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Hvers vegna hefir stjórnin eigi enn þá orðið við áskorun hins íslenska hluta ráðgjafarnefndarinnar samkvæmt 16. gr. sambandslaganna um það að hafa sjerstakt ráðherradæmi fyrir utanríkismálin?

Hvenær ætlar stjórnin að gera þetta?

Hvers vegna leitar stjórnin eigi fjárveitingar til þess að hafa sendimenn í Lundúnum og í Miðjarðarhafslöndunum?

(A. XXIX, 14).

Nd. **509. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 498 [*Fjáraukalög 1923*].

Frá Pjetri Ottesen.

Fyrir »5 ár« komi: 3 ár.

(B. LIII, 5).

Nd. **510. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

Frá M. J. Kristjánssyni.

1. Við 1. gr.
   Á eftir orðunum »greiðist ríkissjóði« í d-lið komi:
   10% fyrir »5%«
   20% — »10%«
   50% — »25%«.

2. Við 3. gr. a. Fyrir »hálft ár« komi: eitt ár.

3. — - — c. Fyrir »einn af þrem« komi: tvo af þrem.

(B. XLIII, 6).

Ed. **511. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka.

Frá fjárhagsnefnd.

Með skírskotun til greinargerðarinnar við frumv. leggur nefndin til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 1. maí 1923.

Guðm. Ólafsson, form. Karl Einarsson, ritari og frsm. Sigurður Jónsson.

Björn Kristjánsson. Sigurður H. Kvaran.

(B. LIII, 6).

Nd. **512. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavik.

Frá Gunnari Sigurðssyni.

Við 3. gr. a-lið:
Fyrir »2 miljónir« kemur: 3 miljónir.

(A. XI, 13).

Nd. **513. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá Gunnari Sigurðssyni.

Við 1. gr.
Fyrir »5 ár« komi: 4 ár.

(A. XI, 14).

Nd. **514. Breytingartillaga**

við frv. til laga um þreyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1915.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 4. gr. Eftir »10. nóv. 1905« komi: svo og orðin í lögum nr. 33, 20. okt. 1913, fyrri málsgr.: eða þurfalingur verður, eftir úrskurði læknis . . . meðan hann verður eigi fluttur.

(A. XXIX, 14).

Nd. **515. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 2. gr. 9. Nýr liður:

Til Kristjáns Jónassonar, til þess að bæta honum að nokkru skaða, er hann beið af sóttvarnarráðstöfunum ... ... kr. 1000,00.

(B. XLVII, 2).

Nd. **516. Nefndarálit**

um frv. til laga um mælitæki og vogaráhöld.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir rætt þetta frv. allmikið og fellst á efni þess í aðalatriðum.

Nokkur reynsla er nú fengin um þessa stofnun, enda mun nú einni umferð lokið um landið til þess að leiðrjetta og löggilda áhöld þessi.

En þessi reynsla hefir leitt það í ljós yfirleitt, að löggildingarstofan hefir aflað sjer fremur óvinsælda meðal landsmanna. Óvinsæld þessari veldur fyrst og fremst það, að löggildingin og eftirlitið hefir orðið svo dýrt og fyrirhafnarmikið, að það hefir jafnvel komið fyrir, að ódýrara hefði verið að fá áhöldin ný beint frá útlöndum. Hinsvegar hefir þetta fyrirtæki borið sig allveg fjárhagslega, og

þess vegna ekki orðið landssjóði þungur baggi. En þar sem sá kostnaður hefir lagst á landsmenn í stað ríkissjóðs, kemur það nokkuð í sama stað niður.

Eftir frv. eiga lögreglustjórar að hafa eftirlitið og löggildinguna á hendi. En þar sem þeir hefðu þá allstór svæði til eftirlits, telur nefndin tiltækilegra að fela þeim eftirlitið og löggildinguna að eins í kaupstöðunum, en láta hreppstjóra hafa eftirlitið í kauptúnum og sveitum.

Í öllum kaupstöðum landsins munu nú vera svo góð verkstæði, að hægt sje að framkvæma flestar aðgerðir þessara tækja þar. Telur nefndin því óþarft að láta senda öll mælitæki og vogaráhöld, sem endurlöggilda þarf, til Reykjavíkur, heldur láta hlutaðeigandi lögreglustjóra hafa þá löggildingu á hendi.

Hinsvegar ætlast nefndin til, að öll ný áhöld, sem keypt eru frá útlöndum, sjeu keypt löggilt; en ef slík áhöld yrðu smíðuð hjer á landi, verður að löggilda þau áður en þau eru notuð.

Áður en löggildingarstofan var sett á laggirnar, höfðu lögreglustjórar eftirlit og löggildingu þessa á hendi. Nefndinni virðist þetta eftirlit ekki svo vandasamt starf, að sæmilega greindir alþýðumenn geti ekki vel haft það á hendi. Þess vegna ætlast hún til, að það sje falið hreppstjórum í sveitum og kauptúnum. En auðvitað þurfa þeir að hafa áhöld þau, sem til þess þarf, og þekkja þær reglur, sem fara á eftir. Þarf því að kaupa eitthvað af áhöldum og dreifa út um land, og fylgir því einhver kostnaður í svipinn. En þar sem ekki mun þörf eftirlits úti um sveitir landsins, þar sem ekki eru verslanir, þá er óþarft að senda þau áhöld til allra hreppstjóra. Auk þess ættu áhöld þessi að geta gengið eitthvað á milli hreppstjóra og lögreglustjóra, þannig að fleiri en einn notuðu sömu tæki.

Nefndin ætlast til þess, að öll mælitæki og vogaráhöld, sem fengin eru frá útlöndum, sjeu keypt löggilt, enda sje þar sami mælir og vog sem hjer.

Enga ástæðu telur nefndin til þess að ætla lögreglustjórum borgun fyrir eftirlitið; en fyrir skoðunina, sem 5. gr. ákveður, virðist henni sanngjarnt, að þeim sje greiddur útlagður kostnaður. Hins vegar hafa hreppstjórar, eins og aðrir alþýðumenn, litil laun fyrir störf sín, og telur nefndin því rjett, að þeir fái þóknun fyrir eftirlit sitt, samkvæmt lögum um laun hreppstjóra frá 1917.

Samkvæmt framanskráðu ræður nefndin háttv. deild til að samþykkja frv. með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

   Löggilding mælitækja og vogaráhalda hafa lögreglustjórar í kaupstöðum á hendi. Löggildingin fer fram á þann hátt, að stimplað er á tækin löggildingarmerki, sem er fangamark Kristjáns konungs X. með kórónu, og auk þess merki, er gefi til kynna, hvaða ár löggildingin hafi farið fram.

2. 3. gr. frv. orðist svo:

   Mælitæki og vogaráhöld, sem flutt eru til landsins frá útlöndum til notkunar þeirrar, er ræðir um í 1. gr., skulu vera löggilt af opinberri lög-

gildingarstofnun í því landi, sem þau eru búin til í, enda sje þar notað sama mál og vog, sem hjer er lögleitt. Slík tæki skulu ekki vera löggildingarskyld hjer á landi, meðan þau reynast rjett og eru óskemd.

3. 4. gr. frv. orðist svo:
Heimilt er hverjum þeim, sem vogaráhöld og mælitæki þarf að nota, að kaupa þau hvar sem best þykir, enda sje gætt fyrirmæla 3. gr., ef tækin eru útlend, og eigi má nota þau til þess, er ræðir um í 1. gr., fyr en lögreglustjóri hefir löggilt þau, nema svo standi á sem segir í 3. gr.

4. Við 5. gr. Fyrir orðin »Hann getur« komi: Þeir geta.

5. Við sömu gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar i kauptúnum og sveitum skulu á þriggja ára fresti skoða og rannsaka öll mælitæki og vogaráhöld, sem ætluð eru til notkunar þeirrar, er ræðir um i 1. gr. Skulu hreppstjórar gefa skýrslu um þessa skoðun til sýslumanna, en sýslumenn og lögreglustjórar til stjórnarráðsins.

6. Á eftir 5. gr. komi ný grein, er verður 6. gr., svo hljóðandi:
Nú reynist vogaráhald eða mælitæki skakt eða ónákvæmt við skoðun samkv. 5. gr., eða slíkt kemur í ljós á annan hátt, og er þá óheimilt að nota áhaldið eða tækið fyr en viðgerð hefir fram farið á því og áhaldið eða tækið verið löggilt að nýju.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Lögreglustjórum ber engin sjerstök borgun fyrir hið almenna eftirlit eftir þessum lögum. Fyrir hina almennu skoðun samkv. 5. gr. skal ríkissjóður greiða lögreglustjórum i kaupstöðum útlagðan kostnað þeirra eftir sanngjörnum reikningi, en um greiðslur til hreppstjóra fer eftir 7. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917.
Fyrir löggildingu ber lögreglustjórum borgun frá eigendum tækjanna, eftir gjaldskrá, er ráðherra setur.

8. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

Alþingi, 1. maí 1923.

Jón Þorláksson, form.	Magnús Jónsson, ritari.	Björn Hallsson, frsm.

Magnús Guðmundsson. Gunnar Sigurðsson.

(B. LIII, 7).

Nd. **517. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka i Reykjavík.

Frá Pjetri Þórðarsyni.

1. Við 1. gr.
Á eftir orðunum: »greiðist ríkissjóði« í d-lið komi:
10% fyrir »5%«
20% — »10%«.

(B. LXXXVIII, 1).

Ed. **518. Frumvarp**

til laga um lífeyri handa fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis Einari Þorkelssyni.

Frá fjárveitinganefnd.

Fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis Einari Þorkelssyni greiðast árlega úr ríkissjóði 2150 krónur í lífeyri, ásamt verðstuðulsuppbót eftir ákvæðum launalaganna, frá 1. janúar 1924 að telja.

Greinargerð.

Fyrverandi skrifstofustjóri Alþingis Einar Þorkelsson hefir orðið fyrir því mótlæti að missa heilsuna, og er þess lítil von, að hann verði starfsfær aftur. Hann hefir starfað við Alþingi í mörg ár og verið skrifstofustjóri þess síðan 1914, þar til hann varð að segja þeim starfa lausum frá síðustu áramótum vegna heilsubrestsins, og hafa forsetar Alþingis, í samráði við fjárveitinganefndirnar, ákveðið honum lífeyri fyrir yfirstandandi ár.

Maður þessi hefir staðið mjög vel í stöðu sinni, en er efnalaus og hefir orðið að kosta miklu til síðustu árin til þess að ná heilsu, og á auk þess fyrir stórri fjölskyldu að sjá.

Fjárveitinganefndin telur nú skylt að tryggja manni þessum nokkurn lífeyri úr ríkissjóði, og ber því fram frumvarp þetta.

(A. I, 24).

Ed. **519. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1923.

I. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 10. gr. B. 6. Nýr liður:
Til að gefa út manntalið 1703 1000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 12. gr. 4. Liðurinn verður þannig:
Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði, 800 kr. með verðstuðulsuppbót, enda nýtur hann eigi annara launa úr ríkissjóði 1280
2. Við 12. gr. 14. b. (Ísafjarðarspítalinn).
Aftan við liðinn kemur þessi aths.:
Styrkurinn kemur því að eins til útborgunar, að útlit sje fyrir, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi fyrir gjöldunum.

III. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við 12. gr. 14. h. Nýr liður:
Styrkur handa lækni til augnlækninganáms erlendis ... 2000
Styrk þennan veitir stjórnarráðið, að fengnum tillögum landlæknis.

IV. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason, Guðmundi Guðfinnssyni* og *Hirti Snorrasyni.*
Við 12. gr. 14. h. Nýr liður:
Til Skúla V. Guðjónssonar læknis, til að nema heilbrigðisfræði erlendis 1800

V. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 13. gr. B. VII. Nýr b.-liður:
Til vegagerðar að »Bás« í Vík í Mýrdal og lendingarbóta þar, gegn að minsta kosti jafnmiklu annarsstaðar að 7500
2. Við 14. gr. A. a. 2. (Skrifstofa biskups).
Fyrir orðin »eftir reikningi« komi: eftir reikningi, alt að.
3. Við 14. gr. B. XIII. 7. Nýr liður:
Til Árna Theódórs Pjeturssonar fyrv. kennara, uppbót í eitt skifti fyrir öll 1200

VI. Frá *Guðmundi Guðfinnssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 4. Nýr liður:
Til að byggja unglingaskóla í Vík í Mýrdal 2500

VII. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 15. gr. 43. Nýr liður:
   Til Hljóðfæraskólans í Reykjavík... 1200
2. Við 15. gr. 44. (Þórarinn Guðmundsson fiðluleikari).
   Aftan við liðinn bætist:
   og gangi þar kennaraefni fyrir öðrum.
3. Við 16. gr. 13. c. og d. (Ullarmatsm. og kjötmatsm.).
   Fyrir »2880« kemur 2560
   og fyrir »6000« kemur 4800 (leiðrjetting).
4. Við 16. gr. 38. (Siglufjarðarbryggjan).
   Athugasemdin við liðinn verður svo:
   Landsstjórnin hefir verkfræðilegt eftirlit með því að bryggjugerðin sje tryggilega af hendi leyst. Bryggjan skal heimil til almenningsnota.
5. Við 16. gr. 39. (Lendingarbót í »Bás«).
   Liðurinn fellur niður.
6. Við 18. gr. II. a. 6. (Einar Þorkelsson).
   Liðurinn fellur niður.
7. Við 18. gr. II. e. 13. (Árni Th. Pjeturss.).
   Liðurinn fellur niður.

VIII. Frá *Guðmundi Guðfinnssyni.*

1. Við 21. gr. 5. Nýr liður:
   Alt að 7000 kr. til sýslufjelags Rangárvallasýslu, til endurbyggingar Holtavegarins. Lánið veitist til 10 ára, gegn $5^1/_2$% vöxtum.
2. Við 21. gr. 11. Nýr liður:
   3000 kr. til ábúandans á Hliðarenda i Fljótshlíð, gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar. Lánið veitist til 20 ára, gegn $5^1/_2$% vöxtum.

IX. Frá *Karli Einarssyni.*

Við 22. gr. I. 1. Nýr liður:
Alt að 80000 kr. fyrir Vestmannaeyjakaupstað, til aukningar rafmagnsveitunni þar. Sbr. fjárlög 1923, 21. gr. 9. (Endurveiting).

(A. XXIX, 16).

Ed. **520. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1923, eru veittar 330010 kr. til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) eru veittar 55735 kr.

1.	Styrkur til læknisvitjana handa Reykhólahjeraði:		
	a. fyrir árið 1922 ... ... kr. 250,00		
	b. fyrir árið 1923 ... ... — 250,00	kr.	500,00
2.	Til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Blönduósi, þriðjungur kostnaðar, alt að	—	17000,00
3.	Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Síðuhjeraði, þriðjungur kostnaðar, alt að	—	10000,00
4.	Til sjúkrahúss á Sauðárkróki, þriðjungur kostnaðar, alt að	—	4200,00
5.	Til útgáfu ljósmóðurfræði, viðbótarstyrkur	—	2000,00
6.	Til geislalækningastofu ríkisins, til nýrra tækja..	—	4800,00
7.	Til geitnalækninga, $^3/_5$ kostnaðar...	—	3000,00
8.	Til breytingar á Röntgentækjunum á Akureyri, helmingur kostnaðar, alt að	—	5000,00
9.	Sjúkrakostnaður nokkurra taugaveikisjúklinga á Flensborgarskólanum	—	1635,00
10.	Til Sigvalda læknis Stefánssonar Kaldalóns, sjúkrastyrkur ...	—	1500,00
11.	Til Benedikts Björnssonar, til að leita sjer lækninga við sjóndepru	—	2500,00
12.	Til Páls Vigfússonar, til að leita sjer lækninga við berklaveiki	—	1600,00
13.	Til Elínar Sigurðardóttur, í sama skyni	—	1000,00
14.	Til Kristjáns Jónassonar, til þess að bæta honum að nokkru skaða, er hann beið að sóttvarnarráðstöfunum	—	1000,00
		Samtals kr.	55735,00

3. gr.

Til viðbótar við 13. gr. fjárlaganna (samgöngumál) eru veittar 136200 kr.

1.	Styrkur til bifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir ... Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir, með endastöðvum í Garðsauka og á Húsatóftum.	kr.	2000,00
2.	Aukastyrkur til Djúpbátsins (póstbátsins á Ísafjarðardjúpi) og til Breiðafjarðarbátsins Svans, 10000 kr. til hvors	—	20000,00
3.	Viðbótarlína frá Reykjarfjarðarsíma að Kaldrananesi	—	6500,00
4.	Til uppbótar á launum starfsmanna landssímans og talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, samkvæmt tillögum landssímastjóra...	—	17700,00
5.	Til vitabygginga 1921 og 1922 (gengismunur)...	—	75000,00
6.	Styrkur til byggingar innsiglingarvitanna við Berufjörð... ...	—	4000,00
7.	Til að endurreisa staurараðir á Kálfafellsmelum og Skeiðarársandi og til sjómerkja	—	11000,00
		Samtals kr.	136200,00

4. gr.

Til viðbótar við 15. gr. fjárlaganna (vísindi og listir) eru veittar 32900 kr.

1.	Til aðgerða á Þingvöllum	kr.	3000,00
2.	Til aðgerða á Bessastaðakirkju	—	450,00
3.	Til að gera eirsteypu af minnismerki Einars Jónssonar um Hallgrím Pjetursson...	—	4000,00
4.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna, föst laun fyrir þrjá síðustu mánuði ársins, auk dýrtíðaruppbótar	—	1250,00
5.	Til orðabókar Sigfúsar Blöndals (lokaveiting)	—	15000,00
6.	Til ritstarfa:		
	a. Til dr. Helga Pjeturss ... ... kr. 1600,00		
	b. Til Jakobs Thorarensens ... ... — 800,00		
	c. Til Stefáns frá Hvítadal ... ... — 800,00		
		—	3200,00
7.	Til Emanuel Cortes, yfirprentara, til að sækja prentlistarsýningu í Gautaborg sumarið 1923	—	2500,00
8.	Til Hljóðfæraskólans í Reykjavík...	—	1000,00
9.	Fyrsta afborgun af andvirði fyrir handrit dr. Jóns J. Aðils um sögu Íslands	—	2500,00
	Samtals	kr.	32900,00

5. gr.

Til viðbótar við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) eru veittar 101500 kr.

1.	Til framhalds hafnargarði á Sandi alt að	kr.	10000,00
2.	Til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungarvík	—	20000,00
3.	Til sjóvarnargarðs á Siglufirði, gegn jafnmiklu frá kaupstaðnum og gegn því, að kaupstaðurinn skuldbindi sig til að halda við mannvirkinu eftir sömu hlutföllum	—	30000,00
4.	Til bryggjugerða, þriðjungur kostnaðar:		
	a. Til hafskipabryggju á Reyðarfirði (endurveiting) alt að ... ... kr. 12000,00		
	b. Til Blönduósbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	c. Til Skagastrandarbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	d. Til Stokkseyrarbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	e. Til Ólafsfjarðarbryggju alt að ... ... — 3000,00		
		—	24000,00
5.	Til rannsóknar Andakílsfossanna, helmingur kostnaðar, alt að	—	3000,00
6.	Til að dýpka siglingaleið að Stokkseyri, þriðjungur kostnaðar (endurveiting), alt að	—	8000,00
7.	Til Jóns Magnússonar yfirfiskimatsmanns í Reykjavík, launauppbót	—	1000,00
8.	Til Árna Gíslasonar yfirfiskimatsmanns á Ísafirði, launauppbót	—	600,00
9.	Til Þorvalds stúdents Árnasonar, til lokanáms við ullarverksmiðju á Englandi	—	3000,00
	Flyt	kr.	99600,00

	Flutt kr.	99600,00
10. Til Guttorms Pálssonar, eftirstöðvar af byggingarkostnaði árið 1921	—	1900,00
	Samtals kr.	101500,00

6. gr.

Til viðbótar við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) eru veittar 675 kr.

1. Til Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum...	kr.	300,00
2. Til Sigríðar Fjeldsted læknisekkju	—	375,00
	Samtals kr.	675,00

7. gr.

Til viðbótar við 19. gr. fjárlaganna (óviss gjöld) eru veittar 3000 kr.

Til Gísla sýslumanns Sveinssonar, sjúkrastyrkur 1921 ... ... kr 3000,00

8. gr.

Til viðbótar við 21. gr. fjárlaganna er stjórninni heimilt að veita eftirfarandi lán úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi:

1. Alt að 16000 kr. til Skeiðaáveitufjelagsins til 20 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið er vaxtalaust fyrstu tvö árin.
2. Alt að 8000 kr. handa efnilegum mönnum til lokanáms erlendis, gegn tryggingum, er stjórnin telur nægja. Lánin skal veita til 10 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, og skulu þau vera afborgunarlaus í 2—4 ár, eftir ástæðum.
3. Alt að 30000 kr. til endurbyggingar sjóvarnargarðinum á Siglufjarðareyri. Lánið veitist til 15 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, gegn ábyrgð bæjarfjelagsins.

Viðlagasjóðslán h.f. Hvítárbakka skal standa afborgunarlaust 3 ár.

9. gr.

I. Stjórninni er heimilt að ábyrgjast eftirfarandi lán, ef henni þykja þau nægilega trygð:
   a. Alt að 15000 kr. til Hvítárbakkaskólans.
   b. Alt að 30000 kr. til niðursuðufjelags, er Konráð Stefánsson gengst fyrir, ef fyrirtækinu er fyrir fram trygt nægilegt stofnfje og rekstrarfje.

II. Stjórninni er heimilt að greiða hjeraðssambandi U. M. F. Vestfjarða styrk þann, er í þessa árs fjárlögum, 14. gr. XV., er ætlaður til húsmæðrakenslu á Ísafirði.

(C. XXV, 1).

Nd. **521. Tillaga**

til þingsályktunar um atvinnuleysisskýrslur og atvinnubætur.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. a. að leggja fyrir bæjar- og sveitarstjórnir landsins að semja skýrslu um þá verkfæra menn, sem atvinnulausir eru í bæjar- eða sveitarfjelaginu,
   b. að setja reglur um þessar skýrslugjafir, að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands.

2. að styðja bæjar- og sveitarfjelög til að framkvæma nauðsynleg mannvirki til að bæta úr atvinnubresti.

3. að láta framkvæma nauðsynleg mannvirki þau, sem ríkisstjórninni er að lögum heimilt að ráðast í, ef atvinnubrestur er í landinu, einstökum sveitum eða bæjum, meiri en svo, að sveitar- og bæjarstjórnir geti úr bætt.

Ástæður.

Atvinnuleysi hefir verið mikið í landinu undanfarin ár. En atvinnuleysi er svo mikið þjóðarböl, að þingi og stjórn ber tvímælalaust skylda til þess að bæta úr því af fremsta megni. Skýrslur um atvinnuleysi í landinu hafa ekki verið áður gerðar, svo teljandi sje. En vitneskja um það er oss engu síður nauðsynleg en öðrum þjóðum.

(B. LXIX, 5).

Ed. **522. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin telur frumvarpið þarft og í tíma fram komið og getur fallist á, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 2. mai 1923.

Guðm. Ólafsson, form. og frsm.	Sigurður Jónsson.	Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.

(C. XXIV, 2).

Nd. **523. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um sjúkravistarstyrk handa geðveikum mönnum.

Frá Pjetri Ottesen.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr ríkissjóði, þangað til lokið er að reisa fyrirhugaða viðbót við geðveikrahælið á Kleppi, þann hluta af meðgjöf með geðveikum þurfalingum á svo kölluðum »Litla-Kleppi« í Reykjavík, sem fer fram úr meðgjöfinni á Kleppshælinu, þó með því skilyrði, að dvalarkostnaður þurfalings á »Litla-Kleppi« sje ekki hærri en 8 kr. á dag, enda sje stofnun þessi undir eftirliti heilbrigðisstjórnar ríkisins.

2. Fyrir »mönnum« í fyrirsögn komi: þurfamönnum.

(B. LIV, 5).

Ed. **524. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 11. júlí 1911, um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907, um vegi.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir haft frv. þetta til athugunar og leggur til, að það verði samþykt óbreytt. Þó hafa 2 tveir nefndarmanna (S. H. K. og G. G.) áskilið sjer rjett til þess að bera fram breytingartillögur við frv.

Nefndin álítur, að nauðsynlegt sje að taka öll vegalögin til endurskoðunar, og hefir vegamálastjóri tjáð sig búinn til þess að koma með tillögur um gagngerða endurskoðun á vegalögunum svo snemma til stjórnarinnar, að hún geti lagt frv. um það fyrir næsta þing, og vonar fastlega að það verði gert.

Það atriði, sem eftir þessu frv. kemur einkum til álita, eru ákvæði laganna um viðhald flutningabrauta.

Það hefir sýnt sig, að ákvæði vegalaganna um viðhald sýslufjelaganna hefir reynst illa; sýslufjelögunum hefir orðið þetta viðhald um megn fjárhags-

lega og það orðið til þess, að flutningabrautirnar hafa komist í niðurníðslu fyrir ónógt viðhald, svo að nú þegar hefir ríkissjóður orðið að leggja allmikið fje til gagngerðra endurbygginga; en tillag sýslusjóðanna til endurbygginganna (1/3 hluti kostnaðar) hefir samt orðið óbærilega þungur baggi sýslufjelögunum með öðrum kostnaði til annara vegagerða innan sýslu.

Það virðist því einsætt, að ljetta verði þessu viðhaldi af sýslufjelögunum, enda mun það síður baka ríkissjóði mikinn aukinn kostnað, fram yfir það sem framvegis yrði, því að nú hefir þingið samþykt lög um samþyktir um sýsluvegasjóði, þar sem ríkissjóði er gert að skyldu að greiða nokkurn hluta viðhaldskostnaðar. Þetta er einnig álit vegamálastjóra á málinu, og væntir nefndin því þess, að viðhaldsskyldunni verði í endurskoðuðum vegalögum ljett algerlega af sýslufjelögunum, að því er allar flutningabrautirnar snertir.

Í trausti þessa hefir nefndin fallist á, að viðhaldi Flóavegarins yrði nú þegar ljett af Árnessýslu og viðhaldi Þjórsárbrúarinnar af Rangárvallasýslu, enda eru þar, samkvæmt áliti vegamálastjóra, sjerstakar ástæður fyrir hendi.

Fyrst og fremst er hin mikla umferð bæði af bílum og vögnum.

Í öðru lagi orsakar sú mikla umferð það, að ekki nægir minna en slitlag úr mulningi, er vinna verður með nýtískuvjelum, og verður sú vinna ekki framkvæmd öðruvísi en undir stjórn vegamálastjóra.

Og í þriðja lagi er fjárhagur sýslufjelagsins, vegna endurbyggingar þessa vegar og viðhalds annara vega í sýslunni, svo bágborinn, að henni er þetta alveg ofviða, svo að í nokkru lagi sje.

Hin mikla umferð um Borgarfjarðarbrautina og mikið vegaviðhald annarsstaðar í sýslunni mælir einnig, að áliti nefndarinnar, með því, að viðhaldi þessarar brautar verði ljett af nú þegar.

Samkvæmt áliti nefndarinnar og vegamálastjóra gildir að miklu leyti það sama um Holtaveginn, nema aðstaða öll talsvert lakari, þar sem vegarstæðið er mjög votlent og erfitt að afla mulnings í slitlag. En þar sem vegurinn nú er í endurbyggingu, að miklu leyti á kostnað ríkissjóðs, og endurskoðun laganna stendur fyrir dyrum, hefir nefndin ekki tekið hann upp í þetta frv., þó að margt mælti með því, að hann fylgdi Flóabrautinni.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1923.

Jón Magnússon, form.	Sigurður H. Kvaran, með fyrirvara.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskr., frsm.

Hjörtur Snorrason. Einar Árnason.

(B. LIII, 8).

Ed. **525. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ráðuneytinu heimilast að veita fyrirhuguðu hlutafjelagi, sem þeir Eggert bóndi Benediktsson í Laugardælum, Gunnar konsúll Ólafsson í Vestmannaeyjum, Morten kaupmaður Ottesen í Reykjavík, Sigurður hæstarjettarmálaflutningsmaður Sigurðsson í Reykjavík og Þórður kaupmaður Sveinsson í Reykjavík eru nú í framkvæmdarnefnd fyrir, hlunnindi handa banka, er fjelagið ætlar að stofna í Reykjavík, þau er hjer segir:

a. Ef viðurkenning fyrir innláni glatast, getur bankinn kallað handhafa hennar með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í blaði því, er flytur stjórnvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fyrirvara að gefa sig fram við bankann, og ef enginn hefir gefið sig fram áður en tjeður frestur er liðinn, þá má bankinn greiða upphæðina þeim, sem viðurkenninguna hefir fengið frá bankanum, án þess nokkur annar, sem viðurkenningin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur bankanum.
b. Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanskilið kyrrsetningu og löghaldi.
c. Bankinn hefir sem handveðshafi rjett til þess að selja sjálfur veðið við opinbert uppboð, en að öðru leyti samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum um veð, 4. nóv. 1887, 1. gr.
d. Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða annara stofnana. Í þess stað skal bankinn gjalda í ríkissjóð hluta af hreinum ársarði sínum, sem ákveðst þannig:

Frá ársarðinum dragist fyrst hæfileg fjárhæð til afskriftar af væntanlegu bankahúsi og innanstokksmunum, þar næst beint áfallið tap bankans og síðast 10% af ársarðinum til varasjóðs og 5% af hlutafjárupphæðinni til hluthafaarðs.

Af því, sem fram yfir er, greiðist ríkissjóði:

5% af fyrstu 100 þús. kr.
10% af næstu 100 þús. kr.
25% af afganginum.

Hlunnindin samkvæmt lögum þessum haldast fyrst um sinn þann tíma, sem nú er eftir af hlunnindatíma Íslandsbanka, samkvæmt lögum nr. 11, 7. júní 1902, og auglýsingu nr. 48, 25. nóv. 1903.

e. Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem útgefast af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar, hlutabrjef bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

2. gr.

Hlunnindi þau, sem ræðir um í 1. gr., ná einnig til útibúa þeirra, sem bankinn kann að setja á stofn.

3. gr.

Hlunnindi þau, sem í 1. gr., sbr. 2. gr., segir, eru þessum skilyrðum bundin:

a. Hlutafje bankans má eigi vera minna en 2 miljónir og eigi meira en 6 miljónir króna, og skulu að minsta kosti 55% hlutafjárins boðin út innanlands í hálft ár eftir að lögin öðlast gildi. Meiri hluti bankastjórnar (bankaráðs) sje Íslendingar, búsettir á Íslandi.
b. Bankinn skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.
c. Ráðuneytið skipar tvo af þrem endurskoðendum bankans.
d. Bankinn skal jafnan hafa í auðseldum innlendum verðbrjefum, er ráðherra tekur gild, sem svarar minst 10% af innlánsfje því, er hann hefir hverju sinni, til tryggingar því.
e. Reikninga bankans skal birta opinberlega á þann hátt, sem leyfisbrjef segir til.
f. Bankinn má ekki lána fje gegn trygging í hlutabrjefum sjálfs sín.
g. Bankinn skal taka til starfa fyrir árslok 1924.
h. Ráðuneytið getur sett bankanum frekari skilyrði í leyfisbrjefinu, ef þörf þykir, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XLIV, 5).

Ed. **526. Lög**

um breyting á lögum nr. 36, 19. júní 1922, um breyting á lögum um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

1. gr.

Síðari málsgrein 3. greinar orðist svo:

Fyrir störf samkvæmt þessari grein ber sóknarprestum engin sjerstök

borgun. Þó fá þeir endurgoldinn úr ríkissjóði, eftir reikningi, ferðakostnað við barnapróf.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XXXVIII, 5).

Ed. **527. Lög**

um breytingu á lögum nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

1. gr.

1. málsgrein 6. gr. laganna orðist svo:

Nú verður ágreiningur um lóðamörk, kvaðir á húseignum eða lóðum, þakrennur, ræsi, stjettir eða þesskonar, og sendir þá mælingamaður formanni merkjadóms uppdrátt af þrætulóðunum og skýrslu um það, í hverju ágreiningurinn sje fólginn. Formaður merkjadóms kveður málsaðilja síðan til þess að sækja merkjadómþing með hæfilegum fyrirvara, er venjulega sje eigi lengri en 3 sólarhringar; skal einn löggiltur stefnuvottur birta fyrirkallið. A merkjadómþingi leggja málsaðiljar fram gögn sín og leiða vitni, ef með þarf. Dómendur ganga á merki, ef þeim þykir það nauðsynlegt, áður eða eftir að vitnaleiðsla hefir farið fram.

2. gr.

1. og 2. málsgrein 7. gr. laganna orðist svo:

Dómur í merkjamáli skal upp kveðinn innan viku frá dómtöku, nema mál sje óvenjulega umfangsmikið, enda má dómsuppsögn aldrei dragast lengur en 3 vikur.

Í merkjadómi skulu lóðamerki ákveðin. Mælingamaður afmarkar síðan lóðina á uppdrættinum, eins og merkjadómur hefir ákveðið þau, og innfærir í lóðamerkjabók. Dómsúrslit um annan ágreining samkvæmt 6. gr. skal einnig innrita í lóðamerkjabók.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa á kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af ráðherra.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Í lóðaskrána og á aðaluppdráttum skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin lóðaskrárritara til þess starfs.

Ráðherra setur reglugerð eftir tillögum bæjarstjórnar um skyldur og störf lóðaskrárritara.

5. gr.

1. málsgrein 11. gr. laganna orðist svo:

Þá er merkjastefnu er lokið, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um eigendaskifti að lóð eða parti úr lóð, nema mælingamaður eða lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigendaskiftanna sje getið í lóðamerkjabók eða lóðaskrá.

6. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í tje staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir slík eftirrit og fyrir vottorð samkvæmt 11. gr., svo og fyrir önnur störf, er lóðaskrárritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða gjald í bæjarsjóð Reykjavíkur samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur eftir tillögum bæjarstjórnar.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(C. X, 9).

Ed. **528. Þingsályktun**

um landmælingar og landsuppdrætti.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita sem fyrst samninga við dönsku stjórnina, eða, ef hentugra reynist, við aðra, sem færir eru til þess, um framhald á mælingu og uppdráttum landsins, og leggja fyrir næsta Alþingi sem nákvæmastar áætlanir um tilhögun verksins og kostnað við það.

(B. LXXXIII, 4).

Nd. **529. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að sameina póstmeistara- og stöðvarstjóraembættið á Akureyri og Ísafirði.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá Ed. Kom þar fram frv. um að sameina þessar tvær stöður á Akureyri, en allsherjarnefnd bar fram nýtt frv., er breytti til í þeim tveim aðalatriðum, *að* lögin áttu að ná til Ísafjarðar líka og *að* þau eru gerð að heimildarlögum.

Það, sem sparast við þessa sameiningu, eru tvenn stöðvarstjóralaun þegar þar að kemur, eða 5200—7200 kr. auk dýrtíðaruppbótar, og talið er sennilegt, að á Akureyri muni þessi sameining komast á innan skamms, því að sagt er, að póstmeistarinn muni láta af starfanum og stöðvarstjóri muni taka að sjer bæði störfin án aukaborgunar. Á móti þessum sparnaði kemur svo það, að starfrækslan verður að öðru leyti nokkuð dýrari. Á Akureyri á að koma einn maður með launum varðstjóra í stað símritara, en það munar 400 kr., auk uppbótar. Aukakostnað við póstafgreiðsluna er ekki gott að segja um. Nú eru engir fastir aukastarfsmenn við þessi pósthús, en póstmeistarar borga aðstoð af skrifstofufje sínu. Nú mun manni vera borgað á Akureyri fult svo mikið sem það, sem frv. gerir ráð fyrir, en á Ísafirði nokkru minna.

Nefndin lítur því svo á, að nokkur sparnaður muni verða að þessu, ef í framkvæmd kemst, og með því að landssímastjóri og aðalpóstmeistari telja ekki ósennilegt, að sami maður gæti veitt báðum þessum stofnunum sæmilega forstöðu, láti hann sjer á annað borð ant um þau bæði og þau fari fram í sama húsi, þá leggur nefndin það til, að þessi heimildarlög verði samþykt.

Alþingi, 2. maí 1923.

Jón Þorláksson, form.	Magnús Jónsson, ritari og framsm.	Björn Hallsson.
Gunnar Sigurðsson.	Magnús Guðmundsson.	

(B. LX, 8).

Ed. **530. Nefndarálit**

um frumv. til laga um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá mentamálanefnd.

Nefndinni er kunnugt um, að bæjarstjórn Reykjavikur hefir andmælt framgangi þessa máls; en hjer finst nefndinni sem bæjarstjórnin líti of smáum augum á málið. Bæjarfulltrúunum hlýtur að vera það kunnugt, hve miklir feikna örðugleikar eru orðnir á því að halda hjer uppi sjónleikum, svo í nokkru lagi sje, og hvílikt erfiði og vinna er því samfara, og þá sjerstaklega sökum húsnæðisleysis eða vöntunar á hentugu húsi, en hinsvegar til lítils að vinna fyrir leikendur. Þessu til skýringar leyfir nefndin sjer að taka upp nokkur atriði úr skýrslu frá Leikfjelagi Reykjavíkur, sem nær yfir tímabilið frá 1897 til 1922.

Meðal annars segir svo í skýrslunni, að fyrstu 10 árin hafi kaup leikenda verið 1 til 5 kr. fyrir hvert kvöld, er leikið var. Svo hafi það hækkað upp í alt að 10 kr. fyrir hvert leikkvöld, og síðustu 5 árin hafi elstu aðalleikendur fengið 25 kr. fyrir hvert kvöld, er þeir hafi leikið. Fyrir smáhlutverk hafi mest verið borgað 2 kr. fyrir leikkvöld. Að æfa leikrit tekur að jafnaði mánaðartíma með 3—6 tíma vinnu á dag.

Af þessu má sjá, hversu vel haldnir leikendurnir eru.

Þá er lýst í skýrslunni, að Leikfjelagið hefir látið sjer ant um að sýna útlend leikrit af ýmsu tægi eftir heimsfræga leikritahöfunda, en þó jafnframt hlynt mjög að innlendri leikritasmíð, eins og kunnugt er.

Enn fremur stendur svo í skýrslunni:

> Reynslan hefir sýnt, að kröfur til leiks og útbúnaðar vaxa með hverju ári, einkum síðan kvikmyndahúsin efldust og buðu gestum sínum betra hús og meiri þægindi. Sem dæmi eru Víkingarnir á Hálogalandi. Fyrir meira en 20 árum voru þeir sýndir, og þá oftar en nú, þó íbúar bæjarins væru þá hálfu færri og hús (G. T. húsið) og útbúnaður mjög miklu lakari og ófullkomnari en í vetur.
>
> En þó óþægindin í leikhúsinu, sem gestir þess verða að búa við, sjeu mikil, þá eru þó örðugleikar leikenda og Leikfjelagsins enn meiri. Vegna annarar notkunar á Iðnó hefir t. d. orðið að leigja herbergi úti í bæ til að æfa í nú síðustu árin. Hversu mikil óþægindi og tímatöf það hefir í för með sjer, skilst naumast öðrum fullkomlega en þeim, sem reyna það. Fyrst að vera þar með samlestur og æfingar og síðan að eiga

að haga sjer eftir ákveðnum atvikum á leiksviðinu. Enda ber það oft við, að æfingar í öðru húsi verða því nær ónýtar þegar á leiksviðið kemur, leikendur tala ýmist of hátt eða gagnstætt, vegna stærðarmunar á húsunum, sem talað er í, og sama er um hreyfingar og önnur atvik; hvað eina þarf að æfast á sínum stað frá byrjun.

Enn eru þeir örðugleikar Leikfjelagsins hin síðari ár, sem stafa af vöntun á húsnæði til að geyma í leiktjöld og búninga m. m. Þetta hefir ekki eingöngu bakað fyrirhöfn og óþægindi, heldur líka aukinn flutningskostnað, sem numið hefir mörgum hundruðum króna á ári, auk skemda vegna flutninga og slæmra geymslustaða. Sem stendur eru leiktjöld og búningar m. m. í geymslu hjá C. Zimsen, inni í Nýborg, suður á Laufásvegi og uppi á barnaskólalofti, en þangað verður ekki komist nema á vissum tíma vegna skólabarnanna,

Í fáum orðum sagt: Rjettmætar kröfur fólks annarsvegar og örðugleikarnir á að fullnægja þeim hinsvegar virðast ótvírætt benda til þess, að sæmilegar leiksýningar leggist hjer niður með öllu, ef ekki tekst að fá betra húsnæði og aðbúnað, svo fyrir leikhúsgesti sem leikendur, í náinni framtíð.

Bæði að þessu athuguðu og svo því, að ekkert virðist eðlilegra en einmitt það, að skattur af opinberum skemtunum sje notaður til þess að efla leiklistina, sem er sú tegund skemtana, sem hefir mest menningarlegt gildi og hefir mestu og bestu siðbætandi áhrifin, og enn fremur að því athuguðu, að ekki er líklegt, að þessu máli, leikhúsbyggingu, verði á annan veg hrundið í framkvæmd í náinni framtíð fyrir almannafje, en viðbúið, að öll sæmileg leiklist leggist hjer niður að öðrum kosti, þá vill nefndin eindregið mæla með því, að frumvarpið verði samþykt.

Vegna þess hversu áliðið er þingsins, vill nefndin ekki leggja til, að rumv. verði breytt neitt hjer í háttv. deild, enda þótt því að áliti nefndarinnar hafi að mun verið spilt við 3. umræðu í háttv. Nd., með því að takmarka það að eins við nokkra kaupstaði.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 2. maí 1923.

Ingibjörg H. Bjarnason,	Karl Einarsson,	Jónas Jónsson,
formaður.	framsögum.	fundaskrifari.

(C. XXVI, 1).

Nd. **531. Tillaga**

til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu alþingiskjósenda um útsölustaði áfengisverslunarinnar og vínveitingaleyfi.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að setja eigi á stofn áfengissölustaði eða veita leyfi til vínveitinga, nema meiri hluti alþingiskjósenda í því hjeraði eða á þeim stað, sem um er að ræða, óski þess eða sje því meðmæltur. Atkvæðagreiðsla meðal alþingiskjósenda sje einnig látin fram fara um þetta á þeim stöðum, þar sem sölustaðir eru eða vínveitingaleyfi hafa verið veitt, nema um aðalútsölu áfengisverslunar ríkisins í Reykjavík.

Ástæður.

Óánægja hefir risið út af því, að sumstaðar er alþingiskjósendum ætlað að ráða því, hvort vínveitingaleyfi skuli veitt, en annarsstaðar getur stjórnin ráðið því. Þingsályktunartillögunni er ætlað að bæta úr þessu.

(A. V, 2).

Nd. **532. Nefndarálit**

um frv. til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

2. Til sandgræðslu		15000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		20000
Styrknum skal skift milli búnaðarfjelaganna eftir dagsverkatölu og varið til verkfærakaupa og styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelaganna. Enda gefa þau skýrslu um það, hvernig styrknum er varið.		
4. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		5000
5. Til skógræktar:		
a. Laun	10560	
b. Til skóggræðslu	12000	
c. Til Guðbjargar Þorleifsdóttur í Múlakoti, til viðurkenningar fyrir trjárækt	500	
		23060
6. Til framhalds landmælinga		35000
7. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	20600	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	
c. Til Páls G. Jónssonar, Garði i Fnjóskadal, til viðurkenningar fyrir dýralækningar	1000	
d. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis	1200	
Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.		
		23300
8. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		600
9. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr. með dýrtíðaruppbót ...	5600	
b. Húsaleiga	1000	
c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1400	
		8000
10. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis		4000
Flyt ...	... ...	288960

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	288960
11. Til Fiskveiðasjóðs Íslands		6000
12. Til Fiskifjelagsins		60000
Þar af 500 kr. til kenslu á Ísafirði fyrir skipstjóraefni á smáskipum.		
13. Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a. 5 fiskiyfirmatsmanna	19200	
b. 4 síldarmatsmanna	10240	
c. 4 ullarmatsmanna	2560	
d. 5 kjötmatsmanna	4800	
e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
		44800
14. Til að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis		20000
15. Til gerlarannsókna		2000
16. Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		10000
Af þessum lið ganga 2000 kr. til Halldóru Bjarnadóttur og 600 kr. til handavinnuskóla á Akureyri, verði honum haldið áfram.		
17. Til sambands norðlenskra kvenna		500
18. Til vörumerkjaskrásetjara		1600
Þar með talin húsaleiga fyrir skrifstofu.		
19. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu		1800
Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um hvernig fjenu er varið.		
20. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		600
21. Styrkur til ábúandans í Fornahvammi, til að halda þar uppi bygð og gisting		1000
22. Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar við bygð og veita ferðamönnum gisting og beina		600
23. Styrkur til ábúandans í Bakkaseli, til að halda þar uppi bygð og gisting		700
Flyt ...	... ...	438560

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	438560
24. Laun námuverkfræðings og til forstöðu silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli, 3500 kr. með dýrtíðaruppbót		5600
25. Til Bjargráðasjóðs		23000
26. Til landhelgissjóðs		20000
27. Til slysatryggingar sjómanna		20000
28. Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:		
a. Laun forstöðumanns	5440	
b. Ferðakostnaður hans	500	
		5940
29. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
30. Laun húsagerðarmeistara		7700
31. Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
a. Laun leiðbeinanda, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót, enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult dagkaup fyrir, er rennur í landssjóð.	5600	
b. Ferðakostnaður, alt að	600	
		6200
32. Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		30000
33. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli, að frádregnu eftirgjaldi af Staðarfelli, 1800 kr.		1200
34. Til Sláturfjelags Suðurlands, til sútunarverksmiðju .. Styrkurinn kemur því að eins til útborgunar, að útlit sje fyrir, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi fyrir gjöldum.		36000
35. Til stofnenda Sveinatungubúsins, til greiðslu á Ræktunarsjóðsláni		3500
36. Til Jóhannesar Guðmundssonar á Herjólfsstöðum, vegna skaða af Kötlugosi		1000
37. Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um silungaklak		1000
38. Til Sæmundar Tr. Sæmundssonar, til viðurkenningar fyrir mannbjörg úr sjávarháska		1000
Flyt ...	... ...	601700

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	601700
39. Til hafskipabryggju á Siglufirði, þriðjungur kostnaðar, alt að		18000
Landsstjórnin hefir verkfræðilegt eftirlit með því að bryggjugerðin sje tryggilega af hendi leyst. Bryggjan skal heimil til almenningsnota.		
40. Til Byggingarfjelags Reykjavíkur, 5% byggingarkostnaðar, gegn hálfu meira, 10%, úr bæjarsjóði Reykjavíkur, þó ekki yfir		5000
41. Til Dýraverndunarfjelags Íslands		1000
Samtals ...	... ...	625700

17. gr.

Til lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn		28847,28	
b. Embættismannaekkjur og börn		13278,02	
c. Uppgjafaprestar		1113,01	
d. Prestsekkjur		5689,47	
			48927,78
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Ásgeirs Blöndals læknis	250		
2. — Þorvalds Pálssonar læknis	300		
3. — Sigvalda Stefánssonar Kaldalóns læknis	640		
4. — Sigurðar Magnússonar læknis frá Patreksfirði	500		
5. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra	1500		
		3190	
Flyt ...		3190	48927,78

		kr.	kr.
	Flutt ...	3190	48927,78
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju	150		
2. — Magneu Ásgeirsson	200		
3. — Ólivu Guðmundsson	175		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6. — Sigríðar Fjeldsteð læknisekkju ...	450		
		1775	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Steláns M. Jónssonar	325		
2. — Bjarnar Jónssonar	475		
3. — Guðlaugs Guðmundssonar	500		
4. — Sigurðar prófasts Jenssonar ...	570		
5. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780		
		2650	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130		
2. — Auðar Gísladóttur	300		
3. — Bjargar Einarsdóttur	500		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur	300		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur	300		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur...	300		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300		
10. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700		
11. — Ingibjargar Sigurðardóttur	400		
12. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300		
13. — Kirstínar Pjetursdóttur	300		
14. — Kristínar Sveinbjarnardóttur... ...	300		
15. — Sigrúnar Kjartansdóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	300		
16. — Steinunnar Pjetursdóttur	300		
	Flyt ...	5130	7615	48927,78

		kr.	kr.
Flutt ...	5130	7615	48927,78
17. Til Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300		
18. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson ...	300		
		5730	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300		
2. — 3 barna hennar	300		
3. — Bjargar Jónsdóttur	300		
4. — Guðlaugar Zakaríasdóttur	360		
5. — Hjartar Snorrasonar	500		
6. — Jónasar Eiríkssonar	500		
7. — Magnúsar Einarssonar	500		
8. — Elínar Briem Jónsson	300		
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur	300		
10. — 1 barns hennar	100		
11. — Steinunnar Frímannsdóttur	450		
12. — Þórunnar Stefánsdóttur	400		
		4310	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Til Árna Gislasonar	300		
2. — Guðm. Kristjánssonar	300		
3. — Böðvars Jónssonar	200		
4. — Hallgríms Kráksonar	200		
5. — Jóhanns Jónssonar	200		
6. — Þóru Matthíasdóttur	300		
7. — Daníels Jónssonar	200		
8. — Jens Þórðarsonar	100		
9. — Friðriks Möllers	1200		
10. — Kristínar Jóelsdóttur	200		
11. — Eliesers Eiríkssonar	200		
12. — Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13. — Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14 — Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri	200		
15. — Guðmundar Kristjánssonar	200		
		4400	
Flyt ...		22055	48927,78

		kr.	kr.
	Flutt ...	22055	48927,78
g. Rithöfundar:			
1. Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2. — Valdimars Briems	1200		
3. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300		
4. — Einars Hjörleifssonar Kvaran ...	3000		
		8000	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300		
2. — Jakobinu Pjetursdóttur	200		
3. — Guðrúnar Jónsdóttur 300 kr. og til Erlings sonar hennar 300 kr.	600		
4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr., og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð ...	700		
5. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300		
6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300		
7. — 3 barna hennar	300		
8. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300		
9. — Guðrúnar Runólfsdóttur, ekkju Matthíasar Jochumssonar	1200		
		4200	
i. Ymsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spitalaforstöðukonu	400		
2. — Sigurðar Eiríkssonar fyrv. regluboða	500		
3. — Petreu Jónsdóttur, 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er i ómegð	500		
4. — Hólmfriðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300		
5. — Páls Erlingssonar	800		
6. — Erlends Zakaríassonar	300		
7. — Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
8. — Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
9. — Kristinar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400		
	Flyt ...	3800	34255	48927,78

		kr.	kr.
Flutt	3800	34255	48927,78
10. Til Gests Guðmundssonar, fyrverandi vitavarðar	400		
11. — Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	400		
		4600	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ingeborg Sigurjónsson		1800	
k. — Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara		1200	
			41855,00
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			52669,67
IV. Tillag til ellistyrktarsjóða			40000,00
Samtals ...		... ...	183452,45

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögregluefti rlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögregluefti rlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

Sömuleiðis skal af þessari upphæð greiða gengismun á útborgunum erlendis samkvæmt þessum lögum, öðrum en lángreiðslum.

20. gr.

Til gjalda árið 1924 er veitt:

Samkvæmt 7. gr.	kr.	2043705,35
— — 8. —	—	60000,00
— — 9. —	—	184800,00
— — 10. —	—	263280,00
— — 11. —	—	557420,00
— — 12. —	—	711720,00
— — 13. —	—	2065760,00
— — 14. —	—	1239706,28
— — 15. —	—	245170,00
— — 16. —	—	625700,00
— — 17. —	—	4000,00
Flyt ..	kr.	8001261,63

Flutt ...	kr. 8001261,63	
Samkvæmt 18. gr.	— 183452,45	
—— 19. —	— 100000,00	
		kr. 8284714,08
En tekjur eru áætlaðar:		
Samkvæmt 2. gr.	kr. 7755000,00	
—— 3. —	— 45100,00	
—— 4. —	— 340000,00	
—— 5. —	— 22300,00	
		— 8162400,00
	Tekjuhalli kr.	122314,08

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi i honum:

1. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingarefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
2. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 20000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landssímalagningar, gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
5. Alt að 20000 kr. til áveitufjelags Þingbúa í Húnavatnssýslu. Lánið veitist til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.
6. Alt að 7000 kr. til sýslufjelags Rangárvallasýslu, til endurbyggingar Holtavegarins. Lánið veitist til 10 ára, gegn 5½% vöxtum.
7. Alt að 15000 kr. til Austur-Húnavatnssýslu, til að kaupa læknisbústað. Lánið veitist til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.
8. Alt að 5000 kr. til þess að kaupa læknisbústað í Síðuhjeraði. Lánið veitist til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð Vestur-Skaftafellssýslu.
9. Alt að 8000 kr. til Geithellahrepps, til vitabygginga. Lánið veitist til 15 ára, með 5½% vöxtum, gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar.

10. Alt að 20000 kr. til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið veitist til 20 ára, gegn 5½% vöxtum.
11. Alt að 3000 kr. til matarfjelags kennaraskólans, til 10 ára með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð, sem stjórnin tekur gilda.
12. 20000 kr. handa efnilegum mönnum til lokanáms erlendis, gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur nægja. Lán þessi skal veita til 10 ára, með 5½% í vexti, en afborgunarlaust í 2—4 ár eftir ástæðum.

Af hallærisláni Grunnavíkurhrepps skal veita uppgjöf vaxta frá 1920—1925 og greiðslufrest afborgana fyrir sama tíma.

Af hallærisláni Árneshrepps skal veita uppgjöf vaxta í 3 ár og greiðslufrest afborgana fyrir sama tíma.

Af brimbrjótsláni Hólshrepps veitist uppgjöf vaxta frá 1922—1925, að báðum þeim árum meðtöldum, og greiðslufrestur fyrir sama tíma.

Raflýsingarlán Suðurfjarðahrepps skal stjórnin láta standa afborgunarlaust um 10 ár.

22. gr.

I. Stjórninni er heimilt að ábyrgjast eftirfarandi lán, ef henni þykja þau nægilega trygð.
   1. Alt að 120000 kr. fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, til aukningar rafmagnsveitunni þar. Sbr. fjárlög 1923, 21. gr. 8. (Endurveiting).
   2. Alt að 80000 kr. fyrir Vestmannaeyjakaupstað, til aukningar rafmagnsveitunni þar. Sbr. fjárlög 1923, 21. gr. 9. (Endurveiting).
   3. Alt að 100000 kr. fyrir Búðahrepp í Fáskrúðsfirði, til rafmagnsveitu. Sbr. fjárlög 1920—21. (Endurveiting).
   4. Alt að 100000 kr. til fyrirhugaðs stúdentagarðs í Reykjavík, gegn öðrum veðrjetti í húsinu. Skilyrði fyrir lánsábyrgð þessari eru þau, að ekki hvíli meira en 100000 kr. á 1. veðrjetti, og nær ábyrgðin ekki lengra en til eins þriðja byggingarkostnaðar.
   5. Alt að 70000 kr. fyrir Byggingarfjelag starfsmanna ríkisins, gegn 2. veðrjetti í húseignum fjelagsins. Þó má styrkveiting samkvæmt 16. gr. og það, sem á húseignunum hvílir með 1. og 2. veðrjetti, samtals ekki fara fram úr virðingarverði samkvæmt fasteignamati.
   6. Alt að 140000 kr. fyrir Sláturfjelag Suðurlands, til að stofna sútunarverksmiðju, að því tilskildu: *að* fjelagið leggi sjálft fram að minsta kosti 50000 kr. að auki, *að* trygging sje fyrir nægilegu rekstrarfje, *að* landsstjórnin hafi eftirlit með því að fengin verði nægileg sjerfróð aðstoð við undirbúning og framkvæmd fyrirtækisins.

II. Stjórninni er heimilt að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

III. Stjórninni er heimilt að láta Bandalagi kvenna í tje ókeypis lóð á norðanverðu Arnarhólstúni undir fyrirhugað kvennaheimili.

IV. Stjórninni er heimilt að greiða alt að $^3/_4$ hlutum af því tjóni, sem verða kann á tilraunum Sambands íslenskra samvinnufjelaga til að senda kælt kjöt eða fryst á erlendan markað, miðað við saltkjötsverð á sama tíma. Tilraunirnar skulu gerðar með eftirliti landsstjórnarinnar.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1924, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1923 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(B. X, 14).

Ed. **548. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta nokkuð og átt tal við vegamálastjóra um það. Kom það fram í því viðtali, að hann taldi nauðsynlegt að endurskoða vegalögin frá 1907 í heild sinni, og þá væri sanngjarnt að gera þær breytingar á þjóðvegunum meðal annars, sem frumv. þetta fer fram á. Var nefndin honum sammála um það.

Nefndinni virtist því liggja nærri að láta þetta frv. bíða þessarar endurskoðunar, þar sem fje væri ekki nú fyrir hendi til vegagerða eða framkvæmda á þessu svæði, en sá hins vegar ekkert á móti því, að frv. verði samþykt til bráðabirgða, og vildi því ekki í heild sinni leggja á móti því, að það næði fram að ganga, þar sem hún er samþykk því að efni til.

Alþingi, 4. maí 1923.

Jón Magnússon, form.	Guðm. Guðfinnsson, frsm. og ritari.

Hjörtur Snorrason. Sigurður H. Kvaran. Einar Arnason.

(B. LXXIV, 5).

Ed. **549. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Frá allsherjarnefnd.

Því miður er reynsla fengin fyrir því, að ákvæði laga nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, eru sumum hjeruðum lítt bærileg, og virðist þá ekki um annað að gera en ákveða jafnframt hámark þeirra útgjalda, er hvila eiga á sýslusjelögunum, miðað við mannfjölda í þeim. Þó skoðanir sjeu nokkuð skiftar um það, hvar þetta hámark eigi að setja, getur nefndin þó fallist á að leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar fyrir frv. á þskj. 262.

Alþingi, 4. maí 1923.

Jón Magnússon, form.	Guðm. Guðfinnsson, ritari.	Sigurður H. Kvaran, frsm.

(B. XX, 4).

Nd. **550. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

A eftir 2. gr. komi ný gr., er verður 3. gr., svo hljóðandi:

Íbúum Seltjarnarneshrepps skal heimilt vatn og rafmagn frá vatnsveitu og rafmagnsveitu Reykjavíkurkaupstaðar til heimilis- og búþarfa, enda hlíti þeir þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um notkun vatns og rafmagns og meðferð veitutækja. Svo skulu þeir og greiða sjálfir allan aukakostnað, er veitan heim til þeirra hefir í för með sjer, og endurgjald fyrir vatnsnotin og rafmagnsnotin eftir mati, nema samkomulag verði.

(C. XXIV, 4).

Nd. **551. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um sjúkravistarstyrk handa geðveikum þurfamönnum.

Frá Sveini Ólafssyni.

Fyrir orðin »þó með því skilyrði ... ... 8 kr. á dag« komi: þó aldrei meira en 6 krónur á dag fyrir einstakan sjúkling.

(B. LV, 5).

Ed. **552. Frumvarp**

til laga um friðun Þingvalla og Þingvallaskógar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Almannagjá og sá hluti Brúsastaða- og Þingvallakirkjulands, sem er austan hennar, en sunnan Armannsfells og beinnar stefnu milli Stóragils og Hliðargjár, skulu tekin undan jörðunum að öllu leyti og vera friðlýst.

2. gr.

Til aðstoðar landsstjórninni ræður nefnd manna yfir hinu friðlýsta svæði. Í nefnd þessari eiga sæti þjóðmenjavörður og þeir menn aðrir, er landsstjórnin skipar. Nefndarmenn skulu starfa kauplaust.

3. gr.

Nefnd þessi kallast Þingvallanefnd. Verkefni hennar er að gera ráðstafanir til að verja hið friðlýsta svæði hvers konar skemdum. Samkvæmt tillögum hennar ákveður landsstjórnin með sjerstakri reglugerð um notkun þess og friðun, ræður umsjónarmann með því og setur honum erindisbrjef. Landsstjórnin getur heimilað nefndinni að láta taka gjald af þeim mönnum, er óska að dvelja á hinu friðlýsta svæði, og má nefndin þá verja því fje til friðunarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

(B. XLVII, 3).

Nd. **553. Frumvarp**

til laga um mælitæki og vogaráhöld.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Hver sú verslun, sem mæla skal varning eða vega, skal til þess nota mælitæki eða vogaráhöld, sem löggilt eru og löglega stimpluð. Tæki þessi og áhöld skulu sæta eftirliti af hálfu stjórnarvalda þeirra, er til þess eru nefnd í lögum þessum; en skylt er engu að síður þeim, er þau tæki nota við afhendingu eða móttöku vöru, að sjá um að þau sjeu rjett.

Öll mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til þess að ákveða upphæð tollgjalda til landssjóðs, eða til þess að byggja á þeim vottorð um vigt eða mæli, eða og til annars, sem ákveðið kann að verða, skulu vera löggilt og eftirliti háð.

2. gr.

Löggilding mælitækja og vogaráhalda hafa lögreglustjórar í kaupstöðum á hendi. Löggildingin fer fram á þann hátt, að stimplað er á tækin löggildingarmerki, sem er fangamark Kristjáns konungs X. með kórónu, og auk þess merki, er gefi til kynna, hvaða ár löggildingin hafi farið fram.

3. gr.

Mælitæki og vogaráhöld, sem flutt eru til landsins frá útlöndum til notkunar þeirrar, er ræðir um í 1. gr., skulu vera löggilt af opinberri löggildingarstofnun í því landi, sem þau eru búin til í, enda sje þar notað sama mál og vog, sem hjer er lögleitt. Slík tæki skulu ekki vera löggildingarskyld hjer á landi meðan þau reynast rjett og eru óskemd.

4. gr.

Heimilt er hverjum þeim, sem vogaráhöld og mælitæki þarf að nota, að kaupa þau hvar sem best þykir, enda sje gætt fyrirmæla 3. gr., ef tækin eru útlend, og eigi má nota þau til þess, er ræðir um í 1. gr., fyr en lögreglustjóri hefir löggilt þau, nema svo standi á sem segir í 3. gr.

5. gr.

Lögreglustjórum er skylt að sjá um, að kaupmenn og kaupfjelög noti eingöngu löggilt mælitæki og vogaráhöld, og yfirleitt, að haldin sjeu þau ákvæði, sem sett eru um notkun slíkra tækja. Þeir geta fyrirvaralaust látið skoða áhöld og tæki til mælis og vogar hjá öllum, sem þau nota eða nota ber, og rannsakað, hvort fylgt hefir verið rjettilega fyrirmælum laga þessara.

Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í kauptúnum og sveitum skulu á þriggja ára fresti skoða og rannsaka öll mælitæki og vogaráhöld, sem ætluð eru til notkunar þeirrar, er ræðir um í 1. gr. Skulu hreppstjórar gefa skýrslu um þessa skoðun til sýslumanna, en sýslumenn og lögreglustjórar til stjórnarráðsins.

6. gr.

Nú reynist vogaráhald eða mælitæki skakt eða ónákvæmt við skoðun samkv. 5. gr., eða slíkt kemur í ljós á annan hátt, og er þá óheimilt að nota áhaldið eða tækið fyr en viðgerð hefir fram farið á því og áhaldið eða tækið verið löggilt að nýju.

7. gr.

Vörumatsmönnum og löggiltum vigtarmönnum skal skylt að athuga, bæði hvort tæki þau, sem notuð eru, sjeu rjett löggilt og merkt og hvort tækin í raun og veru sjeu rjett, og ber lögreglustjórum að veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar um það og þann stuðning, sem með þarf.

8. gr.

Lögreglustjórum ber engin sjerstök borgun fyrir hið almenna eftirlit eftir þessum lögum. Fyrir hina almennu skoðun samkv. 5. gr. skal ríkissjóður greiða lögreglustjórum í kaupstöðum útlagðan kostnað þeirra eftir sanngjörnum reikningi, en um greiðslur til hreppstjóra fer eftir 7. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917.

Fyrir löggildingu ber lögreglustjórum borgun frá eigendum tækjanna, eftir gjaldskrá, er ráðherra setur.

9. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða sektum til landssjóðs, frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 78, 14. nóv. 1917, um mælitæki og vogaráhöld.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. XXV, 3).

Ed. **554. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum 1920 og 1921.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta hefir verið í vörslum háttv. Nd. síðan í þingbyrjun og kom loks til 1. umr. í háttv. Ed. þann 1. þ. m.

Nefndin hefir nú athugað frumvarpið og borið það saman við endurskoðaðan landsreikning fyrir nefnd ár. Hefir hún ekkert fundið athugavert við það reikningslega, og leggur því til, að háttv. deild samþykki frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 4. maí 1923.

Guðm. Ólafsson, form. og framsögum.	Karl Einarsson, ritari.	Sigurður H. Kvaran.
Björn Kristjánsson.		Sigurður Jónsson.

(C. XVIII, 2).

Nd. **555. Þingsályktun**

um endurskoðun löggjafarinnar um málefni kaupstaðanna.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að endurskoða löggjöfina um málefni kaupstaðanna og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um þau.

(A. XXIX, 19).

Ed. **556. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 1. gr. Ný grein á eftir:
   Til viðbótar við 10. gr. fjárlaganna (til ráðuneytisins) eru veittar 3000 kr.
   Dýrtíðaruppbót til núverandi ráðherra fyrir 1922,
   1500 krónur til hvors... ... ... kr. 3000,00
2. Við 2. gr. 8. Nýir liðir:
   a. Til Halls Hallssonar tannlæknis, til áhaldakaupa,
      enda setjist hann að á Austurlandi ... ... — 1500,00
   b. Til Guðnýjar Jónsson, styrkur til að ljúka hjúkr-
      unarnámi... ... ... — 1500,00
3. Við 2. gr. 10. Nýr liður:
   Til Jóns læknis Jónssonar, styrkur til að leita sjer
   heilsubótar erlendis ... ... — 1500,00

II. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 2. gr. 14. (Kristján Jónasson).
Liðurinn falli niður.

III. Frá *Guðmundi Guðfinnssyni.*

1. Við 2. gr. 14. Nýr liður:
   Til yfirlæknisins á Vífilsstöðum, til þess að sækja fund
   berklalækna í Kristjaníu ... ... — 2000,00
2. Við 3. gr. 1.
   Fyrir »2000« koma ... ... — 3000,00

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 3. gr. 7.
   Fyrir »staurarаðir« koma: stikur.
2. Við 3. gr. Ný grein á eftir:
   Til viðbótar við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslu-
   mál) eru veittar 3000 kr.
   1. Til kvennaskólans í Reykjavík, viðbótarstyrkur ... — 2000,00
   2. Til sama skóla, til áhaldakaupa ... ... — 1000,00

V. Frá *Guðmundi Guðfinnssyni.*

Við 3. gr. Ný grein á eftir:
Til viðbótar við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) eru veittar 2500 kr.
Til að reisa unglingaskóla í Vík í Mýrdal ... ... — 2500,00

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 4. gr. 2. Nýr liður:
Til Þjóðmenjasafnsins, vegna forngripakaupa 1922 kr. 1000,00

VII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 4. gr. 6. Nýr liður.
Til Hjálmars Lárussonar hins oddhaga .. .. — 500,00

VIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 4. gr. 9. Liðurinn verður þannig:
Til að kaupa handrit dr. Jóns Aðils um sögu Íslands, fjórðungur andvirðis ... ... — 2500,00

IX. Frá *Karli Einarssyni.*
Við 5. gr. 4. e. Nýr stafliður:
Til tveggja bátabryggja í Vestmannaeyjum ... ... — 17000,00
Til vara:
Til bátabryggju í Vestmannaeyjum .. .. — 12000,00

X. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason* og *Jóni Magnússyni.*
Við 5. gr. 10. Nýr liður:
Til Kvenrjettindafjelags Íslands.. ... ... — 1000,00

XI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 5. gr. Aftan við greinina kemur svo hljóðandi athugasemd:
Landsstjórnin hefir verkfræðilegt eftirlit með því, að verk þau, sem um getur i liðunum 1—3 og 6, verði tryggilega af hendi leyst.

XII. Frá *Guðmundi Guðfinnssyni.*
Við 6. gr. 2. Nýr liður:
Til Elísabetar Jónsdóttur, ekkju Pjeturs Guðmundssonar kennara á Eyrarbakka... ... ... — 300,00

XIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 7. gr. (Styrkur Gísla Sveinssonar).
Fyrir »3000« kemur... ... ... — 2000,00

XIV. Frá *Karli Einarssyni.*
Við 7. gr. Nýr liður:
Til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, til að standast kostnað við aðgerð á e/s. Þór, $^3/_4$ kostnaðar þess, er fjelaginu ber að borga, alt að ... ... — 30000,00

XV. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 9. gr. I. (Ábyrgðarheimildir).

Liðurinn verður þannig:

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 15000 kr. lán til Hvítárbakkaskólans, ef henni þykir það nægilega trygt.

(A. I, 27).

Nd. **557. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1924.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 11. gr.	A. 5. c. (Húsaleiga lögreglustjóra):		
		Fyrir »5000« kemur		6000
2.	— 12. —	4. Liðurinn verður þannig:		
		Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði, enda nýtur hann ekki annara launa úr ríkissjóði		2300
3.	— 12. —	14. q. (Guðr. Gíslad. Björns):		
		Liðurinn fellur niður.		
4.	— 13. —	C. 2. (Flóabátar):		
		Aftan við liðinn kemur:		
		— þar af 6000 kr. viðbótarstyrkur til Breiðafjarðarbátsins Svans.		
5.	— 13. —	D. III. 4. Nýr liður:		
		Sími Hraungerði — Húsatóftir		18000
6.	— 13. —	D. III. 5. Nýr liður:		
		Loftskeytastöð í Öræfum		10000
7.	— 13. —	D. IV. 20. Liðurinn verður þannig:		
		Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og Steindórs Björnssonar efnisvarðar, 200 kr. með hverju barna hans...		10240
8.	— 13. —	E. I. 3. (Skrifstofa vitamálastjóra):		
		Fyrir »3000« kemur		3500
9.	— 14. —	B. V. 7. (Girðing um lóð kennaraskólans):		
		Liðurinn fellur niður.		
10.	— 14. —	B. VIII. 4. Nýr liður:		
		Til rafveitu		20000
11.	— 14. —	B. XIII, 7. Liðurinn verður þannig:		
		Til aðgerðar og viðbóta við barnaskólahús utan kaupstaða, þriðjungur kostnaðar, alt að		10000

Verður þó því að eins greitt, að útlit sje fyrir, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi fyrir gjöldum.

12. Við 14. gr. B. XVI. Liðurinn verður svo:
Til að semja og gefa út alþýðukenslubækur ... 1200

13. — 15. — 6. (Kaupstaðabókasöfn):
Fyrir »4000« kemur 3000

14. — 15. — 10. (Þjóðvinafjelagið):
a. Fyrir »10000« kemur 6000
b. Fyrir »9000« í athugasemdinni kemur: 5000.

15. — 15. — 17. (Dansk-isl. Samfund):
Fyrir »1000« kemur 300

16. — 15. — 28. (Guðm. G. Bárðarson):
Fyrir »2000« kemur 1500

17. — 15. — 29. (Helgi Pjeturss):
Fyrir »5000« kemur 4000

18. — 15. — 41. (Jón Þorsteinsson):
Liðurinn fellur niður.

19. — 15. — 47. (Markús Kristjánsson):
Liðurinn fellur niður.

20. — 15. — 48. (Goodtemplarafjelagið):
Fyrir »6000« kemur 3000

21. — 16. — 3. (Búnaðarfjelög):
Athugasemdin við liðinn fellur niður.

22. — 16. — 21. (Gisting í Fornahvammi):
Fyrir »1000« kemur 700

23. — 16. — 31. Nýr liður:
Til að gera Eyrarfoss í Laxá í Svínadal laxgengan, þriðjungur kostnaðar, alt að 800

24. — 16. — 34. Liðurinn verður þannig:
Til Sláturfjelags Suðurlands, til sútunarhúss og vjela, 1/4 kostnaðar, alt að 40000

25. — 18. — II. a. 4. (Sigurður Magnússon):
Liðurinn fellur niður.

26. — 18. — II. e. 12. Nýr liður:
Til Árna Theódórs Pjeturssonar, þangað til stjórnin veitir honum aftur starf hans eða annað álíka 500

27. — 21. — 5. Nýr liður:
Alt að 40000 kr. til mjólkurfjelagsins »Mjallar« í Borgarfirði. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

28. — 21. — 10. Nýr liður:
Alt að 10000 kr. til Jóns G. Ólafssonar, til að kaupa einkaleyfi á uppfundningum sínum. Lánið er veitt til 10 ára, með 5½% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

29. Við 21. gr. 12. Nýir liðir:
a. Alt að 7000 kr. til Sigurðar bónda Lýðssonar á Hvoli í Dalasýslu, til að endurreisa býlið Svínadalssel í Saurbæjarhreppi. Lánið er veitt til 20 ára, með $5^1/_2$% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.
b. Alt að 30000 kr. til kembivjela á Húsavík. Lánið er veitt til 20 ára, með $5^1/_2$% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

30. — 22. — 3. Nýr liður:
Alt að 50000 kr. til bræðranna Esphólín, til að stofna tunnusmiðju á Siglufirði. Trygging skal fyrir því, að nægilegt stofnfje og rekstrarfje sje fyrir hendi.

31. — 22. — 5. (Byggingarfjelag starfsmanna ríkisins):
Síðari hluti liðsins: »Þó má styrkveiting« o. s. frv., fellur niður.

(C. XXVII, 1).

Nd. **558. Tillaga**

til þingsályktunar um eyðibýli o. fl.

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að útvega á þessu ári nákvæmar skýrslur úr öllum sveitum landsins um jarðir þær, er lagst hafa í eyði síðan aldamót 1900. Skal lögð áhersla á það, að skýrslurnar feli í sjer glöggt yfirlit um ásigkomulag eyðibýlanna, hvern búpening þau myndu enn bera, hve fólksfrek, ef endurbygð væru, og hvort sveitarfjelögin telji sjer hagkvæmt að jarðirnar komist í bygging að nýju. Á skýrslan einnig að ná til þeirra jarða, sem eru hálflagðar í eyði, þótt fólk hafist þar við, yrkingin svo lítil og takmörkuð, að ekki svarar til venjulegra jarðarnota.

Jafnframt fyrnefndum skýrslum afli stjórnin sjer einnig upplýsinga hjá sveitarstjórnum um fólksekluna meðal bænda, hve margt vinnandi fólk vanti á jarðir, sem enn eru í skipulegri bygging, til þess að vel væri.

Skal stjórnin síðan, í samráði við peningastofnanirnar, búnaðarfjelag landsins og bæjarstjórnir ofbygðra kaupstaða gera og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur um endurbygging jarðanna, að svo miklu leyti sem slikt þykir tiltækilegt.

(B. LXXVII, 5).

Ed. **559. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, frá 19. febr. 1886.

Frá allsherjarnefnd.

Háttv. neðri deild hefir haft frv. þetta til meðferðar og málið verið athugað í allsherjarnefnd þar. Nefndin lagði til, að þær breytingar væru gerðar á frv., að undanþágan næði að eins til Ölfusár, en ekki til ánna sem í hana falla, og mun með því hafa viljað sýna það álit sitt, að svo sjerstakir staðhættir væru við þessa á, að veita mætti undanþáguna, sem frv. fer fram á, *án þess* að þar með skyldi vera nokkurt fordæmi gefið til undanþágu frá laxafriðunarlögunum í öðrum veiðivötnum á landinu.

Nefndin fellst á þessa skoðun neðri deildar nefndarinnar, og leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það var afgreitt frá háttv. neðri deild.

Alþingi, 5. maí 1923.

Jón Magnússon, form.	Sigurður H. Kvaran.	Guðm. Guðfinnsson, ritari og frsm.

(B. XLVII, 4).

Nd. **560. Breytingartillaga**

við frv. til laga um mælitæki og vogaráhöld.

Frá allsherjarnefnd.

Við 12. gr.

Fyrir orðin »öðlast þegar gildi« komi: öðlast gildi 1. jan. 1924.

(B. XLVII, 5).

Ed. **561. Frumvarp**

til laga um mælitæki og vogaráhöld.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 553, með þessari breytingu:

12. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1924.

(C. XXIV, 5).

Ed. **562. Tillaga**

til þingsályktunar um sjúkravistarstyrk handa geðveikum þurfamönnum.

(Eftir síðari umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr ríkissjóði, þangað til lokið er að reisa fyrirhugaða viðbót við geðveikrahælið á Kleppi, þann hluta af meðgjöf með geðveikum þurfalingum á svo kölluðum »Litla-Kleppi« í Reykjavík, sem fer fram úr meðgjöfinni á Kleppshælinu, þó aldrei meira en 6 krónur á dag fyrir einstakan sjúkling, enda sje stofnun þessi undir eftirliti heilbrigðisstjórnar ríkisins.

(B. XXXI, 3).

Ed. **563. Frumvarp**

til laga um mannanöfn.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver maður skal heita einu íslensku nafni og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla æfi.

2. gr.

Ættarnafn má enginn taka sjer hjer eftir.

3. gr.

Þeir íslenskir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, mega halda þeim alla æfi. Sama er og um þá erlenda menn, sem til landsins flytjast.

4. gr.

Ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rjett eru að lögum íslenskrar tungu. Prestar skulu hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum sje fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild háskólans úr.

5. gr.

Hver maður skal heita einu nafni og jafnan rita fult nafn og föðurnafn með sama hætti alla ævi.

6. gr.

Nú hefir maður hlotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn áður en lög þessi voru sett, og getur hann þá breytt nafni með leyfi konungs.

7. gr.

Stjórnarráðið gefur út skrá, eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum. Skrá þessi skal send öllum prestum landsins. Skráin skal gefin út á hverjum 10 ára fresti, að lokinni útgáfu hins almenna manntals.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 100 til 500 kr., og skulu þær sektir allar renna til unglingaskólahalds í sýslum landsins.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög nr. 41, 10. nóvember 1913, eru numin úr gildi, svo og önnur lagaákvæði, er komið geta í bága við lög þessi.

(B. XX, 5).

Ed. **564. Frumvarp**

til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Jarðirnar Breiðholt, Bústaðir og Eiði í Seltjarnarneshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur frá fardögum 1923 að telja. Frá sama tíma skal og rafmagnsstöðin við Elliðaár ásamt íbúðarhúsi og lóð, svo og Elliðaárnar með árhólmanum, árfarvegunum og landi á austurbökkum ánna, er þarf til byggingar þeirra mannvirkja, er þurfa þykir framvegis til hagnýtingar vatnsorkunnar að fullu og vegna laxveiðinnar og starfrækslu hennar, úr landi jarðanna Ártúns og Árbæjar í Mosfellshreppi, lögð undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Seltjarnarneshreppi, vegna fæðingar eða dvalar á einhverjum af jörðunum Breiðholti, Bústöðum eða Eiði.

Á sama tíma skal Reykjavíkurkaupstaður greiða Seltjarnarneshreppi, í eitt skifti fyrir öll, tólf þúsund krónur og Mosfellshreppi þrjátíu og sjö þúsund krónur. Þessi síðarnefnda upphæð greiðist með skuldabrjefi, er ber 4% ársvexti og afborgast með eitt þúsund krónum á ári.

3. gr.

Íbúum Seltjarnarneshrepps skal heimilt vatn og rafmagn frá vatnsveitu og rafmagnsveitu Reykjavíkurkaupstaðar til heimilis og búþarfa, enda hliti þeir þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um notkun vatns og rafmagns og meðferð veitutækja. Svo skulu þeir og greiða sjálfir allan aukakostnað, er veitan heim til þeirra hefir í för með sjer, og endurgjald fyrir vatnsnotin og rafmagnsnotin eftir mati, nema samkomulag verði.

(B. LXXIII, 5).

Ed. **565. Lög**

um veitingu ríkisborgararjettar.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí).

Ríkisborgararjettur veitist verkstjóra Johan Emil Ingvald Landmark á Siglufirði, sem fæddur er 22. okt. 1887 á Fjöstoft í Harams prestakalli í Noregi, og Christian Eriksen Björnæs, símaverkstjóra í Reykjavík, sem fæddur er 11. febr. 1861 í Erisfjord í Nessets prestakalli í Noregi.

(B. XLIII, 7).

Ed. **566. Lög**

um breyting á lögum nr. 55, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí).

1. gr.

Tvær fyrstu málsgreinar 4. gr. í lögum 28. nóv. 1919 orðist svo:

Stjórnarráðið skipar bókara, aðalfjehirði og fjehirði bankans og víkur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Um verkaskifting milli aðalfjehirðis og fjehirðis fer eftir ákvörðun stjórnarráðsins, að fengnum tillögum bankastjórnar.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Bankastjórar hafa að árslaunum 15000 krónur hver og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni. Þó mega laun og dýrtíðaruppbót samtals aldrei nema meira en 24000 kr. handa hverjum þeirra.

Dýrtíðaruppbótin reiknast eftir ákvæðum laga nr. 71, 28. nóv. 1919, 33. gr. 1. málsgrein.

Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi, reka sjálfir aðra atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnu- eða verslunarfyrirtækja.

Bókari og aðalfjehirðir hafa að byrjunarlaunum 5000 krónur hvor, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 300 krónur upp í 6500 kr. Fjehirðir hefir að byrjunarlaunum 4500 krónur, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 300 kr. upp í 6000 krónur. Auk þess hafa hinir síðarnefndu 5000 krónur í mistalningarfje á ári, og ákveður bankastjórnin, hvernig mistalningarfjeð skiftist milli aðalfjehirðis og fjehirðis. Fjehirðarnir skulu setja hæfilegt veð, er ráðuneytið tiltekur.

Dýrtíðaruppbót þessara starfsmanna ákveður ráðuneytið, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda frá 1. jan. 1923.

(B. LXIX, 6)

Ed. **567. Lög**

um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí).

1. gr.

Smjör þýðir í lögum þessum feitmeti, sem eingöngu er framleitt úr mjólk, þannig, að strokkaður er litaður eða ólitaður rjómi eða mjólk og afurðin hnoðuð söltuð eða ósöltuð.

Smjörlíki telst alt það feitmeti, sem líkist smjöri, er búið til á líkan hátt og það og í er einhver feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur.

Rjómalíki kallast feitijafningur, sem líkist rjóma, en er ekki eingöngu gerður úr mjólkurefnum.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem að útliti og efnasamsetningu líkist mjólk, en hefir að geyma feiti, sem ekki er mjólkurfeiti.

Ostalíki kallast ostur, sem í er önnur feiti en mjólkurfeiti.

2. gr.

Hver sá, sem framleiða vill smjörlíki, rjómalíki, mjólkurlíki eða ostalíki, skal tilkynna það skriflega hlutaðeigandi lögreglustjóra, sem lætur birta tilkynninguna í Lögbirtingablaðinu á kostnað framleiðanda. Framleiðandi skal hafa framleiðslubók, sem skráð eru í efni þau, sem notuð eru, og skal það gert eftir reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur. Lögreglustjóra skal heimilaður aðgangur að framleiðslubókunum.

3. gr.

Á umbúðum alls innlends smjörlíkis skal standa með greinilegu og óafmáanlegu letri orðið SMJÖRLÍKI ásamt nafni verksmiðjunnar. Um innflutt smjörlíki gilda sömu ákvæði, með þeirri undantekningu, að fyrir orðið SMJÖRLÍKI má standa MARGARINE, en á umbúðum standi ávalt með greinilegu letri ÚTLENT. Þessi ákvæði gilda einnig þegar smjörlíki er selt í lausri vigt í sölubúðum. Sje smjörlíki selt mótað, skal þungi skökunnar vera 1/4, 1/2 eða 1/1 kg., og sje það skráð á umbúðirnar.

4. gr.

Bannað er sem verslunarvara smjör, sem blandað er smjörlíki eða filtuefnum, sem notuð eru til smjörlíkisgerðar. Leyft er, að í smjörlíki sje alt að 5% smjörfeiti.

5. gr.

Bannað er að framleiða smjörlíki þar, sem smjörgerð er höfð um hönd, og eigi má nota sömu tæki til skiftis við framleiðsluna.

6. gr.

Í öllu smjörlíki, hvort heldur það er framleitt hjer eða flutt hingað frá útlöndum, skal að minsta kosti 10% feitinnar vera sesamolía. Sömu ákvæði gilda um rjómalíki og mjólkurlíki. Í ostalíki skal 5% feitinnar vera sesamolía.

7. gr.

Ostalíki, rjómalíki og mjólkurlíki má ekki selja hjer á landi nema á umbúðunum standi með greinilegu letri orðin: OSTALÍKI, RJÓMALÍKI eða MJÓLKURLÍKI, eftir því sem við á, ásamt nafni verksmiðjunnar.

8. gr.

Bannað er að versla með smjörlíki, sem litað er með anilínlit eða blandað er nokkrum þeim efnum, sem skaðleg geta talist.

9. gr.

Í smjörliki má ekki vera meira vatn en 16%.

10. gr.

Verksmiðjur þær, sem búa til smjörliki, skulu standa undir opinberu eftirliti. Nánari ákvæði um það setur atvinnumálaráðuneytið.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100—1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

12. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, nema um brot sje að ræða gegn hinum almennu hegningarlögum frá 25. júní 1869.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 3 mánuðum eftir að þau hafa verið staðfest.

(B. LIV, 7).

Ed. **568. Lög**

um breyting á lögum nr. 41, 11. júlí 1911, um breyting á lögum nr. 57, frá 22. nóv. 1907, um vegi.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí).

Viðhaldskostnaður flutningabrautanna frá Reykjavík að Þjórsárbrú og frá Borgarnesi að vegamótunum hjá Haugum greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði.

Kostnaður við viðhald Ölfusárbrúar og Þjórsárbrúar greiðist einnig úr ríkissjóði.

(B. LX, 9).

Ed. **569. Lög**

um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí).

1. gr.

Í öllum kaupstöðum landsins, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir fyrir almenning, sem aðganga er seld að.

2. gr.

Þessar skemtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur.

a. Hljómleikar og söngskemtanir.
b. Sjónleikar, er njóta opinbers styrks.
c. Fyrirlestrar og upplestrar.
d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
e. Tombólur, í hverju skyni sem haldnar eru.

Af skemtunum, er til þessa flokks teljast, greiðist 10% skattur af andvirði seldra aðgöngumiða. Af tombólum greiðist sami skattur einnig af andvirði seldra happdrátta.

2. flokkur.

a. Dansleikar.
b. Danssýningar.
c. Loddarasýningar.
d. Fjölleikasýningar og sjónleikar, er ekki teljast til 1. flokks.
e. Aðrar almennar skemtanir, sem aðganga er seld að og ekki eru taldar sjerstaklega.

Af skemtunum þeim, er til þessa flokks teljast, greiðist 20% skemtanaskattur.

3. gr.

Undanþegnar öllum skemtanaskatti eru þessar opinberar skemtanir:

a. Ódýrir fræðandi fyrirlestrar, sem styrktir eru af opinberu fje, svo sem stúdentafjelagsfyrirlestrar.
b. Skemtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar málefna, er miða að almenningsheill.
c. Af innanfjelags-skemtunum, sem að eins eru fyrir fjelaga og gesti þeirra, greiðist enginn skattur, en sannist það, að utanfjelagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemtun eftir 2. gr. 2. flokki.

4. gr.

Til að halda skemtun, sem aðgangur er seldur að, skal fá leyfi lögreglustjóra, og skal tilkynna honum, hvar og hve nær hún skuli haldin.

5. gr.

Lögreglustjóri innheimtir skemtanaskattinn og fær 2% í innheimtulaun. Um innheimtuna fer eftir reglugerð, er stjórnarráðið semur.

6. gr.

Skemtanaskatturinn rennur í sjerstakan sjóð, »þjóðleikhússjóð«. Honum skal varið til þess að koma upp »þjóðleikhúsi« í Reykjavik og til að styðja sjónleika, sem sýndir verða að staðaldri í því húsi. Stjórn þessa sjóðs hafa á hendi þrír menn, valdir af kirkju- og kenslumálaráðherra, úr hóp þeirra manna, er vænta má, að kunnugastir sjeu leikment. Nefnd þessi starfar ókeypis. Auk þess að ávaxta þjóðleikhússjóðinn skal nefndin hafa með höndum allan undirbúning undir byggingu leikhússins. Kirkju- og kenslumálaráðherrann hefir eftirlit með störfum nefndarinnar.

Ríkið leggur til ókeypis lóð á Arnarhólstúni.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—500 kr., og skal farið með öll þau mál, sem út af þeim rísa, sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1923, og með þeim eru úr lögum numin ákvæði laga nr. 34, 22. nóv. 1918, og reglugerða, sem á þeim lögum eru bygðar, að því leyti, sem þau fyrirmæli snerta kaupstaði, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri.

(A. XI, 16).

Ed. **570. Lög**

um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí).

1. gr.

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar er hann hefir dvalist í 4 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk á þeim árum.

2. gr.

Hjer heimilisfastir danskir ríkisborgarar vinna sjer sveit eftir þeim reglum, er segir í 1. gr.

Aðrir utanríkismenn vinna sveit hjer á landi, þá er þeir fá íslenskan ríkisborgararjett, og eiga þá framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili er þeir öðlast ríkisborgararjettinn, þangað til þeir hafa unnið sjer sveit, eftir reglum 1. greinar, annarsstaðar.

3. gr.

Þeirri sveitfesti, er menn hafa unnið sjer áður en lög þessi ganga í gildi, halda þeir þangað til þeir þar eftir hafa unnið sjer sveitfesti annarsstaðar samkvæmt lögum þessum. Að öðru leyti fer um sveitfesti manna frá þeim degi að telja, er þau öðlast gildi, svo sem segir fyrir um í lögum þessum. Þó skulu þeir menn, er dvalið hafa síðustu 5 árin áður en lögin komu í gildi sveitfestisdvöl í einhverri sveit, vinna sjer þar framfærslusveit, ef þeir halda áfram dvöl sinni þar á eftir í hinni sömu sveit enn 2 ár, og að öðru leyti uppfylla skilyrði laga þessara. Ef mann skortir minna en 2 ár til þess að hafa unnið sjer sveit með 10 ára dvöl þá er lög þessi öðlast gildi, þá þarf hann þó ekki að halda áfram dvöl sinni í sömu sveit nema þann tíma, sem á vantar til þess að 10 árin verði full, enda uppfylli hann að öðru leyti lögmælt skilyrði fyrir sveitfesti.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 32., 36. og 37. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 og önnur ákvæði, sem koma kunna í bága við þessi lög.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1924.

(A. XXVIII, 6).

Nd. **571. Lög**

um tilbúning og verslun með ópíum o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí).

1. gr.

Bannaður er tilbúningur, innflutningur og útflutningur á unnu ópíum og verslun með það.

Undir bann þetta falla og ópíumsleifar allar og hvers kyns afgangur, einnig það, sem eftir verður þegar ópíum er reykt.

2. gr.

Lyfsölum er heimilt að búa til og vinna úr, flytja inn og út og versla með ónunið ópíum og ópíum til lækninga, morfín, kókaín og heróín, svo og hverskonar efnisblöndun, sem í er meira en $^1/_{50}$% af morfín eða meira en $^1/_{100}$% af heróín og kókaín. Dómsmálaráðuneytið semur nánari reglur um afhendingu lækna á umgetnum lyfjum. Áfengisverslun ríkisins er heimilt að útvega læknum lyf þessi frá útlöndum, svo sem önnur lyf.

Dómsmálaráðuneytið setur nánari ákvæði um tilbúning og úrvinslu, inn- og útflutning, svo og verslun og afhendingu á nefndum efnum, og setur reglur um eftirlit með slíkri iðju og verslun.

3. gr.

Unnið og óunnið ópíum, ópíum til læknislyfja, morfín, kókaín og heróín, ber að skilja í lögum þessum samkvæmt skilgreiningum alþjóða-ópíumfundar 23. janúar 1912.

4. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur úrskurðað, að ákvæði laga þessara gildi um öll ný efni, sem afleidd eru af morfín, kókaín eða söltum þeirra, eða hvert annað ópíumsalkaloid, enda hafi það sannast við vísindalega rannsókn, að misbrúka megi þau á líkan hátt eða að þau hafi lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, er nefnd eru í 2. gr.

5. gr.

Brot á lögum þessum, eða reglum þeim, sem gefnar eru út samkvæmt þeim, varða sektum, alt að 10000 kr., eða fangelsi. Með málin skal farið sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. LXXXIII, 5).

Nd. **572. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að sameina póstmeistara- og stöðvarstjóra-embættið á Akureyri og Ísafirði.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að sameina póstmeistara- og stöðvar-stjóraembættið á Akureyri og Ísafirði.

2. gr.

Eftir sameininguna skulu forstjórar embætta þessara hafa sömu laun og póstmeistararnir á Akureyri og Ísafirði nú hafa samkvæmt launalögum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, en jafnframt má skipa þeim til aðstoðar, á Akureyri póstafgreiðslumann með 2200 kr. byrjunarlaunum, sem hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 2800, og símafulltrúa með sömu launum, sem

ákveðin eru varðstjóra við ritsímann, en á Ísafirði póstaðstoðarmann með sömu launum og póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa eftir launalögum.

3. gr.

Nú eru embætti þau, sem um ræðir í lögum þessum, sameinuð, og skal þá telja þjónustuár viðtakanda í hinu nýja embætti frá þeim tíma, er hann var skipaður í það embætti, er hann áður gegndi.

(C. XI, 2).

Ed. **573. Þingsályktun**

um bygging landsspítala.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta byggja landsspítala svo fljótt sem verða má.

(B. LIII, 9).

Ed. **574. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Með skírskotun til greinargerðar fyrir frumvarpinu á þskj. 161 og nefndarálits meiri hluta Nd.-nefndar á þskj. 448, leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 5. maí 1923.

Sigurður H. Kvaran, frsm. meiri hl. Björn Kristjánsson. Karl Einarsson, ritari.

(B. LXXXVII, 3).

Nd. **575. Frumvarp**

til laga um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Einn skal vera eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum á landinu. Hann hefir að árslaunum 10000 krónur og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni, og enn fremur ferðakostnað, eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar. Ráðherra sá, er bankamál bera undir, veitir embætti þetta.

Laun, uppbót og ferðakostnaður eftirlitsmanns greiðist úr ríkissjóði, en fjárhæðir þessar endurgreiða nefndar peningastofnanir í ríkissjóð í hlutfalli við það fjármagn, er þær hafa í veltu um hver áramót.

2. gr.

Stjórnarráðið ákveður með reglugerð starfssvið eftirlitsmanns og annað, er þurfa þykir. Eftirlitsmaður má ekki hafa önnur embættisstörf á hendi nje reka aðra atvinnu, og ekki má hann vera í stjórn atvinnu- eða verslunarfyrirtækja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XXIV, 4),

Nd. **576. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 464. [*Kosningalög*].

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Nái III. á þskj. 464 eigi samþykki, kemur í staðinn þetta:

a. 3. gr., sem verður 5. gr., orðist svo:

27. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, skal orða svo:

Á dagmálum skal kjörfund setja, og skulu þá kjörstjórar allir komnir á kjörstað. Nú eru nokkrir þeirra ókomnir, og kveðja þá hinir valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þótt hinir komi til síðar.

b. 6. gr.

38. gr. sömu laga skal orða svo:

Atkvæðagreiðslu má eigi slíta fyr en á miðnætti, nema allir kjósendur hafi neytt atkvæðisrjettar, þeir sem á kjörskrá eru.

Þá er allir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn þeirra atkvæði, á sama hátt sem aðrir kjósendur, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í fyrri málsgrein 37. gr., og þeim fengnir nýir seðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlar endast. Í sveitum má þó láta þessa kjósendur greiða fyr atkvæði en hjer var sagt, ef nauðsyn krefur, svo að þeir megi fara ferða sinna.

(A. XXIX, 20).

Ed. **577. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

I. Frá *Sigurði Jónssyni.*

Við 3. gr. 1. Nýr liður:

Til dragferjuhalds á Skjálfandafljóti ... ... kr. 300,00

II. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 3. gr. 2. Nýir liðir (verða 3.—4. tölul):

a. Sími Seyðisfjörður — Loðmundarfjörður ... ... — 16000,00

b. — Egilsstaðir — Brekka í Fljótsdal ... ... — 27000,00

Símalagningar þær, er taldar eru í tölul. 3.—4., koma því að eins til framkvæmda, að útlit sje fyrir, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi fyrir gjöldunum.

III. Frá *Halldóri Steinssyni.*

Við 5. gr. 4. e. Nýr liður:

Til Stykkishólmsbryggju ... ... — 8000,00

(A. I, 28).

Nd. **578. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1924.

I. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 10. gr. A. 7. (Manntal 1703):
Liðurinn færist til og verður B. 7. i sömu grein.

II. Frá *Eiriki Einarssyni.*
Við 12. gr. 14 a. Nýr liður:
Til læknisbústaðarins í Grímsneshjeraði, þriðjungur kostnaðar, alt að 3000

III. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 12. gr. 14 b. (Sjúkrahús á Ísafirði).
Athugasemdin falli burt.

IV. Frá *Stefáni Stefánssyni.*
Við 12. gr. 14. b. Nýr liður:
Til sjúkrahúsbyggingar á Siglufirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að, enda ábyrgist bæjarfjelagið, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt, alt að 20000

V. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 12. gr. 14. i. (Augnlækninganámsstyrkur):
Á undan »lækni« kemur: Guðmundi Guðfinnssyni.
Athugasemdin fellur burt.

VI. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 13. gr. C. 2. (Bátaferðir).
Fyrir »75000« kemur: 96000

VII. Frá *Þorleifi Guðmundssyni.*
Við 13. gr. D. III. 4. Nýr liður:
Sími Þorlákshöfn — Nes í Selvogi 15000

VIII. Frá *Jakob Möller.*
Við 13. gr. D. IV. 20. (Uppbót símastarfsmanna).
Fyrir »17700« kemur: 19300

IX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 15. gr. 2. d. (Afritun skjala).
Fyrir »1000« kemur: 2000

X. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 15. gr. 26. b. (Bjarni Sæmundsson):
Fyrir »Ferðastyrkur« kemur: Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar.

XI. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 49. Nýr liður:
Til að kaupa handrit dr. Jóns Aðils um sögu Íslands, fjórðungur andvirðis, önnur alborgun 2500

XII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 5. a. (Skógræktarlaun):
Liðurinn verður svo:
a. Laun 11160
Þar af 600 kr. uppbót til Einars Sæmundsens.

XIII. Frá *Pjetri Þórðarsyni.*
Við 16. gr. 23. Nýr liður:
Styrkur til ábúandans í Grísartungu, til húsabóta, til þess að geta hýst ferðamenn, er fara um Langavatnsdal, í eitt skifti fyrir öll 500

XIV. Frá *Þorsteini Jónssyni og Sigurði Stefánssyni.*
Við 16. gr. 39. Nýr liður:
Verðlaun til Sveinbjarnar Sveinssonar á Hámundarstöðum í Vopnafirði, fyrir að semja og birta í Búnaðarritinu ritgerð um örugg ráð til að vinna á stuttum tíma refi í grenjum 2000
Verðlaunin skulu ekki greidd fyr en ritgerðin er afhent stjórn Búnaðarfjelags Íslands.

XV. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 16. gr. 40. Nýr liður:
Til Byggingarfjelags starfsmanna ríkisins í Reykjavik, 15% af byggingarkostnaði, þó ekki yfir 20000

XVI. Frá *atvinnumálaráðherra.*
Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til Þorvalds stúdents Árnasonar, til fullnaðarnáms við ullarverksmiðju í Englandi 3000

XVII. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 21. gr. 12. Nýr liður:
Til R. Andersson skraddara, til þess að sauma landsforða af karlmannafatnaði úr íslenskum dúkum til gjaldeyrissparnaðar, 20000 kr.

Lánið er veitt til 12 ára, með $5^1/_2$% í vexti, afborgunarlaust tvö fyrstu árin, gegn trygging, er stjórnin tekur gilda.

XVIII. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við 22. gr. 5. (Byggingarfjel. starfsm. ríkisins):

Fyrir orðin »Þó má« — til enda, komi: enda fari upphæð lána þeirra, er hvíla á húseignunum með 1. og 2. veðrjetti, ekki fram úr því, er landsstjórnin telur trygt.

(B. XXIV, 5).

Nd. **579. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 28, 3. nóv. 1915.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 2. gr. a. Fyrir orðin »Einni stundu« komi: Tveim stundum.

b. Aftan við greinina komi:

Í Reykjavík er heimilt að setja kjörfund fyr en hjer er ákveðið.

(B. LXXXVIII, 2).

Nd. **580. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um lífeyri handa fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis Einari Þorkelssyni.

Flutningsm.: Jakob Möller og Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. Frumvarpsgreinina, sem verði 1. gr., skal orða svo:

Greiða skal Einari Þorkelssyni, fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis, úr ríkissjóði 3500 kr. árlega í lífeyri, að viðbættri verðstuðulsuppbót slíkri, er embættismenn ríkisins njóta að lögum.

2. Þar á eftir komi ný grein svo hljóðandi, og verði hún 2. gr.:

Lög þessi koma til framkvæmdar 1. janúar 1924.

3. Fyrirsögn frumvarpsins verði þessi:

Frumvarp til laga um lífeyri handa Einari Þorkelssyni, fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis.

(B. XXIV, 6).

Nd. **581. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 28, 3. nóv. 1915.

Flutningsm.: Jakob Möller.

Milli 2. og 3. gr. frumvarpsins komi ný grein, svo hljóðandi:
Aftan við 29. gr. laganna bætist:
Þó mega þessir umboðsmenn eða aðrir, sem viðstaddir eru kosninguna, enga skýrslu gefa um, hverjir kosið hafi eða eigi eftir að kjósa, meðan kosning stendur yfir.

(A. I. 29).

Nd. **582. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1924.

I. Frá *Jakob Möller* og *Þorsteini Jónssyni*.
Við 14. gr. B. XIII, 5. (Almenn barnafræðsla). Nýr liður:
Til fræðslumálarits (Skólablaðsins) 800

II. Frá *Bjarna Jónssyni* frá Vogi.
Við brtt. 578, XIV.
Á eftir »Sveinbj. Sveinssonar á Hámundarstöðum í Vopnafirði« kemur: og Jóns Guðmundssonar í Ljárskógum, — og á eftir »refi í grenjum« kemur: 2000 krónur til hvors 4000

(A. XXIX, 21).

Ed. **583. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

Frá fjárveitinganefnd.

Breytingartillögum nefndarinnar á þskj. 556 lætur hún fylgja þessar athugasemdir:

Nefndin er öll sammála um það, að laun ráðherranna sjeu of lág, enda er henni kunnugt um, að þau hafa ekki hrokkið fyrir útgjöldum þeirra, þar sem þeir vegna stöðu sinnar verða að hafa meiri kostnað en þeir ella hefðu þurft. Telur nefndin sjálfsagt, að Alþingi vilji bæta þeim upp fjárhagslegt tap þeirra að einhverju leyti, og flytur því tillögu um nokkra uppbót þeim til handa.

Hallur Hallsson tannlæknir sækir um 2000 kr. styrk til að ljúka námi við tannlæknaskóla í Khöfn og til áhaldakaupa. Hann mun taka fullnaðarpróf í vor og hefir ásett sjer að setjast að hjer heima til að stunda tannlækningar. Maðurinn er efnalaus, og getur því ekki af eigin ramleik keypt sjer nauðsynleg áhöld til þess að stunda iðn sína. Nefndin vill styðja hann til þess með því að veita honum 1500 kr. styrk, gegn því, að hann setjist að á Austurlandi, með því þar mun ekki vera neinn sjerfræðingur í þeirri grein, og því full þörf fyrir hann þar.

Nefndin vill veita Guðnýju Jónsdóttur styrk til að ljúka hjúkrunarnámi. Hún hefir stundað þetta nám í New-York og nú um þessar mundir í London. Þykir hún með afbrigðum dugleg og vel fallin til þessa starfa; hefir hún bestu meðmæli frá Englandi, enda notið þar styrks úr opinberum sjóði, sem viðurkenning fyrir ágæta hæfileika.

Á þinginu 1922 komu fram beiðnir frá þeim Gísla Sveinssyni sýslumanni og Jóni Jónssyni lækni um utanfararstyrk vegna heilsubilunar. Þessum beiðnum var þá ekki sint, en nú hefir Nd. tekið upp styrk handa hinum fyrrnefnda, vegna kostnaðar, er hann hefir haft af því að fara utan til lækninga. Nefndin sjer ekki, að komist verði hjá því að veita Jóni lækni styrk í sama augnamiði, þar sem svo líkt er ástatt um báða þessa menn, og leggur því til, að honum verði veittar 1500 kr.

Kvennaskólinn í Reykjavík hefir komist í skuld vegna óhjákvæmilegra umbóta og aukningar á áhöldum skólans og munum. Hinsvegar er fjárhagur skólans svo þröngur, að hann má ekkert missa af þeim styrk, sem hann fær í fjárlögunum, til að standast kostnað við reksturinn. Því vill nefndin veita honum hjálp til að greiða þessa áföllnu skuld og útvega honum nauðsynlegustu kensluáhöld.

Síðastliðið ár hefir Þjóðminjasafnið átt kost á að eignast óvenju marga merka forngripi, sem voru í eign dánarbús J. V. Havsteens á Akureyri. Til þess að koma í veg fyrir, að gripir þessir færu forgörðum eða yrðu seldir úr landi, hefir fornmenjavörður orðið að stofna um 1200 kr. skuld til þess að safnið gæti eignast þessa gripi. Hann hefir því farið þess á leit, að safninu yrði veitt þessi upphæð í fjáraukalögum. Nefndin vill verða við þessari ósk með því að veita 1000 kr.

Nefndin er því mótfallin, að Alþingi heimili stjórninni ábyrgðir á lánum til fyrirtækja, sem þingið hefir enga aðstöðu til að dæma um, á hve tryggum grundvelli eru reist, og nota á til fyrirtækja, sem stjórnin getur ekki

haft nægilegt eftirlit með. Hún leggur því til, að ábyrgðarheimildin vegna Konráðs Stefánssonar falli niður.

Alþingi, 6. maí 1923.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Einar Árnason, skrifari og frsm. Ingibjörg H. Bjarnason.

Hjörtur Snorrason. Jónas Jónsson.

(B. LXXXVII, 4).

Nd. **584. Breytingartillögur**

við frv. til laga um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

Frá Eiríki Einarssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórnin getur hve nær sem vill rannsakað eða látið rannsaka allan hag banka og sparisjóða í landinu. Allan kostnað við slíkar rannsóknir greiði sú peningastofnun, sem rannsökuð er í hvert sinn.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Stjórnir banka og sparisjóða eru ávalt skyldugar að gefa ríkisstjórninni allar þær upplýsingar um stofnanirnar, er henni kann að þykja ástæða til að heimta.
3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:
   Frumvarp til laga um eftirlit með bönkum og sparisjóðum.

(B. XXVI, 5).

Ed. **585. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um bjargráðasjóð Íslands, nr. 45, 10. nóv. 1913.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og fer fram á þá breytingu á bjargráðasjóðslögunum, að lána megi fóðurbirgðafjelögum og öðrum löggiltum fje-

lögum eða stofnunum, er hafa það eitt að markmiði að koma í veg fyrir hallæri, fje úr sjóðnum.

Skilyrði er þó, að sýslunefndir eða bæjarstjórnir hafi ekki gert samþyktir samkvæmt 11. gr. laganna.

Bjargráðasjóðurinn allur mun nú nema um 400 þús. krónum og árlegar tekjur með rentum 10 þús.

Hjer er því um allmikla fjársöfnun að ræða, sem ætluð er til þess að bæta hag sveitarfjelaganna og hjálpa þeim, einkum er einhver sjerstök áfelli ber að höndum vegna harðinda eða ófyrirsjáanlegs tjóns af völdum náttúrunnar.

Nefndinni hefir hugkvæmst, að sjóður þessi mundi að ýmsu leyti ná eins vel tilgangi sínum með því að leggja hann til ellistyrktarsjóðanna að einhverju eða öllu leyti, og láta þá sjóðinn taka til starfa strax, til þess að ljetta undir með sveitarsjóðunum við framfærslu gamalmenna; myndi sjóðurinn halda áfram að vaxa samt nægilega, þegar hann er orðinn svo stór, sem nú er, þó fylgt yrði reglum ellistyrktarlaganna um úthlutun af tekjum hans.

Þessi ráðstöfun útilokar hinsvegar ekki, að lána mætti fje úr sjóðnum í því augnamiði, er frv. þetta gerir ráð fyrir, og leggur nefndin ekki á móti því, að svo verði gert.

Nefndin leggur því til, að málið verði athugað frá þessari hlið og leitað álits sýslunefndanna fyrir næsta Alþingi, og ber því fram svo hljóðandi

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ráðherra leiti álits sýslunefnda um frv. það, sem fyrir liggur, og það, hvort ekki sje tiltækilegt að leggja bjargráðasjóðinn að einhverju eða öllu leyti til ellistyrktarsjóðanna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. maí 1924.

Jón Magnússon, form.	S. H. Kvaran.	Guðm. Guðfinnsson, ritari og frsm.

(A. XVIII, 12).

Sþ. **586. Breytingartillögur**

við frv. til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá allsherjarnefnd efri deildar.

1. Við 10. gr.
   Niðurlag 1. málsgr., frá »og er sjúklingnum skylt« til enda málsgreinarinnar, falli burt.
2. Við 17. gr.
   Orðin »10. og« falli burt.

C. XXVIII, 1).

Ed. **587. Tillaga**

til þingsályktunar um póstflutninga.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að rannsaka og gera kostnaðaráætlun fyrir næsta þing um skipulagsbreytingu á póstflutningi hjer á landi, þar sem hringferðir landpóstanna legðust niður, en í þess stað yrði póstur fluttur á hálfs mánaðar fresti frá aðalhöfnum um næstu bygðir.

Greinargerð.

Hinar seinfæru póstgöngur hjer á landi eru eitt af meiriháttar meinum þjóðfjelagsins. Nú á síðustu árum hefir landið eignast allmikinn skipastól, þannig að samgöngur á sjó með ströndum fram eru orðnar betri og vissari en nokkurntíma áður. Er þá eðlilegt, að hringferðir landpóstanna leggist niður, en í þess stað verði pósturinn fluttur með skipunum milli aðalhafna, og síðan um nærliggjandi bygðir. Ætti þetta að vera í einu ódýrara og hentugra. Þegar stutt á að flytja, mætti leggja niður hin þungu trjekoffort og flytja póstinn í töskum og seglpokum, eins og nú er lítillega byrjað á sumstaðar. Væri að því mikill sparnaður fyrir landssjóð. Full vissa er og fengin fyrir því, að með útboði um póstflutninginn annað og þriðja hvert ár má þrýsta mikið niður kostnaðinum við landflutninginn. Hjer er ekki gert ráð fyrir, að landsstjórnin skipi sjerstaka nefnd til að undirbúa málið, heldur að hún fái til þess aðstoð póstmannanna í þjónustu landsins.

(C. XXIX, 1).

Ed. **588. Tillaga**

til þingsályktunar um öryggi sjómanna og bætta afkomu barna og ekkna þeirra.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að rannsaka fyrir næsta þing eftirfarandi atriði:

a. Hve mikið mundi kosta að koma hjer upp tækjum til að simtala þráðlaust til báta og skipa hjer við land og láta í tje fregnir um veðurfar.
b. Hve mikið útflutningsgjald þyrfti að leggja á útfluttar sjávarafurðir til að geta veitt ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna hæfilegan lífeyri.

Greinargerð.

Í sambandi við hina ágætu veðurfræðistöð í Bergen hafa Norðmenn komið á skipulagi til að vara sjómenn við ofviðrum. Hver fiskibátur hefir tæki, sem ekki kosta meira en 200 kr., til að veita móttöku símtali frá talstöð í Bergen. Talið er, að með þessu takist oft að vara bátana við hættu með 6—12 stunda fyrirvara. Sjerfræðingar landsins við loftskeytastöðina, landssímann og veðurathugunarstöðina ættu að geta undirbúið málið, landinu að kostnaðarlausu. Fyrir nokkru hefir landlæknir G. Björnson sannað, að manntjón við fiskveiðar væri miklu meira hjer við land en hjá nokkurri annari þjóð í Evrópu. Er ekki nema sanngjarnt, að sjávarútvegurinn sjái fyrir ekkjum og börnum þeirra, sem týna lífinu í baráttunni við náttúruöflin fyrir þessa atvinnugrein. Er því gert ráð fyrir, að komið gæti til mála að leggja sjerstakt útflutningsgjald á útfluttan fisk, síld, lýsi o. fl. sjávarvörur, til að forða frá örbyrgð forsjárlausu vandafólki sjómannanna.

(B. XLI, 3).

Nd. **589. Nefndarálit**

um frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar er mótfallinn því, að frv nái fram að ganga.

Fyrst og fremst er minni hlutinn ósammála um það atriði, að rjett sje að breyta því skólakerfi, sem nú er, í verulegum atriðum. Hann telur rjettara að hver skólinn risi upp af öðrum, alt frá barnaskólum og upp úr, þótt breyta mætti um aukaatriði, t. d. að gagnfræðapróf nægði að eins sem inntökuskilyrði í 3. bekk mentaskólans. Það er fyrirsjáanlegt, að ef frumv. þetta næði fram að ganga, þá mundi sterk alda rísa á móti því, þar sem það er öllum vitanlegt, að allir yngri stúdentar eru eindregið mótfallnir breytingunni. Mætti því búast við, að þessu yrði breytt þegar á næstu þingum. En öllum hlýtur að vera það ljóst, að mjög óheppilegt er, að tíðar breytingar sjeu á skólalöggjöf.

Minna má á í þessu sambandi, að svipuð skólaskipun og nú er á landi hjer viðgengst alstaðar á Norðurlöndum.

Í sambandi við þann stórfelda sparnað, sem meiri hluti nefndarinnar telur að yrði við þá breyttu skólaskipun, mætti spyrja um það, hvort ódýrara mundi fyrir landið að reisa nýjan gagnfræðaskóla fyrir Reykvíkinga, og kosta hann síðan.

Önnur grundvallarbreyting, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er latínukunnátta sem inntökuskilyrði í skólann. Minni hlutinn telur þessa breytingu spor í áttina til úrelts, óhyggilegs skólafyrirkomulags.

Fyr á tímum, þegar lærðir skólar voru í raun rjettri ekki annað en undirbúningsskólar fyrir presta, og næstum ekkert var kent þar annað en latína og guðfræði, þá var eðlilegt, að latína væri inntökuskilyrði. Nú þegar öðrum fræðum, svo sem t. d. náttúruvísindum, hefir fleytt jafnmikið fram og verið tekin upp til kenslu, þá er eðlilegt, að dautt mál eins og latína þoki að minsta kosti sem undirbúningslærdómsgrein.

Minni hlutinn neitar því ekki, að latínunámið þroski nemendur, en það eru fleiri námsgreinar, sem segja má sama um og virðist standa nær oss að nema; má þar til nefna móðurmálið, sem er litlu auðveldara, að því er málfræði snertir, en latína, en eins og kunnugt er ágætlega fallið til að skýra og þroska hugsun. Þá má og til nefna stærðfræði.

Því er slegið fram órökstuddu í nefndaráliti meiri hlutans, að móðurmálsþekking stúdenta þeirra, sem útskrifast hafa eftir núverandi skólafyrirkomulagi, sje minni en áður, og kent um tvískiftingu kenslunnar. Minni hlutinn telur þessa ástæðu fjarstæðu, en sje svo, að kenslu í íslensku sje ábótavant, virðist einsætt að bæta hana og auka.

Meiri hlutinn telur, að andlegur þroski og þekking stúdenta sje minni eftir að tvískiftingin var upp tekin. Minni hlutinn efast um það, en væri svo, stafaði það aðallega af því, að nú koma nemendur yfirleitt miklu yngri og óþroskaðri í skóla en meðan gamla skólaskipunin var.

Minni hlutinn telur tvískiftinguna engan veginn aðalorsök þess, að aðsókn að mentaskólanum hefir aukist á síðari árum, heldur vaxandi fróðleiksfýsn og sjerstaklega breytingu þá, sem ófriðarárin hafa yfirleitt haft á efnahag manna og aukning íbúatölu Reykjavíkur. Hinu er minni hlutinn samþykkur, að æskilegt væri að takmarka tölu þeirra, sem ganga mentaveginn, en hann telur hyggilegra að þyngja prófin með aukinni kenslu í öðrum námsgreinum, sem hagnýtari eru en latína.

Minni hlutinn telur ekki hyggilegt að nota latínunámið eins og grýlu til að fæla menn frá því að ganga mentaveginn.

Eftir því sem undan er gengið má vænta þess, að Alþingi muni bráðlega taka til yfirvegunar alt skólakerfi landsins, og þá um leið kostnaðarhlið málsins, og leggur því minni hlutinn til, að frv. verði að þessu sinni afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem landsstjórnin hefir við umræður um frv. til laga um mentaskóla á Akureyri heitið að leggja fyrir næsta þing tillögur um skólamál lands-

ins, telur deildin ekki tímabært að taka nú þegar fullnaðarákvörðun um hinn almenna mentaskóla einan, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. maí 1923.

Þorsteinn Jónsson, formaður.	Gunnar Sigurðsson, ritari og frsm.

(B. X, 15).

Ed. **590. Lög**

um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí).

1. gr.

Aftan við 3. gr. 10 (um tölu þjóðvega) komi:

Frá Húsavík um Tunguheiði, Kelduhverfi, Öxarfjörð, Öxarfjarðarheiði Þistilfjörð, Brekknaheiði, Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð að Fossvöllum.

2. gr.

Þessi breyting á legu þjóðvegarins er því skilyrði bundin, að sýslunefnd Norður-Múlasýslu taki í sýsluvegatölu vegarkaflann frá Fossvöllum að Gilsárbrú í Jökuldal.

3. gr.

Leiðin frá Breiðamýri til Reykjahlíðar fellur úr tölu þjóðvega. Leiðin frá Reykjahlíð um Mývatnsöræfi um Grímsstaði og Möðrudal yfir Gilsárbrú í Jökuldal skal vera fjallvegur.

(B. LXVII, 11).

Ed. **591. Jarðræktarlög**

(Afgreidd frá Ed. 7. maí).

I. kafli.
Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfjelag Íslands hefir á hendi framkvæmd eða umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til úr ríkissjóði, eða öðrum sjóði eða stofnun, sem er eign ríkisins, nema lög mæli öðruvísi fyrir sjerstaklega. Meðan Búnaðarfjelag Íslands fer með mál þau, sem því eru falin í lögum þessum, útnefnir atvinnumálaráðherra meiri hluta í stjórn þess, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal jafnan leita álits Búnaðarfjelags Íslands um ræktunarmálefni, áður en þau eru fullráðin, og eigi má veita lán eða styrk úr sjóðum þeim og stofnunum, sem í 2. gr. getur, ef fjelagið leggur á móti því.

4. gr.

Búnaðarfjelag Íslands hefir á hendi umsjón með viðhaldi þeirra ræktunarfyrirtækja, sem styrkur eða lán hefir verið veitt til úr sjóðum þeim eða stofnunum, sem um getur í 2. og 3. gr. Ennfremur hefir það eftirlit með því, að verk þessi sjeu unnin á þann hátt, sem í skilyrðum var haft, er lán eða styrkur var veitt, að svo miklu leyti sem verkið er óframkvæmt eða eftirlit þetta eigi falið öðrum sjerstaklega.

5. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfjelagi Íslands eru ætluð í lögum þessum, framkvæmir ýmist stjórn þess, framkvæmdarstjóri eða ráðunautar, alt eftir því, sem lög fjelagsins og reglur mæla fyrir.

6. gr.

Búnaðarfjelag Íslands hefir heimild til, er því þykir þörf á, að velja sjer 1 trúnaðarmann í hreppi hverjum, til þess að hafa fyrir fjelagsins hönd umsjón og eftirlit með ræktunarfyrirtækjum þeim, sem undir það falla í þeim

hreppi. Fjelagið fær mönnum þessum ítarlegt erindisbrjef, en borgun fyrir starf sitt fá þeir hjá hreppabúnaðarfjelögunum, en þar sem þau eru ekki til, hjá þeim mönnum, er þeir vinna fyrir, eftir reglum, sem settar verða í erindisbrjefinu. Ef ágreiningur verður um borgun þessa, sker Búnaðarfjelag Íslands úr.

II. kafli.
Um túnrækt og garðyrkju.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið gefur út reglur, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, um hversu áburðarhús og safnþrær skuli gerð Nú hefir sá, er gera lætur áburðarhús eða safnþró, fylgt reglum þessum í öllu, og Búnaðarfjelag Íslands telur hann hafa þörf fyrir húsið eða þróna, og má þá veita þeim, er verkið ljet framkvæma, styrk úr ríkissjóði, er nemi alt að einum þriðja kostnaðar við verkið.

8. gr.

Nú sljettar maður tún sitt eða eykur eða ræsir fram land til túngræðslu, og má þá veita honum styrk úr ríkissjóði, er nemi alt að 1/4 kostnaðar, ef sannað er fyrir Búnaðarfjelagi Íslands, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er segir í 9. og 11. gr.

9. gr.

Styrkur greiðist ekki fyr en verkinu er lokið að fullu og landsvæðið komið í sæmilega rækt. Þegar land er ræst fram til túngræðslu er þó nægilegt, að hið framræsta land, með sæmilegri vinslu og áburði, geti orðið að túni.

Um sönnun fyrir að skilyrðum þessarar greinar sje fullnægt fer eftir reglugerð, sem sett er eins og segir í 7. gr.

10. gr.

Enginn fær styrk þann, sem segir í 8. gr., á fyrstu 10 dagsverkin, sem hann vinnur á ári hverju, fyrir hvern verkfæran mann, er hann hefir á heimili sínu til vinnu vistarár hvert. Nú lætur maður, sem hefir jörð eða jarðarpart eða landsvæði til afnota, niður falla eitt ár eða fleiri, talið frá 14. maí 1923, túnræktariðju þá, sem ræðir um í 8. gr., eða hann vinnur minna að þessum störfum en segir í fyrsta málslið þessarar greinar, og fær hann þá eigi neinn styrk, nema fyrir það, sem umfram er 10 dagsverk á ári, fyrir hvern verkfæran mann, margfaldað með áratölu þeirri, sem ekkert var unnið að þessu starfi eða minna en hjer segir. Þó fá fátækir einyrkjar styrk fyrir það, er þeir vinna umfram 5 dagsverk, er jafngilda 10 hjá öðrum.

11. gr.

Enginn styrkur greiðist til túnræktar á landi, sem ætla má að tekið verði til lóða undir hús, fiskreita eða annara hluta, sem óviðkomandi eru jarðrækt, á næstu 20 árum eftir að verkið var unnið.

12. gr.

Þeir, sem gera nýja matjurtagarða, geta vænst styrks úr ríkissjóði, er nemi alt að 1/5 þess, er gerð þeirra kostar, og þar með talinn girðingarkostnaður, en eigi áburður. Styrkurinn verður þó eigi greiddur fyr en garðurinn hefir gefið sæmilega uppskeru, að áliti Búnaðarfjelags Íslands (enda sje garðstæðið valið eða samþykt af trúnaðarmanni þess). Styrkur verður eigi veittur til minni garða en 400 fermetra.

13. gr.

Mat og mæling jarðræktarframkvæmda þeirra, er um ræðir í 7.—12. gr., gera venjulega trúnaðarmenn þeir, sem í 6. gr. getur, en ella ráðunautar Búnaðarfjelags Íslands eða aðrir, sem það velur til þess. Mat þetta og mæling fer fram eftir reglum, sem settar eru á þann hátt, er segir í 7. gr. Ágreining um kostnað við fyrirtæki þau, sem styrk fá úr ríkissjóði samkv. 7.—12. gr., úrskurðar ráðherra.

14. gr.

Ríkisstjórnin greiðir styrk samkvæmt þessum kafla, þegar undirbúningur sá hefir farið fram, sem lög þessi og reglugerð eða reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim, segja fyrir um.

III. kafli.

Um vjelayrkju o. fl.

15. gr.

Úr ríkissjóði má árlega veita fje til að starfrækja og gera tilraunir með jarðræktarvjelar, svo sem þúfnabana, skurðgröfur og aðrar stærri nýtiskuvjelar, sem eru við hæfi hjer á landi. Árlegt tillag úr ríkissjóði má þó ekki nema meiru en svo, að tekjur Vjelasjóðs og tillag ríkissjóðs verði samtals 50000 kr.

16. gr.

Búnaðarfjelag Íslands sjer um starfrækslu vjela þeirra, sem keyptar eru samkvæmt 15. gr., og ákveður, að fengnu samþykki atvinnumálaráðuneytisins, hvar unnið skuli með þeim á ári hverju. Kostnaðinn af starfrækslunni greiða þeir, sem unnið er fyrir; en heimilt er þó, ef vinnukaupandi óskar þess, og að áliti Búnaðarfjelags Íslands þarf þess með, að lána honum vinnukostnað-

inn að helmingi, gegn fullnægjandi tryggingu, og endurgreiðast lán þessi og ávaxtast eftir þeim reglum, sem nú gilda um jarðræktarlán úr Ræktunarsjóði.

17. gr.

Ríkisveðbankinn hefir á hendi innheimtu lána þeirra, er í 16. gr. getur, og skulu vextir og afborganir renna í sjerstakan sjóð, er nefnist »Vjelasjóður«. Markmið þessa sjóðs er að útvega og gera tilraunir með landbúnaðarvjelar og starfrækja þær, ef þörf krefur.

Ef Ríkisveðbankinn verður eigi tekinn til starfa áður en innheimta þarf vexti eða afborganir af lánum þessum, hefir Búnaðarfjelag Íslands innheimtuna á hendi, þar til bankinn tekur til starfa.

18. gr.

Með reglugerð, sem sett er eins og segir í 7. gr., skal kveða á um tryggingar fyrir lánum þeim, sem í 16. gr. getur, og annað, er þau snertir. Enn fremur skal á sama hátt setja reglur um Vjelasjóðinn.

19. gr.

Andvirði og áfallinn rekstrarkostnaður þeirra tveggja þúfnabana, sem þegar hafa verið keyptir af Búnaðarfjelagi Íslands, greiðist úr Ræktunarsjóði, en það, sem útistandandi er fyrir vinnu þeirra, rennur í Vjelasjóð, og er fyrsti vísir hans.

IV. kafli.

Um jarðræktarlán.

20. gr.

Ríkisveðbankinn má eigi lána fje Ræktunarsjóðsins eða Kirkjujarðasjóðsins til annars en landbúnaðar, og má eigi lána minna en $^2/_3$ til jarðræktar úr þeim, enda sje reikningum sjóða þessara jafnan haldið út af fyrir sig.

21. gr.

Vextir af lánum til jarðræktar, sem veitt eru samkvæmt 20. gr., mega ekki hærri vera en 4 af hundraði á ári og lánstíminn eigi skemri en 20 ár, og lánin afborgunarlaus 4 fyrstu árin.

22. gr.

Ríkisveðbankanum er heimilt að veita lán til allskonar jarðabóta, en jafnan skal það skilyrði sett, að lántakandi leggi fram til hinna umræddu jarðabóta sem svarar $^1/_3$ kostnaðar við þær, auk styrks, sem kann að fást til þeirra. Alt að helmingi slíkra lána má greiða strax, en afganginn ekki fyr en verkinu er lokið. Ef um stærri fyrirtæki er að ræða, má þó greiða lánið í fleiri hlutum, jafnóðum og verkinu miðar áfram, eftir því sem Búnaðarfjelag Íslands telur hæfilegt.

23. gr.

Ríkisveðbankinn má eigi veita nein lán til jarðræktar, nema Búnaðarfjelag Íslands leggi með því og hafi samþykt kostnaðaráætlun, sem jafnan skal fylgja slíkum lánbeiðnum, ásamt nákvæmri lýsingu á hinu fyrirhugaða verki.

24. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur nánari reglur um jarðræktarlán Ríkisveðbankans, að fengnum tillögum Búnaðarfjelags Íslands og stjórnar bankans.

V. kafli.

Sjerákvæði um jarðeignir ríkissjóðs.

25. gr.

Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð losnar úr ábúð, sem álist sjerstaklega vel fallin til skiftingar í nýbýli að dómi umráðamanns jarðarinnar, skal leitað álits Búnaðarfjelags Íslands um það áður en jörðin er bygð.

26. gr.

Nú telur Búnaðarfjelag Íslands þjóðjörð eða kirkjujörð vel fallna til skiftingar í nýbýli, og má þá eigi festa hana í ábúð þannig, að til fyrirstöðu sje slíkri skiftingu.

27. gr.

Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð er bygð, skal jafnan þar, sem við getur átt, ákveðið í byggingarbrjefinu, að leiguliði megi vinna af sjer landsskuld og leigur með jarðabótum á leigujörð sinni. Jarðabætur, sem leiguliði greiðir með landsskuld, og leigur skulu metnar til slíkrar greiðslu þriðjungi minna en ella, þannig, að sá, sem greiðir landsskuld og leigur með jarðabótum, lætur þriðjungi hærri fjárhæð en afgjaldsupphæðinni nemur.

Sama rjett hafa landsetar ríkissjóðs, sem nú eru, þar með taldir prestar, hvort sem þeir hafa fengið prestssetrið fyrir eða eftir að lög þessi öðlast gildi.

28. gr.

Jarðabætur, sem ganga til landsskuldargreiðslu og leigna, njóta einskis styrks af opinberu fje. Um jarðabótastyrk leiguliða á þjóðjörðum og kirkjujörðum fer að öðru leyti eftir fyrirmælum 8.—11. gr.

29. gr.

Nú vill leiguliði á þjóðjörð eða kirkjujörð vinna af sjer landsskuld og leigur, eins og segir í 27. gr., að nokkru eða öllu leyti, og skal hann þá skýra umráðamanni jarðarinnar frá, hverjar jarðabætur hann ætli sjer að vinna, en

umráðamaðurinn leitar síðan álits Búnaðarfjelags Íslands um fyrirætlanir þessar. Ef Búnaðarfjelag Íslands telur ekkert við það að athuga, skýrir það leiguliða og umráðamanni jarðarinnar frá því, en ella að eins leiguliða, og tilgreinir ástæður. Engin jarðabót er gild borgun upp í landsskuld og leigur, nema fullgerð sje og vel af hendi leyst, að áliti Búnaðarfjelags Íslands, í gjalddaga þeirrar landsskuldar eða leigna, er greiða á með henni.

30. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur umráðamönnum þjóðjarða og kirkjujarða nánari reglur um þau atriði, sem um er rætt í 25.—29. gr.

VI. kafli.
Um erfðafestulönd.

31. gr.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum landsins, að Reykjavík undanskilinni, og hreppsnefndir í kauptúnum skulu, áður en eitt ár er liðið frá því lög þessi öðlast gildi, senda Búnaðarfjelagi Íslands skýrslu um land það, sem að áliti þeirra liggur best við til ræktunar innan takmarka kaupstaðarins eða kauptúnsins, en þó eigi, ef líkur eru til, að á því þurfi að halda til húsalóða í fyrirsjáanlegri framtíð. Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð liggur að landi kaupstaðar eða kauptúns, ná þessi ákvæði einnig til hennar. Skýrslu þessari skulu fylgja þær upplýsingar, sem Búnaðarfjelag Íslands tiltekur.

32. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, er getur um í 31. gr., gerir Búnaðarfjelag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og skiftir því í skákir, eigi minni en 2 og eigi stærri en 5 ha. Hver skák skal ætluð einum manni til ræktunar, og skal þeim skift þannig, að sem kostnaðarminst verði vegalagning um svæðið, lagning vatnsæða, rafmagnstauga og gerð annara mannvirkja, sem vinna þarf. Afrit af uppdrættinum sendir Búnaðarfjelag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

33. gr.

Nú óskar maður að fá skák til ræktunar, og skal hann þá snúa sjer til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar með beiðni um meðmæli hennar. Að fengnum meðmælum þessum getur hann snúið sjer til sýslumanns eða bæjarfógeta og fengið hjá honum útnefnda tvo hæfa og óvilhalla menn til að meta skákina til peningaverðs, ef hann nær eigi samkomulagi við eiganda um árgjald af henni.

34. gr.

Ekki getur eigandi eða umráðamaður bannað, að óræktað land sje tekið til ræktunar eftir kafla þessum, nema svo sje ástatt sem hjer segir:

a. Að hann hafi sjálfur gert viðbúnað til að rækta landið á einhvern veg eða færi sönnur á, að landið sje honum nauðsynlegt vegna annara afnota.
b. Að landið sje sannanlega öðrum ljeð til ræktunar.
c. Að á því landi sjeu einhverjar minjar eða sjerstök náttúruprýði, sem hann vill eða ætlar að friða.

35. gr.

Landskákir þessar skulu jafnan, þegar ríkissjóður, hreppsfjelag eða bæjarfjelag er eigandi, leigðar í erfðafestu til 75 ára, og skal árgjaldið vera 5 af hundraði af matsverði eða því verði, sem eiganda og leigutaka hefir komið saman um. Ef einstakir menn eru eigendur landskákanna, ráða þeir, hvort þær eru seldar matsverði eða leigðar eins og fyr er sagt.

36. gr.

Að leigutímanum liðnum fellur landið aftur til eiganda, án endurgjalds, nema leigutaki vilji endurnýja leiguna til 10 ára í senn, gegn því að greiða 4 af hundraði á ári af þáverandi matsverði landsins.

37. gr.

Um erfðafestulönd þessi skal jafnan gera skriflegan samning, er leigutaki skal láta þinglesa á sinn kostnað. Leigutaki getur selt rjett sinn og veðsett.

38. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, enda sje minst tíundi h'uti ræktaður á ári hverju. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð greiðist fyrir það, sem unnið kann að vera að ræktun þess. Jafnan skal gripheld girðing um þann hluta landsins, sem ræktaður er.

39. gr.

Erfðafestulönd þessi má einungis nota til jarðræktar, að undanskildu svæði, sem þarf til íbúðarhúss, útihúsa og peningshúsa leigutaka.

40. gr.

Nánari reglur um erfðafestulönd þessi má setja á þann hátt, sem segir í 7. gr.

VII. kafli.
Um tilrauna-nýbýli.

41. gr.

Úr ríkissjóði má greiða kostnað af að reisa og rækta 2 nýbýli í svonefndum Víðir í landi Mosfells í Mosfellssveit, með 10 hektörum ræktaðs lands hvort, og hefir Búnaðarfjelag Íslands á hendi framkvæmd þess og umsjón, undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins.

42. gr.

Nýbýli þau, er ræðir um í 41. gr., má leigja gegn 4% ársvöxtum af því fje, sem til þeirra hefir farið, eða selja fyrir kostnaðarverð, með sömu kjörum og þjóðjarðir eru nú seldar.

VIII. kafli.
Um endurskoðun laga þessara o. fl.

43. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1923, og skulu þau endurskoðuð áður en 5 ár eru liðin frá þeim tíma.

(B. LXXIV, 6).

Ed. **592. Lög**

um breytingu á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí.)

1. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Nú verða gjöld sýslufjelags eða bæjar eftir þessari grein á einhverju ári meiri en sem svarar 2,00 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu, og endurgreiðist þá mismunurinn úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

(A. IX, 12).

Ed.

593. Vatnalög.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí).

I.

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkja:

Almenningur: Sá hluti vatns, sem liggur fyrir utan vatnsbelti landareignanna.

Fallvatn: Sá hluti vatnsfalls (fossar, hávaðar, strengir), sem hagkvæmt verður talið að virkja í einu lagi til orkunýtingar.

Frumdrættir: Mælingar, uppdrættir, lýsingar og önnur gögn til ákvörðunar á aðaldráttum fyrirhugaðra mannvirkja.

Fullnaðardrættir: Mælingar, uppdrættir og önnur gögn til fullkominnar ákvörðunar á fyrirhuguðum mannvirkjum.

Hjerað: Kaupstaður, sýsla eða hreppur.

Iðja: Iðnaður, annar en handiðn.

Iðjuver: Land eða lóð, hús og önnur mannvirki ásamt tækjum til afnota við iðju.

Iðjuhöldur: Eigandi iðjuvers.

Lágflæði: Venjulegt lægsta vatnsyfirborð.

Landareign: Land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða.

Orkuveita: Útbúnaður til að veita orku úr einum stað í annan.

Orkuver: Land eða lóð, hús og önnur mannvirki ásamt tækjum til afnota við orkuvinslu eða breytingar einnar tegundar orku í aðra.

Sjerleyfi: Leyfi samkvæmt sjerleyfislögum.

Vatnsvirki: Mannvirki um vatn, í eða yfir vatni eða við það.

Vatnsmiðlun: Geymsla á vatni til þess að breyta eðlilegu vatnsmagni straumvatns.

Vatnsvirkjari: Sá maður, sem kemur fyrir neysluvatnsæðum.

II. kafli.

Almenn ákvæði um vatnsrjettindi.

2. gr.

Landareign hverri fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.

3. gr.

1. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hvor land í miðjan farveg, og sje ekki vöxtur í vatni, nema önnur lögmæt skipun sje þar á gerð.

2. Eigi breytast merki, þótt farvegur breytist.

4. gr.

1. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og fylgir vatnsbotn þá þeim bakka, er hann verður talinn áframhald af, 115 metra út í vatn (netlög).

2. Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 metrar á breidd, þá skal miðlína þess ráða merkjum, nema önnur lögmæt skipun hafi verið á gerð.

3. Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði, þá fylgir vatnsbotn landi sem þurt land væri.

4. Ef eyjar, hólmar eða sker eru í stöðuvatni, þá fylgja þeim netlög sem áður segir. Nú á maður eyjar, hólma eða sker fyrir landi annars manns, og er sundið mjórra en 230 metrar, og ræður þá miðlína sundsins merkjum.

5. Jafnan skal miða við lágflæði í vatni.

6. Ef breyting verður á vatnsbotni, þá skulu netlög vera sem áður voru þau.

5. gr.

Nú liggja tvær landareignir eða fleiri að vatni sama megin, og skulu þá netlög hverrar um sig ákveðin svo, ef eigi hefir áður verið skipun á gerð, að hver botndepill fylgi þeim bakka, sem hann er næstur.

6. gr.

1. Rjett er að matsmenn ákveði og setji merki milli landareigna, að því leyti sem merki fara eftir ákvæðum 3.—5. gr.

2. Þinglýsa skal matsgerð samkvæmt 1. lið og bóka í landamerkjabók sem aðrar landamerkjaheimildir.

7. gr.

1. Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.

2. Óheimilt er manni, nema sjerstök heimild eða lagaleyfi sje til þess:

a) að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsmagni, hvort sem það verður að fullu og öllu eða um ákveðinn tíma, svo og að hækka eða lækka vatnsborð.

b) að gerstífla straumvatn eða gera mannvirki í vatni eða yfir því,

c) að veita vatni úr landi sínu í annara land,

ef tjón eða hætta er af því búin eign annars manns eða rjettindum, óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta að nokkru ráði fyrir hagsmuni ríkis eða almennings.

8. gr.

1. Nú breytist farvegur án þess að af mannavöldum sje, og er þá landeiganda hverjum, sem mein verður að breytingunni, rjett að fella vatn í

fornan farveg eða koma honum í samt lag. Ef til þess þarf afnota af landi annars manns, eru þau heimil, en þá getur sá maður krafist bóta fyrir tjón og óþægindi, sem verkið bakar honum. Et ágreiningur verður, þá skulu matsmenn skera úr.

2. Nú líða svo tvö ár frá lokum þess almanaksárs, er breytingin varð, að aðilja er eigi sagt til þess, að vinna eigi verk það, er í 1. lið greinir, og skal þá, þegar verkið er unnið, bæta þann kostnað, sem að loknum áðurnefndum fresti hefir verið ráðist í til þess að rækta farveginn og annars sliks, eða til ráðstafana, sem gerðar kunna að hafa verið til þess að nota vatnið í nýja farveginum. Nú er því lýst yfir innan 2 ára, að vinna eigi verkið, sbr. 1. lið, en verkið þó ekki unnið innan 5 ára frá því breyting varð, og má þá líta svo á sem engin yfirlýsing hafi fram komið.

3. Nú hefir sama ástand haldist í 20 ár eða lengur, og skal þá um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo.

9. gr.

Fara skal um jarðvatn, regnvatn og leysinga, er á landareign safnast, lindir, dý, tjarnir og slik minniháttar vötn, sem eigi hafa stöðugt afrensli ofanjarðar, svo sem hjer segir, enda sje eigi önnur lögmæt skipun á gerð.

1. Landeiganda er rjett að hagnýta sjer slíkt vatn eða ráðstafa því með öðrum hætti, enda fari það eigi í bága við ákvæði 15. gr., stífla frárensli úr því, hlaða upp bakka þess eða gera garð um það, ræsa það fram ofan jarðar eða neðan og bera ofan í það, án þess að hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð, eða spjöll á eign annars manns, sem eigi er skylt að hlíta samkvæmt sjerstakri heimild.

2. Landareign, sem lægra liggur, fylgir skylda til að hlíta því, að vatnið renni um hana í þeim farvegi og með þeim hætti, er náttúran hefir markað því.

3. Nú verður breyting á farvegi eða vatnsmagni af völdum náttúrunnar eða þriðja manns, og verður þeim mein að, sem land eiga að, og skal þeim þá rjett að færa vatnið í samt lag, en gera skal það innan árs frá lokum þess árs, er breytingin varð, enda sje tjón það, er af verkinu hlýst, bætt eftir mati, nema samkomulag verði.

4. Ef vatn liggur á tveim landareignum eða fleiri, þá má enginn landeigandi fara svo með það, að hinum verði mein að.

10. gr.

Um hveri, laugar og ölkeldur skal fara eftir 9. gr., með þeim takmörkunum, sem hjer segir:

a) Óheimilt er landeiganda að spilla hverum, laugum og ölkeldum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sje nauðsynlegt talið samkvæmt matsgerð til varnar því landi eða landsnytjum.

b) Skylt er landeiganda að láta af hendi nauðsynlegt vatn, land og efni úr landi til sundlaugar og sundskála til afnota í almenningsþarfir. Bætur fyrir

laugavatn, land og landsafnot, átroðning og annað tjón eða óþægindi skal greiða eftir mati, nema samkomulag verði.

11. gr.

Öllum er heimilt að taka vatn til heimilisþarfa og bús, þar sem landeiganda er meinlaust, svo og að nota vatn til sunds og umferðar, einnig á ísi, enda fari það eigi í bága við lög, samþyktir eða annað lögmætt skipulag.

12. gr.

1. Gera má maður brunna og vatnsból á landareign sinni, en gæta skal hann þess, að eigi sje minkuð eða heft aðsókn vatns að brunnum annara manna eða vatnsbólum, nema eigi sje annars kostur eða vatnsból yrði ella að mun dýrara eða vatnsaðdrættir erfiðari.

2. Eigi má heldur gera önnur mannvirki, ef ætla má, að þau hafi slíkar verkanir sem mælt var.

3. Agreiningur um það, hvort fyrirtæki fari í bága við fyrirmæli 1. og 2. liðs þessarar gr., skal til lykta leiddur með matsgerð.

13. gr.

Skylt er mönnum að ganga svo frá brunnum og öðrum vatnsgeymum, að mönnum, skepnum og landi annara manna stafi eigi hætta af.

14. gr.

1. Landeiganda einum er heimil ístaka af vatni á landi sínu.

2. Eigi má torvelda eða hefta umferð um ísinn að nauðsynjalausu með ístökunni. Svo skal og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að afstýra hættu, svo sem með því að setja girðingar eða merki. Nánari fyrirmæli um þessi efni getur ráðherra sett eða falið hjeraðsstjórnum að setja.

15. gr.

Rjett landareignar til vatns, sem á henni er, til:

a. heimilisþarfa, svo sem til drykkjar, suðu, þvotta, böðunar, til að vökva garða og til varnar við eldsvoða,
b. búsþarfa, svo sem til að vatna skepnum, ullar- og fiskþvottar, og
c. jarðræktar, svo sem til vökvunar túna og áveitu,

má eigi skilja við eignina, nema sjerstök lagaheimild komi til.

16. gr.

1. Nú eru vatnsrjettindi af hendi látin án þess að eignarrjettur að landi sje jafnframt látinn, og fer þá eftir reglum um landkaup.

2. Nú lætur maður af hendi hluta landareignar, er liggur að vatni eða á, og er þá vatnsbotn og vatnsrjettindi falin í kaupinu, nema öðruvísi semji, þó svo, að sá hluti landareignarinnar, sem eftir verður, haldi óskertum vatnsrjettindum samkvæmt 15. gr. og hafi næg og kauplaus landsafnot til hagnýtingar þeim.

3. Ef sameignarlandi er skift eignarskiftum eða afnota, þá skulu hverri eign fylgja svo auðnotuð vatnsrjettindi sem unt er og nægt land eða næg og kauplaus landsafnot til hagnýtingar vatnsrjettindum hennar samkvæmt 15. gr.

III. kafli.

Um vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar.

17. gr.

Eiganda landareignar, er vatnsrjettindi fylgja, er rjett að veita til sín vatni, sem um hana rennur eða á henni er, um föst veitutæki, til heimilis- og búsþarfa á eigninni eða til iðnaðar og iðju, sem á henni er rekin, enda sje ekki meira vatni veitt en þörf er á, eða vatni því, sem afgangs verður, veitt í vatnslegið svo nærri upptökum veitunnar, að öðrum, sem tilkall eiga til vatnsins, verði sem minst tjón eða bagi að.

18. gr.

1. Nú er vatn of lítið til að fullnægja þörfum þeim, er í 17. gr. segir, og á þá hver sú landareign, er tilkall hefir til þess vatns, sama tilkall til vatnsins eftir þörfum sínum. Heimilisþörf gengur fyrir búsþörf og búsþörf fyrir iðnaðar- eða iðjuþörf.

2. Ef menn skilur á um það, hversu hver þurfi mikils vatns, skal skera úr því með mati.

3. Ráðherra getur, að undangengnu mati samkvæmt 2. lið, skipað svo fyrir, ef nauðsyn þykir á vera vegna fyrirmæla 1. liðs, að vatnsveituvirkjum verði breytt, að þau skuli lögð niður eða afnot þeirra takmörkuð.

19. gr.

1. Ef vatn, sem veitt er um sömu veitutæki, er notað til að fullnægja fleiri en einni af þörfum þeim, sem í 1. lið 18. gr. segir, þá skal fara um það vatn sem það væri alt haft til að fullnægja rjetthæstu þörfinni.

2. Ef skortur er á vatni til að fullnægja þörfum þeirra landareigna, er tilkall fylgir til sama vatns, má þó fara eftir ákvæðum 2. og 3. liðs 18. gr.

20. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að koma upp vatnsveitu til þess að fullnægja þörf almennings í kaupstaðnum á vatni samkvæmt 18. gr.

21. gr.

Þá er bæjarstjórn hefir komið á vatnsveitu um kaupstað, hefir hún einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitunni er ætlað að ná yfir og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans.

22. gr.

1. Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal bæjarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kaupstaðnum. Bæjarstjórn ákveður upphæð skattsins alls ár hvert, en eigi má hún fara fram úr 5 ‰ (fimm af þúsundi) af fasteignamatsverði húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir virðingarverði og tölu íbúða, og má eigi nema meiru en 6 ‰ (sex af þúsundi) af fasteignamatsverði á neinni húseign.

2. Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal og í gjaldskrá.

3. Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

4. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli trygður með lögveðrjetti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurjetti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

23. gr.

1. Bæjarstjórn leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu, á vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyrr en svo er. Erá vatnsæðum þeim, er bæjarstjórn leggur í götur, vegi eða opin svæði, leggur húseigandi vatnsæðar til sín á sinn kostnað.

2. Nú stendur svo á, að sjerstaklega kostnaðarsamt er að leggja vatnsæð frá aðalæð yfir lóð manns, og getur hann þá krafið sig undanþeginn vatnsskatti, ef hann kýs að vera án vatnsins. Ef ágreiningur verður, skal skorið úr honum með mati.

24. gr.

1. Í reglugerð má kveða á um notkun vatnsins og meðferð, svo og um meðferð á vatnsæðum, tilhögun húsæða, löggilding vatnsvirkjara, sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð mála út af þeim, svo og önnur atriði, er vatnsveituna varða.

2. Reglugerðir allar, þær er bæjarstjórn gerir um vatnsveitu og vatnsskatt, skal senda ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefir fengið staðfesting ráðherra, þá er hún lögmæt vatnsveitureglugerð.

25. gr.

1. Bæjarstjórn er rjett að taka vatn það, er hún þarf til veitunnar, úr brunnum, uppsprettum eða vötnum í landareignum annara manna, enda sjeu þær ekki sviftar vatni því, er þeim er metið nauðsynlegt til þarfa þeirra, er í þessum kafla getur, nema þeim sje sjeð fyrir því með öðrum hætti, þeim eigi óhagfeldari.

2. Rjett er eiganda eða notanda þeirrar landareignar, sem vatn er tekið úr samkvæmt 1. lið, að leggja til sín og á sinn kostnað vatnsæðar úr vatnsveitu kaupstaðarins, enda greiði hann kaupstaðnum aukakostnað af því, nema öðruvísi semji. Svo er honum og skylt að hlíta þeim reglum, sem settar eru eða verða settar í löglega gerðum fyrirmælum um vatnsveituna.

3. Haga skal vatnsveitu svo, að spjöll verði sem minst á atvinnu manna eða veiðitækjum, ef veiði er í vatninu. Ef spjöll verða, þá skal þau að fullu bæta.

4. Ef ágreiningur verður um einhver þeirra atriða, er í grein þessari getur, skal skorið úr með mati.

26. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot hvar sem er og hvenær sem er í þarfir vatnsveitu kaupstaðar, þar með talið grjóttak, malartekja og rista, svo og mannvirki, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

27. gr.

Ef nauðsynlegt þykir til þess að fyrirbyggja óhreinkun vatns, sem tekið er til vatnsveitu handa kaupstað, þá er mönnum jafnskylt að láta af hendi land og láta í tje landsafnot og mannvirki, svo og að þola eignarkvaðir, óhagræði og takmarkanir, sem í 26. gr. segir, gegn fullum bótum eftir mati, nema um semji.

28. gr.

1. Rjett er hreppsnefnd að koma upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum almennings í hreppnum á vatni samkvæmt 17. gr. Áður en fyrirtækið er afráðið, skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að veitunni og áætlun um stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist ella úr sveitarsjóði.

2. Ekki má ákveða að koma upp vatnsveitu á kostnað hrepps, nema rannsókn sú, er í 1. lið getur, leiði í ljós, að hagfelt sje, að öllu athuguðu, fyrir að minsta kosti helming af fasteignum í hreppnum að gera veituna og starfrækja hana, eða það verði samþykt á lögmætum hreppsfundi. Á þær fasteignir í hreppnum, sem ekki nota veituna samkvæmt framanskráðu, má ekki vatnsskatt leggja.

3. Þá er hreppsnefnd hefir löglega samþykt að koma upp vatnsveitu samkvæmt 1. og 2. lið, skal senda samþyktina ásamt öllum þeim gögnum, sem í sömu liðum segir, til oddvita sýslunefndar, og skal hann síðan senda gögnin, ásamt umsögn sýslunefndar, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþyktina, getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.

4. Hreppsnefnd semur reglugerðir allar um vatnsveituna, þar á meðal gjaldskrá um vatnsskatt.

5. Um vatnsveitur þessar fer að öðru leyti eftir ákvæðum 20.—27. gr.

6. Þar sem ekki er hægt í hrepp að veita neysluvatni með kleifum kostnaði, skal hreppsnefnd heimilt að gera brunna til almennings notkunar, og fer um kostnað af því, notkun, viðhald og önnur rjettindi eins og að framan er mælt um vatnsveitur, að því leyti sem við á.

29. gr.

1. Nú vill löggilt kauptún, sem ekki er hreppur út af fyrir sig, eða hverfi koma sjer upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum sínum á vatni samkvæmt 17. gr., og geta þá eigendur fasteigna þeirra, er nota ætla vatnsveituna, gert með sjer fjelag, er nefnist vatnsveitufjelag, en lög fjelagsins kallast vatnsveitusamþykt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti sem fyrirmæli þessa kafla taka ekki til þess.

2. Stjórn vatnsveitufjelags semur samþyktir þess, þar á meðal gjaldskrá.

3. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 20.—27. gr.

30. gr.

1. Nú eiga 2 eða fleiri fasteign, og vilja sumir stofna til vatnsveitu til heimilis- og búsþarfa á eigninni, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta fasteigna eiga, ákveðið að gera veituna, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulega þátt í kostnaði öllum af henni, ef metið verður, að fasteigninni muni verða meira hagræði af veitunni en sem kostnaðinum nemur.

2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd og umsjón verksins, eða um niðurjöfnun kostnaðar, þá skal skera úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverjir skuli hafa umsjón eða framkvæmd á hendi, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Rjett er að stofnkostnaður ásamt vöxtum sje greiddur í jöfnum afborgunum á 15 árum, ef aðili óskar þess. Hver aðilja sem vill getur beiðst staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má taka tillög lögtaki, ef matsgerðin verður staðfest.

31. gr.

1. Ef maður getur ekki aflað sjer vatns í landareign sinni til heimilis- og búsþarfa, eða þar er að mun kostnaðarsamara eða bagameira að afla þess en af landareign annars manns, þá er honum rjett að afla þess þaðan, enda sje þar vatn afgangs frá heimilis- og búsþörfum. Er honum rjett að fara yfir land annars manns í því skyni, en gera skal hann svo lítinn usla sem unt er og bæta tjón á landi eða vatnsbóli og kosta gerð þess og viðhald að sínum hluta, eftir mati, nema samkomulag verði.

2. Gera má maður brunn eða annað vatnsból í landi annars manns, ef svo er ástatt sem í 1. lið segir. Um bætur fer þá og sem þar segir, eftir því sem við á.

32. gr.

1. Nú þarf maður að taka vatn af landi annars manns í vatnsveitu til þarfa eignar sinnar samkvæmt 17. gr., og er honum það rjett, enda sje vatn nægt, er eigi sje notað til samkynja þarfa þeirrar eignar.

2. Ef lögnáms þarf samkvæmt 25., 26. eða 27. gr., getur ráðherra veitt leyfi til þess. Fer þá um mat og endurgjald sem í þeim gr. segir.

3. Beita má ákvæðum 2. liðs 25. gr., ef vatn er tekið samkvæmt 1. lið þessarar greinar.

33. gr.

Nú þarf maður vatnsveitu til námuvinslu, verksmiðjuiðnaðar eða annarar iðju, og er honum þá rjett að taka til þess vatn eftir þörfum, enda sje enginn með því sviftur vatni til þarfa þeirra, er í 17. gr. segir. Svo er honum og heimilt, ef ráðherra leyfir, að heimta af hendi látið nauðsynlegt land og landsafnot til veitunnar, gegn endurgjaldi eftir mati, nema aðiljar verði ásáttir.

Ákvæðum 2. liðs 25. gr. og 27. gr. má beita svo sem við á.

34. gr.

Hverjum þeim, sem ekki hefir tekið í öndverðu þátt í vatnsveitufyrirtæki, er rjett að gera það síðar, enda verði það metið, að vatn sje til þess nægilegt og að það valdi eiganda veitunnar eigi verulegu óhagræði að öðru leyti. En hlíta skal hann þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um fnotkun vatnsins og meðferð veitunnar. Svo skal hann og greiða endurgjald fyrir vatnsnotin eftir mati, nema samkomulag verði.

35. gr.

Vatnsveitur, sem gerðar hafa verið með heimild í eldri lögum, skulu sæta þeim reglum, er þar segir. Þó skulu fyrirmæli 34. gr. einnig taka til slíkra vatnsveitna.

IV. kafli.

Um áveitur.

36. gr.

Landeiganda er heimilt að hagnýta sjer vatn, sem er á landareign hans eða um hana rennur, til áveitu í ræktunarskyni á hana sjálfa eftir þörfum, enda sje enginn sviftur með því neysluvatni (15. gr. a—b) nje neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um útvegun neysluvatns nje því spillt fyrir neinum, svo að veruleg óþægindi sjeu að.

37. gr.

Þar sem merkivötn skilja landareignir, er hvorri rjett að nota vatnið

eftir þörfum sínum. Þarfir samkvæmt 17. gr. ganga fyrir áveituþörf. Ef vatn er svo lítið, að ekki nægi báðum eða öllum, skal ákveða skifti og notkun þess með mati.

38. gr.

Rjettur til hagnýtingar á vatni til áveitu verður ekki frá landareign skilinn, sbr. þó 37. gr., nema vatnið sje tekið til neyslu (15. gr. a—b) eða til áveitu á aðrar landareignir samkvæmt 39. gr. Ef ágreiningur verður um það, hve mikið vatn þurfi til að fullnægja áveituþörf landareignar, skal skera úr því með mati.

39. gr.

1. Nú er ekki nógu mikið, nógu gott eða nógu auðtekið vatn fyrir hendi innan landareignar til áveitu á hana sjálfa, og er þá eiganda hennar eða notanda rjett að krefjast áveituvatns eftir þörfum úr öðrum landareignum, með þessum takmörkunum:

a. að enginn sje fyrir það sviftur vatni til þarfa samkvæmt 17. gr. nje neinum bakaðir óhæfilegir erfiðleikar um útvegun slíks vatns nje því spilt fyrir neinum, svo að veruleg óþægindi sjeu að.

b. að ekki þurfi að nota sama vatn til áveitu á þá landareign sjálfa, sem vatnið er tekið í, nema arður af notkun þess til áveitu þar yrði mun minni en arður af notkun þess til þeirrar áveitu utan landareignarinnar, sem vatnsins er krafist til.

2. Nú rís ágreiningur um, hvort taka vatns til áveitu utan landareignar þeirrar, sem vatnið er tekið í, fari í bága við framangreindar takmarkanir, og getur þá hvor aðili látið meta, hvort taka vatnsins sje heimil samkvæmt ákvæðum greinar þessarar. Ef taka vatnsins er metin heimil, en talið er að af henni stafi auknir erfiðleikar um útvegun vatns til þarfa samkvæmt 17. grein eða spjöll á því vatni eða skaði að vatnstökunni að öðru leyti, þá skulu ákveðnar fullar bætur fyrir alt þetta.

40. gr.

Sá, sem þarf að hafa afnot af landi annars manns til þess að koma upp, halda við eða starfrækja áveitu, getur látið matsgerð fara fram, ef samkomulag næst eigi. Ef tjón það, sem verkið í heild sinni bakar öðrum en áveitueiganda, er metið mun minna en hagnaður sá, sem áveitueigandi hefir af því, og ekki er talið hallkvæmara að framkvæma verkið með öðrum hætti en til er stofnað, skulu landsafnotin heimiluð, en meta skal fullar bætur fyrir.

41. gr.

1. Áveitum skal haga svo, að ekki sje neinum til baga veitt meira vatni úr fornum farvegi en nota þarf. Svo skal veita á land og af landi, að öðrum sje sem minst mein að, og telja vatn aftur í fornan farveg, ef unt er, og svo nærri upptöku sem gerlegt þykir.

2. Nú telur einhver sjer mein að áveitu annars manns og samkomulag næst ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, krafist matsgerðar. Nú telur matsnefnd að vísu skaða að áveitunni, en þó mun minni þeim hag, sem hinn hefir af henni, og skal áveitan þá engu að síður heimil, en fullar bætur skal meta.

42. gr.

Nú þykir hentugt að stofna og starfrækja áveitu í ræktunarskyni á fleiri landareignir í einu lagi, og geta þá eigendur landareigna þeirra, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, gert með sjer áveitufjelag. Um fjelagsstofnunina fer eftir ákvæðum XI. kafla. Lög fjelagsins nefnast áveitusamþykt, en áveitan nefnist samáveita.

43. gr.

Þegar löggilt áveitusamþykt hefir verið sett, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveituverkinu er ætlað að ná til, skyldir að leyfa landsafnot til mannvirkja, er áveituna varða, svo sem land undir skurði og efni úr landinu, hvort sem er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflugerðir eða umbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola allar þær kvaðir, óhagræði eða takmarkanir á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sjer, enda komi fullar bætur fyrir. Ef eigi næst samkomulag um bætur, skal ákveða þær með mati.

44. gr.

Kostnaði öllum af samáveitu skal stjórn hennar jafna niður á landareignir þær, sem áveitan nær yfir, aðallega eftir stærð þess lands, er vatn næst yfir. Þó skal taka tillit til þess, hvernig land liggur við áveitunni og hver not geta orðið af henni fyrir það í samanburði við aðrar landareignir. Matsnefnd skal skera úr, ef ágreiningur verður um niðurjöfnun.

45. gr.

Ef einhver vill gerast hluttakandi í samáveitu eftir að henni hefir verið komið á, með þeim hætti, að hann fái vatn til áveitu á land sitt, þá á hann rjett til þess, ef það er að dómi matsmanna samáveitunni bagalaust. En skylt er honum þá að taka þátt í kostnaði öllum af áveitunni, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að rjettri tiltölu við aðra aðilja.

46. gr.

1. Nú er samþykt ger um samáveitu, og skal þá hver landeigandi greiða stofnkostnað og árlegan kostnað af samáveitunni eða þeim hluta, sem eftir niðurjöfnun samkvæmt 44. gr. kemur á landareign hans.

2. Leiguliði á jörð, sem samáveitan nær til, er skyldur, að viðlögðum ábúðarmissi, að standa landsdrotni árlega skil á upphæð, er samsvari umsjónar- og viðhaldskostnaði, að viðbættum ársvöxtum af stofnkostnaði áveitunnar, að þeim hluta, er kemur á býli hans samkvæmt niðurjöfnun.

47. gr.

Nú hefir staðfest samþykt verið gerð um samáveitu, en eigandi einhverrar þeirrar landareignar, sem áveitan á að ná til samkvæmt samþyktinni, neitar að taka þátt í kostnaði við áveituna, og getur þá stjórn samáveitunnar krafist þess, að landareignin sje tekin lögnámi handa áveitufjelaginu.

48. gr.

1. Nú eiga menn landareign í fjelagi, og vilja sumir veita á hana vatni, en sumir eigi, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta landareignar eiga, ákveðið að framkvæma fyrirtækið, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í öllum kostnaði af því, ef metinn verður mun meiri hagnaður en kostnaður.

2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiftingu kostnaðar, þá skal skorið úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverjir skuli hafa á hendi framkvæmd og umsjón verksins, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Stofnkostnaði ásamt vöxtum skal skift í jafnar árgreiðslur, ef aðili óskar þess, þannig að honum sje lokið á 15 árum. Beiðast má maður staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má taka tillög lögtaki, ef matsgerð verður staðfest.

V. kafli.

Um notkun vatnsorku.

49. gr.

1. Eiganda landareignar, sem vatnsrjettindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rjett að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sje enginn fyrir það sviftur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, nje neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, nje vatni, er nota þarf með þeim hætti, spilt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

2. Eigi má umráðamaður vatnsrjettinda virkja hluta af fallvatni, sem hefir meira en 500 eðlishestöfl, nema leyfi ráðherra komi til, og má binda leyfið þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg til þess að hagkvæm virkjun á fallvatninu geti síðar farið fram, eða synja um leyfið, ef ekki þykir gerlegt að setja fullnægjandi skilyrði um þetta.

3. Nú vill umráðamaður vatnsrjettinda virkja fallvatn, sem nemur meiru en 500 eðlishestöflum, og skal hann þá beiðast leyfis ráðherra áður byrjað sje á framkvæmd verksins, og jafnframt senda frumdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi má binda þeim skilyrðum um vatnstökuna, gerð og tilhögun mannvirkja, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmuni, þar á meðal sjerstaklega það, að unt

verði seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í hjeraði því eða landshluta, sem orkuverið eða veitan er í. Enn fremur má setja skilyrði um það, að almenningi í nágrenni við veituna sje veittur kostur á orku úr henni með þeim hætti, að ráðherra skuli setja gjaldskrá um verð á orku, ef orka verður seld almenningi frá verinu, eða úrskurða ágreining um orkuverð, svo að báða aðilja skuldbindi, enda þótt engin gjaldskrá hafi verið sett.

50. gr.

1. Rjett er eiganda landareignar að gera stíflu í vatnsfarvegi og veita vatni úr eðlilegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng, ef nauðsynlegt er vegna vatnsorkunota samkvæmt 49. gr., enda sjeu ekki gerðar skemdir á landi annara manna um nauðsyn fram. Eigi má veita meira vatni úr eðlilegum farvegi í þessu skyni en þörf er á, en öllu skal því veitt í fornan farveg áður en landareigninni sleppir, nema samlög sjeu milli fleiri landareigna um orkuvinslu.

2. Vatnsorku þeirri, sem unnin er samkvæmt 49. gr., má umráðamaður hennar breyta í raforku og veita um landareign sína eftir raforkutaugum ofan jarðar eða neðan.

3. Ef nauðsyn þykir á vera, getur ráðherra leyft lögnám með þeim hætti, sem í 55. gr. segir.

51. gr.

1. Þar sem merkivötn skilja landareignir, hafa eigendur beggja jafnan rjett til að nota vatn úr þeim samkvæmt 49. og 50. gr.

2. Nú nægir merkivatn ekki báðum landareignum, og hefir þá eigandi hvorrar fyrir sig rjett til svo mikils af vatnsorkunni, sem svarar hálfu rensli merkivatnsins og fallhæð þeirri, sem er fyrir landi hans, enda hafi ekki önnur lögmæt skipun verið á gerð.

52. gr.

1. Nú vill eigandi annars vatnsbakka gera stíflu í vatni til orkunýtingar og þarf að nota til þess land hinum megin, og skal hann þá bjóða eiganda þess lands að gera stíflu með sjer og nota vatnið að rjettri tiltölu. Nú verða þeir á þessa skipun sáttir, en skilur á um framkvæmd verksins, skiftingu kostnaðar eða vatnsnot, og skal þá skera úr með mati.

2. Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í stíflugerð, og getur hinn þá fengið leyfi ráðherra, samkvæmt 50. gr. 3. lið, til afnota af landi hans til að framkvæma verkið og nota vatnið. Skal þá venjulega áskilja það í leyfi, að stíflu verði svo hagað, að sá, sem ekki tók þátt í verkinu, megi síðar hagnýta sjer þann hluta vatns, sem hann á tilkall til, án þess að breyta þurfi stíflu að mun, en kostnað, sem leiðir sjerstaklega af slíkri tilhögun, skal sá greiða. Meðan hann notar ekki vatnsorku þá, sem hann á tilkall til, má sá, er stíflu gerði, hagnýta sjer hana kauplaust. Nú hagnýtir sá, er ekki tók þátt í stíflugerð, sjer síðar vatnið, eða lætur annan gera það, að einhverju leyti eða

öllu, og skal hann þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldskostnaði eftir mati, nema um semji.

53. gr.

1. Nú eiga menn í fjelagi tilkall til orku úr sama fallvatni, enda taki 52. gr. eigi til þess, og verða þeir ekki ásáttir, hvernig það skuli nota til orkuvinslu, og getur þá ráðherra heimilað, að þeir, sem tilkall eiga til meira en helmings vatnsorkunnar, talinnar eftir vatnsmagni og fallhæð, leysi til sín tilkall minni hlutans. Þetta er þó því skilyrði bundið, að hagnýting fallvatnsins í heild sinni sje að mun hallkvæmari en hagnýting hluta innleysenda út af fyrir sig, og að ekki sje skertur rjettur þriðja manns, er hann kann að hafa fengið yfir vatnsrjettindunum áður en lausnar var krafist.

2. Sá hluti vatnsorkurjettar, er maður leysir til sín samkvæmt 1. lið, skal metinn sem hluti alls rjettarins. Þó skal taka til greina, hvort sá hluti virkjunarkostnaðar, sem sjerstaklega varðar innleysta vatnsorkurjettinn, er tiltölulega mikill eða lítill.

3. Agreiningi um atriði þau, er í grein þessari getur, skal ráða til lykta með mati.

54. gr.

1. Ráðherra er rjett að taka lögnámi sjerhvert fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til að vinna úr því orku til almenningsþarfa, svo og orkuver eða orkuveitur, ef nauðsynlegt þykir til að fá hallkvæma skipun á orkuveitum um eitthvert svæði, og að veita orku eftir taugum ofan jarðar eða neðan til neyslustaðanna, enda sje gætt fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla.

2. Nú hefir ráðherra framkvæmt lögnám samkvæmt 1. lið, og skal þá fult endurgjald koma til handa þeim, er tjón bíða af vatnstöku eða orkuver eða orkuveitu áttu. Svo skal og öllum þeim, er fengið hafa orku frá veri því eða veitu, sem lögnámi var tekin, ger kostur á eigi minni orku en þeir hafa áður fengið frá verinu eða veitunni og ekki með lakari kjörum en samningar standa til. Ef menn greinir á um efni þau, er í þessum lið segir, skal skera úr með mati.

3. Rjett sinn samkvæmt þessari grein getur ráðherra, eftir því sem á stendur, notað, hvort sem er með því að framkvæma virkjunina sjálfur eða leyfa öðrum það samkvæmt sjerleyfislögum, el því er að skifta.

4. Þegar fallvatn er tekið samkvæmt þessari grein, skal þess gætt, að hjeruðum í grend við fallvatnið sje ekki gert örðugt um að afla sjer nauðsynlegrar orku.

55. gr.

Þegar ráðherra hefir ákveðið að gera eða leyft að gera orkuver eða orkuveitu samkvæmt 54. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hverskonar afnot af

landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki.

56. gr.

1. Þá er ráðherra hefir ákveðið að koma upp eða leyft að koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu, er honum, eða eftir atvikum leyfishafa samkvæmt 54. gr. 3. lið, áskilinn einkarjettur til að veita raforku um svæði það, sem orkutaugarnar eiga að ná yfir, og til þess að selja raforku á því svæði. Um orkuver og orkuveitur, sem fyrir eru í því takmarki, fer þá eftir ákvæðum 57. gr.

2. Ráðherra skal auglýsa þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu ákvörðun um stofnsetning orkuvers eða orkuveitu og um takmörk veitunnar.

57. gr.

1. Nú eiga einstakir menn, fjelög eða hjeruð orkuver eða orkuveitur í því takmarki, sem auglýsing samkvæmt 56. gr. 2. lið er gefin út fyrir, og skulu þá eigendur þeirra skýra ráðherra frá því innan 3 mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óska að halda starfrækslunni áfram, og ákveður hann þá staðartakmörk þess fyrirtækis um leið og hann veitir því leyfi til að starfa áfram. Þetta leyfi veitir engan frekari rjett en þeir höfðu áður, og er því ekki til fyrirstöðu, að ráðherra stofnsetji og starfræki orkuver eða orkuveitur innan takmarka fyrirtækisins.

2. Orkuver, er gerð hafa verið samkvæmt lögum nr. 28, 20. okt. 1913, og lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, eru undanþegin niðurlagsákvæði 1. liðs þessarar greinar.

58. gr.

Nú vill hjeraðsstjórn koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu til þess að fullnægja þörf almennings í hjeraðinu á raforku, og skal hún þá beiðast samþykkis ráðherra til þess og jafnframt senda honum, áður en byrjað er á verkinu, frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim. Samþykki ráðherra má binda skilyrðum um vatnstökuna, gerð og tilhögun mannvirkjanna, tegund og spennu raforkustraums, sem nauðsynleg þykja til að tryggja jafnrjetti notenda og almenningshagsmuni, þar á meðal sjerstaklega það, að unt sje seinna meir að koma hentugu skipulagi á orkuveitu til almenningsþarfa í landshluta þeim, sem hjeraðið er í.

59. gr.

Þegar hjeraðsstjórn hefir ákveðið að koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu og fengið til þess samþykki ráðherra, er henni rjett að taka lögnámi fallvatn, virkjað eða óvirkjað, til afnota í því skyni, enda sje gætt fyrirmæla 49. gr. 1. liðs, um vatn það, er einhver kann að þurfa að nota samkvæmt III. og IV. kafla. Fyrirmælum 55. gr. má og beita hjer. Um bætur og annað fer eftir 54. gr. 2. lið.

60. gr.

Þegar hjeraðsstjórn hefir komið upp orkuveitu samkvæmt 58. gr., getur ráðherra veitt henni einkarjett samkvæmt 56. gr. um tiltekið árabil; þó aldrei lengur en orkuveitan fullnægir allri eftirspurn eftir orku í takmarki sínu. Um orkuver, sem þar kunna að vera fyrir, fer eftir ákvæðum 57. gr.

61. gr.

1. Hjeraðsstjórn leggur orkutaugar svo, að sjerhver, sem óskar að fá til sín orku í takmarki orkuveitunnar, nái til þeirra á jafnhentugum stað sem aðrir notendur yfirleitt. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef nauðsyn þykir til vegna staðhátta. Frá orkutaugum þessum leggur húseigandi heimtaug til sín á sinn kostnað, nema hjeraðsstjórn hafi ákveðið, að orkuveita skuli kosta þær að einhverju leyti eða öllu.

2. Nú vill einhver, sem býr utan takmarks orkuveitu, hvort sem er innan hjeraðs eða utan, fá orkutaug til sín, og er honum það rjett, ef orkuveitan er aflögufær, enda beri hann sjálfur allan aukakostnað, er veitan heim til hans hefir í för með sjer. Ef ágreiningur verður, sker ráðherra úr.

3. Heimilt er hjeraðsstjórn að gera þeim mönnum betri kjör um heimtaugar, er gerast notendur orku innan tiltekins tíma frá því er starfræksla orkuveitu hefst, en þeim, er síðar koma til.

62. gr.

1. Gjald fyrir raforku skal ákveða í gjaldskrá, er hjeraðsstjórn semur og ráðherra staðfestir. Gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki. Gjaldskrá skal endurskoða ekki sjaldnar en 5. hvert ár.

2. Ef árskostnaður af orkuveitu verður meiri en það, sem inn kemur fyrir notkun hennar yfir árið samkvæmt gjaldskrá, má greiða það, sem til vantar, úr hjeraðssjóði. Þegar þannig stendur á, er heimilt að krefja aukagjalds af notendum utanhjeraðs, er nemi jafnmiklum hluta af gjaldi þeirra yfir árið samkvæmt gjaldskránni, sem tillag hjeraðssjóðs nemur miklum hluta af árstekjum orkuveitunnar samkvæmt gjaldskrá, þeim er fengnar hafa verið innanhjeraðs.

3. Ef árstekjur af orkuveitu verða meiri en árskostnaður af henni, að meðtalinni hæfilegri fyrningu, er heimilt að láta afganginn renna í sjóð hjeraðsins. Nú nemur tekjuafgangur sá, sem þannig er ráðstafað, meira en 10% af tekjuupphæð þeirri allri, sem komið hefir inn samkvæmt gjaldskrá fyrir notkun orkuveitunnar yfir árið, og eiga notendur utanhjeraðs þá rjett til endurgreiðslu á því, sem umfram verður, að sínum hluta.

63. gr.

Hjeraðsstjórn getur sett reglur, með samþykki ráðherra, um notkun raforkunnar, meðferð á raforkutækjum og önnur atriði, er orkuveitu varða.

64. gr.

1. Nú vill löggilt kauptún, sem eigi er hreppur út af fyrir sig, eða hverfi koma sjer upp orkuveri eða orkuveitu til að fullnægja þörfum sínum á raforku, og geta þá eigendur landareigna þeirra, sem nota ætla orkuveituna, gert með sjer fjelag, er nefnist orkuveitufjelag, en lög fjelagsins nefnast orkuveitusamþykt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti sem ekki er sjerstaklega um mælt í þessum kafla.

2. Samþykki ráðherra slíku fjelagi til handa má, auk þess, sem segir í 58. gr., binda þeim skilyrðum, sem ákveðin kunna að verða í sjerleyfislögum.

3. Að öðru leyti gilda reglurnar í 58.—63. gr., þannig að í stað hjeraðsstjórnar kemur stjórn orkuveitufjelags og í stað hjeraðs kemur orkuveitufjelag.

65. gr.

1. Nú vill einstakur maður afla sjer raforku og þarf að taka í því skyni til notkunar fallvatn, sem annar hefir umráð yfir, og getur þá ráðherra leyft það, ef hann á ekki kost nægilegrar raforku úr neinni veitu, sem fyrir er, og hefir ekki umráð yfir öðru fallvatni, eða honum yrði mun kostnaðarsamara að virkja það, enda verði hagur hans af vatnstökunni talinn mun meiri en tjón hins af missi þess. Þó skal gæta fyrirmæla 49. gr. 1. liðs um vatn til notkunar samkvæmt III. og IV. kafla.

2. Ráðherra getur veitt leyfi til lögnáms samkv. 55. gr.

3. Ef taka á til notkunar fallvatn, sem nemur meira en 500 eðlishestöflum, eða hluta úr því, getur ráðherra enn fremur sett þau skilyrði, er í 49. gr. 2. og 3. lið segir.

4. Um bætur fer samkvæmt 54. gr. 2. lið.

66. gr.

Nú er fallvatn tekið lögnámi samkvæmt 54., 59., 64. eða 65. gr., og er þá eiganda þeirrar landareignar, sem það er í, rjett að krefjast þess, enda hafi rjetturinn til orkunýtingar ekki verið áður skilinn frá eigninni, að honum verði látin í tje raforka til þarfa sinna, í stað endurgjalds í peningum, frá orkuverinu. Samsvarandi gildir, ef svo er ástatt sem í 53. gr. segir, þó svo, að heimta má endurgjald í orku, þótt orkunýtingarrjettur hafi verið skilinn við landareign.

67. gr.

Nú vill landsdrottinn ekki kosta raforkuveitu, og getur leiguliði þá gert veituna á sinn kostnað, en landsdrotni skal þá skylt að kaupa veitutækin eftir mati, þegar leiguliði fer frá jörðinni, enda sje orka þá vís framvegis, eigi skemur en næstu 5 ár og seld frá orkuveri eftir staðfestri gjaldskrá, og sje kostnaður við heimtaugar ekki meiri en yfirleitt fyrir aðra notendur orku frá því veri.

VI. kafli.

Um vatnsmiðlun.

68. gr.

1. Ráðherra er heimilt að gera mannvirki og aðrar ráðstafanir til miðlunar á vatnsmagni í vatnsfalli til orkunýtingar eða í öðrum tilgangi.

2. Þegar ákveðið hefir verið að framkvæma miðlun samkvæmt 1. lið, hefir ráðherra heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr.

3. Nú hefir ráðherra komið á stofn miðlun samkvæmt framanskráðu, og getur hann þá ákveðið, að eigendur orkuvera og annara atvinnufyrirtækja, sem hafa not af miðluninni, skuli greiða árgjald í ríkissjóð, er ákveðið sje þannig, að allir þeir, sem hafa not af miðluninni, greiði að tiltölu rjettri við hagnað sinn, og þó ekki meira en hagnaðinum nemur, og ekki heldur meira allir til samans en það, sem þarf til að ávaxta stofnkostnað fyrirtækisins með 6% árlega, kosta viðhald þess og starfrækslu og fyrna stofnkostnaðinn á 40—60 árum. Ef ágreiningur verður um niðurjöfnun stofnkostnaður, skal skera úr með mati.

4. Ráðherra getur sett þær ákvarðanir um afnot vatnsfalla þeirra, er miðlunin tekur til, sem honum þykja nauðsynlegar til að afstýra eða ráða bót á tjóni eða óhagræði fyrir almenning eða einstaka menn.

69. gr.

1. Ráðherra getur veitt öðrum heimild til að framkvæma vatnsmiðlun með þeim skilmálum, er þurfa þykir til þess að gætt sje hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna.

2. Umráðamenn vatnsrjettinda skulu að öðru jöfnu ganga fyrir öðrum um leyfi til vatnsmiðlunar, ef þeir vilja virkja vatn, sem þeir hafa umráð yfir eða gera með sjer fjelag í því skyni.

70. gr.

1. Nú vill hjerað, orkuveitufjelag eða einstakir menn eða fjelög framkvæma vatnsmiðlun til afnota handa orkuveri, sem þeim er heimilað eða leyft að koma upp samkvæmt V. kafla, og skal þá líta svo á, sem miðlunarfyrirtækið sje einn liður í orkuverinu, þannig að öll ákvæðin í V. kafla 58.—65. gr. ná til miðlunarfyrirtækisins að því leyti sem þau geta átt við. Þó skal ávalt þurfa sjerstakt leyfi til miðlunar:

a. Þegar fyrirtækið getur haft í för með sjer skaðleg áhrif á umferð um vatnsfall eða veiði eða notkun vatnsins til áveitu eða annars, svo að verulega muni um.
b. Þegar það veldur því, að land eða landsnytjar komast svo undir vatn eða spillast svo, að telja megi verulegt tjón að.
c. Þegar það getur að öðru leyti valdið öðrum tjóni eða skaðlegri breytingu á landsháttum, svo að verulegt megi teljast.

d. Þegar forræðis eða afnota þarf af landi annara eða rjettindum, enda verði ekki allir rjetthafar sáttir á framkvæmd verksins.

2. Framangreind ákvæði taka og til breytinga á eldri miðlunarvirkjum.

3. Það, sem mælt er í lögum þessum um vatnsmiðlun, tekur og til mannvirkja og fyrirtækja til aukningar á vatnsmagni með veitu úr öðru vatni.

4. Bætur fyrir tjón af miðlunarvirkjum skal greiða eftir mati, ef ekki verður samkomulag. Ennfremur má binda miðlunarleyfi þeim skilyrðum, að leyfishafi greiði fyrir fram bætur að öllu leyti eða einhverju eða setji tryggingu fyrir þeim.

71. gr.

Nú þykir efasamt, hvort svo er ástatt sem í 70. gr. 1. lið a–d segir, og getur þá sá, er miðlun vill framkvæma, svo og hver sá, er telur hana varða hag sinn, krafist matsgerðar um það mál. Skulu matsmenn bjóða ráðherra með 4 vikna fyrirvara að vera við matið, og auglýsa stað og stund með þeim hætti, er þeir telja fullnægjandi, þeim, er ætla má, að eigi hagsmuna að gæta, ef miðlunin kemur til framkvæmda.

72. gr.

Leyfi til vatnsmiðlunar, sem veldur almenningi eða einstökum mönnum baga eða tjóni, má venjulega ekki veita, nema telja megi tjónið eða bagann litils virði, borið saman við þann hagnað, sem fyrirtækið hefir í för með sjer, enda sje einnig tekinn til greina í þessu efni áætlaður kostnaður af framkvæmd þess.

73. gr.

Af hendi landsstjórnarinnar skal hafa sjerstakt eftirlit með öryggi mannvirkja þeirra, sem gerð eru til söfnunar vatni í miðlunarskyni, og er eigendum mannvirkjanna jafnan skylt að framkvæma tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar verða til öryggis, svo og að haga framkvæmdum öllum eftir þeim fyrirskipunum, sem gerðar verða vegna hagsmuna ríkis, almennings eða einstakra manna.

74. gr.

1. Mannvirki þau, sem leyft er að koma upp samkvæmt 69. eða 70. gr., má eigi niður leggja, nema ráðherra leyfi.

2. Þegar mannvirki er lagt niður, þá er eiganda skylt að gera þær ráðstafanir, sem ráðherra heimtar, til að afstýra hættu eða tjóni þar í grend eða á eignum, sem neðar liggja við vatnsfallið.

3. Greiða skal bætur fyrir tjón eða óhagræði, sem niðurlagningin veldur, eftir mati, ef ekki semur. Bótaskyldan hvílir á eiganda miðlunarvirkja.

VII. kafli.

Um varnir lands og landsnytja gegn ágangi vatna.

75. gr.

1. Rjett er ríkinu, hjeruðum, vatnafjelögum og einstökum mönnum að hleypa niður vatnsfarvegi, vikka hann eða rjetta, gera nýjan farveg, flóðgarða og fyrirhleðslur eða önnur mannvirki í vatni eða við það í því skyni að verja land eða landsnytjar við spjöllum af landbroti eða árensli vatns.

2. Nú þarf sá, er vill framkvæma mannvirki slík sem í 1. lið segir, til þess afnot af landi annara manna, og getur þá ráðherra veitt heimild til lögnáms samkvæmt 55. gr.

3. Nú þykir tjón eða hætta búin eign annars manns eða rjettindum af mannvirkjum slíkum sem í 1. lið segir, eða að af þeim mundu stafa óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta hagsmunum almennings, og má þá því að eins framkvæma verkið, að leyfi ráðherra komi til. Leyfi má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja vegna hagsmuna ríkisins, almennings eða einstakra manna.

3. Bæta skal tjón og spjöll á eignum annara, sem leiðir af framkvæmdum samkvæmt þessari grein. Bætur skal ákveða með mati, ef eigi semur.

76. gr.

1. Nú framkvæmir ríkið fyrirtæki þau, er í 75. gr. segir, og getur ráðherra þá ákveðið, að þeir, sem hafa hag á landi sínu eða landsnytjum af þeim, skuli taka þátt í kostnaði öllum eða í þeim hluta kostnaðar, sem ráðherra ákveður, svo og í viðhaldi eftirleiðis að tiltölu við það, hvers virði hagurinn verður hverjum þeirra talinn eftir mati.

2. Samskonar ákvörðun má og taka, ef slík fyrirtæki þykja nauðsynleg, þegar einhver þeirra, sem hlut á að máli, hrindir þeim í framkvæmd, og allir þeir landeigendur eða rjettinda, sem hag hafa af fyrirtækinu á landi sínu eða landsnytjum, geta ekki komið sjer saman um að vinna verkið í fjelagi.

3. Tillagsskyldu slíka sem áður greinir má og með sama hætti leggja á til að standa straum af tiltölulegum hluta kostnaðar af mannvirkjum eða öðrum framkvæmdum, er í senn miða til varnar við spjöllum af vatnavöxtum eða flóði, til þurkunar lands, fyrirgreiðslu umferðar eða notkunar vatnsorku.

77. gr.

Tillög samkvæmt 76. gr. má taka lögtaki. Nú hefir aðili, sem hag hefir af framkvæmdinni, eigi berum orðum samþykt fyrirtækið, og skal honum þá heimilt að greiða þann hluta, er á eign hans kemur, með árlegum greiðslum, er samsvari 15. hluta upphæðarinnar, að viðbættum vöxtum af því, er eftir stendur hverju sinni. Ef lán hefir verið tekið til fyrirtækisins, þá skulu vextir vera hinir sömu sem greiddir eru af lánsfjenu, en ella 5% árlega.

VIII. kafli.

Um þurkun lands.

78. gr.

1. Veita má maður bagalegu vatni af landi sínu í rásir og farvegi, þó að mein verði að á landi því, er við tekur, enda megi hann ekki við það losna með öðrum hentugum hætti. Með sama skilorði má maður og veita vatni í skurði í landi annara eða grafa þar skurði í því skyni, en jafnan skal þá skurðum svo langt fram haldið, að eigi verði verulegt tjón á landi annara manna. Bæta skal tjón, er hlýst af veitunni, en taka skal þó til greina gagn þeirra af skurðum, er bóta krefja.

2. Ekki má veita vatni úr skurðum eða vatnsrásum, sem alstaðar eða sumstaðar eru opnir, í lokræsi á landareign annara manna, nema matsnefnd telji bagalaust.

79. gr.

1. Ef skurðir um landareign annars manns eru honum einnig til gagns, þá er honum skylt að taka þátt í kostnaði að skurðgrefti og viðhaldi skurðanna, sbr. 80. gr.

2. Nú vill maður veita bagalegu vatni frá sjer yfir landareign annars manns samkvæmt 78. gr., og má þá setja honum það skilyrði, að hann greiði hinum fyrnefnda upp í skurðkostnaðinn sem svarar því gagni, er hann hefir af skurðinum, og jafnan skal hann kosta viðhald skurðsins að sínum hluta.

80. gr.

Ef einhver vill veita bagalegu vatni frá sjer samkvæmt 78. gr. yfir landareign annars manns, og þeim semur ekki, þá skal matsnefnd skera úr því, hvort þá fráveitu verði að telja hagkvæma og hvort hagurinn megi teljast meiri en óhagræði hins. Ef hagurinn verður talinn mun meiri, þá skal ákveða stefnu skurðsins, lengd hans, dýpt og breidd, hve nær hann skuli gerður, hvort hann skuli vera opinn eða lokaður og hvað gera skuli við uppmoksturinn. Þá skal og meta bætur og skera úr því, hvort landeigandi skuli taka þátt í kostnaði og viðhaldi, og að hve miklu leyti.

81. gr.

Ráðherra getur heimilað lögnám á mannvirkjum, landi og rjettindum, ef skilyrði 72. gr. eru fyrir hendi, í því skyni að þurka vatn, tjarnir eða mýrlendi eða til þess að víkka eða rjetta farveg eða til að veita burt vatni með öðrum hætti til að auka land eða bæta það.

82. gr.

1. Akvæði 48. gr. taka og til landþurkunar.

2. Rjett er mönnum að gera með sjer fjelag til þess að þurka land.

Slík fjelög nefnast landþurkunarfjelög og lög þeirra landþurkunarsamþyktir. Um fjelög þessi fer eftir 42.—44., 46. og 47. gr., svo sem við á, og XI. kafla laga þessara.

IX. kafli.

Um óhreinkun vatna.

83. gr.

1. Bannað er að láta í vötn frá iðjuverum, eða sleppa um vötn i skurði eða aðrar veitur, nokkra þá hluti, fasta, fljótandi eða loftkenda, sem spilla mundu botni vatns eða bakka eða vatninu sjálfu, svo að hættulegt sje mönnum eða búpeningi eða spilli veiði í vatninu. Bannað er og að láta slík efni á ís eða svo nærri vatni, að hætt sje við að þau berist í það.

2. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu banni með þeim skilyrðum, er hjer segir:

a. Ef neysluvatni er spilt, skal leyfið bundið því skilyrði, að iðjuhöldur leggi til annað jafngott vatnsból eða greiði kostnað af því að koma upp öðru vatnsbóli jafngóðu.
b. Ef veiði er spilt, skal skylda iðjuhöld til að láta viðeldi í vatnið, sem nægi til þess, að veiði haldist eigi minni en var, ella bæta veiðispjöllin fullum bótum.
c. Iðjuhöldur skal að öðru leyti bæta það tjón, sem hljótast kann af frá-færslu óhreinindanna frá iðjuveri hans.

3. Bætur skal greiða eftir mati, nema um semji.

4. Leyfi samkvæmt 2. lið má taka aftur bótalaust hve nær sem er eða breyta skilyrðum, ef nauðsyn þykir til vera vegna hagsmuna almennings eða einstakra manna.

5. Nýtt leyfi þarf til hverrar þeirrar breytingar, sem frekari spjöll geta af hlotist, þótt áður hafi verið veitt leyfi samkvæmt 2. lið.

84. gr.

Bannað er annars að láta sleppa í vötn um skurði eða með öðrum hætti eða að henda í þau, á ís eða svo nærri þeim, að hætt er við að í þau berist, þeim efnum, sem í 83. gr. segir, ef hætt er við að þau spilli vatni, botni þess eða bakka, flóðhæð eða framrás.

85. gr.

Ráðherra eða sá, er hann veitir heimild til þess, getur sett reglur til verndar gegn skaðlegri óhreinkun vatns, þó eigi verði af völdum iðjuvera, þegar vatn er óhreinkað í annari sveit en þeirri, sem hætta stendur af því, enda geti sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, ekki orðið ásáttar, hvað gera skuli. Áður en slíku máli er til lykta ráðið, skal leita álits þeirra heilbrigðisnefnda eða hreppsnefnda, sem málið varðar.

X. kafli.

Um holræsi.

86. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að leggja holræsi til þess að taka við skólpi og afrensli í kaupstaðnum.

87. gr.

1. Bæjarstjórn er rjett að leggja gjald á hús og lóðir í kaupstaðnum til þess að standa straum af holræsakostnaði. Gjald má miða við virðingarverð fasteigna eða við stærð lóða eða við hvorttveggja.

2. Sjerstaka ívilnun má veita, ef lóð er svo háttað, að erfiðara er að koma skólpi eða afrensli frá henni í holræsi en frá öðrum lóðum yfirleitt, og sjerstakt aukagjald má á leggja, ef skólp frá einhverri lóð er svo á sig komið, að telja má meiri útgjöld stafa eða munu stafa af því en öðru skólpi.

3. Eigandi lóðar ábyrgist holræsagjald, en heimilt er honum að hækka leigu eftir lóð eða mannvirki á henni sem gjaldi eða gjaldauka svarar, þótt leiga hafi áður verið ákveðin.

4. Holræsagjald skal ákveða í reglugerð. Gjald má taka lögtaki, þegar ráðherra hefir staðfest hana. Í reglugerð má ákveða, að gjaldið skuli trygt með lögveðrjetti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurjetti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

88. gr.

1. Bæjarstjórn leggur holræsi svo, að lóðareigandi hver nái til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til, enda verður maður eigi krafinn um holræsagjald fyrr en svo er.

2. Skylt er lóðareigendum og húseigendum að gera samkvæmt reglugerð á sinn kostnað holræsi, er flytji frá húsum og lóðum skólp alt út í aðalræsi. Ef maður vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarstjórn tiltekur, skal hún láta vinna verkið á hans kostnað.

3. Nú stendur svo á, að sjerstaklega kostnaðarsamt er að leggja holræsi frá aðalræsi yfir lóð manns, og getur hann þá krafið sig undanþeginn holræsagjaldi, ef hann getur komið skólpi frá sjer með öðrum hætti, er heilbrigðisnefnd telur fulltryggan, enda verði ekki metið, að það baki nágrönnum óþægindi eða tjón. Að öðrum kosti skal leggja holræsi um lóð hans, enda skal bæjarsjóður þá taka þátt í kostnaði þar af eftir mati, nema samkomulag verði.

89. gr.

Í reglugerð má kveða á um gerð og lagningu bæði aðalræsa og lóðarræsa, að regnvatni skuli í þau veita, um umsjón þeirra, um skyldu manna til að leggja holræsi innan húss, um gerð þeirra og notkun, um sektir fyrir

brot á reglugerð og meðferð mála út af þeim, svo og annað, er að meðferð holræsa lýtur.

90. gr.

Reglugerðir allar um holræsi og holræsagjald, sem hæjarstjórn semur, skal senda ráðherra til staðfestingar. Þegar reglugerð hefir hlotið staðfestingu ráðherra, er hún lögmæt holræsareglugerð.

91. gr.

1. Heimilt er hreppsnefnd að leggja holræsi um hrepp eða hluta úr hreppi á kostnað hreppssjóðs. Aður en fyrirtækið er afráðið skal hreppsnefnd láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu, og ef tiltækilegt þykir að framkvæma verkið, gera nákvæma frumdrætti að því og áætlun um stofnkostnað. Kostnað af rannsókn þessari skal telja til stofnkostnaðar, ef fyrirtækið kemst í framkvæmd, en greiðist ella úr hreppssjóði.

2. Þá er hreppsnefnd hefir samþykt að leggja holræsi samkvæmt 1. lið, skal senda samþyktina ásamt þeim gögnum, sem í sama lið greinir, til oddvita sýslunefndar, og skal hann síðan senda gögnin, ásamt umsögn sýslunefndar, ráðherra til staðfestingar. Þegar fengin er staðfesting hans á samþyktina, getur hreppsnefnd látið framkvæma verkið.

3. Hreppsnefnd semur samþyktir allar um holræsi, þar á meðal um holræsagjald.

4. Um holræsi þessi fer að öðru leyti eftir ákvæðum 87.—90. gr.

92. gr.

1. Nú vill löggilt kauptún, sem ekki er sjerstakur hreppur, eða hverfi leggja holræsi um kauptúnið eða hverfið, og geta þá eigendur fasteigna þeirra, er nota ætla ræsin, gert með sjer fjelag, er nefnist holræsafjelag, en lög fjelagsins nefnast holræsasamþykt. Um fjelagið fer eftir ákvæðum XI. kafla, að því leyti, sem ákvæði þessa kafla taka ekki til þess.

2. Stjórn fjelagsins semur samþyktir þess, þar á meðal ákvæði um holræsagjald.

3. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 87.—90. gr., að því leyti, sem við á.

93. gr.

1. Nú eiga menn landareign í fjelagi, og vilja sumir leggja holræsi til að veita skólpi og afrensli frá henni, og getur þá sá eða þeir, sem meiri hluta landareignar eiga, ákveðið að framkvæma fyrirtækið, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulega þátt í kostnaði öllum af því, ef metið verður nauðsynlegt sakir heilbrigði eða þrifnaðar að leggja ræsin.

2. Ef ekki verður samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiftingu kostnaðar, þá skal skera úr með mati. Skal matsnefnd kveða á um það, hver eða hverjir skuli hafa á hendi framkvæmd eða umsjón verksins, telja kostnað til ákveðins árgjalds og tiltaka gjalddaga. Stofnkostnaði,

ásamt vöxtum, skal skift í jafnar árgreiðslur, ef aðili óskar þess, þannig, að lokið sje á 15 árum. Beiðast má maður staðfestingar ráðherra á matsgerð, og má þá taka tillög lögtaki, ef matsgerð verður staðfest. Akvæðum 2. liðs 87. gr. skal beita eftir því sem við á, er skifta skal viðhaldskostnaði.

94. gr.

1. Rjett er þeim, er eigi hefir tekið í öndverðu þátt í lagningu holræsa, að veita í þau um holræsi skólpi og afrensli frá sjer, en greiða skal hann fyrir það tiltölulegan hluta stofnkostnaðar, að frádreginni fyrningu á ræsi, sem orðin er, þegar hann byrjar íveitu sína, svo og greiða tiltölulegan hluta rekstrarkostnaðar og viðhalds.

2. Nú þarf að breyta ræsi vegna íveitu í það samkvæmt 1. lið, og skal þá sá, er íveitunnar æskir, greiða allan kostnað af breytingunni. Eigandi ræsis má velja um að vinna verkið sjálfur eða láta hinn um það.

3. Rjett er þeim, er þykir það máli skifta, að krefjast þess, að holræsi sje svo úr garði gert í öndverðu, að það megi taka við skólpi frá eign hans, enda greiði hann allan kostnaðarauka, er af því stafar.

4. Sá, er neytir rjettar sins samkvæmt 2. og 3. lið þessarar greinar, skal setja nægilega tryggingu fyrir því, er honum ber að greiða, ef þess er krafist.

5. Ef einhver aðilja þeirra, er í 86., 91., 92. eða 93. gr. segir, hafa veitt læk eða annari vatnsrás, er um bygð rennur og ber fram skólp, í holræsi eða undirgöng, er rjett að láta endurgjaldslaust í lækinn eftir sem áður skólp frá landareignum, sem ofar liggja við hann, þótt þær hafi ekki tekið þátt í ræsisgerðinni. Ef breytingar verða á skólpi frá slíkum landareignum, er geri viðhald ræsivirkisins kostnaðarsamara eða rekstur dýrari, getur eigandi virkisins þó krafist endurgjalds.

6. Ef ágreiningur verður um einhver þeirra atriða, er í grein þessari segir, skal skera úr honum með mati.

95. gr.

1. Skyldu manns til að inna af hendi þær greiðslur, er í 93. og 94. gr. segir, hefur frá þeim degi, er ræsivirki var svo úr garði gert, að hann mátti nota það, ef hann vildi, nema matsnefnd þyki annað sannara.

2. Ákvæði matsnefndar um tillög til eftirlits og viðhalds ræsivirkja samkvæmt 93. og 94. gr. skulu gilda um næstu 5 ára skeið, nema öðruvísi semji. Að þeim tíma liðnum má hver aðilja sem vill krefjast breytinga, ef nokkuð það, sem áður var bygt á, hefir breyst að mun. Ef ekki takast samningar, skal matsnefnd skera úr, og er sá úrskurður hennar gildur um annað 5 ára skeið.

96. gr.

1. Ef halda þarf á landi annars manns vegna ræsivirkja, þá er honum skylt að láta af hendi til þess, enda sjeu skilyrði 72. gr. fyrir hendi, land, mannvirki og landsafnot og að þola nauðsynlegar eignarkvaðir, eftir því sem

matsnefnd telur með þurfa, enda komi fullar bætur fyrir, eftir mati, ef ágreiningur verður.

2. Holræsi, sem lögð eru um land annars manns samkvæmt 1. lið, skulu vera vatnsheld, ef hann krefst þess, nema metið verði, að honum sje skaðlaust og bagalaust, þótt þau sjeu ekki svo úr garði gerð.

97. gr.

1. Nú hefir holræsi verið lagt um land annars manns samkvæmt 96. gr. og verður honum til mikilla óþæginda eða tjóns, og getur hann þá krafist þess, að það verði flutt á annan stað í landareign hans. Landeigandi kostar flutninginn, nema hann hafi eigi fengið bætur fyrir tjón það eða óþægindi, sem hjer segir, þegar bætur voru goldnar samkvæmt 1. lið 96. gr. Skal ræsiseiganda þá rjett að velja um að greiða bætur fyrir slíkt tjón eða kosta sjálfur flutninginn. Ef ágreiningur verður um það atriði, er í þessum lið segir, sker matsnefnd úr.

2. Ef svo stendur á sem í 1. lið segir, en ræsið verður ekki flutt á annan stað í landi manns, þá getur hann heimtað það flutt á land þriðja manns, ef metið verður, að þar muni verða mun minna tjón að því. Um kostnað af flutningnum fer eftir 1. lið.

98. gr.

1. Lög þessi taka ekki til holræsa, sem gerð hafa verið með heimild í gildandi rjetti áður en lög þessi öðlast gildi. Þó skulu 89., 90. og 94. gr. 1. og 2. liður, sbr. 4. lið, og 97. gr. einnig taka til eldri holræsa.

2. Akvæði laga þessara um holræsi eru því ekki til fyrirstöðu, að sett verði í byggingarsamþyktum og heilbrigðissamþyktum fyrirmæli um holræsi og fráræslu samkvæmt lögum um heimild til að gera slíkar samþyktir.

XI. kafli.

Um vatnafjelög.

99. gr.

1. Rjett er mönnum að gera með sjer fjelag um:

a. Vatnsveitu (III. kafli, 29. gr.).
b. Aveitu (IV. kafli, 42. gr.).
c. Orkuver eða orkuveitu (V. kafli, 64. gr.).
d. Vatnsmiðlun (VI. kafli, 70. gr.).
e. Varnir við ágangi vatns (VII. kafli, 75. gr.).
f. Landþurkun (VIII. kafli, 82. gr.).
g. Holræsi (X. kafli, 92. gr.).

2. Fara skal um slík fjelög svo sem í þessum kafla segir, enda sje ekki öðruvísi um mælt í lögum þessum.

100. gr.

Sá eða þeir, er stofna vilja fjelag í einhverjum þeim tilgangi, er í 99. gr. 1. lið segir, skulu kveðja til fundar eigendur þeirra landareigna, sem ætla má, að fái tekið þátt í fyrirtækinu. Skal ræða þar málið og bóka fundargerð. Þeir, er mæla með stofnun fjelagsins, geta síðan leitað álits kunnáttumanna og aflað sjer frumdrátta að fyrirhuguðum mannvirkjum og annara gagna, á sinn kostnað, en telja má þann kostnað til stofnkostnaðar, ef fjelagið verður stofnað.

101. gr.

1. Nú hafa frumkvöðlar fjelagsstofnunar samkvæmt 99. gr. 1. lið aflað sjer þeirra gagna, sem í 100. gr. segir, og skulu þeir þá semja frumvarp til samþyktar handa fjelagi því, sem í ráði er að stofna, og skrá yfir þær landareignir, sem þeir ætlast til, að verði í fjelaginu. Skal frumvarpið, landeignaskráin, frumdrættir, uppdrættir, kostnaðaráætlanir og önnur gögn, er fjelagið varða, lagt fram á hentugum stað til sýnis þeim, er ætlast er til að taki þátt í fjelagsskapnum. Skal framlagning skjalanna auglýst með þeim hætti, sem þar er vani að birta auglýsingar, sem almenning varða, eða brjeflega tilkynt hverjum þeim, er málið varðar. Skulu skjölin liggja til sýnis að minsta kosti 2 vikna tíma.

2. Nú er frestur samkvæmt 1. lið liðinn, og er þá frumkvöðlum fjelagsskaparins rjett að boða þá menn alla, er ætlast er til að verði í fjelaginu, á fund. Skal fundarboð birta með þeim hætti, sem í 1. lið segir. Á fundi þessum skal enn ræða málið og afráða um fjelagsstofnun, nema enn þyki þörf rækilegri undirbúnings. Ef $^2/_3$ eigenda *landareigna* þeirra, sem ætlast er til að taki þátt í fjelagsskapnum, og *sje eitt* atkvæði fyrir hverja *landareign*, samþykkja stofnun fjelagsins, þá er hinum skylt að gerast fjelagar.

3. Akvæði 2. liðs um fjelagsskyldu taka ekki til fjelaga samkvæmt 99. gr. 1. lið c. og d. Ef vatnsmiðlun er að eins liður í einhverju fyrirtæki, sem 99. gr. 1. liður tekur til, öðru en orkuveri eða orkuveitu, er fjelagsskapur um miðlun þó sömu lögum háður sem fjelagsskapur um það fyrirtæki.

4. Nú er jörð í byggingu, og er leiguliða þá rjett að gerast fjelagi, ef landsdrottinn vill ekki og er óskylt að taka þátt í fjelagsskapnum, en skylt er landsdrotni, þegar leiguliði fer frá jörð, að kaupa eftir mati þau mannvirki og tæki, sem leiguliði hefir gert eða sett á jörðina eða í samband við hana eða mannvirki á henni. Þó að eins að svo miklu leyti, er metið verði jörðinni til varanlegra bóta.

102. gr.

1. Þegar ákveðið hefir verið að stofna fjelag, skal samþykt þess sett svo fljótt sem unt er.

2. Í samþykt skulu vera ákvæði um:

a. Nafn fjelags, heimisfang þess og varnarþing.

b. Verkefni fjelags.

c. Um skipun fjelagsstjórnar, hversu fjölmenn hún skuli vera, hvernig skuli

kjósa hana, hvert vald hennar skuli vera og starfssvið, ef stjórn er skipuð fleiri mönnum en einum, hve langan tíma kjör skuli gilda.

d. Hvaða landareignir taki þátt í fjelaginu, svo að eigi verði um það vilst, og um atkvæðisrjett á fjelagsfundum.

e. Reikninga og bókhald fjelagsins og endurskoðun.

f. Hvernig boða skuli til fjelagsfunda, hvenær þeir skuli lögmætir, hvaða mál þeir skuli úrskurða og hvert vald þeir hafi að öðru leyti.

g. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, sem fjelagsskapurinn hefir í för með sjer.

h. Hvaða kvaðir eða eignarhöft leggist á landareignir þær, sem þátt taka í fjelagsskapnum.

i. Sektir fyrir brot fjelaga á ákvæðum samþykta.

j. Hvaða reglum skuli eftir farið, ef breyta á samþyktum fjelagsins.

k. Hvernig fara skuli um fjelagsslit, hvert atkvæðamagn þurfi til þeirra og hvernig ráðstafa skuli eignum fjelagsins.

103. gr.

Í samþykt má setja ákvæði um skipun gerðardóms til að skera úr ágreiningi um fjelagsmálefni milli einstakra fjelaga eða milli fjelagsstjórnar og einstaks eða einstakra fjelaga, ef báðir aðiljar óska gerðardóms.

104. gr.

1. Samþykt, ásamt gögnum þeim, er í 101. gr. segir, skal fjelagsstjórnin síðan senda ráðherra til staðfestingar. Ef samþykt eða annað, sem fjelagið varðar, þykir ekki svo úr garði gert, að samþykt megi staðfesta, sendir ráðherra hana aftur til fjelagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykt, svo og þegar lagað hefir verið það, er athugavert þótti. Aldrei má samþykt brjóta bág við rjettarákvæði, almennar grundvallarreglur laga nje rjettindi einstakra manna.

2. Ef gjaldskrá er send til staðfestingar, skal fara um það eftir 1. lið.

3. Halda skal allsherjarskrá yfir öll vatnafjelög samkvæmt reglum, er ráðherra setur. Staðfestar samþyktir og gjaldskrár skulu birtar í B-deild Stjórnartíðindanna.

4. Birta skal í Lögbirtingablaðinu auglýsingu, á fjelagsins kostnað, um stofnun þess, og skal verkefnis þess geta, heimilisfangs og varnarþings, svo og hver eða hverjir sjeu í stjórn þess og ef breyting verður á stjórninni.

105. gr.

Nú vilja menn breyta staðfestri samþykt eða gjaldskrá, og er breytingin lögmæt, ef svo er með farið sem í 104. gr. segir.

106. gr.

1. Árstillög fjelagsmanna skulu ákveðin svo, að þau nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar og viðhalds. Enn

fremur skal, ef fjelagsstjórn samþykkir eða ráðherra þykir það nauðsynlegt, leggja hæfilegt fyrningargjald í varasjóð, og skal það einnig innifalið í árstillögunum.

2. Gjöld, sem ákveðin eru eða jafnað er niður samkvæmt staðfestri samþykt eða gjaldskrá, má taka lögtaki.

3. Gjöld samkvæmt 1. lið skulu eiga sama forgöngurjett í gjaldþrotabúi skuldunauts sem skattar eða gjöld til ríkisins.

4. Eignir fjelags standa fyrir skuldum þess. Enginn fjelaga ber framar ábyrgð á þeim en að þeim hluta, er honum er gert að greiða samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu fjelagsákvæði.

107. gr.

1. Brot gegn fjelagssamþyktum má láta varða alt að 500 kr. sektum, og skulu þær renna í fjelagssjóð.

2. Sektir má taka fjárnámi.

3. Með mál út af brotum á samþyktum skal fara að hætti almennra lögreglumála. Mál skal því að eins höfða, að fjelagsstjórnin, sá, er sjerstaklega er röngu beittur, eða ráðherra krefjist þess.

108. gr.

1. A fjelagsfundum ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sje um mælt í lögum þessum. Í stjórn eru þeir rjettkjörnir, sem flest fá atkvæði. Ef tveir eða fleiri fá jafnmörg, skal hlutkesti ráða.

2. Ef sjerstök ástæða þykir til vera, má ákveða í samþykt, að aukinn meiri hluta skuli þurfa til ákvörðunar um einstök fjelagsmáletni, önnur en þau, sem sjerstaklega er um mælt í lögum þessum.

109. gr.

Ráðherra eða sá, er hann felur það, lítur eftir því, að fjelagsstjórn fari eftir samþyktum fjelagsins og öðrum ákvæðum um fjelagsskapinn. Er eftirlitsmanni heimilt að kynna sjer starfsemi fjelagsins í því skyni, þar á meðal reikninga þess og fjárhag, en leyna skal hann óviðkomandi menn því, er hann kemst að um þau efni.

110. gr.

1. Rjett er að taka nýja menn í fjelag, ef lögmætur fjelagsfundur samþykkir, og sje slíks máls getið í fundarboði, enda sje það ekki skylt samkvæmt sjerákvæðum laga þessara um einstök vatnafjelög.

2. Ef veruleg breyting verður á skyldum fjelaga vegna töku nýrra fjelagsmanna, eða verkefni fjelaga breytist verulega fyrir þá sök, skal fara með málið sem breytingar á samþyktum fjelagsins. Ráðherra sker úr ágreiningi um þessi efni.

3. Nú bætist nýr maður í fjelag, og skal hann þá greiða að sínum hluta þar frá þau gjöld, sem á fjelögum hvíla, og með sama hætti sem aðrir fjelagar, nema öðruvísi semji. Kosta skal hann sjálfur þær framkvæmdir, sem

nauðsynlegar eru sjerstaklega hans vegna, til þess að geta notað mannvirki fjelagsins.

111. gr.

1. Segja má maður sig úr fjelagi, ef

a. $^2/_3$ hlutar fjelagsmanna samþykkja á lögmætum fjelagsfundi,

b. svo reynist, að landareign hans verður að mun meiri kostnaður af fjelagsskapnum en öðrum landareignum, samanborið við hagnaðinn eða hagræðið. Úr ágreiningi skal skera með mati, en skjóta má því til fullnaðarúrskurðar ráðherra.

2. Ef maður segist úr fjelagi, þá ábyrgist hann þau gjöld, er á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum fjelagsins til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu. Ef ágreiningur verður, má skjóta honum til ráðherra, og getur hann ákveðið, að meira skuli gjalda en nú var sagt.

112. gr.

1. Fjelagi skal slíta:

a. Ef fjelagar samþykkja það samkvæmt fyrirmælum samþyktar sinnar.

b. Ef fjelagar eru að eins tveir og annar krefst þess.

c. Ef það kemur síðar í ljós, að ekki er unt að ná takmarki því, er fjelagið setti sjer, eða það er svo miklum örðugleikum bundið, að ókleift eða illkleift þykir að halda fjelagsskapnum áfram.

2. Ágreiningi um það, hvort skilyrði fjelagsslita samkvæmt 1. lið c. sjeu fyrir hendi, skal til lykta ráðið með matsgerð. Skjóta má því mati undir ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

113. gr.

1. Ef helmingur fjelaga eða meira krefst þess, er skylt að kjósa skiftanefnd til að standa fyrir skilum fjelagsbúsins og skiftum, og fer um vald hennar sem skiftaforstjóra án dómsvalds.

2. Ef eignir fjelagsins hrökkva ekki fyrir skuldum, skal því, er á vantar, skifta á fjelaga að rjettri tiltölu við fjelagsgjöld hvers um sig, eins og þau hafa verið ákveðin samkvæmt gjaldskrá eða öðru lögmætu fjelagsákvæði. Fjelagi hver ábyrgist einungis sinn hluta.

3. Um skiftin fer annars samkvæmt ákvæðum skiftalaganna.

4. Að loknum skiftum skal skjölum fjelaga og bókum skilað í Þjóðskjalasafnið.

5. Jafnskjótt sem fjelag er tekið til skifta skal fjelagsstjórn, ef hún fer með skifti, en ella skiftanefnd eða skiftaráðandi, tilkynna til fjelagaskrár, að fjelag sje tekið til skifta. Þegar skiftum er lokið, skal og tilkynna það með sama hætti. Skal gera athugasemdir um þessi atriði í fjelagaskrá og birta tilkynningar eða ágrip þeirra í Lögbirtingablaðinu á kostnað fjelags.

114. gr.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki taka til fjelaga, sem stofnuð eru og

samþyktir þeirra staðfestar áður en lög þessi koma til framkvæmdar. Þó skulu slík fjelög fullnægja ákvæðum laga þessara, þeim er hjer segir:

a. Tilkynningu skulu þau senda mánuði eftir að lög þessi ganga í gildi um þau atriði, er í 104. gr. 4. lið segir, og skal þegar birta hana í Lögbirtingablaðinu og á fjelagsins kostnað og skrá hana í fjelagaskrá.
b. Ef breyta á samþyktum eða gjaldskrá eldri fjelaga, skal fara eftir 105. gr. laga þessara, eftir því sem við á.
c. Akvæðum 109.—113. gr. laga þessara skal beita um eldri fjelög, nema þau brjóti bág við staðfestar samþyktir þeirra.

XII. kafli.

Um almenna umferð um vötn.

115. gr.

Öllum er rjett að fara á bátum og skipum um öll skipgeng vötn. Sama er um vötn, sem hjer eftir verða skurðuð eða gerð umferðarhæf með öðrum hætti. Þó getur ráðherra bannað almenningi umferð um skurð eða vatn, ef nauðsynlegt þykir vegna mannvirkja í eða við vatn.

116. gr.

1. Rjett er ríkinu og hjeruðum þeim, er vegamál hafa með höndum, að gera hverskonar mannvirki í vatni og við vatn í því skyni að gera vatn skipgengt eða til að gera færa ísaleið um vötn.

2. Ráðherra getur veitt fjelögum og einstaklingum leyfi til að gera mannvirki með þeim hætti og í þeim tilgangi, sem í 1. lið greinir.

3. Þeir, sem framkvæma fyrirtæki samkvæmt 1. og 2. lið, hafa sama rjett til eignarnáms á landi og mannvirkjum og afnota af landi í þarfir fyrirtækjanna sem ákveðinn er í lögum um vegagerðir ríkis og hjeraða.

117. gr.

Eigendur og notendur landareigna eiga rjett til bóta, eftir mati, nema um semji, fyrir tjón, sem umferð á vatni veldur beinlínis á landi við vatnið eða á löglega gerðum og vel viðhöldnum mannvirkjum í vatni eða við það, svo og á löglega settum veiðitækjum, enda þótt tjónið sje hvorki að kenna ásetningi nje ógætni. Bætur greiðast ekki fyrir tjón af því, þótt mannvirki þau, er fyrir skemdum hafa orðið, verði eigi notuð, nema tjón beri að bæta samkvæmt almennum skaðabótareglum.

118. gr.

1. Ákvæði 115.—117. gr. taka og til viðarfleytingar, sem framkvæmd er að ráðstöfun stjórnarvalda og undir eftirliti þeirra.

2. Ráðherra getur veitt leyfi til að ákvæði 115.—117. gr. megi einnig taka til annarar viðarfleytingar en slíkrar sem í 1. lið segir.

119. gr.

1. Öllum, sem nota vötn til umferðar eða fleytingar, er skylt að gæta þess að gera sem minstar skemdir á landi, mannvirkjum eða veiðitækjum í vatni eða við það.

2. Þeir, sem vötn nota til umferðar eða fleytingar samkvæmt löglegri heimild, hafa rjett til þeirrar umferðar um vatnsbakkana og þeirra afnota af þeim, sem nauðsynleg er vegna umferðarinnar um vatnið eða fleytingarinnar, en gera skulu þeir svo lítið tjón á landi og mannvirkjum sem unt er og bæta skemdir að fullu, eftir mati, nema samkomulag verði.

120. gr.

Nú er vatn gert skipgengt eða aðrar ráðstafanir gerðar til fyrirgreiðslu umferðar um vatn, og getur þá ráðherra ákveðið, að gjald verði lagt á báta þá eða skip, er fara um vatnið, til þess að standa straum af kostnaði af þeim ráðstöfunum.

XIII. kafli.

Almenn ákvæði um veiði í vötnum.

121. gr.

1. Landeiganda og þeim, sem hann veitir heimild til, er einum heimil veiði í vatni á landi sínu.

2. Eigi má skilja veiðirjett að nokkru leyti eða öllu við landareign, nema um tiltekið árabil, eigi lengra en 10 ár í senn, nema leyfi ráðherra komi til eða önnur hlunnindi komi á móti, er þeirri landareign sje ekki metin minna verð en veiðirjetturinn.

122. gr.

1. Nú er landareign eða veiðirjettur í óskiftri sameign, og er þá sameigendum veiði jafnheimil. Rjett er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skifta á veiði, annaðhvort svo, að hvor hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skal skifti lengur standa en eitt ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskifti.

2. Nú er landareign í sameign, en er skift eftir merkjum afnotaskiftum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skift hafi verið veiði samkvæmt 1. lið eða önnur lögmæt skipun hafi verið á ger.

123. gr.

1. Hjeraðsmönnum öllum er veiði jafnheimil í vötnum í afrjettum og

almenningum, sem hjeruð eiga eða nota með löglegri heimild og ekki eru einstaks manns eign.

2. Öllum er veiði heimil í vötnum í afrjettum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað einstaklingsrjettar heimild til þeirra.

124. gr.

Nú skilur vatn landareignir, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Rjett er hvorum þeirra að hafa ádráttarveiði og draga vað að hvoru landi sem vill. En bæta skal hinum landspell, eftir mati, ef ekki semur. Skifta má veiði samkvæmt 122. gr. 1. lið.

125. gr.

Nú legst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sjer nýtt leg, og hverfur þá veiðirjettur til þess, sem land á undir.

126. gr.

1. Veiði í almenningum stöðuvatna eiga sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatni, nema forn venja banni.

2. Rjett er að skifta veiði samkvæmt þessari grein eftir 122. gr. 1. lið.

3. Nú er fiskiklak starfrækt í vatni, og hverfur þá veiðirjettur í almenningi til þeirra einna, er þátt taka í kostnaði við klakið, svo sem samþykt eða reglugerð, staðfest af ráðherra, ákveður, enda sje í henni öllum heimiluð þátttaka í klakinu, sem annars eiga veiðirjett í þeim almenningi.

127. gr.

Bannað er að setja stíflur eða föst veiðitæki lengra en í mitt vatn, sem fiskför er í, enda sje hinn helmingur vatns eigi grynnri, svo og að hefta fiskför um ósa í vatni eða sjó úti, nema sjerstök heimild sje til eða sá, er girðir, eigi einn veiði fyrir ofan bæði í því vatni og í þeim ám eða lækjum, sem í það falla eða úr því. Nú fellur vatn í kvíslum, og má þá enga þeirra þvergirða, nema þar sje fiskför minni, enda eigi sá, er þvergirðir, þar einn alla veiði.

128. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði í vatni í sameignarlandi eða fjelagsvatni (122. gr. 1. liður) nje í afrjetti eða almenning (123. gr. 1. liður), nema veiði sje skift honum til handa. Má hann þá veita sinn hlut.

129. gr.

1. Nú setur maður að óheimilu garða, stíflur, net eða aðrar veiðivjelar í vatn (127. gr.), og eru þá garðar og stíflur óhelgar við broti, enda er rjett að taka net og aðrar veiðivjelar upp.

2. Ef maður veiðir ólofað í veiðistöð annars manns eða þvergirðir vatn ólöglega, varðar það sektum, alt að 1000 kr., í sveitarsjóð, þar sem brot er framið. Sá, er misgert var við, skal fá alt veiðifang eða andvirði þess, auk

bóta fyrir annað tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir. Brot er fullframið jafnskjótt og veiðitækin eru komin í vatn.

3. Nú hittist maður með veiðarfæri við annars manns veiðivatn fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem hann væri sekur um ólöglega veiði, nema sannað sje, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.

130. gr.

1. Mál út af brotum á ákvæðum þessa kafla fara að hætti einkalögreglumála, enda sje brotið ekki svo vaxið, að höfða beri opinbert mál. Mál má höfða á varnarþingi þar sem brot var framið.

2. Sókn sakar á eigandi veiðirjettar. Nú er hann annar en landeigandi og höfðar ekki mál innan 3 mánaða frá því er brot var framið, og er þá landeigandi rjettur sóknaraðili sakar til refsingar fyrir brot.

3. Sök til refsingar fyrnist á ári eftir að sóknaraðili fjekk vitneskju um brot, og ávalt á 2 árum frá því er brot var framið.

XIV. kafli.

Almenn ákvæði um vatnsvirki.

131. gr.

1. Mannvirki öll, sem í vatn eru sett, við það eða yfir því, eða gerð eru til að geyma vatn eða veita því, skulu að gerð, undirstöðum, efni og verki fullnægja þeim kröfum, er verða með sanngirni settar til þess að afstýra hættu fyrir líf manna, hagsmuni ríkis eða almennings, tjóni á eignum eða rjettindum einstakra manna eða óhagræði fyrir þá.

2. Önnur verk í vatni skal og vinna svo, að sæmileg trygging sje gegn slíkri hættu, tjóni og óhagræði.

132. gr.

1. Eigandi mannvirkja þeirra, er í 131. gr. segir, skal halda þeim óaðfinnanlega við, ef spjöll á þeim geta valdið tjóni, hættu eða óhagræði.

2. Heimta má, að brýr, stíflur og önnur vatnsvirki verði endurbygð eða þeim breytt, ef það þykir nauðsynlegt vegna umferðar, fleytingar eða fiskgöngu, enda sje því eigi samfara stórkostlegt óhagræði eða notagildi mannvirkis rýrni að mun, en bæta skal virkiseiganda allan kostnað. Matsnefnd úrskurðar ágreining.

133. gr.

1. Áður byrjað sje að gera ráðstafanir þær, er nú skal greina, skal tilkynna ráðherra það og fá leyfi hans, enda sje ekki leyfis eða samþykkis krafist samkvæmt öðrum fyrirmælum laga þessara:

a. Ef gera á mannvirki eða vinna önnur verk, er breytingu valda á vatnsborð, straumstefnu eða straummagn, svo sem stíflur, dýpkun eða grynkun

farvegar eða rjetting, nema sýnt sje, að ekki hljótist af hætta, tjón eða óhagræði samkvæmt 131. gr.

b. Ef gera á mannvirki, er tálma mundu umferð um vatn, enda hafi ráðherra auglýst áður í Lögbirtingablaðinu þrisvar sinnum bann við mannvirkjagerð í því vatni, við það eða yfir því, með þeim hætti, að hún yrði umferð eða fleytingu til trafala.

c. Ef setja á mannvirki í vatn, sem tálma myndi fiskför í því, nema heimilt sje samkvæmt veiðilögum eða samþyktum, settum með heimild í þeim.

d. Ef þurka á vatn, enda nemi þurkunin 50000 fermetrum.

e. Ef rífa á eða taka burtu mannvirki, breyta þeim eða endurbyggja þau, og svo er ástatt sem í stafl. a—d segir.

2. Leyfi má binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja til verndar hagsmunum ríkis, almennings eða einstakra manna og að fyrirtækið komi að almenningsnotum, ef því er að skifta, svo og að bætur fyrir tjón af fyrirtæki sjeu fyrirfram greiddar eða trygging sett. Ef talið er, að fyrirtæki muni valda hættu, óhagræði eða tjóni, má ekki leyfa það, nema ætla megi, að hagur af því verði mun meiri en sem hættu, tjóni eða óhagræði nemi. Leyfishafi ábyrgist ekki óhagræði, sem almenningur eða ríkið kann að verða fyrir af leyfðu fyrirtæki, nema það sje tilskilið í leyfi.

3. Leyfi er því ekki til fyrirstöðu, að síðar megi krefjast nauðsynlegra breytinga á mannvirkjum, leyfishafa að kostnaðarlausu, ef sýnt verður, að þeirra sje þörf.

4. Ef leyfi er veitt til að hækka eða lækka vatnsborð, skal venjulega taka það fram, hversu mikið það megi vera, og ef hækkun er leyfð, þá skal setja vatnshæðarmerki á kostnað leyfisbeiðanda.

5. Ráðherra getur ákveðið, að vatnsvirki skuli tilkynna, enda þótt eigi þurfi leyfi til þeirra.

134. gr.

1. Rjett er hverjum þeim, er telur hættu, tjón eða óhagræði munu verða af fyrirhuguðu mannvirki, sliku sem í 131. gr. segir, að láta fara fram matsgerð um það, hvort og hvernig verkið verði unnið án þess.

2. Nú verður metið, að hvorki verði tjón, hætta nje óhagræði af verkinu, og má þá þegar vinna það, en bæta skal þá tjón það, er síðar kemur í ljós, enda sje bóta krafist innan 5 ára frá lokum þess almanaksárs, er verkið var fullgert.

135. gr.

Nú byrjar maður verk, sem leyfis eða samþykkis þarf til lögum þessum samkvæmt, vinnur verk ver en lög, leyfi eða samþykki tilskilja, heldur mannvirkjum ver við en skyldi, rífur þau eða tekur þau ólöglega á brott, og er ráðherra þá rjett að banna framhald verksins, fyrirskipa endurbætur eða láta vinna þær, eða rífa mannvirki, alt á kostnað eiganda og eftir því sem við þykir eiga hverju sinni, enda verði það nauðsynlegt talið vegna hagsmuna ríkis, almennings eða einstakra manna.

136. gr.

1. Sá, er framkvæmir eða lætur framkvæma verk án leyfis eða samþykkis, sem áskilið er í lögum þessum, ábyrgist alt tjón, sem af verkinu hlýst, enda þótt eigi sje um að kenna göllum eða misfellum á verkinu eða gáleysi hans eða manna hans.

2. Eigandi mannvirkis og sá, er annars lætur vinna verk í vatni, ábyrgist tjón af því, enda þótt eigi verði gáleysi um kent:

a. Ef mannvirkið er ekki svo úr garði gert sem í 131. gr. segir eða áskilið er í leyfi eða samþykki.
b. Ef brestur verður á viðhaldi þess.
c. Ef maður vinnur annars eða lætur vinna verk í vatni án þess að fara svo með sem tilskilið er í 131. gr. 2. lið eða til er tekið í leyfi eða samþykki.

3. Ábyrgð samkvæmt 1. og 2. lið tekur einnig til síðari eigenda.

4. Nú er mannvirki löglega rifið eða tekið burt eða hætt að halda því við, og skal þá eigandi bæta eftir mati, ef ekki semur, tjón það, er af þeirri ráðstöfun hlýst. Eigi skal þó bæta tjón eða óhagræði, sem annar maður verður fyrir vegna missis þess hagnaðar, er hann hafði af mannvirkinu, nema hann hafi beinlínis eða óbeinlínis goldið fyrir þann hagnað.

5. Ríkið ábyrgist ekki tjón af mannvirkjum eða verkum, er leylt er að vinna.

137. gr.

1. Ráðherra eða umboðsmaður hans hefir eftirlit með meiri háttar vatnsvirkjum og verkum. Er umráðamönnum skylt að veita eftirlitsmanni allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlitsins og aðgang að mannvirkjum og verkum til að rannsaka þau.

2. Ef mannhætta eða eignatjón að ráði getur stafað af vatnsvirki eða vatnsverki, getur ráðherra skipað sjerstakan eftirlitsmann eða forstöðumann fyrir verkinu á kostnað eiganda, og skal eftirlitsmaður eða forstöðumaður gæta þess, að verkið sje unnið samkvæmt því, er samþykt hefir verið í leyfi eða samþykki eða mælt í lögum.

3. Ef fyrirmælum eftirlitsmanns er ekki hlýtt, getur hann bannað framhald verksins þar til úrskurður ráðherra er fenginn.

138. gr.

1. Eiganda lands og notanda er skylt að þola það, að hallamælingar og önnur undirbúningsstörf og rannsóknir, sem nauðsynleg eru til framkvæmda fyrirhugaðra vatnsvirkja, fari fram á landi hans, enda sje honum bætt tjón, sem af því hlýst, eftir mati, ef ekki semur.

2. Nú láta aðrir en ríkið, hjeruð eða vatnafjelög með staðfestri samþykt slík undirbúningsstörf fara fram, og er þá skylda landeiganda og notanda því skilyrði bundin, að áður sje fengin heimild lögreglustjóra og trygging sett fyrir tjóni, ef honum þykir þess þörf. Vottorð lögreglustjóra um þessi atriði skal sýna, ef krafist er.

XV. kafli.

Um skaðabætur.

139. gr.

1. Um bætur fyrir lögnám skal svo fara sem hjer greinir, nema öðruvísi sje mælt í einstökum fyrirmælum laga þessara:

a. Ef eign manns eða rjettindi eru af honum tekin eða rýrð svo, að matsmenn telji honum rjett að heimta, að hún eða þau verði bætt að fullu, skal hann fá bætur í peningum eitt skifti fyrir öll, nema aðiljar verði á annað sáttir.

b. Ef kvaðir eru á eign manns lagðar eða rjettindi skert án þess að ákvæðin í a. komi til greina, þá má ákveða bætur til árgjalds, ef sá krefst þess, sem við bótum tekur, svo og ef það þykir sanngjarnt eða hentugt vegna þess, hvernig á stendur, enda sje þá sett trygging fyrir greiðslu árgjalda.

2. Bætur, þar undir fyrsta árgjald samkvæmt 1. lið b., skulu kræfar jafnskjótt sem úrslitamat hefir fram farið, enda er lögnema þá heimilt að neyta rjettar síns samkvæmt lögnámsgerð, gegn greiðslu bóta eða lögmætu framboði á þeim eða gegn tryggingu samkvæmt 1. lið b. í þessari grein eða 141. gr.

3. Rjett er, að fógeti veiti lögnema aðstoð sína, ef með þarf, til að neyta þess rjettar, sem hann hefir fengið fyrir lögnámið.

140. gr.

1. Þegar meta skal bætur fyrir lögnám á eignarhluta eða álagningu kvaða eða skerðingu rjettinda, þá skal láta koma til frádráttar sjerhag þann, er eigninni verður að fyrirtæki því, sem fyrirhugað er að koma upp, enda komi ekki tillagsskylda á eignina eða endurgjald annað til fyrirtækisins samkvæmt lögum þessum.

2. Bætur fyrir lögnumið land eða rjettindi yfir landi skal aldrei hærri meta en þær bætur, sem metnar yrðu fyrir önnur lönd þar í grend, jöfnum kostum búin, eða samskonar jafnverðmæt rjettindi yfir slíkum löndum, enda skal að engu hækka mat, þótt land kunni að hækka í verði eða rjettindi að verða verðmeiri sakir þess fyrirtækis eða þeirra fyrirtækja, sem lögnám á því landi eða þeim rjettindum er framkvæmt fyrir, eða vegna hagnaðar af því fyrirtæki eða fyrirtækjum.

141. gr.

1. Nú telur matsnefnd sjer ófært að meta það þegar, hvert tjón muni hljótast af fyrirtæki, og er henni þá rjett að fresta mati um það eða þau atriði, er eigi verður afráðið um, enda er þeim, er tjón biður, þá rjett að æskja mats, þegar atvik hafa breyst svo, að telja má fært að meta. Ef matsnefnd telur sennilegt, að tjón hljótist af fyrirtæki, er bæta beri, en ákveður þó að fresta mati, þá getur eigandi þeirrar eignar eða rjettinda, sem skaðinn kemur

niður á, krafist tryggingar af lögnámsbeiðanda, ef hann vill neyta lögnámsrjettar sins áður en tjónið er metið, og skulu matsmenn ákveða hana, ef ekki semur.

2. Nú verður tjón af fyrirtæki, sem ekki hafa verið metnar bætur fyrir, þegar lögnám fór fram eða bætur voru metnar samkvæmt 1. lið þessarar greinar, og er þeim, er tjónið biður, þá rjett að krefjast bóta fyrir það samkvæmt 140. gr. innan 5 ára frá því er mannvirki eru fullgerð og tekin til notkunar.

3. Krafa um bætur samkvæmt 1. og 2. lið fellur niður, ef ekki er krafist matsgerðar áður ár sje liðið frá því er tjónið kom í ljós.

142. gr.

Þegar bætur eru goldnar í orku, getur ráðherra sett almennar reglur um skifti aðilja innan takmarka ákvæða laga þessara og almennra grundvallarreglna löggjafarinnar.

XVI. kafli.

Um meðferð vatnamála.

143. gr.

1. Umsóknir um leyfi, samþykki, staðfestingar eða aðrar ákvarðanir, sem í lögum þessum greinir, skulu vera skriflegar, enda fylgi þeim nauðsynlegar skýrslur og upplýsingar um þau efni, sem við er átt. Ráðherra setur reglur um þessi efni, að því leyti sem ekki er sjerstaklega kveðið á í lögum þessum eða sjerleyfislögum.

2. Ef mál er svo vaxið, að þörf þykir rækilegri greinargerðar með umsókn en ákveðið kann að verða í reglum þeim, er í 1. lið getur, þá er ráðherra eða öðrum, sem umsókn á að senda, rjett að krefjast slíkrar greinargerðar.

144. gr.

1. Nú hefir stjórnvaldi borist umsókn um einhver þau atriði, sem í 143. gr. segir, og ekki þykir sýnt, að synja beri þegar í stað, og skal þá með fara sem hjer segir:

a. Leyfi til lögnáms samkvæmt 32. gr. 2. lið, 50. gr. 3. lið, 52., 60., 65. gr. 1. og 2. lið, 75. gr. 2. lið og 81. gr. má venjulega ekki veita fyrr en sá hefir átt kost á að láta uppi athugasemdir sínar, er taka á eignir hans eða rjettindi.

b. Ákvörðun um verð á orku samkvæmt 49. gr. 3. lið, sbr. 65. gr. 3. lið, má ekki gera fyrr en orkusali annarsvegar og hjeraðsstjórn eða orkukaupandi hinsvegar hafa fengið færi á að láta uppi álit sitt.

c. Áður en ákvörðun er tekin um málefni þau, er í 68. gr. 4. lið, 69., 70., 72., 74., 75. gr. 1.—3. lið, 81., 83. gr. 2.—3. lið og 133. gr. 1. lið segir, skal leita álits þeirra manna, er ákvörðun kann að varða hag þeirra. Ef ætla má, að hjeraðsstjórn muni varða ráðstöfun sú, sem í ráði er að gera,

skal ráðherra senda henni sjerstaka tilkynningu, svo og þeim mönnum öllum, er ætla má að ráðstöfun skilti máli. Ef ekki verður vitað, hversu marga ráðstöfun muni varða, þá má þess í stað birta auglýsingu þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, og skal fyrirtæki eða ráðstöfun glögt greind og skorað á þá, er kynnu að telja sig málið skifta, að koma fram með athugasemdir sínar áður tiltekinn, hæfilegur tími sje liðinn. Jafnframt skal leggja skjölin fram á tilteknum stað, og skal þeim, er hagsmuna eiga að gæta, heimilt að kynna sjer þau þar, enda skal framlagningar skjalanna geta í auglýsingu. Opinbera auglýsingu þarf ekki að birta, þegar ráðstöfun eða mannvirki er lítils um vert að dómi ráðherra.

2. Kostnað allan af ráðstöfunum samkvæmt 1. lið ber sá, er æskir ákvörðunar um þær.

145. gr.

Ef nauðsyn þykir á vera, er ráðherra rjett að láta fara fram skoðun á staðháttum, þar sem gera á eða leggja niður mannvirki eða vinna verk í vatni, og skal sá, er heimildar beiðist, greiða kostnað af slíkri skoðun.

146. gr.

1. Hvarvetna þess, er lögnám er heimilað samkvæmt lögum þessum og menn skilur á um það, hvaða eignir eða rjettindi þurfi að taka, hvaða eignarkvaðir, óhagræði o. s. frv. þurfi á að leggja, þá skal skera úr með mati.

2. Nú er leyfi veitt til lögnáms samkvæmt 144. gr. 1. lið, stafl. a., eða matsnefnd hefir heimilað lögnám samkvæmt 39., 41., 96. eða 97. gr. 2. lið, og skal þá leyfishafi hafa gert ráðstafanir til að framkvæma lögnám áður en ár er liðið frá því að leyfi var veitt eða matsgerð var lokið. Annars kostar þarf nýja heimild.

147. gr.

1. Matsgerðir lögum þessum samkvæmt skulu framkvæma:

a. Úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram samkvæmt 6., 9. gr. 3. lið, 10., 12. gr. 3. lið, 18. gr. 2. lið, 25. gr. 4. lið, 31., 37., 38., 39. gr. 2. lið, 40., 41. gr. 2. lið, 43., 44., 45., 48. gr. 2. lið, sbr. 82. gr. 1. lið, 78., 80., 81., 111 gr. 1. lið b., 112., 121. gr. 1. lið og 122., sbr. 124. og 126. gr. 2. lið.

b. Dómkvaddir menn alstaðar annarsstaðar, nema öðruvísi sje sjerstaklega ummælt í lögum þessum.

2. Úttektarmenn meta þó ekki, ef:

a. Matsbeiðandi krefst þess, að dómkvaddir menn meti, eða matsþolandi, ef hann skuldbindur sig til að greiða aukakostnað þann af matinu, sem af kröfu hans stafar.

b. Úttektarmenn treysta sjer ekki til að meta vegna þekkingarskorts á matsatriðum.

c. Ekki eru lögskipaðir úttektarmenn í þinghá, þar sem mat fer fram.

d. Svo er matsatriðum farið, að ekki verður talið, að mat fari fram í neinni ákveðinni þinghá.

3. Mat samkvæmt 146. gr. 1. lið skulu úttektarmenn framkvæma, enda sje eigi svo ástatt sem í 2. lið greinar þessarar segir, ef þeir hafa heimilað lögnámið, en dómkvaddir menn ella.

4. Hjeraðsdómari, þar sem mannvirki, land eða rjettindi eru, þau er krafa um mat er af risin, dómkveður tvo matsmenn, en rjett er honum að kveðja menn, þótt heimilisfastir sjeu utan lögsagnarumdæmis hans. Nú skal mat fara fram um sama atriði í fleirum þinghám en einni, eða svo er farið sem í 2. lið stafl. d. segir, og ákveður þá ráðherra, hvar matsmenn skuli dómkvaddir.

5. Rjett er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sjer til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

148. gr.

1. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá lokum matsgerðar.

2. Yfirmat til þess að skera úr því, hvort lögnám skuli heimila, hvað lögnema skuli, um heimild manna eða skyldu til að vinna verk, eða til að taka ákvörðun um annað en upphæð bóta eða endurgjalds, skulu framkvæma 3 menn, dómkvaddir samkvæmt 147. gr. 4. lið. Ef matsnefnd hefir neitað beiðni eða kröfu matsbeiðanda, en yfirmatsmenn telja, að taka beri hana til greina, þá skulu þeir einnig framkvæma þær matsgerðir, er matsmönnum hefði annars borið. Ef bóta er jafnframt krafist, má þó skjóta mati á þeim eftir þessum lið til sjerstaks yfirmats samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

3. Þegar ákveða skal einungis endurgjald eða bætur, skal yfirmatsnefnd skipuð, sem segir í lögum um framkvæmd eignarnáms. Ef hjeraðsdómari nefnir matsmenn, er honum þó rjett að nefna menn heimilisfasta utan lögsagnarumdæmis sins.

4. Ákvæði 147. gr. 5. liðs tekur og til yfirmats.

149. gr.

1. Sá, sem þarf að fá ráðstöfun gerða, og mat er nauðsynlegt skilyrði til þess lögum þessum samkvæmt, eða sá, sem lögskylt er að greiða bætur eða endurgjald fyrir lögnám eða notkun á eign annars manns, skal greiða kostnað allan af mati. Ef bætur hafa verið boðnar svo ríflegar sem metnar verða, getur matsnefnd þó skift kostnaði milli aðilja.

2. Um kostnað af yfirmati skal svo fara:

a. Sá, sem beiðist yfirmats eftir 148. gr. 1. lið, greiði kostnað af því, ef matsgerð breytist eigi. Verði henni breytt, skal yfirmatsnefnd skifta kostnaði eftir því, sem henni þykir sanngjarnt, hvort sem bætur eru metnar eða ekki.

b. Um kostnað af yfirmati samkvæmt 148. gr. 3. lið fer samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

3. Til matskostnaðar má telja útgjöld aðilja til lögfræðilegra og verkfræðilegra aðstoðarmanna. Ef 2 aðiljar eða fleiri standa sama megin og hagsmunir þeirra mega saman fara, og nota þeir ekki báðir eða allir sama

aðstoðarmann, skal þó venjulega ekki bæta þeim til samans meiri kostnað fyrir þessar sakir en telja má þá mundu hafa haft, ef þeir hefðu notað sama aðstoðarmanninn.

150. gr.

Að því leyti sem eigi er hjer kveðið á um matsgerðir, fer um þær eftir lögum um framkvæmd eignarnáms og öðrum gildandi rjettarákvæðum.

XVII. kafli.

Um stjórn vatnamála.

151. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn vatnamála á hendi. Verkfræðilegur ráðunautur hans um þau mál er vegamálastjóri.

152. gr.

1. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda löggiltar vatnabækur, og skal í þær rita:

a. Skrár yfir ár og vötn í umdæminu.
b. Samninga um þau, er sendir verða til innritunar eða þinglýsingar.
c. Skýrslur um vatnsvirki og önnur vatnsverk, sem leyfis eða samþykkis þarf til lögum samkvæmt, og matsgerðir, sem heimila lögnám eða háðar eru samkvæmt 71. og 134. gr.

2. Ráðherra getur ákveðið, að fleira skuli rita í bækur þessar, svo og sett reglur um bókhald, svo sem þurfa þykir.

3. Láta skal í tje eftirrit af vatnabókum, gegn lögmæltum ritlaunum.

XVIII. kafli.

Ákvæði um refsingar.

153. gr.

1. Fyrir brot á lögum þessum skal refsa sem hjer segir, nema brot sje svo vaxið, að þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, eða refsing við því sje sjerstaklega ákveðin annarsstaðar í lögum þessum:

a. Hver, sem byrjar á fyrirtæki, sem leyfi eða samþykki þarf til samkvæmt lögum þessum, eða ef matsgerð þarf til þess, svo og ef maður vinnur verk ver en í skilyrðum í leyfi, samþykki eða matsgerð felst, eða bregður að öðru leyti út af fyrirmælum slíkra heimilda, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi.

b. Sá, er brýtur boð eða bann, reglugerð eða önnur fyrirmæli, er hjeraðsstjórn eða ráðherra setur samkvæmt lögum þessum, enda heyri brotið ekki undir stafl. a., skal sæta sektum eða alt að 4 mánaða einföldu fangelsi.

2. Sektir samkvæmt 1. lið má taka fjárnámi.

154. gr.

1. Mál út af brotum samkvæmt 153. gr. skulu fara að hætti almennra lögreglumála.

2. Mál skal ekki höfða, nema sá, sem misgert er við, eða viðkomandi stjórnvald krefjist þess.

3 Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, nema öðruvísi sje í þeim mælt.

XIX. kafli.

Niðurlagsákvæði.

155. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1924.

Frá sama tíma eru úr gildi feld eftirfarandi lög:

Jónsbók Landsleigub. 22., 24. og 56. kap., að því leyti sem þar greinir um meðferð vatns og veiði í vötnum.

Lög nr. 9, 9. febr. 1900, um brot á veiðirjetti í ám og vötnum.

Lög nr. 57, 10. nóv. 1905, um skyldu eigenda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrjett og önnur rjettindi yfir Glerá og landi meðfram henni.

Lög nr. 55, 22. nóv. 1907, um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum o. fl., 2. kafli.

Námulög nr. 50, 30. júlí 1909, 20. gr., að því leyti sem þar segir um meðferð vatns, og 21. gr.

Lög nr. 26, 22. okt. 1912, um vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum, með viðaukalögum nr. 57, 3. nóv. 1915.

Lög nr. 65, 22. nóv. 1913, um vatnsveitingar.

Lög nr. 51, 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur.

Lög nr. 56, 3. nóv. 1915, um vatnssölu í kaupstöðum, og

Lög nr. 18, 18. maí 1920, um gjöld til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri, að því leyti sem þau varða holræsi.

Auk þess eru úr gildi numin öll önnur ákvæði í lögum, er brjóta bág við fyrirmæli laga þessara. Þó skulu:

Lög nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi, að því leyti sem þau varða laxveiði og selveiði,

Lög nr. 12, 13. apríl 1894, um verndun Safamýrar,

Lög nr. 84, 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík,

Lög nr. 26, 9. júlí 1909, um viðauka við lög 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 7. og 8. gr.,

Lög nr. 55, 30. júlí 1909, um samþyktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum,

Lög nr. 42, 11. júlí 1911, um gjöld til holræsa og gangstjetta í Reykjavík,

Lög nr. 24, 22. okt. 1912, um samþyktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám,

Lög nr. 66, 14. nóv. 1917, um gjald til holræsa og gangstjetta á Akureyri,

Lög nr. 68, s. d., um áveitu á Flóann, og

Lög nr. 69, s. d., um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót, halda gildi sínu.

(C. XXI, 3).

Nd. **594. Þingsályktun**

um póstflutning í Skaftafellssýslum.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta nú í ár gera ítarlegar tilraunir til að koma pósti í vatnsheldu hylki milli lands og skips á heppilegasta stað í Mýrdal, og í öðru lagi nálægt Hornafirði. Nauðsynlegt fje heimilast.

(C. XIX, 2).

Nd. **595. Þingsályktun**

um slysatryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til laga um slysatryggingar, einkum að því er snertir slysatryggingu verkamanna við verksmiðjuvinnu, útskipun og uppskipun.

(A. XXVII, 6).

Nd. **596. Nefndarálit**

um frv. til laga um rjettindi og skyldur hjóna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1923.

Jón Þorláksson, form.	Magnús Jónsson, ritari.	Magnús Guðmundsson, frsm.

Björn Hallsson. Gunnar Sigurðsson.

(C. XX, 2).

Nd. **597. Þingsályktun**

um húsmæðraskóla á Staðarfelli.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að gera nú þegar undirbúning undir stofnun húsmæðraskóla á Staðarfelli, og í því skyni

að láta rannsaka, hvort auka þyrfti húsakynni, og ef svo væri talið, að láta þá gera teikningar og áætlanir um húsauka, er gera þyrfti (á að geta 8 álna viðbót við enda hússins),

að gera áætlanir og tillögur um stofnun skólabús þar á staðnum,

að leita fyrir sjer um forstöðukonu skólans, er sje um leið ráðskona á skólabúinu, og

að leita fyrir sjer um duglegan ráðsmann og enn

að ihuga, hvort vextir af Herdísarsjóðinum og arður af skólabúi og hlunnindum Staðarfells mundi eigi nægja í rekstrarkostnað skólans.

(A. XXIX, 22).

Ed. **598. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1923, eru veittar 352610 kr. til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 10. gr. fjárlaganna (til ráðuneytisins) eru veittar 3000 kr. Dýrtíðaruppbót til núverandi ráðherra fyrir 1922, 1500 kr. til hvors kr. 3000,00.

3. gr.

Til viðbótar við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) eru veittar 61235 kr.

1.	Styrkur til læknisvitjana handa Reykhólahjeraði:		
	a. fyrir árið 1922 ... ... kr. 250,00		
	b. fyrir árið 1923 ... ... — 250,00	kr.	500,00
2.	Til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Blönduósi, þriðjungur kostnaðar, alt að	—	17000,00
3.	Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Síðuhjeraði, þriðjungur kostnaðar, alt að	—	10000,00
4.	Til sjúkrahúss á Sauðárkróki, þriðjungur kostnaðar, alt að	—	4200,00
5.	Til útgáfu ljósmóðurfræði, viðbótarstyrkur	—	2000,00
6.	Til geislalækningastofu ríkisins, til nýrra tækja..	—	4800,00
7.	Til geitnalækninga, $^3/_5$ kostnaðar...	—	3000,00
8.	Til breytingar á Röntgentækjunum á Akureyri, helmingur kostnaðar, alt að	—	5000,00
9.	Til Halls Hallssonar tannlæknis, til áhaldakaupa, enda setjist hann að á Austurlandi	—	1500,00
10.	Til Guðnýjar Jónsson, styrkur til að ljúka hjúkrunarnámi ...	—	1500,00
11.	Til Jóns læknis Jónssonar, styrkur til að leita sjer heilsubótar erlendis	—	1500,00
12.	Sjúkrakostnaður nokkurra taugaveikisjúklinga á Flensborgarskólanum	—	1635,00
13.	Til Sigvalda læknis Stefánssonar Kaldalóns, sjúkrastyrkur ...	—	1500,00
		Flyt kr.	54135,00

	Flutt	kr.	54135,00
14.	Til Benedikts Björnssonar, til að leita sjer lækninga við sjóndepru	—	2500,00
15.	Til Páls Vigfússonar, til að leita sjer lækninga við berklaveiki	—	1600,00
16.	Til Elínar Sigurðardóttur, í sama skyni	—	1000,00
17.	Til yfirlæknisins á Vífilsstöðum, til þess að sækja fund berklalækna í Kristjaníu	—	2000,00
	Samtals	kr.	61235,00

4. gr.

Til viðbótar við 13. gr. fjárlaganna (samgöngumál) eru veittar 137500 kr.

1.	Styrkur til bifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir ... Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir, með endastöðvum í Garðsauka og á Húsatóftum.	kr.	3000,00
2.	Til dragferjuhalds á Skjálfandafljóti	—	300,00
3.	Aukastyrkur til Djúpbátsins (póstbátsins á Ísafjarðardjúpi) og til Breiðafjarðarbátsins Svans, 10000 kr. til hvors	—	20000,00
4.	Viðbótarlína frá Reykjarfjarðarsíma að Kaldrananesi	—	6500,00
5.	Til uppbótar á launum starfsmanna landssímans og talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, samkvæmt tillögum landssímastjóra...	—	17700,00
6.	Til vitabygginga 1921 og 1922 (gengismunur)...	—	75000,00
7.	Styrkur til byggingar innsiglingarvitanna við Berufjörð... ...	—	4000,00
8.	Til að endurreisa stikur á Kálfafellsmelum og Skeiðarársandi og til sjómerkja..	—	11000,00
	Samtals	kr.	137500,00

5. gr.

Til viðbótar við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) eru veittar 3000 kr.

1.	Til kvennaskólans í Reykjavík, viðbótarstyrkur.	kr.	2000,00
2.	Til sama skóla, til áhaldakaupa...	—	1000,00
	Samtals	kr.	3000,00

6. gr.

Til viðbótar við 15. gr. fjárlaganna (vísindi og listir) eru veittar 34400 kr.

1.	Til aðgerða á Þingvöllum	kr.	3000,00
2.	Til aðgerða á Bessastaðakirkju	—	450,00
3.	Til Þjóðmenjasafnsins, vegna forngripakaupa 1922...	—	1000,00
4.	Til að gera eirsteypu af minnismerki Einars Jónssonar um Hallgrím Pjetursson...	—	4000,00
5.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna, föst laun fyrir þrjá síðustu mánuði ársins, auk dýrtíðaruppbótar	—	1250,00
	Flyt	kr.	9700,00

		Flutt	kr.	9700,00
6.	Til orðabókar Sigfúsar Blöndals (lokaveiting)		—	15000,00
7.	Til ritstarfa:			
	a. Til dr. Helga Pjeturss	kr. 1600,00		
	b. Til Jakobs Thorarensens	— 800,00		
	c. Til Stefáns frá Hvítadal	— 800,00		
			—	3200,00
8.	Til Hjálmars Lárussonar hins oddhaga		—	500,00
9.	Til Emanuel Cortes, yfirprentara, til að sækja prentlistarsýningu í Gautaborg sumarið 1923		—	2500,00
10.	Til Hljóðfæraskólans í Reykjavík...		—	1000,00
11.	Fyrsta afborgun af andvirði fyrir handrit dr. Jóns J. Aðils um sögu Íslands		—	2500,00
		Samtals	kr.	34400,00

7. gr.

Til viðbótar við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) eru veittar 110500 kr.

1.	Til framhalds hafnargarði á Sandi alt að		kr.	10000,00
2.	Til viðgerðar á brimbrjótnum i Bolungarvík		—	20000,00
3.	Til sjóvarnargarðs á Siglufirði, gegn jafnmiklu frá kaupstaðnum og gegn því, að kaupstaðurinn skuldbindi sig til að halda við mannvirkinu eftir sömu hlutföllum		—	30000,00
4.	Til bryggjugerða, þriðjungur kostnaðar:			
	a. Til hafskipabryggju á Reyðarfirði (endurveiting) alt að	kr. 12000,00		
	b. Til Blönduósbryggju alt að	— 3000,00		
	c. Til Skagastrandarbryggju alt að	— 3000,00		
	d. Til Stokkseyrarbryggju alt að	— 3000,00		
	e. Til Ólafsfjarðarbryggju alt að	— 3000,00		
	f. Til Stykkishólmsbryggju	— 8000,00		
			—	32000,00
5.	Til rannsóknar Andakílsfossanna, helmingur kostnaðar, alt að		—	3000,00
6.	Til að dýpka siglingaleið að Stokkseyri, þriðjungur kostnaðar (endurveiting), alt að		—	8000,00
7.	Til Jóns Magnússonar yfirfiskimatsmanns í Reykjavík, launauppbót		—	1000,00
8.	Til Árna Gíslasonar yfirfiskimatsmanns á Ísafirði, launauppbót		—	600,00
9.	Til Þorvalds stúdents Árnasonar, til lokanáms við ullarverksmiðju á Englandi		—	3000,00
10.	Til Guttorms Pálssonar, eftirstöðvar af byggingarkostnaði árið 1921		—	1900,00
11.	Til Kvenrjettindafjelags Íslands		—	1000,00

Landsstjórnin hefir verkfræðilegt eftirlit með því, að verk þau, sem um getur í liðunum 1—3 og 6, verði tryggilega af hendi leyst.

	Samtals	kr.	110500,00

8. gr.

Til viðbótar við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) eru veittar 975 kr.

1.	Til Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	kr.	300,00
2.	Til Sigríðar Fjeldsted læknisekkju	—	375,00
3.	Til Elisabetar Jónsdóttur, ekkju Þjeturs Guðmundssonar kennara á Eyrarbakka	—	300,00
	Samtals	kr.	975,00

9. gr.

Til viðbótar við 19. gr. fjárlaganna (óviss gjöld) eru veittar 2000 kr.

Til Gísla sýslumanns Sveinssonar, sjúkrastyrkur 1921 ... ... kr. 2000,00

10. gr.

Til viðbótar við 21. gr. fjárlaganna er stjórninni heimilt að veita eftirfarandi lán úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi:

1. Alt að 16000 kr. til Skeiðaáveitufjelagsins til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið er vaxtalaust fyrstu tvö árin.
2. Alt að 8000 kr. handa efnilegum mönnum til lokanáms erlendis, gegn tryggingum, er stjórnin telur nægja. Lánin skal veita til 10 ára, með 5½% vöxtum, og skulu þau vera afborgunarlaus í 2—4 ár, eftir ástæðum.
3. Alt að 30000 kr. til endurbyggingar sjóvarnargarðinum á Siglufjarðareyri. Lánið veitist til 15 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð bæjarfjelagsins.
4. Alt að 20 þúsund krónum til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið veitist til 20 ára, gegn 5½% vöxtum.

Viðlagasjóðslán b.f. Hvítárbakka skal standa afborgunarlaust 3 ár.

11. gr.

I. Stjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 15000 kr. lán til Hvítárbakkaskólans, ef henni þykir það nægilega trygt.

II. Stjórninni er heimilt að greiða hjeraðssambandi U. M. F. Vestfjarða styrk þann, er í þessa árs fjárlögum, 14. gr. XV., er ætlaður til húsmæðrakenslu á Ísafirði.

(B. LXV, 4).

Ed. **599. Nefndarálit**

um frv. til laga um sandgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir haft frv. til umræðu og athugunar, og fellst hún á, að breytingar þær, er það gerir á lögum um sandgræðslu, frá 2. nov. 1914, sjeu

að ýmsu leyti til bóta. Hún ræður því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 7. maí 1923.

Guðm. Ólafsson, form., frsm.	Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.	Sigurður Jónsson.

(A. XXIII, 5).

Ed. **600. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir eftir föngum athugað frv. þetta og borið það saman við landsreikninginn fyrir nefnd ár. Síðan hefir hún athugað þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í háttv. Nd., og ástæður þær, sem færðar voru fram fyrir þeim breytingum.

Hinar helstu breytingar, sem gerðar voru á frv., eru þessar.

1. Bætt inn upphæðum, sem eftir þeirri reglu, er fylgt hafði verið við samning frv., áttu að vera þar.
2. Lækkaðar nokkrar upphæðir eða feldar burtu, sumpart af því, að sparast hafði annað árið án þess það hefði komið til frádráttar hitt árið, sumpart af því, að óþarft þótti að leita fjárveitingar fyrir lögákveðinni dýrtíðaruppbót af launum og hækkuðum launum.
3. Feldar burtu umframgreiðslur á liðum samkvæmt ákveðnum lagafyrirmælum.
4. Leiðrjettar nokkrar villur i frv.

Nefndin getur eftir atvikum fallist á allar breytingarnar og leggur til að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1923.

Guðm. Ólafsson, form.	Karl Einarsson, ritari og frsm.	Sigurður Jónsson.

Björn Kristjánsson. Sigurður H. Kvaran.

(A. I, 30).

Ed. **601. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1924.

(Eftir eina umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1924 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	215000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	1000000	
		1215000
3. Aukatekjur	300000	
4. Erfðafjárskattur	45000	
5. Vitagjald	170000	
6. Leyfisbrjefagjöld	10000	
		525000
7. Útflutningsgjald		700000
8. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade)	350000	
9. Tóbakstollur	400000	
10. Kaffi- og sykurtollur	800000	
11. Vörutollur	1250000	
12. Annað aðflutningsgjald	80000	
		2880000
13. Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð		20000
14. Stimpilgjald		300000
Flyt ...	... ...	5640000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	5640000
15.	Lestagjald af skipum		40000
16.	Pósttekjur	350000	
17.	Símatekjur	1000000	
			1350000
18.	Víneinkasala		450000
19.	Tóbakseinkasala		200000
20.	Steinolíueinkasala		50000
21.	Skólagjöld		3000
22.	Bifreiðaskattur		22000
	Samtals ...	... ...	7755000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		35000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		10000
	Samtals ...	... ...	45100

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. eru áætlaðar:

		kr.	kr.
1.	Tekjur af bönkum		150000
2.	Tekjur af Ræktunarsjóði		25000
	Flyt ...	... ...	175000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	175000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	35000	
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	15000	
		50000
5. Arður af hlutafje (100000 kr.) i Eimskipafjelagi Íslands		5000
6. Vextir af innstæðum í bönkum		10000
7. Greiðsla frá Landsverslun		100000
Samtals ...	... ...	340000

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		20000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna		300
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur		2000
Samtals ...	... ...	22300

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1924 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru i 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	225446,00	
2. Erlend lán: £ 8803 - 1 - 9 og danskar kr. 361351,26	658100,24	
		883546,24
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	257400,00	
2. Erlend lán: £ 4491 - 7 - 5 og danskar kr. 573524,29	802759,11	
		1060159,11
III. Framlag til Landsbankans, 11. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	2043705,35

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(B. XX, 6).

Ed. **602. Nefndarálit**

um frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað greinargerð hins upphaflega frv., er fram var

borið fyrir þetta þing, og einnig frv. þess um sama efni, er borið var upp á þinginu 1922.

Nefndin er samdóma ástæðum þeim, sem allsherjarnefnd Nd. telur mæla með því, að frv. verði samþykt eins og það er nú orðið, og vísar til álits hennar.

3. gr. frv. hefir inni að halda mjög svipuð ákvæði þeim, er frv. það til vatnalaga hefir um sama efni, sem nýlega er samþykt af þinginu.

Nefndin ræður því háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1923.

Jón Magnússon, form. og frsm.	Sigurður H. Kvaran.	Guðm. Guðfinnsson. fundaskrifari.

(A. XVIII, 13).

Sþ. **603. Lög**

um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Afgreidd frá Sþ. 8. maí).

1. gr.

Kynsjúkdómar eru þrír sjúkdómar nefndir einu nafni í lögum þessum: syfilis, lekandi (gonorrhoe) og linsæri (ulcus molle). Taka lögin að eins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

Smitandi eru sjúkdómar þessir taldir meðan þess finnast merki, að smitunarhætta stafi af sjúklingnum eða ætla má, að þau komi síðar í ljós. Heilbrigðisstjórnin ákveður, hversu rannsókn sýktra og grunaðra skuli framkvæmd og hversu meta skuli sýkingarhættuna.

2. gr.

Hjeraðslæknar skulu, hver í sínu hjeraði, með aðstoð lögreglustjóra sjá um allar framkvæmdir eftir lögum þessum, er miða að því að verjast sjúkdómum þessum eða útrýma þeim, skrásetningu sjúkra og lækningu þeirra, en yfirstjórn allra ráðstafana hefir heilbrigðisstjórnin á hendi.

3. gr.

Allir læknar skulu skyldir til að skrásetja sjerstaklega sjúklinga með syfilis á þann hátt, er heilbrigðisstjórnin leggur fyrir.

Skráningu skal þannig hagað, að sjúklinga megi þekkja sundur, svo eigi sje hætta á, að þeir verði margtaldir, en jafnframt vissa fyrir, að nöfn þeirra þekkist ekki.

Einkennismerki sjúklinga skulu tilfærð með glöggu letri á mánaðar- eða vikuskrám þeim, sem öllum starfandi læknum skal skylt að senda hjeraðslækni í lok hvers mánaðar eða viku. Á sama hátt skal hjeraðslæknir skrá einkennismerki allra syfilissjúklinga, er vitjað hafa lækna í hjeraðinu, á mánaðar- eða vikuskrám þeim, sem hann sendir landlækni.

Hjeraðslæknar skulu halda sjerstaka bók eða spjaldskrá yfir sjúklinga með syfilis, og með því skipulagi, sem heilbrigðisstjórnin leggur fyrir. Í bók þessa má eigi skrá nöfn sjúklinganna, heldur að eins einkennismerki þeirra.

Heilbrigðisstjórnin getur krafist þess, að sjúklingar með aðra kynsjúkdóma sjeu og skráðir á sama hátt, svo og þeir, sem alvarlega eru grunaðir um að hafa smitað aðra með kynsjúkdómi, þó eigi hafi fundist óræk merki þess, að þeir væru sjúkir.

4. gr.

Hver, sem sýkist af kynsjúkdómi, eða hefir grun um að svo sje, skal skyldur að leita sjer læknishjálpar þegar í stað og til þess er smitunarhætta er afstaðin. Skylt er honum að fara eftir fyrirmælum þeim, sem læknir gefur honum um meðferð sjúkdómsins og varúð við því, að hann smiti aðra. Leiti nú sjúklingurinn annars læknis, áður sjúkdómurinn er fulllæknaður, skal hann tilkynna það með læknisvottorði þeim lækni, er fyrst hafði hann til meðferðar.

5. gr.

Heimilt er hverjum sjúklingi að leita til hvers læknis er vill, en í hverju læknishjeraði skal að minsta kosti vera einn læknir, sem veiti þeim sjúklingum ókeypis læknishjálp, sem kröfu eiga til hennar samkvæmt lögum þessum.

Í öllum læknishjeruðum, þar sem ekki er sjerfræðingur í þessari grein, er það hjeraðslæknir, sem veitir ókeypis læknishjálp. En þar sem um sjerfræðinga er að gera, má fela þeim að veita þessa hjálp, auk hjeraðslæknis. Hjeraðslæknum skal greidd borgun fyrir ókeypis læknishjálp samkvæmt gjaldskrá hjeraðslækna, en sjerfræðingi, sem falið hefir verið að veita þessa hjálp, ber borgun eftir því, sem ráðherra ákveður með ráði landlæknis.

6. gr.

Ókeypis læknishjálp skal veitt öllum, sem ekki hafa efni á að greiða hana sjálfir, en krefjast skal af þeim vottorðs um það, að viðlögðum drengskap. Slík ókeypis hjálp nær til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna og lyfja, og greiðist hún úr ríkissjóði. Vottorð sjúklinganna skal læknir geyma til eftirlits fyrir landlækni, en láta reikningi sínum fylgja yfirlýsingu um, að sjúklingurinn hafi gefið vottorð samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Nú koma kynsjúkdómar upp eða taka að breiðast út á stað, þar sem læknislaust er eða erfitt að ná í fullkomna læknishjálp, og skal þá heilbrigðisstjórnin senda lækni, svo fljótt sem auðið er, til þess að gera allar nauð-

synlegar ráðstafanir og veita sjúklingum læknishjálp. Kostnaður við slíkar ráðstafanir greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Læknir skal taka skýrt fram við sjúklinga með kynsjúkdóma, hvað að þeim gangi. Þá skal hann skýra vandlega fyrir þeim, hversu sjúkdómurinn smiti, hverrar varúðar beri að gæta og að hegningu varði, ef út af er brugðið, samkvæmt hegningarlögum. Sjerstaklega skal það tekið fram, hve langvinnur sjúkdómurinn geti verið og lækniseftirlit nauðsynlegt um langan tíma, svo og að sjúklingar megi ekki giftast meðan smitunarhætta stafar af þeim. Þá skal og læknir tá hverjum sjúklingi, sem leitar í fyrsta sinn læknis vegna kynsjúkdóms, prentaðar leiðbeiningar, sem heilbrigðisstjórnin lætur í tje.

Ef sjúklingurinn er yngri en 16 ára, skal skýra foreldrum barnsins eða forráðamönnum frá ástæðum öllum og hverrar varúðar beri að gæta. Bera þeir þá ábyrgð á því, að farið sje eftir fyrirmælum læknis.

Nú telur læknir, að heilsufari sjúklings sje svo varið, eða aðrar ástæður geri það óumflýjanlega nauðsynlegt, að sjúklingi sje fyrst um sinn ekki skýrt frá, hvað að honum gangi, og skal honum það þá heimilt.

9. gr.

Nú verður læknir þess vís, að sjúklingur, sem hann hefir til meðferðar, fer ekki eftir þeim reglum, sem honum hafa verið gefnar, hvort heldur sem snertir lækningu sjúkdómsins eða varúðarreglur, þá skal hann tafarlaust senda honum skriflega áminningu og benda honum á, hverju varði, ef óhlýðnast er. Komi það fyrir ekki og sjúklingurinn fáist ekki heldur til að leita annara lækna, skal hann áður vika er liðin tilkynna það lögreglustjóra. Sjer hann þá um, að sjúklingurinn verði fluttur í sjúkrahús eða að hann leiti sjer á annan hátt læknishjálpar meðan smitunarhætta stafar af honum.

10. gr.

Nú tekur læknir sjúkling til meðferðar, sem nýlega hefir smitast hjer á landi, þá skal hann vandlega grenslast eftir, af hverjum og hvernig hann hefir smitast, og er sjúklingnum skylt að láta lækninum í tje alla vitneskju sína um það efni.

Ef sá býr innanhjeraðs, sem talið er að valdið hafi smitun, skal læknir svo fljótt sem verða má gera gangskör að því, að hinn grunaði komi til hans til rannsóknar, og leitar hann til þess aðstoðar lögreglustjóra, ef þörf er á. Lögreglustjóri sjer þá um, að hinn grunaði verði lagður á sjúkrahús, eða á annan hátt skoðaður af lækni.

Nú er sá í öðru læknishjeraði, sem talið er, að smitun hafi hlotist af, og skal þá læknir tilkynna hlutaðeigandi hjeraðslækni tafarlaust með símskeyti, hver hann sje, og sjer hann þá um rannsókn hans. Slík símskeyti skulu vera á dulmáli, eftir því sem heilbrigðisstjórn ákveður.

11. gr.

Komist læknir að því, að sjúklingur með kynsjúkdóm hafi í hyggju að ganga í hjónaband áður en smitunarhættu er lokið, skal hann senda sjúklingnum tafarlaust skriflega áminningu og benda honum á, hverri hegningu slíkt varði.

Nú þykist læknir hafa fulla ástæðu til að ætla, að slík áminning verði ekki tekin til greina, og skal hann þá tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi presti og lögreglustjóra, að sjúklingurinn hafi kynsjúkdóm, og er það lögmætur meinbugur á hjónabandi.

12. gr.

Öll börn, yngri en 16 ára, sem sýkst hafa af syfilis eða eru fædd með þann sjúkdóm, skulu standa undir lækniseftirliti, og foreldrar eða forráðamenn þeirra ábyrgjast að fyrirmælum læknis sje hlýtt.

Slíkum börnum má ekki koma í fóstur, nema hlutaðeigendum hafi verið skýrt frá sjúkdómi þeirra og læknir hafi gefið samþykki til þess.

Aðrar konur en móðirin mega ekki hafa þau á brjósti.

Flytji barnið úr hjeraðinu, skal tilkynna lækni flutninginn og hvert það fer. Skal hann þá skýra hjeraðslækni þess hjeraðs frá því og hvernig sjúkdómi barnsins er farið.

Sömu ákvæði gilda og börn innan þriggja mánaða, þó heilbrigð virðist, ef ekki eru liðin full 5 ár frá því, að annað foreldra eða bæði hafa haft syfilis.

13. gr.

Sjúklingar með smitandi syfilis mega ekki fóstra börn, sem ekki hafa syfilis, og ekki starfa að matsölu, matreiðslu eða veitingum.

14. gr.

Á öllum, sem vegna starfs síns samkvæmt lögum þessum komast að nöfnum sjúklinga og heilsufari þeirra, hvílir ströng þagnarskylda, nema þeim sje skylt að lögum að láta slíkt uppi eða nauðsyn ber til þess vegna yfirvofandi smitunarhættu, svo sem ef læknis er ekki leitað eða varúðarreglur að engu hafðar og eigi verður á annan hátt úr því bætt.

15. gr.

Lyfsölum og öðrum verslunum er óheimilt að selja lyf, er líklegt þykir, að nota skuli til meðferðar á kynsjúkdómum, nema eftir ávísun læknis. Heilbrigðisstjórnin ákveður hver slík lyf eru.

16. gr.

Heilbrigðisstjórnin getur krafist þess, að kensla um kynsjúkdóma og varnir gegn þeim sje tekin upp í þeim skólum, sem hún telur þess mesta nauðsyn. Kenslunni skal í öllum aðalatriðum hagað svo sem hún mælir fyrir.

Öll íslensk skip skulu skyld til þess að láta alþýðlega bók um kynsjúkdóma og eitt eintak af lögum þessum fylgja lyfjakistli skipsins.

Þar sem sjerstök hætta stafar af kynsjúkdómum, miklar útlendar skipakomur eru, síldarstöðvar o. þvíl., skal hjeraðslækni sjerstaklega skylt að vinna árlega að því, eftir samráði við heilbrigðisstjórnina, að efla þekkingu almennings á sjúkdómum þessum, hættunni, sem af þeim stafar, og helstu vörnum gegn þeim.

17. gr.

Nú brýtur embættismaður gegn skyldum sínum samkvæmt þessum lögum, og varðar það þá ábyrgð sem brot á embættisfærslu.

Brjóti læknir, sem ekki er embættismaður, skyldur sinar eftir lögunum, varðar það sektum, alt að 500 kr.

Brot á ákvæðum 10. og 14. gr. varða sektum, alt að 200 kr.

18. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, sje ekki brotið þannig vaxið, að það varði hegningu samkvæmt hegningarlögunum.

(C. IX, 2).

Sþ. **604. Þingsályktun**

um verslunarsamning við Rússland.

(Afgreidd frá Sþ. 8. maí).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess að koma á verslunarsamningi milli Íslands og Rússlands.

(A. I, 31).

Ed. **605. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1924 (á þskj. 601).

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 13. gr. D. IV. 20. Liðurinn verður þannig:

.Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavik og Steindórs Björnssonar efnisvarðar, 200 kr. með hverju barna hans 10240

2. Við 14. gr. B. VIII. 1. c. 5. (Rafmagnsveita á Hólum):
Liðurinn fellur niður.
3. — 14. — B. XIII. 8. Liðurinn verður þannig:
Til að reisa og endurbæta barnaskóla utan kaupstaða, þriðjungur kostnaðar, enda samþykkir landsstjórnin uppdrætti að húsunum, alt að... 15000
4. — 14. — XVI. Liðurinn verður þannig:
Styrkur til að semja og gefa út alþýðukenslubækur, þar af 1500 kr. til Lárusar Bjarnasonar, kennara við gagnfræðaskólann á Akureyri, til að semja kenslubók í eðlisfræði og efnafræði handa gagnfræðaskólum ... 2700
5. — 15. — 17. (Dansk-isl. Samfund):
Fyrir »300« kemur 1000
6. — 15. — 40. Nýr liður:
Til Jóns Þorsteinssonar frá Hofsstöðum, til fullnaðarnáms í íþróttum erlendis 1500
7. — 15. — 47. (Goodtemplarafjelagið):
Fyrir »3000« kemur 6000
8. — 15. — 49. (Handrit Jóns Aðils):
Orðin »fjórðungur andvirðis« falla niður.
9. — 21. — Eftirfarandi lánsheimildir falla niður:
6. Mjólkurfjelagsins »Mjallar«,
12. Jóns G. Ólafssonar,
15. Sigurðar Lýðssonar,
16. Kembivjela á Húsavík og
17. R. Anderssons skraddara.
10. — 22. — 4. (Ábyrgðarheimild fyrir bræðurna Esphólín):
Liðurinn fellur niður.

(A. XXIX, 23).

Ed. **606. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

I Frá *Guðmundi Ólafssyni.*
Við 4. gr. 2. Nýr liður:
Til dragferjuhalds á Blöndu ... ... kr. 300,00

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 4. gr. 3. Liðurinn verður þannig:
Aukastyrkur til Djúpbátsins (póstbátsins á Ísafjarð-

ardjúpi) ... ... 8000 kr.
og Breiðafjarðarbátsins Svans . ... 10000 — kr. 18000,00

Styrkirnir er því skilyrði bundnir, að bátarnir fái annarsstaðar að eftirgjöf á skuldum eða styrk, er nemi jafnmikilli upphæð og ríkissjóðsstyrkurinn.

2. Við 4. gr. 5. Liðurinn verður þannig:
Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og Steindórs Björnssonar efnisvarðar, 200 krónur með hverju barna hans ... ... — 10240,00

3. Við 5. gr. Nýr liður á undan 1. lið:
Til Einars Jónssonar, kennara við stýrimannaskólann, uppbót ... ... — 1180,00

III. Frá *Guðmundi Guðfinnssyni* og *Hirti Snorrasyni*.
Við 6. gr. 9. Nýr liður:
Til sögukennarans við háskólann, til þess að sækja sagnfræðingafund í Gautaborg... ... ... — 2000,00

IV. Frá *fjárveitinganefnd*.
Við 7. gr. Nýr liður á undan 1.:
Til Einars Sæmundsens skógarvarðar, húsaleiguuppbót ... ... — 600,00

V. Frá *Karli Einarssyni*.
1. Við 7. gr. 4. f. Nýr liður:
Til bátabryggju í Vestmannaeyjum... ... ... — 6000,00

2. Við 9. gr. Nýr liður:
Til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, til að standast kostnað við aðgerð á e/s. Þór, 1/3 kostnaðar þess, er fjelaginu ber að borga, alt að ... ... — 15000,00

VI Frá *Jóni Magnússyni*.
Við 9. gr. Nýr liður:
Til Jóns Gíslasonar, Laugavegi 20 í Reykjavík, uppbót ... ... — 2000,00

VII. Frá *Karli Einarssyni*.
Við 11. gr. I. Liðinn skal orða svo:
Stjórninni er heimilt að ábyrgjast eftirfarandi lán:
1. Alt að 30000 kr. til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Vestmannaeyja.
2. Alt að 15000 kr. til Hvítárbakkaskólans, ef stjórninni þykir það lán nægilega trygt.

(C. XXX, 1).

Sþ. **607. Tillaga**

til þingsályktunar um vantraust á núverandi stjórn.

Frá Eiríki Einarssyni.

Alþingi ályktar að lýsa yfir vantrausti á stjórn þeirri, er nú fer með völd i landinu.

(B. LXVII, 6).

Ed. **608. Nefndarálit**

um frv. til laga um mælitæki og vogaráhöld.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir verið í miklum efa um, hvernig hún ætti að taka í mál þetta. Annarsvegar viðurkennir hún, að kostnaður við það eftirlit, sem sett var á stofn með lögum nr. 78, frá 14. nóv. 1917, hefir orðið tiltölulega mikill fyrir einstaka menn. Hinsvegar telur hún mikla trygging í því, að eftirlitið sje á einni hendi. Nefndin er ekki sannfærð um, að frv. það, er hjer er fyrir hendi, tryggi nægilega rjetta vog og mál, en nú er sennilega komið fast að þinglausnum, svo að henni gefst ekki tími til að íhuga málið nægilega til þess að koma fram breytingum, sem veiti að hennar dómi næga trygging. Því hefir nefndin orðið ásátt um að leggja til við hina háttvirtu deild, að máli þessu verði vísað til stjórnarinnar til íhugunar, í þeirri von, að hæstvirt stjórn leggi fyrir næsta þing frumvarp um breyting á lögum þessum. Telur nefndin þá rjett, að það væri athugað, hvort ekki mætti koma eftirlitinu svo fyrir, þótt á einni hendi væri, að það yrði miklum mun kostnaðarminna. Þá væntir nefndin þess og, að viðkomandi ráðherra geri ráðstöfun til, að eftirlitið verði framkvæmt á sem allra kostnaðarminstan hátt meðan mál þetta er á döfinni.

Alþingi, 9. maí 1923.

Jón Magnússon, form., frsm.	S. H. Kvaran.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.

(A. I, 32).

Sþ. **609. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1924.

(Eftir eina umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1924 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	215000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1000000	
			1215000
3.	Aukatekjur	300000	
4.	Erfðafjárskattur	45000	
5.	Vitagjald	170000	
6.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
			525000
7.	Útflutningsgjald		700000
8.	Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vin, ávaxtasafi og límonade)	350000	
9.	Tóbakstollur	400000	
10.	Kaffi- og sykurtollur	800000	
11.	Vörutollur	1250000	
12.	Annað aðflutningsgjald	80000	
			2880000
13.	Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð		20000
14.	Stimpilgjald		300000
	Flyt ...	... ...	5640000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	5640000
15.	Lestagjald af skipum		40000
16.	Pósttekjur	350000	
17.	Simatekjur	1000000	
			1350000
18.	Víneinkasala		450000
19.	Tóbakseinkasala		200000
20.	Steinolíueinkasala		50000
21.	Skólagjöld		3000
22.	Bifreiðaskattur		22000
	Samtals ...	... ...	7755000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		35000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		10000
	Samtals ...	... ...	45100

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. eru áætlaðar:

		kr.	kr.
1.	Tekjur af bönkum		150000
2.	Tekjur af Ræktunarsjóði		25000
	Flyt ...	... ...	175000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	175000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	35000	
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	15000	
		50000
5. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands		5000
6. Vextir af innstæðum í bönkum		10000
7. Greiðsla frá Landsverslun		100000
Samtals ...	... ...	340000

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		20000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna		300
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur		2000
Samtals ...	... ...	22300

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1924 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	225446,00	
2. Erlend lán: £ 8803 - 1 - 9 og danskar kr. 361351,26	658100,24	
		883546,24
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	257400,00	
2. Erlend lán: £ 4491 - 7 - 5 og danskar kr. 573524,29	802759,11	
		1060159,11
III. Framlag til Landsbankans, 11. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	2043705,35

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	180000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4800	
		184800
Samtals ...	... ...	184800

10. gr.

Til ráðuneytisins, hagstofunnar, sendiherra, utanríkismála og ríkisráðskostnaðar er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun 30000		
	b. Til risnu 4000		
		34000	
2.	Til utanferða ráðherra	6000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	82700	
4.	Annar kostnaður	20000	
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum	17080	
6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	3000	
			162780
	B.		
	Hagstofan.		
1.	Laun hagstofustjóra	8700	
2.	Laun aðstoðarmanns	5600	
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	9000	
4.	Prentun eyðublaða	2500	
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	3500	
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	10700	
7.	Til að gefa út manntalið 1703	1000	
			41000
	C.		
	Sendiherra, utanríkismál og ríkisráðskostnaður.		
1.	Til sendiherra í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun 20000		
	b. Til húsaleigu 3000		
	c. — risnu 5000		
	d. — skrifstofuhalds 14000		
		42000	
2.	Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd	1500	
			59500
	Samtals ...	... ...	263280

11. gr.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæsla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstirjettur:		
	a. Laun dómara 52500		
	b. Laun ritara 6080		
	c. Annar kostnaður 2000		
		60580	
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	152540	
3.	Laun hreppstjóra	28000	
4.	Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík:		
	a. Laun 21120		
	b. Húsaleiga... 3000		
	c. Hiti, ljós og ræsting 2000		
	d. Ýms gjöld 1880		
		28000	
5.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns 23200		
	b. Laun 3 tollvarða 14200		
	c. Húsaleiga 6000		
	d. Hiti og ljós 1300		
	e. Ýms gjöld 9000		
		53700	
	Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógetans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
6.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...	42000	
7.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa	12000	
8.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ...	12000	
9.	Borgun til sjódómsmanna	1000	
10.	Borgun til setu- og varadómara	3000	
			392820
	B.		
	Ymisleg gjöld.		
1.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... 900		
	b. Til pappírs og prentunar 10000		
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum 1200		
		12100	
	Flyt ...	12100	392820

	kr.	kr.
Flutt ...	12100	392820
2. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef 20000		
b. Fyrir embættisskeyti. Þar af alt að 5000 kr. til að útvega skeyti um vöruverð og markaðshorfur erlendis 50000		
	70000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar	8000	
4. Til embættiseftirlitsferða	5000	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	500	
6. Til landhelgisgæslu	50000	
7. Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar ...	20000	
		165600
Samtals ...	... ...	558420

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		293180
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, alt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa eftirfarandi sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn. 1. Til Ólafsfjarðarbúa 600. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Kjósarhrepps 300 kr. — 7. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 8. Til Grímseyinga 400 kr. — 9. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 10. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 11. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 12. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 13. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 14. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 15. Til Selvogshrepps 150		
Flyt ...	... ...	295180

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	295180
	kr. — 16. Til Reykhólahjeraðs, svo framarlega sem læknir er ekki í hjeraðinu, 350 kr. — 17. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 18. a. Til Jökulsdals-, Hlíðar-, Tungu-, Hjaltastaða- og Eiðahreppa 1500 kr. — 18. b. Viðbótarstyrkur til þessara sömu hreppa, ef þeir ráða sjer sjerstakan lækni, 1500 kr.		8200
4.	Til núverandi aðstoðarlæknis á Ísafirði, enda nýtur hann eigi annara launa úr ríkissjóði		2300
5.	Til augnlækninga:		
	a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	1200	
	b. Styrkur til augnlæknis, til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi, alt að	700	
			1900
6.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík ...		1200
7.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1200
	Styrkurinn til augnlæknis og læknanna Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
8.	Til geislalækningastofu ríkisins		11000
9.	Til Radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
10.	Holdsveikraspítalinn		82355
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	7700	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsmanna 13000		
	2. Viðurværi 59 manna (ca. 150 a. á dag) 31755		
	3. Klæðnaður 2800		
	4. Meðul og sáraumbúðir 1800		
	Flyt ... 49355	7700	405835

		kr.	kr.
Flutt ...	49355	7700	405835
5. Eldsneyti	11000		
6. Ljósmeti	2000		
7. Húsbúnaður og áhöld	2000		
8. Viðhald á húsum	3000		
9. Þvottur og ræsting	2000		
10. Greftrunarkostnaður	500		
11. Skemtanir	800		
12. Skattar o. fl.	2500		
13. Ymisleg gjöld	1500		
		74655	
		82355	
11. Geðveikrahælið á Kleppi			60545
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	10000		
2. Viðurværi 90 manna (ca. 150 a. á dag) ..	49725		
3. Klæðnaður 64 sjúklinga á 90 kr. handa hverjum	5760		
4. Meðul og umbúðir	550		
5. Ljós og hiti	9000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	1800		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	900		
10. Óviss gjöld	1400		
		89885	
Þar frá dragast þessar tekjur:		97585	
Meðgjöf með 64 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		37040	
Mismunur ...		60545	
12. Til berklalækninga:			
1. Styrkur samkvæmt lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki		75000	
2. Heilsuhælið á Vífilsstöðum		10060	
			85060
Flyt ...		... ...	551440

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	551440
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	34000		
2. Viðurværi	135000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	8000		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	5500		
6. Viðhald húsa	5000		
7. Viðhald vjela	5000		
8. Húsbúnaður og áhöld	11000		
9. Flutningskostnaður	5000		
10. Óviss gjöld	3000		
		236500	
		244200	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 au. á dag	23725		
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag ...	35040		
Tekjur af búinu	2000		
		234140	
	Mismunur ...	10060	
13. Til að taka á leigu frakkneska spítalann á Fáskrúðsfirði			6000
14. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, alt að ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 70 aurar fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.		20000	
b. Til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, gegn að minsta kosti $^2/_3$ hlutum annarsstaðar að, enda ábyrgist bæjar- og sýslufjelagið, að verkið verði fullnægjandi til lykta leitt (1. veiting)		25000	
c. Bólusetningarkostnaður		1500	
d. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		4000	
	Flyt ...	50500	557440

	kr.	kr.
Flutt ...	50500	557440
e. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands...	1000	
f. Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breytingu á fátækralögunum, 77. og 78. gr.	50000	
g. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	3000	
h. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrra læknisþekkingar	3000	
Þennan styrk veitir stjórnarráðið, eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
i. Styrkur handa Guðmundi lækni Guðfinnssyni til augnlækninganáms erlendis	2000	
j. Til Skúla V. Guðjónssonar læknis, til að nema heilbrigðisfræði erlendis	1800	
k. Styrkur til sjúkrasamlaga	6500	
Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.		
l. Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar, gegn að minsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
m. Til geitnalækninga, gegn að minsta kosti 2/5 hlutum annarsstaðar að	3000	
n. Utanfararkostnaður ungra yfirsetukvenna, til framhaldsnáms í Kristjaníu eða Kaupmannahöfn	800	
o. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar frá	300	
p. Til Fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna, til styrktar hjúkrunarnemum	1000	
q. Til Guðrúnar Gísladóttur Björns, til hjúkrunarnáms	1200	
r. Til útgáfu fræðslurits um heilbrigðismál, einkum um berklavarnir, gegn jafnmiklu annarsstaðar að	1000	
s. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafirði	200	
t. Til slysatryggingasjóðs fjelagsins »Dagsbrúnar« ...	500	
u. Til Sigvalda læknis Stefánssonar Kaldalóns, sjúkrastyrkur...	1500	
v. Til Elínar Sigurðardóttur, í sama skyni...	1000	
		132300
15. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		23000
Samtals ...	... ...	712740

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Póstmál.		
1.	Laun:		
	a. Eftir launalögum	77000	
	b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur ...	66000	
	c. Brjefhirðingamenn	16000	
		159000	
2.	Póstflutningur	150000	
3.	Annar kostnaður:		
	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	7500	
	b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum og á stærri póstafgreiðslum	17000	
	c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	10000	
	d. Önnur gjöld	38000	
		72500	
			381500
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	8700	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	6240	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	3000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að ..	6500	
	5. Skrifstofukostnaður	6000	
		30440	
II.	Flutningabrautir:		
	1. Skagfirðingabraut	20000	
	2. Biskupstungnabraut	25000	
	3. Hvammstangabraut	10000	
	4. Viðhald flutningabrauta	44000	
	Flyt ...	99000	30440	381500

			kr.	kr.
		Flutt ...	99000	30440	381500
	5.	Til aðgerðar og endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram þriðjung kostnaðar	20000		
				119000	
III.		Þjóðvegir:			
	1.	Norðurárdalsvegur	15000		
	2.	Hróarstunguvegur	14000		
	3.	Vallavegur	8000		
	4.	Vaðlaheiðarvegur	20000		
	5.	Stykkishólms-, Langadals-, Þelamerkur-, Miðfjarðar- og Kjalarnesvegur, 5000 kr. hver	25000		
	6.	Aðrar vegabætur og viðhald	40000		
				122000	
IV.		Til viðhalds slitlagi á akvegum		22000	
V.		Fjallvegir		10000	
VI.	1.	Til áhalda	20000		
	2.	Til bókasafns verkamanna	300		
				20300	
VII.		Tillög til akfærra sýsluvega, alt að ... ... gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916. Af þessari upphæð ganga 5000 kr. til Hafnarvegar í Hornafirði.		45000	
VIII.		Til vegagerðar að »Bás« í Vík í Mýrdal og lendingarbóta þar, gegn að minsta kosti jafnmiklu annarsstaðar að		7500	
IX.		Til dragferjuhalds:			
	1.	Á Hjeraðsvötnum	300		
	2.	- Lagarfljóti	300		
	3.	- Skjálfandafljóti	300		
				900	
					377140
		C.			
		Samgöngur á sjó.			
1.		Til strandferða		125000	
2.		Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum, alt að ... Þar af 6000 kr. viðbótarstyrkur til Breiðafjarðarbátsins Svans.		75000	
					200000
		Flyt ...		... ...	958640

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	958640
	D.		
	Hraðskeyta- og talsímasamband.		
I.	Ritsímafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925)	35000	
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ...	20000	
III.	Til nýrra símalína og loftskeytastöðva:		
	1. Sími Egilsstaðir — Reyðarfjörður — Fáskrúðsfjörður 60000		
	2. — Sauðárkrókur — Víðimýri 28000		
	3. — Blönduós — Bólstaðarhlíð 38400		
	4. — Stykkishólmur — Grundarfjörður 30000		
	5. — Hraungerði — Húsatóftir 18000		
	6. — Þorlákshöfn — Nes í Selvogi ... 15000		
	7. Loftskeytasamband milli Grímseyjar, Flateyjar og lands 35000		
	8. Loftskeytastöð í Öræfum 10000		
		254400	
	Verk þessi koma því að eins til framkvæmda, að útlit sje fyrir, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi fyrir gjöldunum.		
IV.	Til starfrækslu landssimanna m. m.:		
	1. Laun samkvæmt launalögum 305000		
	2. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna 9000		
	3. Ritsímastöðin i Reykjavík 24000		
	4. Þráðlausa stöðin i Reykjavík 10000		
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík 60000		
	6. Til aukningar sama síma 50000		
	7. Áhaldahúsið 2500		
	8. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu 7300		
	9. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu 10000		
	10. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu 5800		
	11. Símastöðin á Borðeyri 2500		
	12. Símastöðin í Hafnarfirði, alt að 4600		
	13. Símastöðin í Vestmannaeyjum, alt að 5000		
	14. Símastöðin á Siglufirði 5500		
	15. Til aukaritsímaþjónustu 2000		
	16. Til loftskeytastöðvar í Flatey 2000		
	17. Til loftskeytastöðvar á Hesteyri 3000		
	18. Til loftskeytastöðvar á Síðu 2500		
	Flyt ... 510700	289400	958640

			kr.	kr.
	Flutt ...	510700	289400	958640
19.	Til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva	65000		
20.	Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og Steindórs Björnssonar efnisvarðar, 200 kr. með hverju barna hans	10240		
			585940	
V.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		30000	
VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna		25000	
VII.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að		5000	
VIII.	Viðhald landssímanna		90000	
IX.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1000	
X.	Fullnaðaruppbót til A. L. Petersens, fyrrum stöðvarstjóra í Vestmannaeyjum		5000	
				1031340
	E. Vitamál.			
I.	Stjórn og undirbúningur vitamála:			
1.	Laun vitamálastjóra ... ... Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn, hjeraðsstjórnum og bæjarstjórnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.	8700		
2.	Til verkfróðra aðstoðar	5920		
3.	Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að	3500		
4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að	2000		
			20120	
II.	Laun vitavarða.. ... ... Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		20700	
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		55000	
IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		8000	
V.	Ýmislegt		8000	
				111820
	Samtals ...		... ...	2101800

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Andlega stjettin.		
a. Biskupsembættið:		
1. Laun biskups	9200	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, alt að	2000	
		11200
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr.	406,28	
2. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir úppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
3. Framlag til prestlaunasjóðs...	250000	
4. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju	400	
5. Til húsabóta á prestssetrum	15000	
Skilyrði: Húsin verða jarðarhús; þeim er við ábúendaskifti skilað sem nýjum með fullu álagi; eftirgjald jarðanna bækkar um 4% af styrkupphæðinni, enda er styrkurinn ekki greiddur fyr en verkinu er lokið og sannað, að það sje vel af hendi leyst og hafi kostað að minsta kosti eins mikið og styrknum nemur.		273806,28
B. Kenslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	111300	
b. Til kennara i sögu og málfræði íslenskrar tungu að fornu og nýju	5600	
c. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann...	1500	
d. Styrktarfje:		
1. Námsstyrkur 12000		
2. Húsaleigustyrkur 9000		
3. Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta 1500		
	22500	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum, efnalitlum stúdentum.		
Flyt ...	140900	285006,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	140900	285006,28
	Húsaleigustyrk má venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.		
e.	Til kensluáhalda læknadeildar	500	
f.	Til umbúðakaupa og annara nauðsynja við ókeypis lækningar	500	
g.	Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði, 1000 kr. til hvors	2000	
h.	Hiti, ljós, ræsting og vjelgæsla	4500	
i.	Önnur gjöld:		
	1. Til ritara:		
	a. Laun 1000		
	b. Dýrtíðaruppbót 700		
	——— 1700		
	2. Til dyravarðar:		
	a. Laun, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið... 1600		
	b. Dýrtíðaruppbót 1000		
	——— 2600		
	3. Yms gjöld 3000		
	———	7300	
			155700
II.	Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum háskólum		8000
	1200 kr. handa hverjum. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni skilríki fyrir því, að þeir stundi með alúð eitthvert það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Styrkurinn skal að jafnaði aðeins veittur stúdentunum fyrstu 4 námsárin.		
III.	Mentaskólinn almenni:		
a.	Laun	83580	
b.	Önnur gjöld:		
	1. Til bókasafns skólans 400		
	2. — eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 4000		
	3. — skólahússins utan og innan ... 2000		
	Flyt ... 6400	83580	448706,28

		kr.	kr.
Flutt ...	6400	83580	448706,28
4. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að	15000		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum ...	1800		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3200		
7. Læknisþóknun	200		
8. Til vísindalegra áhalda við kensluna	600		
9. Ýmisleg gjöld	2500		
10. Til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum	2400		
11. Til áhalda við fimleikakenslu ...	100		
12. Til verðlaunabóka	100		
		32300	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sje venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			115880
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		21600	
b. Önnur gjöld:			
1. Til þriggja aukakennara	9200		
2. Tímakensla	3500		
3. Til bóka og kensluáhalda	1000		
4. Til eldiviðar og ljósa	3500		
5. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörslu:			
a. Laun 600			
b. Dýrtíðaruppbót 300			
	900		
7. Til skólahússins utan og innan ...	1000		
8. Til ýmislegra gjalda	1000		
		20800	
			42400
Flyt ...		... ...	606986,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	606986,28
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		22720	
b. Önnur gjöld:			
1. Tímakensla	2500		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til viðhalds	1000		
6. Ymisleg gjöld	2500		
		12000	
			31720
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		15260	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu	4000		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Ýmisleg gjöld	3000		
4. Til Sveinbjarnar Egilssonar til fyrirlestra	300		
		9300	
			24560
VII. Vjelstjóraskólinn:			
a. Laun		13440	
b. Önnur gjöld:			
1. Húsnæði m. m.	1800		
2. Ljós og hiti	1000		
3. Ýmiss kostnaður	1000		
4. Húsnæði, ljós og hiti skólastjóra...	2800		
		6600	
			20040
Við skólana undir liðunum III.—VII., að undanskilinni lærdómsdeild mentaskólans, skal vera skólagjald, að minsta kosti 100 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda, sem hefir verið aðeins eitt ár í skólanum eða kemur nýr. Stjórnarráðið má þó,			
	Flyt ...	... ...	686306,28

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	686306,28
	eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.		
VIII.	Bændakensla:		
	1. Til bændaskólans á Hólum:		
	a. Laun	9920	
	b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkenslu	1600	
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms, alt að 1000		
	2. Til kensluáhalda 500		
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 2500		
	4. Ýmisleg gjöld 5300		
		9300	
			20820
	2. Til bændaskólans á Hvanneyri:		
	a. Laun	9880	
	b. Til smíða- og leikfimikenslu ...	1300	
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms, alt að 1000		
	2. Til kensluáhalda 500		
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 2000		
	4. Ýmisleg gjöld 4500		
		8000	
			19180
	Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.			
	Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.			
	3. Til skólahalds á Eiðum:		
	a. Laun	11200	
	b. Til aðstoðarkenslu...	600	
	Flyt ...	11800	40000	686306,28

		kr.	kr.
Flutt ...	11800	40000	686306,28
c. Önnur gjöld:			
1. Til búnaðarnáms	600		
2. Til kensluáhalda	500		
3. Til eldiviðar og ljósa ...	2500		
4. Ýmisleg gjöld	2000		
	5600		
		17400	
			57100
IX. Iðnfræðsla:			
a. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		6000	
b. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds		1000	
c. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði, til kvöldskólahalds		1000	
Styrkurinn til þessara 3 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekstrarkostnaðar.			
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.			
			8000
X. Verslunarskólar:			
a. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar		6000	
b. Til Sambands samvinnufjelaganna, til þess að halda uppi verslunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar ...		6000	
			12000
XI. Yfirsetukvennaskólinn:			
1. Laun forstöðumanns		1500	
2. Til verklegrar kenslu:			
a. Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík ...	900		
b. Annar kostnaður, alt að	400		
		1300	
3. Styrkur til námskvenna		7000	
4. Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting		1200	
			11000
Flyt ...		... ...	774706,28

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	774706,28
XII. Kvennaskólar:		
1. Til kvennaskólans í Reykjavík:		
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 19000		
b. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 4000		
c. Námsstyrkur til sveitastúlkna ... 1000		
	24000	
2. Til kvennaskólans á Blönduósi:		
a. Rekstrarstyrkur, gegn að minsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 15000		
b. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000		
	17000	
		41000
Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
XIII. Almenn barnafræðsla:		
1. Umsjón fræðslumála:		
a. Laun fræðslumálastjóra 7700		
b. Skrifstofukostnaður hans 1200		
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, alt að 1000		
	9900	
2. Laun kennara og dýrtíðaruppbót	267000	
3. Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, alt að	10000	
4. Til prófdómara við barnapróf	2500	
5. Til framhaldskenslu handa kennurum	1000	
6. Til fræðslumálarits (Skólablaðsins)	800	
7. Utanfararstyrkur kennara	2000	
8. Til að reisa og endurbæta barnaskóla utan kaupstaða, þriðjungur kostnaðar, enda samþykkir landsstjórnin uppdrætti að húsunum, alt að ...	15000	
		308200
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:		
1. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar	35000	
Flyt ...	35000	1123906,28

	kr.	kr.
Flutt ...	35000	1123906,28
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sje minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kenslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
2. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg ...	15000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII.		
3. Til lýðskólans í Bergstaðastræti	1000	
4. Byggingarstyrkur til alþýðuskóla:		
Til að reisa alþýðuskólahús í Þingeyjarsýslu, $^2/_5$ kostnaðar, alt að	35000	
		86000
XV. Húsmæðrafræðsla:		
Til kvenfjelagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að ...		1000
XVI. Styrkur til að semja og gefa út alþýðukenslubækur, þar af 1500 kr. til Lárusar Bjarnasonar, kennara við gagnfræðaskólann á Akureyri, til að semja kenslubók i eðlisfræði og efnafræði handa gagnfræðaskólum		2700
XVII. Til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.		12000
Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVIII. Til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá ...		1000
XIX. Sundkensla og leikfimi:		
1. Til sundkenslu í Reykjavík...	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar mentaskólans, kennaraskólans og stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.		
2. Laun Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu þá, sem		
Flyt ...	300	1226606,28

	kr.	kr.
Flutt ...	300	1226606,28
getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund	1500	
3. Til sundkenslu o. fl. annarsstaðar ... ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.	3000	
4. Til Ingibjargar Guðbrandsdóttur, fyrir að veita utanbæjarstúlkum ókeypis kenslu í leikfimi ...	600	
5. Til Valdemars Sveinbjörnssonar, til að veita utanbæjarpiltum ókeypis kenslu í leikfimi ...	600	
		6000
XX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar, til þess að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík		2400
Samtals ...	... ...	1235006,28

15. gr.

Til vísinda, bókmenta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	21160	
b. Til aðstoðarmanns við safnið, og sje hann fastur ársmaður, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót	3200	
c. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands ...	10000	
d. Til þess að semja spjaldskrá	1000	
e. Til þess að semja og gefa út handritaskrá safnsins	3000	
f. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
g. Húsaleiga	500	
h. Ýmisleg gjöld	800	
		40020
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	13800	
b. Til að binda inn og búa um skjöl og til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa safninu ...	2000	
Flyt ...	15800	40020

	kr.	kr.
Flutt ...	15800	40020
c. Til að gefa út skrá yfir skjalasafnið o. fl.	250	
d. Til að ljósmynda og afrita skjöl og heimildir, er varða Ísland, í erlendum söfnum	2000	
		18050
3. Þjóðmenjasafnið og verndun fornmenja:		
a. Laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	8200	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, alt að...	2400	
c. Til að útvega forngripi, alt að...	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	600	
e. Til að kaupa íslensk listaverk og listiðnað	4000	
f. Ferðakostnaður til rannsókna og undirbúnings á skrásetningu fornmenja, alt að	1000	
g. Til viðgerða á Þingvöllum	3000	
h. Til viðgerða á Hólakirkju	4000	
Þjóðmenjasafnið sje opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		24700
4. Náttúrufræðifjelagið		1700
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 600 kr. á ári.		
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sje til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	8000	
b. Til viðhalds og áhalda	1500	
		9500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		3000
7. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði		1500
8. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
9. Til Hins íslenska bókmentafjelags:		
a. Tillag	2000	
b. Til útgáfu á Lýsingu Íslands eftir Þorvald Thoroddsen	1500	
		3500
Flyt ..	... ...	102170

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	102170
10.	Til Þjóðvinafjelagsins		6000
	5000 kr. af upphæð þessari sje varið til útgáfu alþýðlegra fræðirita.		
11.	Til Fornleifafjelagsins		800
	Styrkurinn greiðist því að eins að Árbók komi út.		
12.	Til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 100 kr. fyrir hverja örk, alt að		1000
13.	Til að vinna að textaútgáfu á íslensku fornbrjefasafni		1600
14.	Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og að vinna að útgáfu þeirra		1000
15.	Til þess að gefa út landsyfirdóma frá 1800—1873 ...		800
16.	Til að gefa út Lög Íslands, 100 krónur á örk		1500
17.	Til Dansk-islandsk Samfund		1000
18.	Til Norræna fjelagsins		1000
19.	Til Fræðafjelagsins, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns		1000
20.	Til leikfjelags Reykjavíkur, gegn að minsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		4000
21.	Til Listvinafjelagsins		1000
22.	Til sama, styrkur til húsbyggingar		4000
23.	a. Styrkur til skálda og listamanna	12000	
	b. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust	1200	
	c. Til próf. Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar, til að vinna að útbreiðslu sönglistar	5000	
24.	a. Til síra Jóhannesar L. Lynge Jóhannssonar, til að safna til íslenskrar orðabókar með íslenskum þýðingum, enda sje safnið eign ríkisins	7000	18200
	b. Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli	1500	
			8500
25.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenskra á síðari öldum, enda sje handritið eign landsins að honum látnum		2000
26.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun, auk dýrtíðaruppbótar	5000	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ...	1500	
			6500
	Flyt ...	... ...	162070

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	162070
27.	Til dr. Helga Jónssonar, til að halda áfram rannsókn á gróðri landsins		1500
28.	Til Guðm. G. Bárðarsonar, til jarðfræðirannsókna ...		1500
29.	Til dr. Helga Pjeturss, til jarðfræðirannsókna		4000
30.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sje nýtt ...		800
31.	Til Páls Þorkelssonar, til að vinna að málsháttasafni sínu		500
32.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		600
33.	Til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til fræðiiðkana ...		500
34.	Til Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará, til þjóðsagnasöfnunar		500
35.	Til Hjálmars Lárussonar skurðlistarmanns		1000
36.	Til Boga Th. Melsteds, til að rita Íslandssögu		800
37.	Til landsskjálftarannsókna ... ... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		500
38.	Til veðurathugana og veðurskeyta		35000
39.	Til alþýðufræðslu stúdentafjelaganna í Reykjavik og á Akureyri ... ... Af þessu fje skal greiða stúdentafjelaginu á Akureyri 400 kr., til fyrirlestra í Norðlendingafjórðungi.		1500
40.	Til Íþróttasambands Íslands		1500
41.	Til Jóns Þorsteinssonar frá Hofsstöðum, til fullnaðarnáms i íþróttum erlendis		1500
42.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
43.	Til Einars Jónssonar myndhöggvara ... ... enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns.		5000
44.	Til Hljóðfæraskólans í Reykjavik		1200
45.	Til Þórarins Guðmundssonar fiðluleikara ... . Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að hann kenni alt að 6 mönnum á ári, sem heima eiga utan Reykjavíkur, ókeypis að leika á fiðlu, og skulu kennaraefni sitja fyrir, er hann tekur nýja nemendur.		1200
46.	Til Páls Ísólfssonar organleikara, til framhaldsnáms		3000
47.	Til Markúsar Kristjánssonar pianóleikara, til framhaldsnáms erlendis		1500
48.	Til Goodtemplarafjelagsins, til bindindisstarfsemi ...		6000
49.	Til að kaupa grasasafn Stefáns Stefánssonar skólameistara, fyrri helmingur kaupverðs		4000
50.	Til að kaupa handrit dr. Jóns Aðils um sögu Íslands, önnur afborgun		2500
	Samtals ...	... ...	242170

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr.	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		155000
2. Til sandgræðslu		15000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		20000
4. Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
Laun garðyrkjustjóra		5000
5. Til skógræktar:		
a. Laun	11160	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	12000	
c. Til Guðbjargar Þorleifsdóttur í Múlakoti, til viðurkenningar fyrir trjárækt	500	
		23660
6. Til framhalds landmælinga		35000
7. Til dýralækninga:		
a. Laun handa 4 dýralæknum	20600	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	
c. Til Páls G. Jónssonar, Garði í Fnjóskadal, til viðurkenningar fyrir dýralækningar	1000	
d. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.	1200	
		23300
8. Til eftirlits með útflutningi á hrossum		600
9. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr. með dýrtíðaruppbót ...	5600	
b. Húsaleiga	1000	
c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1400	
		8000
10. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis		4000
Flyt ...	... ...	289560

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	289560
11.	Til Fiskveiðasjóðs Íslands		6000
12.	Til Fiskifjelagsins		60000
	Þar af 500 kr. til kenslu á Ísafirði fyrir skipstjóraefni á smáskipum.		
13.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	19200	
	b. 4 síldarmatsmanna	10240	
	c. 4 ullarmatsmanna	2560	
	d. 5 kjötmatsmanna	4800	
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			44800
14.	Til að leitast fyrir um markað fyrir íslenskar afurðir erlendis		20000
15.	Til gerlarannsókna		2000
16.	Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		10000
	Af þessum lið ganga 2000 kr. til Halldóru Bjarnadóttur og 600 kr. til handavinnuskóla á Akureyri, verði honum haldið áfram.		
17.	Til sambands norðlenskra kvenna		500
18.	Til vörumerkjaskrásetjara		1600
	Þar með talin húsaleiga fyrir skrifstofu.		
19.	Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu		1800
	Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um hvernig fjenu er varið.		
20.	Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		600
21.	Styrkur til ábúandans í Fornahvammi, til að halda þar uppi bygð og gisting		700
22.	Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar við bygð og veita ferðamönnum gisting og beina		600
23.	Styrkur til ábúandans í Bakkaseli, til að halda þar uppi bygð og gisting		700
24.	Styrkur til ábúandans í Grísartungu, til húsabóta, til þess að geta hýst ferðamenn, er fara um Langavatnsdal, í eitt skifti fyrir öll		500
	Flyt ...	... ...	439360

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	439360
25. Laun námuverkfræðings og til forstöðu silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli, 3500 kr. með dýrtíðaruppbót		5600
26. Til Bjargráðasjóðs		23000
27. Til landhelgissjóðs		20000
28. Til slysatryggingar sjómanna		20000
29. Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:		
a. Laun forstöðumanns	5440	
b. Ferðakostnaður hans	500	
		5940
30. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ...		1000
31. Laun húsagerðarmeistara		7700
32. Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
a. Laun leiðbeinanda, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót, enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu. En vinni hann auk þess við húsagerð einstakra manna, skal greiða fult dagkaup fyrir, er rennur í landssjóð.	5600	
b. Ferðakostnaður, alt að	600	
		6200
33. Til að gera Eyrarfoss í Laxá í Svínadal laxgengan, þriðjungur kostnaðar, alt að		800
34. Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		30000
35. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli, að frádregnu eftirgjaldi af Staðarfelli, 1800 kr.		1200
36. Til Sláturfjelags Suðurlands, til sútunarhúss og vjela, 1/4 kostnaðar, alt að		40000
37. Til stofnenda Sveinatungubúsins, til greiðslu á Ræktunarsjóðsláni		3500
38. Til Jóhannesar Guðmundssonar á Herjólfsstöðum, vegna skaða af Kötlugosi		1000
39. Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um silungaklak		1000
40. Til Sæmundar Tr. Sæmundssonar, til viðurkenningar fyrir mannbjörg úr sjávarháska		1000
Flyt ...	... ...	607300

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	607300
41. Til hafskipabryggju á Siglufirði, þriðjungur kostnaðar, alt að		18000
Landsstjórnin hefir verkfræðilegt eftirlit með því að bryggjugerðin sje tryggilega af hendi leyst. Bryggjan skal heimil til almenningsnota.		
42. Til Byggingarfjelags Reykjavíkur, 5% byggingarkostnaðar, gegn hálfu meira, 10%, úr bæjarsjóði Reykjavíkur, þó ekki yfir		5000
43. Til Byggingarfjelags starfsmanna ríkisins í Reykjavík, 15% af byggingarkostnaði, þó ekki yfir		20000
44. Til Dýraverndunarfjelags Íslands		1000
Samtals ...	... ...	651300

17. gr.

Til lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn		28847,28	
b. Embættismannaekkjur og börn		13278,02	
c. Uppgjafaprestar		1113,01	
d. Prestsekkjur		5689,47	
			48927,78
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Ásgeirs Blöndals læknis	250		
2. — Þorvalds Pálssonar læknis	300		
3. — Sigvalda Stefánssonar Kaldalóns læknis	640		
4. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra	1500		
		2690	
Flyt ...		2690	48927,78

		kr.	kr.
	Flutt ...	2690	48927,78
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju	150		
2. — Magneu Ásgeirsson	200		
3. — Ólivu Guðmundsson	175		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6. — Sigríðar Fjeldsteð læknisekkju ...	450		
		1775	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Stefáns M. Jónssonar	325		
2. — Bjarnar Jónssonar	475		
3. — Guðlaugs Guðmundssonar	500		
4. — Sigurðar prófasts Jenssonar ...	570		
5. — Bjarna prófasts Einarssonar ...	780		
		2650	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Ástu Þórarinsdóttur	130		
2. — Auðar Gísladóttur	300		
3. — Bjargar Einarsdóttur	500		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur	300		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur	300		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur	100		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur...	300		
8. — Guðrúnar Torfadóttur	300		
9. — Ingunnar Loftsdóttur	300		
10. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700		
11. — Ingibjargar Sigurðardóttur	400		
12. — Jóhönnu S. Jónsdóttur	300		
13. — Kirstínar Pjetursdóttur	300		
14. — Kristínar Sveinbjarnardóttur... ...	300		
15. — Sigrúnar Kjartansdóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	300		
16. — Steinunnar Pjetursdóttur	300		
Flyt ...	5130	7115	48927,78

		kr.	kr.
Flutt ...	5130	7115	48927,78
17. Til Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum	300		
18. — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson ...	300		
		5730	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300		
2. — 3 barna hennar	300		
3. — Bjargar Jónsdóttur	300		
4. — Guðlaugar Zakaríasdóttur	360		
5. — Hjartar Snorrasonar	500		
6. — Jónasar Eiríkssonar	500		
7. — Magnúsar Einarssonar	500		
8. — Elínar Briem Jónsson	300		
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur	300		
10. — 1 barns hennar	100		
11. — Steinunnar Frímannsdóttur	450		
12. — Þórunnar Stefánsdóttur	400		
13. — Árna Theódórs Pjeturssonar, þangað til stjórnin veitir honum aftur starf hans eða annað álika	500		
		4810	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Til Árna Gíslasonar	300		
2. — Guðm. Kristjánssonar	300		
3. — Böðvars Jónssonar	200		
4. — Hallgríms Krákssonar	200		
5. — Jóhanns Jónssonar	200		
6. — Þóru Matthíasdóttur	300		
7. — Daníels Jónssonar	200		
8. — Jens Þórðarsonar	100		
9. — Friðriks Möllers	1200		
10. — Kristínar Jóelsdóttur	200		
11. — Eliesers Eiríkssonar	200		
12. — Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13. — Jóhannesar Þórðarsonar	300		
14. — Guðmundar Jónssonar fyrrum bæjarpósts á Akureyri	200		
15. — Guðmundar Kristjánssonar	200		
		4400	
Flyt ...		22055	48927,78

		kr.	kr.
	Flutt ...	22055	48927,78
g. Ritliöfundar:			
1. Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
2. — Valdimars Briems	1200		
3. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300		
4. — Einars Hjörleifssonar Kvaran ...	3000		
		8000	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300		
2. — Jakobínu Pjetursdóttur	200		
3. — Guðrúnar Jónsdóttur 300 kr. og til Erlings sonar hennar 300 kr.	600		
4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr., og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð ...	700		
5. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300		
6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300		
7. — 3 barna hennar	300		
8. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300		
9. — Guðrúnar Runólfsdóttur, ekkju Matthíasar Jochumssonar	1200		
		4200	
i. Ymsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
2. — Sigurðar Eiríkssonar fyrv. regluboða	500		
3. — Petreu Jónsdóttur, 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500		
4. — Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300		
5. — Páls Erlingssonar	800		
6. — Erlends Zakaríassonar	300		
7. — Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
8. — Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
9. — Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar	400		
	Flyt ...	3800	34255	48927,78

		kr.	kr.
Flutt	3800	34255	48927,78
10. Til Gests Guðmundssonar, fyrverandi vitavarðar	400		
11. — Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	400		
		4600	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til Ingeborg Sigurjónsson		1800	
k. — Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara		1200	
			41855,00
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			52669,67
IV. Tillag til ellistyrktarsjóða			40000,00
Samtals ...		... ...	183452,45

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögregluefirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögregluefirlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

Sömuleiðis skal af þessari upphæð greiða gengismun á útborgunum erlendis samkvæmt þessum lögum, öðrum en lángreiðslum.

20. gr.

Til gjalda árið 1924 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	kr.	2043705,35
— —	8. —	—	60000,00
— —	9. —	—	184800,00
— —	10. —	—	263280,00
— —	11. —	—	558420,00
— —	12. —	—	712740,00
— —	13. —	—	2101800,00
— —	14. —	—	1235006,28
— —	15. —	—	242170,00
— —	16. —	—	651300,00
— —	17. —	—	4000,00
	Flyt ...	kr.	8057221,63

Flutt ...	kr. 8057221,63	
Samkvæmt 18. gr.	— 183452,45	
—— 19. —	— 100000,00	
		kr. 8340674,08
En tekjur eru áætlaðar:		
Samkvæmt 2. gr.	kr. 7755000,00	
—— 3. —	— 45100,00	
—— 4. —	— 340000,00	
—— 5. —	— 22300,00	
		— 8162400,00
	Tekjuhalli kr.	178274,08

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingarefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
2. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Alt að 20000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist gegn ábyrgð bæjarfjelaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
4. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landssímalagningar, gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
5. Alt að 20000 kr. til áveitufjelags Þingbúa í Húnavatnssýslu. Lánið veitist til 20 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.
6. Alt að 7000 kr. til sýslufjelags Rangárvallasýslu, til endurbyggingar Holtavegarins. Lánið veitist til 10 ára, gegn $5^1/_2$% vöxtum.
7. Alt að 15000 kr. til Austur-Húnavatnssýslu, til að kaupa læknisbústað. Lánið veitist til 20 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.
8. Alt að 5000 kr. til þess að kaupa læknisbústað í Síðuhjeraði. Lánið veitist til 20 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, gegn ábyrgð Vestur-Skaftafellssýslu.
9. Alt að 8000 kr. til Geithellahrepps, til vitabygginga. Lánið veitist til 15 ára, með $5^1/_2$% vöxtum, gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar.

10. Alt að 20000 kr. til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið veitist til 20 ára, gegn $5^1/_2$% vöxtum.
11. Alt að 3000 kr. til matarfjelags kennaraskólans, til 10 ára með $5^1/_2$% vöxtum, gegn ábyrgð, sem stjórnin tekur gilda.
12. 20000 kr. handa efnilegum mönnum til lokanáms erlendis, gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur nægja. Lán þessi skal veita til 10 ára, með $5^1/_2$% í vexti, en afborgunarlaust í 2—4 ár eftir ástæðum.

Af hallærisláni Grunnavíkurhrepps skal veita uppgjöf vaxta frá 1920—1925 og greiðslufrest afborgana fyrir sama tíma.

Af hallærisláni Árneshrepps skal veita uppgjöf vaxta í 3 ár og greiðslufrest afborgana fyrir sama tíma.

Af brimbrjótsláni Hólshrepps veitist uppgjöf vaxta frá 1922—1925, að báðum þeim árum meðtöldum, og greiðslufrestur fyrir sama tíma.

Raflýsingarlán Suðurfjarðahrepps skal stjórnin láta standa afborgunarlaust um 10 ár.

22. gr.

I. Stjórninni er heimilt að ábyrgjast eftirfarandi lán, ef henni þykja þau nægilega trygð.
   1. Alt að 120000 kr. fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, til aukningar rafmagnsveitunni þar. Sbr. fjárlög 1923, 21. gr. 8. (Endurveiting).
   2. Alt að 80000 kr. fyrir Vestmannaeyjakaupstað, til aukningar rafmagnsveitunni þar. Sbr. fjárlög 1923, 21. gr. 9. (Endurveiting).
   3. Alt að 100000 kr. fyrir Búðahrepp í Fáskrúðsfirði, til rafmagnsveitu. Sbr. fjárlög 1920—21. (Endurveiting).
   4. Alt að 100000 kr. til fyrirhugaðs stúdentagarðs í Reykjavík, gegn öðrum veðrjetti í húsinu. Skilyrði fyrir lánsábyrgð þessari eru þau, að ekki hvíli meira en 100000 kr. á 1. veðrjetti, og nær ábyrgðin ekki lengra en til eins þriðja byggingarkostnaðar.
   5. Alt að 70000 kr. fyrir Byggingarfjelag starfsmanna ríkisins, gegn 2. veðrjetti í húseignum fjelagsins, enda fari upphæð lána þeirra, er hvíla á húseignunum með 1. og 2. veðrjetti, ekki fram úr því, er landsstjórnin telur trygt.
   6. Alt að 140000 kr. fyrir Sláturfjelag Suðurlands, til að stofna sútunarverksmiðju, að því tilskildu: *að* fjelagið leggi sjálft fram að minsta kosti 50000 kr. að auki, *að* trygging sje fyrir nægilegu rekstrarfje, *að* landsstjórnin hafi eftirlit með því að fengin verði nægileg sjerfróð aðstoð við undirbúning og framkvæmd fyrirtækisins.

II. Stjórninni er heimilt að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

III. Stjórninni er heimilt að láta Bandalagi kvenna í tje ókeypis lóð á norðanverðu Arnarhólstúni undir fyrirhugað kvennaheimili.

IV. Stjórninni er heimilt að greiða alt að $^3/_4$ hlutum af því tjóni, sem verða kann á tilraunum Sambands íslenskra samvinnufjelaga til að senda kælt

kjöt eða fryst á erlendan markað, miðað við saltkjötsverð á sama tíma. Tilraunirnar skulu gerðar með eftirliti landsstjórnarinnar.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1924, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1923 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

(A. XXIX, 24).

Nd. **610. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1923, eru veittar 364230 kr. til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 10. gr. fjárlaganna (til ráðuneytisins) eru veittar 3000 kr. Dýrtíðaruppbót til núverandi ráðherra fyrir 1922, 1500 kr. til hvors, kr. 3000,00.

3. gr.

Til viðbótar við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) eru veittar 61235 kr.

1. Styrkur til læknisvitjana handa Reykhólahjeraði:

	a. fyrir árið 1922	kr. 250,00		
	b. fyrir árið 1923	— 250,00	kr.	500,00
2.	Til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Blönduósi, þriðjungur kostnaðar, alt að		—	17000,00
3.	Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Siðuhjeraði, þriðjungur kostnaðar, alt að		—	10000,00
4.	Til sjúkrahúss á Sauðárkróki, þriðjungur kostnaðar, alt að		—	4200,00
5.	Til útgáfu ljósmóðurfræði, viðbótarstyrkur		—	2000,00
6.	Til geislalækningastofu ríkisins, til nýrra tækja..		—	4800,00
7.	Til geitnalækninga, $^3/_5$ kostnaðar...		—	3000,00
8.	Til breytingar á Röntgentækjunum á Akureyri, helmingur kostnaðar, alt að		—	5000,00
9.	Til Halls Hallssonar tannlæknis, til áhaldakaupa, enda setjist hann að á Austurlandi		—	1500,00
10.	Til Guðnýjar Jónsson, styrkur til að ljúka hjúkrunarnámi ...		—	1500,00
11.	Til Jóns læknis Jónssonar, styrkur til að leita sjer heilsubótar erlendis...		—	1500,00
12.	Sjúkrakostnaður nokkurra taugaveikisjúklinga í Flensborgarskólanum		—	1635,00
13.	Til Sigvalda læknis Stefánssonar Kaldalóns, sjúkrastyrkur ...		—	1500,00
14.	Til Benedikts Björnssonar, til að leita sjer lækninga við sjóndepru		—	2500,00
15.	Til Páls Vigfússonar, til að leita sjer lækninga við berklaveiki		—	1600,00
16.	Til Elínar Sigurðardóttur, í sama skyni		—	1000,00
17.	Til yfirlæknisins á Vífilsstöðum, til þess að sækja fund berklalækna í Kristjaníu		—	2000,00
		Samtals	kr.	61235,00

4. gr.

Til viðbótar við 13. gr. fjárlaganna (samgöngumál) eru veittar 128340 kr.

1.	Styrkur til bifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir ... Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir, með endastöðvum í Garðsauka og á Húsatóftum.		kr.	3000,00
2.	Til dragferjuhalds:			
	a. Á Skjálfandafljóti	kr. 300,00		
	b. Á Blöndu.	— 300,00	—	600,00
3.	Aukastyrkur til Djúpbátsins (póstbátsins á Ísafjarðardjúpi)	kr. 8000,00		
	og til Breiðafjarðarbátsins Svans	— 10000,00	—	18000,00
	Styrkirnir eru því skilyrði bundnir, að bátarnir fái			
		Flyt	kr.	21600,00

	Flutt	kr.	21600,00
	annarsstaðar að eftirgjöf á skuldum eða styrk, er nemi jafnmikilli upphæð og ríkissjóðsstyrkurinn.		
4.	Viðbótarlina frá Reykjarfjarðarsíma að Kaldrananesi	—	6500,00
5.	Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavik og Steindórs Björnssonar efnisvarðar, 200 kr. með hverju barna hans...	—	10240,00
6.	Til vitabygginga 1921 og 1922 (gengismunur)...	—	75000,00
7.	Styrkur til byggingar innsiglingarvitanna við Berufjörð... ...	—	4000,00
8.	Til að endurreisa stikur á Kálfafellsmelum og Skeiðarársandi og til sjómerkja	—	11000,00
	Samtals	kr.	128340,00

5. gr.

Til viðbótar við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) eru veittar 4180 kr.

1.	Til Einars Jónssonar, kennara við stýrimannaskólann, uppbót	—	1180,00
2.	Til kvennaskólans í Reykjavík, viðbótarstyrkur	—	2000,00
3.	Til sama skóla, til áhaldakaupa	—	1000,00
	Samtals	kr.	4180,00

6. gr.

Til viðbótar við 15. gr. fjárlaganna (visindi og listir) eru veittar 36400 kr.

1.	Til aðgerða á Þingvöllum		kr.		3000,00
2.	Til aðgerða á Bessastaðakirkju		—		450,00
3.	Til Þjóðmenjasafnsins, vegna forngripakaupa 1922...		—		1000,00
4.	Til að gera eirsteypu af minnismerki Einars Jónssonar um Hallgrím Pjetursson...		—		4000,00
5.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna, föst laun fyrir þrjá síðustu mánuði ársins, auk dýrtíðaruppbótar		—		1250,00
6.	Til orðabókar Sigfúsar Blöndals (lokaveiting)		—		15000,00
7.	Til ritstarfa:				
	a. Til dr. Helga Pjeturss	kr.	1600,00		
	b. Til Jakobs Thorarensens	—	800,00		
	c. Til Stefáns frá Hvítadal	—	800,00		
				—	3200,00
8.	Til Hjálmars Lárussonar bins oddhaga		—		500,00
9.	Til Emanuel Cortes, yfirprentara, til að sækja prentlistarsýningu í Gautaborg sumarið 1923		—		2500,00
10.	Til sögukennarans við háskólann, til þess að sækja sagnfræðingafund í Gautaborg		—		2000,00
11.	Til hljóðfæraskólans í Reykjavík		—		1000,00
12.	Fyrsta afborgun af andvirði fyrir handrit dr. Jóns J. Aðils um sögu Íslands		—		2500,00
	Samtals		kr.		36400,00

7. gr.

Til viðbótar við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) eru veittar 111100 kr.

1.	Til Einars Sæmundsens skógarvarðar, húsaleiguuppbót	kr.	600,00
2.	Til framhalds hafnargarði á Sandi alt að	—	10000,00
3.	Til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungarvík	—	20000,00
4.	Til sjóvarnargarðs á Siglufirði, gegn jafnmiklu frá kaupstaðnum og gegn því, að kaupstaðurinn skuldbindi sig til að halda við mannvirkinu eftir sömu hlutföllum	—	30000,00
5.	Til bryggjugerða, þriðjungur kostnaðar:		
	a. Til hafskipabryggju á Reyðarfirði (endurveiting) alt að ... ... kr. 12000,00		
	b. Til Blönduósbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	c. Til Skagastrandarbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	d. Til Stokkseyrarbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	e. Til Ólafsfjarðarbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	f. Til Stykkishólmsbryggju ... ... — 8000,00		
		—	32000,00
6.	Til rannsóknar Andakílsfossanna, helmingur kostnaðar, alt að	—	3000,00
7.	Til að dýpka siglingaleið að Stokkseyri, þriðjungur kostnaðar (endurveiting), alt að	—	8000,00
8.	Til Jóns Magnússonar yfirfiskimatsmanns í Reykjavík, launauppbót	—	1000,00
9.	Til Árna Gíslasonar yfirfiskimatsmanns á Ísafirði, launauppbót	—	600,00
10.	Til Þorvalds stúdents Arnasonar, til lokanáms við ullarverksmiðju á Englandi	—	3000,00
11.	Til Guttorms Pálssonar, eftirstöðvar af byggingarkostnaði árið 1921	—	1900,00
12.	Til Kvenrjettindafjelags Íslands	—	1000,00

Landsstjórnin hefir verkfræðilegt eftirlit með því, að verk þau, sem um getur í liðunum 2—4 og 7, verði tryggilega af hendi leyst.

Samtals kr. 111100,00

8. gr.

Til viðbótar við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) eru veittar 975 kr.

1.	Til Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum...	kr.	300,00
2.	Til Sigríðar Fjeldsted læknisekkju	—	375,00
3.	Til Elísabetar Jónsdóttur, ekkju Pjeturs Guðmundssonar kennara á Eyrarbakka	—	300,00

Samtals kr. 975,00

9. gr.

Til viðbótar við 19. gr. fjárlaganna (óviss gjöld) eru veittar 19000 kr.

1.	Til Gísla sýslumanns Sveinssonar, sjúkrastyrkur 1921	kr.	2000,00
2.	Til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, til að standast kostnað við aðgerð á e/s. Þór, 1/3 kostnaðar þess, er fjelaginu ber að borga, alt að	—	15000,00
3.	Til Jóns Gíslasonar, Laugavegi 20 í Reykjavík, uppbót... ...	—	2000,00
	Samtals	kr.	19000,00

10. gr.

Til viðbótar við 21. gr. fjárlaganna er stjórninni heimilt að veita eftirfarandi lán úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi:

1. Alt að 16000 kr. til Skeiðaáveitufjelagsins til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið er vaxtalaust fyrstu tvö árin.
2. Alt að 8000 kr. handa efnilegum mönnum til lokanáms erlendis, gegn tryggingum, er stjórnin telur nægja. Lánin skal veita til 10 ára, með 5½% vöxtum, og skulu þau vera afborgunarlaus í 2—4 ár, eftir ástæðum.
3. Alt að 30000 kr. til endurbyggingar sjóvarnargarðinum á Siglufjarðareyri. Lánið veitist til 15 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð bæjarfjelagsins.
4. Alt að 20 þúsund krónum til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið veitist til 20 ára, gegn 5½% vöxtum.

Viðlagasjóðslán h.f. Hvítárbakka skal standa afborgunarlaust 3 ár.

11. gr.

I. Stjórninni er heimilt að ábyrgjast eftirfarandi lán:
   1. Alt að 30000 kr. til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Vestmannaeyja.
   2. Alt að 15000 kr. til Hvítárbakkaskólans, ef stjórninni þykir það lán nægilega trygt.

II. Stjórninni er heimilt að greiða hjeraðssambandi U. M. F. Vestfjarða styrk þann, er í þessa árs fjárlögum, 14. gr. XV., er ætlaður til húsmæðrakenslu á Ísafirði.

(B. XV, 4).

Ed. **611. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919. [Bæjarstjórn á Siglufirði].

Frá allsherjarnefnd.

Í háttv. neðri deild hefir verið samþykt áskorun til stjórnarinnar um að endurskoða löggjöf kaupstaðanna, og í þeim notum stöðvuð þar í deildinni

öll frumvörp um breyting á þeirri löggjöf, nema þetta eina, — þar á meðal frumvarp um smábreytingar á lögunum um bæjarstjórn á Seyðisfirði, sem háttv. efri deild hafði samþykt. Nú getur nefndin ekki sjeð, að ástæða sje til að þetta frumvarp sæti annari meðferð en öll hin, og ræður því háttv. deild til að visa þessu frumvarpi til stjórnarinnar, til athugunar í sambandi við endurskoðunina í heild.

Alþingi, 9. maí 1923.

Jón Magnússon, form. og frsm.	S. H. Kvaran.	Guðm. Guðfinnsson, fundaskrifari.

(A. I, 33).

Sþ. **612. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1924.

I. Frá *Jakob Möller.*
Við 13. gr. D. IV. 20. Liðurinn verður þannig:
Til uppbótar á launum starfsmanna landssímans og talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, samkv. tillögum landssímastjóra, þó svo, að efnisvörður landssímans, Steindór Björnsson, fái 200 kr. fyrir hvert barna sinna 19300

II. Frá *fjárveitinganefnd neðri deildar.*

1. Við 14. gr. B. VIII. 1. c. 4. Nýr liður:
Til rafmagnsveitu 20000
2. — 14. — B. XIII. 8. Liðurinn verður þannig:
Til aðgerðar og viðbóta við barnaskólahús utan kaupstaða, þriðjungur kostnaðar, alt að 10000
3. — 14. — XVI. Liðurinn verður þannig:
Til að semja og gefa út alþýðukenslubækur 1200
4. — 15. — 17. (Dansk-isl. Samfund):
Fyrir »1000« kemur 300
5. — 15. — 41. (Jón Þorsteinsson):
Liðurinn fellur niður.
6. — 15. — 48. (Goodtemplarafjelagið):
Fyrir »6000« kemur 3000
7. — 15. — 50. (Handrit Jóns Aðils):
Milli orðanna »sögu Íslands« og »önnur afborgun« kemur: fjórðungur andvirðis.

8. Við 21. gr. 5. Nýr liður:
Alt að 40000 kr. til mjólkurfjelagsins »Mjallar« i Borgarfirði. Lánið veitist til 20 ára, með 5½% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

9. — 21. — 10. Nýr liður:
Alt að 10000 kr. til Jón G. Ólafssonar, til að kaupa einkaleyfi á uppfundningum sínum. Lánið er veitt til 10 ára, með 5½% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

10. — 21. — 12. Nýir liðir:
a. Alt að 7000 kr. til Sigurðar bónda Lýðssonar á Hvoli i Dalasýslu, til að endurreisa býlið Svínadalssel i Saurbæjarhreppi. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.
b. Alt að 30000 kr. til kembivjela á Húsavík. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.
c. Til R. Andersson skraddara, til þess að sauma landsforða af karlmannafatnaði úr íslenskum dúkum til gjaldeyrissparnaðar, 20000 kr. Lánið er veitt til 12 ára, með 5½% í vexti, afborgunarlaust tvö fyrstu árin, gegn trygging, er stjórnin tekur gilda.

11. — 22. — I. 3. Nýr liður:
Alt að 50000 kr. til bræðranna Esphólín, til að stofna tunnusmiðju á Siglufirði. Trygging skal fyrir því, að nægilegt stofnfje og rekstrarfje sje fyrir hendi.

(B. LXXXVIII, 3).

Nd. **613. Breytingartillaga**

við frv. til laga um lífeyri banda fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis Einari Þorkelssyni.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Fyrir »2150« komi: 2500.

(B. LIII, 10).

Ed. **614. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavik.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Við höfum ekki getað átt samleið með háttv. samnefndarmönnum okkar í þessu máli, enda ekki átt kost á að ræða um það við þá nema liðugan ½ kl.tíma á einum fundi.

Álítum við, að ný bankastofnun sje jafnan svo mikilsvert mál, að ekki verði komið við fullnægjandi rannsókn og undirbúningi á örfáum dögum, allra síst þegar svo stendur á eins og hjer, þar sem málið kom ekki til nefndarinnar fyr en í mestu þingönnunum, er komið er fast að þingslitum.

Þótt málið hafi þegar sætt svo óvanalegri meðferð í háttv. deild, að litlar líkur eru til, að rök okkar verði tekin til greina af meiri hluta hennar, viljum við þó gera í fáum orðum grein fyrir því, hversvegna við teljum ekki rjett að ráða málinu til lykta á þessu þingi:

1. Að litlar líkur, því síður vissa, eru fyrir því, að leyfisbeiðendur ráði yfir nokkru fje til bankastofnunar.
2. Að ekki er fyrirbygt, að þessi rjettindi geti gengið kaupum og sölum utanlands og innan.
3. Að ekki er rjett, og mun með öllu ótítt um slíka einkabanka erlendis, að þeir njóti skattfrelsis.
4. Að engar líkur eru til, að hlutafje verði safnað svo nokkru nemi hjer á landi, þótt skylt sje að leita þess í eitt misseri. Komist bankinn í framkvæmd, yrði hann nálega eingöngu í eign útlendinga.

Til frekari skýringa í málinu fyrir þá, er þeirra óska, viljum við, að dæmi meiri hluta nefndarinnar, vísa til nefndarálitsins á þingskjali 461.

Samkvæmt framanrituðu leggjum við til, að háttvirt deild láti frumvarpið ekki ganga fram á þessu þingi.

Alþingi, 9. maí 1923.

Guðm. Ólafsson, form.

Sigurður Jónsson, framsm.

(A. V. 4).

Ed. **615. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta, sem er stjórnarfrumvarp, var lagt fyrir háttv. Nd. í byrjun þings. Mun það hafa sætt allrækilegri athugun þar, því að til 1. umræðu í háttv. Ed. kom það ekki fyr en þann 7. þ. m.

Lög þessi voru sett á þinginu 1921 og giltu að eins fyrir 1 ár. A síðasta þingi var svo framlengt gildi þeirra um 1 ár, og fram á það sama er farið í þessu frumvarpi.

Þótt það hafi verið skoðun undanfarandi þinga og flestir nefndarmenn líti svo á, að illa sje viðeigandi að leggja beinan skatt á framleiðslu landsmanna, svo sem lög þessi gera, eru þeir sammála um, að þær ástæður sjeu nú fyrir hendi, ekki síður en áður, að ríkissjóður megi ekki missa tekjur þær, sem hjer er um að ræða og áætlaðar eru í athugasemd við frumvarpið 350—400 þús. kr.

Það, sem þó einkum, að áliti nefndarinnar, gerir alveg óumflýjanlegt að framlengja gildi nefndra laga, er það, að nú er fullsjeð, að háttv. Nd. ætlar ekki að samþykkja frumvarp það um breyting á lögum um vörutoll, sem fyrir liðugum 3 vikum var afgreitt til hennar með 12 samhljóða atkv. háttv. Ed.

Í því frumvarpi var sjerstaklega mikið hækkaður tollur á þeim vörum, sem þjóðin að meira eða minna leyti getur verið án, en mikið eru fluttar inn. Mundi það, ef að lögum hefði orðið, hafa aflað ríkissjóði mjög álitlegs tekjuauka.

Eftir lauslegri áætlun, sem nefndin gerði, er hún hafði málið til meðferðar, hefðu tekjur af þeim breytingum vegið mikið á móti þeim tekjuauka, sem nú verður að taka með útflutningsgjaldi.

Samkvæmt framanrituðu sjer nefndin sjer ekki annað fært en að leggja til, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 9. maí 1923.

Guðm. Ólafsson, form. og framsögum.	Karl Einarsson, fundaskrifari.	Sigurður Jónsson.
Sigurður H. Kvaran.	Björn Kristjánsson.	

(B. LXXXVIII, 4).

Nd. **616. Breytingartillaga**

við frv. til laga um lífeyri handa fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis Einari Þorkelssyni.

Flutningsm.: Jakob Möller.

Fyrir »2150« komi: 3000.

(C, XXXI, 1).

Sþ. **617. Tillaga**

til þingsályktunar um bannlögin.

Flutningsmenn: Magnús Jónsson, Einar Árnason, Einar Þorgilsson, Ingólfur Bjarnarson, Jakob Möller, Jón Magnússon, Magnús Pjetursson, Pjetur Ottesen, Sigurður H. Kvaran, Stefán Stefánsson, Sveinn Ólafsson og Þorsteinn M. Jónsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að þó að nú hafi verið afgreidd frá þinginu lög um undanþágu frá lögunum um aðflutningsbann á áfengi, vegna samninga við Spánverja, þá var það gert af knýjandi nauðsyn, en ekki af því, að Alþingi vildi hverfa frá þessari löggjöf, sem í fyrstu var sett á grundvelli þjóðaratkvæðagreiðslu.

(B. XXXI, 4).

Ed. **618. Nefndarálit**

um frv. til laga um mannanöfn.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Þareð það sjest ekki greinilega af frumvarpinu, að hve miklu leyti þeir menn, sem nú hafa ættarnöfn, eiga að halda þeim eða ekki, legg jeg til, að 7. gr. frv. verði látin falla burtu; munu þá allir þeir, sem nú hafa ættarnöfn, halda þeim.

Leyfi jeg mjer því að leggja til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með þessari

BREYTINGU:

7. gr. falli burt.

Alþingi, 10. mai 1923.

Karl Einarsson.

(B. XXXIV, 2).

Nd. **619. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefndin hefir klofnað í þessu máli. Fjórir nefndarmennirnir munu vera á móti því, að frv. nái fram að ganga.

Og þótt jeg sjái, að það muni ekki komast fram á þessu þingi, þá vildi jeg þó láta álit mitt koma fram. En það álit mitt er í engu breytt frá því, er jeg bar frv. fram í þinginu, og get jeg því þar um vísað til greinargerðar fyrir frv. og framsögu minnar við flutning málsins.

Það skipulag á sölu síldarinnar, sem næst með einkasölu ríkisins, er að minu áliti hið eina trygga. Lögfest samtök útgerðarmanna, eins og rætt var um á Alþingi 1921, geta ef til vill eitthvað bætt úr i svip. En á því eru þó talsverð vandkvæði. Einkasala ríkisins er miklu óbrotnara fyrirkomulag, og mundi heldur ekki valda neinum vandkvæðum út á við.

Með einkasölunni er lika beinlínis trygging fyrir því, að alt kapp verði á það lagt að útvega nýjan markað fyrir síldina, og það eitt út af fyrir sig er svo mikilsvert fyrir þennan atvinnuveg og fyrir landsmenn, að það ætti að gefa þessu máli byr undir báða vængi hjá þjóð og þingi.

Alþingi, 10. mai 1923.

Jón Baldvinsson.

(B. XXXI, 5).

Ed. **620. Breytingartillaga**

við frv. til laga um mannanöfn.

Frá Karli Einarssyni.

Við 3. gr. Orðin »alla æfi« falli burtu.

(A. XXIX, 25).

Nd. **621. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

I. Frá *Hákoni Kristóferssyni.*
1. Við 3. gr. 9. (Hallur Hallsson).
Liðurinn falli niður.
Til vara:
Fyrir »1500,00« kemur ... ... kr. 800,00
2. Við 3. gr. 10. (Guðný Jónsson).
Liðurinn falli niður.
3. Við 3. gr. 11. (Jón læknir Jónsson).
Liðurinn falli niður.

II. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 3. gr. 17. Nýr liður:
Til Kristjáns Jónassonar, veitingamanns í Borgarnesi, til þess að bæta honum að nokkru tjón, er hann beið við sóttkvíun ... ... — 1000,00

III. Frá *Jakob Möller.*
Við 4. gr. 5. Liðurinn verður svo:
Til uppbótar á launum starfsmanna landssímans og talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, samkv. tillögum landssimastjóra, þó svo, að efnisvörður landssimans Steindór Björnsson, fái 200 kr. fyrir hvert barna sinna — 19300,00

IV. Frá *Benedikt Sveinssyni.*
Við 5. gr. Nýr liður á undan 1.:
Til þess að greiða andvirði staðarhúsa að Borg á Mýrum, er stjórninni heimilast að kaupa af Einari presti Friðgeirssyni, alt að ... ... kr. 12000,00

V. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 6. gr. 10.
Liðinn skal orða svo:
Til þjóðskjalavarðar og sögukennara við háskólann, til þess að sækja sagnfræðingafund í Gautaborg ... — 4000,00
Til vara. Liðurinn orðist svo:
Til að senda einn fulltrúa á sagnfræðingafund í Gautaborg... ... ... — 2000,00

VI. Frá *Jakob Möller.*
Við 7. gr. 12. Nýr liður:
Til Blaðamannafjelagsins, til þess að senda fulltrúa til Svíþjóðar ... ... — 1400,00

VII. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi* og *Jakob Möller.*
Við 9. gr. 1. (Gísli Sveinsson).
Fyrir »2000,00« komi... ... ... — 3000,00

(A. XXIX, 26).

Nd. **622. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi og Jakob Möller.

Við 5. gr. Nýr liður á undan 1.:
Til þess að kaupa »Diathermi«-áhald, alt að ... ... kr. 4000,00

(A. XXIX, 27).

Nd. **623. Breytingartillögur**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 3. gr. 10 (Guðný Jónsson).
Fyrir »1500,00« kemur ... ... kr. 1000,00

2. Við 3. gr. 17. (Vífilsstaðalæknir).
Liðurinn fellur niður.
3. Við 4. gr. 1. (Bifreiðaferðir).
Fyrir »3000,00« kemur ... ... kr. 2000,00
4. Við 5. gr. 2. (Kvennaskólinn í Rvík).
Fyrir »2000,00« kemur: ... ... — 1000,00
5. Við 5. gr. 3. Nýr liður:
Til kvennaskólans á Blönduósi, viðbótarstyrkur ... — 1000,00
6. Við 6. gr.
a. 9. liður (Cortes) fellur niður.
b. 10. liður verður þannig:
Til utanfara á ýmsa fundi ... ... — 7000,00

II. Frá *Magnúsi Pjeturssyni.*
Við 9. gr. 1. Nýr liður:
Til Einars Þorkelssonar, fyrv. skrifstofustjóra, sjúkrastyrkur ... ... — 1000,00

III. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 9. gr. 2. (Þór).
Fyrir »15000,00« kemur: ... ... — 10000,00
2. Við 10. gr. 4. Nýr liður:
Alt að 30000 kr. til kembivjela á Húsavik. Lánið er veitt til 20 ára, með $5^1/_2$% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

IV. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 10. gr. 4. Nýr liður:
Alt að 7000 kr. til Sigurðar bónda Lýðssonar á Hvoli i Dalasýslu, til að endurreisa býlið Svínadalssel í Saurbæjarhreppi. Lánið er veitt til 20 ára, með $5^1/_2$% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

V. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 11. gr. 2. Nýr liður:
Alt að 30000 kr. til niðursuðufjelags, er Konráð Stefánsson gengst fyrir, ef fyrirtækinu er fyrir fram trygt nægilegt stofnfje og rekstrarfje.

(B. LXXXVIII, 5).

Ed. **624. Frumvarp**

til laga um lífeyri banda fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis Einari Þorkelssyni.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis Einari Þorkelssyni greiðast árlega úr ríkissjóði 2500 krónur í lífeyri, ásamt verðstuðulsuppbót eftir ákvæðum launalaganna, frá 1. janúar 1924 að telja.

(A. XXIX, 28).

Nd. **625. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

I. Frá *dómsmálaráðherra.*
Við 5. gr. Nýr liður á undan 1.:
Til þess að bæta íslenskum námsmönnum erlendis upp gengismun á fjársendingum heiman að ... kr. 4000,00

II. Frá *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 10. gr. 4. Nýr liður.
Til R. Andersson skraddara, til þess að sauma landsforða af karlmannafatnaði úr íslenskum dúkum til gjaldeyrissparnaðar, 20000 kr. Lánið er veitt til 12 ára, með 5½% í vexti, afborgunarlaust tvö fyrstu árin, gegn tryggingu, sem stjórnin tekur gilda.

(A. XXIX, 29).

Ed. **626. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1923, eru veittar 381290 kr. til gjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 10. gr. fjárlaganna (til ráðuneytisins) eru veittar 3000 kr. Dýrtíðaruppbót til núverandi ráðherra fyrir 1922, 1500 kr. til hvors, kr. 3000,00.

3. gr.

Til viðbótar við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) eru veittar 60235 kr.
1. Styrkur til læknisvitjana handa Reykhólahjeraði:

	a. fyrir árið 1922	kr. 250,00		
	b. fyrir árið 1923	— 250,00	kr.	500,00
2.	Til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Blönduósi, þriðjungur kostnaðar, alt að		—	17000,00
3.	Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Síðuhjeraði, þriðjungur kostnaðar, alt að		—	10000,00
4.	Til sjúkrahúss á Sauðárkróki, þriðjungur kostnaðar, alt að		—	4200,00
5.	Til útgáfu ljósmóðurfræði, viðbótarstyrkur		—	2000,00
6.	Til geislalækningastofu ríkisins, til nýrra tækja..		—	4800,00
7.	Til geitnalækninga, $^3/_5$ kostnaðar...		—	3000,00
8.	Til breytingar á Röntgentækjunum á Akureyri, helmingur kostnaðar, alt að		—	5000,00
9.	Til Halls Hallssonar tannlæknis, til áhaldakaupa, enda setjist hann að á Austurlandi		—	1500,00
10.	Til Guðnýjar Jónsson, styrkur til að ljúka hjúkrunarnámi ...		—	1000,00
11.	Sjúkrakostnaður nokkurra taugaveikisjúklinga í Flensborgarskólanum		—	1635,00
12.	Til Sigvalda læknis Stefánssonar Kaldalóns, sjúkrastyrkur ...		—	1500,00
13.	Til Benedikts Björnssonar, til að leita sjer lækninga við sjóndepru		—	2500,00
14.	Til Páls Vigfússonar, til að leita sjer lækninga við berklaveiki		—	1600,00
15.	Til Elínar Sigurðardóttur, í sama skyni		—	1000,00
16.	Til yfirlæknisins á Vífilsstöðum, til þess að sækja fund berklalækna í Kristjaníu		—	2000,00
17.	Til Kristjáns Jónassonar, veitingamanns i Borgarnesi, til þess að bæta honum að nokkru tjón, er hann beið við sóttkvíun		—	1000,00
			Samtals kr.	60235,00

4. gr.

Til viðbótar við 13. gr. fjárlaganna (samgöngumál) eru veittar 136400 kr.

1.	Styrkur til bifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir ... Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir, með endastöðvum í Garðsauka og á Húsatóftum.		kr.	2000,00
2.	Til dragferjuhalds:			
	a. Á Skjálfandafljóti	kr. 300,00		
	b. Á Blöndu.	— 300,00	—	600,00
3.	Aukastyrkur til Djúpbátsins (póstbátsins á Ísafjarðardjúpi)	kr. 8000,00		
	og til Breiðafjarðarbátsins Svans	— 10000,00	—	18000,00
	Styrkirnir eru því skilyrði bundnir, að bátarnir fái			
			Flyt kr.	20600,00

	Flutt	kr.	20600,00
	annarsstaðar að eftirgjöf á skuldum eða styrk, er nemi jafnmikilli upphæð og ríkissjóðsstyrkurinn.		
4.	Viðbótarlína frá Reykjarfjarðarsíma að Kaldrananesi	—	6500,00
5.	Til uppbótar á launum starfsmanna landssímans og talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, samkv. tillögum landssímastjóra, þó svo, að efnisvörður landssímans, Steindór Björnsson, fái 200 kr. fyrir hvert barna sinna	—	19300,00
6.	Til vitabygginga 1921 og 1922 (gengismunur)	—	75000,00
7.	Styrkur til byggingar innsiglingarvitanna við Berufjörð	—	4000,00
8.	Til að endurreisa stikur á Kálfafellsmelum og Skeiðarársandi og til sjómerkja	—	11000,00
	Samtals	kr.	136400,00

5. gr.

Til viðbótar við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) eru veittar 12180 kr.

1.	Til þess að bæta íslenskum námsmönnum erlendis upp gengismun á fjársendingum heiman að	kr.	4000,00
2.	Til þess að kaupa »Diathermi«-áhald, alt að	—	4000,00
3.	Til Einars Jónssonar, kennara við stýrimannaskólann, uppbót	—	1180,00
4.	Til kvennaskólans í Reykjavík, viðbótarstyrkur	—	1000,00
5.	Til sama skóla, til áhaldakaupa	—	1000,00
6.	Til kvennaskólans á Blönduósi, viðbótarstyrkur	—	1000,00
	Samtals	kr.	12180,00

6. gr.

Til viðbótar við 15. gr. fjárlaganna (vísindi og listir) eru veittar 36400 kr.

1.	Til aðgerða á Þingvöllum			kr.	3000,00
2.	Til aðgerða á Bessastaðakirkju			—	450,00
3.	Til Þjóðmenjasafnsins, vegna forngripakaupa 1922			—	1000,00
4.	Til að gera eirsteypu af minnismerki Einars Jónssonar um Hallgrím Pjetursson			—	4000,00
5.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna, föst laun fyrir þrjá síðustu mánuði ársins, auk dýrtíðaruppbótar			—	1250,00
6.	Til orðabókar Sigfúsar Blöndals (lokaveiting)			—	15000,00
7.	Til ritstarfa:				
	a. Til dr. Helga Pjeturss	kr.	1600,00		
	b. Til Jakobs Thorarensens	—	800,00		
	c. Til Stefáns frá Hvitadal	—	800,00		
				—	3200,00
8.	Til Hjálmars Lárussonar hins oddhaga			—	500,00
9.	Til Emanuel Cortes yfirprentara, til að sækja prentlistarsýningu í Gautaborg sumarið 1923			—	2500,00
	Flyt			kr.	30900,00

	Flutt	kr.	30900,00
10.	Til sögukennarans við háskólann, til þess að sækja sagnfræðingafund í Gautaborg	—	2000,00
11.	Til hljóðfæraskólans í Reykjavík	—	1000,00
12.	Fyrsta afborgun af andvirði fyrir handrit dr. Jóns J. Aðils um sögu Íslands	—	2500,00
	Samtals	kr.	36400,00

7. gr.

Til viðbótar við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) eru veittar 111100 kr.

1.	Til Einars Sæmundsens skógarvarðar, húsaleiguuppbót	kr.	600,00
2.	Til framhalds hafnargarði á Sandi alt að	—	10000,00
3.	Til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungarvík	—	20000,00
4.	Til sjóvarnargarðs á Siglufirði, gegn jafnmiklu frá kaupstaðnum og gegn því, að kaupstaðurinn skuldbindi sig til að halda við mannvirkinu eftir sömu hlutföllum	—	30000,00
5.	Til bryggjugerða, þriðjungur kostnaðar:		
	a. Til hafskipabryggju á Reyðarfirði (endurveiting) alt að ... ... kr. 12000,00		
	b. Til Blönduósbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	c. Til Skagastrandarbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	d. Til Stokkseyrarbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	e. Til Ólafsfjarðarbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	f. Til Stykkishólmsbryggju ... ... — 8000,00		
		—	32000,00
6.	Til rannsóknar Andakílsfossanna, helmingur kostnaðar, alt að	—	3000,00
7.	Til að dýpka siglingaleið að Stokkseyri, þriðjungur kostnaðar (endurveiting), alt að	—	8000,00
8.	Til Jóns Magnússonar yfirfiskimatsmanns í Reykjavík, launauppbót	—	1000,00
9.	Til Árna Gislasonar yfirfiskimatsmanns á Ísafirði, launauppbót	—	600,00
10.	Til Þorvalds stúdents Arnasonar, til lokanáms við ullarverksmiðju á Englandi	—	3000,00
11.	Til Guttorms Pálssonar, eftirstöðvar af byggingarkostnaði árið 1921	—	1900,00
12.	Til Kvenrjettindafjelags Íslands	—	1000,00

Landsstjórnin hefir verkfræðilegt eftirlit með því, að verk þau, sem um getur i liðunum 2—4 og 7, verði tryggilega af hendi leyst.

	Samtals	kr.	111100,00

8. gr.

Til viðbótar við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) eru veittar 975 kr.

1.	Til Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum...	kr.	300,00
2.	Til Sigríðar Fjeldsted læknisekkju	—	375,00
3.	Til Elísabetar Jónsdóttur, ekkju Pjeturs Guðmundssonar kennara á Eyrarbakka	--	300,00
	Samtals	kr.	975,00

9. gr.

Til viðbótar við 19. gr. fjárlaganna (óviss gjöld) eru veittar 21000 kr.

1.	Til Gísla sýslumanns Sveinssonar, sjúkrastyrkur 1921	kr.	3000,00
2.	Til Einars Þorkelssonar, fyrv. skrifstofustjóra, sjúkrastyrkur..	—	1000,00
3.	Til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, til að standast kostnað við aðgerð á e/s. Þór, 1/3 kostnaðar þess, er fjelaginu ber að borga, alt að	—	15000,00
4.	Til Jóns Gíslasonar, Laugavegi 20 í Reykjavík, uppbót... ...	—	2000,00
	Samtals	kr.	21000,00

10. gr.

Til viðbótar við 21. gr. fjárlaganna er stjórninni heimilt að veita eftirfarandi lán úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi:

1. Alt að 16000 kr. til Skeiðaáveitufjelagsins til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið er vaxtalaust fyrstu tvö árin.
2. Alt að 8000 kr. handa efnilegum mönnum til lokanáms erlendis, gegn tryggingum, er stjórnin telur nægja. Lánin skal veita til 10 ára, með 5½% vöxtum, og skulu þau vera afborgunarlaus í 2—4 ár, eftir ástæðum.
3. Alt að 30000 kr. til endurbyggingar sjóvarnargarðinum á Siglufjarðareyri. Lánið veitist til 15 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð bæjarfjelagsins.
4. Alt að 20 þúsund krónum til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið veitist til 20 ára, gegn 5½% vöxtum.
5. Alt að 30000 kr. til kembivjela á Húsavík. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.
6. Til R. Andersson skraddara, til þess að sauma landsforða af karlmannafatnaði úr íslenskum dúkum til gjaldeyrissparnaðar, 20000 kr. Lánið er veitt til 12 ára, með 5½% í vexti, afborgunarlaust tvö fyrstu árin, gegn trygging, sem stjórnin tekur gilda.
7. Alt að 7000 kr. til Sigurðar bónda Lýðssonar á Hvoli í Dalasýslu, til að endurreisa býlið Svínadalssel í Saurbæjarhreppi. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

Viðlagasjóðslán h.f. Hvítárbakka skal standa afborgunarlaust 3 ár.

11. gr.

I. Stjórninni er heimilt að ábyrgjast eftirfarandi lán:

1. Alt að 30000 kr. til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Vestmannaeyja.

2. Alt að 15000 kr. til Hvítárbakkaskólans, ef stjórninni þykir það lán nægilega trygt.
3. Alt að 30000 kr. til niðursuðufjelags, er Konráð Stefánsson gengst fyrir, ef fyrirtækinu er fyrir fram trygt nægilegt stofnfje og rekstrarfje.

II. Stjórninni er heimilt að greiða hjeraðssambandi U. M. F. Vestfjarða styrk þann, er í þessa árs fjárlögum, 14. gr. XV., er ætlaður til húsmæðrakenslu á Ísafirði.

(A. XXIX, 30).

Ed. **627. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923 (á þingskj. 626).

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 3. gr. 16. Nýr liður:
Til Jóns læknis Jónssonar, styrkur til að leita sjer heilsubótar erlendis ... ... kr. 1500,00
2. — 3. — 17. (Kristján Jónasson):
Liðurinn fellur niður.
3. — 4. — 5. Liðurinn verður þannig:
Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og Steindórs Björnssonar efnisvarðar, 200 kr. með hverju barna hans... ... ... — 10240,00
4. — 5. — 1. (Gengismunur á fjársendingum ísl. námsm.):
Liðurinn fellur niður.
5. — 5. — 2. (»Diathermi«-áhald):
Liðurinn fellur niður.
6. — 5. — 4. (Kvennaskólinn í Rvík):
Fyrir »1000,00« kemur ... ... — 2000,00
7. — 8. — 3. Nýr liður:
Til Sigurðar Magnússonar læknis frá Patreksfirði ... ... — 500,00
8. — 10. — 6. (Reinh. Andersson):
Liðurinn fellur niður.
9. — 11. — 3. (Niðursuðufjel. Konr. Stefánssonar):
Liðurinn fellur niður.

(A. XXIX, 31).

Ed. **628. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923 og við brtt. á þskj. 627.

Frá Guðm. Guðfinnssyni.

1. Við 4. gr. 1. (Bifreiðaferðir).
   Fyrir »2000,00« kemur ... ... kr. 3000,00
2. Við brtt. 627, 5.
   Liðinn skal orða svo:
   Til þess að kaupa »Diathermi«-áhald, alt að ... ... — 3500,00
3. Við 6. gr. 10.
   Liðinn skal orða svo:
   Til að senda fulltrúa á sagnfræðingafund i Gautaborg ... ... — 2000,00

(B. LXXVII, 6).

Ed. **629. Lög**

um breyting á lögum um friðun á laxi, frá 19. febrúar 1886.

(Afgreidd frá Ed. 11. mai).

1. gr.

Ölfusá skal undanþegin þeim ákvæðum i 1. gr. laga um friðun á laxi, frá 19. febrúar 1886, sem tilfærð eru hjer á eftir innan tilvitnunarmerkja og hljóða þannig: »A þessum veiðitima skal þó lax friðaður 36 stundir í viku hverri, eða frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum, og skulu þá öll laxanet tekin upp og allar veiðivjelar standa opnar, svo lax hafi frjálsa göngu«.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 15. júní 1923.

(B. LXV, 5).

Ed. **630. Lög**

um sandgræðslu.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

1. gr.

Landsstjórnin hefir yfirstjórn sandgræðslumála í landinu. En öll forstjórn opinberra ráðstafana til sandgræðslu og varnar gegn uppblæstri og sandfoki á landi skal falin Búnaðarfjelagi Íslands, en það skal hafa í sinni þjónustu sandgræðslumann, skipaðan af landsstjórninni, með sjerþekkingu á sandgræðslu.

2. gr.

Heimilt er landsstjórninni að láta girða svæði, sem uppblásturshætta getur stafað af, í þeim tilgangi, að þar verði unnið að sandgræðslu, bæði til þess að koma í veg fyrir uppblástur, svo og til þess að græða foksvæðin að fullu. Allan þann tíma, sem að sandgræðslunni er unnið, hefir landsstjórnin full umráð yfir því svæði, sem sandgræðslan fer fram á, og verður landeigandi að hlíta þeim reglum, sem að sandgræðslunni lúta.

3. gr.

Landsstjórnin ákveður, í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefndir og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, hver svæði skuli tekin til girðingar og sandgræðslu.

Sá, er óskar að fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, sendi Búnaðarfjelagi Íslands beiðni um það, og lætur fylgja ítarlega skýrslu um ástæður allar.

Þau svæði skulu að öðru jöfnu vera látin ganga fyrir, þar sem eigendur, hlutaðeigandi hreppur eða sýsla bjóða mest fje fram til verksins.

4. gr.

Kostnaður við girðingu, græðslu og viðhald foksvæðis eða sandgræðslusvæðis skal greiddur að ½ úr ríkissjóði, en að ½ af landeiganda. Ábyrgð hlutaðeigandi hrepps eða sýslu skal fengin fyrir því, að landeigandi greiði sinn hluta af kostnaðinum jafnótt og þörf krefur, og veitist aldrei lán úr ríkissjóði til þess hluta kostnaðarins. Allur arður af girtu sandgræðslusvæði skal ganga óskiftur til viðhalds og græðslu þess, þar til fram er farin afhending sú, er getur um í 10. grein.

5. gr.

Land, sem uppblástur eða sandfok er á og hætta stafar af, en eigend-

ur þess, hlutaðeigandi hreppur eða sýsla vilja ekki kosta græðslu á, getur landsstjórnin tekið eignarnámi.

Eignarnámið skal fram fara eftir fyrirmælum laga nr. 61, 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms. Nú hefir foksvæði verið tekið eignarnámi, og er þá landsstjórninni skylt að láta byrja á sandgræðslu þar svo fljótt sem unt er.

6. gr.

Nú selur landsstjórnin landssvæði það, sem tekið hefir verið eignarnámi, og skal þá eigandi jarðar þeirrar, sem landið hefir áður fylgt, eiga forkaupsrjett að því. Afsali hann sjer forkaupsrjetti, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 4, 28. nóv. 1919, um forkaupsrjett á jörðum.

7. gr.

Á þeirri jörð, sem unnið er að sandgræðslu á, er þeim, sem umsjón hefir með verkinu fyrir hönd ríkisins, heimilt að taka endurgjaldslaust það efni, sem nota má við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, grassvörð, hús, viðikvisti, slægjur, þara, þang, leir, fræ og annað, er nota þarf við sandgræðsluna. Einnig er honum heimil hagaganga fyrir hesta, sem nota þarf til vinnu. Sje hinsvegar um landspjöll eða skerðing á venjulegum jarðarafnotum að ræða, getur landeigandi eða ábúandi krafist bóta eftir mati.

8. gr.

Ef einstakir menn setja girðingar fast við sandgræðslugirðingar eða áfastar við þær án leyfis, skulu hlið vera á þeim, eigi fjær en 50 m., svo að hægt sje að vinna tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunum og fara í kringum þær til eftirlits.

9. gr.

Ekki má óupphleyptur vegur liggja um girt sandgræðslusvæði nje svo nærri girðingunni, utanvert við hana, að umferðin þar geti valdið uppblæstri. Nú þarf af þessum ástæðum að gera girðingar eða vegi, og skulu þá girðingarnar kostaðar á sama hátt og sandgræðslan, en vegirnir af hreppum eða sýslum, og eru þeir sandgræðslunni óviðkomandi.

10. gr.

Þegar sandfokið er hætt og svæðið gróið, fær landeigandi umráð yfir því, hafi þeim ákvæðum um greiðslu til sandgræðslunnar, sem getið er í 4. gr., verið fullnægt. Skylt er þó landeiganda að hlíta þeim reglum um notkun þess, sem stjórnin setur til varnar því, að uppblástur byrji að nýju. Landeigandi eignast þá girðinguna, en er eftir það skyldur til þess að halda henni við á sinn kostnað, þar til sandgræðslustjórnin gefur leyfi til þess að taka hana upp og fullvist þykir, að uppblásturshætta sje úti.

11. gr.

Nú fellur niður greiðsla á gjaldi því, er landeiganda ber að greiða samkvæmt 4. gr., og getur þá landsstjórnin látið taka foksvæðið eignarnámi samkvæmt ákvæðum 5. gr., og skal matið miðað við verðgildi svæðisins áður en sandgræðslan byrjaði, að viðbættum helmingi af þeim verðauka, sem sandgræðslan hefir komið til leiðar.

12. gr.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefir aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkvæmt 9. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sje ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna. Vanræki hann nauðsynlega vinnu, sem honum ber að vinna til varnar uppblæstri, hefir sandgræðslustjórnin rjett til þess að láta vinna verkið á hans kostnað.

13. gr.

Búnaðarfjelag Íslands skal hafa yfirumsjón með sandgræðslusvæðunum og girðingum um þau, einnig eftir að þau eru afhent eiganda til umráða. En hlutaðeigandi hreppstjóri skal hafa eftirlit með þeim. Ef girðing skemmist áður en svæðið er afhent eiganda til umráða, skal eigandi jarðarinnar, eða ábúandi, skýra hreppstjóra tafarlaust frá skemdunum. Hreppstjóra er þá skylt að sjá um, að gert sje við girðinguna svo fljótt, sem unt er, en ábúandi skal verja svæðið fyrir ágangi af skepnum á meðan. Verði hreppstjóri þess var, að ábótavant sje meðferð sandgræðslusvæðisins, eða að aftur sjeu byrjaðar skemdir af uppblæstri á því, eftir að það er gróið, skal hann gera Búnaðarfjelaginu aðvart um það svo fljótt sem kostur er. Skylt er Búnaðarfjelaginu að gefa landsstjórninni árlega skýrslu um allar framkvæmdir við sandgræðsluna, viðhald hennar og árangur, svo og reikning yfir tekjur og gjöld við starfræksluna.

14. gr.

Búnaðarfjelagið semur árlega áætlun fyrir hvert sandgræðslusvæði og sendir landeiganda, eða hlutaðeigandi hreppstjóra, fyrir 15. febrúar. Umsóknir um styrk úr landssjóði til sandgræðslu skulu sendar til Búnaðarfjelags Íslands fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til landssjóðs, 50—1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um sandgræðslu, nr. 20, 2. nóvember 1914.

(B. XX, 7).

Ed. **631. Lög**

um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavikur.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

1. gr.

Jarðirnar Breiðholt, Bústaðir og Eiði í Seltjarnarneshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur frá fardögum 1923 að telja. Frá sama tíma skal og rafmagnsstöðin við Elliðaár ásamt íbúðarhúsi og lóð, svo og Elliðaárnar með árhólmanum, árfarvegunum og landi á austurbökkum ánna, er þarf til byggingar þeirra mannvirkja, er þurfa þykir framvegis til hagnýtingar vatnsorkunnar að fullu og vegna laxveiðinnar og starfrækslu hennar, úr landi jarðanna Ártúns og Árbæjar í Mosfellshreppi, lögð undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Seltjarnarneshreppi, vegna fæðingar eða dvalar á einhverjum af jörðunum Breiðholti, Bústöðum eða Eiði.

Á sama tíma skal Reykjavíkurkaupstaður greiða Seltjarnarneshreppi, í eitt skifti fyrir öll, tólf þúsund krónur og Mosfellshreppi þrjátíu og sjö þúsund krónur. Þessi síðarnefnda upphæð greiðist með skuldabrjefi, er ber 4% ársvexti og afborgast með eitt þúsund krónum á ári.

3. gr.

Íbúum Seltjarnarneshrepps skal heimilt vatn og rafmagn frá vatnsveitu og rafmagnsveitu Reykjavíkurkaupstaðar til heimilis- og búsþarfa, enda hliti þeir þeim ákvæðum, sem sett eru eða sett verða um notkun vatns og rafmagns og meðferð veitutækja. Svo skulu þeir og greiða sjálfir allan aukakostnað, er veitan heim til þeirra hefir í för með sjer, og endurgjald fyrir vatnsnotin og rafmagnsnotin eftir mati, nema samkomulag verði.

(A. XXIII, 6).

Ed. **632. Fjáraukalög**

fyrir árin 1920 og 1921.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1920 og 1921, veitast kr. 4340298,38 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 10. gr. veitast kr. 101649,27.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
A. Ráðuneytið o. fl.			
Við 2. Utanferðir ráðherra	6109,59		
— 5. Ríkisfjehirðisstörf	6497,88	8366,23	
— 6. Umbætur og viðhald húsa	10159,54	14077,21	
	22767,01	22443,44	45210,45
B. Hagstofa Íslands.			
Við 3. Pappír, prentun o. fl.	2741,14	3184,32	
— 4. Prentun eyðublaða...	4025,03	3133,92	
— 5. Húsaleiga m. m.	3749,51	3180,41	
— 6. Aðstoð og skrifstofukostnaður	4794,64	8914,76	
	15310,32	18413,41	33723,73
C. Gjöld í Kaupmannahöfn.			
Við 1. d. Skrifstofuhald sendiherra..	5846,00	16869,09	22715,09
		Samtals	101649,27

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. veitast kr. 259778,40.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
A. Dómgæsla og lögreglustjórn.			
Við 2. Skrifstofa bæjarfógeta í Reykjavik:			
— — a. Laun	3960,00	6408,00	
— — b. Húsaleiga		1800,00	
— — c. Hiti, ljós og ræsting...	660,00	1700,00	
— — d. Ýms gjöld	680,00	1432,00	
Flyt	5300,00	11340,00	

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
Flutt	5300,00	11340,00	
Við 3. Skrifstofa lögreglustjóra i Reykjavík:			
— — a. Laun fulltrúa o. fl.	5664,34	9420,66	
— — b. Laun tollvarða	3063,35	8321,99	
— — c. Húsaleiga	2262,50	4100,00	
— — d. Hiti og ljós	1394,14	1631,87	
— — e. Ýms gjöld	16150,16	16327,68	
— 4. Hegningarhús og viðhald fangelsa ...	14221,97	18225,54	
— 5. Sakamálakostnaður m. m.	7601,00	7095,44	
— 6. Borgun til sjódómsmanna	478,00	558,00	
— 7. Borgun til setudómara	2685,40	278,78	
	58820,86	77299,96	136120,82

B. Ýmisleg gjöld.

Við 1. b. Pappir og prentun	10858,70	32785,20	
— 2. a. Endurgjald burðareyris	8670,78	11983,98	
— — b. Embættisskeyti	8362,33	25578,69	
— 3. Brunaábyrgðargjald o. fl.	3114,96	9350,27	
— 4. Embættiseftirlitsferðir	5418,22	3439,80	
— 7. Yfirskattanefndir m. m.	1848,00	891,00	
— 8. Útgáfa fasteignabókar		1355,65	
	38272,99	85384,59	123657,58
		Samtals	259778,40

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. veitast kr. 690794,54.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
Við 2. Skrifstofukostnaður landlæknis ...	2900,00	2525,00	
— 20. Starfræksla Röntgenáhalda	6274,66	10822,25	
— 23. Holdsveikraspítalinn	118813,44	46594,17	
— 24. Geðveikrahælið á Kleppi	106066,14	74187,48	
— 25. Heilsuhælið á Vífilsstöðum...	221345,90	98170,00	
— 29. f. Heilbrigðiseftirlit með skólum ...	1152,90	1942,60	
	456553,04	234241,50	
		Samtals	690794,54

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast kr. 1885290,57.

			1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
		A. Póstmál.			
Við	1.	c. Laun brjefhirðingamanna	489,00	1290,67	
—	2.	Póstflutningur	50079,64	62148,00	
—	3.	a. b. Skrifstofukostnaður póstmeistara		434,61	
—	—	c. Skrifstofukostnaður utan Rvíkur. ...	1519,56	4466,57	
—	—	d. Húsaleiga á stærri póstafgreiðslum	456,67	1090,00	
—	—	e. Önnur gjöld	83621,44	33426,00	
			136166,31	102855,85	239022,16
		B. Vegabætur.			
Við	I.	1. b. Ferðakostnaður og fæðispeningar	1801,15	1502,60	
—	—	2. Aðstoð og mælingar	6890,97		
—	—	3. Skrifstofukostnaður	3633,46	5342,68	
—	II.	1. Húnvetningabraut	13082,07		
—	—	3. Grímsnesbraut	12713,68		
—	—	5. Viðhald flutningabrauta	122880,88	57111,67	
—	III.	2. Norðurárdalsvegur	20346,46		
—	—	7. Dalasýslu-þjóðvegur.		4082,15	
—	—	10. Suðursveitarvegur	339,10		
—	—	11. Aðrar vegabætur og viðhald. ...	33229,96	21088,43	
—	V.	1. Til áhalda	93494,71	9877,39	
—	—	2. Áhöld við Flóabraut	4652,71		
—	VI.	Akfærir sýsluvegir	14945,58		
			328010,73	99004,92	427015,65
		D. Hraðskeyta- og talsímasamband.			
Við	II.	Viðauki símakerfa o. fl.	18861,54	4387,20	
—	III.	a.—e. Lagning nýrra lína. ...	80138,46	40612,80	
—	IV.	3. Aðstoð og annar kostnaður ...	18238,94	25720,08	
—	—	5. Þráðlaus stöð i Reykjavík ...	14466,29	18725,67	
—	—	6. Áhalda- og efnisvörður	1231,62	2356,50	
—	—	7. Ritsímastöð á Akureyri	27195,57	30396,80	
—	—	8. Ritsímastöð á Seyðisfirði	26510,11	28345,82	
—	—	9. Ritsimastöð á Ísafirði	18273,48	22588,16	
—	—	10. Símastöð á Borðeyri	14879,64	16638,04	
—	—	11. Símastöð í Hafnarfirði	8401,72	8461,78	
		Flyt	228197,37	198232,85	666037,81

		1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
	Flutt	228197,37	198232,85	666037,81
Við IV. 12.	Símastöð í Vestmannaeyjum ...	24605,53	17928,78	
— — 13.	Símastöð í Flatey	2589,58	2643,83	
— — 14.	Símastöð á Siglufirði.	462,67	16143,38	
— — 17.	Eftirlitsstöð o. fl.	39846,61	54388,59	
— V.	Eyðublöð m. m..	37828,34	21014,18	
— VI.	Viðbót og viðhald stöðva. ...	16446,02	18535,39	
— VIII.	Viðhald landssímanna	99842,17	69693,79	
— IX.	Alþjóðaskrifstofan í Bern.. ...	460,70	1185,24	
	Símritunarskóli í Reykjavík ...	1909,81		
	Bæjarsími Reykjavíkur		46135,94	
		452188,80	445901,97	898090,77
	E. Vitamál.			
Við I. 3.	Skrifstofuhald	2223,55	2320,06	
— — 4.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	2613,50	94,95	
— III.	Rekstrarkostnaður	42162,93	46405,47	
— IV. 1.	Svalvogaviti	8523,58		
— — 2.	Galtarviti...	32854,53		
— — 3.	Gjögurviti		57595,21	
— — 4.	Hríseyjarviti	10296,36		
— V. 5.	Sjómerki...	858,28	847.83	
— VI.	Ýmislegt	39305,42	5060,32	
	Til gjalda ennfremur	70000,00		
		208838,15	112323,84	321161,99
			Samtals	1885290,57

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. veitast kr. 230211,01

		1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
	A. Andlega stjettin.			
Við a. 2.	Skrifstofukostnaður biskups	2839,00	3200,00	6039,00
	B. Kenslumál.			
	I. Háskólinn.			
Við h.	Hiti, ljós o. fl.	11619,86	7926,50	
— e. 4.	Ýms gjöld...	7138,71	7114,55	
		18758,57	15041,05	33799,62
			Flyt	39838,62

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
		Flutt	39838,62
III. Mentaskólinn.			
Við c. 3. Eldiviður, ljós o. fl.	6539,42	1320,20	
— — 4. Skólahúsið utan og innan	3148,59	7512,12	
— — 9. Vísindaleg áhöld	2620,34	63,05	
— — 10. Ýmisleg gjöld	458,26	863.63	
— — 12. Áhöld við fimleika...	57,95		
— — 13. Verðlaunabækur	33,80		
	12858,36	9759,00	22617,36
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.			
Við b 2. Tímakensla	1801,00	2436,00	
— — 3. Bækur og kensluáhöld	1138,75	1207,95	
— — 4. Eldiviður og ljós	10628,95		
— — 5. Námsstyrkur		400,00	
— — 8. Ýmisleg gjöld	3049,71	5508,38	
	16618,41	9552,33	26170,74
V. Kennaraskólinn.			
Við b. 1. Tímakensla	19,49	4638,00	
— — 2. Eldiviður og ljós	2219,25	1356,44	
— — 3. Bókakaup og áhöld...	290,51	6,45	
— — 5. Til viðhalds	1438,95	169,50	
— — 6. Ýmisleg gjöld	807,59	1398,73	
	4775,79	7569,12	12344,91
VI. Stýrimannaskólinn.			
Við b. 3. Eldiviður og ljós	2063,49		
— — 4. Ýmisleg gjöld	746,02	1279,06	
	2809,51	1279,06	4088,57
VII. Vjelstjóraskólinn.			
Við b. 2. Húsnæði m. m.	635,00	600,00	
— — 3. Ljós og hiti	,1361,00	825,00	
— — 4. Ýmislegur kostnaður		282,36	
	1996,00	1707,36	3703,36
VIII. 1. Bændaskólinn á Hólum.			
Við c. Smíða- og dráttlistarkensla	800,00	1000,00	
— d. 3. Eldiviður og ljós	9921,02	5955.17	
— — 4. Ýmisleg gjöld	4019,60		
	14740,62	6955,17	21695,79
		Flyt	130459,35

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
		Flutt	130459,35
VIII. 2. Bændaskólinn á Hvanneyri.			
Við c. Smíða- og leikfimiskensla		800,00	
— d. 2. Kensluáhöld	480,80	114,09	
— — 3. Eldiviður og ljós		6692,23	
— — 4. Ýmisleg gjöld	188,20	2140,40	
	669,00	9746,72	10415,72
VIII. 3. Skólinn á Eiðum.			
Við c. 2. Kensluáhöld o. fl.	1168,75		
— — 5. Ýmisleg gjöld	1831,25		
— — Önnur gjöld		8792,00	
	3000,00	8792,00	11792,00
XI. Yfirsetukvennaskólinn.			
Við 2. b. Annar kostnaður	718,55	3618,81	
— 3. Styrkur til námskvenna	10270,00	8835,00	
— 4. Húsaleiga o. fl.	690,00	660,00	
	11678,55	13113,81	24792,36
XII. Til kvennaskóla.			
Við 1. a. Kvennaskólinn i Reykjavík	11500,00	11500,00	23000,00
XIII. Barnafræðsla.			
Við 5. Prófdómarar	2844,50	3993,75	
	2844,50	3993,75	6838,25
XVI. Kensla heyrnar- og málleysingja.			
Kenslukostnaður	11213,33	11700,00	22913,33
		Samtals	230211,01

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. veitast kr. 80488,32.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
1. Landsbókasafnið.			
Við f. Bókakaup o. fl.	1500,00		
— j. Ýmisleg gjöld		4500,00	
	1500,00	4500,00	6000,00
		Flyt	6000,00

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
		Flutt	6000,00
5. Landsbókasafnshúsið.			
Við a. Eldiviður, ljós o. fl.	27412,67	7265,30	
— b. Áhöld og viðhald	5178,46	14536,61	
	32591,13	21801,91	54393,04
16. Útgáfa dómasafns.			
Útgáfukostnaður	5199,34	388,75	5588,09
25. Útgáfa íslensk-enskrar orðabókar.			
Geir T. Zoëga rektor		2500,00	2500,00
42. Veðurathuganir.			
Kostnaður		10807,19	10807,19
55. Efnafræðinám.			
Trausti Ólafsson	1200,00		1200,00
		Samtals	80488,32

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. veitast kr. 21217,22.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
Við 9. Framhald landmælinga...	11030,43		
— 13. d. Efnarannsóknarstofa, ljós o. fl. ...		500,00	
— 13. e. Málmbræðsluofn	1706,54		
— 20. b. Ferðakostnaður fiskimatsmanna...	260.00	2230,60	
— 21. b. Ferðakostnaður síldarmatsmanna.	1048,30	651,15	
— 22. b. Ferðakostnaður ullarmatsmanna ..	1668,05	2122,15	
	15713,32	5503,90	21217,22
		Samtals	21217,22

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. og 24. gr. veitast kr. 1070869,05.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls. kr.
a. Óviss útgjöld	344722,31	290816,34	
b. Væntanleg fjáraukalög...	30496,59	143594,86	
c. Þingsályktanir	233213,83	28025,12	
	608432,73	462436,32	1070869,05
		Samtals	1070869,05

(A. XXV, 4).

Ed. **633. Lög**

um samþykt á landsreikningnum 1920 og 1921.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

		Áætlun	Reikningur
		kr.	kr.
	I. Tekjur:		
1.	Ábúðar- og lausafjárskattur	200000	404861,28
2.	Húsaskattur	80000	148212,00
3.	Tekjuskattur	800000	1646095,08
4.	Dýrtíðar- og gróðaskattur	200000	
5.	Aukatekjur	240000	521761.15
6.	Erfðafjárskattur	34000	114052,18
7.	Vitagjald	200000	333023,24
8.	Leyfisbrjefagjöld	16000	26303,33
9.	Gjald af Kínalífselixír	20000	6733,34
10.	Útflutningsgjald	1200000	1455935,58
11.	Áfengistollur	250000	691427,14
12.	Tóbakstollur	800000	1019906,50
13.	Kaffi- og sykurtollur	1050000	1151557,21
14.	Vörutollur	1500000	2695620,31
15.	Annað aðflutningsgjald	120000	145774,10
16.	Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð	20000	64291,68
17.	Stimpilgjald	950000	2916848,62
18.	Pósttekjur	400000	704371,00
19.	Símatekjur	1100000	2202783,47
20.	Eftirstöðvar frá f. á. frá sýslumönnum	...	6226,63
21.	Afgjald af jarðeignum ríkissjóðs	36000	106970,35
22.	Tekjur af kirkjum	200	46,68
23.	Tekjur af silfurbergsnámum	200	...
24.	Tekjur af skipum	700000	350000,00
25.	Tekjur af Íslandsbanka	190000	368391,61
26.	Tekjur af Landsbankanum	127000	191590,98
27.	Tekjur af Ræktunarsjóði	40000	45223,60
28.	Vextir af bankavaxtabrjefum	85000	78030,00
29.	Væntanlega útdregið af þeim brjefum	30000	84200,00
30.	Arður af hlutafje í Eimskipafjelagi Íslands	12000	20000,00
31.	Vextir af innstæðum í bönkum	10000	31641,74
	Flyt ...	10410400	17531878,80

		Áætlun	Reikningur
		kr.	kr.
	Flutt ...	10410400	17531878,80
32.	Greiðslur frá Landsversluninni	154000	4667786,77
33.	Óvissar tekjur	40000	1484856,40
34.	Greiðslur frá prestaköllum	3600	1235,32
35.	Endurgreidd skyndilán embættismanna	1600	812,48
36.	Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur	2000	20794,18
37.	Innanríkislán	... ...	3000000,00
38.	Hluti ríkissjóðs úr enska láninu...	... ...	2747819,67
39.	Bætt við lán hjá ríkissjóði Dana...	... ...	36607,63
	Samtals	10611600	29491791.25

		Áætlun	Reikningur
		kr.	kr.
	II. Gjöld:		
1.	Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	2068743,37	6325480,20
2.	Borðfje Hans Hátignar konungsins	120000	120000
3.	Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	246000	600781,85
4.	Til ráðuneytisins o. fl.:		
	A. Stjórnarráðið..	187000	449222,34
	B. Hagstofa Íslands...	41100	97830,28
	C. Gjöld í Kaupmannahöfn	80000	102715,04
5.	Dómgæsla, lögreglustjórn o. fl.:		
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn	287000	870792,23
	B. Ýmisleg gjöld	308400	590180,10
6.	Útgjöld við læknaskipunina	700270	2182030,36
7.	Til samgöngumála:		
	A. Póstmál...	469200	987757,60
	B. Vegabætur	704200	1020477,76
	C. Samgöngur á sjó..	489000	428117,67
	D. Hraðskeyta- og talsímasamband	1040200	2306073,16
	E. Vitamál...	323650	581077,73
8.	Til kirkju- og kenslumála:		
	A. Andlega stjettin	116012,82	672670,59
	B. Kenslumál	938833,33	1516523,80
9.	Vísindi, bókmentir og listir	454080	591788,96
10.	Verkleg fyrirtæki	980580	1114060,18
11.	Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur.. ...	6200	40082,33
	Flyt ...	9560469,52	20597662,18

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
Flutt ...	9560469,52	20597662,18
12. Eftiriaun og styrktarfje	246374,50	459938,98
13. Óviss útgjöld	40000	675538,65
14. Greiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum	... ...	5052454,92
15. Greitt Landsverslun: Tap á kolum og salti samkvæmt lögum nr. 13 og 28, 1919..	... ...	1487977,54
Samtals...	9846844,02	28273572,27
Tekjuafgangur	... ...	1218218,98
Alls...	... ...	29491791,25

(A. XXIX, 32).

Sþ. **634. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1923, eru veittar 372230 kr. til gjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við 10. gr. fjárlaganna (til ráðuneytisins) eru veittar 3000 kr. Dýrtíðaruppbót til núverandi ráðherra fyrir 1922, 1500 kr. til hvors, kr. 3000,00.

3. gr.

Til viðbótar við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) eru veittar 61735 kr.

1. Styrkur til læknisvitjana handa Reykhólahjeraði:			
a. fyrir árið 1922	kr. 250,00		
b. fyrir árið 1923	— 250,00	kr.	500,00
2. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Blönduósi, þriðjungur kostnaðar, alt að		—	17000,00
3. Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Síðuhjeraði, þriðjungur kostnaðar, alt að		—	10000,00
	Flyt	kr.	27500,00

	Flutt	kr.	27500,00
4.	Til sjúkrahúss á Sauðárkróki, þriðjungur kostnaðar, alt að	—	4200,00
5.	Til útgáfu ljósmóðurfræði, viðbótarstyrkur	—	2000,00
6.	Til geislalækningastofu ríkisins, til nýrra tækja..	—	4800,00
7.	Til geitnalækninga, $^3/_5$ kostnaðar...	—	3000,00
8.	Til breytingar á Röntgentækjunum á Akureyri, helmingur kostnaðar, alt að	—	5000,00
9.	Til Halls Hallssonar tannlæknis, til áhaldakaupa, enda setjist hann að á Austurlandi	—	1500,00
10.	Til Guðnýjar Jónssou, styrkur til að ljúka hjúkrunarnámi ...	—	1000,00
11.	Sjúkrakostnaður nokkurra taugaveikisjúklinga í Flensborgarskólanum	—	1635,00
12.	Til Sigvalda læknis Stefánssonar Kaldalóns, sjúkrastyrkur ...	—	1500,00
13.	Til Benedikts Björnssonar, til að leita sjer lækninga við sjóndepru	—	2500,00
14.	Til Páls Vigfússonar, til að leita sjer lækninga við berklaveiki	—	1600,00
15.	Til Elínar Sigurðardóttur, í sama skyni	—	1000,00
16.	Til yfirlæknisins á Vífilsstöðum, til þess að sækja fund berklalækna í Kristjaníu	—	2000,00
17.	Til Jóns læknis Jónssonar, styrkur til að leita sjer heilsubótar erlendis...	—	1500,00
18.	Til Kristjáns Jónassonar, veitingamanns í Borgarnesi, til þess að bæta honum að nokkru tjón, er hann beið við sóttkvíun	—	1000,00
	Samtals	kr.	61735,00

4. gr.

Til viðbótar við 13. gr. fjárlaganna (samgöngumál) eru veittar 128340 kr.

1.	Styrkur til bifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir ... Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir, með endastöðvum i Garðsauka og á Húsatóftum.	kr.		3000,00
2.	Til dragferjuhalds:			
	a. Á Skjálfandafljóti	kr.	300,00	
	b. Á Blöndu.	—	300,00	
				600,00
3.	Aukastyrkur til Djúpbátsins (póstbátsins á Ísafjarðardjúpi)	kr.	8000,00	
	og til Breiðafjarðarbátsins Svans	—	10000,00	
				18000,00
	Styrkirnir eru því skilyrði bundnir, að bátarnir fái annarsstaðar að eftirgjöf á skuldum eða styrk, er nemi jafnmikilli upphæð og ríkissjóðsstyrkurinn.			
4.	Viðbótarlína frá Reykjarfjarðarsíma að Kaldrananesi	—		6500,00
	Flyt	kr.		27100,00

	Flutt	kr.	27100,00
5.	Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann i Reykjavík og Steindórs Björnssonar efnisvarðar, 200 kr. með hverju barna hans	—	10240,00
6.	Til vitabygginga 1921 og 1922 (gengismunur)	—	75000,00
7.	Styrkur til byggingar innsiglingarvitanna við Berufjörð... ...	—	4000,00
8.	Til að endurreisa stikur á Kálfafellsmelum og Skeiðarársandi og til sjómerkja	—	11000,00
	Samtals	kr.	128340,00

5. gr.

Til viðbótar við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) eru veittar 9180 kr.

1.	Til þess að bæta íslenskum námsmönnum erlendis upp gengismun á fjársendingum heiman að	kr.	4000,00
2.	Til Einars Jónssonar, kennara við stýrimannaskólann, uppbót	—	1180,00
3.	Til kvennaskólans í Reykjavik, viðbótarstyrkur	—	2000,00
4.	Til sama skóla, til áhaldakaupa	—	1000,00
5.	Til kvennaskólans á Blönduósi, viðbótarstyrkur	—	1000,00
	Samtals	kr.	9180,00

6. gr.

Til viðbótar við 15. gr. fjárlaganna (vísindi og listir) eru veittar 36400 kr.

1.	Til aðgerða á Þingvöllum			kr.	3000,00
2.	Til aðgerða á Bessastaðakirkju			—	450,00
3.	Til Þjóðmenjasafnsins, vegna forngripakaupa 1922...			—	1000,00
4.	Til að gera eirsteypu af minnismerki Einars Jónssonar um Hallgrím Pjetursson...			—	4000,00
5.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna, föst laun fyrir þrjá síðustu mánuði ársins, auk dýrtíðaruppbótar			—	1250,00
6.	Til orðabókar Sigfúsar Blöndals (lokaveiting)			—	15000,00
7.	Til ritstarfa:				
	a. Til dr. Helga Pjeturss	kr.	1600,00		
	b. Til Jakobs Thorarensens	—	800,00		
	c. Til Stefáns frá Hvítadal	—	800,00		
				—	3200,00
8.	Til Hjálmars Lárussonar hins oddhaga			—	500,00
9.	Til Emanuel Cortes yfirprentara, til að sækja prentlistarsýningu í Gautaborg sumarið 1923			—	2500,00
10.	Til sögukennarans við háskólann, til þess að sækja sagnfræðingafund í Gautaborg			—	2000,00
11.	Til hljóðfæraskólans í Reykjavík			—	1000,00
12.	Fyrsta afborgun af andvirði fyrir handrit dr. Jóns J. Aðils um sögu Íslands			—	2500,00
	Samtals			kr.	36400,00

7. gr.

Til viðbótar við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) eru veittar 111100 kr.

1.	Til Einars Sæmundsens skógarvarðar, húsaleiguuppbót	kr.	600,00
2.	Til framhalds hafnargarði á Sandi alt að	—	10000,00
3.	Til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungarvík	—	20000,00
4.	Til sjóvarnargarðs á Siglufirði, gegn jafnmiklu frá kaupstaðnum og gegn því, að kaupstaðurinn skuldbindi sig til að halda við mannvirkinu eftir sömu hlutföllum	—	30000,00
5.	Til bryggjugerða, þriðjungur kostnaðar:		
	a. Til hafskipabryggju á Reyðarfirði (endurveiting) alt að ... ... kr. 12000,00		
	b. Til Blönduósbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	c. Til Skagastrandarbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	d. Til Stokkseyrarbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	e. Til Ólafsfjarðarbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	f. Til Stykkishólmsbryggju ... ... — 8000,00		
		—	32000,00
6.	Til rannsóknar Andakílsfossanna, helmingur kostnaðar, alt að	—	3000,00
7.	Til að dýpka siglingaleið að Stokkseyri, þriðjungur kostnaðar (endurveiting), alt að	—	8000,00
8.	Til Jóns Magnússonar yfirfiskimatsmanns í Reykjavík, launauppbót	—	1000,00
9.	Til Árna Gíslasonar yfirfiskimatsmanns á Ísafirði, launauppbót	—	600,00
10.	Til Þorvalds stúdents Arnasonar, til lokanáms við ullarverksmiðju á Englandi	—	3000,00
11.	Til Guttorms Pálssonar, eftirstöðvar af byggingarkostnaði árið 1921	—	1900,00
12.	Til Kvenrjettindafjelags Íslands	—	1000,00

Landsstjórnin hefir verkfræðilegt eftirlit með því, að verk þau, sem um getur í liðunum 2—4 og 7, verði tryggilega af hendi leyst.

Samtals kr. 111100,00

8. gr.

Til viðbótar við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) eru veittar 1475 kr.

1.	Til Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum...	kr.	300,00
2.	Til Sigríðar Fjeldsted læknisekkju	—	375,00
3.	Til Elísabetar Jónsdóttur, ekkju Pjeturs Guðmundssonar kennara á Eyrarbakka	—	300,00
4.	Til Sigurðar Magnússonar, læknis frá Patreksfirði	—	500,00

Samtals kr. 1475,00

9. gr.

Til viðbótar við 19. gr. fjárlaganna (óviss gjöld) eru veittar 21000 kr.

1.	Til Gísla sýslumanns Sveinssonar, sjúkrastyrkur 1921	kr.	3000,00
2.	Til Einars Þorkelssonar, fyrv. skrifstofustjóra, sjúkrastyrkur..	—	1000,00
3.	Til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, til að standast kostnað við aðgerð á e/s. Þór, 1/3 kostnaðar þess, er fjelaginu ber að borga, alt að	—	15000,00
4.	Til Jóns Gíslasonar, Laugavegi 20 í Reykjavík, uppbót... ...	—	2000,00
	Samtals	kr.	21000,00

10. gr.

Til viðbótar við 21. gr. fjárlaganna er stjórninni heimilt að veita eftirfarandi lán úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi:

1. Alt að 16000 kr. til Skeiðaáveitufjelagsins til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið er vaxtalaust fyrstu tvö árin.
2. Alt að 8000 kr. handa efnilegum mönnum til lokanáms erlendis, gegn tryggingum, er stjórnin telur nægja. Lánin skal veita til 10 ára, með 5½% vöxtum, og skulu þau vera afborgunarlaus i 2—4 ár, eftir ástæðum.
3. Alt að 30000 kr. til endurbyggingar sjóvarnargarðinum á Siglufjarðareyri. Lánið veitist til 15 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð bæjarfjelagsins.
4. Alt að 20 þúsund krónum til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið veitist til 20 ára, gegn 5½% vöxtum.
5. Alt að 30000 kr. til kembivjela á Húsavík. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.
6. Alt að 7000 kr. til Sigurðar bónda Lýðssonar á Hvoli í Dalasýslu, til að endurreisa býlið Svínadalssel í Saurbæjarhreppi. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

Viðlagasjóðslán h.f. Hvítárbakka skal standa afborgunarlaust 3 ár.

11. gr.

I. Stjórninni er heimilt að ábyrgjast eftirfarandi lán:
   1. Alt að 30000 kr. til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Vestmannaeyja.
   2. Alt að 15000 kr. til Hvítárbakkaskólans, ef stjórninni þykir það lán nægilega trygt.
   3. Alt að 30000 kr. til niðursuðufjelags, er Konráð Stefánsson gengst fyrir, ef fyrirtækinu er fyrir fram trygt nægilegt stofnfje og rekstrarfje.

II. Stjórninni er heimilt að greiða hjeraðssambandi U. M. F. Vestfjarða styrk þann, er i þessa árs fjárlögum, 14. gr. XV., er ætlaður til húsmæðrakenslu á Ísafirði.

(A. XXIX, 33).

Sþ. **635. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

I. Frá *Jakob Möller.*
Við 4. gr. 5. Liðinn skal orða svo:
Til uppbótar á launum starfsmanna landssímans og talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, samkv. tillögum landssímastjóra, þó svo, að efnisvörður landssímans, Steindór Björnsson, fái 200 kr. fyrir hvert barna sinna... ... ... kr. 19300,00

II. Frá *Guðm. Guðfinnssyni, Jakob Möller* og *Bjarna Jónssyni frá Vogi.*
Við 5. gr. Nýr liður á undan 1:
Til þess að kaupa gagnvermi (»Diathermi«-áhald), alt að ... kr. 3500,00

III. Frá *fjárveitinganefnd neðri deildar.*
Við 10. gr. 5. Nýr liður.
Til R. Andersson skraddara, til þess að sauma landsforða af karlmannafatnaði úr íslenskum dúkum til gjaldeyrissparnaðar, 20000 kr. Lánið er veitt til 12 ára, með $5^1/_2$% í vexti, afborgunarlaust tvö fyrstu árin, gegn trygging, sem stjórnin tekur gilda.

Nd. **636. Skýrsla**

frá fjárhagsnefnd Nd.

I. *Íslandsbanki.*

Nefndin hafði 2. þ. m. fengið til athugunar skrá, dags. 28. apríl, yfir handveð þau, sem Íslandsbanki hefir sett ríkisstjórninni fyrir þeim hluta af enska láninu, er bankinn fjekk til láns hjá ríkissjóði.

Handveð þessi eru að upphæð kr. 6800417,55.

Nefndin hefir athugað skrá þessa eftir því sem tími leyfði og föng voru til.

Rannsókn, sem hægt væri að byggja á ákveðna umsögn um veðhæfi handveðsins, gat nefndin ekki int af hendi, nema að fá ýmsar upplýsingar frá bankanum, og skrifaði hún því bankastjórninni 7. þ. m. og mæltist til að fá nánari upplýsingar um tryggingar þær, sem getið er um á handveðsskránni að bankinn hafi, svo og fleira.

9. þ. mán. meðtók nefndin svar bankastjórnarinnar, þar sem hún meðal annars segir:

»Út af þessu skulum vjer leyfa oss að tjá nefndinni, að með því að handveðsskjal þetta er frá Íslandsbanka selt í hendur landsstjórnarinnar, en af landsstjórninni sent áfram til fjárhagsnefndarinnar, þá teljum vjer rjett, að landsstjórnin snúi sjer til bankans, ef þess er óskað, að bankinn gefi nánari skýringar á umræddu handveði, svo að það verði tekið til athugunar af landsstjórninni og bankastjórninni í sameiningu, að hve miklu leyti rjett sje, að bankinn gefi upplýsingar um viðskiftavini sína«.

Hinsvegar tjáði bankastjórnin sig fúsa til viðtals við nefndina.

Nú með því komið var að þinglausnum, óvenjumikið annriki hjá nefndarmönnum og þingfundir oft fram á nætur, vanst enginn tími til að vinna meira að málinu, enda verður að byggja sjerstaklega á nánu og góðu eftirliti fjármálaráðherrans í þessu efni, einkum þar sem tíðar breytingar verða á handveðinu.

II. *Landsverslunin.*

Efnahagsreikningur Landsverslunarinnar 31. desember 1922.

Eignir:	Kr. au.	Kr. au.
1. Fasteignir:		
a. Vörugeymsluhúsið Nýborg	100580,72	
b. Íbúðarhús Njálsgötu 15	27500,00	
c. Bifreiðaskúr í Reykjavík	1464,81	
d. Skúr við kolin í Reykjavík	356,50	
e. Skúr við olíuna á Melunum	319,63	
f. Bryggja í Örfirisey	7806,89	
g. Kolagirðing í Hafnarfirði	1500,00	
h. Lóð í Hafnarfirði	700,00	
		140228,55
2. Ýms áhöld	... ...	14012,55
3. Vörubirgðir:		
a. Ýmsar vörur	24736,83	
b. Kol og koks	6422,49	
c. Steinolíubirgðir: Kr. au.		
I. Olía og bensín 90112,92		
II. Tómar tunnur 50232,33		
	140345,25	
		171504,57
4. Tóbakseinkasalan:		
a. Ýmsar tóbaksbirgðir	308660,20	
b. Umbúðakassar	300,00	
c. Áhöld	2084,50	
		311044,70
	Flyt:	636790,37

		Kr. au.	Kr. au.
	Flutt:		636790,37
5.	Innieign í bönkum:	Kr. au.	
	a. Í Landsbanka Íslands	741651,32	
	b. - Íslandsbanka	21298,07	
			762949,39
	c. - Guaranty Trust Co. New-York ...	1955,52	
	d. - The Malsons Bank, Montreal ...	2558,81	
	e. - Hambros Bank, London	6744,73	
	f. - Köbenhavns Handelsbank	138066,52	
			149325,58
			912274,97
6.	Skuldir erlendra viðskiftamanna		95562,90
7.	Skuldir innlendra viðskiftamanna		753622,86
8.	Skuldir útibúa verslunarinnar:		
	a. Á Akureyri		222698,13
	b. - Ísafirði		62522,62
	c. - Seyðisfirði		229913,76
			515134,51
9.	Víxlar		587700,00
10.	Verðbrjef:		
	a. Veðdeildarbrjef Landsbankans		170,00
	b. Hlutabrjef í Íslandsbanka		10000,00
			10170,00
11.	Peningar í sjóði		557554,58
	Krónur		4068810,19

Skuldir:

		Kr. au.
1.	Samþyktir víxlar	444239,79
2.	Innieignir erlendra viðskiftamanna	120475,33
3.	Innieignir innlendra viðskiftamanna	5493,27
4.	Fyrningarsjóður	31954,61
5.	Innieign ríkissjóðs: Kr. au.	
	a. Eftirstöðvar frá fyrra ári 1456160,09	
	b. Arður af tóbakseinkasölu 1922 100000,00	
		1556160,09
6.	Varasjóður tóbakseinkasölunnar, eftirstöðvar af arði 1922	8325,81
7.	Varasjóður Landsverslunarinnar	1781569,10
8.	Ólokin viðskifti:	
	a. Frá fyrra ári 47092,01	
	b. Arður af öðru en tóbaki 1922 73500,18	
		120592,19
	Krónur	4068810,19

Brjef endurskoðenda til fjármálaráðuneytisins.

Við undirritaðir leyfum okkur hjer með að tilkynna hinu háa fjármálaráðuneyti, að við höfum nú lokið við endurskoðun reikninga Landsverslunarinnar og tóbakseinkasölunnar fyrir árið 1922 og borið þá saman við fylgiskjöl og bækur verslunarinnar.

Höfum við ekkert við reikningana að athuga.

Reykjavik, 12. apríl 1923.

Gísli Ísleifsson. Ólafur Danielsson.

III. *Áfengisverslun ríkisins.*

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1922.

	Kr. au.	Kr. au
Nettó innkaup á vörum	505807,89	
Innflutningstollur	326370,00	
Annar kostnaður á vörunum	49486.10	
	881663,99	
+ Vörubirgðir 31. desember 1922	321869,30	
		559794,69
Rekstrarkostnaður		84926,61
Afskrifað af Inventar 10%		585,88
Nettó ágóði		270338,39
	Krónur	915645,57
Brúttó sala á vörum	Krónur	915645,57

Efnahagsreikningur 31. desember 1922.

Aktiva:

	Kr. au.	Kr. au.
Í sjóði hjá gjaldkera	15532,10	
Innieign í Landsbankanum	50088,96	
		65621,06
Vörubirgðir	292291,91	
Umbúðabirgðir	29577,39	
		321869,30
Inventar	5858,78	
+ afskrifað 10%	585,88	
		5272,90
Útistandandi skuldir		240311,54
Fyrirfram greiddur kostnaður		9000,00
	Krónur	642074,80

Passiva:	Kr. au.	Kr. au.
Rikissjóður		88473,60
Innieigendur d. kr. 177824,57	222280,71	
— £ 1172 - 14 - 2	33422,13	
— Frc. 35315 - 05	15891,77	
— Pts. 11414 - 20	10272,83	
Innieigendur	145,37	
		282012,81
Ógreiddur kostnaður		1250,00
Jöfnuður		270338,39
	Krónur	642074,80

P. L. Mogensen.

Alþingi, 12. maí 1923.

Fyrir hönd fjárhagsnefndar neðri deildar.

M. J. Kristjánsson,
formaður.

Jón A. Jónsson,
ritari.

(C. XXVIII, 2).

Ed. **637. Þingsályktun**

um póstflutninga.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að rannsaka og gera kostnaðaráætlun fyrir næsta þing um skipulagsbreytingu á póstflutningi hjer á landi, þar sem hringferðir landpóstanna legðust niður, en í þess stað yrði póstur fluttur á hálfs mánaðar fresti frá aðalhöfnum um næstu bygðir.

(C. XXIX, 2).

Ed. **638. Þingsályktun**

um öryggi sjómanna og bætta afkomu barna og ekkna þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að rannsaka fyrir næsta þing eftirfarandi atriði:

a. Hve mikið mundi kosta að koma hjer upp tækjum til að simtala þráðlaust til báta og skipa hjer við land og láta i tje fregnir um veðurfar.
b. Hve mikið útflutningsgjald þyrfti að leggja á útfluttar sjávarafurðir til að geta veitt ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna hæfilegan lífeyri.

(C. XXXI, 2).

Sþ. **639. Þingsályktun**

um bannlögin.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí).

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að þó að nú hafi verið afgreidd frá þinginu lög um undanþágu frá lögunum um aðflutningsbann á áfengi, vegna samninga við Spánverja, þá var það gert af knýjandi nauðsyn, en ekki af því, að Alþingi vildi hverfa frá þessari löggjöf, sem í fyrstu var sett á grundvelli þjóðaratkvæðagreiðslu.

(B. LIII, 11).

Ed. **640. Lög**

um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

1. gr.

Ráðuneytinu heimilast að veita fyrirhuguðu hlutafjelagi, sem þeir Egg-

ert bóndi Benediktsson í Laugardælum, Gunnar konsúll Ólafsson í Vestmannaeyjum, Morten kaupmaður Ottesen í Reykjavík, Sigurður hæstarjettarmálaflutningsmaður Sigurðsson í Reykjavík og Þórður kaupmaður Sveinsson í Reykjavík eru nú í framkvæmdarnefnd fyrir, hlunnindi handa banka, er fjelagið ætlar að stofna í Reykjavík, þau er hjer segir:

a. Ef viðurkenning fyrir innláni glatast, getur bankinn kallað handhafa hennar með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í blaði því, er flytur stjórnvaldaauglýsingar, með 6 mánaða fyrirvara að gefa sig fram við bankann, og ef enginn hefir gefið sig fram áður en tjeður frestur er liðinn, þá má bankinn greiða upphæðina þeim, sem viðurkenninguna hefir fengið frá bankanum, án þess nokkur annar, sem viðurkenningin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur bankanum.

b. Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanskilið kyrrsetningu og löghaldi.

c. Bankinn hefir sem handveðshafi rjett til þess að selja sjálfur veðið við opinbert uppboð, en að öðru leyti samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum um veð, 4. nóv. 1887, 1. gr.

d. Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða annara stofnana. Í þess stað skal bankinn gjalda í ríkissjóð hluta af hreinum ársarði sínum, sem ákveðst þannig:

Frá ársarðinum dragist fyrst hæfileg fjárhæð til afskriftar af væntanlegu bankahúsi og innanstokksmunum, þar næst beint áfallið tap bankans og síðast 10% af ársarðinum til varasjóðs og 5% af hlutafjárupphæðinni til hluthafaarðs.

Af því, sem fram yfir er, greiðist ríkissjóði:

5% af fyrstu 100 þús. kr.
10% af næstu 100 þús. kr.
25% af afganginum.

Hlunnindin samkvæmt lögum þessum haldast fyrst um sinn þann tíma, sem nú er eftir af hlunnindatíma Íslandsbanka samkvæmt lögum nr. 11, 7. júní 1902, og auglýsingu nr. 48, 25. nóv. 1903.

e. Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem útgefast af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar, hlutabrjef bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

2. gr.

Hlunnindi þau, sem ræðir um í 1. gr., ná einnig til útibúa þeirra, sem bankinn kann að setja á stofn.

3. gr.

Hlunnindi þau, sem í 1. gr., sbr. 2. gr., segir, eru þessum skilyrðum bundin:

a. Hlutafje bankans má eigi vera minna en 2 miljónir og eigi meira en 6

miljónir króna, og skulu að minsta kosti 55% hlutafjárins boðin út innanlands í hálft ár eftir að lögin öðlast gildi. Meiri hluti bankastjórnar (bankaráðs) sje Íslendingar, búsettir á Íslandi.

b. Bankinn skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.
c. Ráðuneytið skipar tvo af þrem endurskoðendum bankans.
d. Bankinn skal jafnan hafa í auðseldum innlendum verðbrjefum, er ráðherra tekur gild, sem svarar minst 10% af innlánsfje því, er hann hefir hverju sinni, til tryggingar því.
e. Reikninga bankans skal birta opinberlega á þann hátt, sem leyfisbrjef segir til.
f. Bankinn má ekki lána fje gegn trygging í hlutabrjefum sjálfs sín.
g. Bankinn skal taka til starfa fyrir árslok 1924.
h. Ráðuneytið getur sett bankanum frekari skilyrði í leyfisbrjefinu, ef þörf þykir, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. V, 5).

Ed. **641. Lög**

um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

Lög nr. 70, 27. júní 1921, skulu vera í gildi til ársloka 1924.

(B. LXXXVIII, 6).

Ed. **642. Lög**

um lífeyri handa fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis Einari Þorkelssyni.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

Fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis Einari Þorkelssyni greiðast árlega úr ríkissjóði 2500 krónur í lífeyri, ásamt verðstuðulsuppbót eftir ákvæðum launalaganna, frá 1. janúar 1924 að telja.

(B. LXXXVII, 5).

Ed. **643. Lög**

um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

1. gr.

Einn skal vera eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum á landinu. Hann hefir að árslaunum 10000 krónur og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni, og enn fremur ferðakostnað, eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar. Ráðherra sá, er bankamál bera undir, veitir embætti þetta.

Laun, uppbót og ferðakostnaður eftirlitsmanns greiðist úr ríkissjóði, en fjárhæðir þessar endurgreiða nefndar peningastofnanir í ríkissjóð í hlutfalli við það fjármagn, er þær hafa í veltu um hver áramót.

2. gr.

Stjórnarráðið ákveður með reglugerð starfssvið eftirlitsmanns og annað, er þurfa þykir. Eftirlitsmaður má ekki hafa önnur embættisstörf á hendi nje reka aðra atvinnu, og ekki má hann vera í stjórn atvinnu- eða verslunarfyrirtækja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(A. I, 34).

Sþ

644. Fjárlög

fyrir árið 1924.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1924 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	215000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1000000	
			1215000
3.	Aukatekjur	300000	
4.	Erfðafjárskattur	45000	
5.	Vitagjald	170000	
6.	Leyfisbrjefagjöld	10000	
			525000
7.	Útflutningsgjald		700000
8.	Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og límonade)	350000	
9.	Tóbakstollur	400000	
10.	Kaffi- og sykurtollur	800000	
11.	Vörutollur	1250000	
12.	Annað aðflutningsgjald	80000	
			2880000
13.	Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð		20000
14.	Stimpilgjald		300000
	Flyt		5640000

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	5640000
15.	Lestagjald af skipum		40000
16.	Pósttekjur	350000	
17.	Símatekjur	1000000	
			1350000
18.	Vineinkasala		450000
19.	Tóbakseinkasala		200000
20.	Steinolíueinkasala		50000
21.	Skólagjöld		3000
22.	Bifreiðaskattur		22000
	Samtals ...	... ...	7755000

3. gr.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		35000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		10000
	Samtals ...	... ...	45100

4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl. eru áætlaðar:

		kr.	kr.
1.	Tekjur af bönkum		150000
2.	Tekjur af Ræktunarsjóði		25000
	Flyt ...	... ...	175000

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	175000
3. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	35000	
4. Væntanlega útdregið af þeim brjefum	15000	
		50000
5. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands		5000
6. Vextir af innstæðum í bönkum		10000
7. Greiðsla frá Landsverslun		100000
Samtals ...	... ...	340000

5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		20000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna		300
3. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur		2000
Samtals ...	... ...	22300

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1924 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	225446,00	
2. Erlend lán: £ 8803 - 1 - 9 og danskar kr. 361351,26	658100,24	
		883546,24
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	257400,00	
2. Erlend lán: £ 4491 - 7 - 5 og danskar kr. 573524,29	802759,11	
		1060159,11
III. Framlag til Landsbankans, 11. greiðsla		100000
Samtals ...	... ...	2043705,35

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	180000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4800	
		184800
Samtals ...	... ...	184800

10. gr.

Til ráðuneytisins, hagstofunnar, sendiherra, utanríkismála og ríkisráðskostnaðar er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun	30000	
	b. Til risnu	4000	
			34000
2.	Til utanferða ráðherra		6000
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins		82700
4.	Annar kostnaður		20000
5.	Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum		17080
6.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum		3000
			162780
	B.		
	Hagstofan.		
1.	Laun hagstofustjóra		8700
2.	Laun aðstoðarmanns		5600
3.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		9000
4.	Prentun eyðublaða		2500
5.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		3500
6.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður		10700
7.	Til að gefa út manntalið 1703		1000
			41000
	C.		
	Sendiherra, utanríkismál og ríkisráðskostnaður.		
1.	Til sendiherra í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun	20000	
Til viðbótar við 10. gr. fjárlaganna (til ráðuneytisins) eru veittar 3000 kr. Dýrtíðaruppbót til núverandi ráðherra fyrir 1922, 1500 kr. til hvors, kr. 3000,00.

3. gr.

Til viðbótar við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun og heilbrigðismál) eru veittar 61735 kr.

1.	Styrkur til læknisvitjana handa Reykhólahjeraði:		
	a. fyrir árið 1922 ... ... kr. 250,00		
	b. fyrir árið 1923 ... ... — 250,00	kr.	500,00
2.	Til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Blönduósi, þriðjungur kostnaðar, alt að	—	17000,00
3.	Til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Síðuhjeraði, þriðjungur kostnaðar, alt að	—	10000,00
4.	Til sjúkrahúss á Sauðárkróki, þriðjungur kostnaðar, alt að	—	4200,00
5.	Til útgáfu ljósmóðurfræði, viðbótarstyrkur	—	2000,00
6.	Til geislalækningastofu ríkisins, til nýrra tækja..	—	4800,00
7.	Til geitnalækninga, $^3/_5$ kostnaðar...	—	3000,00
8.	Til breytingar á Röntgentækjunum á Akureyri, helmingur kostnaðar, alt að	—	5000,00
9.	Til Halls Hallssonar tannlæknis, til áhaldakaupa, enda setjist hann að á Austurlandi	—	1500,00
10.	Til Guðnýjar Jónsson, styrkur til að ljúka hjúkrunarnámi ...	—	1000,00
11.	Sjúkrakostnaður nokkurra taugaveikisjúklinga í Flensborgarskólanum	—	1635,00
12.	Til Sigvalda læknis Stefánssonar Kaldalóns, sjúkrastyrkur ...	—	1500,00
13.	Til Benedikts Björnssonar, til að leita sjer lækninga við sjóndepru	—	2500,00
14.	Til Páls Vigfússonar, til að leita sjer lækninga við berklaveiki	—	1600,00
15.	Til Elínar Sigurðardóttur, í sama skyni	—	1000,00
16.	Til yfirlæknisins á Vífilsstöðum, til þess að sækja fund berklalækna í Kristjaníu	—	2000,00
17.	Til Jóns læknis Jónssonar, styrkur til að leita sjer heilsubótar erlendis...	—	1500,00
18.	Til Kristjáns Jónassonar, veitingamanns í Borgarnesi, til þess að bæta honum að nokkru tjón, er hann beið við sóttkvíun	—	1000,00
		Samtals kr.	61735,00

4. gr.

Til viðbótar við 13. gr. fjárlaganna (samgöngumál) eru veittar 128340 kr.

1.	Styrkur til bifreiðaferða frá Reykjavík austur um sveitir ...	kr.	3000,00
	Bifreiðafjelag, er njóta vill styrksins, skal hlíta reglum, er stjórnin setur um reglubundnar og ódýrar ferðir, með endastöðvum í Garðsauka og á Húsatóftum.		
	Flyt	kr.	3000,00

		Flutt	kr.	3000,00
2.	Til dragferjuhalds:			
	a. Á Skjálfandafljóti	kr. 300,00		
	b. Á Blöndu.	— 300,00	—	600,00
3.	Aukastyrkur til Djúpbátsins (póstbátsins á Ísafjarðardjúpi)	kr. 8000,00		
	og til Breiðafjarðarbátsins Svans	— 10000,00	—	18000,00
	Styrkirnir eru því skilyrði bundnir, að bátarnir fái annarsstaðar að eftirgjöf á skuldum eða styrk, er nemi jafnmikilli upphæð og rikissjóðsstyrkurinn.			
4.	Viðbótarlína frá Reykjarfjarðarsíma að Kaldrananesi		—	6500,00
5.	Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og Steindórs Björnssonar efnisvarðar, 200 kr. með hverju barna hans		—	10240,00
6.	Til vitabygginga 1921 og 1922 (gengismunur)		—	75000,00
7.	Styrkur til byggingar innsiglingarvitanna við Berufjörð... ...		—	4000,00
8.	Til að endurreisa stikur á Kálfafellsmelum og Skeiðarársandi og til sjómerkja		—	11000,00
		Samtals	kr.	128340,00

5. gr.

Til viðbótar við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) eru veittar 12680 kr.

1.	Til þess að kaupa gagnvermi (»Diathermi«-áhald), alt að ...	kr.	3500,00
2.	Til þess að bæta íslenskum námsmönnum erlendis upp gengismun á fjársendingum heiman að	—	4000,00
3.	Til Einars Jónssonar, kennara við stýrimannaskólann, uppbót	—	1180,00
4.	Til kvennaskólans í Reykjavík, viðbótarstyrkur	—	2000,00
5.	Til sama skóla, til áhaldakaupa	—	1000,00
6.	Til kvennaskólans á Blönduósi, viðbótarstyrkur	—	1000,00
	Samtals	kr.	12680,00

6. gr.

Til viðbótar við 15. gr. fjárlaganna (vísindi og listir) eru veittar 36400 kr.

1.	Til aðgerða á Þingvöllum	kr.	3000,00
2.	Til aðgerða á Bessastaðakirkju	—	450,00
3.	Til Þjóðmenjasafnsins, vegna forngripakaupa 1922...	—	1000,00
4.	Til að gera eirsteypu af minnismerki Einars Jónssonar um Hallgrím Pjetursson...	—	4000,00
5.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara, til fiskirannsókna, föst laun fyrir þrjá síðustu mánuði ársins, auk dýrtíðaruppbótar	—	1250,00
6.	Til orðabókar Sigfúsar Blöndals (lokaveiting)	—	15000,00
	Flyt	kr.	24700,00

	Flutt:	kr.	24700,00
7.	Til ritstarfa:		
	a. Til dr. Helga Pjeturss ... ... kr. 1600,00		
	b. Til Jakobs Thorarensens ... ... — 800,00		
	c. Til Stefáns frá Hvítadal ... ... — 800,00		
		—	3200,00
8.	Til Hjálmars Lárussonar bins oddhaga	—	500,00
9.	Til Emanuel Cortes yfirprentara, til að sækja prentlistarsýningu i Gautaborg sumarið 1923	—	2500,00
10.	Til sögukennarans við háskólann, til þess að sækja sagnfræðingafund í Gautaborg	—	2000,00
11.	Til hljóðfæraskólans í Reykjavík	—	1000,00
12.	Fyrsta afborgun af andvirði fyrir handrit dr. Jóns J. Aðils um sögu Íslands	—	2500,00
	Samtals	kr.	36400,00

7. gr.

Til viðbótar við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) eru veittar 111100 kr.

1.	Til Einars Sæmundsens skógarvarðar, húsaleiguuppbót	kr.	600,00
2.	Til Guttorms Pálssonar, eftirstöðvar af byggingarkostnaði árið 1921	—	1900,00
3.	Til framhalds hafnargarði á Sandi alt að	—	10000,00
4.	Til viðgerðar á brimbrjótnum i Bolungarvík	—	20000,00
5.	Til sjóvarnargarðs á Siglufirði, gegn jafnmiklu frá kaupstaðnum og gegn því, að kaupstaðurinn skuldbindi sig til að halda við mannvirkinu eftir sömu hlutföllum	—	30000,00
6.	Til bryggjugerða, þriðjungur kostnaðar:		
	a. Til hafskipabryggju á Reyðarfirði (endurveiting) alt að ... ... kr. 12000,00		
	b. Til Blönduósbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	c. Til Skagastrandarbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	d. Til Stokkseyrarbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	e. Til Ólafsfjarðarbryggju alt að ... ... — 3000,00		
	f. Til Stykkishólmsbryggju ... ... — 8000,00		
		—	32000,00
7.	Til rannsóknar Andakílsfossanna, helmingur kostnaðar, alt að	—	3000,00
8.	Til að dýpka siglingaleið að Stokkseyri, þriðjungur kostnaðar (endurveiting), alt að	—	8000,00
9.	Til Jóns Magnússonar yfirfiskimatsmanns í Reykjavík, launauppbót	—	1000,00
10.	Til Árna Gíslasonar yfirfiskimatsmanns á Ísafirði, launauppbót	—	600,00
11.	Til Þorvalds stúdents Arnasonar, til lokanáms við ullarverksmiðju á Englandi	—	3000,00
12.	Til Kvenrjettindafjelags Íslands	—	1000,00
	Flyt	kr.	111100,00

Flutt kr. 111100,00

Landsstjórnin hefir verkfræðilegt eftirlit með því, að verk þau, sem um getur í liðunum 3—5 og 8, verði tryggilega af hendi leyst.

Samtals kr. 111100,00

8. gr.

Til viðbótar við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) eru veittar 1475 kr.

1. Til Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum... ... ... kr. 300,00
2. Til Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... ... — 375,00
3. Til Elísabetar Jónsdóttur, ekkju Pjeturs Guðmundssonar kennara á Eyrarbakka ... ... -- 300,00
4. Til Sigurðar Magnússonar, læknis frá Patreksfirði ... ... — 500,00

Samtals kr. 1475,00

9. gr.

Til viðbótar við 19. gr. fjárlaganna (óviss gjöld) eru veittar 21000 kr.

1. Til Gísla sýslumanns Sveinssonar, sjúkrastyrkur 1921 ... ... kr. 3000,00
2. Til Einars Þorkelssonar, fyrv. skrifstofustjóra, sjúkrastyrkur.. — 1000,00
3. Til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, til að standast kostnað við aðgerð á e/s. Þór, 1/3 kostnaðar þess, er fjelaginu ber að borga, alt að ... ... — 15000,00
4. Til Jóns Gíslasonar, Laugavegi 20 í Reykjavík, uppbót... ... — 2000,00

Samtals kr. 21000,00

10. gr.

Til viðbótar við 21. gr. fjárlaganna er stjórninni heimilt að veita eftirfarandi lán úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi:

1. Alt að 16000 kr. til Skeiðaáveitufjelagsins til 20 ára, með 5½% vöxtum, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið er vaxtalaust fyrstu tvö árin.
2. Alt að 8000 kr. handa efnilegum mönnum til lokanáms erlendis, gegn tryggingum, er stjórnin telur nægja. Lánin skal veita til 10 ára, með 5½% vöxtum, og skulu þau vera afborgunarlaus í 2—4 ár, eftir ástæðum.
3. Alt að 30000 kr. til endurbyggingar sjóvarnargarðinum á Siglufjarðareyri. Lánið veitist til 15 ára, með 5½% vöxtum, gegn ábyrgð bæjarfjelagsins.
4. Alt að 20 þúsund krónum til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið veitist til 20 ára, gegn 5½ % vöxtum.
5. Alt að 30000 kr. til kembivjela á Húsavík. Lánið er veitt til 20 ára, með 5½% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.
6. Til R. Andersson skraddara, til þess að sauma landsforða af karlmannafatnaði úr íslenskum dúkum til gjaldeyrissparnaðar, 20000 kr. Lánið er veitt til 12 ára, með 5½% í vexti, afborgunarlaust tvö fyrstu árin, gegn trygging, sem stjórnin tekur gilda.

7. Alt að 7000 kr. til Sigurðar bónda Lýðssonar á Hvoli í Dalasýslu, til að endurreisa býlið Svínadalssel í Saurbæjarhreppi. Lánið er veitt til 20 ára, með $5^1/_2$% vöxtum og gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.

Viðlagasjóðslán b.f. Hvítárbakka skal standa afborgunarlaust 3 ár.

11. gr.

I. Stjórninni er heimilt að ábyrgjast eftirfarandi lán:
   1. Alt að 30000 kr. til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Vestmannaeyja.
   2. Alt að 15000 kr. til Hvítárbakkaskólans, ef stjórninni þykir það lán nægilega trygt.
   3. Alt að 30000 kr. til niðursuðufjelags, er Konráð Stefánsson gengst fyrir, ef fyrirtækinu er fyrir fram trygt nægilegt stofnfje og rekstrarfje.

II. Stjórninni er heimilt að greiða hjeraðssambandi U. M. F. Vestfjarða styrk þann, er i þessa árs fjárlögum, 14. gr. XV., er ætlaður til húsmæðrakenslu á Ísafirði.

(A. XXVII, 7).

Nd. **646. Lög**

um rjettindi og skyldur hjóna.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí).

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hjón skulu hvort öðru trú vera og styðja hvort annað og sameiginlega gæta hagsmuna fjölskyldunnar.

2. gr.

Skylt er hjónunum, hvoru eftir getu sinni og svo sem samir hag þeirra, að hjálpast að því að framfæra fjölskylduna með fjárframlögum, vinnu á heimilinu og á annan hátt. Til framfærslu teljast útgjöld til heimilisþarfa og uppeldis barnanna, og enn útgjöld til sjerþarfa hvors hjóna.

3. gr.

Ef útgjöld til sjerþarfa annars hjóna og til framfærslu þeirrar og fyrirsjár, sem því að öðru leyti eftir venjunni og hag þeirra ber að hafa fyrir fjölskyldunni, nema meiru en því er skylt af hendi að inna samkvæmt 2. gr., þá skal hitt hjónanna gjalda því peningafúlgu, sem með þarf, hæfilega upphæð í hvert skifti. Frá þessu skal þó víkja, ef öðruvísi þarf með að fara, af því að það hjóna, er í hlut á, hefir reynst ófallið til að fara með peninga, eða aðrar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Framlag til sjerþarfa annars hjónanna samkvæmt 2. og 3. gr. verður eign þess.

5. gr.

Nú vanrækir annað hjóna framfærsluskyldu sína að mun, og skal þá eftir kröfu hins gera því að greiða hinu peningafúlgu samkvæmt ákvæðum 3. greinar, eða þar fram yfir, ef það eftir öllum atvikum þykir sanngjarnt.

6. gr.

Nú fara útgjöld þau, er annað hjóna hefir haft á almanaksárinu til framfærslu fjölskyldunnar, bersýnilega fram úr því, sem því var skylt að leggja fram samkvæmt 2. gr., og skal þá, komi krafa fram um það, skylda hitt hjónanna til að greiða þá upphæð, sem ætla má að svari til þess, sem ofgreitt er, nema öðruvísi sje um samið eða telja verður að gert hafi verið ráð fyrir öðru. Krafan verður að koma fram áður ár sje liðið frá lokum almanaksársins.

Bótanna getur að eins það hjónanna krafist, sem greiðsluna hefir lagt fram, og því að eins, að þær verði greiddar án tjóns fyrir skuldheimtumenn hins.

7. gr.

Nú hafa hjón slitið samvistir sökum ósamkomulags, og gilda þá ákvæði 2. greinar á samsvarandi hátt. Framlag það, sem annað hjónanna samkvæmt þeim á að greiða til framfærslu hins og barna þeirra, sem hjá því eru, skal, ef þess er krafist, tiltaka í peningum. Það hjóna, sem aðallega á sök á því, að sambúðinni er slitið, getur þó ekki krafist fjárframlags sjer til framfæris, nema sjerstakar ástæður mæli með því.

8. gr.

Þegar þannig er ástatt, sem segir í 7. gr., má, ef krafa kemur fram og að svo miklu leyti sem svara þykir til lífskjara hjónanna og annara ástæðna, skylda annað þeirra til að láta hitt fá til afnota lausafje það, sem við sambúðarslitin var sameiginleg búslóð beggja eða vinnutæki hins.

Nú eru munir, sem eru eign annars hjónanna, samkvæmt þessu fengn-

ir hinu til afnota, og getur þá eigandinn ekki með samningi við aðra takmarkað afnotarjett þennan á nokkurn hátt.

Það hjóna, er í hlut á, getur látið afhenda sjer hlutinn til umráða með fógetagerð.

9. gr.

Valdsmaður ákveður fjárframlag samkvæmt 5. og 7. gr. Nú breytist hagur annars eða beggja að mun, og getur valdsmaður þá, ef annað hjóna krefst þess, hve nær sem er breytt úrskurði sínum. Valdsmaður gerir einnig fyrirskipanir þær, er getur í 6. og 8. gr.

Um innheimtu úrskurðaðra framlaga skal fara eftir þeim ákvæðum, sem um það eru sett í löggjöfinni. Framlög þau, sem úrskurðuð eru samkvæmt 6. gr., má taka lögtaki.

10. gr.

Nú hafa hjón samið um framlög samkvæmt 5., 6., 7. og 8. gr., en sá samningur er annaðhvort bersýnilega ósanngjarn eða hagur hjónanna breyttur að mun, og er úrskurðarvaldið þá eigi bundið við þann samning.

11. gr.

Hjónum er skylt að segja hvort öðru til um efnahag sinn, svo að ákvörðun verði tekin um framfærsluskyldu þeirra.

12. gr.

Meðan sambúðin varir er hvoru hjónanna um sig heimilt á ábyrgð beggja að gera þá samninga við aðra, sem nauðsynlegir eru vegna heimilisþarfa eða barnanna og vanalegt er að gera í þeim tilgangi. Slíkt hið sama gildir um samninga konunnar vegna sjerþarfa hennar. Samningar þeir, er hjer um ræðir, teljast gerðir á ábyrgð beggja hjóna, nema atvik segi öðruvísi til.

Ef sá, er samdi við annað hjóna, vissi eða átti að sjá, að því var eigi brýn þörf á því, er um var samið, þá er hitt hjónanna eigi bundið við samninginn.

13. gr.

Nú misbeitir annað hjóna rjetti þeim, sem það hefir samkvæmt 12. gr., og getur valdsmaður þá eftir kröfu hins svift það rjettinum. Veita skal því hann þó aftur, verði hjónin ásátt um það eða kringumstæður breytast.

Úrskurður valdsmanns gildir ekki gagnvart þeim, sem ókunnugt er um hann, nema úrskurðurinn hafi verið skráður í kaupmálabókina samkvæmt reglum í IX. kafla laga þessara.

14. gr.

Nú getur annað hjóna meðan sambúðin varir, vegna fjarveru eða veikinda, eigi gætt hagsmuna sinna, og er hinu þá heimilt, sje það ekki falið öðrum, að framkvæma fyrir þess hönd það, sem þolir eigi bið. Það getur

þannig innheimt tekjur hins og jafnvel selt eða veðsett eignir þess, sje ekki hjá því hægt að komast til þess að framfleyta heimilinu. Fasteign má þó eigi selja eða veðsetja nema samþykki valdsmanns komi til.

15. gr.

Nú er lausafje, sem er sjereign annars hjóna, með samþykki þess notað við atvinnurekstur hins, og eru þá samningar nothafa við þriðja mann um muni þessa gildir gagnvart eiganda munanna, nema samningsaðili nothafa sæi eða ætti að sjá, að nothafa var óheimilt að gera samninginn.

II. kafli.

Um foreldravald.

16. gr.

Um foreldravald hjóna, sem eru samvistum eða hafa slitið samvistir án þess að hafa fengið leyfi til þess, fer samkvæmt 20. og 21. gr. laga nr. 57, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

En um foreldravald hjóna, skilinna að borði og sæng og lögskilinna, fer eftir 56., sbr. 58., og 76., sbr. 78., gr. laga nr. 39, 27. júní 1921, um stofnun og slit hjúskapar.

III. kafli.

Um fjármál hjóna.

17. gr.

Hvort hjóna um sig öðlast hjúskaparrjett yfir öllu því, sem hitt á við giftinguna eða eignast síðar, að svo miklu leyti sem það er ekki sjereign. Fjármunir þeir, sem hjúskaparrjettur annars nær til, er hjúskapareign hins.

Nú á annað hjóna rjettindi, sem eigi má afhenda eða eru að öðru leyti persónulegs eðlis, og koma þá reglurnar um hjúskapareign að svo miklu leyti til framkvæmda, sem þær fara eigi í bága við sjerreglur þær, sem um þau rjettindi gilda.

18. gr.

Hvort hjónanna ræður hjúskapareign sinni með þeim takmörkunum, sem til eru teknar í 19.—22. gr.

Nú er hjúskapnum eða fjárfjelagi hjónanna slitið, eða þau skilin að borði og sæng, og getur þá hvort þeirra eða erfingjar þess krafist helmings af hreinni hjúskapareign beggja hjóna, þó með þeim undantekningum, sem lögin ákveða.

19. gr.

Hvort hjónanna um sig er skylt að fara svo með hjúskapareign sína, að hinu verði eigi til tjóns vegna óhæfilegra athafna þess.

20. gr.

Hvorugu hjóna um sig er heimilt, án samþykkis hins, að afhenda eða veðsetja fasteign úr hjúskapareign sinni, búi fjölskyldan á eigninni eða sje eignin notuð við atvinnurekstur beggja hjóna eða hins. Slíka eign má heldur eigi leigja eða byggja, nema samþykki hins komi til, ef það leiðir til þess að eignin verði eigi framvegis nothæf til bústaðar beggja eða til atvinnurekstrar hins. Sje það hjóna, er í hlut á, ólögráða, þarf samþykki lögráðamanns, eða sje hitt hjóna lögráðamaður þess, þá samþykki sjerstaks lögráðamanns. Nú er eigi hægt að fá umsögn hins hjónanna án verulegra erfiðleika eða mikils dráttar, og getur þá lögráðamaður veitt samþykkið, sje hann til, en ella valdsmaður.

Nú hefir annað hjóna gert slíkan samning án áskilins samþykkis, og getur þá hitt fengið samningnum hrundið með dómi, hafi samningsaðilja fyrnefnds hjóna verið eða átt að vera það ljóst, að því var samningurinn óheimill. Mál verður þó að höfða innan 6 mánaða frá því, að því hjóna, er brotið var móti, varð kunnugt um samninginn, og í síðasta lagi áður ár er liðið frá þinglestri samningsins.

21. gr.

Hvorugt hjóna má, án samþykkis hins, afhenda eða veðsetja lausafje úr hjúskapareign sinni, teljist fjeð til búsgagna á sameiginlegu heimili hjónanna, til nauðsynlegra vinnutækja hins eða sje notað til þarfa barnanna. Samþykki þess hjóna, er í hlut á, er gilt, þótt það sje ófjárráða eða svift fjárræði, sje það eigi geðveikt eða hálfviti. Þegar þannig stendur á eða sje það verulegum erfiðleikum bundið eða valdi það löngum drætti að ná samþykki hins hjónanna, þarf eigi að leita þess.

Nú hefir annað hjóna gert slíkan samning án áskilins samþykkis, og getur þá hitt fengið honum hrundið með dómi, nema samningsaðili, kaupandi eða veðhafi, væri grandalaus. Mál verður þó að höfða innan 6 mánaða frá því hitt hjónanna fjekk vitneskju um samninginn og í síðasta lagi áður en ár er liðið frá því að hluturinn var afhentur eða samningurinn um lausafjárveðsetninguna þinglesinn.

22. gr.

Nú neitar það hjóna, er í hlut á, eða lögráðamaður þess, þegar svo stendur á sem segir í 20. og 21. gr., að veita samþykki sitt, og getur valdsmaður þá, komi krafa fram um það, samþykt samningsgerðina, hafi nægar ástæður eigi verið til neitunarinnar.

23. gr.

Sjereign er:

1) Alt það, sem gert er að sjereign með kaupmála.
2) Gjafir, sem gefnar eru öðru hjónanna með því skilyrði, að þær skuli vera sjereign, svo og arfur, enda þótt skylduarfur sje, hafi arfleifandi sett slíkt ákvæði í erfðaskrá.
3) Það, sem kemur í stað hluta þeirra, sem nefndir eru í 1 og 2, nema öðruvísi sje ákveðið svo gilt sje.

Tekjur af sjereign eru hjúskapareign, nema öðruvísi sje löglega ákveðið.

24. gr.

Hvort hjónanna um sig getur krafist þess, að hitt taki þátt í samningu skrár um hjúskapareign og sjereign beggja. Dómstólarnir skera úr því, eftir öllum atvikum, hvert sönnunargildi skráin hefir.

IV. kafli.
Um ábyrgð á skuldum.

25. gr.

Hvort hjónanna um sig ber, bæði með hjúskapar- og sjereign sinni, ábyrgð á skuldbindingum þeim, sem á því hvíla, hvort sem þær eru stofnaðar á undan hjónabandinu eða meðan það stendur.

26. gr.

Kröfur á hendur konunni, þeirrar tegundar, sem getur í 12. gr., fyrnast á tveimur árum, beri maðurinn jafnframt ábyrgð á þeim.

27. gr.

Nú er fjárfjelagi hjóna slitið, þau skilin að borði og sæng eða hjónabandinu algerlega slitið, og er þá ekki hægt að krefja konuna um meira til greiðslu þess konar skulda, sem getur í 26. gr., en sjereign hennar og hjúskapareign námu er skifti fóru fram, að frádregnum öðrum skuldum, er þá hvíldu á henni.

28. gr.

Ákvæðin í 26. og 27. gr. koma eigi til greina, hafi konan tekið á sig viðtækari ábyrgð.

V. kafli.

Um kaupmála og aðra gerninga hjóna í milli.

29. gr.

Með kaupmála, sem gerður er á undan hjónabandi eða meðan það stendur, geta aðiljar ákveðið að munir, sem annað hjóna á eða eignast kann og annars yrðu hjúskapareign, skuli vera sjereign þess. Sömuleiðis er hjónum heimilt, að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við ákvarðanir arfleifanda eða gefanda, að ákveða að sjereign skuli vera hjúskapareign.

30. gr.

Gjafir milli hjónaefna, sem viðtakandi á að fá við giftinguna, og gjafir hjóna í milli eru því að eins gildar, að um þær sje gerður kaupmáli.

Þetta tekur þó eigi til venjulegra gjafa, sjeu þær eigi um hóf fram, miðað við efni gefanda, og heldur eigi til slíkra gjafa sem lífsábyrgðar, lífeyris eða þvílíkra framfærslutrygginga af hendi annars hjóna til handa hinu.

Með kaupmála er eigi hægt að ákveða svo gilt sje, nje heldur á annan hátt, að það, sem annað hjónanna framvegis kann að eignast, skuli endurgjaldslaust verða eign hins.

31. gr.

Nú hefir annað hjóna haft tekjuafgang á umliðnu almanaksári, og getur það þá þar til næsta ár er á enda afsalað hinu endurgjaldslaust helminginn af tekjuafganginum án þess að til þess þurfi kaupmála. Afsalið er þó því að eins gilt gagnvart skuldheimtumönnum afsala, að hann hafi tiltekið í skjali, er af honum sje undirritað, upphæð tekjuafgangsins, enda leiki enginn vafi á um það, að hann hafi haldið eftir nægilegum efnum til greiðslu allra skuldbindinga sinna.

32. gr.

Nú hafa hjón, án kaupmála, komið sjer saman um afhending eignar annars til hins, og er sá samningur þá því að eins gildur gagnvart skuldheimtumönnum þess, er afhenti, að kaupmála þurfi eigi til slíkrar ráðstöfunar.

33. gr.

Nú hefir annað hjóna gefið hinu gjöf, og getur þá sá, er þá átti kröfu á hendur gefanda, gengið að hinu hjónanna meðan gjöfin eða verð hennar hrekkur til, nema það sannist, að gefandi hafi haldið eftir áreiðanlega nógum efnum til greiðslu skuldbindinga sinna. Hafi að einhverju leyti komið endurgjald fyrir gjöfina, dregst það frá verði hennar. Hitt hjónanna er þó laust úr allri ábyrgð, sanni það, að munir þeir, sem um er að ræða, hafi farið forgörðum án þess því verði um kent.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til gjafa þeirra, er getur í 2. málsgr. 30. gr.

34. gr.

Það hjónanna, sem veitir hinu aðstoð við atvinnurekstur þess, getur, þótt eigi sje svo um samið, krafist hæfilegrar borgunar fyrir vinnu sína, þegar það, eftir tegund vinnunnar og öðrum atvikum, virðist sanngjarnt að borgun sje greidd. Þó fyrnist sú krafa á 1 ári.

35. gr.

Nú hefir annað hjóna falið hinu stjórn eigna sinna eða nokkurs hluta þeirra, og er hinu — nema öðruvísi sje um samið eða annað ráðgert — þá heimilt, innan hæfilegra takmarka, að nota tekjurnar til framfærslu fjölskyldunnar, án þess að þurfa að gera sjerstök reikningsskil fyrir. Slíkt umboð er afturtækt hve nær sem er.

36. gr.

Um samkomulag hjóna um framfærsluskyldu og samninga, sem gerðir eru með skilnað að borði og sæng eða algerðan skilnað fyrir augum, gilda þau ákvæði, sem um það eru sjerstaklega sett.

37. gr.

Kaupmálar skulu vera skriflegir og undirritaðir af aðiljum. Nú er annarhvor aðili ólögráða, og þarf þá einnig undirskrift lögráðamanns.

38. gr.

Til þess að kaupmáli sje gildur, verður að skrá hann í kaupmálabókina samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í IX. kafla.

VI. kafli.

Um slit á fjárfjelagi.

39. gr.

Hvort hjóna um sig getur krafist að fjárfjelagi sje slitið:

1) Þegar hitt hjónanna með vangæslu á fjármálum sínum, misbeiting á ráðum yfir hjúskapareign sinni eða með annari óhæfilegri framkomu rýrir hjúskapareign sína eða gefur tilefni til ótta um að svo muni fara.
2) Þegar bú hins hjónanna er tekið til gjaldþrotaskifta.

40. gr.

Nú eru hjón sammála um að krefjast slita á fjárfjelagi, og á þá að gera skriflega kröfu um það til skiftarjettarins á þeim stað, sem bóndi er búsettur eða dvelur. Skiftarjetturinn tekur slíka beiðni til greina með úrskurði svo fljótt sem unt er.

41. gr.

Nú krefst annað hjóna slita á fjárfjelagi, og á þá að stíla þá kröfu til skiftarjettarins á þeim stað, þar sem hitt býr eða dvelur. Sje ókunnugt um bústað þess eða dvalarstað, stílast krafan til skiftarjettarins á þeim stað, þar sem það síðast átti heima eða dvaldi svo kunnugt sje.

Umsókninni skulu, að svo miklu leyti sem því verður við komið, fylgja skrifleg sönnunargögn fyrir ástæðum þeim, sem krafan um slitin á fjárfjelaginu er bygð á. Nú þykir þörf ítarlegri sannana, og skal skiftarjetturinn þá benda umsækjanda á það og getur skorað á hann að útvega frekari sannanir.

Verði því við komið, skal veita hinu hjónanna tækifæri til þess að koma fram með álit sitt um fjárslitakröfuna, og getur skiftarjetturinn í því skyni kallað það fyrir sig. Nú neitar það hjóna að láta álit sitt i ljós, eða sækir ekki boðaðan fund án gildra forfalla, og má þá líta svo á, að það treystist eigi til að mótmæla greinargerð beiðandans. Nú á það hjóna eigi heimili eða dvalarstað hjer á landi svo að kunnugt sje um, og getur skiftarjetturinn þá skipað valinkunnan mann, sem, ef kostur er á, skal vera ættingi eða vinur þess hjóna, til þess að gefa skýrslu fyrir þess hönd áður en úrskurður er upp kveðinn.

42. gr.

Þegar svo stendur á sem segir í 41. gr., úrskurðar skiftarjetturinn eftir skýrslum þeim og sönnunargögnum, sem fyrir liggja, hvort krafan um slit á fjárfjelagi skuli til greina tekin eða eigi.

Ákvörðun skiftarjettarins má áfrýja til æðri rjettar samkvæmt reglum þeim, sem settar eru um áfrýjun skiftarjettarúrskurða.

Nú úrskurðar skiftarjettur, að slit á fjárfjelagi skuli fram fara, og verður framkvæmd þess úrskurðar þá ekki tafin með áfrýjun hans. Þó getur hvorugt hjónanna krafist greiðslu á hluta sínum úr hjúskapareign hins fyrr en málið er endanlega til lykta leitt.

43. gr.

Nú er krafa um slit á fjárfjelagi tekin til greina, og skiftist þá hjúskapareign beggja hjóna milli þeirra samkvæmt 6. kap. skiftalaganna frá 12. apríl 1878 og VII. kafla laga þessara. Meðan á skiftum stendur heldur hvort hjónanna yfirráðum yfir hjúskapareign sinni, nema 2. liður 63. gr. skiftalaganna komi til framkvæmda, en er skylt að gera skiftarjettinum reikningsskil fyrir stjórn sinni frá þeim tíma, er krafan um slit á fjárfjelagi kom fram.

Þegar eftir að krafa um slit á fjárfjelagi hefir verið afhent skiftarjettinum, er heimilt að beita 2. lið 63. gr., sbr. 57. gr., skiftalaganna.

44. gr.

Það, sem öðru hjóna hlotnast við skiftin eða það eignast eftir að krafa um slit á fjárfjelagi er fram komin, verður sjereign þess.

45. gr.

Skiftarjettinum ber að sjá um, að hin framkomna krafa um slit á fjárfjelagi sje tilkynt til skrásetningar í kaupmálabókina.

46. gr.

Fyrir meðferð á kröfu um slit á fjárfjelagi og skrásetning hennar í kaupmálabókina skal gjalda alls 10 kr. í ríkissjóð um leið og krafan er afhent.

VII. kafli.

Um skifti.

47. gr.

Nú eiga skifti fram að fara vegna dauða annars hjóna, og fer þá um uppgerð og skifti hjúskapar- og sjereignar hins látna eftir þeim reglum, sem settar eru um meðferð venjulegra dánarbúa. Hjúskapareign þess hjónanna, sem eftir lifir, skiftist aftur á móti eftir þeim reglum, sem settar eru í 5. kap. skiftalaganna, og eigi það sjereign, á að draga hana undir skiftin, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til þess að fullnægja reglum þeim, sem settar eru í þessum kafla.

Þegar skiftarjetturinn skiftir með hjónum, sem bæði eru á lífi, ber að halda hjúskapareign hvors hjónanna aðgreindri og fara eftir reglum í 6. kap. skiftalaganna, þannig að hvort hjónanna um sig hefir þá aðstöðu, sem bónda er veitt með 63.—68. gr. skiftalaganna. Eigi hjónin einnig sjereign, ber sömuleiðis að draga hana undir skiftin, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til þess að fullnægja reglum þeim, sem settar eru í þessum kafla.

48. gr.

Við skiftin skal hvoru hjónanna úthlutað svo miklu af hjúskapareign sinni, að það nægi til greiðslu skuldbindinga þeirra, sem á því hvíldu þegar krafan um slit á fjárfjelagi kom fram, þegar hjónin skildu að borði og sæng eða þegar hjónabandinu var slitið, þar á meðal til greiðslu hluta þess af sameiginlegum skuldbindingum hjónanna, hafi sjerstakir fjármunir eigi verið teknir frá til greiðslu þeirra samkvæmt 57. gr.

Skuldir, sem annað hjóna hefir bakað sjer með vanhirðu á fjármálum sínum eða með annari óhæfilegri aðferð, eða skuldir, sem það hefir stofnað til þess að eignast eða bæta sjereign eða rjettindi þau, sem getur í 2. málsgr. 17. gr. og haldið er utan skiftanna, er því að eins hægt að krefjast greiðslu á af hjúskapareign þess hjóna, að önnur efni þess hrökkvi ekki til greiðslu þeirra.

Erfingjar þess hjóna, sem látið er, hafa einnig rjettindi þau, er ræðir um í 1. málsgr. greinar þessarar.

49. gr.

Afgangur sá af hjúskapareign hvors hjónanna, sem fram kemur við uppgerð þá, er fram fer samkvæmt 48. gr., skiftist jafnt á milli hjónanna, að svo miklu leyti sem annað leiðir eigi af ákvæðum 54. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar eða af reglum þeim, sem settar eru hjer á eftir.

50. gr.

Hvoru hjónanna um sig er heimilt, og sje annað dáið, þá því, sem eftir lifir, að taka af óskiftu muni, sem að eins eru ætlaðir því til notkunar, enda sje verð þeirra eigi óhæfilega hátt, borið saman við efnahag hjónanna.

51. gr.

Nú hefir öðru hjóna verið lagt fje af hjúskapareign þess til greiðslu skulda þeirra, er getur í 2. málsgr. 48. gr., og getur þá hitt hjónanna eða erfingjar þess krafist endurgjalds fyrir það af hjúskapareign beggja hjónanna, eins og hún verður þegar allar skuldir eru frá dregnar.

52. gr.

Nú hefir annað hjóna að verulegum mun rýrt hjúskapareign sína með vanhirðu á fjármálum sínum, misbeiting á ráðum sínum yfir hjúskapareigninni eða annari óhæfilegri aðferð, og getur þá hitt hjónanna eða erfingjar þess krafist endurgjalds af hjúskapareign beggja, þegar skifti fara fram, eins og hún verður að frádregnum skuldum. — Hrökkvi hún eigi, má heimta helminginn af því, sem eftir verður, greiddan af þeim efnum þess brotlega, sem eru í sjereign þess og ekki þarf til greiðslu annara skulda þess.

53. gr.

Sama rjett til endurgjalds og þann, er felst í 52. gr., hefir og hvort hjóna um sig, svo og erfingjar þess, ef hitt hjónanna hefir varið fje af hjúskapareign sinni til þess að öðlast eða bæta sjereign eða rjettindi þau, sem getur í 2. málsgr. 17. gr. og eigi koma undir skiftin.

54. gr.

Nú hefir annað hjóna notað fjármuni af sjereign sinni í þarfir hjúskapareignar sinnar, og getur það eða erfingjar þess, þegar skifti fara fram, þá krafist endurgjalds fyrir það af hjúskapareigninni, eins og hún verður að frádregnum skuldum.

55. gr.

Nú hefir við skiftin eigi fengist full greiðsla á endurgjaldskröfum samkvæmt 51.—54. gr., og er þá eigi síðar hægt að krefjast þess, sem eftir stendur.

56. gr.

Nú eru fallnar í gjalddaga bætur, sem dæmdar hafa verið öðru hjóna

samkvæmt 74. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, og má þá krefja greiðslu, þegar skifti fara fram, af því, sem hinu seka hlotnast við skiftin og eigi gengur til greiðslu annara skulda, sem á því hvila.

57. gr.

Nú koma fram skuldir, sem bæði hjónin bera ábyrgð á, og getur þá hvort þeirra sem er krafist, að hitt greiði þann hluta skuldanna, sem að lokum á að lenda á því, eða að það setji tryggingu fyrir borguninni eða að fjármunir sjeu teknir frá til greiðslu þeirra.

58. gr.

Nú er annað hjóna dáið og fjármunir búsins litils virði, og getur þá það þeirra, sem eftir lifir, tekið af hjúskapareign beggja nauðsynleg búsgögn, verkfæri og aðra lausa muni, að svo miklu leyti sem það verður talið nauðsynlegt til þess að það geti haldið áfram atvinnu sinni. Þetta gildir, þó að verð greindra muna fari fram úr lögmæltum hluta þess í hjúskapareignunum

59. gr.

Auk heimildar þeirrar, sem hjónum er veitt í 2. málsgr. 59. gr. og 64. gr. skiftalaganna til þess að krefjast ákveðinna muna við skiftin, getur hvort hjónanna sem er, eða þegar annað er dáið, þá það, sem eftir lifir, krafist að fá hlut sinn í hjúskapareignunum greiddan eftir virðingu í lausafje því, sem því er nauðsynlegt til þess að geta haldið áfram atvinnu sinni.

60. gr.

Nú hefir annað hjóna við skiftin gefið eftir nokkuð af sínum hlut í hjúskapareign sinni eða hins, og geta skuldheimtumenn þess — sje það eigi alveg vafalaust, að það hafi haft nægilega fjármuni, þegar úthlutunin fór fram, til þess að fullnægja þáverandi skuldheimtumönnum sínum — þá gengið að hinu hjónanna að sama skapi sem það hefir fengið fje fram yfir búshluta sinn.

VIII. kafli.

Um óskift bú.

61. gr.

Eftir dauða annars hjónanna er hinu heimilt, án þess að skifti fari fram milli þess og sameiginlegra ófjárráða arfgengra niðja beggja, og taka við ráðum yfir hjúskapareign beggja, nema hið látna hafi með erfðaskrá meinað því setu í óskiftu búi.

Nú lætur hið látna eftir sig ófjárráða börn, sem eru eigi börn hins, og getur valdsmaður þá veitt því hjónanna, sem eftir lifir, rjett til setu í óskiftu búi. Það skal þó yfirleitt því að eins gert, að telja megi það börnunum í hag, að búið haldist óskift.

62. gr.

Nú er hið eftirlifandi hjóna gjaldþrota eða það kemur í ljós, að eignir þess hrökkva eigi fyrir skuldum, eða að það með vanhirðu á fjármálum sínum, misbeiting á valdi sínu yfir hjúskapareigninni eða með annari óhæfilegri aðferð hefir rýrt hjúskapareignina að verulegum mun, eða á sök á því, að hætt er við slíkri rýrnun, og verður því þá eigi heimiluð seta í óskiftu búi.

63. gr.

Sá, sem óskar að sitja í óskiftu búi, skal sem fyrst eftir látið tilkynna valdsmanni það, og skal tilkynningu þeirri fylgja lauslegt yfirlit yfir eignir þess og skuldir og skýrsla um nöfn barnanna, aldur og dvalarstað.

Nú eru erfingjarnir ófjárráða eða fjarverandi, og skipar valdsmaður þeim þá lögráðamann til þess að gæta hagsmuna þeirra út af kröfunni um setu í óskiftu búi. Lögráðamann þarf eigi að skipa, fari eignirnar að áliti valdsmanns eigi fram úr því, sem með þarf til framfærslu beiðanda og barna.

Nú kemst valdsmaður að þeirri niðurstöðu, að skilyrði fyrir setu í óskiftu búi sjeu fyrir hendi, og lætur hann beiðanda þá í tje skilríki fyrir því.

64. gr.

Það hjóna, sem situr í óskiftu búi, skal afhenda valdsmanni skýrslu um eignir og skuldir búsins áður en missiri er liðið frá láti hins. Skýrslu þessa skal gefa að viðlögðum drengskap. Sýna skal hana áður börnunum eða lögráðamanni þeirra.

65. gr.

Hinu óskifta búi hlotnast, auk hjúskapareignar þeirrar, er bæði hjónin áður áttu, alt það, sem hið eftirlifandi hjóna síðar eignast, svo framarlega sem það hefði orðið hjúskapareign þess, ef það hefði eignast það meðan hjónabandið stóð.

Arfur eða gjöf, sem hinu eftirlifanda hlotnast, rennur þó eigi inn í hið óskifta bú, svo framarlega sem það krefst skifta áður 2 mánuðir eru liðnir frá því það fjekk vitneskju um arfinn eða gjöfina.

66. gr.

Hið eftirlifandi hjóna hefir eignarráð yfir fjármunum búsins.

Nú gefur það gjöf úr búinu, sem er óhæfilega há miðað við efnahag búsins, og getur þá hver erfingjanna, innan árs frá því gefið var, höfðað mál til ógildingar gjöfinni, ef viðtakandi sá eða átti að sjá, að gefandanum var gerningurinn óheimill. Ákvæði þetta gildir þó því að eins, að búið sje tekið til skiftameðferðar.

67. gr.

Það hjónanna, sem eftir lifir, ber ábyrgð bæði á eigin skuldum sínum og skuldum þeim, sem hvíldu á hinu látna.

Hinu eftirlifandi hjóna er heimilt að innkalla skuldheimtumenn hins látna samkvæmt ákvæðum þeim, sem sett eru í opnu brjefi 4. janúar 1861.

68. gr.

Hið eftirlifandi hjóna getur með erfðaskrá að eins ráðið yfir sínum hluta úr búinu.

69. gr.

Nú situr annað hjóna í óskiftu búi, og fer þá um erfðarjett þess eftir það hjónanna, sem dáið er, eftir almennum reglum, nema skifti fari fram að báðum hjónunum látnum, því að þá fellur niður lögmæltur erfðarjettur eftir það þeirra, sem fyr ljest.

70. gr.

Það hjónanna, sem eftir lifir, getur hvenær sem er krafist skifta.

Nú gengur hið eftirlifandi hjóna í nýtt hjónaband, og fellur þá niður rjettur þess til setu í óskiftu búi.

71. gr.

Nú situr hið eftirlifandi hjóna í óskiftu búi með ófjárráða börnum samkvæmt heimild þeirri, sem veitt er í 61. gr., og er því þá skylt að skifta með þeim og sjer, er eitt barnanna eða fleiri verða fjárráða og krefjast skifta.

72. gr.

Nú vanrækir það hjóna, sem eftir lifir, framfærsluskyldu sína eða rýrir efni búsins að verulegum mun með vanhirðu á fjármálum sínum, misbeiting á ráðum sínum yfir búinu eða með annari óhæfilegri aðferð, eða það gefur tilefni til að óttast megi slíka rýrnun, og getur þá hver fjárráða erfingi, eða lögráðamaður ófjárráða erfingja, er skipa skal samkvæmt 63. gr., krafist búskifta.

73. gr.

Erfingjar látins erfingja geta krafist skifta á búinu með sömu skilyrðum og hinn látni erfingi.

Skuldheimtumenn erfingja geta eigi krafist búskifta.

74. gr.

Erfingi má eigi afsala, veðsetja eða á annan hátt afhenda hluta sinn í óskiftu búi, og eigi geta heldur skuldheimtumenn hans leitað fullnustu í honum.

75. gr.

Við skifti milli þess hjónanna, sem lengur lifir, og erfingja hins látna koma hinar venjulegu skiftareglur til framkvæmda á samsvarandi hátt.

76. gr.

Akvörðunum, sem valdsmaður tekur samkvæmt þessum kafla, má

skjóta til stjórnarráðs. Slíkt málsskot hindrar eigi framkvæmd á skiftameðferð, sem ákveðin er af skiftarjettinum með úrskurði.

77. gr.

Það hjóna, sem eftir lifir, getur, auk heimildar 61. gr., setið í óskiftu búi samkvæmt reglum þeim, sem settar eru hjer að framan, ef niðjar eða stjúpbörn samþykkja.

IX. kafli.

Um skrásetning kaupmála.

78. gr.

Valdsmaður heldur:

1) Dagbók yfir tilkynningar á kaupmálum til skrásetningar, og skal jafnskjótt og kaupmáli er afhentur til skrásetningar skrá kaupmálann í þá bók í rjettri tölurð. Valdsmaður undirskrifar í hvert skifti það, sem bókað er.
2) Kaupmálabók með nafnaskrá, og skal skrá í hana alla kaupmála, sem afhentir eru til skráningar, orði til orðs og eftir aldri.

Nánari reglur um fyrirkomulag og hald bóka þessara setur dómsmálaráðaherra.

79. gr.

Þegar kaupmálinn hefir verið skráður í kaupmálabókina, er rituð á hann athugasemd um innritunina og tilkynningardag.

80. gr.

Gildi skrásetningar telst frá tilkynningardegi þeim, er dagbókin greinir.

81. gr.

Gjöld þau, er nú skal greiða við þinglestur á kaupmálum, skal framvegis greiða um leið og krafa er gerð um innritun skjalsins.

82. gr.

Skrásetning kaupmálans, sem hvort hjónanna um sig getur krafist, á fram að fara við varnarþing bóndans. Nú á hann ekkert varnarþing hjer á landi, og kemur þá bæjarþing Reykjavíkur í þess stað. Ekki þarf að skrá kaupmála af nýju, þótt hjónin flytjist í annað lögsagnarumdæmi.

83. gr.

Dómsmálaráðuneytið sjer um, að haldin sje í einu lagi skrá yfir alla innritaða kaupmála. Valdsmanni ber því, þegar kaupmáli er innritaður, að senda viðkomandi skrifstofu tilkynningu um, að kaupmáli sje gerður, og tilgreini stöðu, nafn og heimili aðilja og innritunardag kaupmálans.

Hver sem er getur, komi hann fram með skriflega beiðni um það, er tilgreini nöfn aðilja og ef unt er stöðu þeirra, gegn 1 kr. gjaldi fengið upplýsingar úr skrá þessari um hvort kaupmáli sje gerður, og ef svo er, hvar og hve nær hann sje innritaður.

Nánari ákvæði um fyrirkomulag og innihald skrár þessarar setur dómsmálaráðherra. Í lok hvers mánaðar skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu það, sem í þeim mánuði hefir verið tekið í skrána. Til að standa straum af þeim útgjöldum greiðist 1 kr. við skráning kaupmálans.

84. gr.

Samsvarandi ákvæði þeim, sem sett eru í 78.—83. gr., gilda um tilkynningar skráðar samkvæmt 13. og 46. gr.

X. kafli.

Ýms ákvæði.

85. gr.

Nú er annað hjóna svift fjárræði, og hefir þá hitt hjónanna, ef það er fjárráða, ásamt lögráðamanni forræði fyrir hjúskapareign hins fjárræðissvifta.

86. gr.

Nú getur annað hjóna, sakir fjarveru eða veikinda, eigi gætt hagsmuna sinna, og má þá skipa því lögráðamann, til þess til bráðabirgða að annast hagsmuni þess, og koma þá ákvæðin í 14. gr. eigi til greina.

87. gr.

Nú átti það hjóna, er látið er, arfgengt afkvæmi á lífi, og erfir þá það hjónanna, sem eftir lifir, $^1/_4$ af eignum þeim, sem hið látna ljet eftir sig.

Erfðarjett þennan er eigi hægt að takmarka með erfðaskrárákvæðum fram yfir það, sem leiðir af 22. gr. tilskipunar 25. sept. 1850.

88. gr.

Nú átti hið látna eigi arfgengt afkvæmi á lífi, og erfir það hjónanna, sem eftir lifir, þá helminginn af eignum þess, ef faðir hins látna, móðir, systkin eða afkomendur þeirra eru á lífi; ella erfir það allar eigur hins látna.

Hvort hjónanna um sig getur með erfðaskrá lækkað erfðarjett hins eftir sig ofan í $^1/_3$ af eignum sínum.

89. gr.

Erfðarjettur hjóna fellur burtu við skilnað að borði og sæng og algerðan hjónaskilnað.

XI. kafli.

Ákvæði til bráðabirgða.

90. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1924. Þó taka 12. og 13. gr. og önnur efnisákvæði laganna um fjárhagslega afstöðu hjóna hvors til annars og gagnvart þriðja manni eigi til þeirra hjóna, sem gengið hafa í hjónaband fyrir þann tíma og búa við venjulegt helmingafjelag, nema hjónin hafi gert slíka skipun um fjármál sín með kaupmála og látið birta hann lögum samkvæmt.

91. gr.

Nú gera lög ráð fyrir helmingafjelagi hjóna, og skulu þau þá koma til framkvæmda á samsvarandi hátt, sje hjúskapareign með hjónunum.

Þþ. **647. Nefndaskipun 1923.**

1.

Fastanefndir.

(16. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis).

A.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Sigurður Hjörleifsson Kvaran,
Björn Kristjánsson,
Guðmundur Ólafsson, formaður.
Sigurður Jónsson,
Karl Einarsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um ríkisskuldabrjef (21, n. 72).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
2. Frv. til laga um skiftimynt úr eirnikkel (26, n. 60).
   Framsögum: Karl Einarsson.
3. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll (28, n. 328).
   Framsögum.: Björn Kristjánsson.
4. Frv. til laga um Íþróttasjóð Reykjavíkur (34, n. 182).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
5. Frv. til laga um meðferð á því fje, sem landssjóði áskotnast fyrir áfengi (63).
   (Nefndarálit kom ekki).
6. Frv. til laga um breyting á lögum 27. júní 1921, um bifreiðaskatt (125, n. 212).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
7. Frv. til laga um vaxtakjör [landbúnaðarins] (169, n. 363 (meiri hl) n. 364 (minni hl.)).
   Framsögum. meiri hl.: Karl Einarsson.
   Framsögum. minni hl.: Björn Kristjánsson.
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt (136, n. 188).
   Framsögum.: Sigurður Hjörleifsson Kvaran.

---

*) Tölur innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið har, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er að segja um mál þau, er nefndirnar flytja.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags- og fjárveitinganefndir.

9. Frv. til laga um bankaráð Íslands (174, n. 438 (meiri hl.) og 450 (minni hl.)).
   Framsögum. meiri hl.: Guðmundur Ólafsson.
   Framsögum. minni hl.: Björn Kristjánsson.
10. Frv. til laga um áfengissjóð (175).
   (Nefndarálit kom ekki).
11. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júni 1921, um vörutoll (244).
   (Nefndarálit kom ekki).
12. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka (454, n. 511).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
13. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921 (462, n. 600).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
14. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1920 og 1921 (25, n. 554).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
15. Frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka i Reykjavík (525, n. 574 (meiri hl.) 614 (minni hl.)).
   Framsögum. meiri hl.: Sigurður Hjörleifsson Kvaran.
   Framsögum. minni hl.: Sigurður Jónsson.
16. Frv. til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald (5, n. 615).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.

Nefndin flutti:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 6, 31. mai 1921 [*Seðlaútgáfa Islandsbanka*] (226).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.

2. Fjárveitinganefnd:

Jóhannes Jóhannesson, formaður.
Ingibjörg H. Bjarnason,
Einar Árnason, fundaskrifari,
Jónas Jónsson,
Hjörtur Snorrason.

Til hennar visað:

1. Frv. til laga um verðlaun fyrir útfluttan gráðaost (33, n. 63).
   Framsögum.: Jónas Jónsson.
2. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (59).
   (Nefndarálit kom ekki).
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1922 (243, n. 290).
   Framsögum.: Einar Árnason.
4. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1924 (394, n. 474).
   Framsögum.: Einar Árnason.
5. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923 (520, n. 583).
   Framsögum.: Einar Árnason.

Nefndin flutti:

1. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík (393).
   Framsögum.: Einar Árnason.
2. Frv. til laga um lífeyri handa fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis Einari Þorkelssyni (518).
   Framsögum.: Jóhannes Jóhannesson.

3. Samgöngumálanefnd:

Jón Magnússon, formaður,
Sigurður Hjörleifsson Kvaran,
Guðmundur Guðfinnsson, fundaskrifari,
Einar Árnason,
Hjörtur Snorrason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um samþyktir um sýsluvegasjóði (2, n. 48).
   Framsögum.: Guðmundur Guðfinnsson.
2. Frv. til laga um vitabyggingar (116, n. 249).
   Framsögum.: Jón Magnússon.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [*Ritsíma og talsímakerfi*] 162, n. 213).
   Framsögum.: Einar Árnason.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 11. júlí 1911, um breyting á lögum nr. 57, frá 22. nóv. 1907, um vegi (376, n. 524).
   Framsögum.: Guðmundur Guðfinnsson.
5. Frv. til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57 (431, n. 548).
   Framsögum.: Guðmundur Guðfinnsson.

4. Landbúnaðarnefnd:

Guðmundur Ólafsson, formaður,
Sigurður Jónsson,
Hjörtur Snorrason, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um ófriðun sels í Ölfusá (94, n. 154).
   Framsögum.: Sigurður Jónsson.
2. Frv. til laga um berklaveiki í nautpeningi (68, n. 223).
   Framsögum.: Sigurður Jónsson.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 3. nóv. 1915 [*Útflutningur hrossa*] (196, n. 238).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
4. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 5, 19. febrúar 1886, um friðun á laxi (242, n. 473).
   Framsögum.: Sigurður Jónsson.

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðar-, sjávarútvegs- og mentamálanefndir.

5. Till. til þál. um innlenda baðlyfjagerð og útrýmingu fjárkláða (193, n. 425).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
6. Frv. til laga um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m. (416, n. 522).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.
7. Frv. til jarðræktarlaga (494, n. 540).
   Framsögum.: Sigurður Jónsson.
8. Frv. til laga um sandgræðslu (497, n. 599).
   Framsögum.: Guðmundur Ólafsson.

5. Sjávarútvegsnefnd:

Karl Einarsson, formaður,
Jónas Jónsson, fundaskrifari,
Björn Kristjánsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum (135, n. 251).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
2. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi (83, n. 252).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913 [*Herpinótaveiði*] (160, n. 362).
   Framsögum.: Karl Einarsson.
4. Frv. til laga um breyting á lögum um skoðun á síld, frá 28. nóv. 1919 (333).
   (Nefndarálit kom ekki).

6. Mentamálanefnd:

Ingibjörg H. Bjarnason, formaður,
Jónas Jónsson, fundaskrifari,
Karl Einarsson.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um stofnun húsmæðraskóla á Staðarfelli (295, n. 507).
   Framsögum.: Jónas Jónsson.
1. 5. þing Alþýðusambands Íslands, í nóv. 1922, skorar á Alþingi að breyta fátækralögunum á þá leið, að telja ekki sveitarstyrk þann fátækrastyrk, sem veittur er vegna ómegðar, slysa eða vanheilsu, atvinnuskorts, elli, eða sje hann veittur eldra manni en 60 ára;

enn fremur að bannaður verði fátækraflutningur á þurfalingum. Brjef, dags. 26. febr. (Nd. 116).

2. Fundur sextán fulltrúa úr fjórum hreppum Eyjafjarðarsýslu tjáir sig eindregið með því, að allur framfærslustyrkur úr sveitarsjóði verði hjer eftir sem hingað til talinn sveitarstyrkur og varði sama rjettindamissi, og að vald sveitastjórna yfir þurfamönnum verði aukið að mun (og mótmælir skifting Eyjafjarðarsýslu í tvö kjördæmi). (Ed. 8).

Felix Guðmundsson, sjá Kirkjugarðar.

Fellshreppur í Skagafirði, sjá Sjúkrasjóðir.

Fiðluleikur. Skýrsla Þórarins Guðmundssonar fiðluleikara um nemendur þá, sem hann hefir kent ókeypis, samkv. fjárveiting síðasta þings. Dags. 21. mars. (Nd. 224).

Fimleikakensla.

1. Valdimar Sveinbjörnsson, fimleikakennari við barnaskóla Reykjavíkur, leitar 1000 kr. styrks til þess að veita utanbæjarpiltum tilsögn í fimleikakenslu. Brjef, dags. 4. mars. (Nd. 121).
2. Ingibjörg Guðbrandsdóttir (Brands) gerir fjárv.nefndum grein fyrir fimleikakenslu sinni, þeirri er hún hefir styrk til. Brjef, dags. 2. apríl. (Nd. 371).

Fiskifjelag Islands.

1. Fjárhagsáætlun fjelagsins um árið 1924, dags. 30. okt. 1922, með athugas. og skýringum. (Nd. 32/9).
2. Brjef fjelagsstjórnarinnar, dags. 6. mars, með fjárhagsáætlun fjelagsins 1924 og brjefum fjvn. og sjútvn. neðri deildar, dags. 26. og 28. mars. (Nd. 165 og 288).
3. Stjórn fjelagsins leitar dýrtíðaruppbótar á launum starfsmanna þess árin 1922 og 1923, á sama hátt og Búnaðarfjelag Íslands hefir fengið sínum starfsmönnum. Tvö brjef, dags. 2. mars. (Nd. 163 og 164).

Fiskimarkaður.

1. Tvær skýrslur til atvinnumálaráðun., frá Pjetri A. Ólafssyni, um fiskimarkaðshorfur í Suður-Ameríku, dags. 6. og 31. des. 1922, með brjefi ráðun., dags. 1. mars. (Nd. 94).
2. Karl Þorsteins beiðist styrks, 4000 kr. danskra, til þess að dvelja lengur í Argentínu og Brasilíu og kynna sjer markaðshorfur þar fyrir íslenskan fisk. Brjef, dags. 12. febr. (Nd. 383).
3. Brjef atvinnumálaráðun., dags. 20. apríl, með endurriti af brjefi danska sendiherrans í Rio de Janerio, dags. 21. febr., um saltfiskmarkað suður þar og sölu á íslenskum fiski, er þangað var sendur. (Nd. 332).

Sbr. og síldarsala.

Fiskimatsmenn.

1. Brjef yfirfiskimatsmannsins í Reykjavík um veitingu fiskimatsstöðunnar í Vestmannaeyjum, dags. 20. jan. (Nd. 96).

2. Umsókn Högna Sigurðssonar í Vestmannaeyjum um fiskimatsstöðuna þar, dags. 11. febr. (Nd. 96).
3. Umsóknir fiskimatsmanna á Ísafirði, dags. 16. nóv. 1922, Seyðisfirði, dags. 28. des. s. á., og yfirfiskimatsmannsins í Reykjavík, dags. 21. febr., um launahækkun, með brjefi atvinnumálaráðun. 2. mars. (Nd. 96).
4. Brjef sjávarútvegsn. neðri deildar til fjárvn., dags. 16. apríl, um það (auk fleira), að Jóni Magnússyni yfirfiskimatsmanni og Árna Gíslasyni fiskimatsmanni verði veitt persónuleg launabót. (Nd. 365).

Fiskirannsóknir.

1. Beiðni Bjarna Sæmundssonar, dags. 18. nóv. 1922, um lausn frá embætti, með óskertum launum og eftirlaunarjetti, til þess að gefa sig eingöngu við fiskirannsóknum og visindastörfum, enn fremur um alt að 2000, en minst 1000 kr. styrk 1924, til þess að ljúka við fiskibókina og til dýrafræðirannsókna. 1 fskj. (Nd. 32/13).
2. Brjef Bjarna, sama efnis, dags. 10. mars, með 5 fskj. (Nd. 183).
3. Brjef sjávarútvegsn. neðri deildar til fjárvn., dags. 16. apríl, um það (auk fleira), að tekin verði til greina umsókn Bjarna Sæmundssonar, eins og hún liggur fyrir. (Nd. 365).

Fiskiveiðalög.

1. Formaður Fiskifjelags Íslands fer þess á leit, að breytt verði fiskiveiðalögunum á þá leið, að hert verði á banni gegn umskipun afla í landhelgi. Brjef, dags. 20. mars. 1. fskj. (Nd. 350).
2. Bæjarfógetinn á Siglufirði skýrir frá, að Norðmenn sjeu að reisa síldarbræðslustöð þar og spyrst fyrir út af þessu, hversu skilja beri 8. og 9. gr. fiskiveiðalaganna. Símsk., dags. 21. apríl, með brjefi atvmrn. 30 s. m. (Nd. 343).
3. Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda lætur uppi álit sitt um fiskiveiðalögin frá 1922, og telur enga ástæðu til þess að breyta þeim að svo komnu. Brjef, dags. 7. maí. (Nd. 346).

Fiskiveiðar. Sigurður Þ. Njarðvík í Hafnarfirði beiðist 6000 kr. styrks til tilraunaveiða með botn-neti, sem hann hefir gert og fengið einkaleyfi fyrir. Brjef, dags. 26. febr., með brjefi sjútvn. neðri deildar, þar sem lagt er til að fje Fiskifjelagsins verði aukið nokkuð í því skyni að styrkja megi nýjungar í fiskiveiðum. (Nd. 101).

Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda, sjá Fiskiveiðalög 3.

Flateyjarhreppur í Þingeyjarsýslu, sjá Dómþinghár, Læknisvitjunarstyrkur 1, Símamál 6, Strandferðir 17.

Flateyrarhreppur, sjá Dómþinghár.

Flensborgarskólinn, sjá Alþýðuskólar 1—2.

Flóabátar, sjá Strandferðir.

Fornbrjefasafn, sjá Bókmentafjelagið.

Forngripakaup, sjá Þjóðmenjasafnið 3—4.

Fornleifafjelagið, sjá Örnefni.

Fossvellir, vegur þaðan að Breiðumýri, sjá Vegamál 2—5.

Frakkneski spitalinn á Fáskrúðsfirði, sjá Sjúkrahús 1.
Framhaldsnámsskeið, sjá Fræðslumál 2—4.
Frjettastofa. Blaðamannafjelag Íslands sækir um 6000 kr. styrk á ári 1923 og 1924 til frjettastofu í Reykjavík. Brjef. dags. 5. apríl. (Nd. 305).
Fryst kjöt, sjá Kjötmarkaður 1.
Fræðafjelagið.
1. Brjef fjelagsstjórnarinnar, dags. 16. sept. 1922, um 1000 kr. styrk 1924. (Nd. 77/24).
2. Umsókn fjelagsins um 1500 kr. styrk til útgáfu alþýðlegrar stjörnufræði eftir Þorvald Thoroddsen. Brjef, dags. 7. febr. (Nd. 61).

Fræðirit handa alþýðu, sjá Alþýðufræðirit, Þjóðvinafjelagið.
Fræðslumál.
1. Brjef fræðslumálastjóra, dags. 28. okt. 1922, um aukið fje til fræðslumála 1924. (Nd. 77/17).
2. Forstöðumaður kennaraskólans, sjera Magnús Helgason, skorar á mentamálanefndir og fjárveitinganefndir að hlutast til um að teknar verði upp aftur fjárveitingar til framhaldskenslu kennurum, 1500 kr., og utanfararstyrkur kennara, 2500 kr. Brjef, dags. 6. mars. (Nd 137).
3. Samband íslenskra barnakennara fer hins sama á leit. Brjef, dags. 13. mars. (Nd. 254),
4. Brjef mentmn. neðri deildar, dags. 17. mars, til fjvn., um fjárveitingar til framhaldskenslu kennurum og utanfararstyrks. (Nd. 261).

Sbr. og Barnaskólar.
Frönsk orðabók, sjá Páll Þorkelsson.
Fyrirhleðsla, sjá Markarfljót.

Gagnfræðaskólinn á Akureyri. Tillögur skólameistara um fje til skólans 1924. Símsk., dags. 6. nóv. 1922. (Nd. 77/14).
Gagnvermir (»diathermi«-áhald), sjá Háskólinn 6.
Garðskagaviti, sjá Vitamál 5. b.
Gautaborgarsýningin, sjá Hrossasala 2, Náttúrufræðingamót, Prentsýning, Sagnfræðingaþing.
Geðveikrahælið á Kleppi. Áætlun geðveikralæknis um rekstrarkostnað hælisins 1924. (Nd. 77/29).
Geir G. Þormar trjeskeri, sjá Námsstyrkur 13.
Geithellahreppur, sjá Vitamál 6.
Geitnalækningar. Brjef landlæknis, dags. 27. nóv. 1922, um útrýming geitna og 5000 kr. fjárveiting á ári til ókeypis geitnalækninga. 4 fskj., þar í brjef geitnanefndar Læknafjelags Rvíkur, dags. 17. nóv. 1922. Sent með brjefi dómsmrn. 2. mars. (Nd. 98).
Gengismunur, sjá Eftirlaun 16—17, Stúdentar 1—2.
Gerðahreppur.
1. Beiðni þingmanna Gullbr.- og Kjósarsýslu um 40 þús. kr. lán úr viðlagasjóði handa Gerðahreppi, til þess að bjarga honum frá

fjárþroti. Brjef, dags. 14. mars, ásamt brjefi hreppsnefndar Gerðahrepps, dags. 26. nóv. 1922, um 40 þús. kr. lán úr bjargráðasjóði, og brjefi sýslum. Gullbr.sýslu, dags. 15. des. s. á. (Nd. 375).

2. Oddviti hreppsnefndar Gerðahrepps leitar hækkunar á lánsheimild hreppnum til handa úr 20 upp í 40 þús. Brjef til þingm. kjördæmisins, dags. 16. apríl. (Ed. 22).

Gerðardómur í kaupgjaldsþrætum.

1. Verkamannafjelagið »Baldur« á Ísafirði skorar á Alþingi að láta frumvarp Bjarna frá Vogi, um gerðardóm í kaupþrætum, aldrei að lögum verða. Fundarál. 18. mars. (Nd. 273).
2. Sjómannafjelag Reykjavíkur mótmælir frumv. um gerðardóm í kaupgjaldsþrætum og skorar á Alþingi að láta það ekki að lögum verða. Fundarsamþ. 24. mars, ásamt áskorunum sama efnis frá 534 sjómönnum á Reykjavíkurskipum. (Nd. 297).
3. Mótmæli sama efnis frá verkmannafjelaginu »Dagsbrún« í Reykjavík. Fundarál. 21. mars. (Nd. 302).

Gistihús í Borgarnesi, sjá Kristján Jónasson.

Gistihús á Þingvöllum, sjá Þingvellir 4.

Gististaðir.

1. Narfi Jónsson, bóndi í Grísatungu, endurtekur beiðni sína frá í fyrra um 500 kr. styrk til húsabóta á bæ sínum, vegna ferðamanna um Langavatnsdal. Brjef, dags. 6. febr., með brjefi þingm. Mýram., dags. 13. mars. (Nd. 203).
2. Guðlaugur Hinriksson, bóndi í Sveinatungu, beiðist 1000 kr. styrks til þess að halda þar uppi gistingu fyrir ferðamenn. Brjef, dags. 20. mars. (Nd. 271).

Sbr. og Eyðibýli, Hlíðarendi.

Gísli Sveinsson sýslumaður beiðist fjárstyrks til þess að standast kostnað við að leita sjer heilsubótar. Brjef, dags. 8. sept. 1922, með 5 fskj. og meðmælum dómsmrn., dags. 9. mars. (Nd. 171).

Gjöf Jóns Sigurðssonar.

1. Skýrsla dómsmálaráðun. um tímabilið 1. jan. 1921 til 31. des. 1922, dags. 27. febr. (Sþ. 10).
2. Skýrsla verðlaunanefndar, dags. 14. apríl. (Sþ. 15).

Grafreitir, sjá Kirkjugarðar.

Grasasafn Steláns skólameistara. Brjef dómsmálaráðun. dags. 26. mars, ásamt brjefi Valtýs búnaðarráðunauts Stefánssonar, dags. 15. s. m., þar sem hann býður ríkinu kaup á grasasafni því, er faðir hans ljet eftir sig, fyrir 8000 kr. 2 fskj. (Nd. 283).

Grímsey, sjá Símamál 4—5, Strandferðir 15.

Grísatunga, sjá Gististaðir 1.

Gróðurrannsóknir, sjá Helgi Jónsson.

Grundarfjarðarsími, sjá Símamál 3.

Grunnavíkurhreppur, sjá Hallærislán, Prestssetur 1—2.

Guðbjörg Þorleifsdóttir í Múlakoti, sjá Skógrækt 6.

Guðlaug Vigfúsdóttir prestsekkja, sjá Eftirlaun 3.
Guðlaugur Hinriksson, sjá Gististaðir 2.
Guðmundur G. Bárðarson sækir um 1800 kr. styrk til jarðfræðirannsókna og ritstarfa um þau efni. Brjef, dags. 4. febr., með 3 fskj. (Nd. 30).
Guðmundur Jónsson, fyr bæjarpóstur, sjá Eftirlaun 8.
Guðmundur Jónsson í Hoffelli, sjá Námur.
Guðmundur Jónsson frá Mosdal, sjá Heimilisiðnaður 2.
Guðmundur Hávarðsson, sjá Hrossasala 1.
Guðmundur B. Kristjánsson kennari, sjá Stýrimannaskólinn 3.
Guðmundur Kristjánsson, fyrrum póstur, sjá Eftirlaun 9.
Guðný Jónsson hjúkrunarkona, sjá Námsstyrkur 17.
Guðrún Gísladóttir Björns, hjúkrunarkona, sjá Námsstyrkur 19.
Gunnólfsvíkursími, sjá Símamál 2.
Guttormur Pálsson, sjá Skógrækt 4.

Hafnarvegur í Hornafirði, sjá Vegamál 6.
Hafnir. Brjef bæjarfógetans á Ísafirði, dags. 7. des. 1922, um fjárveiting til hafnarvirkja þar. 4 fskj. (Nd. 32/18). — Sbr. og Bryggjur, Lendingar.
Haganesvík, sjá Strandferðir 13.
Hagleiksskóli, sjá Heimilisiðnaður 2.
Halldóra Bjarnadóttir, sjá Heimilisiðnaður 3.
Hallgrímur Þorbergsson, sjá Tóvinnuvjelar 2—3.
Hallormsstaður, sjá Skógrækt 4.
Hallur Hallsson tannlæknir, sjá Námsstyrkur 22.
Hallærislán.
1. Brjef oddvitans í Grunnavíkurhreppi, dags. 7. des. 1922, um eftirgjöf á 3262,50 kr. eftirstöðvum af hallærisláni til hreppsins frá 1918, ásamt brjefi sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu sama efnis, dags. 19. s. m., og brjefi fjármálaráðun., dags. 15. febr. (Nd. 15/1).
2. Brjef oddvitans, dags. 18. des. 1922, með brjefi sama, dags. 9. febr., með árituðum meðmælum sýslumanns Ísafjarðarsýslu, dags. s. d. (Nd. 41).

Handavinna, sbr. Hannyrðakensla, Heimilisiðnaður.
Handrit Jóns Aðils.
1. Ingileif, ekkja Jóns prófessors Aðils, býður landinu kaup á þeim handritum manns síns, er lúta að sögu Íslands. Brjef, dags. 17. mars, með brjefi Páls Eggerts Ólasonar próf., dags. 22. mars. (Nd. 260).
2. Brjef dómsmálaráðun., dags. 4. maí, um handritakaupin, ásamt skýrslu og matsgerð Páls Eggerts Ólasonar próf. (Nd. 378).

Handritalýsingar, sjá Landsbókasafnið 2.
Hannes Þorsteinsson skjalavörður skýrir Alþingi frá störfum sínum að æfisagnasafni sínu. Brjef, dags. 8. mars. 1 fskj. (Nd. 148).
Hannesarsjóður Árnasonar, sjá Björg Þ. Blöndal.
Hannyrðakensla. Ásgeir Ásgeirsson, prestur í Hvammi, og Þorsteinn Þorsteins-

son, sýslumaður í Dalasýslu, mæla með því, að Þórdísi Ólafsdóttur á Fellsenda verði veittur styrkur til hannyrðakenslu. Tvö brjef, dags. 22. febr. 1922 og í apríl 1923. (Nd. 385).

Háskólinn.

1. Brjef háskólaráðsins, dags. 8. nóv. 1922, um fje til háskólans 1924. (Nd. 77/16).
2. Dr. Alexander Jóhannesson ber sig upp undan því, að 500 kr. launabót til sín hafi ekki verið tekin upp í fjárlög 1923, og beiðist hennar í fjáraukalögum það ár. Brjef, dags. 9. nóv. 1922. 7 fskj. (Nd. 124/7).
3. Brjef Jóns Hj. Sigurðssonar, hjeraðslæknis í Reykjavík, dags. 9. mars, þess efnis, að þóknun til hans, 1500 kr., fyrir kenslu í háskólanum verði tekin upp í fjárlög 1924 eins og verið hefir, með brjefi dómsmálaráðun. 26. s. m. (Nd. 282).
4. Brjef læknadeildar, dags. 16. febr., um það, að Sigurði Magnússyni berklalækni verði greidd nokkur þóknun fyrir kenslu í berklafræði og rannsókn sjúklinga, sem hann hefir veitt háskólastúdentum þegar í tvö ár. Með brjefi dómsmálaráðun. 13. apríl. (Nd. 315).
5. Brjef Guðmundar prófessors Hannessonar, dags. 6. febr., um málaleitun þýsks efnafræðings, dr. Max Trautz, um að taka að sjer kenslu í fræði sinni við háskólann hjer, með brjefi dr. Trautz, dags. 10. okt. 1922, og brjefi atvmrn. 27. febr. (Nd. 121/5).
6. Álit læknanna Jóns Hj. Sigurðssonar, Guðmundar Thoroddsens, Guðmundar Hannessonar og Sæm. Bjarnhjeðinssonar, um nauðsyn þess, að fengið verði hingað til lands »diathermi«-áhald, sem fyrst um sinn gæti komið að notum í lækningastofu Jóns Kristjánssonar. Brjef, dags. 11. maí. (Nd. 357).

Sbr. og Stúdentagarður, Stúdentar.

Hegningarhús.

1. Brjef bæjarfógetans í Reykjavík, dags. 11. nóv. 1922, um fje til hegningarhússins í Reykjavík 1924. (Nd. 77/1).
2. Brjef sama, dags. 13. febr., um klefaþröng í hegningarhúsinu í Reykjavík og nauðsyn sjerstakrar byggingar til vörslu drukkinna manna og þeirra, sem óspektum valda á almannafæri. 3 fskj. (Nd. 124/3).

Heilbrigðisfræði. Skúli V. Guðjónsson læknir leitar 5000 kr. styrks til sjernáms í heilbrigðisfræði (Hygiene). Brjef, dags. 15. mars. 4. fskj. (Nd. 238).

Heimilisiðnaður.

1. Samband íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga leitar þess af Alþingi, að sjer verði ákveðinn ekki minni styrkur 1924 en 1923, þ. e. 8000 kr., en helst 10 þús. Brjef. dags. 23. febr. (Nd. 78).
2. Guðmundur trjeskeri Jónsson frá Mosdal leitar styrks úr ríkissjóði, að $^2/_3$, til byggingar hagleiks- og heimaiðjuskóla á Ísafirði og 3000 kr. á ári til rekstrar skólanum. Brjef, dags. 11. febr., með 8 fskj. (Nd. 34).
3. Halldóra Bjarnadóttir gerir Alþingi grein fyrir starfi sínu fyrir

heimilisiðnað og horfum þeirra mála, og mælist til 2000 kr. árlega til þess að vinna áfram í þarfir heimilisiðnaðarins. Brjef, dags. 15. mars. (Nd. 257).

4. Margrjet Jónsdóttir á Akureyri beiðist þess að mega halda þeim 600 kr. styrk, er veittur hefir verið að undanförnu til handavinnukenslu kvenna á Akureyri. Brjef, ódags. 2 fskj. (Nd. 231).
5. »Dansk Kunstflidsforening« í Kaupmannahöfn sækir um 500 kr. styrk til þess að veita íslenskum stúlkum tilsögn í hannyrðum. Brjef, dags. 12. okt. 1922. 2 fskj. (Nd. 32/12).
6. Stjórn Sambands ísl. heimilisiðnaðarfjelaga mælist til þess, að þær 10 þús. kr., sem sambandinu eru ætlaðar, verði ekki skertar með fjárlagaákvæðum um tilteknar fjárhæðir til einstakra manna eða stofnana. Brjef, dags. 2. maí. (Nd. 386).

Sbr. og Atvinnumál 2.

Helgi H. Eiríksson námafræðingur, sjá Atvinnumál 2.

Helgi Erlendsson, sjá Hliðarendi.

Helgi Ingvarsson læknir, sjá Vífilsstaðir 5.

Helgi Jónatansson, sjá Niðursuðusmiðjur 1.

Helgi Jónsson doktor sækir um 3000 kr. styrk 1924, til þess að halda áfram rannsóknum á gróðri landsins. Brjef, dags, 7. nóv. 1922. (Nd. 77/6). — Sjá og Náttúrufræðingamót.

Helgi Pjeturss dr. sækir um 20000 kr. styrk til visindastarfa. Brjef, dags. 15. mars. (Nd. 235).

Helgi Pjeturss og Einar Jónsson. Nítján Skagfirðingar skora á Alþingi að veita þeim Helga dr. Pjeturss og Einari myndhöggvara Jónssyni ríflegan viðbótarstyrk og vænta þess, að Alþingi gæti sóma þjóðarinnar gagnvart þessum mönnum. Brjef, ódags. (Nd. 68).

Heilsuhælið, sjá Vífilsstaðir.

Hellissandur, sjá Lendingar 1.

Hestar, sjá Hrossasala.

Heyrnar- og málleysingjaskólinn, Vanskynjahæli.

Hjalteyrarviti, sjá Vitamál 8.

Hjálmar Lárusson trjeskeri beiðist 1500 kr. styrks til þess að gefa sig við útskurði, Brjef, ódags. (Nd. 387).

Hjúkrunarfjelagið Líkn. Skýrsla þess um starfsemi sina 1922. 2 blöð ódags. (Nd. 396).

Hjúkrunarnám, sjá Námsstyrkur 16—19. — Sbr. og Sigrún Bergmann.

Hliðarendi. Helgi Erlendsson, bóndi að Hliðarenda, leitar 8000 kr. láns úr viðlagasjóði til þess að húsa bæ sinn sæmilega, með því að útlendir menn sæki þangað meir og meir til þess að sjá staðinn. Brjef, dags. 6. mars. (Nd. 128).

Hljóðfæraskólinn í Reykjavík. Stjórn hans sækir um styrk, 2590 kr. á þessu ári og 5000 kr. 1924. Brjef, dags. 1. mars. (Nd. 391).

Hljómlistarnám, sjá Námsstyrkur 9—12.; sbr. og Hljóðfæraskólinn, Páll Ísólfsson.

Holdsveikraspítalinn.
1. Brjef holdsveikralæknis, dags. 1. nóv. 1922, um fje til spítalans 1924. 1 fskj. (Nd. 77/26).
2. Skrá um starfsmenn spítalans, dags. 20. nóv. 1922. (Nd. 77/27).

Hornafjörður, sjá Salt til, Strandferðir 16; sbr. og Vegamál 6.

Hólakirkja. Brjef Páls Zóphoníassonar, skólastjóra á Hólum, dags. 6. okt. 1922, um nauðsyn þess, að gert sje að dómkirkjunni á Hólum (og fje til skólans 1924). (Nd. 32/6).

Hólaskóli.
1. Brjef forstöðumanns, dags. 5. okt. 1922, um fjárveitingar til skólans 1924 (og viðgerð á dómkirkjunni á Hólum). (Nd. 32/6).
2. Kostnaðaráætlun Guðmundar Hliðdal um rafveitu á Hólum, ásamt greinargerð, dags. 3. mars, og brjefi skólastjóra, dags. 3. jan. (Nd. 152).

Hólmgeir Jensson, sjá Dýralækningar 1.

Hólshreppur, sjá Brimbrjótur.

Hreinn, h/f., sjá Vörutollur 1.

Hrossasala.
1. Guðmundur Hávarðsson endurtekur umsókn sína frá 1921 og 1922 um 3000 kr. til útgáfu bókar um íslenska hesta í Danmörku og alt að 2000 kr. til fyrirlestraferða þar í landi um sama efni. Brjef, dags. 15. febr. (Nd. 5).
2. Brjef atvmrn., dags. 31. mars, með símskeyti sendiherrans í Kaupmannahöfn í endurriti, dags. 28. s. m., um sýningu íslenskra hesta á landbúnaðarsýningu í Gautaborg næsta sumar. (Nd. 294).

Húsagerðarnám, sjá Námsstyrkur 5—6.

Húsaleigustyrkur, sjá Mentaskólinn 2.

Húsavík, sjá Tóvinnuvjelar 1 og 4.

Húsmæðrafræðsla. Hjeraðssamband U. M. F. Vestfjarða sækir um, að sjer verði veittur styrkur sá, 1000 kr., sem ætlaður er í fjárlögum 1923 til húsmæðrafræðslu á Ísafirði, ef hann verður ekki notaður þar, en sambandið ætlar hann til 6 vikna húsmæðranámsskeiðs, er það gengst fyrir að Núpi í Dýrafirði. Brjef, ódags. (Ed. 15).

Hvalfjarðarbátur, sjá Strandferðir 12.

Hvanneyrarskóli. Tillögur forstöðumanns um fjárveitingar til skólans 1924. Brjef, dags. 30. okt. 1922. (Nd. 32/7).

Hvítárbakkaskólinn, sjá Alþýðuskólar 3—4.

Hæstirjettur. Brjef dómstjóra, dags. 28. nóv. 1922, út af þál. um breyting á hæstarjettarlögunum, með 1. fskj. og brjefi dómsmrn. 31. mars. (Ed. 11).

Högni Sigurðsson, sjá Fiskimatsmenn 2.

Iðnaðarmál, sbr. Atvinnumál, Niðursuðusmiðjur, Sindri, Smjörlíki, Sútunarsmiðjur, Tóvinnuvjelar, Tunnusmiðja, Ullariðnaður, Vörutollur 1.

Iðnfræðsla. Beiðni Iðnaðarmannatjelags Akureyrar, dags. 25. jan., um 2000 kr. styrk í næstu fjárlögum til iðnfræðslu á Akureyri. (Nd. 47). — Sbr. og Atvinnumál 2, Sindri.

Ingibjörg Guðbrandsdóttir, sjá Fimleikakensla 2.
Ingólfur Jónsson, sjá Alþýðufræðirit.

Ísafjarðardjúp, sjá Strandferðir 3—5.
Ísafjörður, sjá Hafnir, Heimilisiðnaður 2, Póstmál 4—5, Sjúkrahús 2—4.
Íslandssaga, sjá Handrit Jóns Aðils.
Íþróttakensla.

1. Jón Þorsteinsson, íþróttakennari frá Hofstöðum, leitar 2500 kr. styrks til þess að halda áfram íþróttanámi erlendis. Brjef, dags. 1. jan., með tveim meðmælabrjefum. (Nd. 65).
2. Formaður Bandalags U. M. F. Vestfjarða, Björn Guðmundsson kennari á Núpi, mælist til þess af Alþingi, að Jóni Þorsteinssyni, íþróttakennara frá Hofstöðum, verði veittur styrkur til frekara íþróttanáms. Brjef, dags. 5. febr., með brjefi þm. V.-Ísf., dags. 25. s. m. (Nd. 57).

Íþróttasamband Íslands fer þess á leit, að styrkur til sín verði hækkaður upp í 2000 kr. Brjef, dags. 24. apríl. (Ed. 44).

Jakob Thorarensen skáld sækir um 800 kr. styrk í fjáraukalögum 1923 til ritstarfa, þar sem hann hafi verið settur hjá af stjórninni, er úthlutað var skálda- og listamannafje. Brjef, dags. 5. apríl. (Ed. 12).
Jarðeldarannsóknir. Guðmundur G. Bárðarson jarðfræðingur leggur til, að Alþingi veiti Birni O. Björnssyni, presti í Skaftártungu, nægilegt fje á þessu ári til þess að rannsaka eldstöðvar í Vatnajökli og annarsstaðar þar sem gosið hefir síðasta missiri. Símsk., dags. 23. apríl. (Nd. 388).
Jarðfræði, sjá Guðmundur Bárðarson, sbr. Jarðeldarannsóknir.
Jarðræktarlög. Brjef atvmrn., dags. 1. mars, með uppkasti að jarðræktarlögum ásamt greinargerð og kostnaðaráætlun eftir Valtý Stefánsson. (Nd. 87).
Jarðskjálftarannsóknir. Brjef forstöðumanns veðurathuganastofunnar, dags. 15. nóv. 1922, um starfrækslu jarðskjálftamælisins og fje til hans. (Nd. 32/15).
Jarðyrkjuvjelar, sjá Vjelplógur.
Jensen, P. Vilhelm, sjá Strandferðir 8.
Jóhannes Guðmundsson, bóndi frá Söndum, sjá Kötlugosið.
Jón Aðils, sjá Handrit.
Jón Ásgeirsson, sjá Námsstyrkur 9.
Jón beykir Jónsson í Reykjavík tjáir fyrir Alþingi margskonar hnignun í tunnugerð og öðrum atvinnumálum og kvartar yfir því, að stjórnin hafi hnekt atvinnu sinni með samningum við erlent fjelag, sem flytji hingað steinoliu í járntunnum einum, og sje þar með úti um smíðaefni úr eikarfötum þeim, sem áður fjellu til; jafnframt skorar hann á þá þingmenn, sem við kaupfjelög eru riðnir, að sjá um, að hann fái tunnupantanir í tíma. Brjef, dags. 3. apríl, með viðauka brjefritarans um skifti norskra bænda og danskra tollþjóna, »á þeim tíma, sem Noregur var undir Danmörku«, út af tveim smjördöllum, með öðru lakara innihaldi. (Nd. 296).

Jón Gíslason.

1. Jón Gíslason leitar 4000 kr. skaðabóta fyrir það, að hann var settur til að gegna dyravarðarstöðunni í stjórnarráðinu, en er til kom ekki gefinn kostur á stöðunni nema fáa mánuði, svo að hann varð að hafna henni alveg. Brjef, dags. 24. febr. (Nd. 88).
2. Brjef dómsmálaráðun., dags. 19. mars, um skaðabótakröfu Jóns, þar sem mótmælt er rjetti hans til nokkura skaðabóta. (Nd. 269).

Jón Gunnarsson frá Blöndubakka, sjá Námsstyrkur 8.
Jón Helgason norrænufræðingur, sjá Námsstyrkur 2.
Jón Magnússon yfirfiskimatsmaður, sjá Fiskimatsmenn.
Jón Ólafsson stýrimaður, sjá Einkaleyfi.
Jón Hj. Sigurðsson hjeraðslæknir, sjá Háskólinn 3.
Jón Þorsteinsson íþróttakennari, sjá Íþróttakensla.
Jónmundur Halldórsson prestur, sjá Prestssetur 1—2.

Karl Þorsteins, sjá Fiskimarkaður 2.
Kaupfjelag Borgfirðinga, sjá Samvinnufjelög.
Kaupgjaldsþrætur, sjá Gerðardómur í.
Kaupþing. Verslunarráð Íslands beiðist 5000 kr. styrks til kauphingsins í Reykjavík. Brjef, dags. 15. mars. (Nd. 221).
Kári, skipstjórafjelag, sjá Vitamál 9.
Kembivjelar, sjá Tóvinnuvjelar.
Kennaranámsskeið, sjá Fræðslumál 2—4.
Kennaraskólinn.

1. Brjef forstöðumanns, dags. 27. okt. 1922, um fje til skólans 1924. (Nd. 77/13).
2. Skólafjelag kennaraskólans leitar 3000 kr. styrks, en til vara jafnmikils láns, til þess að koma á mötuneyti fyrir nemendur skólans. Brjef, dags. 3. mars. 1 fskj. (Nd. 112).

Kenslubækur.

1. Árni Pálsson sagnfræðingur og Þorleifur H. Bjarnason yfirkennari sækja um fjárstyrk til þess að semja kenslubækur í miðaldasögu og sögu hinna síðari tíma fyrir lærdómsdeild mentaskólans. Brjef, dags. 9. mars. (Nd. 181).
2. Lárus Bjarnason, kennari á Akureyri, sækir um 2500 kr. styrk til þess að semja kenslubók í eðlisfræði og efnafræði handa gagnfræðaskólum. Brjef, dags. 21. febr. 1 fskj. (Nd. 158).
3. 1. þm. Eyf., Stefán Stefánsson, beinir til mentmn. neðri deildar áskorun þingmálafundar á Siglufirði um ríkisútgáfu á kenslubókum barnaskóla og að lögskipaðar verði bækur í hverri kenslugrein. Brjef, dags. 7. mars. (Nd. 143).

Kerti, sjá Vörutollur 1.
Kirkjugarðar. Felix Guðmundsson, kirkjugarðsvörður í Reykjavík, sækir um 2000 kr. árl til þess að gefa leiðbeiningar um fyrirkomulag kirkju-

garða hjer á landi og koma skipulagi á þau efni. Brjef, dags. 13. febr. 3 fskj. (Nd. 242).

Kirkjumál. Brjef biskups, dags. 10. okt. 1922, um fjárveitingar 1924 til kirkjumála. (Nd. 77/2). — Sjá og Biskupamót, Biskupsembættið.

Kjartan Ólafsson læknir, sjá Augnlækningar.

Kjartan Þorkelsson, bóndi að Þorgeirsfelli og orgelleikari við kirkjuna á Staðarstað, leitar 1200—1500 kr. styrks i eitt skifti í viðurkenningarskyni fyrir starf sitt til útbreiðslu sönglistar og orgelsláttar á Snæfellsnesi. Brjef, dags. 8. febr. (Nd. 69).

Kjördæmaskipun. Sextán fulltrúar úr fjórum hreppum í Eyjafjarðarsýslu mótmæla skifting sýslunnar í tvö kjördæmi á þessu þingi (og rýmkun á fátækralögum). Símsk., dags. 16. mars. (Ed. 8).

Kjörgögn, sjá Landskjör.

Kjötmarkaður.

1. Samband íslenskra samvinnufjelaga leitar þess, að ríkissjóður taki að sjer að $^3/_4$ hlutum tjón eða kostnað við tilraun, sem sambandið ætlar að gera á útflutningi á kældu dilkakjöti eða frystu. Brjef, dags. 9. mars. (Nd. 162).
2. Skýrsla Sigurðar Sigurðssonar, forseta Búnaðarfjelagsins, dags. 17. mars, um Noregsför hans til þess að kynna sjer kjötsöluhorfur þar o. fl. Með brjefi atvmrn., dags. 20. s. m. (Nd. 358 og 359).
3. Brjef sendiherrans í Kaupmannahöfn, dags. 4. jan., með brjefi Íslandsk Handelsforening í Khöfn., dags. 28. des. 1922, um sölu á islensku saltkjöti í Noregi, brjefi Sambands ísl. samvinnufjelaga, dags. 12. febr., um sama efni, og brjefi atvmrn. 21. febr. (Nd. 35).

Kleppur, sjá Geðveikrahælið.

Klæðasmiðja á Reyðarfirði. Þingmenn Sunnmýlinga beiðast 150—200 þús. kr. láns úr viðlagasjóði til klæðasmiðju á Reyðarfirði. Brjef, dags. 22. mars, með símsk. framkvæmdanefndar málsins eystra, dags. s. d. (Nd. 400).

Konráð Stefánsson, sjá Niðursuðusmiðjur 2.

Kosning lækna. Formaður Læknafjelags Íslands, Guðmundur prófessor Hannesson, mótmælir fyrir hönd fjelagsstjórnarinnar þingsályktunartillögu um kosning hjeraðslækna. Rökstutt álit, dags. 13. apríl. (Sþ. 14).

Kosningar 1922, sjá Landskjör.

Kristján Jónasson, gestgjafi í Borgarnesi, ítrekar umsókn sína frá í fyrra um skaðabætur fyrir tjón af taugaveiki og sóttvörnum á gistihúsi sínu. Brjef, dags. 25. febr., með 3 fskj. og brjefi dómsmálaráðun. 3. mars. (Nd. 376).

Kuhr, K. R., þjóðverji, sjá Atvinnumál 1.

Kunstflidsforening, Dansk, sjá Heimilisiðnaður 5.

Kvenfjelög, sbr. Bandalag kvenna, Kvennabygging, Kvennafundur, Sambandsfjelag norðlenskra kvenna.

Kvennabygging. Bandalag kvenna ítrekar beiðni sína frá í fyrra um ókeypis lóð úr Arnarhólstúni undir kvennabyggingu. Brjef, dags. 27. febr. (Nd. 398).

Kvennafundur. Kvenrjettindafjelag Íslands sækir um 2—3000 kr. styrk til þess að koma á almennum kvennafundi í Reykjavík á næsta sumri. Brjef, dags. 15. mars. 1 fskj. (Nd. 232).

Kvennaskólar. Forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík beiðist 2000 kr. viðbótarstyrks á þessu ári og 26 þús. kr. styrks 1924, en 1000 kr. til áhaldakaupa. Brjef, dags. 14. mars. (Nd. 213).

Kælt kjöt, sjá Kjötmarkaður 1.

Kötlugosið. Jóhannes Guðmundsson, bóndi á Herjólfsstöðum, áður á Söndum, beiðist 5—6 þús. kr. styrks úr ríkissjóði til nokkurra bóta fyrir fjenaðartjón og hrakninga, er hann beið við Kötluhlaupið 1918. Brjef, dags. í jan. 1. fskj. (Nd. 49).

Lagarfljótsbátur. Eigendur flutningabáts á Lagarfljóti leita 3—400 kr. styrks af fje því, er ætlað var Lagarflótsbáti 1922, og 5—600 kr. styrks í næstu fjárlögum. Brjef til þm. N.-M., dags. 11. jan. (Nd. 29 og 212/4).

Lagasafn. Egill Guttormsson bóksali beiðist styrks til þess að halda áfram útgáfu á »Lögum Íslands«, safni Einars Arnórssonar. Tvö brjef, dags. 15. mars og 14. apríl. 1 fskj. (Nd. 236).

Landhelgi, sbr. Björgunarfjelag Vestmannaeyja, Fiskiveiðalög.

Landlæknisembættið.

1. Álit læknadeildar háskólans, dags. 6. mars, um afnám landlæknisembættisins og stofnun heilbrigðisráðs. (Nd. 134).
2. Brjef landlæknis, dags. 9. mars, út af frv. um afnám landlæknisembættisins. 1 fskj. (Nd. 153).

Landsbankinn, sjá Eftirlaun 13.

Landsbókasafnið.

1. Brjef landsbókavarðar, dags. 1. nóv. 1922, um fje til safnsins 1924. (Nd. 77/10).
2. Páll Eggert Ólason prófessor leitar þess, að hækkuð verði um 500 kr. fjárveiting til samningar og útgáfu handritalýsingar landsbókasafnsins. Brjef, dags. 21. apríl. (Ed. 23). — Sbr. og Þjóðskjalasafnið 2—3.

Landskjör 1922. Kjörgögn frá hlutbundnum alþingiskosningum 8. júlí 1922, með brjefi dómsmrn. 13. febr. (Sþ. 4).

Landssíminn, sjá Símamál.

Landsspítali.

1. Skýrsla landsspitalanefndar, með brjefi dómsmrn. 21. mars. (Sþ. 13).
2. Læknafjelag Reykjavíkur lætur í ljós það álit sitt, að bygging landsspítala sje slíkt nauðsynjamál, að undan því verði ekki flúið. Fundarsamþykt 9. apríl. (Nd. 312).
3. »Framsókn«, fjelag verkakvenna í Reykjavík, skorar á Alþingi að taka landsspítalamálið til umræðu og finna leiðir til þess, að byrjað verði á byggingu spítalans á komandi sumri. Brjef, ódags. (Nd. 303).
4. Samskonar áskorun frá kvenfjelagi fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík. Brjef, ódags. (Nd. 304).

5. Áskorun sama efnis frá Kvenrjettindafjelagi Íslands. Brjef, dags. 28. mars. (Nd. 307).
6. Áskoranir sama efnis frá Hinu íslenska kvenfjelagi og Thorvaldsensfjelaginu. Tvö brjef, dags. 7. apríl. (Nd. 308).
7. Áskorun í sömu átt frá Lestrarfjelagi kvenna í Reykjavík. Brjef, dags. 12. apríl. (Nd. 320).
8. Áskorun sama efnis frá Hvítabandinu í Reykjavík. Brjef, dags. 21. apríl. (Nd. 340).

Landsverslun. Formaður Fiskifjelags Íslands, Jón Bergsveinsson, skorar á Alþingi að láta rannsaka steinolíuverslun landsverslunarinnar 191, og að útgerðarmönnum verði endurgreiddur sá gróði á versluninni, sem umfram er 4 kr. á fati hverju. Brjef, dags. 18. mars. (Nd. 265). — Sbr. og Áfengisverslun, Ríkisrekstur.

Landsyfirrjettarsaga, sjá Alþingisbækur.

Langanessími, sjá Símamál 2.

Laugarnesspítalinn, sjá Holdsveikraspítalinn.

Launamál.

1. Samband starfsmanna ríkisins beiðist þess, að dýrtíðaruppbót embættismanna og annara starfsmanna ríkisins í Reykjavík verði færð úr 60% upp í 85%. Brjef, dags. 14. mars, ásamt símskeyti opinberra starfsmanna á Ísafirði, dags. 9. s. m., og brjefi fjelags ísl. símamanna, dags. 23. jan. (Nd. 349).
2. 24 embættismenn og starfsmenn ríkisins á Akureyri krefjast jafnhárrar dýrtíðaruppbótar og starfsbræður þeirra í Reykjavík kunni að fá. Símsk., dags. 23. mars. (Nd. 278).
3. 20 embættismenn og starfsmenn ríkisins á Seyðisfirði krefjast þess að njóta jafnrar dýrtíðaruppbótar og starfsbræður þeirra í Reykjavík. Símsk. dags. 26. mars. (Nd. 281).
4. Skýrsla aðalbókara ríkisins, Einars Markússonar, um það, hverju nema mundi 25% auka-dýrtíðaruppbót handa starfsmönnum ríkisins og eftirlaunamönnum. Dags. 20. mars. 2 blöð. (Nd. 372).
5. Brjef fjármrn., dags. 15. mars, ásamt
   a. Brjefi Lárusar Bjarnasonar, kennara á Akureyri, um aldursbót á launum, dags. 1. des. 1922.
   b. Brjefi Sigurðar prófessors Sívertsens, dags. 4. jan., um aldursuppbót á launum. (Nd. 229).
6. Sigurður Sigurðsson kennari á Seyðisfirði beiðist þess að mega njóta kensluára sinna á Hólum til aldursbótar á launum sínum nú. Brjef, dags. 21. jan., með brjefi fræðslumálastj. dags. 15. mars, og brjefi fjármrn. 16. s. m. (Nd. 230).
7. Brjef landssímastjóra, dags. 26. febr., um laun talsímakvenna í Reykjavík, með brjefi atvmrn. 1. mars. (Nd. 93).
8. Brjef fjelags ísl. símamanna, dags. 12. mars, um bráðar bætur á launum þeirra, með brjefi landssímastjóra, dags. 14., og brjefi atvmrn., dags. 17. s. m. (Nd. 267).

9. Efnisvörður landssímans, Steindór Björnsson frá Gröf, leitar til Alþingis út af launakjörum þeirra starfsmanna ríkisins, sem lægst eru launaðir, og beiðist launabótar eða framfærslustyrks fyrir börn sín. Brjef, dags. 26. apríl. 1 fskj. (Nd. 342).
10. Unnur Jónsdóttir kennari leitar rjettar síns út af því, að stjórnarráðið hafi neitað að greiða sjer laun eftir kennaralaunalögum fyrir kenslu í Gaulverjabæjarhreppi 1920—21. Brjef, dags. 27. febr. (Nd. 250).

Sbr. og Eftirlaun, Fiskimatsmenn 3—4, Póstmál 3, Skógrækt 5, Stýrimannaskólinn 2—3.

Laxaklak.

1. Beiðni Þórðar í Svartárkoti Flóventssonar, dags. 5. febr., um fjárstyrk til þess að leiðbeina við laxa- og silungaklak, með 1 fskj. og brjefi atvmrn. 21. s. m. (Nd. 37).
2. Brjef Þórðar, dags. 23. febr., með skýrslu um laxa- og silungaklak og ýmsum vottorðum. Alls 7 skjöl. (Nd. 46).
3. Erindi fjögra laxveiðibænda í Árnesþingi um styrk handa Þórði Flóventssyni frá Svartárkoti til þess að vinna að laxa- og silungaklaki. Brjef, dags. 24. febr., með brjefi þingmanna kjördæmisins, dags. 13. mars. (Nd. 200).

Laxveiði, sbr. Laxaklak, Ófriðun sels.

Lárus Bjarnason kennari, sjá Kenslubækur 2, Launamál 5 a.

Lendingar.

1. Hreppsnefndin í Neshreppi utan Ennis sækir um 15 þús. kr. styrk til þess að bæta og fullgera brimbrjótinn í Krossavík á Hellissandi. Brjef, dags. 8. febr., með brjefi þm. Snæf., dags. 28. s. m. (Nd. 70).
2. Þm. Vestur-Skaftfellinga leitar 15 þús. kr. fjárveitingar til lendingabóta í Bás í Vík í Mýrdal. Brjef, dags. 1. mars. 2 fskj. (Nd. 92).

Sbr. og Brimbrjótur, Bryggjur.

Leiðarljós, sbr. Vitamál.

Listvinafjelagið sækir um 5000 kr. styrk 1924 til starfsemi sinnar. Brjef, dags. 18. nóv. 1922. (Nd. 77/23).

Lífeyrir, sbr. Eftirlaun.

Líkn, sjá Hjúkrunarfjelagið.

Ljósdufl, sjá Vitamál 9.

Ljóslækningar, sbr. Háskólinn 6, Röntgenstofan, Sjúkrahús 5.

Ljósmóðurfræði. Brjef dómsmrn., dags. 11. apríl, ásamt brjefi landlæknis, dags. 7. s. m, brjefi Daviðs Thorsteinsson læknis, dags. 3. s. m., og brjefi Pjeturs bóksala Halldórssonar, dags. 25. jan., með 2 fskj., öll um 2000 kr. styrkauka til þýðingar og útgáfu á hinni nýju ljósmóðurfræði Brandts. (Nd. 314).

Ljósmæður, sjá Ljósmóðurfræði, Eftirlaun 14—15, Yfirsetukvennaskólinn.

Loftskeytastöðvar, sjá Símamál 4—5.

Lóðagjald, sjá Bæjarstjórnarlög.

Lúðvík Davíðsson læknir sækir um 5000 kr. styrk, en til vara jafnmikið lán, til þess að fullnuma sig í skurðlækningum. Brjef, með greinargerð, dags. 6. febr., ásamt 4 meðmælaskjölum. (Nd. 394).
Lúðvík Guðmundsson, sjá Alþýðufræðirit, Skipulagsfræði.
Lyfjaverslun ríkisins, sbr. Afengisverslun 1—2.
Lýðskóli Ásgríms Magnússonar, sjá Alþýðuskólar 7.
Læknabrennivín, sjá Bannlögin 3.
Læknafjelag Íslands, sjá Kosning lækna, Landsspítali 2.
Læknakosning, sjá Kosning lækna.
Lækningastyrkur, sjá Benedikt Björnsson, Elín Sigurðardóttir, Gísli Sveinsson, Páll Vigfússon,
Læknishjeruð, sbr. Kosning lækna.
Læknisvitjunarstyrkur.
1. Áskorun Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu um 200 kr. styrk til að vitja læknis. Í brjefi, dags. 4. nóv. 1922. (Nd. 373).
2. Hreppsnefndin í Selvogshreppi leitar nokkurs læknisvitjunarstyrks til handa hreppnum. Brjef, dags. 16. febr. (Nd. 395).

Lög Íslands, sjá Lagasafn.
Lögreglustjórinn í Reykjavík. Tillögur lögreglustjórans um skrifstofufje hans 1924. Brjef, dags. 19. nóv. 1922, með kostnaðaráætlun. (Nd. 77/25).
Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
1. Brjef borgarstjórans í Reykjavík, í endurriti, til hreppsnefndaroddvitans í Mosfellshreppi, út af jörðunum Árbæ og Ártúnum, dags. 24. mars, ásamt útdrætti úr sveitarbók Mosfellshrepps 10. febr., skrá um tekjur Mosfellshrepps af Elliðaánum 1918—1922 og tveim fundargerðum bæjarlaganefndar í Reykjavík, alls 5 skjöl. (Nd. 292).
2. Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps leitar þess, að hreppnum verði tryggður rjettur til vatns og raforku úr Elliðaánum, Reykjavík að skaðlausu, ef jarðirnar Breiðholt, Bústaðir og Eiði verði lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Brjef, dags. 26. apríl. (Nd. 341).
3. Brjef sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 25. apríl, ásamt útdrætti úr fundargerð sýslunefndar Kjósarsýslu, er í felast mótmæli gegn því, að jarðir úr sýslunni verði lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur án íhlutunar sýslunefndarinnar (Nd. 339).

Lögskipaðar kenslubækur, sjá Kenslubækur.

Magnús Konráðsson, sjá Námsstyrkur 7.
Mannkynssaga, sjá Kenslubækur 1.
Mannrjettindi, sbr. Fátækralög.
Manntal 1703. Þorsteinn hagstofustjóri Þorsteinsson leitar fjárveitingar til heildarútgáfu á manntali Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1703, sem nú er hjer að láni úr ríkisskjalasafni Dana. (Nd. 223).
Margrjet Jónsdóttir, sjá Heimilisiðnaður 4.
Markaður, sjá Fiskimarkaður, Kjötmarkaður,

Markarfljót. Brjef sýslumannsins í Rangárvallasýslu, dags. 10. febr., um hleðslu fyrir Markarfljót og Þverá, ásamt brjefi vegamálastjóra, dags. 18. des. 1922, sama efnis, með 8 fskj., og brjefi atvmrn. 21. febr. (Nd. 39).
Markús Kristjánsson pianóleikari, sjá Námsstyrkur 12.
Málleysingjaskólinn. Brjef forstöðumanns, frú Margrjetar Rasmus, dags. 31 okt. 1922, um fje til skólans 1924. (Nd. 77/11). — Sbr. og Vanskynjahæli.
Meiðsli, sjá Viglundur Helgason.
Melaland á Skarðsströnd, sjá Stefán frá Hvítadal.
Mentaskólinn.
1. Brjef rektors, dags. 3. okt. 1922, um fje til skólans 1924. (Nd. 77/15).
2. Rektor leitar þess, að námsstyrkur við skólann verði færður upp í 5000 kr. auk dýrtíðaruppbótar, og húsaleigustyrkur handa 36 nemendum í 150 kr. handa hverjum, hvorttveggja þegar í ár. Brjef, dags. 1. mars. (Nd. 392).
3. Beiðni rektors um þóknun fyrir reikningshald skólans og umsjón með munum hans. Brjef, dags. 29. apríl, með brjefi dómsmrn. 2. mai. (Ed. 32).

Sbr. og Kenslubækur 1.
Misritun á tekjuskatti, sjá Tekjuskattur 7—9.
Mjöll, mjólkurfjelagið, sjá Niðursuðusmiðjur 3.
Mosfellshreppur, sbr. Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
Mosfellsprestakall, sjá Prestaköll.
Mosvallahreppur, sjá Dómþinghár.
Mómýrar. 27 skjöl um mómýrar hjer á landi, með brjefi atvmrn., dags. 10. apríl. (Ed. 17).
Múlakot, sjá Skógrækt 6.
Mötuneyti, sjá Kennaraskólinn 2.

Narfi Jónsson, sjá Gististaðir 1.
Námsstyrkur
1. Ásgeir Þorsteinsson stud. polyt. leitar 3500 kr. styrks til að ljúka námi á fjöllistaskólanum í Kaupmannahöfn, en til vara sömu fjárhæðar að láni. Brjef, dags. 1. febr., með 2 fskj. (Nd. 8).
2. Jón Helgason, norrænunemi í Kaupmannahöfn, leitar 1000 kr. styrks til þess að ljúka háskólanámi þar, og ennfremur 1000 kr. á ári um næstu tvö ár til þess að halda áfram rannsóknum, einkum um sögu íslenskrar tungu. Brjef, dags. 20. jan., ásamt þrem meðmælabrjefum. (Nd. 52).
3. Árni Guðnason leitar 4000 kr. styrks til framhalds málfræðinámi við háskólann í Kaupmannahöfn. Brjef, dags. 6. jan. 2. fskj. (Nd. 106).
4. Ingvar Sigurðsson, cand. phil. í Reykjavík, sækir um 3000 kr. styrk til handa Brynjólfi Bjarnasyni, til framhalds háskólanámi í Kaupmannahöfn, en til vara jafnmikils láns. Brjef, ódags. (Nd. 210).

5. Sigurður Guðmundsson sækir um 1500 kr. styrk til framhaldsnámi í húsgerðarlist í Kaupmannahöfn. Brjef, dags. 2. nóv. 1922. (Nd. 77/4).
6. Þorleifur Eyjólfsson frá Grímslæk leitar 2500 kr. styrks til þess að halda áfram námi í byggingafræði í Þýskalandi. Brjef, dags. 5. febr. 1 fskj. (Nd. 208).
7. Magnús Jónsson alþm. sækir um 2500 kr. styrk til handa Magnúsi Konráðssyni, til þess að lúka verkfræðinámi í Kaupmannahöfn. Brjef, dags. 25. febr. (Nd. 62).
8. Jón Gunnarsson frá Blöndubakka sækir um 1500 kr. styrk til vegagerðanáms í Noregi. Brjef, dags. 6. jan. 1 fskj. (Nd. 247).
9. Magnús Jochumsson póstfulltrúi sækir um 3000 kr. til handa bróður sínum, Jóni Ásgeirssyni, til hljómlistarnáms í Þýskalandi. Brjef, dags. 22. febr., með 5 vottorðum. (Nd. 40).
10. Einar Markússon bókari leitar 3000 kr. styrks Einari syni sínum til söngnáms erlendis. Brjef, dags. 14. mars. (Nd. 207).
11. Þórður Kristleifsson leitar 2000 kr. styrks til framhalds söngnámi í Dresden. Brjef, dags. 23. des. 1922, 7 fskj. (Nd. 224).
12. Markús Kristjánsson sækir um 2000 kr. styrk til utanfarar, til frekara náms í pianóleik. Brjef, dags. 15. mars. 3 fskj. (Nd. 225).
13. Geir G. Þormar, trjeskeri frá Geitagerði, leitar 3000 kr. styrks til þess að fullnuma sig í trjeskurði og dráttlist erlendis. Brjef, dags. 1. mars. (Nd. 133).
14. Sigurður Finnbogason vjelstjóri beiðist 4000 kr. styrks til frekara náms í vjelfræði í Kaupmannahöfn, í því skyni að geta tekið hjer við kenslu í þessari grein. Tvö brjef, dags. 30. apríl og 1. maí, með brjefi E. M. Jessens skólastj. og brjefi atvmrn. 4. maí. (Nd. 377).
15. Þórður Runólfsson vjelfræðingur leitar 1000 kr. styrks á ári í $2^1/_2$ ár til þess að ljúka vjelfræðinámi í Þýskalandi. Brjef, dags. 14. okt. 1922. (Nd. 187/4).
16. Fjelag íslenskra hjúkrunarkvenna leitar 1500 kr. fjárveitingar til þess að styrkja hjúkrunarnema hjer á landi við aukanám utan sjúkrahúsa. Brjef, dags. 3. mars. (Nd. 103).
17. Beiðni Guðnýjar Jónsson um 2000 kr. styrk til þess að ljúka hjúkrunarnámi í Lundúnum. Brjef, dags. 9. des. 1922. 3 fskj. (Nd. 124/6).
18. Anna Ólafsdóttir Breiðfjörð beiðist 1000 kr. styrks til þess að halda áfram hjúkrunarnámi í Kaupmannahöfn. Brjef, dags. 12. mars. 2 fskj. (Nd. 198).
19. Guðrún Gísladóttir Björns sækir um styrk til framhalds hjúkrunarnámi í Danmörku. Brjef, dags. 21. des. 1922, ásamt meðmælum Ingibjargar H. Bjarnason skólastjóra, dags. 26. febr. (Nd. 81).
20. Ágúst Jónsson sækir um 2000 kr. styrk til þess að læra niðursuðu á mjólk. Brjef, ódags. (Nd. 182).
21. Vigfús Ingvarsson á Ísafirði sækir um 2—3 kr. styrk til þess að kynna sjer niðursuðuaðferðir erlendis. Brjef, dags. 8. mars. 1 fskj. (Nd. 299).

22. Hallur Hallsson leitar 2000 kr. styrks til þess að ljúka námi í tannlækningaskólanum í Kaupmannahöfn. Brjef, dags. 1 mars. (Nd. 217).

Sbr. og Augnlækningar, Brynleifur Tobíasson, Heilbrigðisfræði, Íþróttakensla, Lúðvík Davíðsson, Mentaskólinn 2, Skipulagsfræði, Stúdentar.

Námur. Guðmundur Jónsson í Hoffelli leitar þess, að Thor. E. Tuliniusi kaupmanni verði veitt undanþága frá lögum um einkasölu á silfurbergi til þess að reka silfurbergsnámuna í Hoffelli, en að öðrum kosti sje stjórninni heimilað að taka námuna á leigu um 10 ár gegn 1000 kr. á ári. Brjef, dags. 10. mars. (Nd. 174).

Náttúrufræðingamót. Hið ísl. náttúrufræðifjelag sækir um styrk handa Helga doktor Jónssyni til þess að sækja fund norrænna náttúrufræðinga í Gautaborg sumarið 1923. (Nd. 124/10).

Náttúrufræðifjelagið, hið íslenska, sækir um 2000 kr. styrk 1924. Brjef fjelagsstjórnarinnar, dags. 4. nóv. 1922. (Nd. 77/7).

Nes í Norðfirði, sjá Barnaskólar 1.

Neshreppur utan Ennis, sjá Lendingar 1.

Niðursuða, sjá Námsstyrkur 20—21, Niðursuðusmiðjur.

Niðursuðusmiðjur.

1. Helgi Jónatansson leitar 80 þús. kr. láns til þess að koma á fót niðursuðusmiðju á Akureyri. Tvö brjef, dags. 6. mars, með greinargerð og ýmsum athugasemdum, meðmælum Búnaðarfjelags Íslands, dags. s. d., og Fiskifjelags Íslands, dags. s. d., alls 8 skjöl, og brjefi atvmrn. 12. mars. (Nd. 151 og 197).
2. Konráð Stefánsson kaupm. leitar ábyrgðar ríkissjóðs fyrir 30 þús. kr. láni fyrir niðursuðufjelag, sem í ráði sje að stofna í samlögum við þýska niðursuðusmiðju. Brjef, ódags. (Nd. 380).
3. Mjólkurfjelagið »Mjöll« í Borgarfirði beiðist 60 þús. kr. láns úr viðlagasjóði til þess að koma á niðursuðu á mjólk. Brjef, dags. 3. mars. 1 fskj. (Nd. 155).

Norræna fjelagið, Reykjavíkurdeildin, sækir um 3000 kr. styrk 1924 til starfsemi sinnar. Brjef, dags. 12. okt. 1922. 1 fskj. (Nd. 77/22).

Núpsskólinn, sjá Alþýðuskólar 6.

Nýbýli, sbr. Eyðibýli.

Orðabók, frönsk, sjá Páll Þorkelsson.

Orðabók Sigfúsar Blöndals.

1. Beiðni Sigfúsar, dags. 30. ág. 1922, um 15 þús. kr. styrk í fjáraukalögum 1923 til útgáfu orðabókarinnar, með skýrslu um útgáfuna og kostnað við hana, alls 5 skjöl. (Nd. 77/28).
2. Brjef Sigfúsar, dags. 9. febr., ásamt áliti um bókina frá kennurum í Norðurlandamálum við háskólann í Kristjaníu, dags. 18. sept. 1922. (Nd. 124/9).

Orðasöfnun. Þórbergur Þórðarson sækir um 2000 kr. styrk 1924 til þess að

halda áfram orðasöfnun úr alþýðumáli. Brjef, dags. 30. okt. 1922. 6 fskj. (Nd. 77/21).

Orgelsláttur og söngkensla, sjá Kjartan Þorkelsson.

Ostabú. Stofnendur osta- og fjárræktarbús í Sveinatungu beiðast 10 þús. kr. styrks til þess að greiða að fullu opinber lán, um 11600 kr., sem á búinu hvíla, en búið hafi tapað á ýmsum tilraunum, einkum um gráðaostagerð, sem þjóðinni megi verða að miklu gagni. Brjef, dags. 24. febr. (Nd. 75).

Ófriðun sels. Níu eigendur laxveiðijarða við Ölfusá skora á Alþingi að samþykkja óbreytt frumvarp Jónasar Jónssonar um ófriðun sels í Ölfusá. Simsk., dags. 18. mars. (Ed. 9).

Ólafsfjörður, sjá Bryggjur 3, Strandferðir 14—15.

Patreksfjörður, sjá Sjúkrahús 9.

Páll Ísólfsson.

1. Beiðni Páls um 5000 kr. utanfararstyrk til frekara náms í orgelleik og hljómleikastjórn o. fl. Brjef, dags. 15. mars. 2 fskj. (Nd. 219).
2. Sami leitar þess, að 3000 kr. styrkur, sem sjer sje ætlaður í fjárlagafrumv. 1924, verði hækkaður í 4000 kr. Brjef, dags. 19. apríl. (Ed. 21).

Páll G. Jónsson í Garði, sjá Dýralækningar.

Páll Vigfússon sækir um styrk til þess að leita sjer bóta á brjóstveiki, en hann eigi ekki dvalarkost um sinn á Vífilsstöðum vegna atburða út af veru sinni þar. Brjef, dags. 14. mars. 1 fskj. (Nd. 249).

Páll Þorkelsson býður Alþingi kaup á safni að íslensk- franskri orðabók fyrir 3000 kr. Brjef. dags. 9. mars. 5 fskj. (Nd. 156).

Petersen, A. L. Rannsóknargerð nefndar þeirrar, sem sett var samkv. þingsályktun 1922 til þess að rannsaka mál A. L. Petersens, fyrrum stöðvarstjóra í Vestmannaeyjum, dags. 19. febr., með 5 fskj., brjefi atvmrn. 1. mars og brjefi forseta samein. þings 3. s. m. (Sþ. 11 og Nd. 99).

Pjetur A. Ólafsson, sjá Fiskimarkaður 1.

Póstar, sjá Eftirlaun 8—10.

Póstkröfur, sjá Póstmál 2.

Póstleiðir, sbr. Vegamál 2—5.

Póstmannafundur, sjá Póstmál 6.

Póstmál.

1. Tillögur aðalpóstmeistara um fjárveitingar til póstmála 1924. Brjef, dags. 13. okt. 1922. (Nd. 32/1).
2. Bóksalar og útgefendur blaða og tímarita í Reykjavík fara þess á leit, að Alþingi geri ráðstafanir til þess, að innlendar póstkröfur verði framvegis innheimtar á öllum póstafgreiðslustöðum og brjefhirðingastöðum í landinu. Brjef, dags. 22. febr. (Nd. 66).
3. Brjef aðalpóstmeistara, dags. 3. mars, um lækkun í fjárlagafrv. stjórnarinnar á launum póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur, er gerð sje án sinnar vitundar og gegn því, er hann telur fært. Fskj.:

